# Hæstaréttardómar 1947

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

**Takmörkun ábyrgðar**
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

**Höfundaréttur**
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

**Athugasemdir um þessa útgáfu**
Minniháttar gallar á bls. 223, 233, 357 og 358 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XVIII. BINDI
1947

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXLVIII

## Reglulegir dómarar hæstaréttar 1947.

Jón Ásbjörnsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Jónatan Hallvarðsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Árni Tryggvason.
Gizur Bergsteinsson.
Þórður Eyjólfsson.

# Registur.

## I. Málaskrá.


| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| 1. | Réttvísin gegn Jens Björgvin Pálssyni. Um öflun frekari gagna | 10/1 | 1 |
| 2. | Réttvísin gegn Guðbrandi Einari Hlíðar. Landráð | 15/1 | 3 |
| 3. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Pálma Gunnari Kristinssyni, Hilmari Rúnari Breiðfjörð Jóhannssyni og Björgvin Óskarssyni. Strok. Þjófnaður | 17/1 | 8 |
| 4. | Valdstjórnin gegn Sigurði Óskari Sigvaldasyni. Bifreiðalagabrot | 20/1 | 14 |
| 5. | Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Einari Tómassyni. Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943 .. | 20/1 | 18 |
| 6. | Kristinn Stefánsson gegn Kaupfélagi Eyfirðinga. Krafa um greiðslu orlofseyris | 22/1 | 22 |
| 7. | Skóverzlun B. Stefánssonar gegn Bjarna Jósefssyni f. h. Önnu Bjarnadóttur. Skaðabótamál vegna riftunar ráðningarsamnings. Sératkvæði | 22/1 | 24 |
| 8. | Sigurður Wium gegn Hólmfríði Hannesdóttur. Kærumál. Synjað kröfu um, að vísað væri frá fógetadómi máli, sem þingfest var á bæjarþingi eftir að fógeti hafði tekið það til meðferðar | 22/1 | 29 |
| 9. | Þorleifur Sigurbjörnsson og Skarphéðinn Halldórsson gegn Ingimundi Jónssyni. Kærumál. Eiðfesting vitnis | 22/1 | 31 |
| 10. | Þorleifur Sigurbjörnsson og Skarphéðinn Halldórsson gegn Ingimundi Jónssyni. Kærumál. Eiðfesting vitnis | 22/1 | 33 |
| 11. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Sturlaugi Friðrikssyni. Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlöggjöf | 24/1 | 35 |
| 12. | Þorgrímur Ólafsson gegn Helga Lárussyni. Skaðabótamál vegna skemmda á lausafjármunum | 27/1 | 40 |
| 13. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Kristni Steinssyni. Líkamsáverkar. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum | 29/1 | 46 |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| 14. | Vélsmiðjan Þór h/f gegn Bjarna Ö. Jónassyni. Ómerking. Heimvísun máls til meðferðar í sjó- og verzlunardómi | 3¼ | 51 |
| 15. | Gísli Magnússon gegn Helga Guðmundssyni. Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms | ¾ | 55 |
| 16. | Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Pétri O. Johnson. Útsvarsmál | ¾ | 58 |
| 17. | Jón Þorkelsson gegn Verzlunarfélaginu Borg h/f og gagnsök. Ágreiningur um verð sauðfjárafurða | ½ | 61 |
| 18. | Georg Magnússon gegn Garðari Þorsteinssyni. Um öflun frekari gagna | 1½ | 66 |
| 19. | Haraldur Georgsson gegn Ewald Berndsen og gagnsök. Skaðabótamál vegna bifreiðarslyss | 1½ | 67 |
| 20. | Erfingjar Einars Benediktssonar gegn h/f Braga. Kærumál. Synjun frests | 1½ | 70 |
| 21. | Guðmundur Sigurðsson gegn hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps f. h. hreppsins. Sveitarfélagi dæmdur forkaupsréttur að jörð | 1½ | 72 |
| 22. | Eric Christiansen gegn Sveini & Gísla h/f. Kærumál. Kröfu um frávísun hrundið | 1½ | 78 |
| 23. | Valdstjórnin gegn Eiríki Símonarsyni Beck. Úrskurður um framhaldsrannsókn | 1½ | 80 |
| 24. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Páli Melsted, Elínu Guðrúnu Vigfússínu Melsted og Pétri Eggerz-Stefánssyni. Brot gegn verðlagslöggjöf og gjaldeyrislöggjöf. Sýknað af ákæru um brot gegn XV. kafla hegningarlaga nr. 19/1940 | 2½ | 81 |
| 25. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Herði Wium Vilhjálmssyni. Úrskurður um framhaldsrannsókn | 2½ | 91 |
| 26. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Sæmundi Guðmundssyni. Áverkamál. Brot gegn áfengislögum og lögreglusamþykkt | 2½ | 92 |
| 27. | Leifur Th. Þorleifsson gegn Jóni Dúasyni. Loforð dæmt löglaust og samningur ógildur | 2½ | 100 |
| 28. | Réttvísin gegn Geir Emil Jónssyni. Líkamsáverkar. Skaðabætur | 2½ | 106 |
| 29. | Olíuverzlun Íslands h/f gegn hreppsnefnd Blönduóshrepps f. h. hreppsins. Útsvarsmál | 2⅝ | 111 |
| 30. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Tryggva Eiríkssyni og valdstjórnin gegn Elíasi Kristjánssyni. Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum | ⅝ | 114 |
| 31. | Jón Helgason gegn Vilmundi Jónssyni og Guðjóni Samúelssyni. Kærumál. Vitnaskylda | ⅝ | 120 |

32. Réttvísin gegn Guðmundi Þorvarðssyni og Val Einarssyni. Vátryggingarsvik ..... 7/8 122
33. Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Hannessyni. Úrskurður um framhaldsrannsókn ..... 1 3/8 126
34. Gísli Guðmundsson og Þóra Guðmundsdóttir gegn Signýju Bjarnadóttur. Húsnæðismál. Útburður .. 1 3/8 127
35. Hreppsnefnd Búðahrepps f. h. hrepsins gegn Hans P. Stangeland. Útsvarsmál ..... 1 4/8 130
36. Finnur Jónsson gegn þrotabúi h/f Hávarðs og útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði. Forgangsréttur kröfu í þrotabú hlutafélags ..... 1 7/8 133
37. Réttvísin og valdstórnin gegn Jóni Þorbergi Eggertssyni. Bifreiðarslys. Líkamsáverkar ..... 1 7/8 140
38. Sæmundur Stefánsson gegn Pétri Leifssyni. Húsnæðismál. Sératkvæði ..... 1 7/8 144
39. Réttvísin og valdstórnin gegn Sigurði Björgvin Þorsteinssyni. Skjalafals. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum ..... 1 9/8 148
40. Meyvant Sigurðsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Úrskurður um öflun rækilegri gagna .. 2 5/8 152
41. Valdstjórnin gegn Jóni E. Waage. Varðlagsmál .. 2 8/8 153
42. Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs gegn h/f Sæfinni. Útsvarsmál. Sératkvæði ..... 2 8/8 163
43. Stefán Stefánsson gegn Þorleifi Sigurbjörnssyni. Bifreiðaslys. Skaðabætur ..... 2 8/8 168
44. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Guðmundi Magnússyni. Útivistardómur ..... 2 8/8 171
45. Árni Sigfússon gegn Boga Brynjólfssyni. Kærður úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um málflutningsþóknun. Málinu vísað frá hæstarétti .... 1 6/4 172
46. Oddný E. Sen gegn Ólínu Erlendsdóttur. Húsnæðismál. Útburður ..... 1 7/4 178
47. Guðbjörg Árnadóttir gegn Ólafi Bjarnasyni og Önnu Ólfjörð. Úrskurður fógeta ómerktur ..... 2 1/4 181
48. Magnús Thorlacius gegn Guðmundi Sigfússyni. Deilt um þóknun málflutningsmanns ..... 2 1/4 186
49. Réttvísin gegn Einari Birni Sigvaldasyni og Lárusi Sigurvin Þorsteinssyni. Landráð ..... 2 3/4 189
50. Knútur Þorsteinsson gegn bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Seyðisfjarðarkaupstaðar. Ágreiningur um heimilisfang ..... 2 3/4 194
51. Gísli Vilhjálmsson gegn Eggert Claessen f. h. Poul Salomonsen og gagnsök. Skaðabótamál vegna vanefnda forsölusamnings um síld ..... 2 5/4 196
52. Guðmundur Benjamínsson gegn Sigurliða Kristjáns-

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| | syni f. h. Silla og Valda og gagnsök. Endurheimt ofgreidd húsaleiga | 7/7 | 204 |
| 53. | Karl Þorfinnsson gegn Hermanni Guðjónssyni. Útivistardómur | 3/4 | 208 |
| 54. | Fritz Berndsen gegn Bergi Hallgrímssyni. Útivistardómur | 3/4 | 209 |
| 55. | Valdstjórnin gegn Bjarna Péturssyni. Áfengisneyzla við akstur bifreiðar | 2/5 | 209 |
| 56. | Guðný Óskarsdóttir gegn Ragnhildi Kristjánsdóttur. Húsnæðismál. Synjað útburðar | 2/5 | 213 |
| 57. | Magnús Thorlacius gegn Snæbirni Guðmundssyni. Kærumál. Ágreiningur um þóknun málflutningsmanns. Frávísun héraðsdóms hrundið | 2/5 | 216 |
| 58. | Réttvísin gegn Kristjáni Friðrik Guðmundssyni. Fjársvik. Ákærða dæmd sekt fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaganna | 1 2/5 | 219 |
| 59. | Sveinbjörn Sigurðsson gegn Einari Guðmundssyni. Landamerkjamál. Héraðsdómur ómerktur | 1 2/5 | 223 |
| 60. | Fiskimjöl h/f gegn Fiskimjöl Njarðvík h/f. Ágreiningur um firmanafn | 1 6/5 | 227 |
| 61. | Magnús Benediktsson gegn Daníel Magnússyni, Magnúsi Magnússyni og Málmhildi Magnúsdóttur. Umferðarréttur um land. Ómerking héraðsdóms | 1 7/5 | 231 |
| 62. | Magnús Thorlacius gegn Eggert Claessen. Kærumál. Ágreiningur um þóknun málflutningsmanns. Málinu vísað frá hæstarétti | 1 7/5 | 235 |
| 63. | Gunnar Jósefsson gegn Hamrinum Mjölni h/f. Kærumál. Framlagning skjala | 1 7/5 | 237 |
| 64. | Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson gegn h/f Fossi. Skaðabótamál. Sýknað vegna aðildarskorts | 2 1/5 | 240 |
| 65. | Hreppsnefnd Eyrarhrepps f. h. hreppsins gegn Arnóri Sigurðssyni. Ágreiningur um heimilisfang. Úrskurður héraðsdómara ómerktur | 2 1/5 | 243 |
| 66. | H/f Kveldúlfur gegn Antoni Proppé f. h. Hraðfrystihúss Dýrfirðinga. Fébótamál vegna skemmda á bryggju | 2 3/5 | 245 |
| 67. | Jón S. Arnfinnsson gegn Jóhanni Hannessyni. Áverkamál. Skaðabætur | 2 8/5 | 248 |
| 68. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Stefáni Magnússyni. Bifreiðarslys. Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Sýknað af ákæru um brot gegn 219. gr. hegningarlaganna | 3 0/5 | 253 |
| 69. | Einar Guðjónsson gegn hreppsnefnd Sandvíkurhrepps f. h. hreppsins. Útsvarsmál | 3 0/5 | 259 |

70. Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins gegn Guðna Þórðarsyni. Útivistardómur ..... 30/5 262
71. Valdstjórnin gegn Eiríki Símonarsyni Beck. Brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt ..... 3/6 262
72. Skipaútgerð ríkisins gegn dánarbúi Guðmundar Jónssonar og Jóni Guðmundssyni og gagnsök. Skaðabótamál vegna tjóns af árekstri skipa. Sératkvæði ..... 4/6 267
73. H/f Björgvin gegn hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps f. h. hreppsins. Útburðarmál ..... 5/6 270
74. Kjartan Milner gegn Hjörleifi Eliassyni. Skaðabótamál ..... 5/6 274
75. Síldarverksmiðjur ríkisins gegn Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök. Skaðabótamál. Sératkvæði ..... 9/6 278
76. Jónas Hvannberg gegn Skafta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni og gagnsök. Mál til ógildingar byggingarbréfi og samningi varðandi fasteign. Sératkvæði ..... 18/6 293
77. Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni og Brynjólfi Einarssyni. Ákæra um brot gegn lögum um gjaldþrotaskipti, bókhaldslöggjöf og 26. og 27. kafla almennra hegningarlaga ..... 19/6 304
78. Bjarni Valdimarsson, Esther Valdimarsdóttir og Erla Valdimarsdóttir gegn Jóhanni Valdimarssyni. Slit sameignar á fasteign með sölu hennar á opinberu uppboði ..... 23/6 353
79. Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir gegn Guðlaugi Guðmundssyni. Útivistardómur ..... 23/6 356
80. Árni Sigfússon gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943. Héraðsdómur ómerktur. Heimvísun og mælt fyrir um kvaðningu samdómsmanna í héraði, sbr. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936 ..... 23/6 357
81. Fiskur & Ís h/f gegn Höjgaard & Schultz A/S. Kærumál. Héraðsdómur ómerktur vegna þess, að frávísunaratriði hafði eigi verið dæmt sérstaklega, áður en dómur var lagður á málið að efni til .... 25/6 370
82. Jón Guðmundsson gegn Landssmiðjunni. Kærumál. Afturköllun kæru ..... 25/6 376
83. Egill Sigurgeirsson gegn Sigurði Helgasyni. Kærumál. Frávísunardómur staðfestur ..... 25/6 378
84. Magnús Thorlacius gegn Eggert Claessen. Kærumál. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um þóknun málflutningsmanns staðfestur ..... 20/6 380

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| 85. | Bergsteinn Kolbeinsson gegn Einari Árnasyni. Kærumál. Synjun frests í landamerkjamáli | 22/9 | 383 |
| 86. | Jón Guðjónsson gegn Jóni Guðnasyni. Kærumál. Synjun frests í útburðarmáli | 22/9 | 385 |
| 87. | Magnús Jónsson gegn Verzlunarfélagi Ólafsfjarðar. Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms | 22/9 | 387 |
| 88. | Ingvar Árnason gegn Ársæli Jónassyni. Kærumál. Frávísunardómur staðfestur | 25/9 | 390 |
| 89. | Eiríkur Bjarnason, Lúther Guðnason og Markús Jensson gegn útibúi Landsbankans á Eskifirði. Útivistardómur | 29/9 | 392 |
| 90. | Skipaútgerð ríkisins gegn h/f Djúpuvík. Útivistardómur | 29/9 | 392 |
| 91. | Ágúst Stefánsson gegn Lilju Sigurðardóttur. Útivistardómur | 29/9 | 393 |
| 92. | Jón Pétursson og Sigurður Berndsen gegn Sigríði Sigurðardóttur. Útivistardómur | 29/9 | 393 |
| 93. | Margrét Jónsdóttir gegn Eiði Thorarensen. Húsnæðismál og útburðar | 1/10 | 393 |
| 94. | Soffía Jónsdóttir gegn Einari Hildibrandssyni. Húsnæðismál og útburðar | 3/10 | 398 |
| 95. | Valdstjórnin gegn Jakobi Lofti Guðmundssyni. Ölvun við akstur. Tilraun | 6/10 | 401 |
| 96. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Herði Wium Vilhjálmssyni. Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum. Sératkvæði | 6/10 | 404 |
| 97. | Helgi E. Thorlacius f. h. „Matstofunnar Bjarkar h/f" gegn Önnu H. Guðmundsdóttur og Ástríði Ingimundardóttur. Vísun máls frá hæstarétti | 8/10 | 409 |
| 98. | Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs gegn Gunnari Ólafssyni og gagnsök. Skaðabótamál vegna verðrýrnunar fasteignar í sambandi við skipulag kaupstaðar | 10/10 | 412 |
| 99. | Sigurður Helgason gegn Ásgeiri Matthíassyni. Skaðabótamál. Riftun á sölu húseignar | 13/10 | 417 |
| 100. | Gunnlaugur Stefánsson gegn Bjarna Kristjánssyni og gagnsök. Kaupmaður krafinn um verð seldrar vöru. Andmæli vegna galla á vörunni o. fl. eigi tekin til greina | 15/10 | 422 |
| 101. | Skipaútgerð ríkisins gegn Karli Helgasyni. Skaðabótamál vegna skemmda á bifreiði, er ók á landfestar skips | 15/10 | 427 |
| 102. | Guðlaugur Ásgeirsson gegn Hannesi Ágústssyni. Kærumál. Synjun frests | 15/10 | 430 |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| 103. | Guðlaugur Ásgeirsson gegn Hannesi Ágústssyni. Kærumál. Synjun frests | 15/10 | 432 |
| 104. | Kristján Benedktsson gegn Lúther Hróbjartssyni. Heimt söluverð báts | 17/10 | 433 |
| 105. | Anna Pálsdóttir gegn Þorsteini Sigurðssyni f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur og gagnsök. Mál til endurheimtu ofgreiddrar húsaleigu og bóta vegna útburðar | 20/10 | 438 |
| 106. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Guðna Gíslasyni. Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum | 27/10 | 443 |
| 107. | Réttvísin gegn Jens Björgvin Pálssyni. Landráð. Sératkvæði | 28/10 | 447 |
| 108. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Þorsteini Axel Tryggvasyni. Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum | 28/10 | 451 |
| 109. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Hávarði Kristjánssyni, Sigurði Þorbirni Guðmundssyni og Lúther Norðmanni Stefánssyni. Þjófnaður. Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum | 29/10 | 456 |
| 110. | Ólafur B. Björnsson f. h. Bjarna Ólafssonar & Co. gegn Agnari Norðfjörð & Co. h/f. Útivistardómur. Dæmdar ómaksbætur | 31/10 | 461 |
| 111. | Jónas Sveinsson gegn Páli Stefánssyni. Útivistardómur | 31/10 | 461 |
| 112. | Þormóður Eyjólfsson gegn Gesti Fanndal og gagnsök. Deilt um uppskipunar- og afgreiðslugjald .. | 4/11 | 462 |
| 113. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Níelsi Jóni Hannessyni. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum. Líkamsáverkar. Almannahætta. Sératkvæði | 5/11 | 469 |
| 114. | Valdstjórnin gegn Sigurði Sigurðssyni. Ölvun við akstur bifreiðar. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum | 7/11 | 474 |
| 115. | Valdstjórnin gegn Agnari Kristjánssyni. Ölvun við akstur bifreiðar. Brot gegn bifreiðalögum of áfengislögum | 7/11 | 479 |
| 116. | H/f Askur gegn Erlendi Helgasyni. Ágreiningur um áhættuþóknun. Sératkvæði | 11/11 | 481 |
| 117. | Valdstjórnin gegn Baldri Gizurarsyni og Magnúsi Guðmundi Ólafssyni. Ölvun við akstur bifreiðar o. fl. | 11/11 | 486 |
| 118. | Valdstjórnin gegn Guðjóni Gíslasyni. Ölvun við akstur bifreiðar | 11/11 | 493 |
| 119. | Réttvísin gegn Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni. Skjalafals | 14/11 | 497 |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| 120. | Páll Bjarnason gegn Þorkeli Þorleifssyni. Deilt um rétt til umferðar | 17/11 | 499 |
| 121. | Stefán Snæbjörnsson og Krisján Pétur Guðmundsson gegn Vigfúsi Vigfússyni og Vigfús Vigfússon gegn Stefáni Snæbjörnssyni, Kristjáni Pétri Guðmundssyni og Guðmundi Jörundssyni. Skaðabótamál vegna bifreiðarslyss | 18/11 | 503 |
| 122. | Sveinn Frímannsson og Egill Sigurðsson gegn Ármanni Jakobssyni. Úrskurður um öflun gagna .. | 19/11 | 509 |
| 123. | Réttvísin og valdstórnin gegn Kristjáni Hannessyni. Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum | 20/11 | 510 |
| 124. | Sigurlaug Kristjánsdóttir gegn Birni Benediktssyni. Ágreiningur um greiðslu orlofseyris | 20/11 | 516 |
| 125. | Helgi Jónsson og Úlfar Bergsson gegn Jens Árnasyni. Fébóta krafizt vegna þess, að seld lóð reyndist nokkru minni en greint var í afsali | 21/11 | 518 |
| 126. | Tryggvi Ófeigsson gegn Sveinbirni Krisjánssyni. Skaðabætur og févíti vegna vanefnda verksamnings | 24/11 | 520 |
| 127. | Vélsmiðjan Þór h/f gegn Bjarna Ö. Jónassyni. Ágreiningur um álagningu, verð og afgreiðslu vara | 25/11 | 523 |
| 128. | Rétvísin og valdstjórnin gegn Óskari Sigurvin Ólafssyni. Brot gegn 219. og 220. gr. hegningarlaganna og löggjöf um umferð | 26/11 | 528 |
| 129. | Jón Jóhannsson gegn Valdimar Kr. Árnasyni. Húsnæðismál. Synjað útburðar | 26/11 | 535 |
| 130. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Brynjólfi Jónatanssyni. Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum | 9/12 | 539 |
| 131. | Réttvísin og valdstjórnin gegn Ingólfi Guðjónssyni. Umferðarslys. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum | 10/12 | 542 |
| 132. | Róshildur Jónsdóttir gegn Einari Scheving Thorsteinsson og Birni Geirmundssyni. Kærumál. Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms | 10/12 | 548 |
| 133. | Eigandi og skipshöfn b/v Gyllis gegn h/f Vestra. Bjarglaun dæmd | 11/12 | 552 |
| 134. | Jón Guðmundsson gegn Sveini V. Jónssyni. Kærumál. Endurupptaka máls fyrir fógetadómi | 11/12 | 555 |
| 135. | Valdstjórnin gegn Ásgrími Sigurðssyni. Botnvörpuveiðabrot. Ómerking héraðsdóms | 12/12 | 558 |
| 136. | Réttvísin gegn Árna Sigurði Ágústssyni. Áverkamál. Héraðsdómur ómerktur | 15/12 | 560 |
| 137. | Kristinn Stefánsson f. h. eiganda og útgerðarmanns | | |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| | e/s Bjarka á Siglufirði gegn Páli Þorbjörnssyni. Skaðabótamál vegna ráðningarslita ..... | 16/12 | 566 |
| 138. | Vélbátatrygging Eyjafjarðar og Leó Sigurðsson gegn Helga Benedikssyni. Skaðabótamál vegna árekstrar skipa. Bætur eigi dæmdar, sbr. 226. gr. laga nr. 56/1914 ..... | 18/12 | 570 |
| 139. | Þorvaldur Stefánsson gegn bæjarfógetanum á Akureyri og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Lögtaksmál. Ágreiningur um skyldu til greiðslu veltuskatts | 19/12 | 578 |
| 140. | Jóhann Indriðason gegn Alfred Clausen. Útivistardómur ..... | 19/12 | 581 |

# Hæstaréttardómar.

Útgefandi: **Hæstiréttur.**

**XXVIII. árgangur.** **1947.**

Föstudaginn 10. janúar 1947.

Nr. 50/1946. **Réttvísin**
gegn
**Jens Björgvin Pálssyni.**

**Setudómari prófessor Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð í sakamáli.

**Úrskurður hæstaréttar.**

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt, að ýtarlegri rannsókn fari fram um eftirgreind atriði:

1. Inna skal ákærða ræki lega eftir því, hversu mikið fé honum var boðið fyrir aðstoð þá, sem hann var beðinn að veita Þjóðverjum og í hvaða mynt, m. a. hvort honum hafi verið boðin greiðsla í dollurum og þá hversu mikil. Enn fremur hversu miklu fé hann veitti móttöku, áður en v/s Arctic lagði af stað frá Vigo, og hvernig fjárhagsástæður hans voru þá, að því er varðaði spanskan gjaldeyri.
2. Þá skal ákærði spurður um það, hvort honum var heitið líftryggingu og hvort og þá hvaða skilríki voru látin í té fyrir þeirri tryggingu.
3. Leitt skal í ljós, hvaða kaup ákærði hafði á því tímabili, sem um ræðir, og hversu mikill hluti þess var greiddur í erlendri mynt.
4. Svo skal ákærði inntur nákvæmlega eftir efni skeyta þeirra, sem hann sendi, svo og hvaða daga þau voru send.

5. Enn fremur skal leitt í ljós, hvaða siglingaleið v/s Arctic fór frá Vigo til Íslands, og hvenær það kom til Reykjavíkur úr umræddri ferð.
6. Þá skal rannsakað, hvenær senditæki það og dulmálslykill, sem um ræðir í málinu, var flutt hér í land og hvort viðtakendum var skýrt frá því, um hvaða hluti væri að tefla.
7. Rannsaka skal, hvenær v/s Arctic fór aftur frá Reykjavík, og hvert ferðinni var þá heitið, hvenær skipið var tekið af hernaðaryfirvöldunum, og hvenær það var leyst úr haldi aftur.
8. Leiða skal í ljós, hverjir voru teknir fastir af herstjórninni vegna rannsóknar hennar á máli þessu, bæði skipverjar á v/s Arctic og aðrir, og hvar og hversu lengi hver þeirra um sig var hafður í haldi.
9. Enn fremur skal, ef unnt er, útvega skýrslur þær, sem hernaðaryfirvöldin hafa látið taka af skipstjóranum á v/s Arctic og mál þetta varða, svo og skýrslur sömu yfirvalda um það, hvort tekizt hafi að ná skeytum þeim, sem ákærði sendi og hvert efni þeirra hafi verið.
10. Enn skal ákærði spurður ýtarlega um það, hvort hann ætlaði að nota sendistöðina hér á landi, og hvort hann hafði í hyggju að hafa hana og dulmálslykilinn meðferðis, ef skipið færi aftur til Spánar, og nota sendistöðina á leiðinni.

Loks ber rannsóknardómaranum að afla annarra þeirra gagna, sem framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Ályktarorð:

Rannsóknardómaranum ber að afla framangreindra skýrslna svo fljótt sem unnt er.

Miðvikudaginn 15. janúar 1947.

Nr. 49/1946. **Réttvísin** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Guðbrandi Einari Hlíðar**
(Hrl. Einar Arnórsson).

**Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Landráð.

## Dómur hæstaréttar.

Bandaríki Norður-Ameríku fóru samkvæmt samningi frá 10. júlí 1941 með hervernd Íslands á þeim tíma, febrúar—apríl 1944, þegar ákærði játaðist undir að fremja njósnir á Íslandi og aðstoða aðra menn við þær. Á þessum tíma höfðu Bandaríkin gerzt styrjaldaraðili, og mátti því telja ófrið vofa yfir Íslandi, þótt það land væri ekki þátttakandi í styrjöldinni. Fræðsla, er veitt væri óvinaríki Bandaríkjanna um hervarnir þeirra á Íslandi, miðaði þess vegna að því að veikja viðnámsþrótt íslenzka ríkisins. Loforð ákærða um að framkvæma slíkar njósnir og aðstoða aðra menn við þær varðar því, þótt ekki kæmi til efnda þess, við 2. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1940 auk 93. gr. sömu laga. Högum ákærða var þannig háttað, er hann gaf framangreint loforð, að hann mátti búast við harðræðum, ef hann synjaði. Leiðir þetta til þess, að refsingu hans ber að ákveða með hliðsjón af 6. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940, en hins vegar verður ekki lögð til grundvallar sú staðhæfing hans, að hann hafi gefið loforðið, án þess að hann ætlaði sér að efna það, enda lét hann ekki íslenzk stjórnvöld vita, hvernig ástatt var, þegar er honum var þess kostur.

Refsing ákærða þykir hæfilega metin 6 mánaða fangelsi. Samkvæmt lögjöfnun frá 76. gr. sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1940 svo og samkvæmt 76. gr. beinlínis ákveðst, að varðhaldsvist ákærða vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi komi í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbrandur Einar Hlíðar, hefur unnið til 6 mánaða fangelsis, en varðhaldsvist hans vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi skal koma í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Einars Arnórssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1946.**

Ár 1946, þriðjudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3654/1945: Réttvísin gegn Guðbrandi Einari Hlíðar.

Málið er höfðað gegn ákærða að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn 10. kafla almennra hegningarlaga. Það var dómtekið 17. október s. l.

Ákærði er Guðbrandur Einar Hlíðar dýralæknir, til heimilis á Akureyri. Hann er fæddur á Akureyri 9. nóvember 1915. Hann hefur ekki fyrr sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Undanfarin ófriðarár var ákærði við dýralækninganám í Kaupmannahöfn. Fyrri hluta árs 1943 heimsótti hann þar þýzkur maður, að nafni Dr. Lotz. Dr. Lotz hafði dvalið hér á Íslandi, og fékkst hann nokkuð við rannsóknarstarfsemi, þar á meðal að því, er snertir dýralækningar og meðferð dýra, enda taldi hann sig vera fræðimann í dýralækningum. Hann varð nokkuð kunnugur á heimili foreldra ákærða á Akureyri, enda er faðir ákærða dýralæknir. Var það árið 1930—31, er Dr. Lotz hafði komið á heimili ákærða. Gerði hann sér það nú til erindis að heilsa upp á ákærða út af þessum fyrri kynnum. Sagði hann ákærða, að hann væri kominn í því

skyni að athuga möguleika á því, að útvega Íslendingum, er þar voru staddir, far heim til Íslands. Í því tilefni lét hann ákærða fylgja sér til ýmissa Íslendinga í Kaupmannahöfn og ræddi við hann um þá. Hélt doktorinn eftir þetta sambandi við ákærða, heimsótti hann iðulega, er hann var staddur í Kaupmannahöfn, skrifaði honum og endurtók oft heimboð til ákærða á búgarð, er hann kvaðst eiga í Pommern, Klein-Kiesow að nafni. Ákærði kveðst ávallt hafa færzt undan heimboðunum, borið við annríki, svo sem próflestri og því um líku.

Í janúar 1943 tók ákærði dýralæknispróf við dýralækningaskólann í Kaupmannahöfn. Hugðist hann þá að fara heim til Íslands, enda var honum heitið dýralæknisembættinu á Akureyri. Sótti hann nú um fararleyfi til Íslands. Meðan hann var að bíða eftir svari, kom Dr. Lotz til hans til Kaupmannahafnar og bauð honum enn heim á búgarð sinn og lagði nú svo fast að honum, að hann sá sér ekki annað fært en að taka boðinu. Segir ákærði, að Dr. Lotz hafi tekið það berum orðum fram, að hann fengi ekki fararleyfi úr Danmörku, nema því aðeins að hann færi með sér.

Síðasta daginn, sem ákærði dvaldi í heimboðinu að Klein-Kiesow, bar doktorinn upp erindi sín við hann. Í samtalinu kveðst ákærði hafa heitið Dr. Lotz því að aðstoða menn, eftir að hann væri kominn til Íslands, er til hans væru þangað sendir, og var ákveðið, að þeir gerðu grein fyrir sér með orðunum: „Kveðja frá St. Bernharðshundi Halldóri". Hét ákærði því, að veita mönnum þessum aðstoð með því að útvega þeim smá áhöld, svo sem hitamæla og barometer og ef til vill brauð (matvæli). Þá segir ákærði, að doktorinn hafi farið fram á það við sig, að útvega skýrslur um hernaðarmálefni á Íslandi, þar sem greint væri frá olíugeymum, skipastóli bandamanna, skipalægi, loftvarnabyssustæðum, skriðdrekavörnum og föstum viggirðingum og öðrum atriðum, er hernaðarþýðingu hefðu, og stakk upp á því, að ákærði notaði leyniskrift til þess að koma þessum upplýsingum til sín. Er hér var komið, segist ákærði hafa tekið af skarið og harðneitað því, enda þótt hann hafi þegar verið búinn að lofa að veita sendimönnum einhverja aðstoð, ef þeir leituðu til hans. Féll það tal síðan niður.

Ákærði hélt úr heimboðinu aftur til Kaupmannahafnar. Hann fékk ekki fararleyfi og skrifaði því Dr. Lotz. Doktorinn skrifaði honum aftur og bað hann um að finna í Kaupmannahöfn mann, er hann nefndi Franz. Fór ákærði og átti tal við hann. Franz kvaðst vera með fyrirmæli til hans um að senda skýrslur um hernaðarmálefni frá Íslandi, eins og Dr. Lotz hafði áður við hann rætt. Ákærði kveðst hafa svarað þessu þannig, að það hefði verið útrætt mál við Dr. Lotz, að hann gerði þetta ekki, en Franz ýtti undir hann og sagði, að þetta væri lítils háttar og þess konar. Segir ákærði, að það hafi orðið úr, að hann hafi gengið að þessu og látið Franz

kenna sér leyniskrift og að framkalla leyniskrift á bréfum. Gekk Franz síðan þannig frá, að ákærði skyldi senda væntanleg bréf sín frá Íslandi til ákveðins manns í Gautaborg, sem svo skyldi senda þau nafngreindum manni í Kaupmannahöfn, er síðan kæmi þeim til Dr. Lotz.

Ákærði hefur skýrt frá því, að það hafi strax verið altalað meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn, að Dr. Lotz væri njósnari. Hann kveðst sjálfur hafa fengið grun um þetta, en ekki fullvissu fyrr en í samtalinu í Klein-Kiesow. Hann heldur því fram, að hann hafi heitið Dr. Lotz þessum erindisrekstri einungis í þeim tilgangi að fá fararleyfi til Íslands, en hann taldi sér ríða á að komast heim, eða að minnsta kosti að komast til hlutlauss lands, til þess að geta fengið veitingu fyrir dýralæknisembættinu, er honum hafði verið heitið strax, er hann kæmi á hlutlaust land. Hins vegar hefur hann haldið því fast fram, að það hafi aldrei verið ásetningur sinn að sinna þessum erindum, eftir að hann kæmi til Íslands. Hann kveðst hafa litið svo á, að hann væri þvingaður til þess að gera þetta. Fyrst hafi doktorinn leitað til sín undir yfirskini vináttu og síðan lagt sig í einelti, mjög gegn vilja sínum, komið heim til sín og marg endurtekið heimboðið. Kveður hann doktorinn hafa knúið sig til ferðarinnar til Klein-Kiesow með ógnandi framkomu. Fyrirmælum frá Franz kveðst hann hafa tekið við, til þess að fá fararleyfi til Svíþjóðar, því hann þóttist viss um, að það myndi hann ekki fá, nema að hann létist taka við þeim. Hann segist hins vegar hafa ætlað sér að stunda framhaldsnám í Svíþjóð, að minnsta kosti hálft ár, en það kveðst hann ekki hafa sagt Dr. Lotz. Kveðst hann með sjálfum sér hafa verið staðráðinn í því, að efna ekki heit sín um framkvæmdir samkvæmt þessum fyrirmælum, ef hann kæmist til Íslands. Segist hann á leiðinni yfir Eyrarsund til Svíþjóðar hafa hent í sjóinn efni nokkru, er Franz fékk honum og hann átti að nota til leyniskriftar.

Í júní 1944 fór ákærði yfir til Svíþjóðar og stundaði þar framhaldsnám í fræðigrein sinni. Hann sótti um fararleyfi til Íslands og lagði á stað flugleiðis yfir til Englands, en var þar stöðvaður 12. febrúar 1945. Var hann þar tekinn í hald af brezkum hernaðaryfirvöldum og haldið þar fram til 3. ágúst s. l., er hann var afhentur íslenzkum stjórnarvöldum í þeim tilgangi, að mál hans yrði tekið fyrir hér á landi.

Frásögn sú, er hér hefur verið rakin, er eftir skýrslu ákærða sjálfs hér fyrir réttinum, með hliðsjón af skýrslum um hann frá Englandi, með því annarra gagna hefur ekki verið kostur í málinu. Verða skýrslur þessar stoð dómsins, enda hafa ekki komið gögn fram, er hnekki þeim eða geri þær tortryggilegar. Þess ber þó að geta, að fram eru komnir í málinu vitnisburðir um það frá mönnum, er sendir voru til Íslands til þess að njósna, að þeim hafi

verið boðið að leita til ákærða eftir fjárhagslegri aðstoð, ef á þyrfti að halda, og var þeim gefið kenniorð það, er áður greinir.

Með framangreindum loforðum sínum til leyniþjónustumannanna þýzku, dr. Lotz og Franz, verður að telja, að ákærði hafi ráðizt í þjónustu njósnarkerfis Þjóðverja, til aðstoðar við njósnarstarfsemi á Íslandi. Varðar það brot hans við 93. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Við ákvörðun refsingar verður að taka tillit til skýrslu ákærða um það, að honum hafi fundizt hann sýna Þjóðverjum þessa liðþægni fyrir eins konar þvingun, svo og þess, að hann hefur ávallt haldið fast við þá staðhæfingu sína, að hann hafi ekki ætlað sér að efna loforðin. Dvöl hans í Svíþjóð og eyðilegging leyniskriftargagnanna eða efnisins virðast og styrkja þenna framburð hans að ýmsu leyti, sem og það, að hann gaf engar skriflegar skuldbindingar um að efna loforðin. Þykir því rétt að ákvarða refsinguna með hliðsjón af 74. gr. 6. tl. hegningarlaganna, sbr. og 75. gr. sömu laga. Refsing hans þykir samkvæmt þessu hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Eins og áður var getið, var ákærði hafður í haldi hjá enskum hernaðaryfirvöldum frá því hann steig á land í Englandi 12. febrúar 1945 og unz hann var afhentur íslenzkum yfirvöldum 3. ágúst s. l. Þá var hann settur í gæzluvarðhald og sat í því fram til 14. ágúst. Með tilliti til þessarar löngu frelsisskerðingar þykir mega fella refsinguna niður, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga eftir orðanna hljóðan og analogice.

Ákærði skal samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Einars Arnórssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust. Dráttur á dómsuppsögn stafar af margvíslegum önnum dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbrandur Einar Hlíðar, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Með tilliti til frelsisskerðingar ákærða undir meðferð málsins skal refsivist falla niður.

Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Einars Arnórssonar hrl., kr. 1000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. janúar 1947.

Nr. 123/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
**Pálma Gunnari Kristinssyni, Hilmari Rúnari Breiðfjörð Jóhannssyni og Björgvin Óskarssyni** (Hrl. Sigurður Ólason).

**Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Strok úr fangelsi. Þjófnaður.

**Dómur hæstaréttar.**

Við ákvörðun refsingar Pálma Gunnars Kristinssonar ber að hafa hliðsjón af 72. og 255. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Pálmi Gunnar Kristinsson, Hilmar Rúnar Breiðfjörð Jóhannsson og Björgvin Óskarsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinanr, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurðar Ólasonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. maí 1946.**

Ár 1946, mánudaginn 20. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1444—1446/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Pálma Gunnari Kristinssyni, Hilmari Rúnari Breiðfjörð Jóhannssyni og Björgvin Óskarssyni, sem tekið var til dóms 30. apríl sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pálma Gunnari Kristinssyni verkamanni, Ásvallagötu 35 hér í bæ, Hilmari Rúnari Breiðfjörð Jóhannssyni sjómanni, Haðarstíg 14 hér í bæ, og Björgvin Óskarssyni sjómanni, Helgavatni í Þverárhlíð, fyrir brot gegn XII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærði Pámi Gunnar Kristinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. marz 1927, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1934 $^{19}/_{12}$ Kærður fyrir hnupl.
1938 $^{1}/_{3}$ Áminntur fyrir að hanga í bifreið.
1938 $^{11}/_{5}$ Kærður fyrir hnupl á reiðhjólsgrind.
1939 $^{1}/_{4}$ Kærður fyrir spjöll. Brenndi stýri á reiðhjóli.
1939 $^{7}/_{5}$ Áminntur fyrir grjótkast.
1939 $^{25}/_{9}$ Kærður fyrir hnupl á reiðhjólum, málningu o. fl.
1939 $^{31}/_{10}$ Kærður fyrir hnupl á reiðhjólum o. fl.
1940 $^{25}/_{11}$ Kærður fyrir að hjóla ljóslaus.
1940 $^{21}/_{12}$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli.
1941 $^{14}/_{1}$ Kærður fyrir þjófnað á 95 krónum.
1941 $^{11}/_{11}$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli. Alvarlega áminntur í viðurvist föður síns.
1942 $^{3}/_{6}$ Kærður fyrir hnupl á árabáti.
1942 $^{16}/_{9}$ Kærður fyrir að fara upp í bíl í heimildarleysi og láta hann renna á götunni.
1942 $^{18}/_{12}$ Kærður fyrir að kaupa vörur af setuliðinu og fyrir slæpingsháttt.
1943 $^{1}/_{2}$ Kærður fyrir misferli með áfengi.
1939 og 1942 Ráðstafað til dvalar á sveitarheimili. Reyndist bæði latur og óknyttasamur.
1943 í maí Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi, dags. $^{1}/_{4}$ 1944, að saksókn skyldi falla niður, en kærði skyldi háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá $^{1}/_{4}$ '44—$^{1}/_{4}$ '45, og málið skyldi tekið upp að nýju, ef kærði gerðist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða ólhýðnaðist settum fyrirmælum eftirlitsmanns.
1944 $^{10}/_{11}$ Rvík. Sátt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{15}/_{1}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 244. gr., sumpart sbr. 20. gr., 247. gr. og 248. gr. hegningarlaganna, 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna og 3. og 7 sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sviptur kosningarrétti og kjörgengi. Skilorðstímann skal dómfelldi háður eftirliti þar til skipaðs manns og dvelja utan Reykjavíkur til fullnaðs 20 ára aldurs, og er sú ráðstöfun skilyrði fyrir niðurfalli refsingarinnar að 5 árum liðnum.

1945 ²⁄₂ Rvík. Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna og áfengislögunum.

1945 ²¹⁄₁₂ Rvík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1946 ¹⁷⁄₁ Rvík. Dómur sama réttar, 6 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaganna.

Ákærði Hilmar Rúnar Breiðfjörð Jóhannsson er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1938 ⁸⁄₈ Áminntur fyrir að vera á báti út á höfn.

1938 ¹⁹⁄₁₀ Áminntur fyrir að hnupla fuglaháf og eyða stolnum peningum.

1939 ⁹⁄₁ Áminntur fyrir að kveikja bál á götu.

1939 ⁹⁄₁ Uppvís að hnupli á almanökum.

1939 ⁷⁄₁₁ Áminntur fyrir að tvímenna á reiðhjóli.

1941 ³⁄₂ Sprengdi kínverja.

1942 ⁹⁄₂ Uppvís að þjófnaði á peningum (4 sinnum), seðlaveski, bíldekki, vindlingaveski, sigarettum, (hlutdeild), bókum og hönzkum.

1945 ²³⁄₄ Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. og 155. gr. hegningarlaganna.

1945 ⁷⁄₁₁ Kærður fyrir ölvun og óspektir innanhúss. Fellt niður.

1945 ²¹⁄₁₂ Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaganna.

1946 ¹⁷⁄₁ Dómur aukaréttar, 7 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 110. gr. og 244. gr. hegningarlaganna.

Ákærði Björgvin Óskarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. júlí 1923, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1942 ³⁄₂ Sátt. 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 ³⁰⁄₃ Dómur ungmennadóms. Sviptur kosningarrétti og kjörgengi og dvelji í sveit fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna, 26. gr. 2. mgr. laga nr. 63 1937 sbr. 1. gr. laga nr. 13 1941 og 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. laga nr. 33 1935.

1945 ¹⁶⁄₁₁ Dómur aukaréttar, 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár og sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 254. og 247. gr. hegningarlaganna, bifreiðarlögunum og áfengislögunum.

1946 ¹⁸⁄₁ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1946 ²⁄₃ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1946 $^{28}/_{5}$ Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. og 254 gr. hegningarlaganna.

Laugardaginn 6. f. m. voru ákærðu allir refsifangar á vinnuhæli ríkisins á Litla-Hrauni og áttu fyrir höndum alllanga fangelsisvist. Hjá gestum, sem komu í vinnuhælið þenna dag, fengu ákærðu áfengi, og segjast þeir hafa komizt undir áfengisáhrif af drykkju þessari. Þegar gestirnir voru farnir, ákváðu ákærðu að strjúka í sameiningu úr vinnuhælinu til Reykjavíkur í þeim tilgangi, að þeir segja, að ná í meira áfengi. Lengra virðast ráðagerðir þeirra um strokið ekki hafa náð. Ákærði Pálmi og Hilmar komu sér fyrst saman um að strjúka. Síðan stungu þeir upp á því við ákærða Björgvin, að hann yrði með þeim í strokinu, og féllst hann á það. Þeir ákváðu að hlaupast á brott eftir kvöldverð þenna sama dag. Þeir komust út úr húsinu með því að fara upp á háaloft þess, sem var ólæst, og fara þar út um þakglugga. Af þakinu klifruðu þeir síðan til jarðar, og tókst þeim það án þess að hjálpa hver öðrum.

Háaloft vinnuhælisins er venjulega læst og lykillinn að því í vörzlu gæzlumanna. Svo var það einnig þenna dag. Um morguninn hafði ákærði Hilmar ætlað að þvo af sér fatnað á háaloftinu eftir hádegið, en við þá fyrirætlun hætti hann, eftir að hann hafði neyit áfengisins. Í ráðagerð hans og ákærða Pálma um strokið var, að Hilmar skyldi fá háaloftslykilinn hjá gæzlumanni undir því yfirskini, að hann ætlaði að þvo á háaloftinu, þó tilgangurinn með þessu væri sá einn að gera strokið mögulegt. Þetta framkvæmdi Hilmar eftir kvöldverð, opnaði háaloftið með lyklinum, lét það standa ólæst, en skilaði síðan gæzlumanni lyklinum. Skömmu síðar fóru ákærðu út úr húsinu um hið ólæsta háaloft.

Ákærði Pálmi kveður ákærða Björgvin hafa fylgzt með ráðagerðinni um útvegun lykilsins og framkvæmd hennar, en um þetta er skýrsla ákærða Hilmars nokkuð óákveðin. Ákærði Björgvin skýrir svo frá, að þegar hinir færðu í tal við hann, að hann stryki með þeim, hafi þeir lýst fyrir sér, hvernig þeir ætluðu að komast út úr vinnuhælinu, en ætlun þeirra frá upphafi var sú, sem þeir notuðu. Einnig kveðst ákærði Björgvin hafa verið hjá hinum, þegar ákærði Hilmar fór til gæzlumannsins og fékk lykilinn og þegar hann fór aftur með lykilinn og skilaði honum. Af þessum ástæðum þykir ljóst, að ákærði Björgvin hafi fylgzt með útvegun lykilsins og vitað, hver tilgangurinn var með útvegun hans, en því atriði hefur hann neitað undir rannsókn málsins.

Þegar ákærðu höfðu komizt út úr vinnuhælinu, gengu þeir sem leið liggur eftir þjóðveginum áleiðis til Reykjavíkur. Í Ölfusi komust þeir í vörubifreið, sem flutti þá til Reykjavíkur, og var klukkan að ganga 11 um kvöldið, þegar þangað var komið. Ákærði Pálmi

útvegaði nú flösku af brennivíni fyrir armbandsúr sitt, og fóru ákærðu með flöskuna inn í veitingastofu eina hér í bænum og drukku þar úr henni. Þegar þeir fóru út úr veitingastofunni, voru þeir orðnir drukknir, og sérstaklega virðist ákærði Pálmi þá hafa orðið allofsafenginn.

Ákærðu gengu nú saman um götur bæjarins. Þeir komu að húsi því, sem Grænmetisverzlun ríkisins hefur aðsetur í. Þar braut Pálmi tvær kjallararúður á bakhlið hússins, án þess að hinir ættu þar neinn hlut að. Ákærði Hilmar reyndi að fá hann burtu frá húsinu og tókst það, þegar hann sagði honum, að lögreglan væri að koma. Ákærði Pálmi kveðst ekki muna, hvort hann hafði þjófnað í huga, þegar hann braut rúðurnar, og ákærði Hilmar heyrði hann ekki tala um, að hann hefði þjófnað í huga í þetta sinn, en vegna allra kringumstæðna og þeirra þjófnaðarverka, er Pálmi framdi síðar um nóttina, þykir vera ljóst, að hann hafi brotið rúðurnar í þjófnaðartilgangi, en svo hætt við frekari aðgerðir m. a. vegna aðgerða Hilmars. Frá þessu húsi gengu ákærðu inn Sölvhólsgötu og komu að húsi Timburverzlunarinnar Völundar. Þar braut Pálmi upp hlið, sem er á girðingu kringum húsið, og fór heim að húsinu. Mun hann þar hafa sparkað í hurð að afgreiðsluherbergi verzlunarinnar, svo að hún brotnaði, en þó eigi svo mikið, að unnt væri að komast inn um hana. Síðan braut hann rúðu í glugga í afgreiðsluherberginu og smaug inn um rúðuopið. Inni skoðaði hann peningaskáp, sem þar var og var læstur, en tók þar ekkert. Þegar hér var komið, kallaði Hilmar til hans, að menn væru að koma, og fór hann þá út, og hlupu þá allir ákærðu í burtu. Ekki virðast þeir Hilmar og Björgvin hafa átt neinn þátt í þessu tiltæki Pálma. Hilmar vildi nú ekki vera lengur með þeim Pálma og Björgvin, skildi við þá og fór heim til sín. Þar fékk hann að borða, en síðan fylgdi bróðir hans honum á lögreglustöðina, þar sem hann gaf sig fram við lögregluna og skýrði frá strokinu. Þegar Hilmar hafði skilið við Pálma og Björgvin, héldu þeir áfram göngu sinni. Þeir gengu fram hjá verzlun Sigurðar Skjaldbergs á Laugavegi 49, og braut Pálmi rúðu í verzluninni, um leið og þeir gengu fram hjá, en ósannað er, að það hafi verið gert í þjófnaðarskyni. Pálmi og Björgvin urðu nú viðskila hvor við annan. Björgvin gekk niður í miðbæinn. Þar hittu hann lögregluþjónar, sem vissu um strokið, og eftir tilmælum þeirra fór hann mótþróalaust með þeim á lögreglustöðina. Eftir að Pálmi var orðinn viðskila við Björgvin, fór hann að verzlun Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis á Skólavörðustíg 12 og brauzt þar inn um glugga á bakhlið hússins í því skyni að stela fötum. Þegar inn kom, opnaði hann tvo peningakassa, sem þar voru, og tók handfylli af einseyringum úr öðrum. Kveðst hann ekkert hafa séð fyrir myrkri og ekki mundu hafa tekið þessa peninga, hefði hann séð, hvers konar peningar það voru. Hann skoðaði föt þarna, en var engin þeirra farinn að taka,

þegar lögreglan, sem hafði fengið tilkynningu um, að þarna væri verið að brjótast inn, kom og handtók hann. Mál hefur eigi verið höfðað gegn unglingspilti einum, sem við þenna verknað Pálma var riðinn, og virðist því eigi vera þörf á að rekja hans þátt í málinu. Strok ákærðu frá vinnuhælinu varðar við 110. gr. hegningarlaganna og áfengisneyzla þeirra á veitingastofunni við 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna. Ósannað er, að ákærðu Hilmar og Björgvin hafi gerzt brotlegir við XXVI. kafla hegningarlaganna, og verða þeir því sýknaðir af ákærunni um brot gegn honum. Aftur á móti hefur ákærði Pálmi með atferli sínu í Grænmetisverzlun ríkisins og Timburverzluninni Völundi gerzt brotlegur við 244. sbr. 20. gr. hegningarlaganna ,og innbrot hans í verzlun Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis varðar við 244. gr. hegningarlaganna.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna og fyrri brotum ákærðu þykja refsingar þeirra hæfilega ákveðnar þannig, að ákærði Pálmi sæti fangelsi í 15 mánuði, en ákærðu Hilmar og Björgvin í 6 mánuði hvor.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða Pálma kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja. Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Pálmi Gunnar Kristinsson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærðu Hilmar Rúnar Breiðfjörð Jóhannsson og Björgvin Óskarsson sæti fangelsi í 6 mánuði hvor.

Ákærði Pálmi Gunnar Kristinsson er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. janúar 1947.

Nr. 2/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
**Sigurði Óskari Sigvaldasyni**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

**Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Brot gegn bifreiðalögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að í stað sektarinnar komi 10 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að í stað sektarinnar komi varðhald 10 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Sigurður Óskar Sigvaldason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinanr, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. nóvember 1945.**

Ár 1945, laugardaginn 3. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2918/1945: Valdstjórnin gegn Sigurði Óskari Sigvaldasyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Óskari Sigvaldasyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Stórholti 43 hér í bæ,

til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júni 1941.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 6. desember 1908 að Gilsbakka í Axarfjarðarhreppi. Þann 6. júlí 1945 undirgekkst hann að greiða 30 króna sekt fyrir of hraðan bifreiðaakstur, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt sunnudagsins 23. sept. s. l. voru þeir Björn Blöndal Jónsson löggæzlumaður og Steinþór Ásgeirsson lögregluþjónn við löggæzlu á vegum úti í bifreiðinni R 1212. Kl. 0.25 komu þeir að bifreiðinni R 2912, er stóð kyrr nokkru fyrir austan afleggjara þann, er liggur niður í Hjallahverfi í Ölfusi, en Björn Blöndal hafði séð bifreið þessa stöðvaða þarna nokkru áður. Stanzaði hann bifreiðina R 1212 og bað kærða, sem sat við stýri R 2912, að koma út og tala við sig, en við hlið hans sat stúlka, Þórlaug Finnbogadóttir, skála 63 á Skólavörðuholti. Varð kærði við þessum tilmælum og kom út úr bifreið sinni. Bæði Björn Blöndal Jónsson og Steinþór Ásgeirsson kveða kærða þá hafa verið undir áhrifum áfengis, vínlykt hafi lagt úr vitum hans, hann hafi verið loðmæltur og þokukenndur, en ekki reikað í spori. Gaf hann og undirritaði svo hljóðandi yfirlýsingu: „Það viðurkennist hér með, að ég undirritaður hef drukkið 2 gúlsopa af gin, lítils háttar blandað með kókakóla. Eftir að ég drakk þetta, ók ég bifreiðinni R 2912 ca. 500 metra, og finn ég aðeins breytingu á mér, þannig að ég er lítils háttar örari. P. t. á þjóðveginum við Hveragerði kl. 00.25 23. sept. 1945." Var síðan farið með kærða í bifreiðinni R 1212 niður á Eyrarbakka, og þar tekið úr honum blóðsýnishorn, er við rannsókn reyndist innihalda áfengismagn 0.09‰. Þá var Haraldur Gunnar Kristjánsson, Hringbraut 23, fenginn til að aka bifreið kærða og sækja hann austur að Selfossi, en þangað var hann fluttur eftir blóðtökuna.

Kærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi lagt af stað austur í Hveragerði laugardaginn 22. sept. s. l. klukkan rúmlega 20, en kom þó við á nokkrum stöðum í bænum áður, þar á meðal að Barónsstíg 10. Með honum voru verkamennirnir Óskar Jónsson, Lindargötu 60, og Ríkharður Hjálmarsson, skála 52 C í Laugarneshverfi, auk þriggja stúlkna, Sigurlaugar og Kristveigar Friðgeirsdætra og Þórlaugar Finnbogadóttur, allar til heimilis í skála 63 á Skólavörðuholti. Ók hann fyrst upp að Skíðaskála og tók þar upp eina ginflösku, er hann átti. Blandaði hann gininu saman við pepsi-cola í pepsi-colaflöskur og bauð jafnframt þeim Óskari Jónssyni og Ríkharði Hjálmarssyni að bragða á víninu. Þáðu þeir það, en ekki kveðst kærði hafa bragðað þarna annað en pepsi-cola. Meðan þessu fór fram, voru stúlkurnar ekki viðstaddar, þar eð þær höfðu

brugðið sér frá. Ók kærði því næst austur í Hveragerði, en þar var haldinn dansleikur, sem kærði og samferðafólk hans fór á. Klukkan rúmlega 24 um nóttina fór kærði ásamt fyrrgreindri Þórlaugu Finnbogadóttur af dansleiknum og upp í bifreið sína. Ók hann nú út á þjóðveginn og að þeim stað, sem Björn Blöndal og Steinþór Ásgeirsson komu að honum, en á leiðinni þangað drakk hann einn sopa af ginblöndunni og annan, eftir að hann stöðvaði bifreiðina. Ekki man hann, hvort hann stöðvaði bifreiðina, er hann drakk fyrri sopann, en skömmu eftir að hann drakk þann síðari, komu þeir Björn og Steinþór að honum. Fóru þeir með hann að Eyrarbakka, þar sem blóðsýnishornið var tekið úr honum og síðan að Selfossi. Þangað var þá komin bifreið hans, og ók henni fyrrgreindur Haraldur Gunnar Kristjánsson. Fóru þeir því næst aftur að Hveragerði og sóttu þangað þá Óskar Jónsson, Ríkharð Hjálmarsson og Kristveigu Friðgeirsdóttur, en þær Sigurlaug Friðgeirsdóttir og Þórlaug Finnbogadóttir höfðu farið með annarri bifreið til bæjarins. Frá Hveragerði ók Haraldur Gunnar bifreiðinni áleiðis til Reykjavíkur, en í Kömbum bilaði hún, og tók þá kærði við stjórn hennar, er hann hafði gert við hana, og ók henni til Reykjavíkur.

Vitnið Ríkharður Hjálmarsson hefur borið það, að kærði hafi tekið upp ginflösku hjá Barónsstíg 10 og gefið því að súpa á henni, en sjálfur hafi hann sopið á pepsi-cola flösku. Voru þær systurnar Kristveig og Sigurlaug ásamt Óskari þá fjarverandi. Kærði kveðst aftur á móti ekki minnast þess að hafa tekið ginflöskuna upp fyrr en við Skíðaskálann, en man þó eftir því að hafa drukkið pepsi-cola við Barónsstíg 10. Ekki kveðst vitnið hafa séð áfengisáhrif á kærða, hvorki við akstur bifreiðarinnar né heldur við Skíðaskálann eða í Hveragerði. Steinþór Ásgeirsson kveður Ríkharð hafa tjáð sér austur í Hveragerði, að kærði hafi drukkið gin blandað pepsi-cola einu sinni áður en hann fór úr Reykjavík og einnig hefði hann drukkið blöndu þessa í Skíðaskálanum og í Hveragerði. Ríkharður kveðst hafa haldið, að vínblanda hafi verið í pepsi-cola flösku þeirri, er kærði saup á á fyrrgreindum stöðum, en eigi vitað það.

Vitnin Kristveig og Sigurlaug Friðgeirsdætur kveðast ekki hafa vitað til þess, að áfengi hafi verið haft um hönd í ferð þessari, né hafa séð áfengisáhrif á kærða. Vitnin Óskar Jónsson og Þórlaug Finnbogadóttir hafa borið það, að þau hafi ekki séð áfengisáhrif á kærða. Er framburður allra þessara vitna í samræmi við framburð kærða.

Vitnið Haraldur Gunnar Kristjánsson skýrir svo frá, að Björn Blöndal hafi beðið það að aka bifreið kærða frá Hveragerði austur að Selfossi til að sækja kærða þangað og svo þaðan til Reykjavíkur. Varð vitnið við beiðni þessari og ók bifreiðinni austur að Selfossi og beið þar í um klukkutíma eftir kærða, en fór svo að Hveragerði, en stanzaði þar í um klukkutíma við kaffidrykkju, og

ók svo með kærða og samferðafólk hans upp í Kamba, þar sem bifreiðin bilaði. Tók kærði svo við stjórn hennar, þar sem vitnið færðist undan að aka bifreiðinni, enda hafði það aldrei ekið henni áður og gat ekki merkt nein áfengisáhrif á kærða. Þá kveðst það hafa séð kærða við afleggjarann niður í Hjallahverfi, þar sem Björn Blöndal og Steinþór Ásgeirsson komu að honum, og talað við hann uppi í bifreiðinni R 2912, en hvorki getað séð nein áfengisáhrif á honum né fundið áfengislykt úr vitum hans.

Kærði hefur viðurkennt, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa í um 10 mínútur, eftir að hann drakk seinni sopann og löggæzlumennirnir komu að honum, eftir að hann hafði stöðvað bifreiðina, en hann hefur neitað því að hafa ekið bifreiðinni, meðan hann fann til áfengisáhrifanna.

Gegn eindregnum mótmælum kærða, með tilliti til áfengismagns í blóði hans, 0,09‰, framburða vitna þeirra, er með honum voru, og framburðar vitnisins Haralds Gunnars Kristjánssonar verður eigi talið sannað, þrátt fyrir framburði þeirra Björns Blöndals Jónssonar og Steinþórs Ásgeirssonar, að hann hafi ekið bifreiðinni R 2912 með áhrifum áfengis í umrætt skipti. Ber því að sýkna hann af kærunni um brot gegn áfengislögunum. Með því að neyta áfengis við bifreiðaakstur hefur kærði gerzt brotlegur við 23. gr. bifreiðalaganna nr. 23 16. júní 1941. Þykir refsing hans með hliðsjón af 38. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Benedikts Bjarklind, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigurður Óskar Sigvaldason, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinanr, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Benedikts Bjarklind, kr. 200.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. janúar 1947.

Nr. 23/1946. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Hrl. Sigurður Ólason)
gegn
**Einari Tómassyni** (Hrl. Theódór B. Lindal).

**Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febrúar s. l., krefst aðallega algerrar sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara hefur hann krafizt, að hin dæmda fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður fyrir báðum dómum verði látinn falla niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að héraðsdómur gekk, hafa vitnin Sigurður Guðbrandsson, sem sat á vörupalli bifreiðar stefnda, og Magnús Guðmundsson, er var í stýrishúsi hennar, komið fyrir dóm og gefið skýrslur um málsatvik. Eru framburðir þeirra að meginefni samhljóða skýrslu bifreiðarstjórans á R 809 um slysið, en hún er rakin í héraðsdómi. Þó telur vitnið Sigurður, að hraði R 809 hafi verið um 40—45 km, miðað við klukkustund.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Einari Tómassyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

## Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Einar Tómasson framkvæmdarstjóri hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. júní s. l., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 10487.49, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að þann 3. október 1942 um kl. 13 var vörubifreiðinni R 809, sem er eign stefnanda, ekið frá Reykjavík austur Suðurlandsbraut. Skýrir bifreiðarstjórinn svo frá, að hann hafi ekið á vinstri vegarbrún með um 30 km hraða, miðað við klukkustund. Þegar bifreið sín hafi verið að komast yfir eystri brúna á Elliðaánum, hafi herbifreið, eign setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku, sem ekið hafi verið yfir gömlu brúna á ánum og upp á nýja veginn, lent á hægra afturhjóli R 809 og ýtt afturenda hennar út af veginum til vinstri. Bifreiðarstjórinn kveður sér fyrst hafa tekizt að halda framenda bifreiðarinnar uppi á veginum, en við þetta hafi bifreiðin snúizt við, þannig að framendi hennar sneri til vesturs, og oltið svo á vinstri hliðina. Síðan hafi bifreiðin runnið niður vegarfláann, sem er um 1,70 m á hæð, og staðnæmzt á jafnsléttu, þannig að hún hafi staðið á öllum hjólum, en framendi hennar hafi þá snúið í vestur, í áttina til Reykjavíkur. Enginn farmur var á bifreiðinni í umrætt sinn, en tveir menn stóðu á vörupallinum og einn sat í stýrishúsi hjá bifreiðarstjóranum. Menn þessir meiddust nokkuð. Bifreiðin R 809 skemmdist allmikið við árekstur þenna og var óökufær vegna þess um langan tíma.

Stefnandi telur, að bifreiðarstjórinn í herbifreiðinni eigi alla sök á árekstri þessum. Hann hafi ekið með miklum hraða af hliðarvegi inn á mikla umferðarbraut. Þá hafi hann ekki gætt þess að víkja fyrir R 809, svo sem honum hafi borið, þar sem hann hafi haft þá bifreið á vinstri hönd. Með lögum nr. 99 frá 1943 hafi stefndi tekið á sig fébótaábyrgð á tjóni, er hlytist af veru setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, og beri honum því að bæta sér allt það tjón, er af árekstri þessum hafi hlotizt.

Stefndi, sem ekki hefur mótmælt því, að lög nr. 99 frá 1943 komi hér til, byggir sýknukröfu sína á því, að ökumaður bifreiðarinnar R 809 eigi einn sök á árekstri þessum. Bifreiðinni R 809 hafi verið ekið mjög hratt, en herbifreiðinni hafi verið ekið hægt. Árekstur-inn sjálfur hafi verið mjög lítill og engum skemmdum valdið á bif-

reið stefnanda, hins vegar hafi hún skemmst við að velta út af veginum, en ástæðan til þess hafi ekki verið áreksturinn, heldur hinn mikli hraði bifreiðarinnar R 809. Þá hefur stefndi krafizt þess, að þótt svo yrði litið á, að ökumaður herbifreiðarinnar ætti einhverja sök á árekstrinum, þá yrði meginhluti sakar talinn hvíla á bifreiðarstjóranum á R 809.

Þannig hagar til á árekstrarstaðnum, að gamla brúin, sem herbifreiðin kom yfir, liggur skáhalt á nýja veginn við eystri brúarsporðinn á nýju brúnni, og mun gamla brúin vera lítið farin nú. Að því er varðar hraða bifreiðanna, þá hefur ekki reynzt unnt að ná skýrslum af ökumanni herbifreiðarinnar um atvik að árekstri þessum, en hann var erlendur hermaður. Farþegar þeir, sem voru í bifreið stefnanda, hafa fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík að öllu leyti staðfest skýrslu bifreiðarstjórans á R 809 um hraða þeirrar bifreiðar svo og atvik að árekstrinum, og verður því sú skýrsla lögð til grundvallar um málsatvik.

Í 1. mgr. 7. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941 segir svo:

„Þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefur hinn á vinstri hönd, en þó skal sá, er kemur frá vinstri, gæta fyllstu varúðar."

Það er upp komið í málinu, að ökumaður herbifreiðarinnar hafði bifreiðina R 809 á vinstri hönd, og bar honum því samkvæmt greindu lagaákvæði að víkja. Þar sem hann gætti eigi þessa, verður að telja hann eiga alla sök á greindum árekstri, enda ekkert fram komið, er bendi til, að ökumaður R 809 hafi ekki sýnt fyllstu varfærni. Samkvæmt þessu og með skírskotun til ákvæða 1. gr. laga nr. 99 frá 1943 verður að telja stefnda bera fébótaábyrgð á öllu því tjóni, sem stefnandi beið við árekstur þenna.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Viðgerðarkostnaður | kr. | 8237.49 |
| 2. Bætur vegna afnotamissis | — | 2250.00 |
| | Kr. | 10487.49 |

Um 1. Svo sem að framan getur, skemmdist bifreiðin allmikið við árekstur þenna. Var henni komið á viðgerðarverkstæði þann 6. október s. á., og var hún þar til 18. nóv. s. á. Nemur kröfuliður þessi viðgerðarreikningnum.

Stefndi hefur mótmælt reikningi þessum sem of háum.

Í málinu hefur verið lagður fram sundurliðaður reikningur yfir viðgerðina frá þeim, er inntu hana af hendi. Reikningi þessum hefur á engan hátt verið hnekkt, og þar sem ekki verður séð, að hann sé ósanngjarn, verður hann lagður til grundvallar í málinu, og þessi kröfuliður því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. Svo sem að framan getur, var bifreið stefnanda óökufær vegna árekstrar þessa frá 3. okt. 1942 til 18. nóv. s. á. eða 45 daga.

Telur stefnandi, að tjón sitt vegna afnotamissis bifreiðarinnar hafi verið kr. 50.00 á dag eða kr. 2250.00 fyrir allan tímann. Stefndi hefur mótmælt reikningi þessum sem of háum.

Bifreiðin R 809 er vörubifreið, gerð 1936, og 2½ smálest að burðarmagni. Var hún notuð til að aka kolum um bæinn, en stefnandi rekur kolaverzlun. Með tilliti til skemmda þeirra, er urðu á bifreiðinni, þá verður ekki talið, að viðgerðin hafi tekið óhæfilega langan tíma. Með tilliti til þess, sem upp er komið um tekjur af bifreiðum á þessum tíma, þá þykir tjón það, er stefnandi telur sig hafa beðið vegna afnotmissisins, hæfilega reiknað á kr. 50.00 á dag, svo sem hann gerir, og verður þessi liður því tekinn til greina óbreyttur.

Bifreiðin R 809 var kaskótryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir kr. 4000.00. Af hálfu stefnda hefur þess verið krafizt, að bætur stefnanda verði vegna þessa lækkaðar um kr. 2000.00, þar sem hann eigi rétt á að fá það greitt frá tryggingarfélaginu.

Stefnandi hefur algerlega mótmælt því, að taka beri tillit til tryggingar þessarar við ákvörðun bóta honum til handa frá stefnda. Hann hafi ekki krafið inn fé þetta og óvíst, hvort það fáist greitt. Af hálfu tryggingarfélagsins hefur því verið lýst yfir, að það telji sér óskylt að greiða bætur til stefnanda vegna tjóns þessa, en verði krafa stefnanda lækkuð vegna væntanlegra tryggingarbóta, þá muni félagið, að því er það telur umfram skyldu, greiða honum kr. 2000.00 í bætur af þessum sökum.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 99 frá 1943 segir, að tjónþoli geti eigi krafið ríkissjóð bóta að svo miklu leyti, sem hann fái tjónið bætt frá vátryggjanda. Það er að vísu komið fram í málinu, að stefnandi hefur enn ekki fengið bætur frá vátryggjanda, en hins vegar er ljóst, að hann getur heimt þær af honum. Verður því með skírskotun til framangreinds lagaákvæðis að telja stefnda óskylt að bæta stefnanda það fé, er hann getur fengið hjá tryggingarfélaginu. Verður því krafa stefnanda lækkuð um framangreindar kr. 2000.00.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 8487.49 (kr. 8237.49 + 2250.00 — kr. 2000.00) með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 950.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Einari Tómassyni, kr. 8487.49 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1945 til greiðsludags og kr. 950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1947.

Nr. 82/1946. **Kristinn Stefánsson** (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
**Kaupfélagi Eyfirðinga**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Ágreiningur um greiðslu orlofsfjár.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur upp kveðið Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 13. júní 1946 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 345.60 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. júní 1945 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Stefánsson, greiði stefnda, Kaupfélagi Eyfirðinga, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Akureyrar 29. október 1945.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. þ. m., hefur Kristinn Stefánsson verkamaður, Ránargötu 9, Akureyri, höfðað fyrir bæjar-

þinginu með stefnu, útgefinni 14. júní s. l., á hendur Kaupfélagi Eyfirðinga, Akureyri, til greiðslu orlofsfjár, að upphæð kr. 345.60 auk 5% ársvaxta frá 1. júní 1945 til greiðlsudags og málskostnaðar eftir reikningi eða samkvæmt mati réttarins. Aðalkrafa stefnanda er um greiðslu orlofsfjárins í peningum, en til vara krefst hann greiðslu í orlofsmerkjum.

Stefnt kaupfélag krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi segir málavexti þá, að sumarið 1944 réð stefnt kaupfélag hann í vinnu við að rífa setuliðsskála í grennd við Akureyri. Var verkið unnið í ákvæðisvinnu, þannig að stefnandi átti að fá í vinnulaun ákveðna upphæð fyrir hvern skála, er hann reif. Vann stefnandi að þessu í júlímánuði fyrir kr. 6000.00 og í ágústmánuði fyrir kr. 2640.00, samtals kr. 8640.00, sem hann fékk greiddar, en stefnt kaupfélag synjaði um greiðslu orlofsfjár af upphæðinni, 4 af hundraði eða kr. 345.60, sem er stefnakrafan í málinu. Aðalkröfuna um greiðslu fjárins í peningum byggir stefnandi á því, að hið umstefnda orlofsfé sé raunverulega fallið til útborgunar í peningum, þar sem orlof skal taka á tímabilinu 1. júní til 15. september samkvæmt orlofslögum. Þyki sú krafa ekki á rökum byggð, er til vara krafizt greiðslu í orlofsmerkjum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samningur milli stefnanda og stefnda um rif skálanna hafi verið verksamningur, en ekki vinnusamningur, stefnandi hafi verið verktaki, en ekki vinnusali, og falli þetta því ekki undir orlofslögin. Þannig hafi verið samið um ákveðna greiðslu fyrir að rífa ákveðin hús, stefnandi hafi verið sjálfráður, hvort hann vann verkið sjálfur, léti aðra vinna það fyrir sig eða léti aðra vinna það með sér. Auk þess hafi verkinu verið þann veg háttað, að einn maður gat ekki unnið það hjálparlaust.

Í málinu er það upplýst, að samið var um að greiða kr. 250.00 fyrir að rífa venjulegan skála, og skyldi gengið frá grunni þeirra á ákveðinn hátt og efnið búntað eftir tegund þess. Ekki var fyrirfram um það samið, hve marga skála stefnandi skyldi rífa, en þó var í upphafi ráðgert, að þeir yrðu allmargir, þó að tala þeirra væri ekki ákveðin. Verkstjóri stefnda vísaði stefnanda á, hverja skála skyldi rífa. Stefnandi tók Hannes son sinn í félag með sér og síðar einnig Jón son sinn, og unnu þeir ýmist saman eða hver í sínu lagi við rif skálanna. Verkstjóri stefnda skrifaði vinnunótur fyrir hvern þeirra um sig samkvæmt því, sem stefnandi og synir hans töldu að koma ætti í hlut hvers um sig. Ýmsir aðrir gerðu samninga við stefnda um sams konar vinnu. Um einn þeirra er upplýst, að hann vann ekki sjálfur við verkið, heldur hafði menn í vinnu við það.

Eftir því, sem fyrir liggur, virðist rétt að líta svo á, að hér hafi verið að ræða um verksamning milli aðilja þessa máls um hvern

skála fyrir sig, sem rifinn var. Stefnandi bar ábyrgð á niðurrifi hvers skála, sem hann tók að sér að rífa, og átti ekki rétt á greiðslu samkvæmt samningnum, nema því væri lokið á tilskilinn hátt. Stefnandi gat og tekið aðra menn í vinnu við að rífa skálana eða tekið þá í félag með sér um það, sem hann og gerði. Í þessu sambandi þykir það ekki hafa úrslitaþýðingu, þótt stefnanda og sonum hans væri reiknuð greiðsla, hverjum í sínu lagi, enda var það gert eftir fyrirsögn þeirra sjálfra.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnt kaupfélag verður sýknað af öllum kröfum stefnanda. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnt Kaupfélag Eyfirðinga á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Kristins Stefánssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

---

Miðvikudaginn 22. janúar 1947.

Nr. 87/1946. **Skóverzlun B. Stefánssonar**
(Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
**Bjarna Jósefssyni f. h. Önnu Bjarnadóttur**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébætur vegna riftunar ráðningarsamnings.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. júní 1946. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að honum verði dæmdar 1600 krónur úr hendi áfrýjanda. Svo krefst hann og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það hefur komið fram í málinu, að ráð var fyrir því gert, er Anna Bjarnadóttir réðst til áfrýjanda, að hún yrði næsta vetur í Verzlunarskóla Íslands. Verður því að álíta, að ráðn-

ingartími hennar hafi verið ákveðinn með hliðsjón af þessu og átt að haldast, eins og fullyrt hefur verið af hálfu stefnda, þar til skólahald hæfist um mánaðamótin september—október næsta haust, enda ekki sannað, að um annan ráðningartíma hafi verið samið. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms, að því er aðrar sýknuástæður áfrýjanda varðar, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til, enda hefur honum ekki verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skóverzlun B. Stefánssonar, greiði stefnda, Bjarna Jósefssyni f. h. Önnu Bjarnadóttur, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.**

Þegar Anna Bjarnadóttir réðist til áfrýjanda, var ráð fyrir því gert, að hún yrði næsta vetur í Verzlunarskóla Íslands og að vist hennar í þjónustu áfrýjanda yrði ekki lengri en þar til skólahald hæfist um mánaðamótin september—október næsta haust. Þegar þetta er virt svo og aðdragandinn að ráðningu Önnu, þykir ósennilegt, að sérstakur reynslutími hafi átt að gilda í viðskiptum aðilja, enda slíkt ekki sannað af hendi áfrýjanda. Verður því að miða við það, að Anna Bjarnadóttir hafi verið ráðin hjá áfrýjanda, þar til nám hæfist í Verzlunarskólanum.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. marz 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Bjarni Jósefsson, Vesturgötu 17 hér í bæ, f. h. ófjárráða dóttur sinnar Önnu Bjarnadóttur höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. febrúar

1945, gegn Björgólfi Stefánssyni f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar, Laugavegi 22 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1925.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að því er stefnandi skýrir frá, að nokkru fyrir 15. maí 1944 hafi frú Oddný Stefánsson, eigandi Skóverzlunar B. Stefánssonar, hringt til móður stefnanda, Önnu, og falazt eftir, að stefnandi réðist sem afgreiðslustúlka í Skóverzlun B. Stefánssonar. Nefnd móðir stefnanda kveðst hafa tekið því vel og síðan átt símtal við stefnda, Björgólf, en hann er framkvæmdarstjóri nefndrar skóverzlunar. Hafi orðið að samkomulagi með þeim, að stefnandinn Anna réðist sem afgreiðslustúlka í skóverzlunina. Ráðningartíminn hafi verið frá 15. maí þar til um 1. október 1944, eða þar til kennsla hæfist í Verzlunarskólanum, en Anna stundaði nám þar, og hafi báðum verið það ljóst. Kaup hafi verið ákveðið kr. 550.00 á mánuði án dýrtíðaruppbótar. Anna hafi síðan tekið til starfa í skóverzluninni 15. maí 1944. Móðir stefnanda, Önnu, skýrir svo frá, að hún hafi tvisvar hitt stefnda Björgólf, meðan stefnandinn, Anna, vann í skóverzluninni, og spurt hann, hvernig honum líkaði við Önnu, og hafi hann í bæði skiptin sagt, að sér líkaði ágætlega við hana. Þá skýrir móðir stefnanda svo frá, að þann 14. júní 1944 hafi stefndi, Björgólfur, hringt til sín og sagt, að nú væri útrunninn reynslumánuður Önnu. Kveðst nefnd móðir stefnanda þá hafa spurt, hvort ekki hefði líkað við stefnanda, en stefndi Björgólfur svarað því til, að hún væri bæði „fróm" og „kurteis", en gæti ekki unnið þau störf, er henni bæri að inna af hendi. Þá hafi stefndi Björgólfur í viðtali þessu viðurkennt, að hann hafi aldrei áður fundið að vinnubrögðum stefnanda eða áminnt hana. Síðan kveðst móðir stefnanda hafa spurt stefnda Björgólf, hvort skilja bæri þetta sem uppsögn, og hafi hann játað því. Anna hafi þó unnið næsta dag þann 15. júní svo og 16. júní, en ekkert hafi verið við hana talað um þetta. Þann 19. júní hafi þær mæðgur farið og hitt stefnda Björgólf. Hafi ekki orðið samkomulag um þessi atriði, en Björgólfur endurnýjað uppsögn sína og sagt Önnu að sækja samdægurs það kaup, er hún hafði unnið fyrir, sem hún hafi og gert.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að hún hafi verið ráðin til starfa hjá stefnda til 1. október 1944. Stefndi hafi sagt sér upp vinnunni án ástæðu, og beri honum því að greiða sér bætur, er samsvari kaupi fyrir allan ráðningartímann eða kr. 1925.00, en stefnandi segist ekkert hafa unnið sér inn á tímabilinu frá 15. júní til 1. október.

Stefndi, Björgólfur, skýrir svo frá, að nokkru fyrir 15. maí 1944 hafi hann átt símtal við móður stefnanda. Hafi þá talazt svo til

með þeim, að stefnandi réðist sem afgreiðslustúlka í skóverzlunina. Kveðst stefndi Björgólfur hafa tekið fram, að stefnandi gæti sagt starfi sínu lausu að mánuði liðnum, en jafnframt tekið fram, að hann áskildi sér rétt til að segja stefnanda upp fyrirvaralaust eftir mánuð, ef sér félli ekki við hana. Stefnandi hafi síðan tekið til starfa, en brátt hafi komið í ljós, að hún var óhæf til þessarar vinnu. Að mánuði liðnum kveðst stefndi Björgólfur hafa skýrt móður stefnanda frá því, að hann vildi ekki hafa hana lengur, og hafi þá stefnandi hætt störfum og fengið greitt kaup fyrir þann tíma, sem hún hafði þegar unnið.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi aðeins verið ráðinn til reynslu í einn mánuð, og hafi sér því verið heimilt að láta hana hætta störfum að þeim tíma liðnum. Í því sambandi hefur stefndi haldið því fram, að það sé almenn venja skóverzlana hér í bænum, þegar þær ráði óvanar stúlkur til starfa, að þær séu ráðnar til reynslu í nokkurn tíma til að byrja með, og ef þær þyki eigi færar til starfans, séu þær látnar hætta störfum að þeim tíma liðnum án nokkurs uppsagnarfrests.

Gegn mótmælum stefnanda og móður hennar, sem sá um ráðninguna, þykir stefndi ekki hafa sannað, að stefnandi hafi í upphafi verið ráðinn til reynslu í mánaðartíma. Í málinu hefur komið fram vottorð stjórnar Félags íslenzkra skókaupmanna á þá lund, að það sé almenn venja hjá skókaupmönnum, að óvanar stúlkur séu fyrst teknar til reynslu í stuttan tíma, t. d. einn mánuð. Að þeim tíma liðnum séu þær látnar hætta störfum án uppsagnarfrests, ef ekki líki við þær, en ella gerður við þær venjulegur ráðningarsamningur. Telja verður, að þótt nefnd venja hafi ríkt hjá skóverzlunum, þá beri þeim, er ræður fólk til reynslu, að semja við það á þeim grundvelli. Svo sem að framan getur, hefur stefnda eigi tekizt að sanna, að samið hafi verið um neinn reynslutíma í upphafi, og verður því sýknukrafa hans ekki á þessum rökum byggð.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi tekið við launum sínum með samþykki og vitund fjárráðamanna sinna og engan fyrirvara gert um frekari fjárkröfur af sinni hendi. Hafi hún með þessu firrt sig öllum rétti til að krefja fé vegna þessa síðar, en málssókn þessi hafi ekki hafizt fyrr en 5. febrúar 1945, eins og áður greinir.

Af því, sem að framan er lýst, er ljóst, að móðir stefnanda mótmælti þegar í stað heimild stefnda til að láta stefnanda hætta störfum fyrirvaralaust án bóta. Með vísun til þessa svo og annars þess, sem fram er komið í málinu, verður ekki talið, að stefnandi hafi með því að taka við kaupi sínu hjá stefnda firrt sig rétti til að krefja síðar um bætur vegna riftunar á ráðningarsamningnum. Verður því þessi sýknuástæða stefnda heldur ekki tekin til greina.

Í þriðja lagi hefur stefndi byggt sýknukröfu sína á því, að fram-

koma stefnanda hafi verið þannig, að heimilt hafi verið að vísa henni úr starfi fyrirvaralaust án nokkurra bóta. Hún hafi reynzt áhugalaus í starfi sínu, ókurteis við viðskiptavini og auk þess gengið ósmekklega klædd og síjaplandi munngúmmí. Með þessu framferði sínu hafi hún beint fælt viðskiptavini frá verzluninni. Þessu til sönnunar hefur stefndi fært fram vætti nokkurra manna.

Gegn mótmælum stefnanda er ósannað, að hún hafi gerzt sek um þau misferli í starfi sínu, er heimilað hafi fyrirvaralausa riftingu ráðningarsamningsins, enda óvéfengt, að stefndi fann ekki að framkomu eða störfum stefnanda, meðan hún gegndi þeim. Verður því þessi sýknuástæða stefnda heldur ekki tekin til greina.

Gegn eindregnum mótmælum stefnda, hefur stefnanda ekki tekizt að sanna, að hún hafi í upphafi verið ráðin til ákveðins tíma. Uppsagnarfrestur á starfi, slíku sem stefnandi hafði á hendi, er venjulega þrír mánuðir, ef ekki er um annan tíma samið, og þykir því verða að leggja það til grundvallar í máli þessu.

Með vísan til þessa svo og annars þess, sem fram er komið í málinu, verður að telja, að stefnandi hafi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Þar sem þessa var ekki gætt og stefnanda vikið úr starfinu fyrirvaralaust án saka, þá verður að dæma stefnda til að greiða henni kaup fyrir nefnda þrjá mánuði, enda ósannað, að hún hafi nokkurt fé unnið sér inn á því tímabili. Því er ómótmælt, að kaup stefnanda skyldi vera kr. 550.00 á mánuði, og ber stefnda því að greiða stefnanda kr. 1650.00 með ársvöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Björgólfur Stefánsson f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar, greiði stefnanda, Bjarna Jósefssyni f. h. Önnu Bjarnadóttur, kr. 1650.00 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1945 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1947.

Kærumálði nr. 1/1947. **Sigurður Wíum**
gegn
**Hólmfríði Hannesdóttur**

**Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Krafa um vísun máls frá fógetadómi.

**Dómur hæstaréttar.**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með bréfi 20. desember 1946 kært til hæstaréttar úrskurð borgarfógetans í Reykjavík, uppkveðinn sama dag, um að máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja skyldi ekki vísað frá fógetarétti. Barst hæstarétti kæran 8. þ. m.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, og að synjað verði um framkvæmd fógetagerðarinnar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Svo sem segir í hinum kærða úrskurði, var útburðarmál varnaraðilja á hendur sóknaraðilja tekið til meðferðar í fógetadómi, áður en mál sóknaraðilja á hendur varnaraðilja var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur. Ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 200 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurður Wíum, greiði varnaraðilja,

Hólmfríði Hannesdóttur, 200 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. desember 1946.**

Í réttarhaldi í máli þessu 6. þ. m. kom sú krafa fram af hálfu umboðsmanns gerðarþola, Kristins Gunnarssonar, að máli þessu yrði vísað frá dómi, þar sem það hefði verið lagt fyrir bæjarþing Reykjavíkur.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður, mótmælti þessari frávísunarkröfu.

Tók rétturinn atriði þetta til úrskurðar.

Gerðarbeiðandi, Hólmfríður Hannesdóttir, eigandi hússins nr. 77 við Laugarnesveg, krafðist þess með bréfi til húsaleigunefndar Reykjavíkur, dags. 30. sept. s. l., að nefndin gerði Sigurði Wium að rýma íbúð þá, er hann hefur haft á leigu í ofangreindu húsi gerðarbeiðanda, en íbúð þessi er tvö herbergi og eldhúsafnot að hálfu. Ástæða kröfu þessarar er sú, að gerðarbeiðandi telur gerðarþola, og þó einkum konu hans, hafa komið ólöglega og ósæmilega fram við sig.

Úrskurður húsaleigunefndar um atriði þetta gekk hinn 2. nóv. s. l. og var á þá leið, að brottvikningarkrafa gerðarbeiðanda skyldi tekin til greina.

Þar sem gerðarþoli hafði úrskurð þennan að engu, sneri gerðarbeiðandi sér til fógetaréttar Reykjavíkur með bréfi, dags. 14. nóv. s. l., sem fógetaréttinum barst sama dag. Krefst gerðarbeiðandi þar útburðar á gerðarþola á grundvelli sömu ástæðna og úrskurður húsaleigunefndar byggist á.

Mál þetta er tekið fyrir í fógetaréttinum 22. nóvember, og fær umboðsmaður gerðarbeiðanda þá frest til greinargerðar til 29. nóv., en þá fær umboðsmaður gerðarþola frest til greinargerðar til 6. desember. Þann dag kemur fram greinargerð hans, og krefst hann þess um leið, að málinu verði vísað frá fógetaréttinum, vegna þess að það hafi verið lagt fyrir bæjarþing Reykjavíkur. Lagði umboðsmaður gerðarþola fram til stuðnings þessari kröfu sinni bæjarþingsstefnu, útg. 21. nóv. s. l., sjá rskj. 6, þar sem gerðarbeiðanda, Hólmfríði, er stefnt til að þola dóm þess efnis, að framangreindur húsaleigunefndarúrskurður verði felldur úr gildi. Á stefnu þessa er áritun borgardómara um fyrirtöku málsins hinn 28. nóv. s. l.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir frestbeiðni þessari, þar sem fógetarétturinn hafi tekið málið fyrir, áður en það var þingfest í bæjarþinginu. Þá telur hann og, að frávísun málsins komi

ekki til greina, þar sem annað hvort beri að láta gerðina fram fara eða synja um framgang hennar. Einnig telur hann bæjarþingsstefnu þessa ranglega birta, þar sem hún hafi aldrei verið birt gerðarbeiðanda, heldur óviðkomandi persónu, og tekur fram í því sambandi, að ekki búi aðrir í húsinu nr. 77 við Laugarnesveg en aðiljar máls þessa.

Í máli aðiljanna hér fyrir réttinum hefur gerðarbeiðandi gert þá kröfu, að gerðarþoli verði borinn út úr húsnæði sínu. Hins vegar er gerð sú krafa í bæjarþingsmálinu, að framangreindum úrskurði húsaleigunefndar verði synjað gildis. Þannig eru gerðar mismunandi kröfur í málum þessum og ber því þegar af þeirri ástæðu samkvæmt eðli málsins og með hliðsjón af eðlilegum skilningi 104. gr. laga nr. 85/1936 að synja frávísunarkröfu umboðsmanns gerðarþola.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa umboðsmanns gerðarþola verður ekki tekin til greina.

---

Miðvikudaginn 22. janúar 1947.

Kærumálið nr. 2/1947. **Þorleifur Sigurbjörnsson og Skarphéðinn Halldórsson**

gegn

**Ingimundi Jónssyni**

**Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Ágreiningur um eiðfestingu vitnis.

**Dómur hæstaréttar.**

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa með bréfi 21. des. f. á. kært til hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Akureyrar 16. s. m., þar sem þess er synjað, að vitnið Vigfús Þ. Jónsson staðfesti með eiði framburð sinn í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum. Barst hæstarétti kæran 9. þ. m.

Sóknaraðiljar, sem ekki hafa sent hæstarétti greinargerð, krefjast þess í ofangreindu bréfi, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og nefndu vitni verði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði.

Hæstarétti hefur ekki borizt greinargerð frá varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert, fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður bæjarþings Akureyrar 16. desember 1946.**

Í máli þessu gerir stefnandinn, Ingimundur Jónsson, iðnaðarmaður á Akureyri, þær aðalkröfur, að stefndu, þeir Þorleifur Sigurbjörnsson bifreiðarstjóri, Glerárgötu 3, og Skarphéðinn Halldórsson skrifstofumaður, Hólabraut 20, báðir á Akureyri, verði dæmdir til að viðurkenna eignarrétt stefnanda að ½ hluta Efnalaugarinnar Skírnis, Akureyri, og til þess að greiða in solidum bætur fyrir atvinnuspjöll og tapaðan ágóða, kr. 3000.00 á mánuði, ásamt vöxtum frá útgáfudegi sáttakæru til þess tíma, að hann fær eignarrétt sinn viðurkenndan, og málskostnað að skaðlausu.

Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að úrslit málsins verði látin velta á aðildareiði stefnanda.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Efnalaugin Skírnir var stofnsett um áramótin 1943—44. Stofnendur voru þeir Vigfús Þ. Jónsson stórkaupmaður og stefnandi. Samningar milli þeirra um fyrirtækið voru ekki skriflegir, og ber þeim á milli um efni hans. Með samningi, dags. 1. júní 1946, seldi nefndur Vigfús stofnfé sitt í fyrirtækinu stefndu í máli þessu. Kom síðan til ágreinings milli aðilja máls þessa um réttarstöðu þeirra gagnvart nefndri efnalaug. Stefndu telja sig einkaeigendur hennar og krefjast sýknu á þeim grundvelli. Halda þeir því fram, að stefnandi hafi einungis átt að fá ágóðahlut til jafns við hvorn þeirra af fyrirtækinu, en hafi aldrei öðlazt eignarrétt að neinum hluta þess.

Vigfús Þ. Jónsson stórkaupmaður hefur verið leiddur sem vitni í málinu og segir í vitnaskýrslu sinni, að meiningin hafi verið, að stefnandi yrði meðeigandi, jafn skjótt og hann legði fram stofnfé, og hafi hann raunar átt að gera það, þegar efnalaugin tæki til starfa. Vitnið lagði fram stofnfé, en átti að fá helminginn endurgreiddan frá stefnanda. Hins vegar hafi stefnandi aldrei lagt fram neitt stofnfé og því aldrei öðlazt eignarrétt að fyrirtækinu eða neinum hluta þess.

Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt, að vitnið Vigfús Þ. Jónsson staðfesti vitnaskýrslu sína, með þeim rökum, að komið geti

til greina að líta þannig á, að vitnið hafi með framangreindum samningi 1. júní s. l. afsalað eign, sem hann átti ekki. Af hálfu stefndu er þessu mótmælt, og var atriði þetta lagt í úrskurð á bæjarþingi hér 12. þ. m.

Samkvæmt 127. gr. einkamálalaganna getur dómari synjað að láta vitni staðfesta framburð sinn, ef vitni er svo við mál riðið, að svar við vitnaspurningu fyrirsjáanlega veldur vitni verulegu fjárhagstjóni, alvarlegu óhagræði eða siðferðilegum hnekki. Vitni það, sem hér um ræðir, seldi stefnda fyrirtæki það, sem deilt er um eignarrétt að í máli þessu, og stefndu telja sig einkaeigendur fyrirtækisins í krafti þessarar sölu. Þykja því úrslit máls þessa skipta vitnið svo miklu fjárhagslega og siðferðilega, að rétt sé að synja því um að staðfesta framburð sinn með eiði.

Því úrskurðast:

Kröfu stefndu um, að vitnið Vigfús Þ. Jónsson staðfesti framburð sinn, er synjað.

---

Miðvikudaginn 22. janúar 1947.

Kærumálið nr. 3/1947. **Þorleifur Sigurbjörnsson og Skarphéðinn Halldórsson**

gegn

**Ingimundi Jónssyni.**

**Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Ágreiningur um eiðfestingu vitnis.

**Dómur hæstaréttar.**

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa með bréfi 21. des. f. á. kært til hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Akureyrar 16. s. m., þar sem vitninu Jóni Sveinssyni héraðsdómslögmanni er heimilað að staðfesta með eiði framburð sinn í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum. Barst hæstarétti kæran 9. þ. m.

Sóknaraðiljar, sem ekki hafa sent hæstarétti greinargerð, krefjast þess í ofangreindu bréfi, að hinn kærði úrskurður

verði úr gildi felldur og nefndu vitni verði synjað þess að staðfesta framburð sinn með eiði.

Hæstarétti hefur ekki borizt greinargerð frá varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert, fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður bæjarþings Akureyrar 16. desember 1946.**

Í máli þessu gerir stefnandi, Ingimundur Jónsson, iðnaðarmaður á Akureyri, þær aðalkröfur, að stefndu, þeir Skarphéðinn Halldórsson skrifstofumaður, Hólabraut 20, og Þorleifur Sigurbjörnsson bifreiðarstjóri, Glerárgötu 3, báðir á Akureyri, verði dæmdir til að viðurkenna eignarrétt stefnanda að ⅛ hluta efnalaugarinnar Skírnis á Akureyri og til þess að greiða in solidum bætur fyrir atvinnuspjöll og tapaðan ágóða, kr. 3000.00 á mánuði, ásamt vöxtum frá útgáfudegi sáttakæru til þess tíma, að hann fær eignarrétt sinn viðurkenndan, og málskostnað að skaðlausu. Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að úrslit málsins verði látin velta á aðildareiði hans. Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Efnalaugin Skírnir var stofnsett um áramótin 1943—44. Stofnendur voru þeir Vigfús Þ. Jónsson stórkaupmaður og stefnandi. Samningur milli þeirra var ekki skriflegur, og ber þeim á milli um efni hans. Með samningi, dags. 1. júní 1946, seldi Vigfús stofnfé sitt í fyrirtækinu stefndu í máli þessu. Kom síðan til ágreinings milli aðilja máls þessa um réttarstöðu þeirra gagnvart greindri efnalaug. Stefndu telja sig einkaeigendur fyrirtækisins og krefjast sýknu á þeim grundvelli. Halda þeir því fram, að stefnandi hafi einungis átt að fá ágóðahlut til jafns við hvorn þeirra að fyrirtækinu, en hafi aldrei öðlazt eignarétt að neinum hluta þess. Vigfús Þ. Jónsson hefur verið leiddur sem vitni í málinu og segir í vitnaskýrslu sinni, að meiningin hafi verið, að stefnandi yrði meðeigandi, jafnskjótt og hann legði fram stofnfé, og hafi hann raunar átt að gera það, þegar efnalaugin tæki til starfa. Vitnið lagði fram stofnfé, en átti að fá helming þess endurgreiddan frá stefnanda. Hins vegar hafi stefnandi aldrei lagt fram neitt stofnfé og því aldrei öðlazt eignarrétt að fyrirtækinu eða neinum hluta þess.

Jón Sveinsson skattdómari hefur og verið leiddur sem vitni í málinu. Skýrir hann svo frá, að hann hafi marg oft heyrt Vigfús

lýsa því yfir, eftir að fyrirtækið var stofnað og þar til hann seldi það, að stefnandi máls þessa væri meðeigandi hans að jöfnu, en hins vegar hafi Vigfús sagzt hafa lagt meira fé til fyrirtækisins heldur en Ingimundur og hafi Ingimundur eða fyrirtækið átt að endurgreiða það. Vitnið Vigfús Jónsson hefur viðurkennt, að vel geti verið, að hann hafi hagað þannig orðum við Jón Sveinsson, að Ingimundur væri meðeigandi hans, fyrst framan af, þegar hann bjóst við, að Ingimundur yrði meðeigandi.

Af hálfu stefnanda hefur verið gerð sú krafa, að vitnið Jón Sveinsson staðfesti skýrslu sína með eiði, en umboðsmaður stefndu hefur mótmælt því, að hann fengi það vegna hagsmunaafstöðu sinnar til málsins. Lögðu umboðsmenn aðilja atriði þetta í úrskurð á bæjarþingi 12. þ. m.

Það er upplýst, að málflutningsmaður stefnanda og vitnið reka málflutningsskrifstofu í félagi. Þykja þó hagsmunir vitnisins af máli þessu ekki það verulegir né afstaða vitnisins til málsins slík, að heimilt sé samkvæmt 127. gr. sbr. 125. gr. einkamálalaganna að synja kröfu stefnanda um, að vitnið fái að staðfesta skýrslu sína.

Því úrskurðast:

Vitninu Jóni Sveinssyni er rétt að staðfesta skýrslu sína með eiði.

---

Föstudaginn 24. janúar 1947.

Nr. 135/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
**Sturlaugi Friðrikssyni**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlöggjöf.

**Dómur hæstaréttar.**

Auk þeirra refsiákvæða, sem í héraðsdómi greinir, hefur ákærði gerzt sekur við 7. gr. 1. mgr. i. f. umferðarlaga nr. 24/1941. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans, þó þannig, að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Svo ber að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 450 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sturlaugur Friðriksson, sæti varðhaldi 45 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. janúar 1946.**

Ár 1946, miðvikudaginn 30. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 3554/1945: Réttvísin og valdstjórnin gegn Sturlaugi Friðrikssyni, sem tekið var til dóms hinn 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sturlaugi Friðrikssyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Hálogalandsherbúðunum hér í bænum, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. nóvember 1915, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1942 ½ Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 30. gr. sbr. 2. mgr. 71. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1942 $^{2}/_{5}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald og svipting ökuskírteinis í þrjá mánuði fyrir ölvun við bifreiðaakstur.

1942 ⅔ Áminning fyrir meint brot á lögum nr. 13/1941.

1944 $^{8}/_{10}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1944 $^{9}/_{11}$ Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Hinn 25. sept. s. l. um klukkan 7 síðdegis varð umferðarslys á mótum Þingholtsstrætis og Amtmannsstígs hér í bænum. Rákust þar á fólksbifreiðin B 9, sem ákærði stýrði og var einn í, og bifhjólið R 1139, sem Flosi Þórarinsson útvarpsvirki, Seljavegi 25, fæddur 1923, stýrði og var einn á. Við áreksturinn kastaðist Flosi til jarðar og hlaut þau meiðsl, er leiddu hann til bana hinn 28. s. m.

Ákærði ók bifreiðinni norður Þingholtsstræti, en bifhjólinu var ekið vestur Amtmannsstíg. Eins og uppdráttur sá af slysstaðnum og umhverfi hans, sem fram hefur verið lagður, sýnir, standa húsin við þessi gatnamót sunnan Amtmannsstígsins (Amtmannsstígur 6 og Þingholtsstræti 11) út að gangstéttum Þingholtsstrætis og út að Amtmannsstíg, sem er gangstéttarlaus, og eru því báðum megin Þingholtsstrætis, þegar komið er sunnan strætið, eins og ákærði kom í þetta sinn, svokölluð „blind" horn við þessi gatnamót. Sést eigi til ferða þeirra, sem koma ofan eða neðan Amtmannsstíginn inn á gatnamótin, fyrr en komið er fast að stígnum eða inn á stíginn.

Lögreglan skoðaði og reyndi bifreiðina B 9 strax eftir slysið, og reyndist hún vera í fyllsta standi, stjórntæki og hemlar í góðu lagi. Hemlar voru bæði á fram- og afturhjólum, og telur lögregluþjónninn, sem skoðaði bifreiðina, að stöðva hefði mátt bifreiðina í einu vetfangi á venjulegum innanbæjarhraða á þurri götu. Þingholtsstrætið, sem ákærði ók eftir, var nýmalbikað og blautt vegna regns, sem verið hafði um daginn. Kemur það fram í rannsókn málsins bæði hjá ákærða og lögregluþjónum, að hemlar verki ver á malbikaðri götu blautri en þurri, og heldur lögregluþjónninn Friðrik Garðar Jónsson því fram, að á þessu sé mikill munur.

Við Skálholtsstíg 7 fór farþegi úr bifreið ákærða, og ók ákærði síðan norður Þingholtsstræti. Þegar bifreiðin var komin á ferð, eftir að farþeginn fór úr henni, leit ákærði á hraðamæli hennar, og stóð hann þá á 20 km, miðað við klukkustund, eða því sem næst, en þó ekki minna. Á þessum hraða, 20—25 km, miðað við klukkustund, kveðst ákærði hafa ekið, þar til hann sá til ferða Flosa. Til ferða hans sá ákærði ekki, fyrr en hann sá fyrir horn Þingholtsstrætis 11, þ. e. a. s. var kominn fast að gatnamótunum, og telur hann, að fjarlægðin milli bifreiðarinnar og Flosa hafi þá verið 5—6 metrar, og var hann þá að koma inn á gatnamótin fram undan bifreiðinni. Ákærði segir bifhjólinu hafa verið ekið nálægt miðri götu, en sökum þess, að hann sá ekki til ferða þess nema augabragð, getur hann ekki um það sagt, hve hratt því var ekið, en honum virtist það vera hemlað rétt fyrir áreksturinn. Um leið og ákærði sá bifhjólið, hemlaði hann bifreiðina með fóthemlunum, svo sem unnt var, en tók ekki í handhemilinn. Telur hann, að hemlarnir hafi verkað strax og hann sté á þá og öll hjól bifreiðarinnar

hætt að snúast, en samt hafi bifreiðin runnið áfram, svo sem raun varð á, vegna þess hve sleipur vegurinn var. Það skipti nú engum togum, að framendi bifreiðarinnar lenti á vinstri hlið bifhjólsins. Virtist ákærða þó Flosi eigi koma við bifreiðina, en vinstra bifhjólshandfangið kom við vinstra ljósker bifreiðarinnar og braut glerið í því. Við þenna árekstur kastaðist bifhjólið og sá, er á því sat, undan bifreiðinni. Bifreiðin stöðvaðist, eftir því sem næst verður komizt, í norðurjaðri gatnamótanna, þannig að afturendi hennar stóð inni á Amtmannsstígnum, en framendinn á Þingholtsstræti. Ákærði flýtti sér að koma hinum slasaða manni til hjálpar, en hann lá meðvitundarlaus á bakinu á gangstéttinni, og sneri höfuðið að bifreiðinni. Ákærði lét manninn inn í bifreiðina með aðstoð Steingríms Jónssonar stud. med., Amtmannsstíg 6, sem kom að í þessum svifum, og ók ákærði síðan með hinn slasaða á Landsspítalann, og fylgdist Steingrímur með þangað.

Í því áreksturinn varð, sat Steingrímur inni í stofu í Amtmannsstíg 6. Hann heyrði, að bifreið var ekið eftir Þingholtsstræti. Síðan heyrði hann iskra í hemlum og glerjabrothljóð. Hann leit þá út um glugga og sá, að Flosi lá á horninu hjá Amtmannsstíg 5 og að ákærði var að taka hann upp. Fór Steingrímur þá út og aðstoðaði ákærða, svo sem áður segir. Þegar slysið varð, var drengurinn Ingólfur Helgi Jökulsson, 14 ára, að fara upp Amtmannsstíg neðan þingholtsstrætis. Hann sá Flosa koma á bifhjólinu niður stiginn og virtist hann ekki fara hratt. Þegar Flosi var að koma á gatnamótin, heyrði hann hemlaiskur í bifreið ákærða, sem í sama bili ók inn á gatnamótin og lenti á vinstri hlið bifhjólsins. Tveir drengir, Sigurður Gunnar Sigurðsson, 13 ára, og Högni Jónsson, 9 ára, stóðu á mótum Ingólfsstrætis og Amtmannsstígs og sáu, er bifhjólinu var ekið norður Ingólfsstræti og niður Amtmannsstíg. Þeim virtist því ekki vera ekið hratt, en hraðinn þó heldur vera aukinn, þegar það fór niður Amtmannsstíginn. Þeir litu svo af bifhjólinu, en heyrðu þá skell og sáu þá, að bifhjólið og sá, er á því var, hentust frá bifreið upp á gangstéttarhornið við Þingholtsstræti og Amtmannsstíg.

Þeir tveir lögregluþjónar, sem komu á slysstaðinn mjög fljótlega, eftir að slysið varð, og athuguðu slysstaðinn með ákærða, sáu þar greinileg hemlaför eftir bifreiðina B 9, og reyndust þau vera 11 metra löng, og lágu glerbrot úr ljóskeri bifreiðarinnar við norðurenda vestra hemlafarsins.

Samkvæmt vottorði Landsspítalans var Flosi við komuna þangað „djúpt" meðvitundarlaus. Mar og skrámur sáust á enni, svo og skrámur á nefi og hnjám. Hann komst aldrei til meðvitundar, eftir að hann kom á deildina, enda hrakaði honum smámsaman, þar til hann andaðist þ. 2⅝ kl. 12.10.

Við krufningu líkisins kom í ljós, að banameinið var brot höfuð-

kúpubotns og blæðingar á heila auk lungnabólgu. Er af þessu ljóst, að afleiðingar slyssins drógu Flosa heitinn til dauða.

Eins og mót ákærða og Flosa bar að á gatnamótunum, átti ákærði umferðarréttinn, sem kallað er, samkvæmt 7. gr. 1. mgr. umferðarlaganna og 31. gr. 3. mgr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og hafði því Flosa borið skylda til að bíða, meðan ákærði fór yfir gatnamótin. Með því að gæta ekki þessarar skyldu hefur Flosi orðið að verulegu leyti valdur slyssins.

Samkvæmt 26. gr. 5 mgr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur má eigi aka bifreið inn á gatnamót hraðar en svo að stöðva megi hana þegar í stað. Þessarar skyldu hefur ákærði eigi gætt og því gerzt brotlegur við nefndar greinar sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Enn fremur hefur ákærði með því að sýna ekki nauðsynlega aðgæzlu og varkárni í akstrinum gerzt brotlegur við 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 4. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Hinn ógætilegi hraði akstur ákærða inn á gatnamótin, bæði með tilliti til þess, hvernig þeim er háttað, og að hin nýmalbikaða gata var blaut og ákærða var kunnugt um, að það ástand hennar dró úr verkun hemlanna, varð meðorsök slyssins og dauða Flosa heitins, og þykir því ákærði hafa gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir verða að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sturlaugur Friðriksson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. janúar 1947.

Nr. 29/1946. **Þorgrímur Ólafsson**
(Ragnar Jónsson cand. jur.)
gegn
**Helga Lárussyni** (Baldvin Jónsson cand. jur.).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébætur vegna skemmda á lausafjármunum.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1946 og fengið gjafsókn og sér skipaðan talsmann 23. nóv. s. á. Gerir hann þær dómkröfur, aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 5765.80 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 12. október 1944, til greiðsludags, en til vara lægri bætur eftir mati dómsins ásamt vöxtum, eins og áður segir. Svo krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun skipaðs talsmanns síns hér fyrir dómi. Enn fremur krefst hann hækkunar á málflutningslaunum talsmanns síns í héraði í máli þessu.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að krafa áfrýjanda verði lækkuð samkvæmt mati hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði, hafa nýjar vitnaleiðslur farið fram og ýmissa annarra gagna verið aflað í málinu.

Krafa áfrýjanda er í tveimur höfuðliðum. Í fyrsta lagi krefst hann 4765.80 króna skaðabóta fyrir muni, sem hann átti geymda í skúr á Bergþórugötu 3 og hann kveður stefnda hafa borið þaðan út að ólögum seint í nóvember 1941, en munir þessir hafi síðan farið forgörðum. Í öðru lagi krefst hann 1000 króna skaðabóta fyrir skemmdir á munum, sem hann átti geymda í nefndum skúr frá 24. febr. 1942 og fram á næsta vor, en skemmdirnar telur hann hafa stafað af tjöru,

er lekið hafi niður um þak skúrsins, þegar menn í þjónustu stefnda voru að bika það þá um vorið.

1. *Um 4765.80 króna kröfuna.*

Málavextir eru þeir, að þann 1. október 1939 tók áfrýjandi þessa máls á leigu 3 herbergi og eldhús í húsinu nr. 3 við Bergþórugötu hér í bæ, og fylgdi íbúðinni geymsla í skúr á lóð hússins, sem fleiri íbúar þess virðast einnig hafa haft til afnota. Þann 25. janúar 1941 keypti stefndi í máli þessu nefnda húseign, og þann 6. febrúar s. á. sagði hann áfrýjanda upp húsnæðinu frá 14. maí n. k. að telja, en hús þetta hugðist hann að nota til iðnaðarstarfsemi. Leyfi húsaleigunefndar til að breyta íbúðarhúsi þessu í iðnhýsi hafði hann þá ekki fengið. Það leyfi fékk hann eigi fyrr en 25. ágúst sama ár. Þrátt fyrir það þótt hann fengi þá fyrst leyfi þetta, úrskurðaði húsaleigunefnd þann 27. september s. á., að áfrýjanda væri skylt að víkja þá þegar úr íbúð sinni samkvæmt áðurgreindri uppsögn frá 6. febrúar s. á. Þar sem áfrýjandi vék ekki þegar úr íbúðinni, leitaði stefndi aðstoðar fógeta til að fá hann borinn út. Tók fógeti útburðarkröfu stefnda til greina með úrskurði 4. október s. á., og hefur þeim úrskurði ekki verið áfrýjað til hæstaréttar. Frekari aðgerðum var þó frestað um sinn sökum vanheilsu áfrýjanda og dóttur hans. Þann 28. s. m. úrskurðaði fógeti á ný, að útburðurinn skyldi fara fram, þó með þeirri takmörkun, að áfrýjanda skyldu heimil afnot eins herbergis íbúðarinnar til bráðabirgða. Þann 1. nóvember s. á. var útburðurinn framkvæmdur, og voru þá húsmunir áfrýjanda látnir inn í þetta herbergi, en ekki rýmdi fógeti úr geymslu þeirri, er áður getur. Högum áfrýjanda var þá þannig háttað, að á heimilinu voru hann og kona hans svo og 5 börn þeirra hjóna. Áfrýjandi og eitt barnanna voru berklaveik, og hafði fátækrastjórn Reykjavíkur ekki tekizt að afla þeim húsnæðis. Herbergjaskipun í íbúðinni var með þeim hætti, að inn af herbergi því, sem áfrýjanda og fjölskyldu hans var heimilað til bráðabirgða, var stofa, sem ekki varð komizt inn í nema gegnum herbergi áfrýjanda, og stóð hún ónotuð. Inn í þessa auðu stofu lét kona áfrýjanda nokkra húsmuni.

Einnig flutti hún ýmsa muni út í áður nefnda geymslu til að rýma til í herbergi því, sem fjölskyldan hafði enn til afnota. Hinn 24. nóvember s. á. tók stefndi sig til og bar húsmuni áfrýjanda út úr stofunni svo og einhverja muni úr eldhúsinu að viðstöddum lögreglumanni, sem hvarf á brott að því loknu. Suma þessa muni kveðst stefndi hafa skilið eftir í fremra herberginu og anddyri, en flestir þeirra hafi verið fluttir út á lóð hússins. Kveðst hann samdægurs hafa flutt megnið af munum þessum inn í áðurnefnda geymslu, en nokkrir þeirra hafi orðið eftir úti. Stefndi hefur fyrir dómi neitað því að hafa aðhafzt frekara og kveðst ekki minnast þess, að nokkrir aðrir en lögreglumaðurinn hafi unnið að þessu með sér. Með framburði margra vitna, sem önnur atvik styðja, er það þó fullkomlega sannað, að stefndi bar út á lóð hússins muni þá, sem áfrýjandi átti í geymslunni. Segja vitni aðstoðarmenn hafa verið þar með honum að verki, en til þeirra hefur ekki náðst, þar eð stefndi hefur ekki skýrt frá nöfnum þeirra. Voru munirnir umhirðulitlir á lóðinni um veturinn, unz þeir um vorið voru fluttir burtu af sorphreinsunarmönnum, og er talið að þeir hafi þá verið orðnir ónýtir með öllu.

Kona áfrýjanda kvaddi, sama dag og stefndi bar munina út, þrjá menn til þess að skoða þá og meta. Hefur skrá þeirra um munina verið lögð fram í málinu ásamt mati þeirra á þeim, en það var framkvæmt alllöngu síðar. Fjárhæð matsins nemur samtals kr. 4765.80, og er það fyrri kröfuliður samkvæmt því, sem í upphafi getur.

Telja verður, að áfrýjandi hafi ekki verið sviptur umráðum nefndrar geymslu með fógetagerðinni 1. nóvember 1941. Var stefnda því þegar af þeirri ástæðu ólögmætt að bera muni áfrýjanda út þaðan. Þegar litið er á hagi áfrýjanda, verður ekki talið, að honum hafi verð unnt að bjarga munum þessum frá spjöllum og tortímingu nema að litlu leyti. Verður stefndi því að bæta áfrýjanda tjón það, sem hann hlaut af því, að munir þessir glötuðust. Nú hefur mat á munum þessum ekki farið fram með þeim hætti, að niðurstaða þess verði lögð til grundvallar skaðabótunum. En þegar litið er á hið ólögmæta atferli stefnda, sem leiddi til

þess, að munirnir fóru forgörðum, verður sönnunarbyrðin fyrir fjárhæð tjónsins ekki lögð einvörðungu á áfrýjanda. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af áðurgreindri skrá þykja bætur til áfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar 3500 krónur.

2. *Um 1000 króna kröfuna.*

Samkvæmt úrskurði fógeta 16. febr. 1942 var áfrýjandi borinn að fullu út úr umræddri íbúð þann 24. s. m. Kom þá lögreglustjóri munum þeim, sem voru í herbergi áfrýjanda, til varðveizlu í geymsluskúr stefnda. Um vorið eftir lét stefndi gera við þak skúrsins og tjarga það. Er sannað með skýrslum vitna og útliti þeirra muna áfrýjanda, sem í skúrnum voru, að þeir spilltust þá af tjöru. Verður stefndi að bera ábyrgð á þeim spjöllum. Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu um spjöllin, þar á meðal skoðunargerð manna, sem áfrýjandi kvaddi til, þykir mega taka kröfu hans um 1000 króna bætur samkvæmt þessum lið til greina.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 3500.00 + kr. 1000.00 eða samtals kr. 4500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. október 1944 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3072.80. Hljóti ríkissjóður þar af kr. 1072.80, talsmaður áfrýjanda í héraði 1000 krónur og málfrytjandi hans í hæstarétti 1000 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að atvika- og kröfulýsingu í héraðsdómi er mjög ábótavant.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Lárusson, greiði áfrýjanda, Þorgrími Ólafssyni, kr. 4500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. október 1944 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti kr. 3072.80. Af þeim hljóti ríkissjóður kr. 1072.80, talsmaður áfrýjanda í héraði, Sveinbjörn

Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 1000.00 og málflytjandi áfrýjanda í hæstarétti, Ragnar Jónsson cand. juris, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1945.**

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Þorgrímur Ólafsson, Höfðaborg 75 hér í bæ, eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. október 1944, gegn Helga forstjóra Lárussyni, Skeggjagötu 4 hér í bænum, til greiðslu á kr. 5765.80 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi (12. okt. 1944) til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt mati dómsins. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins var stefnanda veitt gjafsókn, og hefur hann samkvæmt því krafizt málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur krafizt *aðallega* algerrar sýknu og málskostnaðar að mati dómara, en til vara lækkunar á dómkröfu stefnanda. Þá hefur hann og krafizt þess, að dregnar verði frá dómkröfum stefnanda kr. 140.00, en sú fjárhæð er málskostnaður, sem stefnanda hefur verið gert að greiða stefnda samkvæmt þrem úrskurðum fógetaréttar Reykjavíkur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 6. febrúar 1941 sagði stefndi stefnanda upp húsnæði því, er hann hafði á leigu í húsi stefnda nr. 3 við Bergþórugötu hér í bænum. Hinn 4. október s. á. var kveðinn upp úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur á þá leið, að uppsögnin væri lögmæt, og stefnandi því skyldur að rýma húsnæðið. Útburði var þó vegna heilsufars stefnanda frestað um nokkurn tíma. Hinn 28. s. m. var kveðinn upp úrskurður í sama rétti um útburð á stefnanda að öðru en því, að honum voru heimiluð til bráðabirgða afnot eins herbergis íbúðarinnar, og fór útburðurinn fram 1. nóvember 1941, og var húsmunum stefnanda þá komið fyrir í herbergi því, sem hann hafði umráð yfir. Hinn 16. febrúar 1942 var loks kveðinn upp úrskurður í fógetaréttinum um útburð muna stefnanda úr því herbergi, og var sá útburður framkvæmdur 20. s. m. Voru munirnir bornir í skúr þar á lóðinni, sem lögreglustjóri hafði fengið að láni í því skyni hjá stefnda.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hinn 24. nóvember 1941 bar stefndi út sjálfur í viðurvist eins lögregluþjóns nokkuð af húsmunum stefnanda, að því er stefnandi heldur fram úr geymslu íbúðarinnar svo og íbúðinni sjálfri, og kom þeim fyrir úti á lóð hússins. Þar eð stefnanda hafi verið ómögulegt að

afla húsnæðis yfir muni þessa, hafi þeir allir eyðilagzt, enda hafi stefndi að lokum látið fleygja þeim á öskuhauga bæjarins. Hefur stefnandi lagt fram skrá um muni þessa og mat á verðmæti þeirra og telur stefnda bótaskyldan vegna gertækis um útburð þeirra.

Í annan stað styður stefnandi bótakröfur sínar við það, að húsmunir þeir, er geymdir voru í skúr stefnda, hafi orðið fyrir allverulegum skemmdum við það, að stefndi lét bika þak skúrsins, rétt áður en munir þessir voru sóttir. Heldur stefnandi því fram, að við það verk hafi tjaran lekið niður um þak skúrsins á húsgögn sín, og valdið á þeim allverulegum skemmdum. Eins og fyrr segir, er bótakrafa stefnanda öðrum þræði byggð á afleiðingum af gertæki stefnda og að hinu leytinu á ábyrgð hans á bikun skúrþaksins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að honum hafi að vísu ekki verið löglega heimilt að bera út sjálfur greinda muni, en hins vegar hafi hann ekki borið þá út úr geymslunni, heldur út úr þeim hluta íbúðarinnar, sem honum voru heimiluð umráð yfir, en stefnandi hafði í heimildarleysi flutt munina inn í aftur, og auk þess hafi stefnanda sjálfum verið bæði rétt og skylt að sjá sjálfur um afdrif munanna að útburði þeirra loknum. Þá hefur hann og eindregið mótmælt því, að um hafi verið að ræða alla þá muni, sem stefnandi tekur til, svo og vefengt verðmæti þeirra, enda talið ástand þeirra lélegt, og loks eindregið mótmælt því, að hann hafi átt þátt í því, að þeim var fleygt. Þá hefur hann enn fremur mótmælt því, að skemmdir á húsmunum stefnanda hafi getað hlotizt af völdum tjörgunar skúrsins, þar eð ósannað sé, að starfsmenn hans hafi lokið störfum, þegar kona stefnanda og aðstoðarmenn hennar komu til að sækja húsgögnin. Að lokum hefur stefndi bent á, að draga hafi mátt úr skemmdum af völdum tjörunnar með því að þurrka hana af þegar í stað.

Á það verður að fallast með stefnda, að afleiðingar fyrrgreinds útburðar séu ekki bótaskyldar af hans hálfu, enda er það sannað í máli þessu, að hann eða menn á hans vegum breiddu yfir muni þessa a. m. k. til bráðabirgða, og eigi er heldur sannað, að stefndi hafi átt þátt í, að munum þessum var fleygt. Hins vegar er fram komin lögfull sönnun um það, að starfsmenn stefnda unnu að bikun fyrrgreinds skúrþaks, áður en kona stefnanda sótti húsmuni sína, og verður því að telja stefnda bera bótaábyrgð á því tjóni, er það verk hefur bakað stefnanda. Samkvæmt öllu því, sem upp er komið í málinu um það atriði, þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 500.00 með vöxtum, eins og krafizt var, en eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kröfu stefnda um frádrátt framangreindra kr. 140.00 þykir ekki unnt að taka til greina ,enda ræðir þar um þegar aðfararhæfar kröfur á hendur stefnanda.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sveinbjarnar hæstaréttarlögmanns Jónssonar, greiðist úr ríkissjóði og ákveðast kr. 700.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en dráttur á uppsögn hans stafar af önnum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Lárusson, greiði stefnanda, Þorgrími Ólafssyni, kr. 500.00 með 6% ársvöxtum frá 12. október 1944 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sveinbjarnar hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 700.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 29. janúar 1947.

Nr. 115/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
**Jóni Kristni Steinssyni**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Áverkamál. Bifreiðalagabrot og umferðarlaga.

**Dómur hæstaréttar.**

Auk þeirra lagaboða, sem getið er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði gerzt sekur við 4. gr. umferðarlaga. nr 24/1941.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur leyfi til að aka bifreið 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kristinn Steinsson, greiði 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Ólafs Þorgrímssonar, 350 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. marz 1946.**

Ár 1946, miðvikudaginn 20. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 845/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Kristni Steinssyni, sem tekið var til dóms hinn 4. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Kristni Steinssyni bifvélavirkja, Skúlagötu 60, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. nóvember 1908. Hinn 12. júní 1939 hefur hann sætt áminningu fyrir brot gegn umferðarreglum og hinn 17. marz 1941 áminningu fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu. Slys það, sem mál þetta er af risið, varð um kl. 9 síðdegis 30. janúar 1945 á Suðurlandsbraut hér við bæinn, milli móta Suðurlandsbrautar og Holtavegar og Suðurlandsbrautar og Grensásvegar. Á þessu svæði liggur vegurinn beint áfram, en hallar lítið eitt frá vestri til austurs. Aðalvegurinn er steinsteyptur, sem næst 5,90 m á breidd, og er honum skipt í tvo hluta jafnbreiða, en norðaustan steypta vegarins er malborinn vegur, 4,70 m á breidd, ætlaður ríðandi mönnum og fótgangandi. Þegar slysið varð, var um 8 stiga frost, veður kyrrt og úrkomulaust. Vegurinn var auður.

Í frumskýrslu lögreglunnar um slysið er tekið fram, að ísing hafi verið á veginum. Þrír lögregluþjónar fóru á slysstaðinn, þegar eftir að slysið varð, og hefur einn þeirra borið, að hann hafi orðið þess var, að „einhver ísing" var á veginum, þegar lögreglubifreiðin var stöðvuð eða henni ekið af stað. Hinir lögregluþjónarnir muna ekki, hvort ísing var á veginum eða ekki, og önnur vitni svo og ákærði sjálfur halda því fram, að ísing hafi eigi verið á veginum. Hvorki lögreglubifreiðin né bifreið ákærða voru á keðjum, og telja tveir lögregluþjónanna, að aðrar bifreiðar, sem um veginn fóru, hafi ekki verið á keðjum. Verður að líta svo á af framansögðu, að ísing hafi engin verið eða svo óveruleg, að ákærða hafi verið vítalaust að aka bifreið sinni keðjulausri.

Ákærði ók í þetta sinn fólksbifreiðinni R 2479 austur Suðurlandsbraut, og var ferðinni heitið að Vatnsenda. Hann skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið á vinstri helmingi steypta vegarins, og hafi hjól bifreiðarinnar aldrei farið út á malborna veginn né heldur yfir miðlínu steypta vegarins, fyrr en slysið varð. Ökuhraðann segir hann hafa verið fremur lítinn, en treystir sér eigi til þess að tiltaka hann nákvæmlega. Þegar hann nálgaðist slysstaðinn, kom á móti honum herbifreið með mjög sterkum ljósum, sem blinduðu hann. Með því að breyta ljósum sinnar bifreiðar í hærri og lægri ljós gaf hann stjórnanda herbifreiðarinnar merki um, að deyfa ljós hennar, en þegar því var ekki sinnt, hægði ákærði á ferð sinnar bifreiðar. Um leið og bifreiðarnar mættust og ljós herbifreiðarinnar hættu að blinda ákærða, sá hann hest standa á afturfótunum fyrir framan vinstra frambretti bifreiðar sinnar, og snéri hesturinn með brjóst og kvið á ská að ákærða. Ákærði, sem þá kveðst hafa verið á mjög hægri ferð, hemlaði bifreiðina strax og reyndi að sveigja stefnu hennar til hægri inn á veginn frá hestinum, en á sama augabragði rakst bifreiðin á hestinn, og heldur ákærði, að framendi hennar hafi farið undir brjóst hestsins, er hann stóð á afturfótunum, og í sömu svifum hafi framfætur hestsins fallið ofan á vélarhlíf bifreiðarinnar. Um leið sá ákærði eitthvað dökkt, „eins og svarta flygsu", detta á vélarhlífina, þaðan á vinstra frambretti og þaðan á veginn. Ákærði stöðvaði nú bifreiðina í einu vetfangi, að því er virðist, enda hefur hún, þegar hér var komið, verið á mjög hægri ferð, að eigin sögn ákærða. Hann fór strax út úr henni og sá þá, að það, sem honum hafi sýnzt vera svört flygsa, var maður, sem lá meðvitundarlaus á veginum. Samferðamaður hins slasaða, Páll Sigurðsson bifreiðarstjóri, Hlíð við Breiðholtsveg, var að fara af baki, þegar ákærði kom út úr bifreiðinni. Þeir, ákærði og Páll, stöðvuðu bifreið, sem þarna bar að, og fór Páll með hinn slasaða mann í henni á Landspítalann. Það, sem ákærði sá fyrst til hestsins eftir áreksturinn, var, að hann hljóp austur veginn og dró hnakkinn. Ákærði skeytti honum ekki, fyrr en hann hafði komið hinum

slasaða af stað áleiðis á sjúkrahúsið. Þá sá hann hestinn liggja skammt frá bifreiðinni innar á veginum, og voru nokkrir menn í kringum hann. Var hesturinn svo lemstraður, að hann var skotinn á slysstaðnum strax að heita mátti. Skemmdir á bifreiðinni urðu nokkrar, en þó eigi verulegar. Sá, sem fyrir slysinu varð, var Guðmundur Jónsson verkamaður, Hlíð við Breiðholtsveg, fæddur 18. desember 1893. Við yfirheyrslu hefur hann enga grein getað gert sér fyrir slysinu og minnist þess ekki, að hafa verið ríðandi á ferð, er slysið varð. Telur hann sig, þegar slysið varð, hafa verið í bifreið og verið að fara frá Reykjavík. Hefur hann algerlega tapað minni um slysið, enda varð hann fyrir mjög alvarlegum meiðslum við það, eins og síðar verður að vikið. Páll Sigurðsson, samferðamaður Guðmundar, skýrir svo frá, að þeir hafi riðið niður Grensásveg og síðar vestur reiðveginn norðaustan steypta vegarins, og höfðu þeir riðið stuttan spöl vestur reiðveginn, þegar slysið varð. Báðir voru þeir allsgáðir og á stilltum hestum, sem virtust óhræddir við bifreiðar. Guðmundur reið einhesta, en Páll teymdi trippi hægra megin við sig. Hann þorir ekki að fullyrða, hve langt frá steypta veginum hann hafi riðið, en ber, að trippið hafi verið eitt til tvö fet frá nyrðri brún malborna vegarins. Margar bifreiðar óku þarna framhjá þeim bæði austur og vestur veginn, og virtust hestarnir ekki hræðast þær. Páll reið á undan Guðmundi. Rétt á undan slysinu sá Páll bifreið með sterkum ljósum koma vestan akveginn mjög nálægt reiðveginum, og kveðst hann hafa veitt þessari bifreið sérstaka athygli, sökum þess að henni var ekið nær honum en öðrum bifreiðum, sem um veginn fóru. Ekki tók hann eftir, að ljósum hennar væri breytt, en þeim veitti hann enga sérstaka athygli. Ekki tók hann heldur eftir því, að bifreið væri ekið framhjá þessari bifreið, rétt áður en slysið varð, en bifreiðaumferð var mikil á veginum. Þegar bifreið þessi átti ófarnar 4 til 5 bifreiðalengdir að Páli, leit hann við og sá, að Guðmundur var rétt á eftir sér beint fyrir aftan sig. Telur Páll, að hraði bifreiðarinnar, þegar hún fór framhjá honum, hafi verið 35—40 km, miðað við klukkustund. Þegar bifreiðin var komin framhjá honum, heyrði hann skell og leit þá við og sá, að hestur Guðmundar hafði tekizt á loft og bar hálfan ofan við áðurnefnda bifreið. Einnig sá hann Guðmund í loftinu, en vegna myrkurs sá hann ekki, hvernig hann kom niður, og ekki sá hann heldur, hvernig hesturinn kom niður. Þegar Páll sá hestinn á lofti, heyrði hann hemlahljóð frá bifreiðinni, og ályktar hann af því, að bifreiðin hafi þá verið á hreyfingu. Hann hraðaði sér af baki og fór að bifreiðinni, og hafði ákærði þá reist Guðmund upp til hálfs. Í orðaskiptum, er fóru milli Páls og ákærða, sagði ákærði, að bifreið, sem á móti sér hefði komið, hefði blindað sig. Páll fór síðan með Guðmund á Landspítalann í bifreið, sem þarna bar að. Vegna umhugsunar um að hjálpa Guðmundi kveðst Páll ekki hafa

tekið eftir stöðu bifreiðar ákærða né legu hestsins á veginum eftir slysið.

Þegar lögreglan kom á vettvang, lá hesturinn 7 metra fyrir framan bifreiðina, en bifreiðin stóð innarlega á nyrðri helmingi steypta vegarins, og hægra framhjól hennar var á mótum hinna steyptu vegarhelminga. Tveir lögregluþjónar athuguðu verksumerkin á staðnum, og varð annar þeirra ekki var við hemlaför eftir bifreiðina, en hinn sá hemlafar, ekki meira en eins meters langt, eftir annað hjól bifreiðarinnar, en ekki mundi hann, þegar hann gaf skýrslu sína, eftir því, hvort hjólfarið þetta var.

Eins og áður segir, varð Guðmundur Jónsson þarna fyrir allverulegu slysi. Í vottorði Landspítalans um hann, dagsettu 6. apríl 1945, er dr. med. Snorri Hallgrímsson hefur gefið, segir svo: „Guðmundur Jónsson, til heimilis í Hlíð við Breiðholtsveg, var lagður inn á IV. d. Landspítalans 3/4 1945 vegna slyss, er hann hafði orðið fyrir þá rétt áður.

Við komuna hingað var Guðmundur rænulaus. Hann var skrámaður á nefi, og stórt mar sást á h. mjöðm, en annars ekki merki um ytri áverka. Hann var algerlega rænulaus í 6 daga, en úr því fór hann að hressast. Fyrstu vikurnar eftir að hann kom til meðvitundar, var hann algerlega ruglaður og mjög órólegur. Síðar meir róaðist hann smámsaman og síðustu tvær vikurnar, sem hann var á deildinni, gat hann borðað og klætt sig að mestu hjálparlaust, en var allruglaður. Við brottförina héðan þ. 1/5 1945 var hann sæmilega hress, en allmikið ruglaður. Hann vissi t. d. ekki, hvar hann var eða hvar hann átti heima. Hann talaði í sífellu og varð mjög önugur, ef honum var mótmælt. Hann gat ekki hirt um sjálfan sig, nema það allra nauðsynlegasta, og þurfti því áframhaldandi nákvæma umönnun."

Í vottorði sama læknis, dagsettu 7. janúar s. l., segir, að Guðmundur hafi í slysinu hlotið hauskúpubrot, og einnig hafði mjaðmargrind brotnað framan til vinstra megin. Í þessu vottorði segir, að Guðmundi hafi batnað frá því fyrra vottorðið var ritað, en sé þá langt frá því að vera heill heilsu og sé algerlega óvinnufær. Fyrir liggja vottorð dr. med. Helga Tómassonar og Jóhanns Sæmundssonar læknis um ástand Guðmundar, en eigi þykir ástæða til að fjölyrða frekar um það hér en orðið er.

Eins og málavöxtum hefur nú verið lýst, þykir ljóst, að leggja verður skýrslu ákærða til grundvallar við dómsálagningu málsins. Samkvæmt þeirri skýrslu blindaðist ákærði af ljósum bifreiðar þeirrar, sem á móti honum kom, en ók samt áfram. Vegna þess að hann blindaðist, sá hann ekki til ferða Guðmundar, fyrr en hann (ákærði) komst út úr ljósmáli bifreiðarinnar, sem á móti kom, en í sömu andránni rakst bifreiðin á hestinn. Þó að eigi sé vitað um hreyfingar hestsins næstu augnablikin fyrir slysið, verður að telja,

að slysið hefði ekki orðið, ef ákærði hefði eigi sýnt þá ógætni að aka áfram blindaður af bifreiðarljósunum. Með þessari ógætni hefur ákærði gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga, 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 2. sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna og afleiðingum brotsins, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kristinn Steinsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 31. janúar 1947.

Nr. 86/1946. **Vélsmiðjan Þór h/f** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Bjarna Ö. Jónassyni** (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Ómerking. Vísun máls til sjó- og verzlunardóms.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur upp kveðið Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Mál þetta er risið út af verzlunarviðskiptum umboðs- og heildsala annars vegar og verksmiðjueiganda hins vegar. Átti því sjó- og verzlunardómur að fara með málið og dæma það samkvæmt 2. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómara bar þess vegna að kveðja til samdómsmenn samkvæmt 201. gr. sömu laga þegar eftir þingfestingu málsins.

Þar sem dómari gerði það ekki, en fór með málið og dæmdi það á bæjarþingi, verður að ómerkja héraðsdóminn og meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 18. des. 1945.

Rekstri málsins er og að ýmsu öðru leyti áfátt. Sérstaklega skal þess getið, að afla þurfti nákvæmra skýrslna frá verðlagsyfirvöldum um álagningu á vöru þá, er í málinu greinir, bæði í heildsölu og umboðssölu. Svo bar og að leita álits Verzlunarráðs um málið, einkum það atriði, hvort hér hafi verið um umboðssölu eða heildsölu að tefla samkvæmt þeirri venju, er myndazt kann að hafa.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt við þessa meðferð málsins fyrir hæstarétti, og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur svo og meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 18. des. 1945 eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómara að taka málið fyrir af nýju til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fellur niður.

**Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. maí 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 11. maí s. l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. nóv. f. á., af Bjarna Ö. Jónassyni, umboðs- og heildsala hér í bæ, gegn Vélsmiðjunni Þór h/f á Ísafirði, þeim stjórnarmeðlimum Ólafi Guðmundssyni framkvæmdarstjóra, Finni Jónssyni dómsmálaráðherra og Jóhanni Þorsteinssyni, Ísafirði, og eru réttarkröfur stefnandans þær, að hið stefnda hlutafélag verði dæmt til að greiða honum kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómarans.

Af hálfu stefnds félags er krafizt algerrar sýknu og að því verði tildæmdur máskostnaður.

Málavextir eru þessir:

Stefnandinn, Bjarni Ö. Jónasson, umboðs- og heildsali hér í bæ, var staddur í söluerindum vestur á Ísafirði í ágústmánuði 1944.

Átti hann þar tal við framkvæmdarstjóra hins stefnda félags um útvegun á ýmsum járnsmíðatækjum. Með bréfi, dags. 4. sept. 1944, biður framkvæmdarstjórinn stefnandann að útvega sér með tilvísun til samtals þeirra tæki, er hann síðan telur upp, en það eru þau sömu, sem krafizt er greiðslu á í þessu máli. Enn fremur óskar

hann, að pöntuninni sé hraðað, svo sem hægt sé, og að þeir muni sækja um innflutningsleyfi, þegar þeir fái að vita um upphæðina.

Frekari skilyrði eru eigi sett í bréfi þessu né gert ráð fyrir sérsökum afgreiðslumáta.

Með bréfi til stefnda, dags.. 13. s. m., staðfestir stefnandi móttöku á pöntuninni og með bréfum, dags. 2⅝ og ⅜, staðfestir hann pantanir á sagarblöðum og slípiefni. Í öllum bréfunum er fram tekið, að verð og afgreiðsla sé án skuldbindingar.

Í svari stefnda frá 14. sept. 1944 eru athugasemdir um, að verðsetningu vanti á sagarblöðin og smergilskífur og óskað, að vörurnar séu sendar beint til Ísafjarðar. Í niðurlagi segir, að þeir vænti þess, að stefnandinn sjái um, að verð og gæði og sendingarmáti verði þannig, að þeir geti gefið honum áframhaldandi pantanir í þessum greinum.

Framar en hér er tilfært verður ekki séð, að stefndi hafi tilskilið um verð og afgreiðslumáta.

Stefnandinn virðist hafa samþykkt að láta senda sagarblöðin beint til Ísafjarðar, en kannast ekki við að hafa lofað því um hinar vörurnar.

Umræddar vörur komu síðan til Reykjavíkur í stærri vörusendingum til stefnandans, en hann sameinaði síðan pöntun stefnda í eina sendingu og afgreiddi hana til Ísafjarðar um mánaðamótin ágúst og september 1945 ásamt póstkröfu að upphæð kr. 7604.68, sem er stefnukrafa máls þessa.

Stefndi vildi ekki innleysa póstkröfuna og fór fram á, að henni yrði breytt í þrjár kröfur, sér yrðu sendir frumreikningar seljanda og mótmælti síðan, að stefnandinn hefði heimild til að reikna sér heildsöluálagningu, eins og hann hefði gert, því vörurnar hefðu verið pantaðar í umboðssölu, en ekki í heildsölu.

Stefnandinn vildi ekki ganga inn á þessar kröfur og hélt fast við heimild sína til að reikna sér heildsöluálagningu, enda hefði þóknun hans verið reiknuð eftir fyrirmælum verðlagsstjóra, en benti á, að sendingarkostnað á sagarblöðin hefði hann tekið á sig, þar sem um hefði verið talað, að þau yrðu send beint.

Þar sem stefndi innleysti ekki póstkröfuna, höfðaði stefnandinn mál þetta til greiðslu upphæðar hennar.

Ágreiningur í máli þessu er fyrst og fremst um það, hvort umrædd vara hefur verið seld í umboðssölu eða heildsölu.

Það verður ekki séð, að stefnandinn hafi gefið þeim, er umræddar vörur pöntuðu hjá honum, beint eða óbeint réttmæta ástæðu til að reikna með, að um umboðssölu væri að ræða, og ekkert áskilið í þá átt af hálfu stefnda, er pöntun var gerð eða afgreidd.

Það er ekkert upplýst í þessu máli því til fyrirstöðu, að stefnandinn reikni sér löglega heildsöluálagningu á umrædda vöru, eins og hann hefur gert, enda virtist augljóst, að varan hefði erlendis frá

verið afgreidd til heildsölu (ab. lagersölu), en ekki í umboðssölu, sbr. frumreikninga, sem sýndir hafa verið í réttinum.

Stefndi hefur að því fundið, að verðið hafi orðið miklu hærra en ráð var fyrir gert við pöntun, og dráttur orðið úr hófi fram á afgreiðslu þeirra, þar sem liðið hafi hérumbil ár, frá því að pöntun var gerð og þar til varan kom.

Það virðist eðlilegt, að verð og afgreiðslutími væri mjög í óvissu á slíkum stríðstímum, enda tekinn greinilegur fyrirvari um það af stefnandanum, og verður honum engin sök gefin í því efni.

Hvorki er sannað, að varan hafi orðið dýrari en slíkar vörur þá kostuðu almennt hjá seljendum né dráttur hafi orðið meiri en við mætti búast.

Þá hefur af hálfu stefnda verið höfð uppi sú varnarástæða, að hver vörutegund hefði átt að vera í sendingu fyrir sig og sendast beint frá seljendum. Ekki er sannað, að af hálfu stefnda væri slíkt tilskilið né samþykkt af stefnanda, nema um sagarblöðin, og hefur stefnandinn því tekið á sig sendingarkostnað þeirra frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Verður að fallast á, að, eins og þessu er háttað, verði ekki gerðar frekari kröfur á hendur stefnanda í því efni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, álítur rétturinn að taka beri til greina allar kröfur stefnandans, einnig málskostnaðarkröfu hans, er þykir hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vélsmiðjan Þór h/f, Ísafirði, greiði stefnandanum, Bjarna Ö. Jónassyni, kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1945 til greiðsludags og málskostnað með 1000 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1947.

Kærumálið nr. 4/1947. **Gísli Magnússon**
gegn
**Helga Guðmundssyni.**

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru, dags. 23. desember 1946, sem hingað barst 22. f. m., hefur kærandi samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 kært málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja frá 21. des. 1946 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst kærandi þess, að téð ákvæði verði fellt úr gildi og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í undirrétti í greindu máli að mati hæstaréttar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur ekki sent hæstarétti greinargerð eða kröfur í málinu.

Þegar þess er gætt, að skýrslur um atvik þau, sem dómur undirréttarins um 2. kröfulið er reistur á, eru mjög ófullnægjandi, þykir rétt að staðfesta hið kærða málskostnaðarákvæði.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms í málinu: Helgi Guðmundsson gegn Gísla Magnússyni á að vera óraskað.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 31. desember 1946.**

Mál þetta hefur höfðað Helgi Guðmundsson stýrimaður, Patreksfirði, fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 9. okt. 1946, birtri 12. s. m., gegn Gísla Magnússyni útgerðarmanni, Kirkjuveg 43 hér í bæ, til greiðslu:

1) á óuppgerðum hlut frá sumrinu 1944, kr. 4000.00,
2) kaups í einn mánuð, kr. 3000.00, þar sem stefnandi telur sér hafa verið ólöglega vikið af v/b Garðari VE 320, þannig alls kr. 7000.00,
3) auk 6% ársvaxta frá 1. sept. 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu aðallega af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og sér þá aðeins gert að greiða málskostnað af þeirri upphæð, sem hann kynni að verða dæmdur til að greiða umfram kr. 3882.63.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Eftir því, sem upplýst er í málinu, var stefnandi stýrimaður á v/b Garðari VE 320, er þá var eign stefnda, á síldarvertíð 1944 fyrir Norðurlandi.

Ráðningarsamningur hefur eigi verið lagður fram í málinu. Þegar nokkuð var liðið á síldveiðitímann, vék skipstjórinn á v/b Garðari, Júlíus Sigurðsson, stefnanda máls þessa án fyrirvara úr skiprúminu, með því að hann hefði sýnt af sér vítavert hirðuleysi í starfi sínu sem stýrimaður og hásetar kvartað undan því, að hann væri ófær til stjórnar, hvort sem var um borð í v/b Garðari eða í nótabátunum.

Stefnandi hefur haldið því fram, að ástæðulaust hafi verið að víkja sér úr skiprúminu og eigi hann því rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti sem stýrimaður, og heldur því fram, að framkomnir vitnaframburðir í málinu sanni eigi réttmæti uppsagnarinnar.

Skipstjórinn á v/b Garðari hefur gefið vottorð, rskj. 5 og staðfest fyrir rétti, um óhæfni stefnanda sem stýrimanns, og með honum hafa vitnað tveir hásetar af v/b Garðari og tjá sér kunnugt um hirðuleysi og óstjórn stefnanda, er hann var stýrimaður á Garðari framan af síldarvertíðinni 1944, og segja, að þeirra áliti hafi skipstjóri haft fulla ástæðu og enda nauðsynlegt að víkja stefnanda fyrirvaralaust úr skiprúmi. Hafa vitnisburðirnir verið teknir gildir sem eiðfestir væru. Hásetarnir tveir, sem leiddir voru sem vitni, hafa borið hér fyrir réttinum, að þeir hafi verið áhorfendur að því, er stefnandi keyrði á löndunarkrana hjá síldarverksmiðjunum á Siglufirði, rskj. nr. 5. Annað vitnið hefur og borið, að það hafi verið áhorfandi að tilfelli, sbr. vottorð skipstjóra, rskj. 5, er sýni óaðgætni stefnanda, er nær hafi orsakað tjón.

Þá hafa bæði umgetin vitni borið, að eftir að stefnandi máls þessa, fyrrv. stýrimaður á v/b Garðari, hafi stýrt á löndunarkrananum, sbr. það, sem áður segir, hafi skipverjar bátsins og þar á meðal mættir farið á fund skipstjóra og tilkynnt honum, að þeir myndu ganga af skipinu, ef stefnandi yrði áfram á því og honum ekki sagt upp starfi.

Hefur stefndi haldið því fram, að full ástæða og nauðsyn hafi

verið að víkja stefnanda úr skiprúminu án fyrirvara, sbr. það, er að framan segir.

Stefndi hefur haldið því fram, að upphæð sú, er stefnandi var búinn að vinna fyrir, sbr. 1. kröfulið, þegar honum var vikið úr skiprúminu, hafi numið kr. 3882.63, en ekki kr. 4000.00, og hefur stefnandi ekki mótmælt þeirri staðhæfingu stefnda, og færist því 1. kröfuliður stefnanda niður í þessa upphæð.

Þá telur rétturinn, að eigi verði tekin til greina krafa stefnanda um 6% vexti af umræddri upphæð frá 1. sept. 1944 til greiðsludags, með því að upplýst má telja, að það hafi eigi verið sök stefnda, að stefnandi fékk eigi peningana, er stefndi sendi í póstávísun til Patreksfjarðar, þar sem stefnandi átti heima, en póstávísuninni eigi veitt móttaka og hún endursend, sbr. vottorð póstmeistara, rskj. 7.

Rétturinn lítur svo á, að það sé upplýst með framburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu, að réttmætt hafi verið að víkja stefnanda án fyrirvara úr skiprúminu, og eigi hann því ekki heimtingu á kaupi, nema fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu. Lítur rétturinn svo á, að það geti eigi haft úrsit í máli þessu í gagnstæða átt, eins og sakir stóðu, sbr. vitnaframburðirnir, að eigi voru haldin próf um borð í skipinu í sambandi við brottvikning stefnanda, og þykir því verða að sýkna stefnda af 2. lið stefnukröfunnar, kr. 3000.00, vegna ólögmætrar brottvikningar úr skiprúmi. Hins vegar þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 3882.63 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Málskostnaður þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gísli Magnússon, skal vera sýkn af 2. kröfulið stefnukröfunnar, kr. 3000.00, en hins vegar skal stefndi greiða stefnanda, Helga Guðmundssyni, kr. 3882.63 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Máskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1947.

Nr. 22/1946. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
**Pétri O. Johnson** (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

**Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Útsvarsmál.

## Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. febrúar f. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar í hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Hlutafélagið G. Þorsteinsson & Johnson var stofnað árið 1941, og hefur það síðan starfrækt umboðs- og heildverzlun í Reykjavík. Hlutafé félagsins er kr. 50000.00. Þar af á stefndi og eiginkona hans kr. 24900.00, bróðir stefnda kr. 100.00 og Garðar Þorsteinsson fiskifræðingur og eiginkona hans kr. 25000.00. Stefndi hefur frá upphafi verið formaður stjórnar félagsins og framkvæmdarstjóri þess ásamt Garðari Þorsteinssyni. Haustið 1943 fluttist stefndi til Vesturheims og dvaldist þar enn, er útsvar var lagt á hann árið 1945. Eftir flutning sinn vestur var stefndi áfram stjórnarformaður félagsins og framkvæmdarstjóri þess, eins og áður greinir, þótt hann fullnægði ekki lengur ákvæðum laga til þess, sbr. 32. gr. laga nr. 77/1921 og 2. tölulið 5. gr. laga nr. 52/1925, og hefur félaginu ekki verið komið aftur í löglegt horf. Þar sem svo var ástatt, sem nú var rakið, verður að telja, að stefndi hafi rekið atvinnu hér á landi og verið útsvarsskyldur, sbr. 6. gr. B 1. tölulið laga nr. 106/1936.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtakið.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Stefndi, Pétur O. Johnson, greiði áfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 600.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. janúar 1946.

Gerðarþola, Pétri Ó. Johnson, Esjubergi hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1945 kr. 6000.00. Þar eð hann hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það yrði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola fyrir réttinum hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann telur, að gerðarþoli hafi eigi verið útsvarsskyldur hér umrætt tímabil, og útsvarið hafi því ranglega verið lagt á hann hér. Kveður hann gerðarþola hafa flutzt ásamt konu og börnum í desembermánuði 1943 til New York, og þar hafi hann átt heima síðan og eigi þar heima enn, enda ekki komið hingað til lands allan þenna tíma. Kveður hann gerðarþola stunda þar vestra ýmis kaupsýslustörf, m. a. fyrir h/f G. Þorsteinson & Johnson hér í bæ, sem hann sé hluthafi í. Kveður hann og gerðarþola hafa greitt til New York-borgar alla skatta og opinber gjöld fyrir árið 1945 og heldur því fram, að gerðarþoli hafi ekki verið heimilisfastur hér umrætt tímabil. Telur umboðsmaður gerðarþola því, að um útsvarsskyldu gerðarþola skv. I.—IV. lið 6. gr. útsvarslaganna geti ekki verið að ræða. Hins vegar geti komið til athugunar, hvort hann væri útsvarsskyldur samkvæmt B-lið sömu greinar (Aðiljar heimilisfastir erlendis). Í því sambandi hefur umboðsmaður gerðarþola upplýst, að gerðarþoli hafi fyrir þau störf, sem hann hafi innt af hendi í þágu firmans h/f G. Þorsteinsson & Johnson, fengið greiddar á síðastliðnu ári kr. 25000.00, og þessar greiðslur hafi félagið gefið upp til skatts hér. Þá upplýsir hann,

að gerðarþoli hafi verið skráður hér á manntal haustið 1944, en þó með þeirri athugasemd, að hann væri heimilisfastur erlendis, sbr. rjskj. nr. 4, og telur hann, að þetta hvort tveggja muni hafa valdið því, að umrætt útsvar hafi verið lagt á gerðarþola. Hins vegar telur umboðsmaður gerðarþola þessar ástæður eigi nægar til að baka gerðarþola útsvarsskyldu hér og bendir í því sambandi á, að gerðarþoli hafi ekki persónulega rekið hér atvinnu, heldur firmað h/f G. Þorsteinsson & Johnson, sem hann sé hluthafi í, og sé því augljóst, að gerðarþoli sé hér ekki útsvarsskyldur samkvæmt 1. mgr. B-lið 6. gr. útsvarslaganna. Þá telur hann gerðarþola eigi falla undir 3. mgr. sömu greinar og augljóslega ekki heldur undir 2. mgr., þar eð hann hafi enga atvinnu stundað hér umrætt tímabil né átt hér eignir, því hann hafi, er hann fór af landi brott, selt bæði húseign sína og hlutabréfaeign í h/f „Litir og Lökk". Einu eignirnar, sem gerðarþoli eigi hér á landi nú, séu hlutabréfaeign hans í h/f G. Þorsteinsson & Johnson, kr. 23900.00, og af þeirri eign hafi hann fengið útborgað í ard árið 1944 kr. 2390.00. Á þetta félag hafi verið lagt útsvar fyrir árið 1945, og því óheimilt að leggja sérstakt útsvar á gerðarþola vegna þessara tekna hans hjá félaginu, sbr. 6. gr. útsvarslaganna 1. lið II. in fine. —

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola krafizt málskostnaðar að mati réttarins.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að gerðarþoli hafi ekki slitið heimilisfestu hér í bæ með brottflutningi sínum og fjölskyldu sinnar til New York í desember 1943, enda hafi hann og fólk hans verið skráð á manntal sem heimilisfast hér haustið 1944, þó að hann og það hafi dvalið þá vestra. Telur hann því, að hann sé útsvarsskyldur hér umrætt tímabil, og hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak.

Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli flutti til New York ásamt fjölskyldu sinni í desember 1943 og hefur ekki dvalið hér á landi síðan. Þá er það og upplýst, að hann hefur ekki átt hér aðrar eignir umrætt tímabil en hlutafjáreign í h/f G. Þosteinsson & Johnson, sem hann hefur fengið nokkurn arð af árið 1944. Þá er það enn fremur upplýst, að sama félag hefur greitt honum á umræddu tímabili kr. 25000.00 fyrir starf hans í þágu firmans þar vestra. — Rétturinn lítur svo á, að gerðarþoli hafi með flutningi sínum og fjölskyldu sinnar til New York í desember 1943 og dvöl sinni vestra slitið heimilisfestu sinni hér, og því hafi heimilisfesta ekki getað bakað honum útsvarsskydu hér umrætt ár. Þá lítur rétturinn enn fremur svo á, að þar eð lagt hafi verið sérstakt útsvar á h/f G. Þorsteinsson & Johnson fyrir ár 1945, hafi ekki verið heimilt að leggja útsvar á gerðarþola hér fyrir það ár vegna þess arðs, sem honum var greiddur af hlutabréfaeign hans í félaginu. — Enn fremur lítur rétturinn svo á, að það hafi ekki getað bakað gerðarþola útsvars-

skyldu hér umrætt ár, að félagið greiddi honum ofangreind laun fyrir starf hans í þágu félagsins vestra, enda hann ekki unnið fyrir þeim launum hér og þau send honum vestur, sbr. ákvæði 6. gr. útsvarslaganna hér að lútandi. — Samkvæmt framanrituðu þykir því verða að neita um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Hins vegar verður eftir atvikum málskostnaðarkrafa gerðarþola eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga.
Málskostnaðarkrafa gerðarþola er eigi tekin til greina.

---

Föstudaginn 7. febrúar 1947.

Nr. 89/1943. **Jón Þorkelsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
**Verzlunarfélaginu Borg h/f og gagnsök**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

**Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.**

Ágreiningur um verð sauðfjárafurða.

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. september 1943, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 181.09 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1939 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 3. desember 1943 skotið málinu til hæstaréttar með stefnu sama dag, krefst þess, aðallega að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Sá háttur var á hafður við kaup á sauðfé því, er í málinu

greinir, að dilkarnir voru vegnir lifandi, er umboðsmaður gagnáfrýjanda tók við þeim. Greiddi umboðsmaðurinn þá kr. 0.25 út á hvert pund dilka þeirra, sem voru yfir 70 pund, en kr. 0.22 út á pund tveggja dilka, sem ekki náðu þessum þunga. Fékk aðaláfrýjandi með þessum hætti greitt kr. 337.54. Samstundis afhenti umboðsmaðurinn aðaláfrýjanda svonefnda „vigtarnótu", og var á hana prentað: „Kaupum féð uppskorið og greiðum verð, sem svarar til aur. pr. pd. lifandi vigt."

Samkvæmt þessu, ummælum í málflutningi og öðrum þeim gögnum, sem fram hafa komið í málinu, er fullvíst, að sauðfé aðaláfrýjanda skyldi greiðast til fullnaðar eftir niðurlagi, enda hafði verðlagsnefnd hinn 1. september 1939 veitt gagnáfrýjanda slátrunarleyfi með því skilyrði, að hann keypti sauðfé eftir niðurlagi, en ekki á fæti, sbr. lög nr. 2/1935.

Gagnáfrýjandi sendi aðaláfrýjanda hinn 27. desember 1940 kr. 40.98 til viðbótar áðurgreiddri fjárhæð, og hafði aðaláfrýjandi þá alls fengið kr. 378.52 fyrir dilkana. En ekki lét gagnáfrýjandi af hendi þá sundurliðaða skilagrein um sláturafurðir af dilkunum. Varð þetta til þess, að aðaláfrýjandi, sem ekki taldi, að hann hefði hlotið fulla greiðslu, höfðaði mál þetta. Hefur hann tekið þann kost að leggja fyrir Pál ráðunaut Zóphóníasson „vigtarnótu" þá, sem umboðsmaður gagnáfrýjanda afhenti honum við viðtöku dilkanna, og æskja álits Páls um fallþunga þeirra. Hefur Páll látið í té skýrslu allýtarlega, þar sem greint er hlutfall milli þunga dilka á fæti og fallþunga þeirra. Hefur aðaláfrýjandi síðan lagt niðurstöður Páls til grundvallar kröfum sínum í málinu. Gagnáfrýjandi hefur nú í málinu lagt fram sundurliðaðan reikning um ket og slátur af dilkum þeim, sem aðaláfrýjandi seldi honum. Vísar gagnáfrýjandi þessum reikningi til stuðnings í svonefnda „innvigtunarbók". Svo ber hann og fyrir sig vætti löggilts vigtarmanns, sem kveðst hafa vegið m. a. föllin af dilkum aðaláfrýjanda. Innvigtunarbókin hefur reynzt ónákvæm í ýmsum greinum, blöð vanta í hana og greint er þar frá fallþunga sauðfjár, sem þá var ekki slátrað, að því er talið er. Fyrirsvarsmaður gagnáfrýj-

anda hefur og lýst því, að hann byggi ekki á bók þessari í bókhaldi gagnáfrýjanda. Að þessu athuguðu þykir varhugavert að reisa niðurstöðu málsins á því, sem skráð er í nefnda bók. Þá þykir og viðurhlutamikið að láta vætti vigtarmannsins ráða úrslitum, þar sem hann ber um vigt á tilteknum sauðkindum, er framkvæmd var fyrir 5—6 árum, og hann virðist ekki hafa fullnægjandi bókhald eða minnisblöð að styðja sig við.

Svo sem lýst hefur verið, bar gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda dilkana eftir niðurlagi. Átti gagnáfrýjandi því að afhenda aðaláfrýjanda innan hæfilegs tíma frá slátrun glögga skilagrein um það, hvernig dilkarnir lögðu sig. Þessa skyldu lét gagnáfrýjandi undir höfuð leggjast. Þegar gætt er þessara atriða og það virt, að gagnáfrýjanda hefur ekki tekizt að leggja fram fullnægjandi gögn um magn sláturafurða af dilkum aðaláfrýjanda, verður að leggja til grundvallar dómi í máli þessu áætlun þá um fallþunga dilkanna, sem reist er á álitsgerð Páls ráðunauts Zóphóníassonar.

Aðaláfrýjandi hefur reist reikning sinn á verði því, sem Sláturfélag Suðurlands galt í Reykjavík haustið 1939, en verðlag þetta er heldur hærra á flestum afurðum en verðlag á sams konar vörum í Borgarnesi á sama tíma. Rétt þykir að miða við verðlagið í Borgarnesi, enda var sauðfé aðaláfrýjanda selt til Borgarness og svo samið samkvæmt skýrslum umboðsmanns gagnáfrýjanda, að við greiðslu skyldi höfð hliðsjón af afurðaverði Kaupfélags Borgfirðinga.

Samkvæmt framanskráðu er rétt að reikna viðskipti aðilja þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 281,3 kg ket á kr. 1.10 ..... | kr. 309.43 | |
| 56,26 kg gærur á kr. 3.20 ..... | — 180.03 | |
| Slátur úr 17 kindum á kr. 3.50 .. | — 59.50 | kr. 548.96 |
| Frá þessari fjárhæð dregst: | | |
| Sláturlaun kr. 0.80 × 17 ..... | kr. 13.60 | |
| Verðjöfnunargjald kr. 0.01 × 281.3 | — 2.81 | |
| Sölulaun 3% af afurðaverði .... | — 16.47 | |
| Greitt í peningum kr. 378.52 ... | — 378.52 | — 411.40 |
| | Mismunur | kr. 137.56, |

er dæma ber gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi 3. júní 1942 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað, sem ákveðst samtals í héraði og fyrir hæstarétti kr. 1500.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Verzlunarfélagið Borg h/f, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Þorkelssyni, kr. 137.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags og samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1943.**

Mál þetta, sem dómtekið var 28. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. júní 1942, af Jóni Þorkelssyni, bónda að Litla-Botni, gegn Verzlunarfélaginu Borg h/f í Borgarnesi til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 181.09 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1939 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar stefnukröfunnar. Þá krefst stefndi og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að haustið 1939 sendi stefndi Pétur Sívertsen, bónda að Höfn, um Hvalfjarðarströnd og víðar í því skyni að útvega sláturfé hjá bændum. Létu margir bændur stefnda fá fé, og var stefnandi einn í þeirra hópi. Fénu var öllu safnað saman að Höfn. Var það síðan vegið þar á fæti, og greidd jafnframt nokkur fjárhæð. Heldur stefndi fram og byggir á því aðalkröfu sína, að þarna hafi farið fram fullnaðargreiðlsa fjárins, en af þeirri ástæðu, að hann greiddi seljendum síðar nokkra viðbótargreiðslu, verður ekki á þessa málsástæðu fallizt, enda var bæði slátrunarleyfi stefnda og umræddum viðskiptum á þann veg háttað, að telja verður, að féð hafi átt að greiðast eftir því, sem það legði sig uppskorið í Borgarnesi, en þar var því slátrað.

Kröfu sína í máli þessu byggir stefnandi á því, að greiðsla sú, er hann hefur þegar fengið fyrir fé sitt, sé aðeins greiðsla upp í söluverð þess, en engan veginn fullnaðargreiðsla, þar sem féð hafi lagt sig meira uppskorið en greiðslunni nemur. Hefur hann, í því skyni að rökstyðja þessa staðhæfingu sína, lagt fram áætlun í reiknings-

formi um magn það af kjöti, gærum og slátrum, er hann telur fé sitt niðurskorið hafa gefið af sér. Hefur hann síðan reiknað afurðir þessar vissu verði, er hann telur hæfilegt, dregið frá ýmsa kostnaðarliði, er hann viðurkennir að draga beri frá verðinu, og peningagreiðslu, sem stefndi hefur þegar greitt. Fær hann þannig út stefnukröfu málsins.

Hérgreindri áætlun stefnanda hefur stefndi andmælt, bæði að því er snertir afurðamagn og verð. Hefur hann lagt fram skýrslu í reikningsformi um afurðamagn fjárins og verð þess niðurskorins svo og um allan kostnað, er stefnandi eigi að greiða, og peningagreiðslu til hans. Eftir þeim gögnum telur stefndi stefnanda í skuld við sig.

Stefndi er bókhaldsskylt fyrirtæki. Verður því að leggja til grundvallar dómi í máli þessu skýrslu hans um afurðamagn fjár stefnanda niðurskorins, enda eru upplýsingar stefnda um afurðamagnið teknar úr verzlunarbókum hans og gögn þau, er stefnandi hefur byggt á áætlun sína um afurðamagn fjárins og lagt fram í málinu, ekki næg til að hnekkja þeim. Verð afurðanna ber hins vegar að reikna hæfilegt innkaupsverð þeirra í Borgarnesi haustið 1939 eftir þeim gögnum, er fyrir liggja, og frádráttinn á sama hátt að viðbættri greiðslunni til stefnanda, enda eru ekki sannaðir neinir fastir samningar milli aðilja um verðlag afurðanna og frádráttarliði í viðskiptum þessum. Aðeins er frá þessu vikið, ef viðurkenningar aðilja standa til annars.

Í samræmi við þetta reiknast innlegg stefnanda:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | 235 kg kjöt á kr. 1.10 ..... | kr. 258.50 |
| 2. | 47 kg gærur á kr. 3.20 ..... | — 150.40 |
| 3. | 17 slátur á kr. 2.50 ..... | — 42.50 |
| | | Kr. 451.40 |
| | Til frádráttar: | |
| 1. | Sláturlaun ..... | kr. 13.60 |
| 2. | Verðjöfnunarsjóðsgjald ..... | — 2.35 |
| 3. | Sölulaun ..... | — 13.53 |
| 4. | Þegar greitt í peningum ..... | — 378.52 |
| | | Kr. 408.00 |

Innstæða stefnanda nemur þannig kr. 43.40, enda fellst rétturinn ekki á, að reikna megi stefnanda til frádráttar kostnað við rekstur fjárins frá Höfn til Borgarness, eins og stefndi heldur fram að gera beri.

Verða stefnanda því dæmdar kr. 43.40 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og kr. 60.00 upp í málskostnað.

Dóm þenna kvað upp Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Verzlunarfélagið Borg h/f, greiði stefnandanum, Jóni Þorkelssyni, kr. 43.40 með 5% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags og kr. 60.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 12. febrúar 1947.

Nr. 59/1945. **Georg Magnússon** (Sjálfur)
gegn
**Garðari Þorsteinssyni** (Sjálfur).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Öflun skýrslna.

**Úrskurður hæstaréttar.**

Mál þetta höfðaði stefndi gegn áfrýjanda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til lúkningar skuldakröfu. Áfrýjandi sótti hvorki bæjarþingið né lét sækja það af sinni hálfu, og var málið því dæmt samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Áfrýjandi, sem er ólöglærður maður, hefur nú fyrir hæstarétti borið það fram, að sér hafi verið ókunnugt um stefnuna og að sér vegna þess og vegna fjarveru sinnar úr bænum hafi eigi verið unnt að sækja dómþingið. Kveðst hann hafa komið til bæjarins að kvöldi hins 15. júní 1944, sama daginn og málið hafði verið tekið til dóms, og frétt þá um stefnuna. Hafi hann nokkru síðar, en þó áður en dómur var upp kveðinn, snúið sér fyrst til fulltrúa borgardómara og síðan til borgardómarans sjálfs með beiðni um endurupptöku málsins, og hafi borgardómari tjáð sér, að endurupptaka væri ekki heimil. Fram er komið í málinu vottorð hlutaðeigandi fulltrúa borgardómara, er styður skýrslu áfrýjanda um það, sem fram fór milli hans og fulltrúans. Er þörf á því, að einnig verði aflað yfirlýsingar þáverandi borgardómara, Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara, um þetta atriði, og ber að leggja fyrir héraðsdómarann að afla þeirrar yfirlýsingar.

Ályktarorð:

Héraðsdómaranum ber að afla framangreindrar yfirlýsingar.

---

Föstudaginn 14. febrúar 1947.

Nr. 20/1946. **Haraldur Georgsson** (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn
**Ewald Berndsen og gagnsök**
(Hrl. Sigurður Ólason).

**Setudómari Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébætur vegna umferðarslyss.

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. febr. 1946. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að ábyrgð á tjóninu verði skipt milli aðilja og dæmd fjárhæð færð niður, og verði þá málskostnaður í héraði felldur niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 12. október 1946 skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 31. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1945 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Bifreiðarstjóri sá, sem ók bifreið aðaláfrýjanda, þegar slysið varð, gætti þess ekki að draga nægilega úr ferð bifreiðarinnar, áður en hann ók fram hjá reiðmönnunum. Þá sýndi hann ekki fulla aðgæzlu, er hann gaf hljóðmerki og skipti um gang bifreiðarinnar í lítilli fjarlægð frá hestun-

um. Hins vegar verður ekki talið, að reiðmennirnir hafi hagað ferð sinni þannig, að þeir hafi orðið meðábyrgir að slysinu. Ber samkvæmt þessu að taka til greina aðalkröfu gagnáfrýjanda og dæma aðaláfrýjanda til að greiða honum kr. 2000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1945 til greiðsludags. Svo ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn samtals kr. 1200.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Haraldur Georgsson, greiði gagnáfrýjanda, Ewald Berndsen, kr. 2000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1945 til greiðsludags og samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1945.**

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Ewald verzlunarmaður Berndsen, Grettisgötu 71 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. apríl 1945, gegn Haraldi Georgssyni, Haga í Grímsnesi, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 2000.00 eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómara með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður falli þá niður.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en hjá því var síðargreind bifreið stefnda tryggð.

Málavextir eru þessir:

Hinn 13. ágúst 1944 um kl. 2 síðdegis var stefnandi við annan mann á leið að þjóðveginum á móts við Hraðastaði. Hafði hvor um sig tvo til reiðar og voru að því komnir að ríða út á þjóðveginn, er þeir heyrðu bifreið stefnda, X 22, gefa hljóðmerki. Bifreiðin var á austurleið og virðist hafa verið á að gizka um 50 metra frá reiðmönnunum. Þeir héldu samt sem áður áfram ferð sinni upp á þjóðveginn, en námu þar staðar á vegarbrúninni og snéru í austur. Nokkurn veginn samstundis bar bifreiðina að, og hljóp þá hestur sá, er förunautur stefnanda sat, inn á veginn og varð fyrir bifreiðinni, þrátt fyrir það að stjórnandi hennar hemlaði hana þegar í stað og sveigði til hægri út af veginum. Hlaut hesturinn ,er var eign

stefnanda, svo mikil meiðsl á hægra afturfæti, að ekki varð hjá því komizt að skjóta hann þegar í stað.

Stefnandi og förunautur hans hafa báðir haldið því fram hér fyrir dómi, að stjórnandi bifreiðar stefnda hafi gefið hvelt hljóðmerki í sama bili, sem bifreiðin fór fram hjá hestunum, og hafi hestur sá, er slasaðist, fælzt við það, og er bótakrafan öðrum þræði byggð á því atriði. Í annan stað hefur stefnandi haldið því fram, að stjórnandi bifreiðarinnar hafi ekki gætt tilskilinnar varúðar, er hann ók fram á hestana, og beri eigandi hennar því fulla ábyrgð á tjóni því, er af hefur hlotizt.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að stjórnandi bifreiðarinnar hafi gætt allrar þeirrar varúðar, sem honum var skylt, þar eð hann hafi gefið hljóðmerki í tæka tíð, þegar er hann varð hestanna var, hann hafi ekið hægt, er hann varð var við þá, og dregið úr hraðanum eftir það, enda upp brekku að sækja, og loks hafi snarræði hans og staðarþekking komið í veg fyrir, að meira slys yrði af. Þá hefur því og verið sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda, að annað hljóðmerki hafi verið gefið í þann mund, er bifreiðin rann fram hjá hestunum. Loks hefur stefndi haldið því fram, að öll sök á slysi þessu sé hjá stefnanda og förunauti hans, þar eð þeir hafi haldið áfram ferð sinni, eftir að viðvörunarmerki var gefið, þótt þeir hafi þá ekki verið komnir upp á þjóðveginn, þar sem þeir hafi þá átt að gæta sín sérstaklega vegna væntanlegrar umferðar bifreiða á sunnudegi að sumarlagi.

Gegn mótmælum bifreiðarstjórans og vætti allmargra farþega í bifreiðinni er ósönnuð sú staðhæfing stefnanda, að gefið hafi verið hljóðmerki, er bifreiðin var að koma að hestunum, og verður krafa hans því eigi tekin til greina á þeim grundveli. Hins vegar er það ljóst af því, sem upp er komið í málinu, að stjórnandi bifreiðarinnar hefur eigi gætt þeirrar sérstöku varkárni, sem lögboðin er í 28. gr. laga nr. 23 frá 1941, er hann ók fram á stefnanda og hesta hans, og verður því að telja hann eiga meginsök á slysi þessu, en með hliðsjón af því, sem þegar hefur sagt verið um háttsemi stefnanda og förunauts hans, verður að líta svo á, að þeir hafi ekki farið að fyrirmælum 12. gr. laga nr. 24 frá 1941, og leiðir það til þess, að stefnandi verður einnig talinn eiga nokkra sök á slysinu. Þykja sakarhlutföll réttilega metin þannig, að stefnandi beri þriðjung sakar, en stefndi tvo þriðju.

Fjárhæð bótakröfu stefnanda hefur ekki sætt rökstuddum andmælum, og verða úrslit málsins því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1333.34 með vöxtum, eins og krafizt var, og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Haraldur Georgsson, greiði stefnanda, Ewald Berndsen, kr. 1333.34 með 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1945 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 17. febrúar 1947.

Kærumálið nr. 5/1947. **Erfingjar Einars Benediktssonar**
gegn
**H/f Braga.**

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Synjað frestbeiðni.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 30. janúar síðastl., sem hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 28. f. m., þar sem sóknaraðilja er ex officio synjað um frest í máli hans gegn varnaraðilja.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, dags. 5. þ. m., þar sem hann krefst þess, að framangreindum úrskurði verði hrundið og að krafa hans um tveggja mánaða frest verði tekin til greina. Svo krefst hann kærumálskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Kröfu sína um tveggja mánaða frest rökstyður málflutningsmaður kæranda með því, að eftir uppkvaðningu dóms hæstaréttar í kærumáli varnaraðilja gegn sóknaraðilja frá 16. des. f. á. hafi hann ákveðið að hætta við flutning málsins og sé honum nauðsynlegur umræddur frestur til þess að tilkynna þetta umbjóðendum sínum, sem flestir séu búsettir erlendis, til þess að þeir geti útvegað sér annan málflutningsmann.

Eins og ljóst er af forsendum hins kærða úrskurðar,

hefur mál sóknaraðilja á hendur varnaraðilja dregizt á langinn í héraði, þar sem munnlegur málflutningur í því var upphaflega ákveðinn 28. apríl 1945. Málflutningsmanni sóknaraðilja var það því í lófa lagið að gera ráðstafanir i tæka tíð, ef svo kynni að fara, að dómur hæstaréttar í fyrrgreindu kærumáli gengi á móti honum. Þykir því bera að neita um frest þann, sem krafizt er, og staðfesta úrskurð héraðsdómarans að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1947.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 24. þ. m., hefur Sigurgeir hæstaréttarlögmaður Sigurjónsson f. h. þeirra Katrínar Hrefnu Benediktsson Decastro, Benedikts Arnar Benediktsson, Erlu Benediktsson, Stefáns Más Benediktsson og Einars Vals Benediktsson höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. september f. á., gegn stjórn hlutafélagsins Braga, hér í bæ, f. h. félagsins og krafizt þess, að síðargreindur samningur verði dæmdur ógildur og stefnda dæmt til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómara.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að hinn 17. janúar 1938 undirritaði Einar heitinn Benediktsson, fyrrum sýslumaður, samning, þar sem hann selur og afsalar stefnda eignarrétti á öllu því, sem hann hafði samið, og var andvirði hins selda kr. 7000.00. Stefnendur halda því fram, að þegar Einar Benediktsson, faðir þeirra, gerði samning þenna, hafi hann, og reyndar löngu fyrr, verið svo farinn að heilsu, líkamlega og andlega, að hann hafi ekki getað gert sér ljóst, hvað hann var að gera. Telja þeir, að heilsuleysi hans hafi verið alkunna, og beri því að ógilda samning þenna.

Umboðsmenn aðilja töldu gagnasöfnun í máli þessu lokið hinn 26. apríl 1945. Eftir það varð umboðsmanni stefnenda kunnugt um, að lík Einars Benediktssonar var krufið, og fór hann fram á það, að skýrsla um krufninguna yrði lögð fram í málinu, og var handhafi hennar skyldaður til þess með úrskurði bæjarþings hinn 16. júní 1945.

Stefndi skaut úrskurði þessum til hæstaréttar, sem lagði fyrir héraðsdóm að gefa þeim venzlamönnum Einars heitins, sem getur

í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 19 frá 1940, kost á að andmæla því, að skýrslan verði lögð fram. Er yfirýsingar aðilja þessara, þar á meðal stefnenda máls þessa, bárust hæstarétti, þóttu þær eigi svo ákveðnar, að umboðsmaður þeirra yrði talinn hafa haft nægilega heimild til að krefjast þess, að skýrslan yrði lögð fram, og var úrskurður bæjarþingsins því úr gildi felldur með dómi hæstaréttar 16. f. m. Var því ákveðið, að munnlegur málflutningur skyldi fram fara 24. þ. m., en í því þinghaldi fór umboðsmaður stefnenda fram á tveggja mánaða frest í málinu. Umboðsmaður stefnda lét frestbeiðni þessa ekki til sín taka, en dómari tók hana til úrskurðar ex officio.

Umboðsmaður stefnenda rökstuddi beiðni sína með því, að sér væri nauðsyn að hafa samband við umbjóðendur sína af tilefni framangreinds dóms hæstaréttar.

Með skírskotun til þess, sem að framan var rakið um sögu máls þessa, þykja þessi rök umboðsmanns stefnenda eigi fá réttlætt frekari frest í málinu. Samkvæmt þessu og með vísan til 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber því að synja um hann, enda er eigi líklegt gert, að aukinna gagna sé von í máli þessu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður eigi veittur.

---

Mánudaginn 17. febrúar 1947.

Nr. 44/1943. **Guðmundur Sigurðsson**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
**hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps**
**f. h. hreppsins** (Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Sveitarfélagi dæmdur forkaupsréttur að jörð.

**Dómur hæstaréttar.**

Bergur Jónsson, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1943, gerir þær dómkröfur, að hann

verði algerlega sýknaður í málinu og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til þeirra raka, sem greind eru í hinum áfrýjaða dómi, verður ekki hjá því komizt að staðfesta hann.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mikill dráttur hefur orðið á máli þessu fyrir hæstarétti af hendi málflutningsmanns áfrýjanda. Hefur hann talið dráttinn stafa af veikindum áfrýjanda, en ekki réttlæta þau svo mikinn drátt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

**Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 2. marz 1943.**

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, með stefnu, útgefinni 18. september 1941, af Sigurjóni Jónssyni oddvita fyrir hönd hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps gegn Guðmundi H. Sigurðssyni, bónda í Lækjarbotnum (Lögbergi) í Seltjarnarneshreppi, og hefur hann gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að láta hreppsnefndinni í té afsal fyrir jörðinni Lækjarbotnum með öllum gögnum og gæðum gegn greiðslu á kaupverði að upphæð kr. 27000.00 — tuttugu og sjö þúsund krónur —, aðallega með þeim hætti, að hreppsnefndin taki að sér að greiða 15 þús. krónur, sem hvíla á eigninni með 1. veðrétti, á næstu 15 árum með 5% ársvöxtum, greiði 6 þúsund krónur við undirskrift sölusamnings, en mismunurinn greiðist við undirritun afsalsbréfs fyrir jörðinni 1. júní 1941, en til vara, að farið verði eftir samningsuppkasti milli stefnda og Benedikts Elfars (rskj. nr. 6) um sölu á jörðinni. Þá gerir hann kröfu til þess, að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndi hefur gert þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að haustið 1940 hóf Benedikt Elfar, kaup-

maður í Reykjavík, máls á því við stefnda, að hann vildi kaupa eignarjörð hans Lækjarbotna í Seltjarnarneshreppi (Lögberg). Samningum milli þeirrra var svo langt komið í desembermánuði, að uppkast var gert að kaupsamningi að tilhlutan Benedikts Elfars. Um það leyti hafði stefndi ákveðið „með sjálfum sér", að réttast mundi að taka kauptilboði Benedikts Elfars.

Hinn 14. desember 1940 skrifaði hann síðan hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, en bréfið kom þó ekki í hendur nefndinni fyrr en 31. desember 1940. Í bréfi þessu tók stefndi fram, að hann tilkynnti hreppsnefndinni, að hann hafi ákveðið að selja eignarjörð sína Lækjarbotna (Lögberg) í þessum mánuði (desember 1940). Kaupandi sé Benedikt Elfar kaupmaður, en kaupverð 27 þús. kr., sem greiðist með þeim hætti, að kaupandi taki að sér að greiða 15 þús. kr., sem hvíli á eigninni tryggð með 1. veðrétti, greiði við undirskrift kaupsamnings 6 þús. kr. og eftirstöðvarnar 1. júní 1941, þegar afsalsbréf verði gefið út.

Hinn 4. janúar 1941 kom hreppsnefndin saman til þess að ræða erindi stefnda, og bókar nefndin þá, að stefndi bjóði „hreppsnefndinni að neyta forkaupsréttar síns að jörðinni". Á þessum fundi var þó engin ákvörðun tekin.

Með bréfi, dags. 6. janúar 1941, (rskj. nr. 16), sendi stefndi hreppstjóra Seltjarnarneshrepps uppkastið að kaupsamningnum (rskj. nr. 6), og er það frá honum komið í hendur stefnanda. —

Hinn 10. janúar 1941 var mál þetta enn rætt í hreppsnefndinni, og samþykkti hún þá, að neyta forkaupsréttar síns, og var þessi samþykkt tilkynnt stefnda, fyrst munnlega símleiðis, en síðar með bréfi, dagsettu 11. janúar 1941.

Hinn 17. janúar fóru síðan fjórir af hreppsnefndarmönnunum upp að Lækjarbotnum (Lögbergi) á fund stefnda til þess að ganga frá samningum við hann um jarðarkaupin, en stefndi var þá ekki undir það búinn og færðist undan. Hreppsnefndin kom nú enn saman 28. janúar 1941, og var þá samþykkt að halda fast við fyrri ályktun um kaup á jörðinni, jafnvel þó leita þyrfti aðstoðar dómstólanna til þess að knýja þau fram.

Á þessum fundi hreppsnefndarinnar var mættur umboðsmaður af hálfu stefnda, og var honum tilkynnt þessi samþykkt, en stefnda var sjálfum einnig skrifað um áyktun fundarins.

Enn var 25. marz 1941 mál þetta rætt í hreppsnefndinni, og var þá einnig mættur umboðsmaður af hálfu stefnda. Á þessum fundi voru ekki frekari ályktanir gerðar.

Hinn 22. apríl 1941 var loks lögð fram í hreppsnefndinni tilkynning frá umboðsmanni stefnda, dags. 3. apríl 1941, í þá átt, að stefndi væri hættur við að selja jörðina.

Hreppsnefndin ítrekaði þó samþykkt sína, að halda stefnda við tilboð hans, og samþykkti að höfða mál þetta.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi með bréfi sínu, er hann ritaði hreppsnefndinni 14. desember 1940, gert nefndinni kauptilboð, sem hreppsnefndin hafi síðan samþykkt að ganga að með ályktun sinni 10. janúar 1941. Stefnandi hefur vísað til 4. og 6. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og haldið því fram, að öll skilyrði til lögjöfnunar væru fyrir hendi. Þegar stefnandi hefði látið fara fram samþykkt á tilboði stefnda, hefði bindandi samningur verið gerður milli aðilja.

Stefndi hefur á hinn bóginn bent á, að stefndi hafi engin bindandi loforð gefið um sölu á jörðinni, en í desembermánuði 1940 hafi hann ákveðið „með sjálfum sér" að selja Benedikt Elfar jörðina. Hann hefur haldið því fram, að forkaupsréttarlögin skapi engan sjálfstæðan rétt, heldur verði ákvæðum þeirra aðeins beitt, ef sala á fasteign hefur farið fram. Hér hafi ekkert bindandi loforð legið fyrir um sölu á fasteigninni, og hefði verið um nokkurn rétt að ræða, þá hefði Benedikt Elfar afsalað honum. Forkaupsréttarlögin geri aðeins ráð fyrir, að forkaupsréttarhafi gangi inn í kaup, og sé eigi um sjáfstæðan rétt að ræða, heldur afleiddan rétt. Ef tilætlunin hefði verið önnur, þá mundi hafa verið kveðið skýrt á um það í forkaupsréttarlögunum. Í þessu máli væri tilætlunin að þvinga fram sölu, langt fyrir neðan sannvirði eignarinnar. Þá hefur stefndi haldið því fram, ef um nokkurn sjálfstæðan rétt hefði verið að ræða, þá væri hann niður fallinn, sökum þess að málið hefði ekki verið rekið með hæfilegum hraða, en í 7. grein forkaupsréttarlaganna er svo ákveðið, að höfða beri mál innan 6 mánaða, eftir að réttarhafi fær vitneskju um „misfelluna", og halda síðan áfram málinu með hæfilegum hraða. Þá hefur stefndi mótmælt því, að ákvæði laga nr. 7/1936 verði heimfærð upp á það tilvik, sem hér um ræðir.

Rétturinn lítur svo á, að stefndi hafi með bréfi sínu, dags. 14. desember 1940, sem hann skrifaði til stefnanda og tikynnti, að hann hefði ákveðið að selja jörð sína, boðið stefnanda að neyta forkaupsréttar síns, og hafi verið um bindandi tilboð að ræða af hans hálfu. Þetta tilboð samþykkti stefnandi síðan 10. janúar 1941.

Það skal fram tekið, að rétturinn telur, að málið hafi verið rekið með hæfilegum hraða af hálfu stefnanda.

Með því að til grundvallar liggja samningar þeir, sem farið höfðu fram milli stefnda og Benedikts Elfars, verður við niðurstöðu máls þessa að hafa hliðsjón af þeim, að breyttum þeim tímaákvörðunum, sem þar eru tilteknar, í samræmi við það, sem til var ætlazt. Sá kaupsamningur er á þessa leið (rskj. nr. 6):

Við undirritaðir, annars vegar Guðmundur H. Sigurðsson, eigandi og ábúandi jarðarinnar Lækjarbotna (Lögbergs) í Seltjarnarneshreppi, sem seljandi, og Benedikt Elfar, kaupmaður í Reykjavík, hins vegar sem kaupandi, gerum með okkur svofelldan

kaupsamning:

1. gr.

Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupandi til þess að kaupa jörðina Lækjarbotna (Lögberg) í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu. Jörðin er seld með öllum gögnum og gæðum og öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, þar með talin jarðarhús, svo sem íbúðarhús, 2 fjós, 2 fjárhús, 1 hesthús og 3 hlöður, með öllu múr- og naglföstu og fylgifé, mannvirki öll á jörðinni, svo sem girðingar, vörzlugarðar og önnur mannvirki, hverju nafni sem nefnast, og allar umbætur og viðaukar á löndum og húsum, allt með þeim einum undantekningum, er segir í næstu grein.

2. gr.

Undanskilið sölunni er: 1. Mannvirki þau, er brezka setuliðið hefur gert á jörðinni og húsum hennar, að svo miklu leyti, sem þau eru ekki seljanda eign. 2. Sumarbústaðurinn Selfjallaskáli, með landi því, er honum fylgir samkvæmt samningi dags. .... 3. Sumarbústaðurinn Hamar ásamt landi því, er honum fylgir samkvæmt samningi dags. .... 4. Skátabústaðurinn ásamt landi því, er honum fylgir samkvæmt samningi dags. .... 5. Úr landi jarðarinnar hafa verið leigð lönd fyrir 16 sumarbústaði, og eru þau þessi: Litlidalur, Sunnuhlíð, Klettahlíð, Hraundalur, Ólafsdalur, Fagrahlíð, Leirdalur, Lækjamót, Moshóll, Hraunprýði, Hóll og er byggt á þessum löndum. Enn fremur óbyggð lönd þessum mönnum: Kristjáni Vattnes lögregluþj., Friðbirni Hólm vélsmið, Jóni Sumarliðasyni bílstj., Óskari Smith pípulagningarmanni og Ágúst Kristjánssyni lögregluþj.

Samningar um lönd þessi verða afhentir kaupanda við undirskrift samnings þessa, og er kaupanda kunnugt, að byggingar á löndunum eru eign leigutakanna.

3. gr.

Jörðin er seld með landamerkjum samkvæmt útnefningarbréfi, dags. 22. júlí 1865, sem afhent verður kaupanda við undirskrift afsals, en auk þess fylgir með í sölunni landspilda, er seljandi keypti af eig. Elliðakots árið 1911. Spilda þessi er sunnan Suðurlandsbrautar og er kölluð „Lækir“ og „Tröllabörn“. Merki hennar eru þessi: (Ekki til greind).

4. gr.

Hið selda er selt, eins og það er nú, og skal skilað kaupanda í sama ástandi, er hann tekur við því í nætskomandi fardögum, árið 1941. — Afnot til þess tíma hefur seljandi og nýtur arðs, enda greiðir hann alla skatta og skyldur til sama tíma, þar með talin brunabótatrygging á húsum. Seljandi er ábyrgur fyrir skemmdum og rýrnun, er á hinu selda kynnu að verða, þar til kaupandi tekur

við því, og greiðir álag vegna rýrnunar, nema um sé að ræða slit, sem leiðir af venjulegri notkun. Hið selda skal hagnýtt þannig, að eigi sé til tjóns fyrir kaupanda, vorverk unnin og annað, eins og venja er til.

5. gr.

Hið selda er selt hafta og kvaðalaust að öllu leyti, þar á meðal laust úr ábúð, og með öllum þeim rétti, er seljandi hefur eignazt það og á. Veðbönd þau, sem nú hvíla á hinu selda, skulu losuð af því, eigi síðar en um leið og afsal er gefið.

6. gr.

Kaupverðið er kr. 27000.00 og greiðist þannig:

1. Þegar seljandi sýnir, að hann hafi boðið réttum aðiljum að neyta forkaupsréttar og þeir hafa hafnað ..... kr. 12000.00
2. Með skuldabréfi að upphæð kr. 15000.00, er endurgreiðist með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum þann 1. sept. ár hvert, í fyrsta sinn 1. sept. 1942. Vextir 5% p. a. greiðast eftir á jafnframt afborgunum. Bréfið sé tryggt með 1. veðrétti í jörðinni — 15000.00

Samtals kr. 27000.00

7. gr.

Þegar kaupandi tekur við jörðinni og afhendir skuldabréfið, nefnt í 3. lið 6. gr., fær hann afsal fyrir hinu selda. Þar til afsal fer fram, hefur kaupandi veðrétt í hinu selda næst eftir áhvílandi veðskuldum fyrir þeim kr. 12000.00, sem hann greiðir samkvæmt 1. lið 6. gr.

8. gr.

Af samningi þessum eru gerð 2 samhljóða frumrit, og heldur hvor aðili sínu.

9. gr.

Kostnað við samningsgerð, þinglýsingu, stimplun skjala og þ. l. greiðir kaupandi.

10. gr.

Komi til máls út af samningi þessum, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, án þess sátta sé leitað af sáttanefnd.

Til staðfestu eru nöfn aðilja og votta.

Reykjavík, ..... des. 1940.

Vottar:

Samkvæmt framansögðu ber að taka varakröfu stefnanda til greina og dæma stefnda til þess að afsala stefnanda jörðinni Lækjarbotnum samkvæmt rskj. nr. 6 í máli þessu, að því breyttu, að við undirskrift afsals greiðist kr. 13000.00.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 650 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðmundur H. Sigurðsson, skal afsala stefnanda, Sigurjóni Jónssyni f. h. hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps, jörðinni Lækjarbotnum í Seltjarnarneshreppi með húsum, gögnum og gæðum fyrir 27 þús. krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Við undirskrift afsals skal stefnandi greiða stefnda 13 þúsund krónur, en að öðru leyti skal afsalið vera í samræmi við rskj. nr. 6 í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda 650 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 17. febrúar 1947.

Kærumálið nr. 6/1947. **Eric Christiansen**
gegn
**Sveini & Gísla h/f.**

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Kröfu um frávísun máls hrundið.

**Dómur hæstaréttar.**

Friðjón Skarphéðinsson, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með bréfi 31. janúar þ. á. kært til hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Akureyrar 27. s. m., um, að máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja skuli ekki vísað frá undirrétti. Barst hæstarétti kæran 7. þ. m.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti greinargerð né kröfur í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessu fellur kærumálskostnaður í hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

**Úrskurður bæjarþings Akureyrar 27. janúar 1947.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms þann 28. þ. m., hafa stefnendur, Sveinn og Gísli húsabyggingameistarar, Siglufirði, höfðað fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, birtri 16. þ. m., á hendur Erik Christiansen, Dalvík, Eyjafjarðarsýslu, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 5630.25, ásamt 6% ársvöxtum frá 3. okt. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við þingfestingu varð það að samkomulagi milli aðilja, að málið skyldi rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar.

Stefndi krafðist þess, að málinu yrði vísað frá dómi vegna galla á málatilbúnaði, þar sem það væri höfðað á varnarþingi stefnda, án þess það væri fyrst lagt til sátta fyrir sáttamenn, en engin heimild væri til slíkrar málsmeðferðar. Þá krafðist stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Stefnendur mótmæltu frávísunarkröfunni og málskostnaðarkröfunni með skírskotun til þess, að mál þetta er eitt þeirra mála, sem stefnda er skylt að þola dóm í utan varnarþings síns samkvæmt 82. gr. einkamálalaganna, en samkvæmt 5. tölulið 5. gr. sömu laga leitar dómari sátta í slíkum málum. Stefnendur segja stefnukröfuna vera fyrir andvirði hurða og glugga, er þeir létu stefnda í té frá starfsstofu sinni á Siglufirði.

Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda, að stefnendur hafi fasta starfsstofu á Siglufirði í merkingu 82. gr. einkamálalaganna, og er ekki ágreiningur um það, að mál þetta hefði verið undanþegið sáttaumleitan sáttamanna, ef það hefði verið höfðað á varnarþingi stefnenda.

Orðalag 5. töluliðs 5. gr. einkamálalaganna þykir ekki heimila þá túlkun, að reglan gildi einungis, ef varnarþingsheimild 82. gr. laganna er notuð. Er því nægilegt, að heimildin sé fyrir hendi. Samkvæmt þessu er mál þetta undanþegið sáttatilraun sáttamanna, og verður frávísunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 19. febrúar 1947.

Nr. 140/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
**Eiríki Símonarsyni Beck**
(Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Um öflun gagna í lögreglumáli.

**Úrskurður hæstaréttar.**

Rétt þykir, að háð verði rækilegri rannsókn í máli þessu, áður en dómur gengur í því í hæstarétti.

Kærði er sóttur til refsingar vegna aksturs bifreiðar með áhrifum áfengis hinn 9. marz 1946. Honum var þá tekið blóð af Birni Guðbrandssyni lækni, og var það merkt nr. 1561. Þann 22. s. m. gaf Jóhann yfirlæknir Sæmundsson vottorð þess efnis, að áfengisákvörðun á blóði, merktu nr. 1561, hafi sýnt „reduction", er samsvari áfengismagni 2,51 ‰. Verjandi kærða hefur staðhæft það í vörn sinni, að blóð það, sem Jóhann yfirlæknir rannsakaði, geti ekki verið úr kærða, þar sem hann hafi ekki neytt áfengis í þeim mæli á þeim tíma, er hér skiptir máli, að ofangreint áfengismagn hafi verið í blóði hans. Það þykir varhugavert að ganga fram hjá þessari staðhæfingu verjanda. Ber því að láta fram fara rækilega athugun á því, hver háttur var hafður við blóðtöku úr kærða. Er rétt að lögreglumaður sá eða lögreglumenn þeir, sem fóru með kærða til blóðtöku, séu spurðir um það, hvaða varúðarreglum hafi verið beitt til þess að afstýra því, að blóðúrtak kærða ruglaðist saman við blóðúrtak úr öðrum mönnum. Svo skal og spurt um, hvernig hagað hafi verið geymslu á blóðinu og hverjir hafi farið með það til Jóhanns yfirlæknis Sæmundssonar til rannsóknar. Þá skal og læknir sá, sem framkvæmdi blóðtökuna, spurður um þann hátt, er hann viðhafði við hana, og hvort skráð sé í bækur á Landspítalanum um framkvæmd blóðrannsókna. Leitt skal og í ljós, hver meðferð sé almennt höfð á blóði,

sem tekið er úr mönnum til áfengisákvörðunar, til þess að tryggja það, að ekki verði villzt á blóðúrtökum.

Loks ber að rannsaka annað það, sem framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að heyja framangreinda rannsókn.

---

Föstudaginn 21. febrúar 1947.

Nr. 43/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
**Páli Melsted,**
**Elínu Guðrúnu Vigfúsínu Melsted**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
**og Pétri Eggerz-Stefánssyni**
(Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Brot gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöf.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu hinna ákærðu af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir, hafa ákærðu Páll Melsted og Pétur Eggerz-Stefánsson gerzt sekir við þau ákvæði verðlagslaga og verðlagsreglna svo og gjaldeyrislaga, sem greind eru í hinum áfrýjaða dómi.

Ákærða Elín Guðrún Vigfúsína Melsted var ein af stjórnarmönnum h/f G. Helgason & Melsted. Verður að gera þær kröfur til hennar, að hún aflaði sér vitneskju um rekstur félagsins í höfuðdráttum. Átti henni því að vera kunnugt um verðlagsbrot félagsins, sem framið hafði verið að staðaldri um langan tíma. Verður þess vegna að telja,

að hún hafi gerzt brotleg við sömu lagaákvæði og hinir samákærðu Páll Melsted og Pétur Eggerz-Stefánsson.

Það ber að meta hinum ákærðu til refsilækkunar, að verðlagsyfirvöld, er fengu vitneskju um annmarka á verðlagningu vara af hálfu h/f G. Helgason & Melsted síðsumars 1943, virðast ekki hafa látið málið á neinn hátt til sín taka gagnvart fyrirsvarsmönnum félagsins fyrr en í árslok 1944, er opinberrar rannsóknar var krafizt.

Refsing ákærða Páls Melsteds þykir hæfilega ákveðin kr. 45000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Péturs Eggerz-Stefánssonar þykir hæfilega ákveðin kr. 15000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 75 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærðu Elínar Guðrúnar Vigfúsínu Melsted þykir hæfilega ákveðin kr. 5000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs ágóða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Páll Melsted og Elín Guðrún Vigfúsína Melsted greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 2500.00. Ákærði Pétur Eggerz-Stefánsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 1000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 3000.00, greiði öll hin ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Páll Melsted greiði kr. 45000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Pétur Eggerzt-Stefánsson greiði kr. 15000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 75 daga varðhald í stað sekt-

arinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða Elín Guðrún Vigfússína Melsted greiði kr. 5000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs ágóða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærðu Páll Melsted og Elín Guðrún Vigfúsína Melsted greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00. Ákærði Pétur Eggertz-Stefánsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, greiði öll hin ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. febrúar 1946.**

Ár 1946, mánudaginn 4. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 310—312/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Páli Melsted, Pétri Eggerz Stefánssyni og Elínu Guðrúnu Vigfússínu Melsted, sem tekið var til dóms hinn 29. nóvember 1945.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Páli Melsted stórkaupmanni, Freyjugötu 42, Pétri Eggerz Stefánssyni stórkaupmanni, Flókagötu 5, og Elínu Guðrúnu Vigfúsínu Melsted, frú, Freyjugötu 42, eiginkonu ákærða Páls, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni.

Ákærði Páll Melsted er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. október 1894. Hinn 28. maí 1935 var hann með réttarsátt sektaður um kr. 20.00 fyrir ógætilegan akstur. Hinn 25. nóvember 1936

var hann vegna firmans G. Helgason & Melsted kærður fyrir meint brot gegn lögum um gjaldeyri og innflutning. Mál þetta var sent dómsmálaráðuneytinu hinn 16. janúar 1937, og mun það eigi hafa fyrirskipað frekari aðgerðir í því. Hinn 6. maí 1940 var ákærði sektaður með réttarsátt um kr. 20.00 fyrir brot gegn umferðarreglum. Að öðru leyti en nú hefur verið rakið, hefur ákærði hvorki sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Pétur Eggerz Stefánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. ágúst 1900. Hinn 10. október 1944 var hann sektaður um kr. 25.00 fyrir að sinna ekki umferðarbendingu lögreglunnar, en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærða Elín Guðrún Vigfúsína Melsted er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 14. marz 1898, og hefur hún hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Hlutafélagið G. Helgason & Melsted er skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur 26. september 1930. Frá 17. október 1942 og fram á árið 1945 var stjórn hlutafélagsins þannig skipuð, að ákærði Páll var formaður, en hin ákærðu Pétur Eggerz og Elín Guðrún Vigfúsína meðstjórnendur. Voru þau því í stjórn félagsins á þeim tíma, er hinir kærðu atburðir gerðust. Hinn 7. júlí 1945 gekk ákærði Pétur Eggerz úr stjórn félagsins, en í hans stað var kosinn Einar Farestveit, Hringbraut 205. Samkvæmt vottorði úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur, dagsettu 6. september 1945, var stjórn hlutafélagsins þá skipuð þannig: Ákærði Páll formaður og meðstjórnendur Margeir Sigurjónsson, Framnesvegi 24, og Einar Farestveit, Hringbraut 205. Á þeim tíma, er hér skiptir máli, var ákærði Páll aðalhluthafi félagsins, átti hlutafé að upphæð kr. 55000.00, en allt hlutafé félagsins var á sama tíma kr. 60000.00. Ákærði Pétur Eggerz átti á sama tíma hlutafé í félaginu, að upphæð kr. 2000.00, og ákærð Elín Guðrún Vigfúsína og tveir menn aðrir sinn 1000 króna hlutinn hvert.

Í síðastliðin 10 ár hefur ákærði Páll verið framkvæmdarstjóri og stjórnarformaður félagsins. Ákærða Pétri Eggerz var veitt prókúruumboð fyrir félagið hinn 18. september 1940. Með bréfi til félagsins, dagsettu 1. júní s. l., óskar ákærði Pétur Eggerz að verða leystur frá stjórnarstörfum í félaginu, þar eð hann sé hættur störfum í þágu þess. Einnig óskar hann afturköllunar prókúruumboðs síns, og loks býður hann félaginu til kaups hlutabréf sín í félaginu. Hinn 9. júní s. l. var prókúruumboð hans afturkallað.

Félagið hefur frá upphafi rekið heildverzlun hér í bænum og hefur það verið aðalstarfsemi þess. Auk þess hefur félagið rekið allmikla útflutningsverzlun með skinnvöru, dún og lýsi o. fl. Frá 1936 hefur félagið haft útibú í Færeyjum. Þegar ákærði Páll var í New York seint á árinu 1940, kynntist hann þar íslenzkum verzlunarmanni, Edvard Frímannssyni, nú til heimilis á Hringbraut 146

hér í bæ. Samdist þá svo með þeim, að Edvard yrði fyrst um sinn erindreki G. Helgasonar & Melsted h/f í New York. Á stjórnarfundi félagsins 11. desember 1942 var samþykkt að veita Edvard prókúruumboð fyrir félagið, og því hélt hann fram í nóvember 1944. Á stjórnarfundi 6. þess mánaðar var samþykkt að afturkalla prókúruumboð hans, og hinn 10. s. m. kveðst Edvard hafa fengið tilkynningu um þetta. Var hann fram á þenna tíma umboðsmaður félagsins í New York og annaðist vörukaup fyrir það og heimsendingu varanna. Um miðjan janúar 1944 kom ákærði Páll til New York, og var hann þar í þágu félagsins fram í ársbyrjun 1945. Meðan ákærði Páll var vestanhafs, annaðist ákærði Pétur Eggerz framkvæmdarstjórn félagsins hér í bæ.

Í verðlagningarreglum, útgefnum af verðlagsstjóra í umboði Viðskiptaráðs hinn 11. marz 1943, birtum í Lögbirtingablaði hinn 13. sama mánaðar, segir svo í 2. tölulið: „Hafi verzlun umboðsmann eða útbú erlendis til þess að annast þar vöruinnkaup fyrir sig, má verzlunin bæta allt að 5% af innkaupsverði vörunnar við verð hennar, eftir að álagningu hefur verið bætt við kostnðarverð, ef skilríki eru sýnd fyrir því, að umboðsmaðurinn eða útbúið hafi annazt innkaup vörunnar.“ Þessar verðlagningarreglur voru úr gildi numdar 6. október 1943, en þá jafnframt settar nýjar verðlagningarreglur, sem höfðu að geyma samskonar ákvæði um álagningu vegna umboðsmanns eða útbús erlendis.

Hinn 31. marz 1944 var gefinn út svohljóðandi viðauki við þessar reglur: „Verðlagningin skal jafnan byggð á vörureikningi frá erlendum seljanda.“ Áður en þessi regla kom til framkvæmda, hafði tíðkazt, að umboðsmenn íslenzkra innflytjenda vestanhafs sendu vörur hingað til lands með vörureikningum, sem þeir gáfu út sjálfir. Til að ganga úr skugga um, hvort nefndum ákvæðum frá 11. marz og 6. október 1943 hefði verið hlýtt, og þá hve mikil brögð hefðu verið að **brotum gegn þeim, voru hlutaðeigandi fyrirtækjum** gefin fyrirmæli um það í apríl 1944 að skila verðlagsstjóra frumvörureikningum um þær vörusendingar, sem sendar höfðu verið hingað með vörureikningum íslenzkra borgara í Bandaríkjunum. Við samanburð frumreikninga, er G. Helgason & Melsted h/f skilaði verðlagsstjóra samkvæmt nefndum fyrirmælum, og eigin vörureikningum umboðsmanns félagsins í New York kom í ljós, að umboðsmaðurinn hafði ekki farið eftir nefndri reglu um 5% álagningu. Með bréfi, dagsettu 27. desember 1944, kærði verðlagsstjóri félagið fyrir þetta. Af þeim frumreikningum, sem verðlagsstjóra höfðu þá borizt, sem voru um 85 vörusendingar, að innkaupsverði kr. 718823.83, taldi hann hafa komið í ljós, að ólöglegur hagnaður félagsins næmi af þeim sendingum kr. 80132.35, og er sú tala út af fyrir sig óvéfengd af ákærðu. Vantaði þá frumreikninga fyrir 70 vörusendingum, að innkaupsverði kr. 631170.00. Hinn 3.

janúar 1945 var hrl. Ragnar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, skipaður til að framkvæma endurskoðun hjá félaginu til upplýsingar máls þessa. Samkvæmt skýrslu hans, sem nær yfir tímabilið 11. marz 1943 til 1. marz 1945, en hún er tölulega óvéfengd af ákærðu, eftir að félagið hafði látið athuga hana af sinni hálfu, nemur álagning umboðsmanns félagsins í New York, um fram hin heimiluðu 5%, á vörur þær, er hann sendi hingað til lands á eigin vörureikningum, sem frumreikningum hefur verið skilað um, og afsláttur hinna erlendu seljenda, sem eigi er getið í vörureikningum, hvort tveggja að viðbættri heildsöluálagningu, kr. 114886.43. Upphæðin skiptist þannig, að umframálagning umboðsmanns, að viðbættri heildsöluálagningu á hana, nemur kr. 99364.19, en afslátturinn, að viðbættri heildsöluálagningu, nemur kr. 15522.24. Allar þær vörur, sem hér er um að ræða, eru toll- og verðreiknaðar hér eftir útgáfu nefndra verðlagningarreglna frá 11. marz 1943. Umframálagning sú, er getið hefur verið, er allmisjöfn á hinar ýmsu vörusendingar, og á fjölmörgum vörusendingum er hún engin. Frá afslætti þeim, sem nefndur hefur verið, hefur ákærði Páll sjálfur skýrt.

Félagið hefur eigi skilað verðlagseftirlitinu frumvörureikningum fyrir innfluttar vörur á umræddu tímabili, að upphæð $ 111536.48 samkvæmt vörureikningum umboðsmanns félagsins. Fullnægjandi skýring á vanrækslu um skil þessara frumvörureikninga hefur eigi fengizt af félagsins hálfu. Hin ákærðu Pétur Eggerz og Elín Guðrún Vigfúsína hafa enga skýringu getað á þessu gefið. Ákærði Páll kveður frumreikningana hafa verið í vörzlum umboðsmannsins Edvards Frímannsonar í New York, og kveðst hann hafa gert það, sem í sínu valdi stóð, til að fá hann til að koma þeim áleiðis til verðlagseftirlitsins, en veit ekki um árangur þess. Þrjá eða fjóra frumreikninga kveðst ákærði Páll þó hafa flutt með sér áleiðis hingað til lands 1945, en þeir hafi farizt ásamt öllum hans farangri með e/s Dettifossi, sem skotinn var niður 21. febrúar 1945. Edvard Frímannsson telur sig hafa komið öllum frumreikningunum til íslenzka ræðismannsins í New York, en getur þó eigi fullyrt, að svo hafi verið.

Vegna vöntunar þessara frumreikninga er ógerlegt að finna raunverulegt innkaupsverð félagsins á vörum þessum. Undir rannsókn málsins féllst ákærði Páll á það við verðlagsstjóra og hefur staðfest það samkomulag fyrir lögregluréttinum, að ólöglegur hagnaður reiknist af þeim vörukaupum, sem frumreikninga vantar fyrir, í sama hlutfalli og ólöglegur hagnaður reyndist vera af þeim vörukaupum, sem frumreikningum hefur verið skilað fyrir. Samkvæmt þessari reglu, sem rétt þykir að fara eftir, nemur ólöglegur hagnaður samkvæmt skýrslu endurskoðandans af þeim vörum, sem frumreikninga vantar fyrir, kr. 43797.27. Samkvæmt þessu nemur samanlagður ólöglegur hagnaður félagsins samkvæmt skýrslu endur-

skoðandans kr. 158684.27. Hér á landi var aldrei lagt á innfluttar vörur félagsins vegna umboðsmannsins í New York. Ákærði Páll hefur vafningalaust viðurkennt og aldrei sagzt hafa farið dult með, að álagning umboðsmannsins vestra á vörur, keyptar frá Ameríku, hafi verið hærri en 5%. Kveður hann það hafa verið reglu, að umboðsmaðurinn legði á vöruna 10—15%, stundum lægra, allt niður í 3%, en stundum hærra, allt upp í 20—25%, ef um smásendingar var að ræða. Umboðsmaðurinn sendi vörurnar hingað á vöru-reikningum, sem hann gaf sjálfur út, og var vöruverðið þar ósundurliðað, en ekki greint í frumverð og álagningu. Hefur svo verið í öllum þeim tilfellum, þar sem um ólöglega álagningu er að ræða. Umboðsmaðurinn, Edvard Frímannsson, telur álagninguna vestra yfirleitt hafa verið 15%. Telur hann þetta hafa verið reglu, sem hann man þó eigi, hvernig skapaðist, og hafi eigi verið breytt frá henni, nema eftir sérstökum fyrirmælum frá aðalskrifstofu félagsins. Í skýrslu endurskoðandans kemur fram, að þessi regla staðfestist við samanburð frumreikninganna og reikninga umboðsmannsins, en þess jafnframt getið, að frá þessari reglu sé þó oft vikið.

Fyrirsagnir verðlagningarreglanna frá 11. marz og 6. október 1943 eru á þá lund, að ætla mætti, að margnefnd 5%-regla næði einungis til vara þeirra, sem sérstök verðlagsákvæði giltu um. Þetta er þó eigi svo, þegar nánar er að gætt, því að samkvæmt 1. gr. verðlagslaganna nr. 3/1943 er verð allra vara háð valdi Viðskiptaráðs, og það hafði raunverulega afskipti af verðlagi annarra vara en þeirra, sem sérstök verðlagsákvæði giltu um, sbr. reglur Viðskiptaráðs frá 26. febrúar 1943, aðra regluna frá 11. marz s. á. og 7. gr. verðlagslaganna. Var framkvæmdin sú, að hver verðreikningur um vörur, sem sérstök verðlagsákvæði voru eigi um, var athugaður, álagning innflytjandans eftir atvikum samþykkt eða lækkuð og sú ákvörðun talin jafngilda sérstökum verðlagsákvæðum, enda kveður Viðskiptaráð undantekningarlaust hafa verið farið eftir þessu af innflytjenda hálfu. Þó að sumar þeirra vara, er G. Helgason & Melsted h/f flutti inn og meira var lagt á vegna Ameríkuumboðsins en 5%, hafi eigi verið háðar sérstökum verðlagsákvæðum, þykir 5%-reglan samt sem áður ná til þeirra, enda er það í fullu samræmi við framkvæmdir Viðskiptaráðs í þessum efnum. Ákærði Páll virðist hafa ráðið mestu um rekstur félagsins á því tímabili, er hér skiptir máli, og hann kveðst hafa að mestu ráðið álagningu umboðsmannsins vestra. Var honum þó frá upphafi kunn margnefnd 5%-álagningarregla frá 11. marz og 6. október 1943.

Ákærði Pétur Eggerz skýrir svo frá, að þegar hann gekk inn í félagið 1942, hafi ákærði Páll skýrt sér svo frá, að ákveðið hefði verið, að umboðsmaðurinn vestanhafs mætti í engum tilfellum leggja meira á vörur þær, er hann sendi félaginu, en 15%. Kveðst hann

ekki hafa vitað til þess, meðan hann starfaði í félaginu, að þessari reglu væri breytt. Kveðst hann því hafa búizt við, að álagning umboðsmannsins á greindu tímabili væri í ýmsum tilfellum hærri en 5% og allt upp í 15%. Ekkert aðhafðist hann þó til, að þessu yrði breytt, þar sem hann taldi það ekki í sínum verkahring. Virðist ákærði Pétur Eggerz að þessu leyti frekar hafa litið á sig sem starfsmann félagsins en stjórnanda og ekki hafa viljað hrófla við ákvörðunum ákærða Páls um álagninguna.

Ákærði Pétur Eggerz hafði, meðan hann starfaði í félaginu, aðgang að bréfaskiptum þess og bókum og fylgdist með starfsháttum þess yfirleitt.

Eins og sést af skýrslu endurskoðandans og áður er á minnzt, nemur afsláttur hinna erlendu seljenda, að viðbættri heildsöluálagningu á hann, kr. 15522.24. Afslátt þenna fékk félagið af verði vara hjá hinum amerísku seljendum þeirra, en hans var eigi getið í vörureikningunum, heldur var verð vörunnar þar talið að fullu, eins og enginn afsláttur hefði verið gefinn. Var varan síðan greidd þessu verði seljendunum, sem svo endurgreiddu félaginu afsláttinn. Heildsöluálagning hér kom bæði á hið raunverulega vöruverð og afsláttinn. Eigi verður séð, að félaginu hafi verið heimilt að telja afsláttinn með í vöruverðinu, enda er eigi í verðlagningarreglunum frá 11. marz og 6. október 1943 leyft að telja afslátt sem þenna með í innkaupsverði vöru.

Eins og atvikum um umframálagninguna hefur nú verið lýst, þykja ákærðu Páll og Pétur Eggerz hafa gerzt brotlegir við 2. tl. verðlagningarreglanna frá 11. marz 1943 og I. lið 2 sams konar reglna frá 6. október s. á., og með því að reikna afsláttinn í innkaupsverðinu teljast þeir hafa gerzt brotlegir við sömu verðlagningarreglur. Enn fremur hafa þeir gerzt brotlegir við reglurnar frá 31. marz 1944. Öll þessi brot varða þá refsingu samkvæmt 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna nr. 3/1943.

Vegna umframálagningar þeirrar, er að framan greinir, safnaðist félaginu nokkur erlendur gjaldeyrir vestanhafs, þar sem allar vörur félagsins, keyptar þaðan, voru með leyfi íslenzkra gjaldeyrisyfirvalda greiddar í erlendum gjaldeyri. Verulegur hluti þessa fjár mun hafa farið í kostnað við starfsemi félagsins vestanhafs, en það, sem ekki eyddist þannig, kveður ákærði Páll vera í New York, annaðhvort í vörum eða peningum, eða sem inneign hjá umboðsmanni félagsins. Umboðsmaðurinn hefur haldið því fram, að öllu fé félagsins, sem til hans kom og ekki fór í kostnað, hafi verið varið til vörukaupa. Af þessum skýrslum má telja, að umframálagningunni hafi, að svo miklu leyti, sem hún fór eigi í kostnað, verið varið til vörukaupa eða lagzt fyrir vestanhafs. Með því að nota nokkuð af gjaldeyri þessum til vörukaupa án leyfis gjaldeyrisyfirvaldanna hér og með því að skila eigi sölubanka gjaldeyrisins þeim

hluta gjaldeyrisins, sem eigi þurfti að nota til greiðslu andvirðis hinna keyptu vara, hafa ákærðu gerzt brotlegir við 5. gr. 1. og 5. mgr. sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 77/1943 og 4. sbr. 6. gr. laga nr. 1/1943. Ljóst er, að ákærði Páll hefur gerzt brotlegur við þessi ákvæði, og þar sem ákærði Pétur Eggerz vissi um umframálagninguna og að hún greiddist umboðsmanninum í erlendum gjaldeyri, en hann aðhafðist ekkert til að ákvæðum gjaldeyrislöggjafarinnar um skil hans væri hlýtt, telst hann einnig hafa gerzt brotlegur við nefnd ákvæði gjaldeyrislöggjafarinnar.

Þó að ákærða Elín Guðrún Vigfússína væri í stjórn félagsins, tók hún mjög lítinn þátt í störfum þess og kveðst að heita má hafa haldið sér alveg utan við þau. Segir hún sér vera algerlega ókunnugt um sakarefni, enda hafi hún eigi verið í ráðum um verðlagningu hinna innfluttu vara. Ákærði Páll, eiginmaður hinnar ákærðu, segir hana ekkert hafa fylgzt með rekstri félagsins og hafi henni verið gersamlega ókunnugt um sakarefni. Ákærði Pétur Eggerz telur frálcitt, að henni hafi verið kunnugt um sakarefni. Ekkert hefur fram komið, er bendir til nokkurrar þátttöku ákærðu í framangreindum brotum gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöfinni. Samkvæmt þessu þykir rétt að sýkna hana af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Vörureikningar þeir, sem félagið lagði fyrir verðlagsyfirvöldin, greindu ekki, svo sem lýst hefur verið, verð það, sem félagið greiddi seljendum varanna í Ameríku, heldur var þar talið í einu lagi verð varanna, er seljendum var greitt, og álagning umboðsmanns félagsins á það. Reikningar þessir voru því ófullkomnir, þar sem þeir báru ekki með sér, hvaða verð félagið greiddi fyrir vöruna, og veittu reikningarnir verðlagsyfirvöldunum tilefni til að krefja félagið sagna um álagningu þess. Þykja reikningar þessir ekki hafa haft að geyma yfirlýsingu um, að félagið hefði ekki lagt á vöruna vestanhafs meira en 5%. Þykja hin ákærðu því eigi hafa gerzt brotleg við XV. kafla hegningarlaganna að þessu leyti, og eigi verður heldur séð, að þau hafi með notkun frumvörureikninganna gerzt brotleg við nefndan hegningarlagakafla. Verða hin ákærðu því sýknuð af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Refsingar hinna ákærðu Páls og Péturs Eggerz ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing Páls hæfilega ákveðin 60000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Vegna allrar afstöðu ákærða Péturs Eggerz, bæði til félagsins og ákærða Páls, sbr. einkum, hversu lág hlutafjáreign hans var, svo og hins refsiverða verknaðar sjálfs, þykir saknæmi brots hans mun minna heldur en ákærða Páls. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 25000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3

mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ágóði sá, er félagið hefur haft af verðlagsbrotum ákærðu, nemur samkvæmt framansögðu kr. 158684.27. Samkvæmt 69. gr. 3. tl. hegningarlaganna ber að gera hann upptækan ríkissjóði til handa, og ber að dæma hin ákærðu fyrir félagsins hönd til að greiða hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa. Hefur núverandi stjórn félagsins lýst því yfir, að dómur um upptöku ólöglegs ágóða úr hendi félagsins í máli þessu sé jafngildur gagnvart félaginu og núverandi stjórn þess hefði verið stefnt.

Skipaður verjandi ákærða Páls og ákærðu Elínar Guðrúnar Vigfúsínu var hrl. Einar B. Guðmundsson. Þar sem vörn hans fjallar nær eingöngu um mál þetta almennt og ákærða Pál, þykir rétt að dæma ákærða Pál til að greiða öll málsvarnarlaun verjandans, er þykja hæfilega ákveðin kr. 2000.00. Ákærða Pétur Eggerz ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00. Allan annan kostnað sakarinnar ber að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af því, að beðið var dóms hæstaréttar í hliðstæðu máli. Hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærða Elín Guðrún Vigfússína Melsted skal vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærði Páll Melsted greiði 60000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Pétur Eggerz Stefánsson greiði 25000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin ákærðu greiði f. h. G. Helgason & Melsted h/f ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 158684.27, innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Páll Melsted greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 2000.00.

Ákærði Pétur Eggerz Stefánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1500.00. Allan annan sakarkostnað greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1947.

Nr. 116/1946. **Ráttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Garðar Þorsteinsson)
gegn
**Herði Wium Vilhjálmssyni**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

**Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

**Úrskurður hæstaréttar.**

Rannsókn máls þessa hefur ekki verið af hendi leyst með þeirri nákvæmni og vandvirkni sem nauðsynleg er um svo mikilvægt mál. Þykir því verða, þó langt sé um liðið, síðan slysið varð, að leggja fyrir héraðsdómara að heyja rækilega framhaldsrannsókn, áður en málið er dæmt í hæstarétti. Ber að veita hæstaréttarlögmönnum þeim, sem með málið fara, kost á því að vera við þá rannsókn. Sérstaklega ber að leita skýrslna um þau atriði, sem nú verða rakin:

Þaulspyrja ber vitnið Nikulás Má Nikulásson, sem eiðfestur hefur verið eftir lauslega skýrslu. Skýrslur lækna um krufningu drengs þess, sem fyrir slysinu varð, sýna, að allur hægri hluti líkama hans hefur orðið fyrir miklum áverkum. Virðast þessar skýrslur ekki verða vel samþýddar þeim framburði Nikulásar Más, að einungis höfuð drengsins hafi lent á öxli eða hjólkoppi á hægra afturhjóli bifreiðarinnar. Vitnið segir, að bifreið ákærða hafi ekið eftir miðjum vegi, en drengurinn verið að beygja upp á steypta veginn, þegar slysið varð, og drengurinn hafi þá fallið á bifreiðina. Ber dómara að leiða vitninu fyrir sjónir, að þessi skýrsla þess sé ekki trúleg, og spyrja það ýtarlega um þetta atriði.

Spyrja ber ákærða um það, hvort hann hafi ekki verið í þann veginn að fara fram úr bifreiðum þeim, sem á undan honum voru, þegar slysið varð. Benda ber honum á, að líkur séu til þess, að hann hafi verið nær hægri vegarbrún, þegar áreksturinn varð, heldur en hann hafi viljað vera láta.

Þá skal gerð tilraun til að hafa upp á mönnum þeim, sem voru á palli bifreiðar þeirrar, er ók á undan ákærða. Leita ber og að öðrum þeim mönnum, sem kunna að hafa komið á slysstaðinn þegar eftir slysið. Spyrja skal vitni, ef finnast, m. a. um akstursbraða ákærða, hvar hann ók á veginum svo og um stöðu bifreiðar hans á veginum eftir slysið.

Svo ber héraðsdómara og að rannsaka önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin gefur efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að heyja framangreinda rannsókn.

---

Mánudaginn 24. febrúar 1947.

Nr. 113/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn
**Sæmundi Guðmundssyni**
(Hrl. Lárus Fjeldsted).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Líkamsáverkar.

**Dómur hæstaréttar.**

Með úrskurði hæstaréttar 25. nóvember f. á. var lagt fyrir héraðsdómara að afla skýrslu læknis um heilsu Árna Ragnars Magnússonar. Magnús héraðslæknir Pétursson og Helgi yfirlæknir Tómasson hafa nú rannsakað Árna Ragnar. Þeir telja hann engin varanleg mein hafa hlotið af áverkum þeim, er ákærði veitti honum. Minnisleysi það, er Árni Ragnar hefur kvartað undan, telja læknarnir eigi heldur verða til þeirra áverka rakið.

Atvikum máls þessa er að öðru leyti rétt lýst í héraðsdómi. Atferli ákærða, er hann á Skólavörðuholti réðst ölvaður á Árna Ragnar Magnússon, varðar við 217. gr. laga nr. 19/1940, 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 3. og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Árás

ákærða á Árna Ragnar heima hjá honum varðar við 218. gr. sbr. 75. gr. laga nr. 19/1940. Háttsemi ákærða 28. júlí 1945, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaganna og 3. og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum fangelsi 9 mánuði.

Samkvæmt skýrslum, sem fram hafa komið við flutning málsins fyrir hæstarétti um kaup Árna Ragnars, þykir mega taka fyrsta lið skaðabótakröfu hans til greina að fullu. Ákvæði héraðsdóms um annan lið bótakröfunnar ber að staðfesta. Með hliðsjón af aðdraganda árásarinnar og öðrum málavöxtum þykja bætur til handa Árna Ragnari samkvæmt þriðja lið kröfu hans hæfilega metnar kr. 6000.00. Ákærði verður því dæmdur til að greiða Árna Ragnari samtals kr. 12350.00.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sæmundur Guðmundsson, sæti fangelsi 9 mánuði.

Ákærði greiði Árna Ragnari Magnússyni kr. 12350.00.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 700.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

## Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. júní 1946.

Ár 1946, föstudaginn 14. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1969/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Sæmundi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sæmundi Guðmundssyni verkamanni, skála 105 á Skólavörðuholti, til refsingar, greiðslu skaðabóta og málskostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. maí 1914 að Lágafelli í Mosfellssveit og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1942 $^{2}/_{9}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.
1942 $^{23}/_{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{2}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{18}/_{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{2}/_{4}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1943 $^{18}/_{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{1}/_{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{18}/_{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{19}/_{8}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1943 $^{2}/_{8}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1943 $^{16}/_{10}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1945 $^{10}/_{3}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1945 $^{9}/_{12}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1946 $^{3}/_{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Laugardaginn 12. maí 1945 um klukkan 2 eftir hádegi, að því er ákærði kveður, kom hann að skála þeim, er hann þá bjó í, nr. 64 á Skólavörðuholti. Meðferðis hafði hann kjöt og önnur matvæli, trékassa, er hann hugðist nota í uppkveikju, og skó, er hann hafði keypt handa Láru Maríu Jóhannesdóttur, en með henni bjó hann í nokkur ár, og eiga þau eitt barn saman. Fyrir utan skálann sá hann, hvar Lára María og Árni Ragnar Magnússon prentari, Karlagötu 15, voru að tala saman. Kveðst ákærði hafa haft sterkan grun um, að þau væru í mjög nánum kunningsskap, enda hafa þau bæði viðurkennt að hafa haft líkamleg mök saman. Segist ákærði hafa beðið þau að koma inn í skálann til að ræða um samband þeirra og leiðrétta, ef hann misskildi það að einhverju leyti, og hafi hann haft Árna Ragnar fyrir rangri sök, þá skyldu þeir sættast

og drekka saman úr einni brennivínsflösku, er hann átti, en ákærði hefur viðurkennt að hafa verið áberandi ölvaður þarna. Þessu hafi þau Lára María og Árni neitað, svo að ákærði sló hann með krepptum hnefa í andlitið, en þá hafi Árni Ragnar tekið til fótanna og hlaupið niður Barónsstíg.

Árni Ragnar Magnússon skýrir svo frá, að hann hafi hitt Láru Maríu um fjögur leytið þann 12. maí 1945, er hann var á leið heim til sín yfir Skólavörðuholtið, og kemur þessi tímaákvörðun heim við frásögn Láru Maríu. Ákærði hafi kastað í hann trékassa án nokkurra orða, elt hann niður Barónsstíg með grjótkasti og slegið hann lítið högg í andlitið, en engin meiðsli hafi hlotizt af því. Hafi hann því næst farið heim til sín og háttað, þar eð hann var eftir sig eftir dansleik, sem hann var á kvöldið áður. Þessu hefur ákærði neitað og segist ekki minnast þess að hafa kastað í Árna Ragnar grjóti, hann hafi að vísu verið með trékassann og ef til vill kastað honum eitthvað til, en ekki í Árna.

Lára María kveður það rétt, að ákærði hafi beðið þau að koma inn í skálann og ræða samband þeirra, en að rangt sé, að hún hafi neitað því. Þá fullyrðir hún, að ákærði hafi kastað trékassanum í Árna.

Eftir að Árni Ragnar var farinn frá skálanum, kveðst ákærði hafa farið inn til sín, dvalizt þar allan daginn og sofnað. Um kvöldið vaknaði hann, og var Lára María þá farinn út. Grunaði hann, að hún hefði farið heim til Árna. Beið hann nokkra stund, ef vera kynni, að hún hefði aðeins brugðið sér frá. Segist hann hafa drukkið talsvert af víni og gerzt áberandi ölvaður. Um kl. 9 fór ákærði út og heim til Árna Ragnars að Karlagötu 15. Kveður ákærði dyrnar að herbergi hans hafa verið læstar, og hafi hann því brotið þær upp og farið inn í herbergið. Hafi hann þá séð, hvar Árni Ragnar og Lára María lágu saman upp í legubekk (dívan) með sæng yfir sér og kápa hennar og skór hafi verið á stól í herberginu, en hvort hún hafi farið úr kjól sínum, kveðst hann ekki hafa vitað. Segist ákærði nú hafa ráðist á Árna, en með hverjum hætti, man hann eigi. Eftir þetta kveðst ákærði ekki muna eftir sér, fyrr en hann var á leið heim til sín, en er hann kom þangað, hafi hann séð barn sitt útatað í málningu. Hafi hann því farið inn í næsta skála og beðið fólk þar um að hjálpa sér að þvo barninu. Meðan hann dvaldist þarna, hafi svo lögregluþjónn komið, handtekið hann og fært í varðhald.

Lára María Jóhannesdóttir hefur skýrt svo frá, að eftir skipti þeirra Árna Ragnars og ákærða fyrir utan skálann hafi hann lagt sig og sofnað, en vaknað um sjöleytið og borðað kvöldmat og sofnað svo aftur. Undir kl. átta hafi hún farið heim til Árna að Karlagötu 15. Ákærði segist aftur á móti ekki muna greinilega eftir því, að Lára hafi eldað handa honum kvöldmat, en þegar hann vaknaði

þetta kvöld, hafi hún verið farin út. Kveðst hún hafa haft meðferðis bók, er hún ætlaði að skila Árna Ragnari, en man þó ekki greinilega eftir þessu og segir, að hafi svo verið, þá hafi það verið að yfirskini einu gert. Var Árni háttaður, er hún kom til hans. Segist hún hafa farið úr kápunni og setzt upp í legubekkinn hjá honum eða ef til vill lagzt upp í hann, en að þau hafi ekki haft líkamleg mök saman í þetta skipti. Brátt hafi það borizt í tal, að ef til vill mundi ákærði koma á eftir henni og væri því hyggilegra að aflæsa hurðinni, enda hafi það verið gert. Er hún hafði dvalizt þarna um ½ klukkustund, segir hún, að tekið hafi verið í hurðarhúninn og hurðin brotin upp, en inn í herbergið hafi ákærði komið. Hann hafi sagzt vita, hvar hennar væri að leita, tekið síðan flösku, er þar stóð á borði, og barið henni í höfuðið á Árna Ragnari. Flýtti Lára María sér inn í snyrtiherbergi og lokaði að sér. Von bráðar komu lögregluþjónar, en þá var ákærði farinn. Ólafur Guðmundsson hafi svo fylgt henni heim til hennar, en ákærði kom þangað rétt á eftir úr næsta skála og ætlaði að ráðast á hana, en lögregluþjónninn handtók hann og færði á lögreglustöðina.

Árni Ragnar Magnússon kveður ákærða hafa komið heim til sín, 15 til 30 mínútum eftir að Lára María var þangað komin, en hvort hún hafi legið uppi í legubekknum hjá honum, kveðst hann ekki muna, telur að hún hafi setið í hægindastól eða á rúmstokknum hjá honum. Ákærði hafi brotið upp dyrnar að herberginu, ruðzt inn í það og að rúmi Árna Ragnars, barið hann með krepptum hnefanum á hægra augað og gripið því næst tóma vínflösku, sem stóð þarna á borði, og barið hann mörg högg í höfuðið með henni, svo að hann missti meðvitund. Hann segist þó minnast þess að hafa séð Ólaf Guðmundsson lögregluþjón og einnig, að farið væri með hann á Landspítalann.

Vitnið Ólöf Guðbrandsdóttir húsfreyja, Karlagötu 15, 26 ára að aldri, skýrir svo frá, að um klukkan 8 laugardagskvöldið 12. maí 1945 hafi stúlka komið í heimsókn til Árna Ragnars. Er hún hafði dvalizt þar um ½ klukkustund, segist vitnið hafa heyrt, að barið var á herbergishurð Árna, hún því næst brotin upp og maður farið inn í herbergið. Heyrði vitnið nú neyðaróp í fyrrgreindri stúlku og að hún hljóp inn í snyrtiherbergi og lokaði sig þar inni. Fór vitnið nú út á tröppur og kallaði á Ingva Pétursson verzlunarmann, sem einnig býr á Karlagötu 15, en hann var að lagfæra gangstétt. Við svo búið fór vitnið inn í íbúð sína og sá þá fyrrgreinda stúlku og segist ekki hafa getað betur séð en hún væri fullklædd. Ekki kveðst það hafa litið inn í herbergi Árna Ragnars og séð, hvernig þar var umhorfs.

Vitnið Ingvi Magnús Pétursson, 33 ára að aldri, skýrir svo frá, að er Ólöf Guðbrandsdóttir kallaði á það, hafi það hlaupið upp í herbergi Árna Ragnars, dyrnar hafi verið upp á gátt og að ákærði

hafi staðið með reidda flösku yfir Árna, þar sem hann lá með sæng yfir sér uppi í legubekknum, og slegið bylmingshögg í höfuðið á honum með flöskunni. Kveðst vitnið hafa kallað til ákærða, sem snéri sér að því og lagði flöskuna á borð. Virtist vitninu hann vera eitthvað undarlegur og reyndi að koma honum út úr herberginu og fram á gang. Bað það hann að bíða, meðan það sækti lögreglu, og játaði ákærði því. Fór vitnið nú út í næsta hús og hringdi á lögreglustöðina, en er það kom aftur þaðan út, sá það, hvar ákærði hljóp upp eftir Karlagötu. Ekki kveðst vitnið hafa séð kvenmann hjá Árna, fyrr en það kom frá því að hringja á lögreglustöðina, en þá mætti það konu á leið niður stigann frá Árna Ragnari og bað hana að bíða, þar til lögreglan kæmi, og hafi hún svo farið í fylgd með lögregluþjóni, en um hálf ellefu leytið hafi Árni verið sóttur í sjúkrabifreið. Kveður vitnið Árna Ragnar hafa verið alblóðugan og rænulausan eða rænulítinn og óskaplegt hafi verið að sjá, hvernig hann var utleikinn.

Lögregluþjónarnir Ólafur Guðmundsson og Leifur Jónsson hafa borið það, að fyrrgreint laugardagskvöld um klukkan 9 hafi þeir farið að Karlagötu 15, en hringt hafði verið á lögreglustöðina og tilkynnt um árásina. Var þeim vísað upp í herbergi Árna Ragnars. Lá hann uppi í rúmi alblóðugur, mjög illa útleikinn og af honum dregið. Lára María var þarna, og fylgdi Ólafur henni heim, en Leifur beið, þar til sjúkrabifreið kom til að flytja Árna Ragnar á Landsspítalann. Ólafur kveðst hafa ekið Láru Maríu heim til hennar og hinkrað þar við eftir ákærða, sem kom litlu síðar og ætlaði þá að ráðast á Láru. Handtók Ólafur hann þá, járnaði og færði á lögreglustöðina.

Árni Ragnar Magnússon kveðst hafa hlotið mjög mikla áverka af árás ákærða, og hafi hann legið mjög þungt haldinn á Landsspítalanum frá 12. maí 1945 til 11. júní s. á. Höfuðkúpa hans og neðri kjálki hafi brotnað og skekkzt, hann hafi hlotið mjög mörg sár á höfuðið, svo að raka varð af honum allt hárið, til þess að hægt væri að sauma þau saman. Vinstra auga hafi orðið fyrir miklum áverka, svo að sjón dapraðist, enda hafi blætt inn á augað, og að minni hans hafi sljófgazt mjög. Þá kveður hann ákærða hafa brotið 3 tennur í efri gerfigóm, en neðri gerfigóm alveg í sundur. Ekkert kveðst Árni Ragnar hafa getað unnið frá 12. maí 1945 til 1. ágúst s. á., og hefur verið lagt fram vottorð frá prentsmiðju þeirri, er hann vinnur hjá, hvað þetta atriði varðar, en það hefur þó eigi fengizt staðfest. Hann er með stórt ör vinstra megin á höku og enni, er hann kveður stafa af framangreindum áverkum, vinstri kinn hans er eins og stöðugt bólgin og stór dæld í höfðinu sjálfu. Þá kveður hann eins og eitthvað gangi til í kjálkalið, þegar hann opnar munninn, sérstaklega á morgnana, eftir að hann hefur sofið.

Þann 17. júlí 1945 hefur Kolbeinn Kristófersson læknir gefið eftirfarandi vottorð um áverka Árna Ragnars:

„Árni Ragnar Magnússon, fæddur 17. maí 1914, til heimilis Karlagötu 15, var fluttur á Landsspítalann 12. maí 1945 vegna áverka, er hann hafði hlotið skömmu áður.

Við komu var maðurinn alblóðugur og föt mjög blóðug, blóðþrýstingur 65/40, púls 104, litill. Mjög hræddur og shockeraður, en þó með rænu.

Á höfði voru 15 sár, sem náðu flest inn í bein, lengd frá 2—10 cm. Holdið í kringum sárin og barmarnir voru marðir.

Vinstra auga alveg sokkið og blæðingar í augntótt og í augnlok, enn fremur er blæðing þar undir slímhúðinni. Efri vör mjög marin og innan á henni sár ca. 5 cm langt.

Enn fremur sár vinstra megin á höku, ca. 4 cm. Blæðing úr nefi talsverð.

Röntgenmyndir sýndu:

1) brot á hauskúpu
2) brot á neðri kjálka
3) blæðingar á b. kjálkaholu.

Lá á d. V frá 12/V.— 11./VI.

Var þá orðinn vel hress, en enn þá með höfuðverk.

Ekki vinnufær enn þá vegna afleiðinga af áverkanum."

Með framangreindri árás á Árna Ragnar Magnússon, er hann lá í rúmi sínu á Karlagötu 15, hefur ákærði gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en refsingar hefur eigi verið krafizt fyrir röskun á húsfriði. Með því að vera áberandi ölvaður á almannafæri og ráðast á Árna Ragnar á Skólavörðuholtinu hefur ákærði gerzt brotlegur við 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

II.

Laugardaginn 28. júlí 1945 sat ákærði við drykkju heima hjá sér og gerðist mjög ölvaður. Klukkan rúmlega 3 e. h. fór hann út og ætlaði inn í Múlakamp. Gekk ákærði inn Laugaveg, og þegar hann kom á móts við verzlunina Ás, sá hann til ferða strætisvagns og hugðist fá far með honum. Var vagninn stöðvaður þarna við verzlunina, og ætlaði ákærði að stíga upp í hann, en bifreiðarstjórinn, Birgir Ólafur Helgason, neitaði honum um far, þar sem ákærði var drukkinn og óheimilt er að taka farþega styttri leið en inn að Árbæ með þessum áætlunarbifreiðum.

Ætlaði ákærði þá að ryðjast upp í bifreiðina, en Birgir Ólafur kveðst þá hafa stjakað honum frá og lokað dyrunum. Sló ákærði nú með hægri hendi í gegnum rúðu í hægri framhurð bifreiðarinnar, skarst allmikið og blæddi mjög. Fór Birgir Ólafur út úr strætisvagninum og hélt ákærða, þar til lögregluþjónar komu á vettvang

og færðu hann burt. Var farið með ákærða á Landsspítalann og þar gert að sárum hans, en honum síðan ekið heim. Nokkru síðar fór ákærði mjög ölvaður inn á veitingastofuna á Vitastíg 14 til þess að fá sér eitthvað að eta. Skömmu eftir að hann var þangað kominn, komu lögregluþjónar, handtóku hann og færðu á lögreglustöðina.

Gerðar hafa verið skaðabótakröfur á hendur ákærða fyrir rúðu þá, er hann braut í strætisvagninum, og fataspjöll, en Birgir Ólafur Helgason kveður mikið blóð úr ákærða hafa farið í jakka sinn. Ákærði hefur með réttarsátt gengizt inn á að greiða bætur þessar.

Hefur ákærði með atferli því, sem lýst er hér undir II., gerzt brotlegur við 18. sbr. 38. gr. áfengislaga og 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

III.

Við ákvörðun refsingar ákærða, sem ber að meta með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, þykir eftir atvikum mega taka tillit til 4. tl. 74. og 75. gr. hegningarlaganna, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði.

Árni Ragnar Magnússon, Karlagötu 15, hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 16350.00 krónur í skaðabætur, en ákærði hefur eigi getað fallizt á kröfu þessa, sem Árni Ragnar sundurliðar þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fyrir vinnutap ..... | kr. 6000.00 |
| 2. | Fyrir viðgerð á gerfitönnum ..... | — 350.00 |
| 3. | Fyrir óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum | — 10000.00 |
| | | Alls kr. 16350.00 |

Hvað kröfulið 1 snertir, þykir óvarlegt að taka hann að öllu leyti til greina, þar eð aðeins er upplýst um þetta atriði, að Árni Ragnar Magnússon hafi verið óvinnufær frá 12. maí 1945 til 1. ágúst s. á. þykir eftir atvikum hæfilegt að dæma 5000 króna bætur samkvæmt þessum lið.

Fyrir 2. kröfulið hefur verið lagður fram reikningur, og verður hann því tekinn til greina.

Þriðji kröfuliðurinn, kr. 10000.00, er þess eðlis, að illt er að ákveða, hver upphæð sé hæfileg, en með tilliti til hinna miklu áverka og lýta, er Árni Ragnar hlaut, þykir þessi krafa hans eigi svo óhóflega stillt að lækka beri hana, og verður hún því að öllu leyti tekin til greina. Samkvæmt þessu ber því að dæma ákærða til að greiða Árna Ragnari Magnússyni, Karlagötu 15, 15350.00 krónur í skaðabætur.

Sjúkrahúss- og lækniskostnaðar hefur eigi verið krafizt.

Dráttur sá, er orðið hefur á rekstri málsins, stafar af því, að mjög erfitt hefur verið að ná til ákærða og vitnisins Láru Maríu

Jóhannesdóttur, og varð að senda málið til Vestmannaeyja, eins og fram kemur í réttarprófunum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sæmundur Guðmundsson, sæti fangelsi í 9 mánuði. Ákærði greiði Árna Ragnari Magnússyni, Karlagötu 15, kr. 15350.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 26. febrúar 1947.

Nr. 41/1945. **Leifur Th. Þorleifsson** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson) gegn **Jóni Dúasyni** (Hrl. Sigurður Ólason).

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Loforð dæmt löglaust og samningur ógildur.

**Dómur hæstaréttar.**

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. marz 1945. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framkvæmd fjárnámsins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og getið er í hinum áfrýjaða úrskurði, eignaðist stefndi í janúarmánuði 1938 kröfur þær á hendur áfrýjanda og Eiríki syni hans, sem fjárnáms er krafizt fyrir í máli þessu. Þar sem þeir greiddu ekki kröfurnar, krafðist stefndi

í marzmánuði 1938, að bú Eiríks Leifssonar yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Á þessum sama tíma átti stefndi í skaðabótamáli við málflutningsfirma eitt hér í bænum vegna meðferðar firmans á kröfum, sem það hafði haft til innheimtu fyrir hann á hendur þeim feðgum. Taldi stefndi, að feðgarnir, áfrýjandi og Eiríkur, hefðu í höndum ýmis gögn, aðallega verzlunarbækur og verzlunarbréf, er honum gæti orðið að notum í ofangreindu máli. Varð þá að samkomulagi með stefnda og feðgunum, að þeir létu honum í té allar verzlunarbækur sínar frá árunum 1927—1934 og öll bréf frá firmanu Strandvold & Dúason til afnota í nefndu dómsmáli, að þeir viðurkenni reikning Strandvold & Dúason til þeirra fyrir árin 1925—1927 og standi fast við allar yfirlýsingar og viðurkenningu á viðskiptareikningnum, að þeir gefi stefnda í málaferlunum við málflutningsfirmað allar þær upplýsingar, sem stefndi þá eða síðar kunni að þurfa, og loks, að þeir veiti ekki málflutningsfirmanu, umboðsmönnum þess eða öðrum andstæðingum stefnda í nefndum málaferlum neitt liðsinni. Til endurgjalds aðstoð þessari og liðveizlu lofaði stefndi því að afturkalla beiðni sína um gjaldþrotaskipti á búi Eiríks Leifssonar og fela tilteknum manni til geymslu „um aldur og ævi“ „úrskurð þann og dóm“, sem beiðnin um gjaldþrotið var reist á.

Þar sem mál stefnda við málflutningsfirmað var risið út af skuldaskiptum við feðgana, mátti gera ráð fyrir því, að þeir yrðu kvaddir fyrir dóm sem vitni. Þá var og líklegt, að aðiljar skaðabótamálsins þyrftu báðir að fá aðgang að bókum og skjölum feðganna til afnota í málinu. Var því loforð þeirra með framangreindum skilmálum um aðstoð stefnda til handa löglaust. Verður þess vegna að telja framangreindan samning aðilja ógildan.

Samkvæmt þessu, og þar sem hinum áfrýjaða úrskurði hefur ekki verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 1. marz 1945.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 8. þ. m., hefur gerðarbeiðandi Jón Dúason, Þingholtsstræti 28 hér í bænum, krafizt þess, að fjárnám verði gert í eignum gerðarþola, Leifs T. Þorleifssonar, Ingólfsstræti 21 C hér í bæ, til tryggingar eftirtöldum kröfum:

a) Skuld samkvæmt dómi, uppkveðnum í gestarétti Reykjavíkur 30. desember 1933, í málinu Guðmundur Sigurjónsson gegn Leifi Th. Þorleifssyni o. fl., að upphæð kr. 7111.17 með 7% ársvöxtum frá 16. okt. 1933 til greiðsludags og kr. 426.50 í málskostnað.

b) Skuld samkvæmt úrskurði sáttanefndar Reykjavíkur, uppkveðnum 17. apríl 1934, í málinu Magnús Thorlacius gegn Eiríki Leifssyni og Leifi Th. Þorleifssyni, að upphæð kr. 68.50 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. marz 1934 til greiðsludags, kr. 6.85 í innheimtulaun, kr. 13.50 í málskostnað og kr. 5.00 í ómakslaun.

Einnig hefur gerðarbeiðandi krafizt fjárnáms fyrir öllum kostnaði við gerð þessa og öðrum áföllnum kostnaði svo og kostnaði við eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarbeiðandi hefur krafizt málskostnaðar.

Eftir því, sem fram er komið í málinu, eru málavextir þessir:

Gerðarbeiðandi fékk framseldar áðurgreindar kröfur í janúar 1938, og að undangenginni árangurslausri fjárnámsgerð hjá samskuldara gerðarþola, syni hans Eiríki Leifssyni, baðst gerðarbeiðandi skömmu síðar gjaldþrotaskipta á búi Eiríks. Áður en úrskurður gekk í skiptarétti um gjaldþrotabeiðnina, fór Eiríkur, sem þá var búsettur erlendis, af landi burt, og höfðu þeir gerðarþoli máls þessa og Ólafur hrl. Þorgrímsson rekstur gjaldþrotamálsins á hendi af hans hálfu upp frá því. Hófust nú samkomulagsumleitanir með gerðarbeiðanda og umboðsmönnum Eiríks Leifssonar út af gjaldþrotamálinu og lyktaði þeim svo, að hinn 11. apríl 1938 var gengið að samkomulagstilboði frá gerðarbeiðanda, og var efni þess á þá leið, að hann lofaði að slíta gjaldþrotamálinu á hendur Eiríki og „depónera" dómi þeim og sátt, sem það byggðist á, um „aldur og ævi" í hendur Ingólfs Jónssonar lögfræðings gegn því, að þeir feðgar, gerðarþoli og Eiríkur Leifsson, uppfylltu ýms skilyrði, sem talin eru upp í samkomulagstilboðinu, m. a. að þeir afhentu gerðarbeiðanda allar bókhaldsbækur þeirra feðga og verzlunarinnar

Bröttuhliðar ,sem mun hafa verið sameign þeirra, fyrir árin 1927—1934, að báðum meðtöldum, svo gerðarbeiðandi gæti notað þær eftir þörfum í sambandi við málaferli, sem hann þá átti í við málflutningsskrifstofu Péturs Magnússonar. Einnig áttu þeir feðgar að afhenda gerðarbeiðanda öll bréf, er þeir höfðu fengið frá Strandwold & Dúason. Þá var og getið ýmissa annarra skilyrða í samkomulagstilboði þessu, sem þeir feðgar skyldu uppfylla.

Samkvæmt samkomulagstilboði þessu átti Ingólfur Jónsson að skera úr því sem gerðardómari, hvort vanefnd yrði á því af hálfu aðiljanna, en vanefnd þess af hálfu gerðarþola máls þessa eða Eiríks Leifssonar skyldi varða því, að gerðarbeiðanda væri þá heimilt að beita dómi þeim og sáttanefndarúrskurði, sem fjárnáms er beiðst fyrir hér í máli þessu gegn þeim gerðarþola og Eiríki Leifssyni.

Umboðsmenn Eiríks Leifssonar gengu nú að samkomulagstilboði þessu óbreyttu og var bráðlega byrjað að efna það af hans hálfu eða þeirra feðga, og var gjaldþrotamálinu á Eirík slitið skömmu síðar. Upp frá þessu er lítið vitað um skipti aðiljanna þar til 19. desember 1940, að gerðarbeiðandi sendir gerðarþola bréf og krefst þess, að hann láti af hendi við sig ýmsar verzlunarbækur Eiríks Leifssonar, svo sem tilskilið hafi verið, enda kveðst hann þurfa á þeim að halda í sambandi við málaferli sín gegn Pétri Magnússyni. Gerðarþoli kveðst hafa svarað bréfi þessu með bréfi, dags. 4. jan. 1941, þar sem hann hafi sýnt gerðarbeiðanda fram á, að sér væri ómögulegt að verða við tilmælum hans um afhendingu á bókunum, þar sem þær væru nú úti í Danmörku, en samgöngur þangað voru þá stöðvaðar af hernaðarástæðum. Gerðarbeiðandi neitar að hafa fengið bréf þetta. Verður ekki séð, að málum þessum hafi verið hreyft framar, fyrr en gerðarbeiðandi beiddist aðfarar hér fyrir réttinum til tryggingar skuldum samkvæmt ofangreindum dómi og sáttanefndarúrskurði hinn 14. desember 1943. Mótmælti gerðarþoli þá framgangi gerðarinnar, og lauk því máli svo hér fyrir fógetaréttinum, að synjað var um framgang gerðarinnar á þeim forsendum, að þar sem gerðarþoli hefði á sínum tíma gengið að samkomulagstilboði gerðarbeiðanda frá 11. apríl 1938 óbreyttu, hefði hann einnig orðið bundinn við það atriði þess að leggja ágreining um efndir þess undir úrskurð gerðardómara, en þar sem það hefði ekki verið gert, en úrskurður gerðardómara virtist geta haft þýðingu um úrlausn þess, hvort gerðin skyldi ná fram að ganga eða ekki, bæri að synja um framgang gerðarinnar.

Gerðarbeiðandi leitaði því næst úrskurðar hins tilnefnda gerðardómara um það, hvort vanefndir teldust að hafa átt sér stað, og að úrskurði hans fengnum var fjárnámsgerðinni áfrýjað, en það mál síðan hafið fyrir hæstarétti, og baðst gerðarbeiðandi fjárnáms að nýju hinn 26. okt. s. l., en vegna annríkis hjá fógetaréttinum varð það mál ekki tekið fyrir fyrr en 15. janúar s. l.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína um framgang gerðarinnar á því, að þar sem nú sé fengin úrlausn gerðardómara þess, sem tilnefndur var í samningi aðiljanna frá 11. apríl 1938 um vanefndir samningsins, og sú úrlausn sé á þá lund, að vanefndir hafi átt sér stað af hálfu gerðarþola, sé sér samkvæmt efni þess samnings heimilt að beita aðafararheimildum þeim, sem gerðar þessarar er beiðst út af, gegn gerðarþola og þá m. a. að krefjast innheimtu skuldanna samkvæmt þeim með aðför.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því:

1) Að samningurinn frá 11. apríl 1938 sé ekki bindandi fyrir sig vegna þess, að hann sé fenginn fyrir nauðung, þ. e., að gerðarbeiðandi hafi notað sér þá aðstöðu, sem hann hafði til að krefjast gjaldþrotaskipta á búi Eiríks Leifssonar til að knýja gerðarþola til að ganga að samningnum.

2) Að hann hafi efnt samning aðiljanna frá 11. apríl 1938 að svo miklu leyti, sem ómöguleiki ekki hamlaði, og að úrlausn gerðardómarans um það, hvort vanefnd hafi átt sér stað, sé vefengjanleg af dómstólunum bæði vegna þess, að réttra formsskilyrða hafi ekki verið gætt við meðferð málsins fyrir gerðardómaranum, svo og hins, að niðurstöðu sína byggi gerðardómarinn á því, að gerðarþoli beri einn sönnunarbyrði á því, hvort réttar efndir hafi átt sér stað, en þetta sé rangt, og valdi það því, að dómstólarnir séu ekki bundnir við úrlausn gerðardómarans.

3) Að ómöguleiki hafi valdið því, að ekki var hægt að afhenda gerðarbeiðanda allar þær bækur, sem hann átti að fá samkvæmt samningnum frá 11. apríl 1938 á þeim tíma, sem hann krafðist þeirra, enda hafi gerðarbeiðanda verið það kunnugt, er hann gerði samninginn, að nokkur hluti bókanna var úti í Danmörku.

4) Að gerðarbeiðandi hafi firrt sig rétti til að bera fyrir sig vanefndir með því að taka fyrirvaralaust við efndum um nokkurra ára skeið og hefjast ekki þegar handa út af þeim vanefndum, er hann taldi orðnar.

5) Gerðarþoli hefur einnig hreyft því, að þegar fjárnámskröfunum var lýst í gjaldþrotabú gerðarþola, sem skiptum lauk í 9. marz 1936, án þess að nokkuð fengist greitt upp í þær kröfur, hafi að vísu verið slitið fyrningu á kröfunum, en þó svo, að nýja aðfararheimild þurfi til að fjárnám verði gert fyrir þeim.

6) Þá mótmælir gerðarþoli því, að fógetarétturinn geti skorið úr um þau atriði, sem hér er deilt um, og verði þau að sæta almennri meðferð einkamála.

7) Enn hefur gerðarþoli mótmælt framgangi gerðarinnar af þeim ástæðum, að fyrir hæstarétti sé nú rekið mál, þar sem krafizt er fjárnáms hjá Eiríki Leifssyni fyrir sömu kröfum og liggja til grundvallar máli þessu, og beri því af þeirri ástæðu að synja um gerð þessa.

8) Loks hefur gerðarþoli mótmælt öllum vaxtakröfum sem fyrndum, nema vöxtum fyrir seinustu 4 ár.

Í máli þessu er um það deilt, hvort tiltekin atvik, sem til eru komin eftir að aðfarargrundvellir voru fengnir, eigi að valda því, að fjárnám samkvæmt þeim skuli fara fram eða ei. Verður ekki á það fallizt, að deiluatriði þessi séu þannig vaxin, að fógetarétturinn geti ekki skorið úr um þau.

Mál það, sem nú er rekið fyrir hæstarétti varðandi fjárnámskröfurnar í máli þessu, fjallar um það, hvort fjárnám skuli framkvæma fyrir þeim hjá Eiríki Leifssyni, og getur rekstur þess ekki varnað því, að fjárnám verði gert hjá gerðarþola til tryggingar kröfunum.

Eins og áður hefur verið úrskurðað hér í réttinum, heyrir úrlausn þess, hvort vanefnd hafi orðið á samningi aðiljanna frá 11. apríl 1938, undir gerðardómara þann, sem þar er tilnefndur. Úrlausn hans um það atriði liggur nú fyrir og er á þá leið, að gerðarþoli hafi vanefnt nefndan samning. Verður að leggja úrskurð þenna til grundvallar í máli þessu, enda verður ekki séð, að aðferð gerðardómarans hafi á neinn hátt verið þannig að raskað geti gildi úrlausnar hans.

Það er ósannað af hálfu gerðarþola, að samningurinn frá 11. apríl 1938 sé fenginn fyrir nokkra þá nauðung, sem raskað geti gildi hans gagnvart gerðarþola.

Samkvæmt samningnum frá 11. apríl 1938 áttu bókhaldsbækur þeirra gerðarþola og Eiríks Leifssonar að afhendast þegar í stað. Gerðarþoli hefur viðurkennt, að þessu skilyrði hafi ekki verið fullnægt, og ber því við, að bækurnar hafi verið úti í Danmörku og gerðarbeiðanda hafi verið það kunnugt, en síðar, er gerðarþoli krafðist bókanna, hafi ómöguleiki hamlað því, að hægt væri að ná til þeirra. Um tvö ár voru liðin frá því, að samningurinn frá 11. apríl 1938 var gerður, þar til samgöngur lokuðust til Danmerkur. Þar sem nú gerðarþoli virðist hafa átt að uppfylla margnefndan samning án þess að sérstök krafa kæmi fram um efndir af hálfu gerðarbeiðanda, bar honum því þegar að búa sig undir efndir hans með því að nálgast bækur þær, sem í Danmörku voru, og þar sem hann virðist hafa haft nægan tíma til þessa, áður en samgöngur þangað lokuðust, verður að telja hann bera ábyrgð á þeim ómöguleika, sem af því stafaði.

Gerðarbeiðandi gerði kröfu um efndir samningsins frá 11. apríl 1938 í bréfi sínu til gerðarþola, dags. 19. des. 1940. Frá þeim tíma virðist hann að vísu ekki hafa gert neitt að því að krefjast efnda eða tilkynnt, að hann mundi bera fyrir sig vanefndir, en ekki verður þó talið, að hann hafi með því fyrirgert rétti sínum til þess nú að neyta réttar síns út af vanefndum gerðarþola.

Viðurkennt er af hálfu gerðarþola, að fjárnámskröfunum hafi verið lýst í þrotabú hans, sem skiptum var lokið á 9. marz 1936.

Var með þessu slitið fyrningu krafnanna, og fyrningarfrestur sá, sem þá hófst, er ekki útrunninn enn þá. Lítur rétturinn svo á, að aðfararhæfi dóms og sáttanefndarúrskurðar fyrnist ekki sjálfstætt, og haldist því rétturinn til aðfarar samkvæmt þeim svo lengi, sem dóms- eða úrskurðarkrafan er ófyrnd. Hins vegar verður að telja samkvæmt 1. mgr. 4. gr. sbr. 2. tl. 2. gr. laga nr. 14 frá 1905, að vextir af fjárnámskröfunum séu fyrndir, nema vextir fyrir seinustu 4 ár, svo og þeir vextir, sem á voru fallnir, þegar dómurinn og úrskurðurinn voru uppkveðnir.

Að framanrituðu athuguðu, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola, þó svo, að gerðin verður ekki látin ná til annarra vaxta af fjárnámskröfunum en vaxta fyrir s. l. 4 ár, svo og þeirra vaxta, sem á voru fallnir þegar framangreindur dómur og sáttanefndarúrskurðir voru upp kveðnir.

Eftir atvikum þykir rétt, að sérstakur málskostnaður vegna reksturs fógetaréttarmáls þessa falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda, Jóns Dúasonar, en á kostnað gerðarþola, Leifs Th. Þorleifssonar, þó svo, að fjárnám verður ekki gert fyrir öðrum vöxtum en vöxtum af fjárnámskröfunum fyrir s. l. 4 ár, svo og fyrir vöxtum af dómsskuldinni, kr. 7111.17, frá 16. okt. 1933 til 30. desember s. á. og fyrir vöxtum af úrskurðarkröfunni, kr. 68.50, frá 11. marz 1934 til 17. apríl s. á.

Málskostnaður af fógetaréttarmáli þessu, annar en venjulegur fjárnámskostnaður, falli niður.

---

Fimmtudaginn 27. febrúar 1947.

Nr. 1/1946. **Réttvísin** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
**Geir Emil Jónssyni** (Hrl. Ragnar Jónsson).

**Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Líkamsáverkar.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms svo og þess, að Davíð Davíðsson átti sjálfur nokkra sök á viðureign þeirri, sem í málinu greinir, þykir mega staðfesta hann, að því er

refsingu ákærða snertir, en bætur Davíð til handa þykja af sömu ástæðum hæfilega metnar 8000 krónur.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Geir Emil Einarsson, sæti 2ja mánaða fangelsi.

Hann greiði Davíð Davíðssyni kr. 8000.00.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Ragnars Jónssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 29. október 1945.**

Ár 1945, mánudaginn 29. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2860/1945: Réttvísin gegn Geir Emil Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Geir Emil Einarssyni verkamanni, til heimilis í Þingholtsstræti 3 hér í bæ, til refsingar, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. ágúst 1924 í Reykjavík. 23. september 1940 sætti hann áminningu fyrir að tvímenna á reiðhjóli, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsnigu, svo að vitað sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt sunnudagsins 25. marz s. l. hélt deild úr Svifflugfélagi Íslands dansleik í Thorvaldsensstræti 6 hér í bæ. Voru vínveitingar á dansleik þessum. Hafa mörg vitni verið leidd í máli þessu og borið, að mjög mikill drykkjuskapur, ölæði og óeirðir hafi verið á dansleiknum. Við dyragæzlu var þarna af hálfu lögreglunnar Sveinn Stefánsson lögregluþjónn, en af hálfu Svifflugfélagsins ákærði í

máli þessu. Kveðst hann hafa neytt áfengis, en ekki fundið til áhrifa þess. Varð tvívegis að fá lögregluaðstoð á dansleikinn, í fyrra sinnið kl. rúmlega 12, en í síðara skiptið kl. rúmlega 2 um nóttina.

Á dansleiknum var Davíð Davíðsson stud. med., Freyjugötu 25 A, mjög ölvaður. Skýrir ákærði svo frá málavöxtum, að milli klukkan 1 og 2 um nóttina hafi hann tekið eftir því, að Davíð var að flangsa utan í Guðmund Bjarnason verkamann, Baldursgötu 17, er einnig var þarna á dansleiknum mjög ölvaður. Óttaðist ákærði, að slagsmál mundu verða á milli þeirra, svo að hann gekk til Davíðs og sagði honum, að hann yrði að fara út. Neitaði Davíð því og sagðist ekkert hafa gert af sér. Ákærði ýtti honum þá á undan sér fram í anddyrið og út á götu. Þegar hér var komið, vildi Davíð fá að komast aftur inn til að ná í yfirhöfn sína, svo að ákærði leyfði honum það. Þegar Davíð var aftur kominn inn í anddyrið, neitaði hann að segja til, hvaða yfirhöfn hann ætti, röflaði eitthvað og sagði: „Látið mig ná haustaki á manninum" og tók ákærða haustaki. Ákærði gat losað sig, ýtti Davíð upp að vegg, hélt honum þar og margspurði hann, hvort hann ætlaði ekki að vera rólegur og segja til, hvaða frakka hann ætti. Braust Davíð um, en við það missti ákærði armbandsúr sitt, og tókst Davíð þá að losa sig og fara úr jakka sínum, en ákærði greip úrið, áður en það datt á gólfið. Klóraði Davíð nú ákærða í andlitið og reyndi að ná haustaki á honum. Ýtti ákærði honum þá upp að borði, sem var þarna rétt hjá, lagði hann upp á það, en þá tókst Davíð að grípa um höfuð hans. Ákærði barði nú Davíð 2 til 3 högg á vinstri kinn. Höggin kveður hann ekki hafa verið mjög mikil, enda hafi hann ekki haft aðstöðu til að slá þung högg. Varð Davíð nú rólegri, og hélt ákærði honum, en í þessum svifum komu lögregluþjónar að og handtóku hann.

Davíð Davíðsson stud. med. skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi farið inn á dansleikinn um 11 leytið laugardagskvöldið 24. marz s. l. ásamt Hannesi Thorsteinssyni, Skólavörðustíg 45. Þá höfðu þeir félagar báðir neytt lítils háttar áfengis, en þó ekki svo, að þeir fyndu til áhrifa þess. Á dansleiknum drukku þeir whisky, og gerðist hann mjög ölvaður. Einhvern tíma um nóttina varð hann var við ryskingar margra manna, en skipti sér ekkert af þeim. Einu sinni var hann sleginn í andlitið lítið högg, en ekki veit hann, hver það gerði, og engin meiðsli kveðst hann hafa hlotið af höggi þessu. Um það bil klukkustund síðar, að því er Davíð telur, varð hann var við, að Haukur Jakobsen, Sóleyjargötu 13, og fyrrgreindur Guðmundur Bjarnason ætluðu að fara að slást, og hafa þeir báðir viðurkennt, að þeir hafi átt þarna í erjum saman. Gekk hann því til þeirra og bað þá að hætta við slagsmál, en þá sló Guðmundur hann einhvers staðar í andlitið. Davíð er þó viss um, að hann hafi ekki hlotið áverka af höggi þessu, og ekkert blæddi úr honum. Í þessum svifum var hann gripinn tökum aftan frá af einhverjum manni, er hann sá

ekki framan í. Maður þessi sagði við hann: „Þú ert staðinn hér að slagsmálum“ og ýtti honum út úr húsinu og út á götu. Davíð fékk þó að fara aftur inn til þess að sækja yfirhöfn sína. Hann kveðst nú hafa farið að mögla eitthvað, þar sem hann hafi verið settur út úr húsinu, en greinilega man hann þó ekki, hvað skeði, þegar hér var komið. Hann kveðst þó minnast þess, að ákærði sló hann í andlitið högg mikið, svo að hann muni hafa fallið upp á borð, sem stóð í anddyrinu. Uppi á borðinu sló ákærði hann mörg högg á vinstri vanga, en hægri vangi mun hafa numið við borðplötuna. Telur Davíð, að byrjað hafi að blæða úr sér eftir fyrsta höggið, sem ákærði sló hann, enda sprakk þá fyrir á vör. Davíð kveðst minnast þess, að þegar ákærði barði hann uppi á borðinu, spurði hann, hvort Davíð væri búinn að fá nóg. Svaraði Davíð því til, „að nú skyldi hann halda áfram, úr því hann væri byrjaður.“ Lögregluþjónar komu svo á vettvang, handtóku Davíð og færðu hann út í lögreglubifreið. Eftir þetta man hann mjög óglöggt eftir sér, en ekið var með hann á lögreglustöðina, þar sem hann var yfirheyrður af Magnúsi Sigurðssyni lögregluvarðstjóra, sem kveður hann hafa verið lítils háttar blóðugan og þrotinn um munninn, með drykkjuröfl og í æstu skapi. Úrskurðaði Magnús hann því í fangageymslu lögreglustöðvarinnar.

Vitnið Hannes Þórður Thorsteinsson sjómaður, Skólavörðustíg 45, sem var með Davíð Davíðssyni á dansleiknum, hefur borið það, að þeir félagar hafi báðir verið vel kenndir þar. Einhvern tíma um nóttina sá vitnið, að Davíð var sleginn eða frekar danglað í andlitið á honum, en ekki er því kunnugt um, hver þetta gerði, og útilokað telur það, að Davíð hafi hlotið nokkurn áverka við þetta. Í þessum svifum kom dyravörður eða einhver meðlimur Sviffluglagsins til Davíðs, sagði, að hann væri að slást, og ýtti honum út úr danssalnum og út á götu. Nokkru síðar hafi Davíð fengið að koma aftur inn til að sækja yfirhöfn sína, og hafi hann þá verið rólegur, svo að vitnið fór aftur inn í danssalinn, en það hafði fylgst með Davíð fram í anddyrið. Skömmu síðar heyrði það skruðningar og læti frammi í anddyrinu og fór því þangað. Sá það þá Davíð eins og hálfpartinn liggjandi uppi á borði, og nam annar vangi hans við borðplötuna. Maður nokkur, sem dyragæzlu hafði á hendi, stóð yfir Davíð, en ekki voru þeir í handalögmáli. Þá var Davíð mjög blóðugur í andliti, varir hans bólgnar og sprungið fyrir á þeim. Ekki kveður vitnið mann þann, er stóð yfir Davíð frammi í anddyrinu, vera sama manninn og ýtti honum út úr húsinu, enda hafi það eiginlega verið hópur manna, sem það gerði.

Vitnið Ragnar Einarsson rafvirki, Nönnugötu 4, skýrir svo frá, að það hafi séð, þegar ákærði fór með Davíð Davíðsson mjög ölvaðan út úr húsinu. Litlu síðar hafi Davíð svo verið kominn aftur inn í anddyrið, og hafi þeir ákærði og hann þá verið að tuskast. Sá vitnið ákærða slá Davíð, sem var blóðugur um munninn á vinstri

vanga, og setja hann upp á borð, en ekki sá vitnið ákærða slá Davíð þar, enda hafi lögregluþjónar komið inn í anddyrið í þessa mund og handtekið hann.

Fyrrgreindur Guðmundur Bjarnason kveðst, sökum þess hve ölvaður hann var, eigi minnast þess, að Davíð Daviðsson hafi verið að flangsa utan í sér, en kveður það þó vel geta verið. Guðmundur var einnig handtekinn þarna á dansleiknum og kærður, en mál hans hefur verið afgreitt sérstaklega með réttarsátt.

Önnur vitni, sem leidd hafa verið í máli þessu og sáu Davíð Davíðsson á dansleiknum, þar á meðal lögregluþjónar þeir, er kvaddir voru á vettvang, hafa borið það, að hann hafi verið mjög ölvaður.

Davíð Davíðsson kveðst hafa hlotið mikinn áverka af höggum ákærða, hafi hann marg kjálkabrotnað, tennur í neðri góm skekkzt inn á við og orðið hafi að taka úr honum tvo jaxla. Hann lá í St. Jósefsspítala frá 26. marz til 14. apríl s. l. Kveðst hann hafa verið mjög þungt haldinn fyrstu dagana, svo að gefa varð honum inn deyfandi meðöl, og rúmfastur var hann nokkurn tíma heima hjá sér, eftir að hann kom af sjúkrahúsinu. Þann 25. marz s. l. skoðaði Ólafur Jóhannsson læknir hann á heimili hans og hefur gefið vottorð þess efnis, að Davíð hafi þá verið rúmfastur, enda mjög bólginn í andliti, varirnar þrútnar og sprungið fyrir á þeim innanvert. Greinileg skekkja hafi verið á neðri kjálka, því að hann hafi ekki getað bitið tönnunum saman á eðlilegan hátt, enda hafi fundizt greinilega, að um kjálkabrot var að ræða með sprungu niður í vinstri kjálka. Röntgenmynd hafi sýnt, að bæði vinstri og hægri neðri kjálki væru brotnir.

Matthías Einarsson læknir gaf 11. maí s. l. svo hljóðandi vottorð um áverkann: „Davíð Daviðsson, 22 ára, til heimilis Freyjugötu 25 A, Rvk, kom hingað á sjúkrahúsið 2/5 1945 með Fract. mandilulae dact. et sin complicat.

Er nú farið að grafa kringum jaxlrótina, þar sem v. brotið var, svo búast má við, að hann þurfi einhverrar aðgerðar við, er tefji fyrir batanum."

Þá hefur Ólafur Helgason læknir gefið eftirfarandi vottorð þann 4. júlí s. l.: „Davíð Daviðsson, Freyjugötu 25 A, kjálkabrotnaði í marz s. l. Hann lá í sjúkrahúsi ca. 3 vikur eftir meiðslið, en varð ekki vinnufær fyrr en fyrir 3 vikum síðan. Kjálkinn hefur bólgnað öðru hvoru, og varð í gær að gera aðgerð til að ná dauðum flísum. Tvær tennur hefur orðið að taka.

Kjálkinn er enn bólginn, og maðurinn ekki orðinn jafn góður."

Síðustu kjálkaflísina kveður Davíð hafa gengið upp úr kjálkanum 29. júlí s. l.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitnanna Ragnars Einarssonar, Hannesar Þórðar Thorsteinssonar og Davíðs Daviðssonar er það sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti barið Davíð Daviðs-

son, og þykir því sannað, að áverki sá, er Davíð hefur hlotið, stafi af höggum ákærða. Hefur hann með þessu atferli sínu brotið gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Davíð Davíðsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 10000.00 krónur í skaðabætur vegna áverka, þjáninga og vinnutaps, einnig hafi hann tafizt frá námi. Þá þurfi hann að fá sér gerfitennur í stað þeirra tveggja, er taka þurfti. Hann kveðst hafa ætlað að taka efnafræði- og heimspekipróf s. l. vor, en hafi sökum meiðslanna eigi getað það, og verði hann að fresta efnafræðiprófinu til næsta vors, en heimspekiprófinu fram á miðjan næsta vetur. Verður ekki séð, að krafa þessi sé óeðlilega há, þegar tillit er tekið til áverka og þjáninga, röskunar á stöðu og högum, sem Davíð Davíðsson hefur orðið fyrir. Þykir því verða að taka hana að öllu leyti til greina og dæma ákærða til greiðslu þessara skaðabóta. Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Nokkur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa, en hann stafar af miklum önnum og sumarleyfi rannsóknardómarans.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Geir Emil Einarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Hann greiði Davíð Davíðssyni kr. 10000.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 28. febrúar 1947.

Nr. 150/1946. **Olíuverzlun Íslands h/f**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
**Hreppsnefnd Blönduóshrepps f. h. hreppsins**
(Hrl. Theódór B. Líndal).

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Útsvarsmál.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. nóvember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m.

Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Svo sem lýst er í úrskurði fógeta, hefur áfrýjandi erfðaleiguland, hús og benzíndælu ásamt geymi til afnota við sölu benzíns á Blönduósi. Hlítir sölumaðurinn ákvörðunum hans um útsöluverð benzínsins og annast söluna gegn tiltekinni þóknun. Þenna rekstur áfrýjanda verður að telja heimilisfasta atvinnustofnun hans í Blönduóshreppi, og var hann því útsvarsskyldur samkvæmt 8. gr. a-lið laga nr. 106/1936.

Úrskurður fógeta verður því staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði stefnda, hreppsnefnd Blönduóshrepps f. h. hreppsins, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 19. júlí 1946.**

Gerðarbeiðandi, Steingrímur Davíðsson, oddviti Blönduóshrepps, hefur f. h. Blönduóshrepps krafizt lögtaks í eignum gerðarþola, Olíuverzlunar Íslands h/f á Blönduósi, til tryggingar og lúkningar útsvari til Blönduóshrepps, álögðu á nefnt félag á árinu 1944, að upphæð kr. 900.00, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Umboðsmaður gerðarþola, sölumaður hans hér á staðnum, Zophonías Zophoníasson bifreiðarstjóri hefur mótmælt því, að lögtakið verði látið fram fara með þeim rökum, að benzín- og olíusala gerðarþola á Blönduósi sé ekki útsvarsskyld.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, rekur Olíuverzl-

un Íslands h/f verzlun á Blönduósi með benzín og smurningsolíur í eigin húsi og á eigin lóð. Eru vörurnar fluttar á staðinn að öllu leyti á kostnað og ábyrgð félagsins og geymdar á þess ábyrgð. Sá maður á Blönduósi, sem annast afgreiðslu varanna fyrir félagið, ræður engu um verð þeirra né tilhögun verzlunarrekstursins og ber enga ábyrgð á honum umfram venjulegan búðarþjón. Hann hefur fyrirmæli um að selja gegn staðgreiðslu.

Honum ber að skila andvirði hinna seldu vara, líkt og búðarþjóni. Frá beinni „kontant" sölu og skilum andvirðis er þó sú frávikning, að talsverður hluti sölunnar fer fram samkvæmt fyrirmælum félagsins til tiltekinna aðilja, sem félagið hefur samið við milliliðalaust, og greiða þeir andvirði vörunnar beint til félagsins (gerðarþola). Greiðsla til sölumanns félagsins á Blönduósi er ákveðin sumpart sem tiltekinn aurafjöldi af seldum lítra, sumpart sem hundraðsgjald af söluverði. Er slíkur háttur alþekkt kaupgreiðslu fyrirkomulag, er í hlut á sölumaður við útibú verzlunar, enda þótt hitt kunni að vera tíðara, að kauphæðin sé ákveðin í krónum.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, verður að telja, að verzlunarrekstur Olíuverzlunar Íslands h/f á Blönduósi sé raunverulegt útibú, rekið þar, en af því leiðir, að greiða ber útsvar af verzlunarrekstrinum samkvæmt 8. gr. laga nr. 106/1936.

Því úrskurðast:

Olíuverzlun Íslands h/f ber að greiða útsvar af verzlunarrekstri útibús þess á Blönduósi til Blönduóshrepps, og ber því að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgerð.

---

Miðvikudaginn 5. marz 1947.

Nr. 169/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
**Tryggva Eiríkssyni**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
og
**Valdstjórnin** (Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
**Elíasi Kristjánssyni**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

**Setudómarar borgarfógeti Kristján Kristjánsson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Brot ákærða, Tryggva Eiríkssonar, sem réttilega er lýst í héraðsdómi, varðar við hegningarákvæði þau, sem í dóminum eru rakin, önnur en 3. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1941. Auk þess varðar hegðun ákærða við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði.

Hegningarvottorð ákærða ber það með sér, að hann hefur frá því á árinu 1941 sætt átta sinnum sekt fyrir ölvun á almannafæri. Þykir með vísun til 2. mgr. 20. gr. og 39. gr. laga nr. 23/1941 svo og 68. gr. laga nr. 19/1940 rétt að svipta ákærða ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Brot kærða, Elíasar Kristjánssonar, sem réttilega er lýst í héraðsdómi, varðar við refsiákvæði þau, sem í dóminum eru rakin, svo og við 17. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 30 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, og kærði, Elías Kristjánsson,

greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinanr, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, sæti varðhaldi 3 mánuði. Hann er sviptur réttindum bifreiðarstjóra ævilangt.

Kærði, Elías Kristjánsson, greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist varðhaldi 30 daga, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, og kærði, Elías Kristjánsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. september 1946.**

Ár 1946, þriðjudaginn 17. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2858—2859/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Tryggva Eirikssyni og valdstjórnin gegn Elíasi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Tryggva Eirikssyni verkamanni, skála nr. 23 í Selby-camp, til refsingar, ökuleyfissviptingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og af valdstjórnarinnar hálfu gegn Elíasi Krisjánssyni, birgðastjóra hjá Landssímanum, Sölvhólsgötu 11, fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. september 1921 að Útverkum í Skeiðahreppi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1941 $^{2}/_{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{1}/_{7}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{31}/_{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{2}/_{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{2}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{2}/_{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{3}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{1}/_{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Kærði, Elías Kristjánsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. desember 1905 að Skerðingsstöðum í Reykhólahreppi, og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt kæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 20. júlí s. l. um kl. 13,40 ók ákærði, Tryggvi Eiriksson, sem var að öllu leyti vel fyrirkallaður, vörubifreiðinni R 3379 niður Hellusund og norður Laufásveg. Á móts við húsið nr. 23 stóðu þrjár bifreiðar, R 2653, eign ameríska sendiráðsins, austan megin götunnar að nokkru leyti upp á gangstétt, og tvær 4 manna bifreiðar á móti henni vestan megin á akbrautinni, eins og sýnt á rskj. nr. 2. Er hann hafði ekið á milli þessara bifreiða, varð þriggja ára telpubarn, Joan Hansen, Laufásvegi 24, sonardóttir Halldórs Hansens læknis, fyrir bifreiðinni og beið bana af. Strax eftir að slysið skeði, var barnið borið heim til sín, en skömmu síðar komu lögreglumenn á slysstaðinn, mældu hann upp, gerðu uppdrátt af honum og tóku myndir, en skjöl þessi hafa verið lögð fram í réttinum. Veður var mjög gott, sólskin, þurrt og bjart. Á slysstaðnum er akbrautin malbikuð, og var enginn sandur á henni.

Ákærði, Tryggvi Eiriksson, skýrir svo frá, að laugardaginn 20. júlí s. l. um kl. 13,30 hafi hann eftir beiðni kærða, Elíasar Kristjánssonar, sem er eigandi og umráðamaður bifreiðarinnar R 3379, ekið henni frá Sölvhólsgötu 11 áleiðis að Laufásvegi 16, en þar átti hann að sækja einn af starfsmönnum Landssimans. Kveðst hann hafa ekið sem leið liggur niður Hellusund og beygt norður Laufásveg og þar skipt bifreiðinni úr 3. gír í 4. gír. Telur hann, að hraði bifreiðarinnar hafi þá verið 20 til 25 km, miðað við klst., en hraðamælir hennar var í ólagi. Er hann ók á milli bifreiðanna, sem stóðu á móts við húsið nr. 23 við Laufásveg, eins og áður greinir, segist hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvort hann hafi dregið úr hraða bifreiðarinnar, en kveðst þá hafa ekið sem næst eftir miðri akbrautinni og þó heldur eftir vestari helming hennar. Þegar framendi bifreiðarinnar R 3379 var aðeins kominn fram fyrir bifreiðina R 2653, kveður hann stúlkubarnið hafa komið hlaupandi vestur yfir götuna af eystri gangstéttinni eða norðan undan húsinu Laufásvegi 23, en norðan við hús þetta nokkuð uppi í lóðinni er bílskúr. Kveðst ákærði geta gert sér það ljóst, að hann hafi komið auga á telpuna, er hún var aðeins komin út á akbrautina, en hún hafi

hlaupið þangað fyrirvaralaust án þess að líta til hægri eða vinstri. Hemlaði hann strax bifreiðina og beygði jafnframt til vinstri, en engu að síður varð barnið fyrir henni. Hljóðmerki segist hann ekki hafa gefið, enda hafi horn bifreiðarinnar verið í ólagi og það ekki getað afstýrt slysi. Kveðst ákærði hafa fundið, að hægri afturhjól bifreiðarinnar, en þau eru tvöföld, fóru yfir barnið, en getur ekki sagt um, hvort framhjól hafi farið yfir það, eða hvort barnið hafi kastazt frá bifreiðinni eða dregizt með henni. Er ákærði varð var við, að bifreiðin hafði farið yfir barnið, kveður hann fát hafa komið á sig, svo að hann hætti að hemla, og bifreiðin því runnið nokkurn spotta eftir það. Eftir að bifreiðin var stöðvuð, fór ákærði þegar að telpubarninu, en þá voru tveir enskumælandi menn komnir að því, og virtist ákærða það þá þegar dáið. Beið ákærði svo á slysstaðnum, þar til lögregluþjónar komu þangað, og var viðstaddur, er myndir voru teknar og mælingar gerðar.

Thomas Aquias Kelly, ameriskur vararæðismaður, 36 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að þrjú lítil börn hafi verið að leik á gangstéttinni fyrir framan húsið nr. 23 við Laufásveg, er eitt barnanna hljóp af gangstéttinni út á götuna og fram fyrir bifreiðina. Kveður hann slysið hafa gerzt með slíkri skyndingu, að um leið og hann hrópaði til barnsins, hafi bifreiðin lent á því, og bæði fram og afturhjól hennar hafi farið yfir það. Bifreiðina kveður hann hafa verið stöðvaða, svo fljótt sem unnt var, en hefur hvorki getað sagt, hvenær bifreiðarstjórinn byrjaði að hemla hana né hver hraði hennar hafi verið. Þá segist hann hafa dvalizt hjá barninu, þar til gengið hafði verið úr skugga um, að það var dáið.

Sheldon Thomas, fyrsti sendiráðsritari ameríska sendiráðsins, 49 ára að aldri, skýrir svo frá, að hann hafi staðið við vinstri hlið bifreiðarinnar R 2653 og horft inn í hana, er slysið varð, og því eigi séð, hvernig það atvikaðist. Hann kveðst ekki hafa veitt bifreiðinni R 3379 athygli, er henni var ekið fram hjá bifreiðinni R 2653, og geti því eigi sagt um hraða hennar, en telur, að hann hefði ósjálfrátt forðað sér frá vinstri hlið bifreiðarinnar R 2653, ef hann hefði álitið bifreiðinni R 3379 hafa verið ekið af manni, sem ekki hefði haft vald á henni.

Vitnið Viktor Júlíus Gestsson læknir, Laufásvegi 18 A, 38 ára að aldri, kveðst ekki hafa séð, er slysið varð, en komið litlu síðar á slysstaðinn. Hafi barnið þá legið í götunni og stór blóðpollur verið undir höfði þess, en ekkert lífsmark verið með því. Bar vitnið barnið heim til Halldórs Hansens læknis og athugaði það ásamt honum. Ekki kveður það nokkur merki hafa verið sjáanleg, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir brjóst barnsins, en merki voru eins og eitthvað hefði farið yfir höfuð þess og muni höfuðkúpan hafa verið brotin. Dauðaorsökina telur vitnið hafa verið mikla blæðingu inn í heilabúið.

Lík barnsins var ekki krufið, en Arinbjörn Kolbeinsson læknir var fenginn til að framkvæma líkskoðun. Í niðurlagi skýrslu sinnar um líkskoðunina segir hann, að áverkamerki finnist á höfði, sem sýni, að höfuðið hafi orðið fyrir þungum áverka (höggi eða þrýsting). Glögg einkenni finnist um brot á botni höfuðkúpunnar, en það ásamt meðfylgjandi blæðingu hafi orsakað skjótan bana.

Er lögreglumennirnir höfðu lokið við athuganir sínar á slysstaðnum, reyndu þeir bifreiðina R 3379 í akstri, en þar sem hraðamælir hennar var bilaður, var lögreglubifreið ekið með henni til að mæla hraðann. Er henni var ekið á um 30 km hraða, miðað við klukkustund, og fulls átaks neytt á hemlana, reyndist hemlafar eftir vinstri afturhjól um 6,50 metrar, og var bifreiðin þá algerlega stönzuð. Einnig var bifreiðin þá mjög þung í stýri. Eftir þetta var bifreiðin í vörzlu lögreglunnar og hún reynd af bifreiðaeftirlitsmönnunum Gesti Ólafssyni og Herði Jónssyni. Kom þá í ljós, að hún hafði ekki verið skrásett, hvorki hjá lögreglustjóra né bifreiðaeftirlitinu, en eiganda hennar, kærða Eliasi Kristjánssyni, hafði verið afhent skrásetningarmerki hennar R 3379 þann 9. marz s. l. gegn því að sýna skilríki fyrir því, að skyldutryggingariðgjöld væru greidd, og loforði um að koma tafarlaust með bifreiðina til skrásetningar og skoðunar. Þetta hafði kærði Elías samt ekki gert þrátt fyrir ítrekaðar áminningar. Ástæðuna fyrir þessu kveður hann þá, að breytingar hafi átt að gera á bifreiðinni, lengja hana og lagfæra vél hennar, auk þess hafi ekki verið ætlunin að aka henni, þó að það hafi verið gert í ígripum. Hann segir, að sér hafi verið ókunnugt um, í hverju ástandi bifreiðin hafi verið, þó hafi fallið orð um það, daginn sem slysið varð, að jafna þyrfti hemla hennar.

Við skoðun bifreiðaeftirlitsmannanna reyndust hemlar ójafnir, þannig að þeir tóku fyrst og mest í vinstri afturhjólin, einnig tók handhemillinn ójafnt. Er þeir óku bifreiðinni á um 30 km hraða, miðað við klukkustund, eftir láréttri malbikaðri akbraut og fulls átaks var neytt á fóthemlana, rann hún rúma 5 metra. Hemlar voru á öllum hjólum, en mjög lélegir, nema á vinstri afturhjólum, og mörkuðu þau hemlafar í götuna. Stýrisútbúnaður var þéttur, en þungur, og telja þeir, að það hafi stafað af smurningsleysi. Endurnýja þurfti spindilbolta og fóðringu hægra megin í bifreiðinni. Ljósakerfið var ekki í lagi, og vantaði ljósker bæði að framan og aftan. Aftara skrásetningarmerkið var gallað, og horn bifreiðarinnar verkaði ekki auk ýmiss fleira.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, kveður sér hafa verið ókunnugt um, að bifreiðin hafi verið óskrásett og óskoðuð, en kveðst hafa vitað til þess, að hemlar hennar voru ekki í lagi, og segir hana hafa verið nokkuð þunga í stýri.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir ákærði, Tryggvi Eiríksson, að verulegu leyti vera valdur að dauða telpunnar Joan

Hansens með ógætilegum og eftir atvikum of hröðum akstri, þar sem hann ekur á milli tveggja bifreiða án þess að draga úr hraða bifreiðar þeirrar, er han ók, þrátt fyrir það, að hann vissi, að hemlar hennar voru ekki í lagi. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr og 3. mgr. 28. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941.

Með því að aka bifreiðinni án nægilega öruggra stjórntækja og hemla, með bilað horn og hraðamæli hefur ákærði gerzt brotlegur við 5. gr., 6. gr. og 9. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna. Þar sem ekki er upplýst, að ákærða hafi verið kunnugt um, að ljósker vantaði á bifreiðina eða að vanrækt hafi verið að skrásetja hana og skoða, verður honum ekki gefið það að sök.

Refsing ákærða, Tryggva Eiríkssonar, sem ber að ákvarða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Þá þykir samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna bera að svipta ákærða, Tryggva Eiríksson, bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja

Brot kærða, Elíasar Kristjánssonar, varðar við 5., 6., 1. og 2. mgr. 7., 9., 1. og 3. mgr. 14. og 15., sbr. 18. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Þykir refsing hans samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 25 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða, Tryggva Eiríksson, og kærða, Elías Kristjánsson, ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Kærði, Elías Kristjánsson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 25 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, og kærði, Elías Kristjánsson, greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. marz 1947.

Kærumálið nr. 7/1947. **Jón Helgason**
gegn
**Vilmundi Jónssyni**
og
**Guðjóni Samúelssyni.**

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um vitnaskyldu.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 5. febr. 1947, sem hingað barst 19. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 5. f. m., þar sem varnaraðilja Vilmundi Jónssyni var ekki talið skylt sem vitni að svara tiltekinni spurningu. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og vitninu dæmt skylt að svara spurningunni. Svo krefst hann og, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili Vilmundur Jónsson hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Varnaraðili Guðjón Samúelsson gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir verða að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Guðjóni Samúelssyni kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Helgason, greiði varnaraðilja Guð-

jóni Samúelssyni 200 krónur í kærumálskostnað. Að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1947.**

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar 23. f. m., hefur Guðjón húsameistari Samúelsson höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. september 1946, gegn Jóni kaupmanni Helgasyni, Skólavörðustíg 21 hér í bæ, vegna ummæla, er birtust í 137. tölublaði dagblaðsins Morgunblaðsins, er út kom 22. ágúst s. l.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir að hafa viðhaft þau og breitt út opinberlega, að stefnanda verði dæmd hæfileg fjárhæð úr hendi stefnda til þess að standast kostnað af birtingu dóms í málinu svo og málskostnaður að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Í ummælum þeim, sem mál þetta er risið út af, er meðal annars talað um „Fæðingardeild Landsspítalans, þar sem 1000 rúmmetra útgrafinn kjallari var fylltur af grjóti."

Hinn 23. f. m. kom Vilmundur Jónsson landlæknir fyrir dóm í máli þessu, en hann er einn af nefndarmönnum þeim, sem voru húsameistara ríkisins til aðstoðar um alla skipan byggingar þessarar.

Í framburði sínum skýrði vitnið svo frá, að upphaflega hafi engum dottið í hug, að kjallari skyldi gerður undir fæðingardeildinni, fyrr en í ljós kom, hvernig jarðvegi var háttað. Hafi þetta atriði því eigi komið til umræðu í nefndinni, enda störfum hennar lokið, eftir að teikning hafði verið gerð. Hins vegar hafi húsameistari borið undir vitnið, þegar ljóst var, hvernig jarðvegi var háttað, hvort kjallari skyldi gerður, en það hafi mælt með, að samningurinn við verktaka stæði óbreyttur. Kveðst vitnið hafa skilið það svo, að til þess hafi verið leitað í þessu sambandi sem landlæknis og formanns ríkisspítalanefndar, en ekki meðlims fyrrgreindrar nefndar, og kveður vitnið sér þykja eðlilegt, að húsameistari hafi tekið tillit til álits þess í þessu efni.

Umboðsmaður stefnda óskaði þessa spurningu borna upp fyrir vitninu:

„Er rétt hermt hjá stefnanda á dómsskjali nr. 11, að vitnið hafi ákveðið, að ekki yrði gerður kjallari, sbr. aðiljaskýrslu hans hér fyrir dómi, að það hafi verið eftir fyrirsögn vitnisins, að fylltur var kjallarinn með grjóti?"

Vitnið lýsti þá yfir, að það teldi sig hafa svarað spurningu þessari með framburði sínum og bæri sér ekki að svara þessu frekar.

Atriðið var síðan tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnda.

Það virðist ljóst af því, sem að framan er rakið, að vitnið hefur þegar nægjanlega svarað spurningu þessari í framburði sínum. Spurningin er því þýðingarlaus fyrir málið, og með vísan til 3. tl. 125. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 1936 verður vitnið ekki skyldað til þess að svara spurningunni.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Vitninu, Vilmundi Jónssyni, er eigi skylt að svara framangreindri spurningu.

---

Föstudaginn 7. marz 1947.

Nr. 136/1946. **Réttvísin** (Hrl. Gunnar J. Möller)
gegn
**Guðmundi Þorvarðssyni.**
(Hrl. Sigurður Ólason)
og
**Val Einarssyni** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

**Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Vátryggingarsvik.

**Dómur hæstaréttar.**

Brot hinna ákærðu, sem lýst er í héraðsdómi, varða þá báða við 248. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing þeirra, hvors um sig, hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu kosningarréttar þeirra og kjörgengis ber að staðfesta. Þá telst og rétt samkvæmt 68. gr. nefndra hegningarlaga sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærðu ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Áveði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Ákærði Guðmundur Þorvarðsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 400.00. Ákærði Valur Einarsson greiði málflutningslaun skipaðs

verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00, greiði báðir hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðmundur Þorvarðsson og Valur Einarsson, sæti hvor um sig fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu kosningarréttar og kjörgengis ákærðu á að vera óraskað. Svo skulu og ákærðu báðir sviptir ævilangt rétti til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast. Ákærði Guðmundur Þorvarðsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00. Ákærði Valur Einarsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Gunnars Möllers hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, greiði báðir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. júní 1946.**

Ár 1946, fimmtudaginn 27. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2082—2083/1946: Réttvísin gegn Guðmundi Þorvarðssyni og Val Einarssyni, sem tekið var til dóms hinn 21. þ. m.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Þorvarðssyni bifreiðarstjóra, Vitastíg 17, og Val Einarssyni bifreiðarstjóra, Flókagötu 41, fyrir brot gegn XVIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Guðmundur er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur

14. maí 1915, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1934 $^{2}/_{5}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. sbr. 30. gr. og 11. sbr. 32. gr. áfengislaganna nr. 64/1930.

1946 $^{1}/_{2}$ Sátt í Rvík, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Valur er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. júní 1915, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1942 $^{7}/_{8}$ Sátt í Rvík, 30 kr. sekt fyrir brot gegn 26. gr. laga nr. 23/1941.

1945 $^{2}/_{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

Aðfaranótt laugardagsins 28. júlí f. á. brann bifreiðin R 1680 utan við þjóðveginn í Svínahrauni, skammt fyrir ofan Sandskeið. Bifreið þessi var fimm manna fólksbifreið af gerð ársins 1937, og brann allt í henni, sem brunnið gat. Bifreið þessi var eign ákærða Guðmundar, sem hafði þá fyrir nokkru eignazt hana í skiptum fyrir aðra bifreið og með milligjöf frá sinni hendi. Telur ákærði Guðmundur bifreið þessa hafa staðið sér í 33 þúsund krónum. Auk skyldutryggingar bifreiðarinnar kaskótryggði ákærði Guðmundur hana hjá Sjávátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir 15 þúsund krónum, en sú trygging var m. a. til brunatjóns. Eftir að ákærði Guðmundur eignaðist bifreiðina, varð hann brátt mjög óánægður með hana. Hann telur hana hafa verið meira og minna ónýta og segir hana ekki hafa komizt í lag, þó að hann eyddi fé í viðgerð á henni. Þegar hann keypti hana, fékk hann ekki vitneskju um, að nein veðbönd hvíldu á henni, enda vissi seljandi hennar ekki, að svo væri, en eftir að ákærði Guðmundur eignaðist hana, fékk hann vitneskju um, að á henni hvíldi lögtaksskuld, sem nam á fimmta þúsund krónum. Ákærði Guðmundur kveðst hafa stórtapað á þessum og sumum fyrri bifreiðakaupum, og virðist allt þetta andstreymi hans hafa valdið honum miklum áhyggjum og hugarangri. Hann kveðst hafa fengið óbeit á bifreiðinni, ekki hafa viljað sjá hana og m. a. þess vegna ákveðið að láta hana brenna. Hann kvaðst í upphafi rannsóknarinnar ekki fyrst og fremst hafa ákveðið að brenna bifreiðina til þess að fá vátryggingarfé hennar. Síðar segir hann þá frásögn ákærða Vals rétta, að hann, ákærði Guðmundur, hafi, þegar hann bað ákærða Val að kveikja í bifreiðinni, sagzt verða gjaldþrota, ef bifreiðin yrði ekki brennd og hann fengi vátryggingarfé hennar, sem væri þeir einu peningar, sem hann ætti von í. Loks segir hann tilgang sinn með því að brenna bifreiðina hafa verið þann að fá vátryggingarfé hennar. Verður að álíta, að svo hafi verið, þó að andúð hans á bifreiðinni kunni að hafa ráðið þar nokkru um.

Hann bað nú kunningja sinn, ákærða Val, að kveikja í bifreiðinni,

og áleit ákærði Valur af orðum hans, að hann vildi láta kveikja í bifreiðinni í þeim tilgangi að fá vátryggingarfé hennar. Ákærði Valur var lengi vel tregur til að gera þetta, og áttu ákærðu um þetta mörg samtöl. Þar kom þó, að ákærði Valur tók að sér að gera þetta, og kvöldið 27. júlí f. á. ók hann bfreiðinni upp í Svínahraun. Þar ók hann henni út af veginum og á hraungjótubakka. Kveikti þar í henni og renndi henni síðan niður í gjótuna, og þar brann hún. Ákærði Guðmundur hafði boðið ákærða Val 3 þúsund krónur fyrir að kveikja í bifreiðinni, en það hafði ákærði Valur ekki þegið, og vann hann verk þetta án þess að ætla að hagnast á því sjálfur, heldur vegna kunningsskapar við ákærða Guðmund og fyrir þrábeiðni hans. Þegar þetta var um garð gengið, hætti ákærði Guðmundur við að krefjast vátryggingarfjár bifreiðarinnar og hefur að eigin sögn og samkvæmt vottorði Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f aldrei krafizt greiðslu þess. Þar sem eigi verður talið, að almannahætta hafi verið samfara bruna bifreiðarinnar, þykja ákærðu eigi hafa gerzt brotlegir við XVIII. kafla hegningarlaganna.

Það atferli ákærðu, sem lýst hefur verið, varðar refsingu samkvæmt 248. gr. hegningarlaganna, sbr. 22. gr.1 . mgr. sömu laga varðandi ákærða Guðmund. Þykir refsing þeirra, hvors um sig, hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Eigi eru skilyrði til að láta gæzluvarðhald ákærða Guðmundar koma til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Guðmund ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 300.00. Ákærða Val ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Allan annan kostnað sakarinnar skulu ákærðu greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðmundur Þorvarðsson og Valur Einarsson, sæti hvor fangelsi í 4 mánuði.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Guðmundur Þorvarðsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 300.00.

Ákærði Valur Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1947.

Nr. 167/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
**Kristjáni Hannessyni**
(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

**Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Um framhaldsrannsókn í sakamáli.

**Úrskurður hæstaréttar.**

Rannsókn máls þessa er í ýmsum atriðum mjög áfátt. Áður en dómur verður á það lagður í hæstarétti, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómarann að heyja framhaldsrannsókn um eftirgreind atriði:

1) Svo sem í máli þessu greinir, ók ákærði upp halla, en hjólreiðamennirnir komu á móti honum. Nokkru áður en slysið varð, kveðst ákærði hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar, þar sem hann sá, að hjólreiðamönnunum hafði eitthvað fipazt og að hik kom á mann þann, er fyrir slysinu varð. Hins vegar segist ákærði þá fyrst hafa hemlað bifreiðina, er hann sá manninn falla í áttina að henni. Spyrja ber ákærða mjög ýtarlega um allan aðdraganda að slysinu, hver afstaða mannanna hafi verið til bifreiðarinnar, er hann sá, að þeim fipaðist, hvar á veginum þeir voru og í hverri fjarlægð frá bifreiðinni að ætlan hans. Þá ber og að spyrja ákærða, með hvaða hætti mönnunum hafi fipazt. Enn skal ákærði í þessu sambandi um það spurður, hvenær hann hægði ferð bifreiðarinnar og hvenær hann byrjaði að hemla svo og um afstöðu hjólreiðamannanna þá til bifreiðarinnar.

2) Bifreið þeirri, er ákærði ók eða, ef hennar er ekki kostur, þá líkri bifreið, skal ekið veginn, þar sem slysið varð, og það reynt af lögreglumönnum, á hvaða færi stöðva megi bifreiðina með hemlum á mismunandi hraða, t. d. er henni er ekið 25, 45, 50 og 60 km á klukkustund. Enn fremur skal leitt í ljós, til hvaða hraða svari 11—12 metra hemlafar, ef hemlum bifreiðarinnar er beitt til fulls.

3) Rannsóknardómaranum ber að afla annarra gagna, ef efni verða til.

Kveðja skal sækjanda og verjanda málsins fyrir hæstarétti til þess að vera viðstadda framhaldsrannsókn þessa.

Ályktarorð:

Héraðsdómaranum ber að heyja framangreinda rannsókn.

---

Fimmtudaginn 13. marz 1947.

Nr. 66/1946. **Gísli Guðmundsson** og **Þóra Guðmundsdóttir**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Signýju Bjarnadóttur**
(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Útburðarmál.

**Dómur hæstaréttar.**

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. maí f. á. Þann 5. júní f. á. fékk áfrýjandi Þóra Guðmundsdóttir gjafsókn í málinu fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann. Gera áfrýjendur þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi. Svo krefjast þeir málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. En hvernig sem málið fer, er krafizt málflutningslauna úr ríkissjóði umboðsmanni gjafsóknarhafa til handa hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og segir í hinum áfrýjaða úrskurði, hafði leiga fyrir hið umrædda húsnæði verið ákveðin kr. 100.00 á mánuði, og skyldi hún greiðast fyrirfram 1. dag hvers mánaðar, en ekki var leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd, sbr. 11. og

og 13. gr. laga nr. 39/1943. Þegar útburðar var krafizt 28. febrúar f. á., hafði húsaleiga ekki verið greidd fyrir mánuðina desember 1945 og janúar og febrúar 1946. Áfrýjendur hafa haldið því fram hér fyrir dómi, að þeir hafi átt endurgreiðslukröfu á stefnda, að upphæð 204 krónur, vegna álags, sem þau hafi greitt á húsaleiguna umfram skyldu. Telja þau sér hafa verið heimilt að skuldajafna þeirri fjárhæð við húsaleiguna. En þótt á það yrði fallizt, voru áfrýjendur allt að einu í vanskilum með nærfellt mánaðarhúsaleigu, er útburðar var krafizt. Áfallin leiga var síðan ekki boðin fram fyrr en á dómþingi 2. apríl f. á. Að vísu átti stefndi upptökin að því, að óregla hófst á húsaleigugreiðslum, en þegar þess er gætt, að áframhald varð á greiðsludrætti, eftir að útburðar var krafizt, þykir verða að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, að því er útburð varðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda Þóru Guðmundsdóttur fyrir hæstarétti, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, að því er útburð varðar.

Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda Þóru Guðmundsdóttur fyrir hæstarétti, Gunnars hæstaréttarlögmanns Þorsteinssonar, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 10. maí 1946.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 6. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Signý Bjarnadóttir, Óðinsgötu 20 B hér í bænum, krafizt þess, að Gísli Guðmundsson og Þóra Guðmundsdóttir, s. st., verði með beinni fógetagerð borin út úr húsnæði því, sem þau hafa haft í húsinu nr. 20 B við Óðinsgötu.

Gerðarþolendur hafa mótmælt framgangi gerðarinnar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Báðir hafa aðiljarnir krafizt málskostnaðar.

Í september 1943 leigði gerðarbeiðandi Gísla Guðmundssyni 1 herbergi og eldhús í kjallara hússins nr. 20 B við Óðinsgötu. Leiga var ákveðin kr. 100.00 á mánuði auk uppbótar samkvæmt húsaleiguvísitölu, og skyldi hún greiðast fyrirfram mánaðarlega.

Gerðarþolinn Gísli Guðmundsson flutti aldrei í hina umdeildu íbúð, heldur kona hans Þóra Guðmundsdóttir ásamt móður sinni og tveim dætrum þeirra hjóna.

Upphaflega og þar til á árinu 1944 sá nefndur Gísli um greiðslu á leigunni, en síðan Þóra þar til í október 1945, að gerðarbeiðandi neitaði að veita leigunni móttöku, vegna þess að þá lá uppsögn á hinu umdeilda húsnæði hjá húsaleigunefnd til umsagnar.

Seint í október sendi gerðarþoli gerðarbeiðanda leigu í póstávísun fyrir október og nóvember 1945 eða kr. 224.00. Síðan hefur engin leigugreiðsla verið boðin fram, þar til í réttarhaldi 2. apríl s. l. að gerðarþolinn Gísli Guðmundsson bauð fram áfallna leigu og greiddi hana með tékkávísun á Landsbanka Íslands, sem hann reyndist ekki eiga fyrir, og tók hann þá ávísunina aftur. Málflutningsmaður hans bauð þá fram greiðsluna, en gerðarbeiðandi synjaði að veita henni viðtöku.

Kröfu sína um framgang gerðarinnar byggir gerðarbeiðandi á vanskilum gerðarþola, sem hann telur veruleg, einnig með tilliti til þess, að líkur séu fyrir áframhaldandi vanskilum vegna getuleysis gerðarþola.

Gerðarþoli telur hins vegar, að sá greiðsludráttur, sem orðið hefur á leigu, sé eingöngu að kenna framkomu gerðarbeiðanda, þar sem hann hafi neitað að taka við henni í október s. l. og ekki krafið um leigu síðan.

Það verður að teljast viðurkennt í málinu, að gerðarbeiðandi neitaði að taka við leigu fyrir október 1945 vegna þess, að húsaleigumál milli aðilja máls þessa var þá ekki útkljáð fyrir húsaleigunefnd, en uppsögn sú á hinu umdeilda húsnæði, sem þá var til úrlausnar, var einmitt miðuð við 1. október f. á. Gerðarþolar máttu því gera ráð fyrir, að við greiðslu yrði tekið, er ástæða sú, er gerðarbeiðandi bar fyrir sig, var ekki lengur fyrir hendi.

Leigan fyrir október og nóvember var, eins og áður segir, greidd með póstávísun. Gerðarþolum bárust engin boð um það, að gerðarbeiðandi sætti sig ekki við þá greiðsluaðferð, og máttu því líta svo á, að hún hefði ekkert á móti henni, úr því sem komið var. Greiðsla október og nóvember leigunnar í póstávísun, eftir að henni var neitað viðtöku, verður ekki skilin á annan veg en þann, að gerðarþolar hafi ætlað sér að greiða leigu áfram þrátt fyrir neitunina með þessari aðferð, þar til um annað yrði samið.

Með því að taka þannig í sínar hendur frumkvæði þess að koma leigugreiðslum í kring og hætta þeim síðar að óbreyttum aðstæðum, þykja gerðarþolar hafa gerzt sek um allmikið hirðuleysi. Þá virðist

það hafa komið fram í málinu, að greiðslugeta gerðarþola standi ekki föstum fótum, þar sem þau virðast ekki hafa verið undir það búin að greiða áfallna leigu af sjálfsdáðum, síðan mál þetta hófst.

Rétturinn verður því, þrátt fyrir það að gerðarbeiðandi hefur ekki krafið um leigu, að líta svo á, að gerðarþolar séu í verulegum vanskilum með leigugreiðslur.

Ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda, og þykir eftir atvikum rétt, að gerðarþolar greiði gerðarbeiðanda kr. 300.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþolar, Gísli Guðmundsson, til heimilis Hrísateig 10, og Þóra Guðmundsdóttir, Óðinsgötu 20 B, greiði in solidum gerðarbeiðanda, Signýju Bjarnadóttur, Óðinsgötu 20 B, kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 14. marz 1947.

Nr. 156/1945. **Hreppsnefnd Búðahrepps f. h. hreppsins** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Hans P. Stangeland** (Hrl. Theódór B. Lindal).

**Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Útsvarsmál.

**Dómur hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Kristinn Júlíusson, settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 21. nóv. 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. s. m. Þann 23. október 1945 fékk áfrýjandi gjafsókn í málinu fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann. Krefst áfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtakið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. En hvernig sem málið fer, er krafizt málflutningslauna úr ríkissjóði til handa málflutningsmanni gjafsóknarhafa hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur því verið hreyft hér fyrir dómi, að lífrarbræðslustöð hans, sem um getur í máli þessu, sé eigi í Búðahreppi, en samkvæmt því, sem upp er komið í málinu, hafa mótmæli þessi ekki við rök að styðjast.

Stefndi á verksmiðjuhús, bryggju og lóðarréttindi í Búðahreppi og rekur þar lífrarbræðslu. Er þetta aðalatvinnuvegur stefnda, en sjálfur er hann búsettur í Fáskrúðsfjarðarhreppi. Verður að telja nefndan rekstur stefnda hafa verið útsvarsskyldan í Búðahreppi samkvæmt 8. gr. a-lið laga nr. 106 1936, sem voru í gildi, þegar útsvarið var lagt á.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógetann að framkvæma lögtakið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður fyrir hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda hér fyrir dómi, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógetanum að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

**Úrskurður fógetaréttar Suður-Múlasýslu 21. júlí 1945.**

Við niðurjöfnun útsvara í Búðahreppi árið 1944 var lagt útsvar að upphæð kr. 2790.00 á lífrarbræðsluna Hlaðhamar.

Einkaeigandi lífrarbræðslunnar, Hans P. Stangeland, hefur eigi viljað greiða útsvarið, þar sem jafnframt var lagt á hann útsvar í heimilissveit hans, Fáskrúðsfjarðarhreppi, einnig að því er tók til tekna hans af nefndri lífrarbræðslu, nema dómstólarnir úrskurðuðu, að honum bæri að greiða þetta útsvar til Búðahrepps.

Oddviti Búðahrepps hefur beiðst lögtaks fyrir útsvarinu og heldur því fram, að lífrarbræðslan sé útsvarsskyld atvinnustofnun í Búðahreppi.

Málsatvik eru ágreiningslaus með aðiljum. Ágreiningur þeirra er fólginn í því, hvort lifrarbræðslustarfsemi gerðarþola í Búðahreppi sé útsvarsskyld þar eða ekki, þegar þess jafnframt er gætt, að á starfsemi þessa er og lagt útsvar í heimilissveit hans.

Starfsemi þessari er þannig háttað, að hús þau og tæki, sem notuð eru við iðnaðarhlið starfseminnar, eru innan takmarka Búðahrepps. Þar er lifrin brædd af mönnum búsettum í Búðahreppi og um hana og lýsið, sem úr henni fæst, sýslað, þar til það er flutt í skipum á erlendan eða innlendan markað. Lifrin er að mestu keypt af útvegsmönnum búsettum í Búðahreppi, en að nokkru af öðrum. Yfirstjórn starfseminnar er í höndum eigandans, gerðarþola í máli þessu, en hann er búsettur í Fáskrúðsfjarðarhreppi. Bókhald er af hendi leyst á skrifstofu starfseminnar, en sú skrifstofa er á heimili eigandans í Fáskrúðsfjarðarhreppi. Bókhaldarinn er þó búsettur í Búðahreppi. Allar útborganir eru inntar af hendi á heimili eigandans í Fáskrúðsfjarðarhreppi og þar eru teknar ákvarðanir um sölu hins unna lýsis. Með öðrum orðum er fyrirsvar, bókhald og sjóðsmeðferð starfseminnar að öllu leyti í Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Eftir að hafa borið allar framangreindar staðreyndir saman við 8. og 9. gr. útsvarslaganna og með hliðsjón af dómum hæstaréttar, uppkveðnum 17. des. 1941, 14. des. 1942 og 28. jan. 1944, lítur rétturinn svo á, að starfsemi gerðarþola í Búðahreppi sé eigi önnur eða meiri en svo, að hana beri að heimfæra undir tölulið 1 9. gr. útsvarslaganna.

Niðurstaðan verður því sú, að rétturinn telur eftir atvikum hafa brostið lagaheimild til útsvarsálagningarinnar og synjar um framgang hins umbeðna lögtaks.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal eigi fara fram.

Mánudaginn 17. marz 1947.

Nr. 16/1945. **Finnur Jónsson** (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
**Þrotabúi h/f Hávarðs og Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Deilt um forgangsrétt kröfu í þrotabúi.

**Dómur hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Torfi Hjartarson, bæjarfógeti á Ísafirði.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til hæstaréttar með stefnu 11. nóv. 1942, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. okt. s. á. Málinu var vísað frá hæstarétti með dómi, upp kveðnum 18. des. 1944. Nú hefur áfrýjandi skotið málinu af nýju til hæstaréttar með stefnu 10. febr. 1945. Krefst hann þess aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að krafa hans í þrotabú h/f Hávarðs, kr. 5731.04, njóti forgangsréttar samkvæmt 5. tölulið b-liðs 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878, en til vara, að dæmt verði, að kr. 5253.46 af greindri kröfu hans njóti slíks forgangsréttar. Svo krefst hann þess og, hvor krafan sem til greina yrði tekin, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi sundurliðar kröfu sína í þrotabúið þannig:

1. Framkvæmdarstjóralaun kr. 4298.28, þar af kr. 1350.00 vegna þriggja mánaða uppsagnarfrests, er honum var áskilinn í ráðningarsamningi.
2. Kr. 955.18 vegna húsaleigu h/f Hávarðs í húsakynnum Samvinnufélags Ísfirðinga, er áfrýjandi kveðst hafa greitt eða ábyrgjast greiðslu á.

3. Kr. 477.58 vegna hitunar, ljósa og ræstingar, er áfrýjandi kveðst einnig hafa greitt eða bera ábyrgð á.

*Um 1.* Krafa áfrýjanda samkvæmt ráðningarsamningi, er í þessum lið greinir, þykir eiga að njóta forgangsréttar samkvæmt 5. tölulið b-liðs 83. gr. skiptalaganna, enda verður uppsagnarfresturinn ekki talinn of langur.

*Um 2. og 3.* Að því er þessa kröfuliði varðar, þykir mega fallast á rök héraðsdómara fyrir því, að þeir eigi ekki að njóta forgangsréttar í þrotabúi h/f Hávarðs.

Stefndi Útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði hafði einn uppi andmæli gegn kröfu áfrýjanda. Samkvæmt því og eftir úrslitum málsins þykir rétt að dæma hann til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 1500.00, en að öðru leyti falli málskostnaður niður í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Finnur Jónsson, hefur forgangsrétt samkvæmt 5. tölulið b-liðs 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878 í þrotabúi stefnda h/f Hávarðs fyrir kr. 4298.28. Að því er varðar afgang kröfu hans, kr. 1432.76, á hinn áfrýjaði úrskurður að vera óraskaður.

Stefndi Útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði greiði áfrýjanda kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 20. júlí 1942.**

Hinn 11. október 1938 var bú h/f Hávarðs á Ísafirði tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni félagsins.

Með kröfulýsingu, dags. 15. okt. 1938, lýsti Jón Grímsson, kaupmaður á Ísafirði, f. h. Finns Jónssonar, forstjóra og alþingismanns á Ísafirði, er verið hafði framkvæmdarstjóri h/f Hávarðs, kröfu í búið að uphæð kr. 5731.04, auk innheimtulauna að upp-

hæð kr. 371.93, eða samtals kr. 6102.97. Er þess krafizt í kröfulýsingunni, að krafa þessi verði tekin til greina sem forgangskrafa, þar sem hún sé vegna húsaleigu og vinnulauna.

Á skiptafundi í búinu 14. okt. 1938 var kröfu þessari í heild mótmælt sem forgangskröfu og kr. 3600.00 af kröfunni og innheimtulaunum, kr. 371.93, einnig mótmælt sem lögmætri almennri kröfu í búið, hvort tveggja af hálfu útibús Landsbankans á Ísafirði, sem var aðallánveitandi h/f Hávarðs.

Sáttaumleitanir um ágreining þenna hafa reynzt árangurslausar, og hafa aðiljar lagt ágreininginn undir úrskurð skiptaréttarins.

Vegna dráttar, er varð á endurskoðun reikninga h/f Hávarðs hjá löggiltum endurskoðanda og þar af leiðandi einnig á rannsókn lögregluréttarins út af gjaldþrotinu, varð langt hlé á meðferð ágreiningsmáls þessa fyrir skiptaréttinum. Var öflun gagna lokið 8. f. m., málið þá tekið til skriflegs flutnings samkvæmt samkomulagi aðilja og tekið til úrskurðar 29. f. m.

Um réttarkröfur aðilja er þetta að segja:

Í fyrrnefndri kröfulýsingu er þess krafizt af hálfu Finns Jónssonar, að krafan verði öll tekin til greina sem forgangskrafa, og hún sundurliðuð þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Húsaleiga: Eftirstöðvar til 10. okt. 1938 ..... | kr. | 655.18 |
| Húsaleiga vegna uppsagnarfrests ..... | — | 300.00 |
| Innheimtulaun af þessum upphæðum ..... | — | 95.51 |
| Vinnulaun: Eftirsttöðvar til 10. okt. 1938 ..... | — | 3275.86 |
| Vinnulaun vegna uppsagnarfrests ..... | — | 1500.00 |
| Innheimtulaun af þessum upphæðum ..... | — | 276.42 |
| Samtals | kr. | 6102.97 |

Í greinargerð, lagðri fram í skiptaréttinum 17. nóv. 1938, er gerð sú varakrafa af hálfu Finns Jónssonar, að krafan verði tekin til greina í búið þannig:

1. Sem forgangskrafa:
   a. Húsaleiga samkvæmt kröfulýsingunni, kr. 100.00 á mánuði, alls ..... kr. 955.18
   b. Kaupeftirstöðvar, kr. 450.00 á mánuði, alls .... — 4298.28
   c. Innheimtulaun hér af ..... — 357.60

   Samtals kr. 5611.06

2. Sem almenn krafa:
   a. Fyrir hita, ljós og ræstingu, kr. 50.00 á mánuði, alls ..... kr. 477.58
   b. Innheimtulaun hér af ..... — 47.75

   Samtals kr. 525.33

Í framhaldsgreinargerð, lagðri fram í skiptaréttinum 17. des. 1938, er þess síðan krafizt af umboðsmanni Finns Jónssonar, að honum verði úrskurðuð málflutningslaun samkvæmt lágmarksgjaldskrá M. F. Í., kr. 506.00, í stað innheimtulaunanna, og þess krafizt aðallega, að útibúi Landsbankans verði gert að greiða málskostnaðinn, en til vara, að þrotabúinu verði gert að greiða hann. Þá gerir hann og þá varakröfu um málskostnaðinn, að hann verði úrskurðaður honum á sama hátt í samræmi við varakröfu hans í málinu.

Af hálfu útibús Landsbankans eru hins vegar gerðar þær réttarkröfur, að krafan verði að engu leyti tekin til greina sem forgangskrafa, og að hún verði ekki tekin til greina sem almenn krafa með hærri upphæð en kr. 2131.04. Þá er þess og krafizt af málflutningsmanni útibúsins, að honum verði úrskurðuð málflutningslaun samkvæmt lágmarksgjaldskrá M. F. Í., kr. 600.00.

Í málinu er upplýst, að Finnur Jónsson var á fundi stjórnar h/f Hávarðs 6. febr. 1936 ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins til eins árs með 3ja mánaða uppsagnarfresti. Var jafnframt svo um samið, að „framkvæmdarstjóri annist eða láti annast auk framkvæmdarstjórnar allt skrifstofuhald h/f Hávarðs, leggi til skrifstofuáhöld og innanbæjarsíma félaginu að kostnaðarlausu og fái í laun á mánuði kr. 600.00."

Á árinu 1937 var Finni Jónssyni sagt upp starfi hans fyrir félagið frá 1. jan. 1938 að telja. Á fundi stjórnar félagsins 5. apríl 1938 var hann aftur ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins með sömu kjörum og áður og gegndi eða lét gegna því starfi úr því, þar til bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 11. okt. s. á.

Því er haldið fram í málinu af hálfu Finns Jónssonar og það staðfest með vottorði 2ja manna úr stjórn h/f Hávarðs, að á tímabilinu frá 1. jan. til 31. marz 1938 hafi Finnur Jónsson og í fjarveru hans starfsmaður hans og staðgengill haft með höndum reikningsuppgjör fyrir félagið, umsjón með eignum þess og starf við að koma botnvörpuskipi félagsins aftur út á veiðar. Hafa fyrrnefndir stjórnarnefndarmenn vottað, að gengið hafi verið út frá því sem vísu, þegar ráðningarsamningurinn var framlengdur 5. apríl 1938, að Finnur Jónsson hefði sama kaup fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. marz 1938 og hann hafði áður verið ráðinn fyrir.

Skal þá fyrst tekið til athugunar, að hve miklu leyti taka beri til greina kröfu Finns Jónssonar í búið, og síðan, hvort eða að hve miklu leyti hún skuli teljast forgangskrafa.

Eins og fyrr segir, er krafa Finns Jónssonar í búið kr. 5731.04 án innheimtulaunanna. Af upphæð þessari er viðurkennd sem lögmæt krafa kr. 2131.04, en mótmælt sem lögmætri kröfu kr. 3600.00, og kemur því aðeins til álita, hvort taka beri hina síðar nefndu upphæð til greina eða ekki.

Af nefndum kr. 3600.00, er mótmælt hefur verið, eru kr. 1800.00 greiðsla, er Finnur Jónsson hefur reiknað sér fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. marz 1938, og kr. 1800.00 greiðsla, er hann krefst fyrir 3ja mánaða uppsagnarfrest frá 10. október 1938 til 10. janúar 1939.

Af hálfu útibús Landsbankans er greiðslunni fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. marz 1938 mótmælt á þeim grundvelli ,að eigi verði séð, að Finnur Jónsson hafi verið ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins þenna tíma. En með tilvísun til þess, er að framan segir um störf Finns Jónssonar og staðgengils hans fyrir félagið á þessu tímabili og endurráðningu hans 5. apríl 1938, verður að telja nægilega sannað, að Finni Jónssyni hafi borið greiðsla fyrir umrætt tímabil, og ber því að taka þenna hluta kröfunnar til greina í búið.

Kröfu Finns Jónssonar um greiðslu fyrir uppsagnarfrest er mótmælt af útibúi Landsbankans á þeim grundvelli, að stjórn félagsins hafi verið skylt að gefa félagið upp sem gjaldþrota 1. júlí 1938 eða jafnvel nokkru fyrr. Þá hafi og stjórninni borið, þótt hún gæfi félagið ekki upp sem gjaldþrota, að haga öllum rekstri þess með væntanlegt gjaldþrot fyrir augum og segja öllum starfsmönnum þess upp. Eigi Finnur Jónsson, er verið hafi í stjórn félagsins ekki að hagnast á því, að þetta hafi verið vanrækt. Auk þess hafi Finnur Jónsson vanrækt störf sín fyrir félagið svo, að heimilt hafi verið að víkja honum úr stöðunni fyrirvaralaust.

Það er að vísu upplýst í málinu, að hagur h/f Hávarðs var orðinn mjög slæmur 1. júlí 1938, en með tilliti til þess, að félagið virðist aldrei beinlínis hafa stöðvað greiðslur sínar, að því hafði um alllangan tíma verið hjálpað af Landsbankanum til að halda útgerð sinni áfram, þótt það vantaði mikið til að eiga fyrir skuldum, og að bankarnir héldu um þetta leyti áfram að lána mörgum togaraútgerðarfélögum fé til áframhaldandi rekstrar, þrátt fyrir mjög bágborinn efnahag þeirra og áframhaldandi töp á útgerð, þykir skylda félagsstjórnarinnar til að gefa félagið upp sem gjaldþrota um 1. júlí 1938 eða til að segja upp starfsmönnum þess þá ekki hafa verið það augljós, að það, að þetta var ekki gert, svipti Finn Jónsson, er eigi hafði verið sagt upp stöðu sinni að nýju, rétti til greiðslu fyrir umsaminn uppsagnarfrest, þó hann ætti sæti í stjórn félagsins.

Það er að vísu upplýst, að Finnur Jónsson var á árinu 1938 mjög mikið fjarverandi frá störfum sínum fyrir félagið. En þar sem hann lét starfsmann sinn gegna störfum í fjarveru sinni og hafði samkvæmt framangreindri ráðningu sinni mjög rúman rétt til að láta aðra annast störf þau, er félagsstjórnin hafði falið honum, og þar sem eigi hafa verið færðar sönnur á verulegar misfellur í framkvæmd starfanna, verður eigi talið sannað, að félagið hafi öðlazt rétt til að víkja honum frá störfum fyrirvaralaust.

Samkvæmt þessu er eigi unnt að taka til greina mótmæli útibús

Landsbankans gegn því, að Finni Jónssyni beri réttur til greiðslu fyrir hinn umsamda uppsagnarfrest, og ber að áliti réttarins að taka kröfu Finns um greiðsluna fyri ruppsagnarfrestinn til greina í búið.

Krafa umboðsmanns Finns Jónssonar um innheimtulaun er afturkölluð með kröfu hans um, að honum verði úrskurðaður málskostnaður í máli þessu í stað innheimtulaunanna, og kemur því innheimtulaunakrafan eigi til álita.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka kröfu Finns Jónssonar að upphæð kr. 5731.04 til greina í þrotabú h/f Hávarðs án innheimtulaunanna, og kemur þá til álita, hvort eða að hve miklu leyti beri að viðurkenna forgangsrétt kröfunnar.

Af hálfu Finns Jónssonar er þess, eins og fyrr segir, krafizt aðallega, að krafa hans verði öll tekin til greina sem forgangskrafa í þrotabú h/f Hávarðs, og til vara, að hún verði tekin til greina sem forgangskrafa að undanteknum kr. 477.58 fyrir hita, ljós og ræstingu. Eru kröfur þessar byggðar á því, að hér sé um að ræða húsaleigu- og vinnulaunakröfu, er njóti forgangsréttar í búið samkvæmt 83. gr. skiptalaganna, og því haldið fram, að orðin „annarra þjónustumanna" í 5. lið greinarinnar taki til framkvæmdarstjóra, er ráðnir séu með þeim hætti, sem Finnur Jónsson var ráðinn.

Af hálfu útibús Landsbankans er því hins vegar mótmælt sem fyrr segir, að krafan njóti forgangsréttar samkvæmt 83. gr. skiptalaganna. Er því haldið fram af hálfu útibúsins, að grundvöllur kröfunnar sé verksamningur, en eigi vinnusamningur, og að jafnvel þó að svo yrði álitið, að hér væri um vinnukröfu að ræða, nyti hún ekki forgangsréttar samkvæmt 5. lið 83. gr. skiptalaganna, því undir þenna lið falli ekki kaup framkvæmdarstjóra eða annarra, er svipaða stöðu hafa.

Þá er því og haldið fram af hálfu útibúsins, að Finnur Jónsson hafi ekkert húsnæði leigt h/f Hávarði, og geti því ekki verið um neina sérstaka húsaleigukröfu að ræða af hans hálfu á hendur þrotabúinu. Auk þess sé skipting kröfunnar í húsaleigukröfu og vinnulaunakröfu af hreinu handahófi gerð.

Í málinu er upplýst og viðurkennt, að Finnur Jónsson hafði afnot af skrifstofu Samvinnufélags Ísfirðinga, sem hann var einnig forstjóri fyrir, vegna skrifstofuhalds síns fyrir h/f Hávarð. Telur hann sig hafa greitt Samvinnufélagi Ísfirðinga kr. 100.00 á mánuði í húsaleigu vegna skrifstofuhaldsins. Tveir menn úr stjórn h/f Hávarðs hafa vottað, að Finnur Jónsson hafi greitt samvinnufélaginu kr. 150.00 á mánuði fyrir afnot af skrifstofu og fleira vegna starfa í þágu h/f Hávarðs, og segjast þeir telja, að af upphæð þessari sé húsaleiga kr. 100.00. Af þessu er ljóst, að Finnur Jónsson hefur ekki leigt h/f Hávarði nokkurt húsnæði með þeim hætti, að hann geti átt sérstaka húsaleigukröfu á hendur þrotabúi félagsins, er njóti lagaverndar samkvæmt 83. gr. skiptalaganna. Er þegar af þessum ástæð-

um ekki unnt að taka til greina sem forgangskröfu í búið þær kr. 955.18 af kröfu Finns Jónssonar, er hann telur vera húsaleigukröfu.

Það er viðurkennt í málinu, að kr. 477.58 af hinni umdeildu kröfu, eða sem svarar 50 kr. fyrir hvern mánuð, sé greiðsla fyrir hita, ljós og ræstingu, og að Finnur Jónsson hafi greitt Samvinnufélagi Ísfirðinga upphæð þessa vegna starfa þeirra, er hann hafði að sér tekið fyrir h/f Hávarð. Getur slík krafa ekki notið lögverndar samkvæmt 83. gr. skiptalaganna, og verður þessi hluti kröfunnar því ekki til greina tekinn sem forgangskrafa í búið.

Kemur þá til álita, hvort sá hluti hinnar umdeildu kröfu, kr. 4298.28, er Finnur Jónsson telur vera vinnulaun sín, njóti lögverndar samkvæmt 5. lið 83. gr. skiptalaganna.

Af því, sem að framan segir um ráðningu Finns Jónssonar, er ljóst, að því fer mjög fjarri, að með ráðningunni hafi verið gerður hreinn vinnusamningur, sbr. og það, er að framan segir um skiptingu hinnar umdeildu kröfu. Á hinn bóginn verður eigi heldur talið, að ákvæðin um ráðninguna séu í heild hreinn verksamningur.

Að því er snertir sjálfa framkvæmdarstjórnina, er Finni Jónssyni virðist með ráðningarsamningnum falið að annast sjálfum, verður að telja, að um vinnusamning sé að ræða. Þó ber á það að líta, að í framkvæmdinni hefur þetta orðið með nokkuð öðrum hætti, að því er snertir það tímabil, sem hin umdeilda krafa stafar frá, því upplýst er og viðurkennt í málinu, að þann tíma var Finnur Jónsson að mestu fjarverandi frá störfum fyrir h/f Hávarð, sumpart vegna opinberra starfa sinna og sumpart vegna veikinda, og að ákveðinn starfsmaður hans annaðist framkvæmdarstjórnina að verulegu leyti á meðan.

Auk þess að Finnur Jónsson var ráðinn framkvæmdarstjóri h/f Hávarðs, var honum, eins og fyrr segir, falið að annast eða láta annast allt skrifstofuhald félagsins, þar á meðal að sjálfsögðu allt bókhald þess, og virðist engin áherzla á það lögð við ráðninguna, hvort hann annaðist skrifstofuhaldið sjálfur eða léti aðra annast það. Er á það er litið, að upplýst er, að er Finnur Jónsson var ráðinn framkvæmdarstjóri h/f Hávarðs, var hann einnig forstjóri annars allstórs útgerðarfélags og átti auk þess umfangsmiklum opinberum störfum að gegna, verður naumast talið, að honum hafi verið ætlað af stjórn h/f Hávarðs að hafa sjálfum á hendi skrifstofuhald og bókhald félagsins. Er og upplýst í málinu, að á því tímabili, er hin umdeilda krafa stafar frá, hafi ákveðinn starfsmaður Finns Jónssonar að mestu eða öllu annazt skrifstofuhaldið og bókhaldið. Verður því að telja, að ákvæði ráðningarinnar um skrifstofuhaldið séu frekar verksamningur en vinnusamningur, og verður greiðslan að því leyti, sem hún er fyrir skrifstofuhaldið, þegar af þeirri ástæðu eigi talin njóta lögverndar samkvæmt 5. lið 83. gr. skiptalaganna.

Um þann hluta kröfunnar, sem er greiðsla til Finns Jónssonar

fyrir framkvæmdarstjórn hans, er það að segja í fyrsta lagi, að þar eð greiðslan fyrir framkvæmdarstjórnina, skrifstofuhaldið og það annað, er honum bar fram að leggja samkvæmt fyrrnefndri ráðningu, er til tekin í einu lagi sem heildargreiðsla, er eigi unnt að greina greiðsluna fyrir framkvæmdarstjórnina sérstaklega frá greiðslunni fyrir hin atriðin, er um ræðir í ráðningunni, þannig að sagt verði með vissu, hve miklu hún nemi, enda er eigi gerð tilraun til þess í málinu, nema að því er snertir greiðsluna fyrir húsnæði, hita, ljós og ræstingu. Í öðru lagi verður að áliti réttarins að telja, að orðin „annarra þjónustumanna" í 5. lið 83. gr. skiptalaganna taki aðeins til þeirra þjónustu- eða starfsmanna, er hafa að verulegu leyti svipaða aðstöðu til kaupgreiðanda síns og kaupgreiðslu og hjú, daglaunamenn og aðrir þeir flokkar manna, sem sérstaklega eru taldir upp í greinarliðnum, en eigi verður talið, að svo sé háttað um framkvæmdarstjóra hlutafélaga.

Samkvæmt þessu er eigi heldur unnt að taka þenna hluta hinnar umdeildu kröfu til greina sem forgangskröfu.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður skuli falla niður.

Því úrskurðast:

Finnur Jónsson á kröfu að upphæð kr. 5731.04 í þrotabú h/f Hávarðs.

Kröfu þessa ber að taka til greina í búið sem almenna kröfu, en eigi sem forgangskröfu.

---

Mánudaginn 17. marz 1947.

Nr. 163/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Lárus Fjeldsted)
gegn
**Jóni Þorbergi Eggertssyni**
(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

**Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Gizurar Bergsteinssonar.**

Líkamsáverkar. Brot gegn umferðarlöggjöf.

**Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt því, sem fram er komið við rannsókn málsins, verður að telja, að ákærði hafi ekið með óhæfilegum

hraða af Hellisgötu inn á aðalbrautina Reykjavíkurveg. Að öðru leyti er atvikum málsins nægilega lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms.

Ákærði hefur gerzt brotlegur gegn 26. og 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, 2., 4., 6. og 7. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 svo og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jón Þorberg Eggertsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Fjeldsteds og Garðars Þorsteinssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 21. september 1946.**

Ár 1946, laugardaginn 21. september, var í aukarétti Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Guðmundi Í. Guðmundssyni bæjarfógeta, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 13. september s. l.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Þorbergi Eggertssyni bifreiðarstjóra, nú til heimilis að Hjallavegi 48, Reykjavík, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 31. maí 1925, og hefur ekki, svo vitað sé, sætt ákæru né refsingu fyrir neitt lagabrot.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 15. apríl 1946 var hringt frá sundlauginni í Hafnarfirði á bifreiðastöð Sæbergs þar og beðið um bifreið.

Ákærði, Jón Þorberg Eggertsson, sem þá var bifreiðarstjóri við stöðina, ók þegar í fólksflutningabifreiðinni G 540 vestur eftir til sundlaugarinnar og tók þar Hjálmar Tómasson í bifreiðina. Hann bað um að aka sér til barnaskólans og kvaðst þurfa að flýta sér, þar sem hann væri orðinn of seinn.

Ákærði ók greitt austur Krosseyrarveg og upp Vesturbraut, en beygði síðan inn á Kirkjuveg og því næst Hellisgötu. Er hann ók austur eftir vinstri kanti Hellisgötu, var allmikil ferð á bifreiðinni, eða ca. 20 km, miðað við klukkustund, en þegar hann kom að gatnamótum við Reykjavíkurveg, hægði hann lítið eitt á ferðinni, en hélt svo rakleitt áfram og stefndi inn á Hverfisgötu.

Rétt í sama bili kom niður Reykjavíkurveginn vörubifreiðin G 587, sem mun hafa ekið með á að gizka 20—25 km hraða og var 3—4 billengdir fyrir ofan stefnu, sem G 540 hélt. Skipti nú engum togum, að bifreiðarnar rákust saman á miðjum Reykjavíkurveginum. Bifreiðin G 587 hemlaði og stöðvaðist, að því er virðist um leið og árekstrinn varð, en G 540 hentist lítið eitt til hægri undan árekstrinum, sem kom á vinstri hlið hennar, og rann síðan yfir götuna, skáhalt til hægri, á lítilli ferð inn á Hverfisgötu og stöðvaðist þar úti á hægri vegarbrún með hægra framhjól út af þannig, að bifreiðin vóg salt á brúninni. En á vegarbrúninni þarna er hár grjótkantur.

Í sama bili og bifreiðin stöðvaðist, hljóp Hjálmar, sem sat í framsætinu, út hægra megin.

Sá hann þá, að lítill drengur lá á grúfu samankipraður undir miðri bifreiðinni.

Var drengurinn að rísa á fætur og hljóðaði, er honum var hjálpað undan bifreiðinni. Drengurinn var með stóran áverka á höfði og blæddi mikið. Reyndist hann vera Rúnar Brynjólfsson, til heimilis að Hverfisgötu 41, Hafnarfirði, níu ára gamall. Drengurinn var settur upp í bifreiðina G 587, og honum strax ekið á sjúkrahúsið í Hafnarfirði og náð í lækni.

Hvorki ákærði né farþeginn, sem með honum var, höfðu komið auga á drenginn á götunni.

Drengurinn hafði gengið vestur Hverfisgötu og fór út á vinstri vegarbrún, þegar hann sá bílana koma, og ætlaði að bíða þar, á meðan þeir færu fram hjá. Áttaði hann sig ekki fyrr en bíllinn kom ofan á hann, en þarna sem drengurinn stóð er grjótkantur á veginum, rúmur meter á hæð.

Hemlar bifreiðarinnar reyndust eftir árekstrinn vera í góðu lagi og stýrisútbúnaður hennar einnig, svo hægt var að stjórna bifreiðinni. Bifreiðarstjórinn var óþreyttur og vel fyrir kallaður.

Ákærði telur sig hafa hemlað, er hann varð var hinnar bifreiðarinnar. Margt bendir þó til þess, að hann hafi ekki hemlað, eða

a. m. k. ekki nægilega, með því að hann hefði þá átt að geta stöðvað bifreiðina með þeim hraða, sem hún hafði, og á þeirri vegarlengd, sem milli bifreiðanna var, er hann sá, að árekstur var yfirvofandi. Það verður að telja stórkostleg mistök hjá ákærða að stöðva ekki bifreið sína, strax eftir að áreksturinn var um garð genginn. Á þeim hraða, sem hún þá hafði, um eða undir 5 km á klukkustund, hefði hann átt að geta stöðvað hana svo að segja á staðnum, eða a. m. k. áður en hún rann út á Hverfisgötuna, og afstýrt slysinu.

Þá bar ákærða og að halda sig á vinstri helmingi Hverfisgötu, en ekki ,eins og hann gerði, stefna út af götunni til hægri og eiga þannig á hættu að lenda út af háum grjótgarði, sem minnstu munaði, að yrði.

Auk alls þessa er það stórkostleg vangæzla og eftirtektarleysi af ákærða að sjá ekki drenginn beint fyrir framan bifreið sína og aka þannig yfir hann. Það verður að telja, að ákærði hafi með öllum þessum mistökum og gálausum akstri orðið valdur að slysinu.

Meiðslin, sem Rúnar Brynjólfsson hlaut, voru þau, að höfuðkúpan brotnaði, húðflipar rifnuðu á hægri kinn og hálsvöðvi skarst í sundur. Er hann nú gróinn sára sinna, og telur læknir, að hann sé búinn að ná fullri heilsu, en hægri augnabrúnin er máttlaus, og ekki búizt við, að það batni, og á hægri kinn er stórt og áberandi ör. Í þessu máli hefur ekki verið krafizt neinna skaðabóta vegna þessa.

Reykjavíkurvegur er aðalgata og ein hin mesta umferðargata á Íslandi, svo að oft á daginn er um hana stöðug umferð. Á gatnamótunum við Hellisgötu er að neðan hornhús, sem skyggir að mestu á útsýni niður Reykjavíkurveg, þegar ekið er austur Hellisgötu, eins og ákærði gerði. En að ofan til vinstri við ákærða var óhindrað útsýni upp eftir Reykjavíkurvegi, nægilega langt vegna umferðarinnar, áður en á gatnamótin kemur.

Það verður því að teljast stórkostleg óaðgæzla af ákærða að aka rakleitt út á Reykjavíkurveg, eins og hann gerði, án þess að fullvissa sig um, að það væri óhætt vegna umferðarinnar, og alveg einstakt eftirtektarleysi, að hann skyldi ekki sjá bílinn, sem að ofan kom, í tæka tíð.

Með framangreindu atferli hefur ákærði brotið gegn 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, 4. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 16. júní 1941 og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald.

Þá ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða ökuleyfi í 4 ár frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar, kr. 250.00.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Þorberg Eggertsson, skal sæta 60 daga varðhaldi. Hann skal sviptur ökuleyfi í 4 ár frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði allan kostnað málsins, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar lögfræðings, kr. 250.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 17. marz 1947.

Nr. 164/1946. **Sæmundur Stefánsson**
(Hrl. Garðar Þorsteinsson)
gegn
**Pétri Leifssyni** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

**Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Húsnæðismál.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. desember f. á., gerir þær dómkröfur, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi fellur og að viðurkennt verði, að honum sé óskylt að rýma nokkurn hluta íbúðar þeirrar, sem hann hefur á leigu á Freyjugötu 35 í Reykjavík, en til vara krefst hann þess, að honum verði dæmt óskylt að rýma nokkurn hluta íbúðarinnar fyrr en 1. júlí þ. á. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að áfrýjanda sé ekki dæmt skylt að rýma eldhús íbúðarinnar fyrr en 1. júní þ. á.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 800.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Sæmundi Stefánssyni, skal skylt að rýma nú þegar 2 suðvestur-herbergi í leiguíbúð sinni á Freyjugötu 35 í Reykjavík og veita aðgang að hreinlætistækjum íbúðarinnar. Þann 1. júní 1947 skal honum skylt að rýma enn fremur eldhús íbúðarinnar.

Áfrýjandi greiði stefnda, Pétri Leifssyni, kr. 800.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.**

Ég er samþykkur framanrituðum dómi með þeirri athugasemd, að ég tel rétt, að áfrýjandi, Sæmundur Stefánsson, rými 2 suðvestur herbergi í leiguíbúð sinni, Freyjugötu 35 í Reykjavík, og veiti aðgang að hreinlætistækjum íbúðarinnar innan 7 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Sæmundur Stefánsson stórkaupmaður, Freyjugötu 35 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. september s. l., gegn Pétri Leifssyni ljósmyndara, s. st., og krafizt þess, að síðargreind húsnæðisuppsögn verði metin ógild og að felldur verði úr gildi úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, sem upp kveðinn var 12. september s. l. Einnig krefst hann málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Jafnframt hefur hann með stefnu, útgefinni 24. október s. l., höfðað gagnsök í málinu og gert þær dómkröfur, að aðalstefnanda verði gert að rýma nú þegar alla íbúð þá, er hann hefur nú á leigu í húsinu nr. 35 við Freyjugötu. Enn fremur krefst hann málskostnaðar í gagnsök að mati dómarans.

Í gagnsök krefst gagnstefndi sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir:

Aðalstefnandi hefur haft íbúð á leigu í húsi aðalstefnda nr. 35 við Freyjugötu frá því á árinu 1939, og býr hann þar enn ásamt

fjölskyldu sinni. Hefur hann til afnota 5 íbúðarherbergi og eldhús á neðri hæð hússins auk baðherbergis. Í heimili hans eru auk þeirra hjóna tvö börn þeirra, 11 ára og á fyrsta ári, og tvær starfsstúlkur. Fram til s. l. vors hefur hann leigt út eitt herbergi af íbúðinni.

Aðalstefndi býr á efri hæð hússins og hefur þar til afnota fyrir sig og fjölskyldu sína 5 herbergi og eldhús. Auk þess hefur hann stúlknaherbergi í kjallara. Í heimili hefur aðalstefndi auk konu sinnar 18 ára son sinn og uppkomna dóttur. Þá hefur hann einnig starfsstúlku, og er móðir hennar á hennar vegum og býr í húsinu.

Með bréfi, dags. 11. júní s. l. og póstlögðu sama dag, sagði aðalstefndi aðalstefnanda upp íbúð hans frá 1. okt. s. l. að telja, þar eð hann hefði hennar brýna þörf til afnota fyrir son sinn, Kristján Hauk, sem væntanlegur væri frá Danmörku nú í haust.

Uppsögn þessi var borin undir húsaleigunefnd, sem með úrskurði, uppkveðnum 12. september s. l., mat hana gilda að hluta og gerði aðalstefnanda að rýma 2 suðvesturherbergi íbúðar sinnar svo og að veita aðgang að eldhúsi og hreinlætistækjum íbúðarinnar að hálfu. Sonur aðalstefnda, Kristján Haukur, er kvæntur, en barnlaus. Hann fór utan að afloknu stúdentsprófi árið 1936 til náms og lagði einkum stund á landmælingar. Eftir að hann lauk námi, hefur hann starfað í Danmörku, að undanskildu s. l. sumri, er hann var í Grænlandi með dönskum landmælingaleiðangri. Nú hefur bæjarverkfræðingur ákveðið að ráða Kristján til starfa hjá Reykjavíkurbæ sem forstjóra sérstakrar verkfræðingadeildar hjá bænum, og bíður það starf nú komu hans.

*Aðalsök:*

Aðalstefnandi byggir dómkröfur sínar á því í fyrsta lagi, að aðalstefndi hafi ekki brýna þörf fyrir að taka hið umdeilda húsnæði til afnota fyrir framangreindan son sinn, þar eð hann hafi nægilegt húsnæði í sinni eigin íbúð til að miðla honum af. Í öðru lagi mótmælir aðalstefnandi því, að heimilt sé að leigja syni aðalstefnda húsnæði hér í bænum, þar sem hann sé nú orðinn utanbæjarmaður vegna langdvalar sinnar erlendis við nám og í atvinnu, en sú atvinna, sem hann sé talinn ráðinn til hér í bænum, sé ekki þess eðlis, að það heimili að leigja honum húsnæði hér samkvæmt 2. mgr. 3. gr. húsaleigulaganna nr. 39 frá 1943. Enn fremur hefur aðalstefnandi véfengt, að það sé föst ætlun margnefnds sonar aðalstefnda að flytja hingað til bæjarins, og þó svo yrði, sé ósagt, að hann vildi sætta sig við að búa í íbúð ásamt sér, svo sem gert sé ráð fyrir í úrskurði húsaleigunefndar.

Aðalstefndi byggir kröfur sínar á brýnni þörf sinni fyrir hluta íbúðar aðalstefnanda til afnota fyrir son sinn og fjölskyldu hans. Hefur hann einnig drepið á það, að tegndamóðir sonar síns muni jafnvel verða til heimilis hjá honum, og þurfi hann þá einnig að sjá henni fyrir húsnæði.

Við munnlegan flutning máls þessa lýsti umboðsmaður aðalstefnda yfir því, að sonur aðalstefnda, sem hin umdeilda íbúð er ætluð, væri væntanlegur til bæjarins í desembermánuði n. k. Samkvæmt vottorði bæjarverkfræðings, sem ekki hefur verið véfengt, bíður hans hér starf, sem telja verður þess eðlis, að heimilt sé að leigja honum íbúð hér í bænum samkvæmt 2. mgr. 3. gr. húsaleigulaganna.

Dómari hefur farið á staðinn og skoðað húsnæði málsaðilja. Þykir mega á það fallast, að þótt aðalstefndi hafi allrúmt húsnæði til afnota fyrir sig og fjölskyldu sína, þá hafi hann brýna þörf, í skilningi húsaleigulaganna, fyrir aukið húsnæði til afnota fyrir fyrrgreindan son sinn, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að aðalstefndi hafi ráð á öðru húsnæði í þessu skyni. Verður því sýknukrafa aðalstefnda í aðalsök tekin til greina, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í aðalsök.

*Gagnsök:*

Kröfu sína í gagnsök byggir gagnstefnandi á því, að honum sé brýn þörf á öllu því húsnæði, sem gagnstefndi býr í, til afnota fyrir fyrrgreindan son sinn.

Gagnstefndi byggir sýknukröfu sína á því, að gagnstefnanda sé ekki brýn þörf á húsnæði sínu til afnota fyrir nefndan son hans.

Með vísan til þess, sem að framan greinir um aðalsök, og með tilliti til allra aðstæðna, þykir hæfilegt, að gagnstefnandi fái til afnota fyrir son sinn og fjölskyldu hans þau tvö herbergi, sem í úrskurði húsaleigunefndar getur, en auk þess fái hann einn afnot af eldhúsi gagnstefnda og aðgang að hreinlætistækjum íbúðarinnar til jafns við hann.

Þar eð sonur gagnstefnanda er ekki væntanlegur til landsins fyrr en í desember n. k., þykir rétt, að gagnstefndi sé ekki sviptur afnotum framangreinds húsnæðis fyrr en 1. janúar 1947.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Pétur Leifsson, vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Sæmundar Stefánssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Í gagnsök er gagnstefnda skylt að rýma eigi síðar en 1. janúar 1947 2 suðvestur herbergi og eldhús í leiguíbúð sinni í húsinu nr. 35 við Freyjugötu og veita aðgang að hreinlætistækjum íbúðarinnar.

Málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Aðfararfrestur ákveðst 15 dagar.

Miðvikudaginn 19. marz 1947.

Nr. 153/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
**Sigurði Björgvin Þorsteinssyni**
(Hrl. Lárus Jóhannesson).

**Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Gizurar Bergsteinssonar.**

Skjalafals. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Björgvin Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 500.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. september 1946.**

Ár 1946, föstudaginn 20. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2441/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Björgvin Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms hinn 12. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Björgvin Þorsteinssyni sjómanni, Selbycamp 19 hér í bæ, fyrir brot gegn XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Mýrum í Skriðdal hinn 25. október 1904, og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1930 $^{1}/_{9}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
1930 $^{13}/_{11}$ Dómur lögregluréttar, 100 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 4 mánuði (260 kr. skaðabætur í sama máli) fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1939 $^{11}/_{1}$ Undir rannsókn út af ökuóhappi. Látið falla niður.
1939 $^{3}/_{3}$ Dómur aukaréttar. Sýknaður af ákæru réttvísinnar út af ökuslysi og mannsbana.
1944 $^{1}/_{2}$ Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
1945 $^{17}/_{5}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1945 $^{25}/_{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

I.

*Ákæra um skjalafals.*

Með játningu ákærða er sannað, að hann hafi ritað nöfn annarra manna í heimildarleysi á nokkra víxla, og skulu nú rakin atvik þessara brota.

Hinn 26. júní s. l. leitaði Stefán Jóhannsson bifreiðasali, Nönnugötu 16 hér í bæ, til rannsóknarlögreglunnar og skýrði henni frá því, að fyrir hálfu þriðja ári hefði hann ábekt 5000 króna víxil fyrir ákærða ,og hefðu þá verið fyrir á víxlinum nöfn Gísla Stefánssonar vélgæzlumanns, Rauðarárstíg 22 hér í bæ, og Gísla Ólafssonar sjómanns, Freyjugötu 32, s. st. Síðan hefði ákærði framlengt víxil þenna og smátt og smátt greitt af honum, og hafi Stefán ætíð skrifað á framlengingarvíxlana, eftir að hin nöfnin hafi verið á þá komin. Síðasti framlengingarvíxillinn, að upphæð kr. 2500.00, hafi fallið í gjalddaga 25. maí s. l., þá eign Landsbanka Íslands, og hafi ákærði eigi greitt hann og Stefán því orðið að greiða hann eftir kröfu bankans. Síðar fékk hann upplýsingar um, að nöfn Gísla Stefánssonar og Gísla Ólafssonar mundu vera fölsuð á víxilinn, og varð það til þess, að hann leitaði til yfirvalda með málið.

Ákærði hefur játað að hafa í heimildarleysi ritað nöfn þessara manna, sem hann þekkti báða nokkuð, á víxilinn. Gísli Stefánsson hafði upphaflega verið útgefandi víxilsins, og hafði hann ritað nafn sitt á alla framlengingarvíxlana, nema þenna. Hafði ákærði ekki á það minnzt við hann, að hann yrði útgefandi þessa víxils.

Ákærði fullyrðir, að nafn Gísla Ólafssonar hafi ekki verið upphaflega á víxlinum né fyrstu framleningarvíxlunum, en viðurkennir að hafa í algeru heimildarleysi ritað nafn hans á síðasta framlengingarvíxilinn og næsta framlengingarvíxil þar á undan og ef til vill fleiri framlengingarvíxla. Stefán kveðst ekki muna betur en nafn Gísla Ólafssonar hafi verið á öllum víxlunum, en eigi er gegn skýrslu ákærða sannað, að svo hafi verið.

Á síðastliðnum vetri keypti ákærði fólksflutningabifreiðina R 3392 af Guðmundi Guðjónssyni, Karlagötu 21 hér í bæ, fyrir kr. 17000.00 og greiddi andvirði hennar með víxli, útgefnum 18. febrúar s. l., en hann féll í gjalddaga 18. maí s. l. Á víxil þenna ritaði ákærði í heimildarleysi nafn nefnds Gísla Stefánssonar sem útgefanda og nafn Gunnars Björns Halldórssonar, Bergþórugötu 27 hér í bæ, kunningja síns, sem ábekings. Guðmundur seldi Útvegsbanka Íslands h/f víxil þenna. Ákærði greiddi eigi víxilinn á gjalddaga, og hlaut Guðmundur þá að innleysa hann. Síðan var þeim, sem á víxilinn voru ritaðir, stefnt til greiðslu hans, en við fyrirtöku málsins tjáðu Gísli og Gunnar málflytjanda Guðmundar, að nöfn þeirra væru fölsuð á víxlinum, og var þá málið fellt niður gegn þeim. Guðmundur hafði 1. veðrétt í bifreiðinni fyrir víxilskuldinni, en þegar rannsókn málsins stóð yfir var eigi útkljáð, hvernig þessi skuldaskipti ákærða og Guðmundar yrðu leyst.

Á báðum þeim víxlum, sem nú hafa verið nefndir, var ákærði samþykkjandi.

Á síðastliðnu vori hafði Björn Ólafs, lögfræðingur hér í bæ, til innheimtu tvo víxla, sem ákærði var samþykkjandi á.

Annar þeirra víxla, en Sigurjón Jónsson bankagjaldkeri, Ingólfsstræti 3, átti hann, var að upphæð kr. 5700.00. Á honum var Gísli Jakobsson bakari, Njarðargötu 5 hér í bæ, útgefandi, en nafn áðurnefnds Gísla Stefánssonar var ritað aftan á víxilinn og var ritað í heimildarleysi af ákærða. Þessi víxill er þannig til kominn, að ákærði og Gísli Jakobsson voru í 15 þúsund króna víxilábyrgð fyrir Ragnar nokkurn Steingrímsson. Víxillinn féll á þá, og greiddu þeir hann með peningum og tveimur 5700 króna víxlum, og var ákærði samþykkjandi og Gísli útgefandi annars, en Gísli samþykkjandi og ákærði útgefandi hins. Þegar ákærði vildi greiða umboðsmanni víxileiganda með hinum fyrrnefnda þessara víxla, var krafizt meiri ábyrgðar að víxilskuldinni. Kveðst ákærði þá nokkru síðar hafa drukkinn ritað nafn Gísla Stefánssonar á víxilinn í heimildarleysi.

Hinn víxillinn, sem Gestur Guðmundsson kaupmaður, Laugavegi 49 A hér í bæ, átti, var að upphæð kr. 2000.00. Á honum var áðurnefndur Gunnar Halldórsson útgefandi, en áðurnefndur Gísli Stefánsson ábekingur. Þessi nöfn hafði ákærði ritað á víxilinn í heimildarleysi. Þessi víxill var annar framlengingarvíxill upphaflegs 3000 króna víxils, sem ákærði seldi Gesti laust eftir síðustu áramót, og voru á honum og fyrri framlengingarvíxlinum hin sömu nöfn. Á alla þessa víxla ritaði ákærði nöfn Gunnars og Gísla í heimildarleysi.

Báða þá víxla, sem til innheimtu voru hjá Birni Ólafs lögfræðingi, greiddi Jóhann Kr. Ólafsson, Hringbraut 32 hér í bæ, í þeirri von, að eigi kæmi þá til kæru á hendur ákærða um skjalafals. Í sama skyni greiddi hann 3500 króna víxil í Útvegsbanka Íslands h/f,

sem ákærði hafði falsað nöfn nefnds Gunnars og nefnds Gísla Stefánssonar á. Víxill þessi er nú eyðilagður og sömuleiðis báðir fyrri víxlar Gests Guðmundssonar og upphaflegi víxillinn, sem Stefán Jóhannsson ábekti, og allir framlengingarvíxlar þess víxils, nema sá síðasti, er Stefán greiddi. Eigi verður séð, að ákærði hafi reynt að líkja eftir rithöndum Gísla Ólafssonar, Gísla Stefánssonar eða Gunnars Halldórssonar, er hann hefur ritað nöfn þeirra á þá víxla, er fyrir liggja.

Áðurnefndur 5700 króna víxill var til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands. Ákærði hefur játað að hafa lagt inn í bankann til framlengingar þessum víxli annan víxil nokkru lægri með fölsuðu nafni Gísla Stefánssonar á. Víxil þenna segir hann bankann ekki hafa viljað kaupa, og var hann þar með úr sögunni.

Framangreind brot ákærða, sem hann kveðst hafa framið vegna fjárhagsvandræða og til að forða sér frá gjaldþroti, varða við 155. gr. 1. mgr. hegningarlaganna.

II.

*Ákæra um áfengis- og bifreiðalagabrot.*

Með játningu ákærða er sannað, að hann ók bifreið sinni R 3259 hér um götur bæjarins að kvöldi 7. marz s. l. og var þá undir áhrifum áfengis.

Varðar það hann refsingu samkvæmt 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

III.

*Niðurlag.*

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða fyrir framannefnd brot hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Meðan á rannsókn málsins stóð, var ákærði í gæzluvarðhaldi dagana 26. júní til 2. júlí s. l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir eiga að ákveða, að gæzluvarðhald þetta komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni. Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá þykir verða samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 21. gr. áfengislaganna sbr. 39. gr. sömu laga og 68. gr. hegningarlaganna að svipta ákærða ævilangt rétti til að aka bifreið.

Stefán Jóhannsson bifreiðasali, Nönnugötu 16, hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér upphæð framangreinds víxils, þess er Stefán greiddi, kr. 2500.00, auk afsagnarkostnaðar, kr. 18.10, alls kr. 2518.10. Þessa kröfu hefur ákærði samþykkt, og verður hún tekin til greina.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Björgvin Þorsteinsson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Gæzluvarðhald hans komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga og enn fremur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákærði greiði Stefáni Jóhannssyni kr. 2518.10 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 25. marz 1947.

Nr. 159/1945. **Meyvant Sigurðsson** (Hrl. Gunnar J. Möller)

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

**Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.**

Um öflun gagna.

## Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að fresta málinu og veita aðiljum kost á að afla frekari gagna.

1. Rétt er, að Ríkharður Meyvantsson, bifreiðarstjóri á bifreiðinni R 1173, verði kvaddur fyrir dóm og látinn gefa ýtarlega skýrslu um aðdraganda slyss þess, sem í málinu greinir. Æskilegt er, að farið sé með honum yfir skýrslu þá, er hann gaf fyrir lögreglunni 16. ágúst 1943, og honum bent á, að sum atriði í skýrslunni fái ekki staðizt. Hann segir þar, að hann hafi gefið hljóðmerki, er hann átti eftir ca. 2 m ófarna að herbifreiðinni, en er bifreið hans hafi verið á móts við afturenda hennar, hafi herbifreiðin þverbeygt snögglega til hægri í veg fyrir hann, og árekstur þá orðið með þeim hætti, að vinstra frambretti R 1173 hafi lent á hægra aftur-

horni herbifreiðarinnar. Þessi frásögn bifreiðarstjórans fær ekki staðizt, þar sem hann segist hafa ekið miklum mun hraðar en herbifreiðin.

2. Þess er vænzt, að Sverrir Meyvantsson, bróðir áðurgreinds Ríkharðs, verði kallaður fyrir dóm og spurður ýtarlega um atvik að slysinu.

3. Rétt er að spyrja vitnið Freyju Norðdal um það, hve langt bil hafi verið milli bifreiðanna, er hún taldi herbifreiðina hafa beygt fyrir R 1173.

4. Reynt skal, ef þess er kostur, að afla skýrslna og gagna frá herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku varðandi slys þetta.

5. Loks veitist aðiljum kostur á að afla gagna um önnur þau atriði, er málið varðar og efni kunna að standa til.

Ályktarorð:

Aðiljum skal gerður kostur þess að afla framangreindra gagna.

---

Föstudaginn 28. marz 1947.

Nr. 44/1944. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Jóni E. Waage** (Hrl. Lárus Jóhannesson).

**Setudómari Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Verðlagsbrot.

**Dómur hæstaréttar.**

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti í Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur nýrra gagna verið aflað í máli þessu, þar á meðal yfirlýsinga frá verðlagsstjóranum í Reykjavík.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, var auglýsing um verðlagsákvæði nr. 128/1941 í gildi, þegar atvik máls þessa gerðust. Hins vegar hefur það komið í ljós, að fylgt hefur verið þeirri reglu af stjórnvöldum verðlagsmála að leyfa

verzlunum austan lands að bæta 3% vegna ýmiss kostnaðar við kaupverð á vörum þeim, sem í málinu greinir, öðrum en skófatnaði, áður en álagningu smásala var við bætt. En á skófatnað var leyft að bæta a. m. k. 5% við kaupverðið vegna þessa kostnaðar. Þykir verða að leggja þessar reglur til grundvallar í málinu. Þá þykir og kærða hafa verið heimilt að telja leyfisgjald með kostnaðarverði vara, þegar hann hefur greitt það.

Skal þá vikið að einstökum kæruatriðum.

Að tilhlutun dómsins hefur löggiltur endurskoðandi reiknað verð á vörum þeim, sem kærði er sakaður um að hafa selt dýrar en lögleyft var. Hefur endurskoðandinn í reikningi sínum m. a. lagt til grundvallar þær reglur um verðlagsálagningu, sem nú hafa verið nefndar.

*1. Um handklæði.*

Samkvæmt framangreindu var löglegt að selja hvert handklæði á kr. 6.99. Því hefur verið haldið fram af trúnaðarmanni verðlagsyfirvalda, að kærði hafi verðlagt handklæði þessi á kr. 7.65. Kærði hefur haldið því fram, að hann hafi selt þau á kr. 6.65, og er hið gagnstæða ekki sannað gegn neitun hans.

*2. Um kjólaefni.*

Löglegt var að selja þau á kr. 29.58 hvern metra. Kærði hefur játað að hafa selt 43 metra af efni þessu á kr. 30.00 hvern metra, og er því ólögleg álagning hans kr. 0.42 á hvern metra eða samtals kr. 18.06.

*3. Um karlmannaskó.*

Telja verður, að löglegt söluverð á hverjum skóm hafi verið a. m. k. kr. 47.14. Ósannað er, að kærði hafi selt skó þessa hærra verði en 47.00 kr.

*4. Um áklæði.*

Löglegt var að selja það á kr. 12.84 hvern metra. Telja verður sannað, að kærði hafi selt 5.62 metra af áklæði þessu á kr. 13.45 hvern metra. Verður ólögleg álagning þá kr. 0.61 á hvern metra eða samtals kr. 3.42.

*5. Um nærfatnað.*
Löglegt var að selja hann á kr. 32.77 samstæðuna. Söluverð kærða var kr. 32.50.

*6. Um karlmannafrakka.*
Löglegt verð á þeim var kr. 248.71. Söluverð kærða var kr. 247.50.

*7. Um vatnsglös.*
Heimilt var að selja þau á kr. 1.37 hvert glas. Sannað er, að kærði seldi 94 glös á kr. 1.45 hvert glas. Verður ólöglegur ágóði kærða af sölu glasa þessara þá kr. 7.52.

*8. Um regnkápur.*
Löglegt var að selja hverja þeirra á kr. 62.57. Söluverð kærða var kr. 62.50 hver kápa.

*9. Um línskyrtur.*
Heimilt var að selja þær á kr. 27.85 hverja. Söluverð kærða var kr. 28.00, og seldi hann 15 skyrtur við því verði. Ólöglegur hagnaður kærða af sölu skyrtna þessara var því kr. 2.25.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna kærða af 1., 3., 5., 6. og 8. kærulið. En sala hans, sú sem greind er í 2., 4., 7. og 9. lið, varðar við áðurgreinda auglýsingu nr. 128/1941 og lög nr. 3/1943 um verðlag, svo sem segir í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms, þau er greinir í II., um viðurlög fyrir ýmiss konar óreiðu í varðlagningu, ber að staðfesta.

Brot kærða, að því er snertir of háa verðlagningu nokkurra vörutegunda, er lítilræði eitt, einkum þegar þess er gætt, að nokkur óvissa var um, hvernig verðleggja bar vörurnar. Verður því að ákveða refsingu kærða aðallega með hliðsjón af óreiðu þeirri, sem kærði hefur gerzt sekur um. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Krafa um upptöku ólöglegs ágóða hefur ekki verið gerð í stefnu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerking ummæla og vítur svo og um málskostnað staðfestast.

Af hálfu stjórnvalda verðlagsmála hefur dómsmál þetta eigi legið eins ljóst fyrir og skyldi. Hefur það gert rannsókn þess umfangsmeiri og kostnaðarsamari en ella mundi, einkum fyrir hæstarétti. Þykir því eigi rétt að gera kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar og telst hæfilegt, að hann greiði þann kostnað að hálfu, en ríkissjóður að hálfu, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 1400 krónur til hvors.

Mál þetta hefur dregizt allmjög hér fyrir dómi. Sækjandi og verjandi málsins voru skipaðir 19. apríl 1944. Dróst málið svo um hríð fyrir tilmæli verjanda. En er það skyldi flutt hér fyrir dómi í júnímánuði 1945, þótti nauðsyn til að bera, að aflað væri frekari gagna frá stjórnvöldum verðlagsmála, og var því málinu frestað í því skyni. Sækjandi ritaði svo þáverandi verðlagsstjóra þann 11. júní 1945 og æskti frekari skýrslna í málinu en áður höfðu komið fram. Verðlagsstjóri svaraði fyrirspurn sækjanda með bréfi 23. maí 1946, og var það svar ófullnægjandi. Varð þetta til þess, að haustið 1946 var málinu enn frestað og löggiltum endurskoðanda falið að fara yfir það og svara ýmsum spurningum reikningslega. Loks var málinu frestað um hríð í vetur vegna utanfarar verjanda kærða.

Dómsorð:

Kærði, Jón E. Waage, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði, ómerking ummæla og vítur eiga að vera óröskuð.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði kærði að hálfu og ríkissjóður að háflu, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti,

hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 1400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 1. apríl 1944.**

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu með stefnu, útgefinni 21. desember 1943, gegn Jóni E. Waage verzlunarstjóra, til heimilis Austurveg 15, Seyðisfirði, til refsingar fyrir ætluð brot á verðlagsákvæðum og á lögum um verðlag nr. 3 frá 13. febrúar 1943, sbr. reglugerð nr. 43 frá 7. marz 1939, svo og til greiðslu málskostnaðar.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. ágúst 1895, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1940 $^{3}/_{10}$ Aðvörun og áminning fyrir brot á ákvæðum um veitingasölu og lokunartíma sölubúða.

1942 $^{2}/_{2}$ Dæmdur í 100 króna sekt fyrir brot á verðlagsákvæðum. Upptækur ágóði kr. 196.63.

1943 $^{2}/_{5}$ Aðvörun fyrir brot á verðlagsákvæðum. Ólöglegur hagnaður, kr. 25.20, endurgreiddur.

Tildrög þessa máls eru þau, að í maí og júlí 1943 komu trúnaðarmenn verðlagsstjóra, Axel Kristjónsson, Sigurður Schram og Jón G. Kjerúlf, í verzlun E. J. Waage, sem kærði veitir forstöðu. Reiknaðist þeim til, að álagning verzlunarinnar væri í nokkrum tilvikum of há, enn fremur töldu þeir vera óreiðu á verðmerkingu og fylgiskjölum og kærðu því misfellur þessar, Axel Kristjónsson með bréfi, dags. 31. maí 1943, og Sigurður Schram og Jón G. Kjerúlf með bréfum, dags. 10. ágúst og 8. júlí 1943.

Áður en vikið verður að einstökum kæruatriðum máls þessa, þykir rétt að athuga gildandi reglur um verðlagningu almennt, eins og þær voru, þegar kærði verðlagði vörur þær, sem hann er sakaður um að hafa verðlagt hærra en verðlagsákvæði leyfðu. Þar eð vörur þessar eru allar tollafgreiddar fyrir 29. marz 1943, gilda um verðlagningu þeirra *reglur auglýsingar um verðlagsákvæði nr. 128 frá 23. júlí 1941*, sbr. auglýsingu viðskiptaráðs nr. 3 frá 11. marz 1943, og ákvæði laga nr. 3 frá 13. febrúar 1943 til bráðabirgða.

Samkvæmt þessum reglum kallast verð vöru, sem álagning reiknast af, kostnaðarverð. Í kostnaðarverði mega teljast nokkrir kostnaðarliðir, auk innkaupsverðs, og er upptalning greinarinnar á kostnaðarliðum þessum tæmandi, svo að engir aðrir kostnaðarliðir koma til greina við ákvörðun kostnaðarverðs en þeir einir, sem berum orðum eru taldir með í upptalningu greinarinnar. Þegar af þessu

fyrirmæli hinna tilvitnuðu reglna leiðir það, að í kostnaðarverði vöru má hvorki telja *umbúðir* né *vexti* (disconto).

Þá segir enn fremur í tilvitnuðum reglum, að því aðeins megi telja kostnaðarliði í kostnaðarverði, að sannanlegt sé, *að þeir falli raunverulega, eins og þeir eru tilfærðir, á það innkaupsverð, sem álagning er reiknuð af.*

Af þessu leiðir, að athuga verður nánar kostnað þann, sem kærði og verjandi hans hafa tilfært vegna heimaksturs varanna. Í vörninni, rskj. nr. 9, er 60 krónum af reikningi Einars Ólasonar bifreiðarstjóra, sjá rskj. nr. 4 bls. 17, jafnað niður sem kostnaði við heimakstur aðeins 5 stykkja. Nefndur Einar Ólason hefur verið leiddur sem vitni í málinu. Staðhæfir hann, að þetta komi ekki til neinna mála, því að hann hafi í umrædd skipti ekið fjöldamörgum stykkjum fyrir verzlun E. J. Waage, a. m. k. 20—30. Af skjölum málsins má sjá, að flestar vörurnar, sem kært er út af, komu hingað með sama skipi. Nam vörumagn það, sem verzlun E. J. Waage fékk þá með skipinu, samtals 77 stk. Líkur virðast vera fyrir því, að téður Einar Ólason hafi ekið megin hluta þessara vara, þar eð hann annaðist með bifreið sinni akstur fyrir verzlunina, samtals 4 klukkustundir, einmitt á þeim tíma, sem nefnd 77 stykki munu hafa verið hér á skipaafgreiðslunni. Meðal annarra skjala, sem héraðsdómslögmaðurinn lét fylgja vörn sinni, lagði hann fram 5 reikninga frá Þorbirni Arnoddssyni bifreiðarstjóra, sjá rskj. nr. 9a, 9f, 9m, 9n og 9r. Reikningar þessir sýna kostnað við heimakstur hverrar einstakrar vörusendingar, sem kært er út af. Nefndur Þorbjörn Arnoddsson hefur verið leiddur sem vitni í málinu. Segir hann reikninga þessa vera skrifaða nú fyrir stuttu og greina einstakar vörusendingar samkvæmt ósk kærða. Aðspurður, hvort hann hafi ekki ekið fleiri vörum en reikningarnir sýna í sömu ferðum, svarar hann því, að það hafi hann ekki sett á minnið, því það sé ekki skrifað sundurliðað í vinnubók. Af þessu leiðir, að næsta lítið verður ráðið um það af reikningum þessum, hverju nam *raunverulegur kostnaður* við heimakstur varanna, sem kært er út af. Þar eð ekki hefur tekizt á annan hátt að upplýsa, hve hár þessi kostnaður var í raun og veru, verður rétturinn að meta hann. Með hliðsjón af vottorði kaupmannanna Jóns Stefánssonar og N. Ö. Nielsen, rskj. nr. 29, bls. 3—4, virðist kostnaður þessi hæfilega metinn á 1 krónu hvert stykki, miðað við 50 kg stykki.

Í bréfi verðlagsstjóra, dags. 5. nóv. 1943, rskj. nr. 4, bls. 11—13, segir, að eigi sé heimilt að telja leyfisgjald í kostnaðarverði vara, sem keyptar eru af innlendum birgðum. Í máli þessu virðist mega telja það upplýst, að verzlun E. J. Waage hafi raunverulega greitt leyfisgjald af erlendu vörunum, sem keyptar eru af innlendum heildsölubirgðum. Samkvæmt áðurnefndri auglýsingu um verð-

lagsákvæði nr. 128 frá 1941 virðist bresta heimild til þess að neita kærða um rétt til þess að reikna leyfisgjald, sem hann raunverulega hefur greitt, með í kostnaðarverðinu.

Verður nú vikið að einstökum kæruatriðum máls þessa:

I. 1. Reikningur Eddu h/f, dags. 17/3 1943. Innkaupsverð kr. 18193.84.

Samkvæmt framanrituðu koma eftirtaldir kostnaðarliðir til greina ,eins og hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Flutningskostnaður | kr. 212.75 |
| 2. | Vátrygging | — 167.95 |
| 3. | Vörugjald (Hafnargjald) | — 13.75 |
| 4. | Uppskipun, 5 stk. á 1.75 | — 8.75 |
| 5. | Heimflutningur (545 kg) | — 11.00 |
| | Samtals kostnaður | kr. 414.20 |

eða 2.28%, miðað við innkaupsverð. Við bætist leyfisgjald 0.5%. Kostnaður því 2.78% alls. Kærði er sakaður um of háa álagningu á vörum samkvæmt framanskráðum reikningi, eins og hér segir:

a. Handklæði. Innkaupsverð kr. 4.75 pr. stk., kostnaðarverð kr. 4.88. Álagningarheimild er 42% samkvæmt auglýsingu nr. 128 frá 1941, hámarksverð því kr. 6.93 pr. stk. Samkvæmt kæru trúnaðarmanns verðlagsstjóra, Axels Kristjónssonar, var útsöluverð á handklæðum þessum kr. 7.65 pr. stk., er hann var að verðlagseftirliti í verzluninni 14. maí 1943. Kveður kærði þetta rangt, en viðurkennir, að verðið hafi verið óljóst skrifað hjá sér, og því ekki unnt að sjá, hvort átti að vera kr. 7.65 eða kr. 6.65. Í mótmælum þessum felst nokkur viðurkenning, og verður því að leggja framburð trúnaðarmannsins til grundvallar. Voru því seld 7 stk. af handklæðum þessum á verðinu kr. 7.65, en ætla má, að síðan hafi handklæði þessi verið seld á kr. 6.75 pr. stk.

b. Kjólatau (Texas). Innkaupsverð kr. 18.30 pr. yds., sem svarar til kr. 20.11 pr. metra, kostnaðarverð kr. 20.67 pr. m. Álagningarheimild er 42%, sbr. auglýsingu nr. 128 frá 1941, hámarksverð því kr. 29.35 pr. m. Kærði viðurkennir að hafa verðlagt kjólatau þetta á kr. 30.00 pr. m., en síðar var verðið lækkað í kr. 29.00 pr. m. Sala á hærra verðinu nam ca. 4,3 m. samkvæmt upplýsingum kærða.

c. Karlmannsskór R 1. Innkaupsverð kr. 33.85 pr. par, kostnaðarverð kr. 34.79 pr. par. Álagningarheimild 32% samkvæmt auglýsingu nr. 172 frá 16. okt. 1941, hámarksverð því kr. 45.92 pr. par. Trúnaðarmaður verðlagsstjóra, Axel Kristjónsson, telur útsöluverð á skóm þessum hafa verið kr. 48.00 pr. par, og hafði kærði ekkert við það að athuga við frumpróf málsins, en síðar heldur hann því fram, að skór þessir hafi aldrei verið á hærra verði en kr. 47.00 pr. par. Samkvæmt framanrituðu skiptir þetta ekki veru-

legu máli, þar eð hvort tveggja útsöluverðið er nokkru hærra en hámarksverðið. Skór þessir voru samtals 18 pör.

d. Áklæði. Innkaupsverð kr. 8.35 pr. yds., sem svarar til kr. 9.18 pr. m., kostnaðarverð kr. 9.44. Álagningarheimild er 35% samkvæmt auglýsingu nr. 128 frá 1941, hámarksverð því kr. 12.74. Áklæði þetta verðlagði kærði í fyrstu á kr. 13.45, en lækkaði verð þess í kr. 12.75 pr. m., er honum var kunnugt um, að álagningarheimildin væri aðeins 35%, en ekki 42%, eins og önnur álnavara.

e. Undirföt. Innkaupsverð kr. 22.30 pr. sett, kostnaðarverð þá kr. 22.92. Álagningarheimild er 42% samkvæmt auglýsingu nr. 128 frá 1941, hámarksverð því kr. 32.55. Útsöluverð kr. 32.50.

2. Reikningur Ásbjörns Ólafssonar, dags. 1¾ 1943. Innkaupsverð kr. 2060.25.

Kostnaður verður, eins og hér greinir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Umbúðir og flutningsgjald ..... | kr. 26.50 |
| | þar frá dragast umbúðir, er áætlast ..... | — 8.00 |
| | Eftir | kr. 18.50 |
| 2. | Uppskipun áætlast ..... | — 1.75 |
| 3. | Vörugjald áætlast ..... | — 2.00 |
| 4. | Heimflutningur á sölustað áætlast ..... | — 2.00 |
| | Samtals | kr. 24.25 |

eða 1,68%, að viðbættu 0,5% leyfisgjaldi, miðað við innkaupsverð. Kærði er sakaður um of mikla álagningu á 5 stk. af frökkum samkvæmt þessum reikningi. Innkaupsverð hvers frakka er kr. 178.00, kostnaðarverð því kr. 180.99. Álagningarheimild virðist vera 35% samkvæmt auglýsingu nr. 128 frá 1941, hámarksverð því kr. 244.34, en útsöluverð var kr. 247.50.

3. Reikningur Árnasonar, Pálssonar & Co., dags. 1½ 1943. Innkaupsverð kr. 1653.30.

Kostnaður er, eins og hér greinir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Flutningsgjald og akstur í Rvík ..... | kr. 49.35 |
| 2. | Uppskipun ..... | — 1.75 |
| 3. | Vörugjald (hafnargjald) ..... | — 0.75 |
| 4. | Heimflutningur á sölustað (45 kg) ..... | — 1.00 |
| | Samtals | kr. 52.85 |

Að viðbættu 0,5% leyfisgjaldi, verður kostnaður alls 3,7%, miðað við innkaupsverð. Kærða er gefið að sök að hafa verðlagt 10 dús. af vatnsglösum samkvæmt reikningi þessum of hátt. Innkaupsverð kr. 10.80 pr. dús. eða kr. 0.90 pr. stk., kostnaðarverð því kr. 0.93 pr. stk. Álagningarheimild er 47% samkvæmt auglýsingu nr. 128

frá 1941, hámarksverð þá kr. 1.37 pr. stk. Glös þessi verðlagði kærði á kr. 1.45 pr. stk.

4. Reikningur frá Sjóklæðagerð Íslands, dags. 1⅔ 1943. Innkaupsverð kr. 2115.00.

Kostnaður er, eins og hér greinir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fragt og framskipun | kr. 13.25 |
| 2. | Vátrygging | — 10.00 |
| 3. | Uppskipun | — 1.75 |
| 4. | Vörugjald (Hafnargjald) | — 2.00 |
| 5. | Heimflutningur á sölustað (75 kg) | — 2.00 |
| | Samtals | kr. 29.00 |

eða 1,37%, miðað við innkaupsverð. Kærði er sakaður um of mikla álagningu á 18 stk. regnkápur samkvæmt reikningi þessum. Innkaupsverð er kr. 45.00 fyrir hverja kápu, kostnaðarverð þá kr. 45.62. Álagningarheimild er 35%, sbr. auglýsingu nr. 128 frá 1941, hámarksverð því kr. 61.59, en útsöluverð á kápum þessum var kr. 62.50 pr. stk.

5. Reikningur I. Brynjólfssonar & Kvarans, dags. 1¾ 1943. Innkaupsverð kr. 1491.39.

Kostnaður er þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fragt og framflutningur | kr. 16.55 |
| 2. | Vátrygging | — 16.75 |
| 3. | Uppskipun | — 1.75 |
| 4. | Vörugjald (Hafnargjald) | — 1.00 |
| 5. | Heimflutningur á sölustað (40 kg) | — 1.00 |
| | Samtals | kr. 37.05 |

sem, að viðbættu 0,5% leyfisgjaldi, gefur kostnað alls 2,98%, miðað við innkaupsverð. Kærða er gefið að sök að hafa verðlagt manchetskyrtur of hátt samkvæmt þessum reikningi. Innkaupsverð er kr. 227.37 pr. dús., sem svarar til hér um bil kr. 18.95 pr. stk. Kostnaðarverð þá kr. 19.51. Álagningarheimild er 42% samkvæmt auglýsingu nr. 128 frá 1941, hámarksverð því kr. 27.70 pr. stk. Útsöluverð kærða var kr. 28.00 pr. stk. Í kæru trúnaðarmanna verðlagsstjóra, Sigurðar Schram og Jóns G. Kjerúlfs, stendur, að manchetskyrtur þessar hafi verið 11½ dús, en upplýst er, að þær voru aðeins 1¼ dús. eða 15 stk.

Með álagningu þeirri og verzlun, sem hér hefur verið lýst að framan undir töluliðunum I,1 a—d og I,2—5, hefur kærði að áliti réttarins gerzt brotlegur við gildandi verðlagsákvæði. Verðlagningu þessa annaðist hann að öllu leyti sjálfur. Ber því að refsa honum fyrir þetta samkvæmt lögum nr. 3 frá 13. febrúar 1943.

Hins vegar hefur kærði ekki brotið verðlagsákvæði með verðlagningu sinni á undirfötum, sjá staflið I,1, e, og ber því að sýkna hann af þeim lið kærunnar.

II. Þá er kærði enn fremur sakaður um vanrækslu á verðmerkingu vara, *að* hann hafi innkaupsreikninga ekki ætíð á vísum stað, svo að stundum gangi tafsamt að finna þá, og *að* útsöluverð hafi hann ekki fært á innkaupsreikninga, þó fyrirmæli hafi verið gefin honum í þá átt.

Vitnunum Axel Kristjónssyni, Haraldi Víglundssyni og að nokkru leyti vitninu Jóni G. Kjerúlf kemur saman um það, að vanræksla hafi átt sér stað við verðmerkingu hjá kærða. Vitnunum Sigurði Schram, Jóni G. Kjerúlf og Haraldi Víglundssyni ber öllum saman um það, að innkaupsreikningar yfir vörurnar hafi stundum ekki fundizt eða gengið tafsamt að finna þá, og vitnið Jón G. Kjerúlf hefur sérstaklega kvartað undan því, að kærði hafi vanrækt að færa útsöluverð varanna á innkaupsreikninga, þrátt fyrir fyrirmæli vitnisins til kærða um að gera það.

Meira og minna óákveðin mótmæli kærða um þessi atriði fá ekki staðizt gegn eiðfestum framburðum allra framanskráðra vitna, sem hafa innt af höndum verðlagseftirlit í verzlun E. J. Waage. Virðist augljóst, að óreiða kærða í þessum efnum hefur mjög torveldað og tafið verðlagseftirlit í verzluninni.

Með óreiðu þeirri, er hér var lýst, hefur kærði að áliti réttarins gerzt sekur um brot á ákvæðum reglugerðar nr. 43 frá 7. marz 1939 svo og auglýsingar viðskiptaráðs nr. 5 frá 11. marz 1943, og verður að refsa honum fyrir þetta samkvæmt lögum nr. 3 frá 1943.

III. Við rannsókn málsins og rekstur hefur kærði verið óspar á ýms mótmæli, sem við nánari rannsókn hafa reynzt með öllu ástæðulaus. Á sama hátt hefur hann blandað inn í málið atriðum og skjölum, er ekki hafa sjáanlega neina þýðingu fyrir úrslit þess. Þetta hefur bæði tafið rekstur málsins og aukið mjög fyrirhöfn dómarans. Verður að víta kærða harðlega fyrir þetta.

Meðal ýmissa skjala, sem kærði hefur ritað og verjandi hans lagt fram í málinu, eru skaðabótakröfur á hendur *réttvísinni*, alls að fjárhæð kr. 228.79. Kröfurnar virðast byggðar á því, að trúnaðarmenn verðlagsstjóra og Friðrik Guðmundsson tollþjónn hafi bakað verzlun E. J. Waage tjón með afskiptum af verðlagningu í verzluninni. Kröfur þessar virðast vera einstæð fjarstæða og verða ekki teknar til greina.

Ummæli kærða í rjskj. nr. 15 „— *ósannindavaðall S. S. í eiðf. og A. Kr.*“ — „*svo langt gengið í ofsókn*“ — „ *eiðurinn misnotaður*“ — eru tilhæfulaus og móðgandi og verða því dæmd dauð og ómerk. Svo virðist og bera að víta verjandann, Erlend Björnsson héraðsdómslögmann, fyrir að hafa lagt skjal þetta fram í málinu.

Brot kærða á verðlagsákvæðum eru smávægileg í þeim skilningi, að ólöglegur ágóði er óverulegur, en aftur á móti hefur kærði tvívegis áður gerzt sekur um brot á verðlagsákvæðum.

Refsing sú, sem kærði hefur til unnið samkvæmt framanrituðu, þykir með tilvísun til 9. gr. laga nr. 3 frá 13. febrúar 1943 hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Erlendur Björnsson héraðsdómslögmaður krefst þess, að málsvarnarlaun hans verði greidd af almannafé. Samkvæmt framanrituðu verður sú krafa hans ekki tekin til greina, og þar eð kærði hefur sjálfur ráðið héraðsdómslögmanninn til þess að fara með mál þetta, telur rétturinn ákvörðun málsvarnarlauna sér eftir atvikum óviðkomandi.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón E. Waage, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar.

Framangreind meiðandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 28. marz 1947.

Nr. 126/1946. **Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**H/f Sæfinni** (Hrl. Theódór B. Líndal).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Útsvarsmál.

## Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 14. september f. á. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hafði með kæru 1. júlí f. á. skotið til hæstaréttar málskostnaðarákvæði fógetaúrskurðarins, en kærumálinu var frestað með úrskurði hæstaréttar 27. september s. á., og er það nú sameinað máli þessu. Krefst stefndi þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem upp er komið í hæstarétti, eru málavextir þessir:

Hlutafélagið Sæfinnur var stofnað árið 1942. Var félagið skrásett í Neskaupstað, og þaðan gerði félagið út skip sitt, v/s Sæfinn, næsta ár. Hlutafé félagsins var 75000 krónur. Þar af áttu Gísli Kristjánsson, útgerðarmaður í Neskaupstað, og eiginkona hans samtals 72000 krónur, en þrír nafngreindir menn í Neskaupstað samtals 3000 krónur, og voru þeir kjörnir stjórnarmenn félagsins. Voru tveir stjórnarmanna þessara venzlamenn þeirra hjóna. Í desember 1943 var sú ákvörðun tekin, að heimilisfang hlutafélagsins skyldi flutt til Mjóafjarðar, og var hlutafélagið skrásett þar í janúar 1944. Keyptu þá þrír venzlamenn Gísla Kristjánssonar, sem búsettir voru í Mjóafirði, hver 1000 króna hlut af stjórnarmönnum þeim, sem áður er getið. Voru nú þessir nýju hlufhafar í Mjóafirði kjörnir stjórnarmenn hlutafélagsins, en eigi hafði það neina skrifstofu í Mjóafirði. Hinn 5. marz 1944 veitti hin nýja stjórn hlutafélagsins Gísla Kristjánssyni fullt og ótakmarkað umboð til að koma fram fyrir hönd félagsins hvarvetna. Þá er þess og að geta, að um áramótin 1945 og 1946 fluttist Gísli Kristjánsson búferlum ásamt fjölskyldu sinni til Akureyrar. Jafnframt var heimilisfang h/f Sæfinns og flutt þangað, og Gísli Kristjánsson, kona hans og dóttir, sem keypt hafði hluta eins stjórnarmanns félagsins í Mjóafirði, kjörin í stjórn þess.

Af því, sem nú var rakið, sést, að Gísli Kristjánsson og eiginkona hans áttu nær allt hlutafé félagsins og að flestir hinna hluthafanna voru venzlamenn þeirra. Af framangreindu má og ráða, að Gísli Kristjánsson og kona hans höfðu í hendi sér, hverjir skipuðu stjórn félagsins á hverjum tíma, og höfðu þau því í reyndinni öll ráð hlutafélagsins og fyrirsvar. Verður þess vegna að telja, að raunverulegt heimilisfang félagsins hafi verið í Neskaupstað, þar sem Gísli Kristjánsson og kona hans voru búsett, á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Var hlutafélagið því útsvarsskylt í Neskaupstað árið 1945. Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtakið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

**Sératkvæði prófessors Ólafs Lárussonar.**

Það, að maður sá, sem stjórnaði framkvæmdum hins stefnda hlutafélags, og kona hans, en þau áttu allan þorra hlutabréfanna, áttu lögheimili í Neskaupstað, veitir eigi heimild til, að útsvar væri lagt þar á hlutafélagið, sem þá hafði verið skrásett í öðru sveitarfélagi, enda er því ómótmælt haldið fram í málinu, að starfsemi félagsins hafi eigi farið fram frá Neskaupstað og að framkvæmdarstjóri þess hafi að mestu leyti rækt störf sín í þágu þess á öðrum stöðum.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar og tel rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti með 1000 kr.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, h/f Sæfinni, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 24. júní 1946.**

Undir gerð þessari, málið var tekið 11. þ. m. til úrskurðar, krafðist gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Neskaupstaðar, í byrjun, að lögtak yrði gert hjá gerðarþola, h/f „Sæfinni", fyrir útsvarinu, lögðu á hlutafélagið í Neskaupstað 1944 og 1945, en síðan undir gerðinni afturkallaði gerðarbeiðandi lögtakskröfuna um útsvarið 1944, og er því nú aðeins deilt um útsvarið 1945, kr. 20800.00, ásamt áföllnum dráttarvöxtum, kr. 1040.00, og dráttarvöxtum til greiðsludags.

Það er upplýst í málinu, að hlutafélagið Sæfinnur hafði ekki með höndum aðrar framkvæmdir en að gera út m/s „Sæfinn" S. U. 76, 102 tonn brúttó.

Upprunalega var útsvar hlutafélagsins fyrir árið 1945 kr. 45000.00, en var fært niður í kr. 20800.00 af ríkisskattanefnd. Hafði hlutafélagið krafizt þess af niðurjöfnunarnefnd, að útsvarið yrði fellt niður, þar sem félagið ætti lögheimili á Mjóafirði, en skip þess „Sæfinnur" engan atvinnurekstur stundað í bænum útsvarsárið.

Hlutafélagið Sæfinnur er stofnað 1942 með heimili og varnarþingi í Neskaupstað, en flutt að Sandi í Mjóafirði í lok ársins 1943, sbr. rjskj. nr. 13 og 14, og samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár sýslunnar, dags. 24. apríl 1944, rjskj. nr. 15, hafði aðalfundur félagsins hinn 5. marz 1944 kosið þau Jón Ingvar Jónsson, Hjálmar Kristjánsson og Sveinbjörgu Kristjánsdóttur í stjórn félagsins, öll til heimilis í Brekkuþorpi í Mjóafirði. Þessi stjórn réði á fundi sínum 5. marz 1944 Gísla Kristjánsson fyrir afgreiðslumann mótorbátsins Sæfinns og veitti honum ótakmarkað umboð til þess að koma fram f. h. félagsins á þeim stöðum, er skipið kynni að koma á, enda tekur Gísli Kristjánsson fram, að hann hafi lítið dvalið í Neskaupstað árið 1944, meðan skipið var í rekstri, því hann hafi fylgt því að mestu leyti eftir, og hefur þessu ekki verið mótmælt. En upplýst er, að skipið var mestan hluta ársins 1944 fram í miðjan september, að því var lagt í lægi á Akureyri, í fiskflutningum milli Vestmannaeyja og Stóra-Bretlands og á síldveiðum við Norðurland. Skal í þessu sambandi tekið fram, að af hálfu gerðarþola er haldið fram, að skipið í byrjun ársins hafi verið til

viðgerðar í Neskaupstað, og er þetta í samræmi við yottorð bæjarfógeta Neskaupstaðar, rjskj. nr. 23, um að skipið hafi fyrstu 23 daga ársins legið í Neskaupstað. Þá er þess getið í sama skeyti, að skipið hafi komið þrisvar á höfnina árið 1944. Nokkur ágreiningur hefur orðið á milli málsaðilja um það, hve oft skipið hafi þetta ár komið til Neskaupstaðar. En þar sem það er viðurkennt af niðurjöfnunarnefnd Neskaupstaðar, rskj. nr. 2, að skipið hafi ekki beinlínis stundað veiðar frá Neskaupstað, þykir ekki ástæða til þess að fara frekar út í þenna ágreining um komur skipsins til kaupstaðarins, er þykja ekki geta ráðið neinum úrslitum í málinu.

Um bókhald hlutafélagsins hefur Gísli Kristjánsson, framkvæmdarstjóri þess, gefið þær upplýsingar, að kaupmaður á Siglufirði hafi annazt allt bókhald snertandi skipið um síldveiðitímann, en í Vestmannaeyjum Ísfisksamlagið og skipstjóri, og tók samlagið fyrir ómak sitt um kr. 6000.00.

Síðustu hönd á bókhaldið lagði Jón L. Baldursson í Neskaupstað, en bækur félagsins telur Gísli að hafi verið í vörzlum stjórnarinnar á Mjóafirði, nema þann tíma, er endurskoðandi hafði þær undir höndum.

Eftir að þannig hefur verið skýrt frá gangi málsins, skal nánar vikið að málflutningi aðilja.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að lögtakið nái fram að ganga fyrir þá sök, að hlutafélagið hafi ekki verið búsett í Neskaupstað árið 1944, heldur í Mjóafirði, þar sem á það var lagt árið 1945 útsvar, að upphæð kr. 16153.00.

Eins og tekið hefur verið fram að framan, er hlutafélagið flutt til Mjóafjarðar í árslok 1943, en gerðarbeiðandi heldur fram, að flutningurinn hafi aðeins verið til málamynda til þess að losna við útsvarsgreiðslu í Neskaupstað, og þessari staðhæfingu til stuðnings virðist gerðarbeiðandi aðallega draga þetta fram, að eigendur mests hlutafjárins séu búsettir í Neskaupstað, að framkvæmdarstóri félagsins, Gísli Kristánsson, sé búsettur þar og að reikningshald félagsins hafi verið gert upp í árslok 1944 í Neskaupstað.

Af þessu dregur gerðarbeiðandi þá ályktun, að félagið hafi árið 1944 haft heimilisfastan atvinnurekstur í Neskaupstað. Engar sannanir liggja fyrir um það, að útgerð skipsins „Sæfinns" hafi haft skrifstofu í Neskaupstað árið 1944, en þó hefur verið gengið frá reikningi útgerðarinnar þar þetta ár. Að því er að öðru leyti snertir reikningshald útgerðarinnar þetta ár, verður að leggja til grundvallar skýrslu framkvæmdarstjórans, Gísla Kristjánssonar, eins og henni er lýst hér að framan, þar sem henni ekki sérstaklega hefur verið mótmælt, en hún er á þá leið, að hann hafi lítið dvalið í Neskaupstað árið 1944, meðan skipið var við rekstur, því hann hafi fylgt því að mestu leyti eftir. Og ómótmælt er því haldið fram, að í Vestmannaeyjum hafi verið greitt kr. 6000.00 fyrir reiknings-

haldið og að kaupmaður á Siglufirði hafi annazt reikningshaldið á Siglufirði.

Heimilisfesta gerðarþola í Neskaupstað verður því tæplega byggð á því, hvernig reikningsfærslu útgerðarinnar var hagað, þar sem hún virðist aðallega hafa farið fram utan Neskaupstaðar, og enda þótt framkvæmdarstjóri hafi verið búsettur i kaupstaðnum, virðast störf hans í sambandi við útgerð skipsins að mestu eða öllu hafa farið fram annars staðar. Þegar þess er nú gætt, að útgerð skipsins hafðist ekkert það að í Neskaupstað, er snertir veiðar skipsins, lítur rétturinn svo á, sem h/f Sæfinnur hafi ekki rekið heimilisfastan atvinnurekstur árið 1944 í kaupstaðnum, enda þótt hlutir félagsins hafi að meiru eða minna leyti verið á höndum búsettra manna þar.

Samkvæmt þessu fer hið umbeðna lögtak ekki fram.

Málskostnaður, en hans hefur verið krafizt af báðum aðiljum, fellur niður.

Rétt þykir að taka fram, að umboðsmaður gerðarþola hélt því fram undir rekstri málsins, að kveða þyrfti upp úrskurð um heimilisfang gerðarþola, sbr. lög nr. 95/1936, en þar sem hlutaðeigandi bæjarstjórn fór ekki þá leið, er ræðir um í 6. gr. nefndra laga, virðist hún hafa ætlazt til þess, að fógetarétturinn úrskurði um þetta, sem hann og hefur vald til.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

---

Föstudaginn 28. marz 1948.

Nr. 15/1947. **Stefán Stefánsson** (Hrl. Theódór B. Lindal)

gegn

**Þorleifi Sigurbjörnssyni**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébóta krafizt vegna tjóns af völdum bifreiðar.

## Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 17. febrúar þ. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. marz 1946 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, verður að leggja fulla bótaábyrgð á stefnda vegna tjóns áfrýjanda, er hlauzt af akstri stefnda, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Telja verður, að í báðum kröfuliðum áfrýjanda felist krafa um bætur fyrir fjártjón. Eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið um verð kálfa á þeim tíma, sem hér skiptir máli, þykja bætur fyrir fjártjón til handa áfrýjanda hæfilega metnar kr. 1300.00. Þá ber stefnda og að greiða vexti af þeirri fjárhæð, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1200.00.

Dómsorð:

Stefndi, Þorleifur Sigurbjörnsson, greiði áfrýjanda, Stefáni Stefánssyni, kr. 1300.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. marz 1946 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Akureyrar 7. júní 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 1. þ. m., hefur stefnandi, Stefán Stefánsson bóndi, Fagraskógi, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 28. marz s. l., á hendur Þorleifi Sigurbjörnssyni bifreiðarstjóra, Glerárgötu 3, Akureyri, og gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur, að upphæð kr. 1500.00, ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða að mati réttarins. Umboðsmanni Almennra trygginga h/f hefur verið gert aðvart um málið til réttargæzlu, en engar kröfur gerðar á hendur honum.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 8. júní 1945 ók stefndi bifreið sinni A 37, sem er fólksbifreið til mannflutninga, frá Akureyri til Dalvíkur, til þess að sækja fólk. Vegurinn liggur um túnið í Fagraskógi, og voru þrír kálfar þar á veginum. Stefndi kveðst hafa ekið með 40 km hraða, miðað við klukkustund, en hægt á sér, er hann nálgaðist kálfana, og gefið hljóðmerki. Einn kálfanna stökk strax út af veginum, en hinir tveir hlupu undan bifreiðinni eftir veginum allt að 500 m vegalengd, en hlupu þá út af veginum beint niður að sjó og fram af klettum, sem þar eru. Heimamenn frá Fagraskógi, sem sáu til kálfanna, fóru strax á vettvang. Var annar kálfurinn þá dauður, en hinn mikið skaddaður, svo að honum varð að lóga. Stefndi kveðst hafa ekið með 10—15 km hraða, miðað við klukkustund, eftir kálfunum.

Stefnandi telur stefnda bera ábyrgð á því tjóni, er hann varð fyrir við missi kálfanna. Kálfarnir voru af góðu kyni, áttu að verða lifdýr og voru þriggja mánaða gamlir. Dýrasti tíminn af uppeldi þeirra, þ. e. sá tími, sem aðallega verður að fóðra þá á mjólk, var liðinn. Beint tjón við missi kálfanna telur stefnandi kr. 1000.00. Óbeint tjón telur hann kr. 500.00, þ. e. það tjón, sem leiðir af drætti við að koma upp arðbærum gripum, ásamt bótum fyrir sársauka, er missir kálfanna með framangreindum hætti olli honum, en stefnandi hafði alið kálfana upp og þótti vænt um þá. Miðast stefnukrafan, kr. 1500.00, við upphæðir þessar.

Stefndi mótmælir því, að tjón þetta sé bótaskylt af hans hendi. Stefnandi hafi látið kálfana ganga eftirlits- og vörzlulausa og ekki varnað því, að þeir væru á fjölförnum þjóðvegi í hættu vegna umferðar, auk þess sem umhverfið hafi verið hættulegt, þar sem sjávarhamrar voru skammt frá veginum. Stefnandi eigi því aðalsök á slysinu með hirðuleysi sínu, en stefndi hafi sýnt þá varúð og aðgát, sem atvikið gaf tilefni til. Byggir stefndi sýknukröfu sína á þessu.

Til vara krefst stefndi þess, að tjóninu verði skipt í hlutfalli við sök hvors um sig. Hann mótmælir því verði, er stefnandi leggur til grundvallar kröfu sinni, sem allt af háu. Þá mótmælir hann og kröfu stefnanda um 500.00 kr. bætur fyrir óbeint tjón og sársauka við missi gripanna.

Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi ekið ca. 500 m. vegalengd á eftir kálfunum, áður en þeir stukku út af veginum, og viðurkennir stefnandi það rétt. Þá hefur stefndi við aðiljayfirheyrslu fyrir dómi talið, að ökuhraðinn hafi verið 10—15 km, miðað við klukkustund. Þykir því verða að leggja atriði þessi til grundvallar í málinu.

Í 33. gr. lögreglusamþykktar fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 155 30. júní 1943 er svo kveðið á, að ef gripir hlaupi á undan bifreið eftir vegi, megi bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 10 km og eigi lengri leið en hálfan km í einu. Hefur stefndi því viður-

kennt að hafa ekið nokkru hraðar en heimilt er samkvæmt nefndri lögreglusamþykkt og því ekki sýnt fulla aðgát og varkárni, eins og atvikið gaf tilefni til. Þar sem ekki er leitt í ljós, að tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt fulla aðgát og varkárni, þykir stefndi hafa bakað sér bótaábyrgð samkvæmt 34. gr. 1. mgr. bifreiðalaga nr. 23 1941, enda hefur hann viðurkennt, að tjónið hafi orðið af völdum notkunar á bifreiðinni.

Hins vegar þykir stefnandi einnig hafa sýnt nokkra óvarkárni með því að láta kálfana hafast við á ógirtu svæði hjá fjölförnum þjóðvegi í grennd við sjávarhamra. Þykir því eftir atvikum rétt að skipta tjóninu þannig, að stefnandi sjálfur beri helming þess.

Kemur þá til álita um upphæð tjónsins. Stefnandi hefur upplýst, að fyrst í stað þurfi að gefa kálfunum 5 ltr mjólkur á dag, en þegar frá líði, megi minnka skammtinn nokkuð og gefa mat í staðinn. Mjólkurverð til bænda á þessum tíma var ca. kr. 1.20 fyrir lítra. Þá þykir og mega reikna nokkra upphæð fyrir hirðingu kálfanna. Með hliðsjón af þessu þykir mega reikna uppeldis kostnað kálfanna kr. 550.00 á hvorn, en þar frá dregst niðurlagsverð þeirra, sem þykir hæfilega metið kr. 140.00 fyrir hvorn kálf. Beint tjón stefnanda hefur samkvæmt þessu numið kr. 820.00.

Kröfu stefnanda um bætur fyrir tjón vegna tafar á að koma upp arðbærum gripum og um bætur fyrir sársauka kr. 500.00 þykir í hóf stillt og verður tekin til greina að fullu.

Samkvæmt þessu hefur tjónið numið samtals kr. 1320.00. Af þeirri upphæð ber að dæma stefnda til að greiða helming, þ. e. kr. 660.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. marz 1946 til greiðsludags og kr. 200.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorleifur Sigurbjörnsson, greiði stefnanda, Stefáni Stefánssyni, kr. 660.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. marz 1946 til greiðsludags og kr. 200.00 upp í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 28. marz 1947.

Nr. 17/1947 **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
**Guðmundi Magnússyni.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Með því að áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hefur ekki látið mæta í málinu, fellur málssókn þessi niður.

Miðvikudaginn 16. apríl 1947.

Kærumálið nr. 3/1946. **Árni Sigfússon**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Boga Brynjólfssyni** (Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómarar bæjarfógeti Guðmundur Í. Guðmundsson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.**

Kærður úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um þóknun málflutningsmanns. Málinu vísað frá hæstarétti.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 13. marz 1946, er hingað barst 18. s. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, uppkveðnum 9. s. m., um kröfu varnaraðilja á hendur sóknaraðilja til ákvörðunar endurgjalds fyrir málflutningsstörf Magnúsar hæstaréttarlögmanns Thorlacius við heimtu skaðabótakröfu sóknaraðilja á hendur herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku vegna afnota af húsi hans í Vestmannaeyjum. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að varnaraðilja verði ekki dæmd nein ómakslaun, en til vara, að þau verði ekki ákveðin hærri en kr. 300.00. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að nefnd ómakslaun verði ákveðin kr. 5000.00, að umboðsmanni sóknaraðilja verði dæmd þyngsta refsing, er lög leyfa, og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Mál þetta er í heild mjög umfangsmikið, og ákvað hæstiréttur því, að ágrip skyldi gert af málskjölum og málið flutt munnlega fyrir dóminum, sbr. 3. málsgr. 199. gr. laga nr. 85/1936. Vegna forfalla og veikinda málflytjenda, aðallega þó vegna málflytjanda sóknaraðilja, hefur málflutningur ekki getað farið fram fyrr en nú. Ákvað hæstiréttur málflutning um formhlið málsins sérstaklega.

Með stefnu 11. apríl 1945 höfðaði varnaraðili mál í héraði á hendur sóknaraðilja, m. a. til greiðslu ofannefndra

ómakslauna. Á meðan á málarekstri þessum stóð, leitaði varnaraðili álits gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands um ómakslaunin og krafðist síðan úrskurðar stjórnar sama lögmannafélags um þau. Hefur sá úrskurður nú verið kærður til hæstaréttar, svo sem áður segir.

Með höfðun og áframhaldandi rekstri máls fyrir héraðsdómi til greiðslu oftnefndra ómakslauna, hefur varnaraðili svipt aðilja færi á því að öðlast um þau úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands, er kærður yrði til hæstaréttar samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942. Verður því úrlausn stjórnar Lögmannafélagsins einungis skoðuð sem álitsgerð, er ekki verður metin úrskurður samkvæmt nefndri lagagrein. Ber samkvæmt þessu að vísa málinu frá hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Umboðsmaður varnaraðilja hér fyrir dómi, Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius, hefur í greinargerð, sem hann hefur sent hæstarétti, haft óviðurkvæmileg ummæli um Eggert hæstaréttarlögmann Claessen. Ber að víta ummæli þessi.

Dómsorð:

Framangreindu kærumáli vísast frá hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 9. marz 1946.**

I.

Með stefnu, útgefinni 11. apríl 1945, höfðaði sóknaraðili, Bogi Brynjólfsson fyrrverandi sýslumaður mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn varnaraðilja, Árna Sigfússyni kaupmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á þóknun og útlögðum kostnaði vegna starfa hrl. Magnúsar Thorlacius fyrir varnaraðilja í sambandi við bótakröfu á hendur herstjórn Bandaríkjahers hér á landi, en kröfu þessa hafði sóknaraðili fengið framselda. — Umboðsmaður varnaraðilja boðaði það í greinargerð, sem lögð var fram í bæjarþinginu þann 30. maí s. l., að hann myndi leita úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands um það, hvaða endurgjald Magnúsi Thorlacius beri fyrir umrædd störf. Þessa yfirlýsingu ítrekaði umboðsmaður varnaraðilja í bréfi til gjaldskrárnefndar lögmannafélagsins í sambandi við ósk

Magnúsar Thorlacius um vottorð gjaldskrárnefndarinnar um upphæð þóknunarinnar.

Að gefnu þessu tilefni skaut sóknaraðili ágreiningsmáli þessu til stjórnar L. M. F. Í. með bréfi, dags. 12. nóv. s. l. Stjórnin boðaði sóknaraðilja og málflutningsmann varnaraðilja á sinn fund, og var málið tekið fyrir þann 24. nóvember.

Lagði sóknaraðili þá fram greinargerð ásamt afritum skjala þeirra, sem fyrir bæjarþinginu liggja, og skjölum þeim, sem lágu fyrir gjaldskrárnefnd. Gerir hann þá dómkröfu, að þóknun Magnúsar Thorlacius fyrir umrædd störf verði ákveðin kr. 5000.00.

Umboðsmaður varnaraðilja vísaði til greinargerða þeirra og annarra skjala, sem fyrir liggja af hans hálfu meðal nefndra gagna, og gerði þá dómkröfu, *aðallega* að stjórnin úrskurðaði, að Magnúsi Thorlacius bæri engin þóknun fyrir greind störf, en *til vara*, að honum yrði ákveðin eigi hærri þóknun en kr. 300.00.

Aðiljar lýstu yfir því, að þeir óskuðu ekki að færa frekara fram í málinu, og var það tekið undir úrskurð, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun.

II.

Málavextir eru þeir, að með umboði, dags. 26. janúar 1943, fól varnaraðili Magnúsi Thorlacius að innheimta bætur vegna skemmda á húsi sínu, Skálholti í Vestmannaeyjum, svo og húsaleigu, en hús þetta hafði fyrst brezka herstjórnin og síðar hin ameríska haft á leigu. Var húsið allmjög skemmt eftir hersetuna. Magnús Thorlacius hóf viðræður og samningaumleitanir við fulltrúa herstjórnar Bandaríkjanna, og fór fyrsta viðtalið fram þann 1. marz. Lenti þegar í allmiklu þófi, og var deilt um það m. a., hvort og þá hvenær húsaleigusamningnum hefði verið sagt upp, hvort Bandaríkjunum bæri að bæta tjón, sem Bretar höfðu valdið, og hversu staðreyna skyldi tjónið af skemmdunum. Hafði fulltrúi herstjórnarinnar á móti því, að matsmenn yrðu dómkvaddir til að meta skemmdirnar, og kom þeim, honum og M. Th., saman um að leggja til, að aðiljar nefndu sinn manninn hvor til að meta skemmdirnar. Varnaraðilja leizt ekki á þessa tilhögun, og var því ekki horfið að því ráði. Að því er M. Th. skýrir frá í greinargerð sinni til gjaldskrárnefndar, en skýrslu hans um gang málsins hefur ekki verið mótmælt út af fyrir sig, — átti hann fleiri viðtöl við sama Bandaríkjamanninn í marzmánuði. Hinn 3. apríl átti M. Th. fund með öðrum fulltrúa herstjórnarinnar, sem féllst á, að matsmenn yrðu dómkvaddir, og óskaði þess, að matinu yrði flýtt. Með því að þá var ekki vitað um ferð til Vestmannaeyja á næstunni, símaði M. Th. til varnaraðilja og lýsti fyrir honum, hvernig matsbeiðnin skyldi úr garði gerð, og benti honum á að leita aðstoðar matsdómara um það. Orðalag matsbeiðninnar varð óheppilegt. Fjórir matsmenn voru útnefndir, og er matsgerð þeirra dags. 10. apríl 1943. Mátu þeir skemmdirnar á kr. 73180.20. Setti

varnaraðili síðan fram kröfu, að upphæð um kr. 79000.00, og var þar innifalinn matskostnaður og húsaleiga.

Í viðtali 3. maí og bréfi 10. maí gagnrýndi herstjórnin matsgerðina mjög. Taldi hún, að þar væri metið, hvað kosta myndi fullkomin viðgerð á húsinu, hátt og lágt, en ekki aðeins á skemmdum, sem herinn hafði valdið umfram eðlilegt slit, enda var í matsgerðinni meðal annars gert ráð fyrir viðgerð á þaki vegna ryðbruna. Var þess getið í bréfinu, að verkfræðingar hersins teldu skemmdir þær, er bæta skyldi, nema um 9 þús. krónum.

Í 13. gr. leigusamningsins við Bandaríkin er ákvæði um, að ágreiningur um bætur eða skemmdir skuli lagður í gerð sendiherra Bandaríkjanna og eins af dómendum hæstaréttar. Snéri nú M. Th. sér til dómsmálaráðherra með beiðni um, að hann leitaði eftir því við hæstarétt, hvort hann vildi tilnefna einn dómaranna til slíkrar gerðar. Sú leið reyndist ekki fær, enda hafði ákvæði þetta verið sett að hæstarétti fornspurðum.

Í síðari hluta júlímánaðar fór nefnd verkfræðinga frá herstjórninni til Vestmannaeyja. Yfirheyrði hún matsmennina og endurskoðaði matsgerð þeirra. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að hæfilegar bætur fyrir skemmdirnar væru kr. 36574.00, og var sú upphæð sundurliðuð í bréfi til M. Th. 30. júlí. Átti M. Th. fjóra fundi með nefnd þessari síðustu dagana í júlí. Í bréfinu var boðin greiðsla á upphæð þessari auk kr. 507.83 í leigu, að áskildu samþykki yfirhershöfðingjans og tiltekins aðilja í Washington. — M. Th. sendi varnaraðilja bréf þetta, og í símtali 12. ágúst benti hann honum á að fá umsögn matsmannanna um niðurfærslur verkfræðinganefndarinnar. Ekki varð þó úr því að sinni. Nokkru síðar kom annað boð frá herstjórninni um greiðslu á 5000 dollurum (kr. 32363.50), og upplýstist þá, að hærri upphæð var óheimilt að greiða nema með samþykki Bandaríkjaþings. Fór M. Th. fram á, að umbjóðandi hans mætti taka við þessari upphæð með fyrirvara, en því var neitað. Í bréfi 22. september skýrir M. Th. varnaraðilja frá því, að hann hafi frétt um frumvarpið að lögum nr. 99/1943, og taldi því rétt að bíða átekta. Átti nú M. Th. í bréfaskriftum og viðræðum við herstjórnina og varnaraðilja um hríð, og kom það fram, að varnaraðili vildi, að M. Th. sýndi meiri hörku í viðskiptum við herstjórnina.

Í nóvemberbyrjun kom varnaraðili til Reykjavíkur. Ræddi M. Th. þá við hann um þá megingalla, sem hann taldi vera á matsgerð hinna dómkvöddu manna, m. a. á fundi með utanríkisráðherra, að sögn M. Th. Síðan skrifaði hann 4. nóvember Friðþjófi Johnsen, héraðsdómslögmanni í Vestmannaeyjum, og bað hann að hlutast til um, að matsmennirnir yrðu yfirheyrðir fyrir rétti og látnir vinna eið að framburði sínum. Lýsti hann því, hverjir gallar væru á matsgerðinni að sínum dómi, og óskaði þess, að það yrði skýrt fyrir matsmönnunum. Jafnframt sendi hann sundurliðun verkfræðinganefndar-

innar og úttektargerð á húsinu frá 3. október 1940. Yfirheyrsla matsmannanna fór fram þann 26. nóvember og lyktaði með því, að þeir staðfestu matsgerð sína að öllu leyti og unnu eið að.

Þegar svo var komið, taldi M. Th. óhjákvæmilegt, að nýtt mat færi fram. Skrifaði hann varnaraðilja um þetta 17. og 18. desember og sendi honum fyrirmynd að nýrri matsbeiðni og fleiri skjöl í því sambandi. Varnaraðili svaraði með símskeyti og neitaði nýju mati, en hélt fast við allar kröfur í samræmi við margnefnda matsgerð. M. Th. skrifaði varnaraðilja um hæl og lagði mjög fast að honum að fara að sínum ráðum. Gat hann þess jafnframt, að hann hefði fengið því áorkað, að herstjórnin sendi fulltrúa til að vera viðstaddan yfirmatið, og að yfirmatið myndi því verða síðferðilega skuldbindandi fyrir hana. Varnaraðili neitaði enn og sagði, að annað hvort yrði M. Th. að „krefjast tafarlausrar greiðslu bótanna ásamt viðbættu leigutjóni“ eða hætta ella öllum afskiptum af málinu.

Gekk nú enn á viðræðum við herstjórnina um hríð svo og við meðráðamann, sem varnaraðili hafði fengið sér, án þess að neitt ynnist á. Með bréfi 27. marz 1944 lagði varnaraðili fyrir M. Th. að leggja málið fyrir íslenzk-ameríska matsnefndina og, ef það yrði árangurslaust, þá að höfða mál gegn ríkissjóði. Næsta dag ritaði M. Th. nefndinni og gerði kröfu um kr. 75380.00. Svar nefndarinnar barst M. Th. um 20. júní. Var það algerlega neikvætt. Skýrði hann varnaraðilja frá þessu í símtali samdægurs, og var þá afráðið, að mál skyldi höfðað gegn ríkissjóði. Fól varnaraðili M. Th. að höfða málið og staðfesti þetta með símskeyti að ósk M. Th.

Málið höfðaði M. Th. með stefnu, útgefinni 10. júlí. Þann sama dag kom varnaraðili að máli við M. Th. á skrifstofu hans og bað um að fá afhent nokkur skjöl viðvíkjandi málinu. Færðist M. Th. undan því að afhenda honum frumritin, þar sem herstjórnin hefði óskað viðtals við hann, og hann því þyrfti á skjölunum að halda. Næsta dag ritaði varnaraðili M. Th. bréf og óskaði afhendingar tiltekinna skjala, 10 að tölu, „fyrir kl. 3 e. h. í dag“. Gaf hann jafnframt þá skýringu, að hann þyrfti á skjölunum að halda vegna tilrauna til lánsútvegunar. M. Th. afhenti ekki skjölin, enda kveðst hann ekki hafa komið í skrifstofuna þenna dag. Næsta dag, 12. júlí, ritaði varnaraðili M. Th. og lýsti því yfir, að þar sem hann hefði ekki afhent sér umbeðin skjöl „svo og af öðrum ástæðum“ afturkallaði hann umboð M. Th. til að gæta hagsmuna sinna í málinu. Bréfi þessu svaraði M. Th. 21. júlí og skýrði varnaraðilja þá frá málshöfuninni og lét þess getið, að áfallinn málskostnaður næmi kr. 5594.15.

III.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því, að samkvæmt fastri venju beri að telja full málflutningslaun áfallin, eftir að M. Th. gaf út stefnuna 10. júlí 1944, en málflutningslaun af málsupphæð milli 70

og 80 þús. krónur nemi 5000 kr. samkvæmt núgildandi gjaldskrá. Þá bendir hann og á, að málinu hafi verið samfara mikið og óvenjulegt erfiði.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því *í fyrsta lagi*, að hér sé um innheimtu að ræða og að M. Th. hafi lýst því yfir, er málið var á byrjunarstigi, að þóknun hans myndi nema ca. 2600 kr., ef öll upphæðin samkvæmt matinu innheimtist. Hljóti því þóknunin, ef nokkur verður, að verða miklu lægri, þar sem M. Th. hafi ekkert innheimt. *Í öðru lagi* byggir hann kröfurnar á því, að M. Th. hafi ekkert raunhæft aðhafzt í málinu, heldur þvert á móti unnið málstað varnaraðilja stórkostlegt tjón með því að viðurkenna, að matsgerð hinna dómkvöddu manna væri byggð á röngum grundvelli. — Þá mótmælir hann, að nokkur slík venja sé ríkjandi, sem sóknaraðili heldur fram, sem og því, að heimilt sé að miða við núgildandi gjaldskrá, enda hafi hún ekki öðlazt gildi fyrr en í desember 1944.

Það verður ekki á það fallizt, að aðgerðir M. Th. í máli þessu hafi verið slíkar, að þær svipti hann rétti til þóknunar fyrir störf sín. Miklu fremur virðist hann hafa haldið á málinu af lagni, þegar þess er gætt, að lengst af var ekki annars kostur en að fara samningaleiðina, og að jafnvel eftir að lög 99/1943 voru sett, var ekki, meðan M. Th. fór með málið, hægt að fá dómsúrskurð um hærri upphæð en 50 þús. kr. Ekki þykir heldur annað sýnt en að afstaða hans til matsgerðarinnar hafi verið rétt.

Kemur þá til álita, hvernig ákvarða skuli þóknunina. Ekki verður á það fallizt, að hér verði höfð hliðsjón af reglunum um innheimtulaun af kröfum, svo viðamikið og erfitt sem mál þetta reyndist, enda verður ekki talið, að útreikningur M. Th. á innheimtulaunum af matsupphæðinni sé skuldbindandi að þessu leyti. — Á hinn bóginn hefur sóknaraðili heldur ekki gegn mótmælum varnaraðilja sýnt fram á það, að það sé föst venja að telja full málflutningslaun áfallin við úgtáfu stefnu, þegar skjólstæðingur á í hlut.

Þykir því verða að meta þóknun M. Th. eftir þeirri fyrirhöfn og vinnu, sem hann lagði í málið. Eins og rakið er hér að framan, að vísu aðeins í aðaldráttum, hefur fyrirhöfn M. Th. fyrir málinu verið mjög mikil. Skjöl málsins eru á annað hundrað, þar af nálægt 60 bréf frá M. Th. og til hans. Þá hefur hann átt mikinn fjölda funda, viðræðna og símtala um málið. Einnig ber á það að líta, að þegar málið var af honum tekið, án þess að séð verði, að gildar ástæður hafi verið til, virðist hann hafa verið búinn að leysa af hendi mikinn hluta þeirrar vinnu, sem nauðsynleg var vegna málssóknar. Með tilliti til þess, sem nú hefur verið rakið, svo og til hagsmuna þeirra, sem um var að tefla, þykir þóknun Magnúsar Thorlacius fyrir ofangreind störf hæfilega ákveðin kr. 4500.00.

Dráttur nokkur hefur orðið á uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Stafar hann af því, að málið er mjög umfangsmikið og að skjölin hafa orðið að ganga á milli dómendanna.

Úrskurð þenna kváðu upp Gunnar J. Möller varastjórnandi, Gunnar E. Benediktsson og Ágúst Fjeldsted.

Því úrskurðast:

Þóknun hrl. Magnúsar Thorlacius fyrir störf hans í ofangreindu máli ákveðst kr. 4500.00.

---

Fimmtudaginn 17. apríl 1947.

Nr. 74/1946. **Oddný E. Sen** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Ólínu Erlendsdóttur** (Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson, bæjarfógeti Guðmundur Í. Guðmundsson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.**

Húsnæðismál. Útburður.

## Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. maí f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar stefndi sagði áfrýjanda upp húsnæði því, sem hún hafði á leigu í húsinu nr. 6 við Amtmannsstíg, hafði dóttir stefnda gengið í hjónaband og átti von á barni. Annar sonur stefnda bjó þá í herbergi í kjallara hússins, sem er óvistlegt og illa fallið til íbúðar. Var stefnda af þessum sökum brýn nauðsyn að fá til afnota handa börnum sínum hús-

næði það, sem áfrýjandi hafði á leigu, og bar áfrýjanda því að víkja úr því. Ekki varð úr því, að maður sá, sem dóttir stefnda giftist, flyttist til konu sinnar í hús stefnda, en skipti þeirra hjóna fóru svo, að þau skildu að borði og sæng hinn 3. okt. 1946. Stefndi hefur nú ráðstafað húsnæði á efri og neðri hæð hússins með þeim hætti, að stefndi sjálf og annar sonur hennar búa á efri hæð hússins, þar sem áfrýjandi bjó áður, en hinn sonur stefnda og dóttir hennar ásamt barni búa á neðri hæð hússins. Þegar litið er á stærð herbergja í húsinu og virtir heimilishagir stefnda, þykja ekki nú vera fyrir hendi skilyrði samkvæmt 14. gr. laga nr. 39/1943 til að heimila áfrýjanda aftur leiguumráð yfir húsnæði því, sem hún hefur verið borin út úr. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. maí 1946.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 27. þ. mán., hefur gerðarbeiðandi, Ólína J. Erlendsdóttir, til heimilis Amtmannsstíg 6 hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli, Oddný E. Sen, verði borin út úr húsnæði því, sem hún hefur undanfarið haft á leigu í ofangreindu húsi gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi, Ólína J. Erlendsdóttir, sem hefur átt húsið nr. 6 við Amtmannsstíg frá því fyrir árið 1939, hefur þar til afnota 3 herbergi og eldhús á 1. hæð og býr þar ásamt syni sínum Steingrími Jónssyni og dóttur sinni Huldu Jónsdóttur. Í kjallara hússins hefur gerðarbeiðandi afnot tveggja herbergja, en aðeins annað þeirra er notað til íbúðar, og býr þar Erlendur Jónsson, sonur gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Oddný E. Sen, hefur á leigu 3 herbergi og eldhús á 2. hæð hússins.

Dóttir gerðarbeiðanda, Hulda Jónsdóttir, giftist s. l. vetur, og eiga þau hjón nú eitt barn. Maður nefndrar Huldu hefur aðeins

eitt herbergi til umráða, þar sem hann býr nú. Telur gerðarbeiðandi sér því brýna þörf á auknu húsnæði fyrir þau hjónin. Vegna þessa sagði gerðarbeiðandi gerðarþola upp húsnæðinu frá 14. maí s. l. að telja, og er uppsögnin dagsett 7. febrúar s. l. Uppsögn þessi er svo lögð fyrir húsaleigunefnd hinn 14. febrúar, en úrskurður nefndarinnar um hana, uppkveðinn 6. apríl s. l., var á þá leið, að uppsögnin skyldi ekki tekin til greina, nema að því er snerti norðvesturherbergið af íbúð gerðarþola.

Með bréfi, dags. 14. maí s. l., sneri gerðarbeiðandi sér til fógetaréttarins og krafðist útburðar á gerðarþola úr öllu húsnæði því, er hún hefur á leigu, og byggir gerðarbeiðandi þá kröfu sína á ofangreindum ástæðum, brýnni þörf sinni fyrir húsnæði gerðarþola dóttur sinni og manni hennar til handa. Þá telur hún einnig herbergi það, er sonur hennar hefur í kjallara hússins, algerlega óíbúðarhæft, en krefst þó ekki sérstaks húsnæðis honum til handa.

Gerðarþoli hefur hér fyrir réttinum, sem og fyrir húsaleigunefnd, boðið gerðarbeiðanda afnot norðvesturherbergisins af íbúð sinni, en mótmælir því, að gerðarbeiðandi hafi þörf fyrir frekara húsnæði.

Fógeti hefur skoðað húsnæði það, er gerðarbeiðandi og fólk hennar hefur til afnota, svo og herbergi það, er gerðarþoli hefur boðið gerðarbeiðanda afnot af. Með þeim húsakosti, er gerðarbeiðandi hefur nú til umráða, verður að fallast á það með henni, að illmögulegt sé fyrir hana að láta dóttur sinni og tengdasyni í té nokkurn veginn sæmilegt húsnæði, sem henni verður þó að teljast brýn þörf á. En eins og áður segir, hefur gerðarþoli boðið gerðarbeiðanda afnot eins herbergja sinna, en jafnvel þó gerðarbeiðandi fengi það herbergi til umráða, verður þó ekki talið, að bætt væri að neinu gagni úr brýnni húsnæðisþörf hennar, meðfram vegna legu herbergis þessa. Verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. apríl 1947.

Nr. 78/1946. **Guðbjörg Árnadóttir** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Ólafi Bjarnasyni og Önnu Ólfjörð**
(Hrl. Theódór B. Líndal).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Úrskurður fógetadóms ómerktur.

**Dómur hæstaréttar.**

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn og sér skipaðan talsmann í máli þessu þann 21. maí f. á., hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 7. júní s. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt á þá leið, að lagt verði fyrir fógeta að gera fjárnám í öllum séreignum og hjúskapareignum beggja hinna stefndu hjóna til tryggingar kröfu, að fjárhæð kr. 2423.33 auk vaxta og málskostnaðar, samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 20. marz 1945 í máli áfrýjanda gegn stefnda Ólafi. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Hvernig sem málið fer, krefst hann málssóknarlauna talsmanni sínum til handa eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda til hvors þeirra fyrir sig eftir mati dómsins.

Eins og í hinum áfrýjaða úrskurði segir, fer um fjármál hinna stefndu hjóna eftir lögum nr. 20/1923. Samkvæmt þeim lögum er hvort hjóna um sig sjálfstæður aðili um fjármál sín, og ber annað hjóna ekki ábyrgð á skuldum hins, hvorki með hjúskapareign sinni né séreign, nema sérstök heimild til þess sé fyrir hendi. En úr því, hvort stefnda Anna Ólfjörð beri ábyrgð á umræddri dómskuld, verður aðeins skorið í máli, sem höfðað væri á hendur henni til

greiðslu skuldarinnar. En dómur í slíku máli hefur ekki gengið. Verður því fjárnám ekki gert í hjúskapareign hennar né séreign, þegar af þeirri ástæðu, að aðfarargrundvöllur er ekki fyrir hendi, að því er hana varðar.

Í máli þessu hefur m. a. verið um það deilt, hvaða munir væru hjúskapareign eða séreign hvors hinna stefndu um sig. En í rekstri málsins fyrir fógetaréttinum hefur áfrýjandi ekki krafizt fjárnáms í sérstaklega tilgreindum munum. Skrásetning muna eða virðing hefur eigi heldur farið fram. Þar sem það kemur því ekki glöggt í ljós, um hvaða muni er deilt, verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð, og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar í fógetaréttinum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda hér fyrir dómi, Gústafs A. Sveinssonar hrl., 600 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar hrl., kr. 600.00, greiðast úr ríkissjóði.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. október 1945.**

Í máli þessu, sem var að undangengnum munnlegum flutningi tekið til úrskurðar 23. þ. m., krafðist gerðarbeiðandi, Guðbjörg Árnadóttir, hér í bæ, upphaflega þess, að gert yrði fjárnám hjá gerðarþolanum Ólafi Bjarnasyni, Lindargötu 32 hér í bænum, til tryggingar skuld samkvæmt dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 20. marz s. l., í málinu nr. 402/1944: Guðbjörg Árnadóttir gegn Ólafi Bjarnasyni, að upphæð kr. 2423.33 með 6% ársvöxtum frá 11. marz 1943 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað svo og öllum kostnaði við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Er gerð þessi var fyrst tekin fyrir, mætti gerðarþoli Ólafur og lýsti yfir því, að hann væri með öllu eignalaus og að þær eignir, sem til væru á heimili sínu, hefði kona sín, Anna Ólfjörð, allar komið með í búið í upphafi og að frá giftingu þeirra hefði engin eignaaukning orðið í búinu. Krafðist gerðarbeiðandi þess þá, að fjárnámið yrði gert í munum þessum, en því mótmælti gerðarþoli og taldi, að munir þessir stæðu ekki til tryggingar áðurgreindri

dómkröfu, sem væri sín persónuleg skuld og til orðin áður en stofnað var til hjúskapar síns.

Við annað réttarhald í máli þessu óskaði kona gerðarþola, Anna Ólfjörð, að fá að ganga inn í málið sem gerðarþoli ásamt manni sínum. Var sú meðalganga leyfð með samþykki umboðsmanns beggja aðilja.

Hefur meðalgönguaðilinn gert sömu kröfur og haft uppi sömu mótmæli í málinu sem hinn gerðarþolinn og auk þess krafizt málskostnaðar sér til handa.

Við munnlegan flutning málsins tók umboðsmaður gerðarþola fram, að framgangi hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar væri ekki mótmælt, að því er varðaði gerðarþolann Ólaf Bjarnason, ef fjárnámið yrði gert í einhverjum þeim verðmætum, sem hann ætti og fjárnámi yrðu tekin fyrir skuldum hans. Snýst því deiluatriði máls þessa um það fyrst og fremst, hvort þær eignir, sem þegar er upplýst að til séu í búi gerðarþola, séu hjúskapareign konunnar eða að einhverju eða öllu leyti hjúskapareign mannsins, og ef svo verður litið á, að þær séu hjúskapareign konunnar, hvort þær standi þá til tryggingar áðurgreindri kröfu, þannig að fjárnám verði gert í þeim til tryggingar henni.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram í málinu, að búslóð gerðarþola muni a. m. k. ekki að öllu leyti vera hjúskapareign konunnar, þar eð maðurinn muni hafa lagt einhverja hluti með sér í búið, en ekki hefur hann bent á, hvaða hluti maðurinn muni hafa lagt til né hvert verðmæti þeirra muni vera. Í öðru lagi hefur gerðarbeiðandi bent á, að gerðarþolinn Anna Ólfjörð sé skrifuð fyrir 1000 kr. hlut í fyrirtækinu Matthildi Björnsdóttur h/f, og hafi hún eignazt hlut þenna fyrir tæpum tveim árum, og muni hún hafa notað til þess aflafé manns síns, og eigi hlutafjáreign þessi því alls ekki að vera undanskilin fjárnámi fyrir margumræddri kröfu.

Enn fremur hefur gerðarbeiðandi haldið fram þeirri skoðun, að allar eignir hjóna, sem ekki eru sérstaklega undanskildar með kaupmála, standi til tryggingar skuld hvors hjónanna sem er án tillits til þess, hvenær til skuldarinnar sé stofnað, og leiði af þessu, að það sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins, hvenær og hvernig gerðarþolar hafi eignazt fjármuni sína, þeir standi til tryggingar fjárnámskröfunni allt að einu.

Eins og fyrr getur, byggja gerðarþolar mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því, að gerðarþolinn Anna hafi lagt í bú þeirra hjóna alla húsmuni þeirra, er þau gengu að eigast á árinu 1938, og hafi búslóð þeirra ekkert aukizt síðan. Telja gerðarþolar búslóðina því vera hjúskapareign Önnu samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 20 frá 20. júní 1923, en af því leiði, að búslóðin standi ekki til tryggingar margumræddri fjárnámskröfu, sem til sé orðin, áður en stofnað var til hjúskapar þeirra.

Varðandi hlutabréf það, er áður getur, hefur gerðarþolinn Anna gefið þá skýringu, að hún hafi fengið lánað fé hjá einum eiganda hlutafélagsins, Matthildi Björnsdóttur, til að innleysa hlutabréf þetta, og sé sú skuld ógreidd enn þá og óvíst, hvort hún muni leysa til sín bréfið eða því verði ráðstafað á annan hátt, enda telur hún, að bréfið sé sett Matthildi Björnsdóttur að handveði fyrir andvirði þess. Vottorð, sem Matthildur Björnsdóttir hefur gefið um þetta atriði, fer mjög í sömu átt og það, sem haldið hefur verið fram af hálfu gerðarþola.

Gerðarþolar máls þessa gengu í hjónaband á árinu 1938, og fer því um fjármál þeirra eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 20 frá 20. júní 1923, enda verður eigi séð, að þau hafi gert aðra skipun á um þau málefni. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. nýnefndra laga verður allt það, sem annað hjóna á við giftingu eða eignast síðar, hjúskapareign þess, að svo miklu leyti, sem það ekki er séreign.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð þeirra S. Ágústu Magnúsdóttur, Matthildar Björnsdóttur, Margrétar Halldórsdóttur og Jónu B. Svavars, dags. 26. f. m., þess efnis, að öll búslóð gerðarþola hafi fyrir hjónaband þeirra verið eign gerðarþolans Önnu og hafi ekkert við búslóðina bætzt, frá því að til hjúskaparins var stofnað. Vottorð þetta hefur að vísu ekki verið staðfest fyrir rétti, en því hefur ekki verið mótmælt sem óstaðfestu, en svo sem áður greinir, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt því sem röngu, án þess þó að hann hafi bent á nokkrar sérstakar eignir, sem hann telur gerðarþolann Ólaf hafa lagt til búsins, eða sem til hafi orðið eftir stofnun hjúskaparins. Gegn áðurgreindu vottorði og mótmælum beggja gerðarþola verður þessi staðhæfing gerðarbeiðanda ekki tekin til greina og verður því að byggja á því, að húsmunir allir séu hjúskapareign gerðarþolans Önnu samkvæmt því, er áður greinir um fyrirmæli 1. mgr. 17. gr. laga nr. 20 frá 1923.

Engar líkur hafa verið færðar fram um það, að gerðarþolinn Ólafur hafi lagt fram fé til kaupa á hlut þeim, er áður getur, að gerðarþolinn Anna er skrifuð fyrir í h/f Matthildi Björnsdóttur. Sá hlutur hefur ávallt verið á hennar nafni og verður að byggja á því, að hann sé hjúskapareign hennar, á meðan ekki hafa verið færðar líkur að því gagnstæða.

Niðurstaða þess, er að framan getur, verður þá sú, að verðmæti þau, sem um er deilt í máli þessu, hvort fjárnámi skuli taka til tryggingar áðurgreindri dómsskuld, verða að teljast hjúskapareign gerðarþolans Önnu. Er þá næst að athuga, hverju þessi niðurstaða veldur um framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar í munum þessum.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20 frá 1923 ber hvort hjóna um sig ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem á því hvíla, bæði með hjúskapar- og séreign sinni, hvort sem þær skuldbindingar eru stofnaðar á undan

hjónabandinu eða meðan það stendur. Hér er það ekki nefnt, að annað hjóna beri ábyrgð á skuldbindingum sínum með hjúskapareign hins hjónanna, og væri orðalag greinarinnar villandi, ef ætlazt hefði verið til, að svo væri. Þykir því verða að leggja þann skilning í orðalag greinar þessarar, að hvort hjóna um sig beri ábyrgð á skuldbindingum sínum *aðeins* með séreign og hjúskapareign *sinni*, enda kemur sá skilningur bezt heim við þann tilgang laganna að veita hvoru hjóna um sig sem óháðastan umráðarétt yfir þeim fjármunum, sem það eignast, bæði innbyrðis og gagnvart 3ja manni.

Það er óvéfengt í málinu, að dómskuld sú, sem hér er beiðst fjárnáms fyrir, er til orðin vegna skuldbindingar, sem gerðarþolinn Ólafur hefur gengizt undir, áður en hann stofnaði til hjúskapar með gerðarþolanum Önnu. Verður því samkvæmt því, sem að framan er rakið, að synja um hina umbeðnu fjárnámsgerð í munum þeim, sem samkvæmt framanrituðu verða að teljast hjúskapareign hennar. Hins vegar hefur því ekki verið mótmælt, að gerðin nái fram að ganga, að því er varðar hjúskapar- eða séreign gerðarþolans Ólafs, ef slíkar eignir kynnu að finnast, og ber því að leyfa framgang gerðarinnar, að því er hann varðar.

Rétt þykir, að sérstakur málskostnaður, sem leiða kann af því, að fjárnám þetta hefur orðið viðameira og kostnaðarsamara en almennt gerist um slíkar gerðir, falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal fram fara, að því er varðar gerðarþolann Ólaf, í eigum hans, hjúskapareign eða séreign. Hins vegar ber að synja um, að fjárnámið verði gert í hjúskapar- eða séreign gerðarþolans Önnu, þar með töldum þeim eignum, sem samkvæmt framanrituðu ber að skoða sem hjúskapareign hennar.

Sérstakur málskostnaður af máli þessu fellur niður, en um venjulegan fjárnámskostnað á hendur gerðarþolanum Ólafi skal fara eftir því, sem ákveðið kann að verða, er gerðinni verður lokið á hendur honum.

Mánudaginn 21. apríl 1947.

Nr. 94/1946. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)
gegn
**Guðmundi Sigfússyni**
(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Deilt um þóknun málflutningsmanns.

**Dómur hæstaréttar.**

Bogi Brynjólfsson fyrrverandi sýslumaður var sóknaraðili máls þessa í héraði, og áfrýjaði hann því með stefnu 12. júlí f. á. Síðar eignaðist Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius kröfu þá á hendur stefnda, er mál þetta er risið af. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1749.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1944 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir því, sem upp er komið í málinu, þykir áfrýjandi eigi hafa kynnt sér málavexti nógu rækilega, áður en hann höfðaði mál það, er stefndi fól honum. Þá verður og að telja, að honum hafi verið skylt að rannsaka nánar en hann gerði, hver gögn mátti fá í málinu, áður en hann lét það niður falla. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 900.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Thorlacius, greiði stefnda, Guð-

mundi Sigfússyni, kr. 900.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1946.**

Mál þetta, er dómtekið var 7. þ. m., hefur Bogi Brynjólfsson fyrrverandi sýslumaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. september 1945, gegn Guðmundi Sigfússyni bústjóra, Brúsastöðum í Þingvallahreppi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1749.70 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 49.70. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Árið 1943 fól stefndi í máli þessu Magnúsi hæstaréttarlögmanni Thorlacius, hér í bæ, innheimtu skuldar, er hann taldi sig eiga hjá Stefáni Thorarensen lyfsala, hér í bænum.

Hinn 24. september þ. á. höfðaði hæstaréttarlögmaðurinn mál á hendur lyfsalanum til greiðslu kaupeftirstöðva og skaðabóta að fjárhæð kr. 16783.40 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. s. m., en sökum formgalla var það hafið 18. nóvember 1943. Með stefnu, útgefinni 27. nóvember s. á., höfðaði hæstaréttarlögmaðurinn enn mál á hendur lyfsalanum og hafði uppi sömu dómkröfur og í fyrra málinu. Stefndi í því máli krafðist sýknu og höfðaði jafnframt gagnsök til greiðslu á ofgreiddu kaupi og skaðabótum að fjárhæð kr. 4048.91. Lyktir máls þessa urðu þær, að stefndi greiddi utanréttar kr. 300.00 í málskostnað, en allar aðrar kröfur féllu niður, og er málið skyldi næst tekið fyrir á bæjarþinginu þann 11. maí 1944, lét hvorugur aðilja sækja þing, og var málið þá hafið ex officio.

Nefndur hæstaréttarlögmaður taldi, að sér bæri þóknun fyrir starf sitt í sambandi við mál þetta, svo og endurgreiðsla fyrir útlögð gjöld við það, samtals kr. 2049.70, að frádregnum fyrrnefndum kr. 300.00 eða kr. 1749.70. Stefnandi máls þessa hefur fengið kröfu þessa framselda og haft uppi fyrrgreindar dómkröfur.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að með fyrrnefndum 300 krónum hafi hæstaréttarlögmaðurinn fengið fyrirhöfn sína við málið að fullu greidda, sérstaklega þegar þess sé gætt, að málið var aldrei flutt, hvorki munnlega né skriflega. Þá sé og þess að gæta, að hæstaréttarlögmaðurinn hafi upp á sitt eindæmi hætt við máls-

sóknina án þess að skýra umbjóðanda sínum frá því eða leita hans samþykkis til þeirra ráðstafana.

Stefnandi skýrir hins vegar svo frá, að hæstaréttarlögmaðurinn hafi fengið rangar upplýsingar hjá umbjóðanda sínum, er hann hóf málssóknina. Er hann hafi fengið að vita hið sanna í málinu, hafi hann séð, að þýðingarlaust hafi verið að halda málinu áfram, þar eð augljóst hafi verið, að málið ynnist ekki. Hafi hann því látið málið falla niður og ekki fundizt ástæða til að leita samþykkis umbjóðanda síns til þess, þar eð slík ráðstöfun felist í umboði hans til meðferðar málsins.

Gegn eindregnum andmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært neinar sönnur á, að stefndi í máli þessu hafi gefið nefndum hæstaréttarlögmanni rangar upplýsingar í margnefndu máli. Þá verður og að fallast á það með stefnda, að í málflutningsumboði hæstaréttarlögmannsins hafi ekki, gagnvart stefnda, falizt heimild til að fella niður málssókn, án þess að stefnukrafan væri greidd. Þegar þessi atriði eru virt og þess gætt, að þegar hafa verið greiddar kr. 300.00 í þóknun fyrir starfa þenna, þykir stefndi ekki verða krafinn frekari þóknunar í þessu efni.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður einungis gert að greiða stefnanda útlögð dómgjöld, kr. 49.70, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi. Eftir öllum avikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Sigfússon, greiði stefnanda, Boga Brynjólfssyni, kr. 49.70 með 6% ársvöxtum frá 14. september 1945 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1947.

Nr. 51/1946. **Réttvísin** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Einari Birni Sigvaldasyni og Lárusi Sigurvin Þorsteinssyni** (Hrl. Lárus Jóhannesson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Landráð.

**Dómur hæstaréttar.**

Bandaríki Norður-Ameríku fóru samkvæmt samningi frá 10. júlí 1941 með hervernd Íslands á þeim tíma, þegar ákærðu játuðust undir að fremja njósnir á Íslandi. Á þessum tíma höfðu Bandaríkin gerzt styrjaldaraðili, og mátti því telja ófrið vofa yfir Íslandi, þótt það land væri ekki þátttakandi í styrjöldinni. Fræðsla, er veitt væri óvinaríki Bandaríkjanna um atvik á Íslandi, er þýðingu hefðu í hernaði, miðaði þess vegna að því að veikja viðnámsþrótt íslenzka ríkisins. Loforð ákærðu um að framkvæma slíkar njósnir varða því, þótt ekki kæmi til efnda þeirra, við 2. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1940 auk 93. gr. sömu laga. Högum ákærðu var þannig háttað, er þeir gáfu framangreind loforð, að þeir máttu búast við harðræðum, ef þeir synjuðu. Leiðir þetta til þess, að refsingu þeirra ber að ákveða með hliðsjón af 6. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940, en hins vegar verður ekki lögð til grundvallar sú staðhæfing þeirra, að þeir hafi gefið loforðin án þess að ætla sér að efna þau, enda nutu þeir um langan tíma launa frá Þjóðverjum og voru sendir af þeim á skipi útbúnu njósnartækjum frá Noregi til Íslands.

Refsing hvors hinna ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi 14 mánuði. Samkvæmt lögjöfnun frá 76. gr. sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1940 svo og samkvæmt 76. gr. beinlínis ákveðst, að varðhaldsvist ákærðu vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi komi í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Einar Björn Sigvaldason og Lárus Sigurvin Þorsteinsson, hafa unnið til 14 mánaða fangelsis hvor, en varðhaldsvist þeirra vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi skal koma í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um svipting réttinda og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1946.**

Ár 1946, þriðjudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3649—50/1945: Réttvísin gegn Einari Birni Sigvaldasyni og Lárusi Sigurvin Þorsteinssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðu að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn X. kafla almennra hegningarlaga.

Það var dómtekið 17. október s. l.

Ákærðu eru Einar Björn Sigvaldason hljómsveitarstjóri, til heimilis Lindargötu 27 hér í bænum.

Hann er fæddur 10. ágúst 1916. Hann hefur sætt eftirfarandi refsingum:

1930 $^{15}/_{9}$ Réttarsátt, sekt 5 kr. fyrir lögreglubrot.
1933 $^{11}/_{9}$ Aðvörun fyrir brot á bifreiðalögunum.
1935 $^{16}/_{4}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir of hraðan og ógætilegan bifreiðarakstur.
1935 $^{25}/_{10}$ Kærður fyrir umferðarslys. En ekki talin ástæða til málsóknar.

Lárus Sigurvin Þorsteinsson sjómaður, til heimilis Njarðargötu 29 hér í bæ. Hann er fæddur 14. apríl 1916 á Ísafirði og hefur hvorki sætt kærum né refsingu fyrr.

Aðfaranótt mánudagsins 17. apríl 1944 tóku ákærðu land á Rauf-

arhöfn. Komu þeir hingað tveir einir frá Noregi á 20 tonna mótorbát. Báturinn fórst í ís, er var þar á höfninni, síðar um daginn. Voru þeir hingað sendir af þýzku leyniþjónustunni, svo sem síðar segir. Þeir voru þegar í stað handteknir af brezkum setuliðsmönnum á Raufárhöfn, fluttir til Englands og hafðir þar í haldi, unz þeir voru framseldir íslenzku ríkisstjórninni hinn 3. ágúst s. l., til þess að mál gegn þeim yrði rekið hér á landi.

Ákærði Einar Björn Sigvaldason hafði dvalið í Kaupmannahöfn um nokkurra ára skeið. Í janúar 1943 dvaldi hann á heimili kunningja síns í Kaupmannahöfn. Var hann þá atvinnulaus og nýskilinn við konu sína og hafði mikinn hug á að komast heim til Íslands. Þarna kom maður, er nefndi sig Hans, til að heimsækja hann og bauðst til þess að hjálpa honum að fara til Íslands. Ekki gaf hann frekari skýringar á þessu, en ympraði þó á því, að fá upplýsingar um verðlag á Íslandi og þess háttar. Ákærði ákvað að athuga þetta nánar. Varð það úr, að hann fór til Þýzkalands að fyrirlagi þessa manns í þeim tilgangi að fá frekari upplýsingar þar. Þar tók á móti honum maður, er ákærði síðar fékk að vita, að væri starfsmaður þýzku leyniþjónustunnar. Hann var strax látinn fara að læra hitt og þetta, er við kom loftskeytatækni, en fékk ekki frekari upplýsingar um starf það, sem honum var ætlað að inna af höndum. Hann segir, að sér hafi nú orðið það skjótlega ljóst, að þarna var um leyniþjónustuna þýzku að ræða og honum væri ætlað að starfa fyrir hana á Íslandi. Kveðst hann hafa ráðgazt um það við félaga sinn einn við námið, hvort unnt væri að losna úr þessu, en hinn taldi það ekki fært, úr því sem komið væri. Kveðst hann þá ekki hafa þorað að minnast á slíkt við þá, er fyrir þessu námi stóðu. Ákærða var skipað að ganga undir nafninu Sörensen og fékk mánaðarlega lífeyri.

Um sumarið fékk ákærði frí til að fara til Kaupmannahafnar. Þar var honum sagt að setja sig í samband við meðákærða Lárus Þorsteinsson. Átti hann að biðja Lárus að finna ákveðinn mann og annað ekki. Ákærði kveðst hafa fundið Lárus og falað hann þegar í stað til þess að fara með sér til Íslands og kvað Þjóðverja mundu útvega farkost og sagði honum af þjónustu sinni hjá Þjóðverjum. Lárus sló til og réðist þegar í þetta með ákærða Einari.

Lárus Þorsteinsson var farmaður á erlendu skipi í byrjun styrjaldarinnar. Er innrás í Noreg var gerð, var hann á sænsku skipi, er lenti í Lervik og var þar stöðvað af Þjóðverjum. Eftir það fór hann til Danmerkur og var síðan á ýmsum skipum í Danmörku og Þýzkalandi. Því næst dvaldi hann um nokkurt skeið á heilsuhælum í Danmörku sakir berkla, en fór þá að stunda nám á loftskeytaskóla í Kaupmannahöfn og var við það nám, er Einar hitti hann.

Lárus hefur skýrt frá því, að er þeir Einar hittust, hafi þeir drukkið sig kennda, og kveðst hann þá hafa haft orð á því við

Einar, að hann gæti komið honum yfir til Sviþjóðar. Kveðst hann hafa haft samband við menn, er stunduðu flutninga þangað. Þegar Einar stakk upp á því, að hann færi með honum til Íslands fyrir Þjóðverja, segist ákærði hafa játað því, enda hafi hann verið orðinn leiður á dvölinni ytra, og heilsa sín hafi verið slæm. Eftir það kveðst hann ekki hafa þorað að draga sig út úr þessu, þar sem Einar hafði sagt honum allt frá þessum fyrirætlunum og vissi um samband hans við þá menn, er stunduðu Sviþjóðarflutninga.

Þeir félagar stunduðu nú nám sitt áfram, Lárus gekk á loftskeytaskólann eins og áður, en hafði nú laun fyrir frá Þjóðverjum. Einar fór til Berlínar og stundaði nám sitt þar. Þegar kom fram á árið 1944, fóru þeir að búast til Íslandsferðar. Segjast þeir hafa lagt áherzlu á það að fá mótorbát til að fara á. Þeir voru kvaddir til Berlínar til að láta prófa sig. Fór prófið svo, að Lárus þótti ekki hæfur til að fara. Þeir segjast þó hafa lagt svo rika áherzlu á að fara sem fyrst, að það var eftir þeim látið. Var þeim fenginn greindur mótorbátur í Bergen, og lögðu þeir út frá Moldö í Noregi. Voru þeim fengin senditæki, er lóðuð voru innan í olíubrúsa og olía látin ofan á, svo brúsarnir litu út eins og venjulegir olíubrúsar.

Það var lagt fyrir ákærðu að setja upp veðurathugunarstöðvar, aðra á Norðurlandi, en hina í nágrenni Reykjavíkur, og senda með senditækjunum veðurfregnir til Þýzkalands. Einar segir, að gert hafi verið ráð fyrir því, að síðarmeir kynnu þeir að senda fleiri fréttir, og yrði það lagt fyrir þá síðar í gegn um loftskeytastöðvarnar. Lárus segir, að ekki hafi verið nefnt við sig að senda annað en veðurfregnir. Þá var gert ráð fyrir, að Þjóðverjar sendu þeim varahluti með flugvélum, og benti Lárus á Veiðileysufjörð til þess að kasta þessu niður, og var ráð fyrir því gert, að það yrði gert í maímánuði.

Eins og áður segir, fengu ákærðu báðir mánaðarlegar greiðslur til að lifa fyrir frá því, er þeir komust í samband við Þjóðverjana. Áður en þeir fóru, fengu þeir hvor um sig 5000 krónur til þess að útbúa sig fyrir. Einar kveðst hafa haft orð á því, að þeir þyrftu ekki þá peninga, þar sem þeir hefðu bátinn og gætu selt hann, en Þjóðverjarnir vildu láta þá hafa greiðsluna.

Það er samhljóða frásögn ákærðu, að þeir hafi fljótlega komið sér saman um að nota Þjóðverjana til þess að láta sér í té farkost heim, en inna ekki af höndum erindi þau, er Þjóðverjarnir legðu fyrir þá. Segja þeir það hafa verið ætlun sína að gefa sig upp við íslenzk yfirvöld, strax og þeir kæmu til Íslands. Vakti það og fyrir þeim, er þeir komu til Raufarhafnar, enda þótt svo verkaðist, að þeir væru handteknir af setuliðsmönnum. Ákærðu segjast hafa fleygt fyrir borð senditækjunum, er þeir voru komnir á Raufarhöfn. Fyrr þorðu þeir það ekki af ótta við þýzk eftirlitsskip, er kynnu að stöðva þá.

Málavöxtum hefur nú verið lýst eftir frásögn ákærðu, enda ekki um önnur gögn að ræða í málinu. Verður því að leggja hana til grundvallar dómi, enda þykir ekki ástæða til að rengja, að rétt sé frá skýrt í meginatriðum.

Eins og hér að framan hefur verið rakið, hafa ákærðu gengið í þjónustu erlends ríkis, Þýzkalands, til þess að framkvæma njósnir hér á landi. Varðar það við 93. gr. almennra hegningarlaga.

Af frásögn þeirra sjálfra verður það ráðið, að þeir hafi gengið út í þetta án þess að gera sér grein fyrir því, hvað þeir voru að gera eða hvert hlutverk þeim var ætlað og haldið áfram fyrir hræðslu sakir eða þvingunar. Ber að taka tillit til þess við ákvörðun refsingar samkvæmt 74. gr. 6. tl. almennra hegningarlaga. Þá verður og að leggja til grundvallar þá frásögn þeirra, að þeir hafi samþykkt það sín á milli að framkvæma ekki erindi sín, eftir að til Íslands væri komið. Með hliðsjón af þessu þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákærðu voru í haldi brezkra hernaðaryfirvalda frá 17. apríl 1944 og fram til 3. ágúst 1945. Þá voru þeir úrskurðaðir í gæzluvarðhald og sátu í því til 14. s. m. Með tilliti til þessarar löngu frelsissviptingar þykir mega ákveða, að refsivist þeirra falli niður samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga beinlínis og analogice.

Þá ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðast kr. 1200.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dráttur sá, sem orðinn er á dómsuppsögn, stafar af önnum við embættið.

Dómsorð:

Ákærðu, Einar Björn Sigvaldason og Lárus Sigurvin Þorsteinsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Með tilliti til langvarandi frelsissviptingar þeirra undir rekstri málsins skal refsivist þeirra falla niður.

Ákærðu skulu sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1947.

Nr. 142/1946. **Knútur Þorsteinsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
**Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Seyðisfjarðarkaupstaðar** (Hrl. Lárus Jóhannesson).

**Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Ágreiningur um heimilisfang.

**Dómur hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaði úrskurður er upp kveðinn af Hjálmari Vilhjálmssyni, bæjarfógeta á Seyðisfirði.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. október 1946, krefst þess, að heimilisfang hans verði talið að Úlfsstöðum í Loðmundarfjarðarhreppi frá 7. október 1945 til 6. maí 1946. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Knútur Þorsteinsson, greiði stefnda, bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 20. ágúst 1946.**

Með bréfi, dags. 4. júní 1946, til bæjarfógetans á Seyðisfirði krefst bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar þess, að kveðinn verði upp úrskurður um heimilisfang Knúts Þorsteinssonar kennara samkvæmt

lögum nr. 95 frá 23. júní 1936. Í lögregluréttarhaldi 1. ágúst s. l. orðar bæjarstjóri kröfu sína nánar svo, að óskað sé úrskurðar um heimilisfesti Knúts á tímabilinu 1. september 1945 til jafnlengdar 1946.

Réttarrannsókn fór fram í máli þessu í lögreglurétti hinn 1. þ. m., og var málið þá tekið til úrskurðar. Vegna fjarveru dómarans í þingaferðum og vegna annarra embættisanna í því sambandi er úrskurður í máli þessu ekki felldur fyrr en í dag.

Við niðurjöfnun útsvara í Seyðisfjarðarkaupstað á síðastliðnum vetri var lagt 1500 króna útsvar á Knút Þorsteinsson kennara. Hann er maður einhleypur og var settur kennari við barnaskólann í Seyðisfjarðarkaupstað frá 1. september 1945 til jafnlengdar 1946 og dvaldi þar samfleytt við barnakennsluna frá 7. október 1945 til 6. eða 7. maí 1946, að undanteknum jóla- og páskaleyfum, en til starfa við barnaskólann kveðst hann aðeins hafa ráðizt í sjö mánuði.

Knútur kærði útsvarið og krafðist þess, að það yrði fellt niður, vegna þess að hann ætti ekki lögheimili í Seyðisfjarðarkaupstað, heldur að Úlfsstöðum í Loðmundarfjarðarhreppi. Þar skiladi hann framtali til skatts fyrir árið 1945, og þar var lagt á hann útsvar nú í sumar, að fjárhæð kr. 406.00. Niðurjöfnunarnefnd synjaði kröfu þessari, og skaut Knútur þá kærunni til yfirskattanefndar, en hún frestaði meðferð málsins vegna framkomins bréfs bæjarstjórans, dags. 4. júní s. l., þar sem beiðst er úrskurðar um heimilisfang Knúts, eins og að ofan greinir.

Eins og þegar hefur verið rakið, dvaldi Knútur í Seyðisfjarðarkaupstað frá 7. október 1945 til 6.—7. maí 1946 og stundaði þar stöðuga atvinnu við barnakennslu í barnaskólanum, nema í jóla- og páskaleyfum, sem eigi virðist skipta máli. Leiðir af þessu að telja verður heimilisfang hans í Seyðisfjarðarkaupstað á þessum tíma.

Úrskurðar var beiðst um heimilisfang Knúts frá 1. september 1945 til jafnlengdar 1946. En þar eð telja má, að heimilisfang Knúts á tímabilinu 1. september 1945 til 6. október 1945 og 7. maí 1946 til 1. september 1946 skipti engu máli um það, hvort rétt var að leggja útsvar á hann í Seyðisfjarðarkaupstað við síðusu niðurjöfnun, en sú er raunverulega orsökin til kæru bæjarstjórans, þykir mega ganga fram hjá því, að ákveða heimilisfang Knúts á þessum tímabilum.

Því úrskurðast:

Heimilisfang Knúts Þorsteinssonar kennara var í Seyðisfjarðarkaupstað frá 7. október 1945 til 6. maí 1946.

Föstudaginn 25. apríl 1947.

Nr. 25/1939 **Gísli Vilhjálmsson** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Eggert Claessen f. h. Poul Salomonsen og gagnsök** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

**Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Th. B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Fébótamál vegna vanefnda forsölusamnings um síld.

## Dómur hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 20. febrúar 1939 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. marz s. á. Krefst hann þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að skaðabætur verði færðar niður í kr. 897.50, og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar skaðabætur. Loks krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febrúar 1939 áfrýjað málinu með stefnu 13. marz s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum danskar krónur 17050.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 30. janúar 1936 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði að skaðlausu og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi var staddur í Kaupmannahöfn vorið 1935. Kom hann þá að máli við gagnáfrýjanda og gerði honum kost á síldarkaupum. Hinn 6. júní s. á. sendi aðaláfrýjandi, sem þá var staddur í Bergen, gagnáfrýjanda með vísun til samtals aðilja tilboð um sölu síldar, sem veidd skyldi þá um sumarið fyrir norðurströnd Íslands. Var í tilboðinu tilgreint magn síldarinnar, 500 tunnur, tegundir hennar og verkun, svo og afhendingarstaður og

greiðsluskilyrði. Eitt ákvæði tilboðsins hljóðaði svo: „Garanteret Levarance", þ. e. ábyrgð tekin á afhendingu. Er gagnáfrýjandi fékk tilboð þetta, sendi hann hinn 8. júní s. á. aðaláfrýjanda símskeyti, þar sem hann kveðst til að byrja með samþykkja kaup á síldarmagni, sem hann nú tiltók 425 tunnur og var því nokkru minna en aðaláfrýjandi hafði boðið fram. Jafnframt lýsti gagnáfrýjandi því í símskeytinu, að bréf frá sér væri væntanlegt. Bréf þetta var dagsett sama dag og skeytið. Fylgdi því uppkast að samningi, sem gagnáfrýjandi hafði samið og undirritað var af honum. Var í samningsuppkastinu tiltekið sama síldarmagn og í símskeytinu og auk þess hafði samningsuppkastið að geyma ýmis ákvæði, sem viku í veigamiklum atriðum frá tilboði aðaláfrýjanda. Var í samningsuppkastinu m. a. sleppt ákvæðinu: „Garanteret Leverance". Aðaláfrýjandi undirritaði samningsuppkastið, og varð það því samningur aðilja. Getur framangreint ábyrgðarákvæði þess vegna engin áhrif haft á ábyrgð aðaláfrýjanda á efndum samningsins.

Þrír sænskir síldarkaupendur hafa borið vætti í máli þessu og staðfest það með eiði sínum. Höfðu þeir fram til þess tíma, er þeir báru vætti, annazt síldarkaup á Íslandi um margra ára skeið, og voru þar umboðsmenn sænskra fyrirtækja, sem samanlagt keyptu 65—70% af saltsíld, kryddsíld og sykursíld, sem seld var frá Íslandi, að matjessíld undanskilinni. Síldarkaupendur þessir lýstu því í vætti sínu, að það sé föst viðskiptavenja í síldarkaupum hér á landi, að kaupandi krefjist ekki skaðabóta af seljanda vegna vanefnda forsölusamnings, er stafa af aflabresti. Formaður síldarútvegsnefndar hefur í bréfum 4. maí 1936 og 27. febrúar 1937 staðhæft, að slík venja ríki í þessum viðskiptum. Þá hafa og í málinu komið fram fleiri gögn, er hníga í sömu átt. Skýrslur þessar og vætti þykja sanna, að framangreind viðskiptavenja gildi hér á landi, og ber því að leggja hana til grundvallar við úrlausn málsins, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1922.

Það er fullvíst, að íslenzkir síldarseljendur og þar á meðal aðaláfrýjandi gátu ekki nándar nærri efnt að fullu forsölusamninga um síld 1935. Hinir áðurgreindu sænsku síldar-

kaupendur hafa m. a. lýst því, að þeir hafi einungis fengið frá 10—30% þeirrar síldar, sem þeir höfðu samið fyrirfram um kaup á sumarið 1935. Þykir með vætti sænsku síldarkaupendanna og annarra vitna og með vísun til gagna málsins fullsannað, að aðaláfrýjandi hafi haft í mesta lagi til umráða 30% af þeirri síld, sem hann þurfti til að efna forsölusamninga sína. Aðaláfrýjandi telur, að sér hafi verið óskylt að láta gagnáfrýjanda fá af þeirri síld, er hann, þ. e. aðaláfrýjandi, hafði undir höndum, þar sem hann hafi samið við nafngreindan mann, sem farið hafi með fyrirsvar gagnáfrýjanda, á þá leið, að gagnáfrýjanda skyldi afhent til efnda á samningi aðilja síld af afla tiltekins báts, sem gerður var út frá Sauðárkróki, en á bát þessum veiddist engin síld til söltunar sumarið 1935. Þessi málsástæða aðaláfrýjanda getur ekki orðið tekin til greina, þar sem það er ósannað gegn neitun gagnáfrýjanda, að téður þriðji maður hafi haft umboð hans til slíks samnings.

Niðurstaðan af því, sem rakið var, er sú, að aðaláfrýjandi hafi átt að láta gagnáfrýjanda fá hlutfallslega af þeirri síld, sem aðaláfrýjandi réð yfir til efnda á forsölusamningum, en eins og gögnum málsins er háttað, verður að miða við, að það hafi verið 30% þess magns, er forsölusamningar hljóðuðu um, enda hefur aðaláfrýjandi ekki fært sönnur á nein þau atvik, er leysi hann undan þessari skyldu. Verður hann því að bera hallann af því, að hann gerði þetta ekki. Sam kvæmt þessu ber honum að svara gagnáfrýjanda 30% af fullum efndabótum.

Aðaláfrýjandi hefur haldið því fram, að gagnáfrýjandi geti ekki átt kröfu til hárra bóta, þar sem hann hafi lýst því í bréfi sínu 8. júní 1935, að hann hafi selt síldina „með ringe Avance", þ. e. með litlum hagnaði. Gagnáfrýjandi staðhæfir, að þessi ummæli sín hafi ekki verið sannleikanum samkvæm, hann hafi alls ekki selt síldina, heldur ætlað hana til vinnslu í sjálfs sín verksmiðju. Ekki þykir, eins og á stendur, rétt við ákvörðun skaðabóta að taka tillit til nefndra ummæla gagnáfrýjanda í bréfinu 8. júní 1935, enda bar aðaláfrýjandi málsástæðu þá, sem greind var, ekki fyrir sig

fyrr en eftir að málið var tekið til meðferðar af nýju í héraði eftir ómerkingu þess í hæstarétti.

Þar sem gögn málsins leiða ekki til annars, þykir bera að ákveða skaðabætur samkvæmt 25. gr. laga nr. 39/1922. Í samningi aðilja var svo kveðið á, að síldin skyldi afhent fob á Sauðárkróki eða Skagaströnd til flutnings með e/s Lagarfossi, sem samkvæmt áætlun átti að koma til Kaupmannahafnar 14. september 1935. Skip þetta kom við á Sauðárkróki hinn 29. ágúst 1935.

Síldarútvegsnefnd hefur gefið vottorð í málinu um verð á saltsíld og kryddsíld, sem útflutt var á skipinu Svanholm hinn 31. ágúst 1935. Ber að leggja verð þetta til grundvallar skaðabótum. Verð slógdreginnar síldar þykir rétt að ákveða 20% hærra en verð saltsíldar. Samkvæmt þessu var meðal fobverð á afhendingartíma:

| | | |
|---|---|---|
| Á saltsíld ..... | kr. 41.65 | tunnan |
| Á slógdreginni síld ..... | — 49.98 | — |
| Á kryddsíld ..... | — 43.97 | — |

Hin selda síld var 200 tunnur saltsíld, 100 tunnur slógdregin síld og 125 tunnur kryddsíld. Fobverð hennar var því alls ..... ísl. kr. 18824.25

Þar frá dregst kaupverð síldarinnar samkvæmt samningi aðilja ..... — — 8975.00

Mismunur kr. 9849.25

Með skírskotun til framanritaðs ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda 30% af þeirri fjárhæð, eða kr. 2954.78 ásamt 5% ársvöxtum frá 30. janúar 1936 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 1000.00 í málskostnað í héraði, en málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Sá mikli dráttur, sem orðið hefur á máli þessu, stafar af því, að samgöngur milli Íslands og Danmerkur rofnuðu af styrjaldarsökum, svo og eftir styrjaldarlok af sáttaumleitunum aðilja.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Gísli Vilhjálmsson, greiði gagnáfrýjanda, Eggert Claessen f. h. Poul Salomonsen, kr. 2954.78 ásamt 5% ársvöxtum frá 30. janúar 1936 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað fyrir héraðsdómi, en málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur gestaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 21. maí 1938.**

Mál þetta er höfðað með gestaréttarstefnu, útgefinni 3/1 1936, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum danskar kr. 17050.00 ásam 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndi hefur krafizt þess ,að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, og honum tildæmdur málskosnaður.

Mál þetta var dæmt í undirrétti 4. ágúst 1936, og voru dómkröfur stefnanda teknar til greina. Dómi þessum áfrýjaði stefnandi til hæstaréttar til staðfestingar, en stefndi áfrýjaði því einnig og gerði þá aðalkröfu, að úrskurður, er kveðinn var upp í héraði í málinu 4/8 1936, þar sem honum var synjað um frest, yrði felldur úr gildi, og að öll meðferð málsins þar frá þeim degi og hinn áfrýjaði héraðsdómur yrði ómerktur og að málinu yrði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Í dómi sínum 3/3 1937 tók hæstiréttur kröfur stefnda til greina og vísaði málinu heim í hérað til endurupptöku frá 4. ágúst 1936.

Var málið síðan tekið upp af nýju fyrir undirréttinum, sótt og varið og tekið til dóms 5/4 þ. á.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að með samningi 8/6 1935 skuldbatt stefndi sig til að selja stefnanda 425 tn. af síld, sem veiða átti í ágúst og salta á Sauðárkróki eða Skagaströnd og afhendast í Kaupmannahöfn um miðbik september s. á. Samning þenna efndi stefndi ekki og afhenti enga einustu tunnu af síld upp í hann. Krefst stefnandinn því, að hann verði dæmdur til að greiða honum mismuninn á kaupverði þessara 425 tn. af síld og gangverði á sams konar síld í Kaupmannahöfn á þeim tíma, er afhendingin átti að fara fram. Telur hann, að þessi mismunur sé kr. 17050.00 og hefur lagt fram því til sönnunar yfirlýsingu frá verzlunarhúsi í Kaupmannahöfn ,er fæst við síldarverzlun, um gangverð á síld þar 15.—20. september 1935.

Stefnandi heldur því fram, að þar sem í tilboði því á rskj. 7, er stefndi gaf honum og samningurinn á rskj. 3 er byggður á, standi „garanteret Leverance", geti stefndi ekki borið fyrir sig aflabrest sem ástæðu til, að hann losni við skyldu sína samkvæmt samningnum.

Stefndi bendir hins vegar á, að orð þessi standi að vísu í tilboðinu á rskj. 7, en þau séu ekki í samningnum á rskj. 3, og telur, að þar sem samningurinn sé í verulegum atriðum breyttur frá tilboðinu og það til óþæginda fyrir hann, beri að skoða samninginn sem nýtt tilboð, er hann hafi getað samþykkt eða hafnað eftir vild. Jafnframt heldur hann því fram, að í orðunum „garanteret Leverance" hafi aðeins legið það, að hann skyldi tilkynna stefnanda fyrir síldveiðitíma, hvaða skip hann ætlaði að hafa til að veiða upp í samninginn.

Rétturinn verður að líta svo á, að stefndi hafi rétt fyrir sér í því, að samningurinn á rskj. 3 sé í verulegum atriðum breyttur frá tilboðinu á rskj. 7, og beri því að skoða hann sem nýjan samningsgrundvöll, og þar sem í samninginn eru ekki tekin upp orðin „garanteret Leverance", verður ekki talið, að stefndi hafi tekið á sig frekari ábyrgð á vanefndum samningsins en á honum hvíla samkvæmt viðskiptalögum.

Stefndi hefur haldið því fram, að það sé almenn venja í síldarkaupum hér á landi, að þegar seld er óveidd síld og ekki tekið fram í samningnum, hvaða skipum sé ætlað að veiða hana, þá sé seljanda heimilt, áður en síldveiðitíminn hefst, að tilkynna kaupanda, hvaða skip hann ætli að láta veiða upp í samninginn. Kveðst hann í þessu tilfelli hafa tilkynnt A. Godtfredsen, er komið hafi til sín á Sauðárkróki og talið sig vera umboðsmann stefnanda, að hann ætlaði að láta e/s Skagfirðing veiða upp í samninginn á rskj. 3, og hafi Godtfredsen tekið það gilt, að svo yrði. Jafnframt hefur stefndi sýnt fram á, að e/s Skagfirðingur veiddi enga síld í ágúst eða septembermánuði 1935, og telur hann, að af því leiði, að hann hafi átt að vera laus við skyldu sína til að afhenda síldina samkvæmt samningnum, rskj. 3.

Stefnandi hefur eindregið neitað því, að sér hafi verið kunnugt um nokkra slíka venju, og telur, að hún sé ekki til. Jafnframt neitar hann eindregið, að hann hafi á nokkurn hátt gert A. Godtfredsen að umboðsmanni sínum gagnvart stefnda í þessum síldarkaupum, og enga tilkynningu kveðst hann hafa fengið frá honum né stefnda um, að nokkurt ákveðið skip ætti að veiða upp í samninginn.

Stefndi hefur leitt þrjá sænska síldarkaupendur, þá Sem Erlandsson, Fritjof Wallström og Ture Larsson, sem vitni í málinu og spurt þá, hvort venja væri við fyrirframsölu á síld, að nöfn skipa, er ætluð væru til veiðanna, væri greind í kaupsamningnum, og hafa þeir allir svarað því neitandi. Þá hefur hann spurt þá, hvernig síldarkaupendurnir fengju upplýsingar um, af hvaða skipum þeir fengju síld

þá, er þeim samkvæmt samningum beri að fá, og svöruðu þeir því allir á þann hátt, að venjulegast væri, að seljandinn tilkynnti þeim það, þegar þeir kæmu til landsins, eða þegar þeir spyrðu um það.

Rétturinn getur ekki litið svo á, að af svörum þessara þriggja vitna sé hægt að slá því föstu, að það sé orðin föst venja í íslenzkum síldarkaupum, að seljandi, er gert hefur samning um fyrirframsölu á síld, geti í byrjun síldveiðitímans tilkynnt kaupandanum, að sérstakt síldveiðiskip sé ætlað til að afla upp í samninginn, og sé seljandi laus allra mála, ef skipið aflar ekki nóg til uppfyllingar á honum. Auk þess hefur stefnda ekki gegn mótmælum stefnanda tekizt að sanna, að hann hafi haft ástæðu til að líta svo á, að stefnandi hafi gert A. Godtfredsen að umboðsmanni sínum gagnvart honum, þannig að tilkynning til Godtfredsen um, hvaða skip ætti að afla upp í samninginn og samþykki hans á því, að þessu skipi væri ætlað það, væri jafngilt og tilkynning til stefnanda og samþykki hans þar á.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að svo mikill aflabrestur hafi verið á síld við Norðurland í ágústmánuði 1935, en í þeim mánuði átti síld sú að vera veidd, er afhenda átti samkvæmt samningnum, rskj. 3, að sér hafi ekki verið mögulegt að fá síld til að afhenda upp í samninginn, og sé hann því ekki skaðabótaskyldur út af vanefndum á honum.

Til sönnunar þessu hefur hann leitt hina þrjá áðurnefndu Svía sem vitni í málinu, og hafa þeir borið, að árið 1935 hafi verið að þeirra áliti um aflabrest á síld að ræða á Norðurlandi. Jafnframt hafa þeir lýst því yfir, að þeir teldu aflabrest, svo sem var umrætt ár, force majeure, sem leysti seljendur undan skaðabótaskyldu vegna vanefnda á fyrirframsamningum um sölu síldar.

Enn fremur hefur stefndi lagt fram vottorð frá Finni Jónssyni, formanni Síldarútvegsnefndar, þar sem hann vottar, að um aflabrest á síld hafi verið að ræða fyrir Norðurlandi 1935. Tekur hann það jafnframt fram, að þeir, er gert höfðu fyrirframsamninga um kaup á síld, hafi leyst seljendur frá skilmálum samninganna um kaupverð og keypt síldina með dagsverði. Loks vottar hann, að ekki hafi verið leyfilegt að flytja út síld nefnt sumar, nema með leyfi síldarútvegsnefndar, og hafi hún sett sem skilyrði, að verð og söluskilmálar væru eins og hún ákvæði á hverjum tíma.

Stefnandi hefur eindregið neitað því, að slíkur aflabrestur hafi verið á síld fyrir Norðurlandi í ágústmánuði 1935, að seljanda af þeirri ástæðu hafi verið ókleift að standa við samninginn á rskj. 3. Fullyrðir hann, að stefndi hefði, ef hann hefði viljað gefa dagsverð fyrir nýja síld, getað keypt síld og afhent upp í samninginn. Bendir hann á í því sambandi ,að ekkert hafi verið um það ákveðið, að síldin skyldi vera veidd í herpinót, en í ágúst og september hafi veiðst allmikið af reknetjasíld fyrir Norðurlandi, og hafi hún ekki

verið seld fyrirfram upp í samninga, og hefði því stefndi getað keypt hana. Þá hefur hann lagt fram vottorð frá fjármálaráðuneytinu, er sýnir, að stefndi hefur umrætt sumar flutt út fleiri þúsund tunnur af síld til A/B Brödrene Ameln og A/B Ernst Ryberg, Stokkhólmi.

Rétturinn verður að líta svo á, að þótt stefnda hafi tekizt að færa sönnur á, að um aflabrest á síld fyrir Norðurlandi hafi verið að ræða í ágústmánuði 1935, þá leiði ekki þar af, að hann losni við skaðabótaskyldu vegna vanefnda á sölusamningnum á rskj. 3. Gagnar honum ekki í því efni, þótt einstakir síldarkaupendur votti, að þeir telji aflabrest force majeure, því því aðeins leysir aflabresturinn hann frá skyldum hans samkvæmt samningnum, að hann geti sýnt fram á, að svo hafi kveðið að aflabrestinum, að honum hafi verið ómögulegt að fá keypta síld til uppfyllingar á samningnum. En í máli þessu verður alls ekki talið, að stefnda hafi tekizt að færa fram slíkar sannanir, því líklegt má telja, að hann hefði getað fengið síld keypta með dagsverði til að uppfylla samninginn. Hitt er annað mál, hvort síldarútvegsnefnd hefði leyft honum útflutning á síld keyptri með dagsverði til uppfyllingar á samningnum á rskj. 3, en sönnur fyrir því atriði hefði hann getað aflað sér með því að biðja nefndina um leyfi til útflutningsins, en það hefur hann vanrækt, og verður það að koma honum í koll.

Samkvæmt framansögðu verður að telja stefnda skaðabótaskyldan gagnvart stefnanda vegna vanefnda á sölusamningnum á rskj. 3.

Ber þá að athuga upphæð skaðabótakröfunnar.

Stefndi, sem í upphafi hreyfði engum mótmælum gegn upphæð skaðabótakröfunnar, hefur í vörn sinni á rskj. nr. 25, dags. 1⅞ 1937, mótmælt henni sem of hárri. Byggir stefndi mótmæli sín á þeim ummælum stefnanda í bréfi til hans, dags. sama dag og samningurinn rskj. 3 er undirritaður (rskj. 32), að hann hefði þegar selt síldina 2 stórkaupmönnum í Kaupmannahöfn með lítlum hagnaði („ringe Avance"). Telur hann, að stefnandi geti eigi krafizt hærri skaðabóta en 10% af kaupverði síldarinnar samkvæmt samningnum, rskj. 3.

Stefnandi fullyrðir hins vegar, að síld þá, er hann keypti af stefnda, hafi hann ætlað að nota í niðursuðuverksmiðjunni „Freja" í Kaupmannahöfn, sem er hans eign, en orðið að kaupa aðra síld í staðinn handa verksmiðjunni og það dýrara verði en hann hefur reiknað með, er hann gerði skaðabótakröfu sína. Jafnframt segir hann, að hann hafi skrifað stefnanda það, að hann hefði selt síldina öðrum, til þess að það yrði hvöt fyrir hann til að fullnægja samningnum.

Rétturinn verður að líta svo á, að með ummælum sínum í bréfinu rskj. 32 hafi stefnandi gefið stefnda ástæðu til að ætla, að tap hans vegna vanefnda samningsins væri eigi mjög tilfinnanlegt, og enn

fremur verður, enda þótt stefnandi lýsi yfir því, að þessi ummæli sín hafi verið alröng, að telja, að þau gefi ástæðu til að véfengja, að tap hans vegna vanefnda samningsins hafi raunverulega verið eins mikið og hann hefur gert það upp í sókninni rskj. 2. Hins vegar getur rétturinn ekki fallizt á, að vegna framangreindra ummæla verði eigi hægt að ákveða hærri bætur til stefnanda en 10% af kaupverði síldarinnar. Þykir eftir atvikum hæfilegt, að bæturnar verði ákveðnar 3000 danskar krónur.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 3000 danskar krónur með 5% ársvöxtum frá 3/1 1936 til greiðsludags. Enn fremur greiði stefndi stefnandanum 300 kr. í málskostnað.

Sökum þess, hvað mál þetta er umfangsmikið, og vegna embættisanna dómarans við sýslufundi og fleira, hefur eigi fyrr verið upp kveðinn dómur í því.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gísli Vilhjálmsson, útgerðarmaður á Akranesi, greiði stefnandanum, hæstaréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen f. h. Poul Salomonsen í Kaupmannahöfn, 3000 — þrjú þúsund — danskar krónur með 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 3/1 1936, þar til greitt er. Enn fremur greiði stefndi stefnandanum 300 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Laugardaginn 26. apríl 1947.

Nr. 90/1946. **Guðmundur Benjamínsson**
(Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
**Sigurliða Kristjánssyni f. h. Silla & Valda og gagnsök** (Hrl. Einar Arnórsson).

**Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Endurheimt ofgreiddrar húsaleigu.

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. júlí f. á., gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýj-

andi verði dæmdur til að greiða honum kr. 12134.67 auk 6% ársvaxta frá 9. nóvember 1945 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 21. ágúst f. á., krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður í málinu gegn því að greiða aðaláfrýjanda kr. 1769.15, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 8934.67. Ef aðalkrafan verður tekin til greina, krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, en ef dæmt verður í samræmi við varakröfuna, krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að umræddar 3200 krónur hafi verið greiddar til gagnáfrýjanda í því skyni að fá húsnæðið, og hafi þær því í raun og veru verið forgreiðsla á leigu. Framburður Jóns Veturliðasonar styður þessa skýrslu, en hann kveður gagnáfrýjanda hafa greitt sér sömu upphæð aðallega fyrir endurbætur og viðhald á húsnæðinu, sem gagnáfrýjandi átti að kosta. Hins vegar hefur gagnáfrýjandi ekki fært sönnur á þá staðhæfing sína, að greiðsla þessi hafi verið innt af höndum til þess, að Jón Veturliðason rýmdi húsnæðið í þágu aðaláfrýjanda, enda er það viðurkennt, að engar viðræður fóru fram á milli þeirra um það efni. Verður því að telja, að umræddar 3200 krónur hafi verið forgreiðsla á leigu.

Fjárhæðir þær, sem gagnáfrýjandi er sóttur til að endurgreiða í máli þessu, eru mismunur leigu þeirrar, er aðaláfrýjandi greiddi honum, og þeirrar leigu, sem goldin hefði verið, ef leigan hefði verið óbreytt frá því, sem hún var 14. maí 1940. Þar sem mat húsaleigunefndar hafði ekki farið fram á leigunni, var gagnáfrýjanda óheimilt að láta aðaláfrýjanda greiða sér þenna mismun, sbr. 6. gr. laga nr. 39/1943, og var hann afturkræfur samkvæmt 13. gr. sömu laga.

Lög nr. 95/1945, sem gengu í gildi, eftir að atvik máls þessa gerðust og endurkröfuréttur aðaláfrýjanda stofnaðist,

geta engu breytt í þessu efni. Verður því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 3200.00 + kr. 8934.67, eða samtals kr. 12134.67 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 1800 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sigurliði Kristjánsson f. h. Silla & Valda, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Benjamínssyni, kr. 12134.67 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1945 til greiðsludags og samtals 1800 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Guðmundur klæðskeri Benjamínsson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. nóvember 1945, gegn Sigurliða kaupmanni Kristjánssyni f. h. Silla & Valda, Aðalstræti 10 hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 12394.67 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins voru kröfur stefnanda lækkaðar um kr. 260.00.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 1769.15 og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Til vara hafa þeir krafizt þess, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar í kr. 7334.67 og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dagsettum 22. september 1938, seldi þáverandi eigandi hússins nr. 16 við Aðalstræti á leigu 4 herbergi og eldhús í því húsi, og var mánaðarleiga ákveðin kr. 70.00 um mánuð hvern. Vorið 1941 voru stefndu orðnir eigendur húss þessa, og leigðu þeir húsnæðið Jóni nokkrum Veturliðasyni auk eins herbergis, er áður hafði verið leigt gegn kr. 15.00 leigu á mánuði. Var þá samið um kr. 375.00 mánaðarleigu (grunnleigu) og húsnæðinu jafnframt breytt nokkuð, teknir burtu veggir, svo að í stað 5 herbergja komu tvö herbergi (auk eldhúss). Hinn 13. marz 1944 gerðu aðiljar máls þessa með sér leigusamning, og tók stefnandi á leigu allt framangreint

húsnæði og skyldi greiða kr. 600.00 á mánuði í leigu. Kveðst stefnandi hafa greitt stefndu samkvæmt samningi þessum kr. 10408.00 til ágústloka 1945 auk kr. 3200.00, er hann hafi greitt þeim í forgreiðslu húsaleigu, eða samtals kr. 13608.00. Hins vegar telur hann, að samkvæmt 6. gr. laga um húsaleigu nr. 39 frá 1943 hafi stefndu verið óheimilt að taka hærri húsaleigu en kr. 85.00 á mánuði, eða samtals um áðurgreint tímabil kr. 1473.33. Hefur hann því höfðað mál þetta til endurgreiðslu á mismun þessara tveggja fjárhæða.

Rétt þykir að taka til athugunar út af fyrir sig hvorn kröfulið stefnanda, þ. e. annars vegar þann, er hann nefnir forgreiðslu húsaleigu, en leigugreiðslur samkvæmt samningi aðilja hins vegar.

Stefndu hafa eindregið mótmælt fyrri liðnum og haldið því fram, að þar sé ekki um húsaleigu að ræða, heldur þóknun til fyrrgreinds Jóns Veturliðasonar „í sambandi við rýmingu á húsnæði og stöðvun á rekstri Café New York", eins og segir í viðurkenningu þeirri, dags. 13. marz 1944, er stefnandi tók við, þegar hann greiddi fjárhæð þessa. Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að greiðslu þessa beri að skoða sem húsaleigu, enda sé hún greidd beint til stefndu og hafi runnið til þeirra, og hafi stefndu greitt nefndum Jóni kr. 3200.00, beri að skoða það sem greiðslu til hans fyrir þann viðhaldskostnað, er hann hafði lagt út þann tíma, sem hann hafði húsakynni þessi á leigu.

Nefndur Jón Veturliðason hefur undirritað þrjú vottorð, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, og auk þess komið sjálfur fyrir dóm. Vætti hans og vottorð þykja ekki nægilega glögg né í samræmi hvert við annað, til þess að unnt sé að telja með þeim sönnur færðar á staðhæfingar stefnanda um eðli greiðslu þessarar. Stefnandi hefur eigi fært fram önnur gögn máli sínu til stuðnings að þessu leyti og verður því, með hliðsjón af því, sem áður segir um orðalag viðurkenningar þeirrar, er hann veitti viðtöku og engar athugasemdir voru gerðar við fyrr en í máli þessu, að taka til greina sýknukröfu stefndu, að því er varðar þenna kröfulið stefnanda.

Síðari kröfuliðurinn er, eins og þegar er skýrt frá, mismunur leigu þeirrar, sem umsamin var og goldin 14. maí 1940, og þeirrar leigu, sem stefnandi hefur greitt. Stefndu byggja aðalkröfu sína á leigumati yfirhúsaleigunefndar, sem fram fór 28. september 1945, en með því var grunnleiga metin kr. 365.00 um mánuð hvern frá 1. október 1945. Telja stefndu rétt að miða húsaleigu stefnanda við þetta mat um allt leigutímabilið, enda hafi húsakynni breytzt mjög til batnaðar efir að leigusamningurinn frá 22. september 1938 var úti. Sanngjarnt muni því, að stefnandi greiði leigu samkvæmt yfirmatinu, enda hafi hann greitt hina umsömdu leigu allan tímann athugasemdalaust, og megi af því marka, að honum hafi eigi þótt húa ósanngjarnlega há. Enn fremur telja stefndu, að um þetta tilvik beri að beita ákvæðum laga nr. 95 frá 1945, þannig að mismunur eldri

leigu og matsleigu sé eigi afturkræfur, eftir að samþykki eða matsgerð húsaleigunefndar er fram komin.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að ákvæði laga nr. 95 frá 1945 séu afturvirk, og talið, að þeim verði ekki beitt í þessu tilviki, enda eigi verið komin í gildi, er mál þetta var höfðað.

Þótt ráða megi af greinargerð þeirri, er fylgdi frumvarpi til laga þessara, þá ætlun flutningsmanns, að lögin yrðu afturvirk, þykir varhugavert að beita þeim á þann hátt, þar eð engin ákvæði í þá átt eru í lögunum sjálfum. Þá er og þess að gæta, að samkvæmt matsgerðinni segir, að greiða skuli leigu samkvæmt henni frá 1. október 1945, og er það í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 39 frá 1943. Er því eigi unnt að telja stefndu undanþegna ákvæðum 13. gr. sbr. 6. gr. sömu laga, og ber því að dæma þá til að endurgreiða mismun leigufjárhæðanna.

Varakröfu sína byggja stefndu á því, að auk framangreindra kr. 3200.00 beri að draga frá dómkröfum stefnanda kr. 1600.00, sem þeir telja hæfilega leigu í 16 mánuði eftir geymsluherbergi, sem hann hafi fengið til afnota auk þess húsrýmis, sem um var samið. Gegn andmælum stefnanda hafa sefndu ekki fært sönnur á það, að hann hafi haft ráð annars eða meira húsrýmis en áður var greint, og verður því eigi unnt að sinna þessari kröfu stefndu.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verður gert að greiða stefnanda kr. 8934.67 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Silli & Valdi, greiði stefnanda, Guðmundi Benjamínssyni, kr. 8934.67 með 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1945 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 30. apríl 1947.

Nr. 26/1947. **Karl Þorfinnsson**

gegn

**Hermanni Guðjónssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Karl Þorfinnsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Miðvikudaginn 30. apríl 1947.

Nr. 117/1945. **Fritz Berndsen**
gegn
**Bergi Hallgrímssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fritz Berndsen, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 2. maí 1947.

Nr. 112/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
**Bjarna Péturssyni**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Neyzla áfengis við akstur bifreiðar.

**Dómur hæstaréttar.**

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Háttsemi kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, varðar við 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. nefndra laga ber og að svipta kærða ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Það athugast, að bifreiðaeftirlitsmaður sá, er í málinu

greinir, hlutaðist ekki til um það, að kærða væri tekið blóð til rannsóknar. Þá hefur héraðsdómari hvorki yfirheyrt vitni nógu rækilega um áfengisneyzlu kærða né um það, hvort áfengisáhrifa hafi gætt í fari hans. Héraðsdómara bar og að spyrja kærða um drykkju hans kvöldið og nóttina áður en umrædd atvik gerðust.

Dómsorð:

Kærði, Bjarni Pétursson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði skal ævilangt sviptur rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3. apríl 1946.**

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Péturssyni, bifreiðarstjóra í Borgarnesi, fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og áfengislögum nr. 33 frá 1935.

Tildrög málsins eru þau, að sunnudaginn 2. september 1945 keyrði kærði Bjarni Pétursson bifreiðina M 16 úr Borgarnesi og ætlaði suður á Akranes. Farþegar í bifreiðinni hjá honum voru: Þorsteinn Helgason, Ólafur Auðunsson, Sigfús Pétursson, allir úr Borgarnesi, og 2 stúlkur frá Akranesi. Vegna aðgerða á brú hjá Ferjukoti, varð kærði að keyra upp á efri Hvítárbrú, og er komið var suður fyrir Hvítá, sá ferðafólkið, að það mundi eigi ná í söngskemmtun þá, er það ætlaði á á Akranesi, og stanzaði þá í Hvítárvallaskála og ákvað að fara í þess stað á dansskemmtun við Ölvi, er halda átti um kvöldið. Meðan stanzað var í Hvítárvallaskála, tók kærði upp brennivínsflösku, er hann hafði með sér, og bauð

fólkinu snaps, en enginn þáði hann, og var því flaskan eigi opnuð. Að skemmtistaðnum við Ölvi var komið kl. rúmlega 4 e. h. Stöðvaði kærði þar bifreiðina á mel neðan við hliðið að skemmtistaðnum. Fóru farþegarnir, er með honum voru, inn á skemmtisvæðið, en kærði ranglaði um fyrir utan hliðið. Um kl. 8 flutti kærði bifreiðina frá hliðinu og aftast í bílaröðina á melnum. Settust þá inn í bifreiðina hjá honum Kristleifur Jónsson frá Borgarnesi, Pétur Jónsson frá Varmalæk, Gunnar Jónsson, bifreiðarstjóri í Borgarnesi, og Sigfús Pétursson frá Borgarnesi, bróðir kærða. Tók kærði þá upp af nýju brennivínsflöskuna, er hann hafði með sér, og drukku þeir úr henni: kærði, Pétur og Sigfús. Viðurkennir kærði að hafa drukkið þarna 3 snapsa úr flöskunni. Segir hann, að þeir hafi drukkið niður í tæplega miðja flöskuna, og er það einnig vottað af þeim Sigfúsi og Gunnari. Meðan þeir sátu þarna í bílnum og drukku áfengi þetta, keyrði fram hjá þeim að skemmtistaðnum Bergur Arnbjörnsson bifreiðaeftirlitsmaður. Rétt á eftir keyrði kærði bifreiðina M 16 eftir melnum að hliðinu á skemmtistaðnum, og telur bifreiðaeftirlitsmaðurinn, að sú vegalengd, er kærði keyrði þá, hafi verið 150—200 metrar. Er að hliðinu kom, fór kærði út úr bílnum og fór að tala við bifreiðaeftirlitsmanninn.

Eftirlitsmaðurinn kveðst hafa séð, er kærði talaði við hann, að hann var drukkinn, og hafa fundið af honum áfengislykt. Kveðst hann þá hafa borið upp á kærða, að hann væri ölvaður, og talað um að fara með hann til Akraness og láta taka þar sýnishorn af blóði hans. Hafi kærði í fyrstu neitað, að hann væri ölvaður, en er tilrætt var um að fara með hann til Akraness, hafi hann viðurkennt ölvun sína. Kveðst eftirlitsmaðurinn þá hafa sagt, að hann skyldi hætta við Akranesferðina, ef kærði viðurkenndi það undir votta, að hann hefði verið að keyra bifreiðina M 16 ölvaður. Tilnefndi eftirlitsmaðurinn sem votta þá: Magnús Gunnlaugsson, bifreiðarstjóra frá Akranesi, Gunnar Jónsson og Sigfús Pétursson, og segir, að kærði hafi sagt, svo þeir heyrðu, að hann hefði keyrt bifreiðina ölvaður.

Síðan kærði eftirlitsmaðurinn kærða fyrir sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fyrir að hafa keyrt bifreið ölvaður.

Kærði viðurkennir, að bifreiðaeftirlitsmaðurinn hafi, er hann talaði við hann fyrir utan hliðið, borið sér á brýn, að hann væri ölvaður, og talað um að fara með sig til Akraness til blóðrannsóknar. Kveðst hann hafa sagt eftirlitsmanninum frá því, að hann hefði neytt áfengis í bílnum, og spurt, hvort eigi væri nóg, að hann viðurkenndi fyrir honum og vitnum, að hann hefði neytt áfengis, og þá viðurkenningu kveðst hann hafa gefið. Hinu neitar hann eindregið, að hafa viðurkennt að hafa keyrt bifreiðina ölvaður, enda segir hann, að fjarri lagi sé, að hann hafi verið undir áhrifum

áfengis eða ölvaður af þeim 3 snöpsum, er hann drakk í bifreiðinni. Eftir orðaskipti sín við eftirlitsmanninn kveðst kærði hafa farið inn í bifreið sína og sofið þar til kl. 3 um nóttina, að keyrt var á stað heimleiðis. Keyrði Ólafur Auðunsson bifreiðina að Seleyri, en kærði þaðan til Borgarness.

Vitnið Magnús Gunnlaugsson kveður kærða hafa lýst því yfir við bifreiðaefirlitsmanninn, að hann hefði keyrt bifreið sína ölvaður. Vitnið Gunnar Jónsson kveðst líta svo á, að kærði hafi játað fyrir bifreiðaeftirlitsmanninum að hafa keyrt ölvaður, en kveðst þó eigi þora að fullyrða, að orð hans hafi fallið á þann veg, en eigi á þann veg, að hann hafi drukkið áfengi. Loks kveðst vitnið Sigfús Pétursson hafa heyrt kærða segja við bifreiðaeftirlitsmanninn, að hann hefði drukkið áfengi, en eigi heyrt hann tala um, að hann hefði keyrt bifreiðina ölvaður.

Rétturinn verður að líta svo á, að þar sem engin áfengisákvörðun á blóði kærða fór fram og eigi er sannað, að hann hafi neytt annars áfengis en þeirra 3 snapsa, er hann játaði að hafa drukkið í bifreiðinni, verði eigi talið sannað, að hann hafi keyrt bifreið ölvaður. Hins vegar er það viðurkennt af kærða, og sannað af framburði vitna, að hann hefur neytt áfengis í bifreið sinni og keyrt bifreiðina rétt á eftir.

Kærði er fæddur $^{20}/_{3}$ 1915. Hinn $^{13}/_{10}$ 1938 var hann með dómi lögregluréttar Strandasýslu dæmdur í 100 kr. sekt og til að missa bifreiðarstjóraréttindi í 3 mánuði. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Með atferli sínu hefur kærði brotið 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún eigi er greidd. Þá ber að svipta hann rétti til að stýra bifreið í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til að greiða allan sakarkostnaðinn.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Bjarni Pétursson, bifreiðarsjóri í Borgarnesi, greiði 500 — fimm hundruð — króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 — fimm — daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur rétti til að stýra bifreið í 1 — eitt — ár frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði hann allan sakarkostnaðinn.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. maí 1947.

Nr. 22/1947. **Guðný Óskarsdóttir** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
**Ragnhildi Kristjánsdóttur**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Húsnæðismál.

**Dómur hæstaréttar.**

Kristján Kristjánsson borgarfógeti kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, er skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 27. febrúar 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. sama dag, hefur gert þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði verði hrundið og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hina umbeðnu útburðargerð. Svo krefst hann og, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í fógetarétti og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Af hálfu stefnda er þess krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Í málinu er fram komið vottorð héraðslæknisins í Reykjavík um íbúð þá í Haga, er um ræðir í málinu, dags. 12. nóv. 1946. Lýsir héraðslæknirinn þar yfir því, að skúríbúð þessi sé heilsuspillandi, einkum þó fyrir börn og gamalmenni, en á heimili stefnda eru þrjú börn á aldrinum 6—11 ára og kona sjötug að aldri.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt forsendum hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Guðný Óskarsdóttir, greiði stefnda, Ragn-

hildi Kristjánsdóttur, málskostnað í hæstarétti, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. nóvember 1946.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Óskar Halldórsson f. h. Guðnýjar Óskarsdóttur, krafizt þess, að Ragnhildur Kristjánsdóttir, Ingólfsstræti 21 A, verði með beinni fógetagerð borin út úr íbúð þeirri, er hún hefur haft á leigu í húsinu nr. 21 A við Ingólfsstræti.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Báðir hafa aðiljar krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir: Gerðarþoli hefur síðan 1939 haft hina umdeildu íbúð á leigu og býr þar nú ásamt þrem börnum sínum. Auk þess er í heimili hennar gömul kona um sjötugt, sem gætir barnanna á daginn, á meðan gerðarþoli vinnur utan heimilis.

Gerðarbeiðandi eignaðist hús það, sem hin umdeilda íbúð er í, um mánaðamótin október—nóvember 1941, og hefur átt það síðan. Mun hún aldrei hafa búið í því og er nú búsett á Siglufirði.

Með uppsögn, dagsettri 11. febrúar 1946, sagði Þóra Óskarsdóttir f. h. gerðarbeiðanda upp hinu umdeilda húsnæði frá 14. maí s. á. að telja, en bauð jafnframt fram húsnæði í Haga í staðinn. Gerðarþoli vildi ekki fallast á það, að skipta á húsnæði þessu og íbúð sinni, og varð því úr, að gerðarbeiðandi lagði ágreininginn fyrir húsaleigunefnd.

Húsaleigunefndin leit svo á, að leyfa bæri íbúðaskiptin, með því að fyrir hendi væru skilyrði þau, sem 1. gr. laga nr. 39 frá 1943 setji fyrir því, að þau séu heimil. Gerðarþoli vildi ekki heldur hlíta úrskurði nefndarinnar, og var málið lagt undir úrskurð fógetaréttarins, sem varð á þá lund, að svo mikill munur væri á hinni umdeildu íbúð og húsnæðinu í Haga, að ekki væri hægt að telja það koma að sömu eða svipuðum notum fyrir gerðarþola. Var því neitað um framkvæmd útburðar á gerðarþola.

Með uppsögn, dags. 28. júní 1946, sagði nefnd Þóra gerðarþola aftur upp hinni umdeildu íbúð frá 1. október s. á.

Uppsögnin var lögð fyrir húsaleigunefnd, sem úrskurðaði gerðarþola aftur til að hafa skipti á íbúðum þeim, sem áður greinir.

Hinn 30. október s. l. sneri Óskar Halldórsson f. h. gerðarbeiðanda sér til fógetaréttarins, þar sem gerðarþoli vildi ekki enn hlíta úrskurði húsaleigunefndar.

Kröfu sína um útburð byggði gerðarbeiðandi í upphafi máls þessa eingöngu á úrskurði húsaleigunefndar á rskj. nr. 2, en á síðara stigi málsins rökstuddi hann kröfu sína einnig með því, að hin

auða íbúð á efri hæð hússins lægi undir skemmdum vegna þrásetu gerðarþola, svo og húsið allt.

Gerðarþoli byggir hins vegar einkum mótmæli sín á því, að hin umdeilda íbúð og íbúðin vestur í Haga komi sér ekki að sömu eða svipuðum notum vegna þess, að þær séu alls ekki sambærilegar, hvað gæði, legu í bænum og aðra aðstöðu snertir, enda telur hann, að fógetarétturinn hafi nú þegar skorið úr um þetta, þar sem íbúðin í Haga hafi ekki verið endurbætt að neinu verulegu leyti, síðan úrskurður hans féll s. l. sumar.

Þá telur gerðarþoli gerðarbeiðanda enga þörf hafa fyrir hina umdeildu íbúð, þar sem hún sé búsett á Siglufirði og muni ekki hafa í hyggju að flytja hingað til bæjarins. Sömuleiðis hefur gerðarþoli sérstaklega mótmælt því, að nokkur þörf sé á, að hún rými hina umdeildu íbúð vegna viðgerða á húsinu.

Rétturinn verður að fallast á þá skoðun gerðarþola, að umbætur þær, sem gerðar hafa verið á húsnæðinu í Haga, séu ekki svo verulegar, að nefnt húsnæði verði talið koma gerðarþola að sömu eða svipuðum notum og íbúðin í Ingólfsstræti 21 A fremur nú en í sumar, er rétturinn úrskurðaði um þetta atriði.

Eins og áður segir, byggir gerðarbeiðandi útburðarkröfu sína einnig á því, að húsið nr. 21 A við Ingólfsstræti liggi undir skemmdum, og virðist hann telja, að viðgerð verði ekki framkvæmd, nema gerðarþoli rými íbúð sína. Til stuðnings þessari málsástæðu hafa verið lögð fram vottorð, rskj. nr. 5 og 9. Rskj. nr. 9 hefur verið mótmælt sem óstaðfestu og þeim báðum sem röngum og þýðingarlausum.

Það þykir ekki sannað, að óhjákvæmilegt sé, að hin umdeilda íbúð verði rýmd vegna viðgerðar á húsinu, enda styður ekkert annað þá niðurstöðu en áðurnefnd vottorð, sem þó kveða ekki fastar að orði en það, að æskilegt sé, að neðri hæðin verði rýmd, meðan á verkinu stendur.

Rétturinn telur því, að synja beri um hina umbeðnu gerð, og þykir eftir þessum úrslitum hæfilegt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 250.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi, Guðný Óskarsdóttir, Siglufirði, greiði gerðarþola, Ragnhildi Kristjánsdóttur, Ingólfsstræti 21 A, kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. maí 1947.

Kærumálið nr. 8/1947. **Magnús Thorlacius**
gegn
**Snæbirni Guðmundssyni.**

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Ágreiningur um þóknun málflutningsmanns.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 12. marz þ. á., sem hingað barst 21. f. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 12. marz þ. á., í máli sóknaraðilja á hendur varnaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, að því er varðar frávísun kröfu sóknaraðilja til málflutningslauna, og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Ágreiningur aðilja var borinn undir stjórn Lögmannafélags Íslands, án þess að sóknaraðili væri fyrir hana kvaddur eða honum gefinn kostur á því að lýsa þar horfi sínu til málsins. Voru þegar af þessari ástæðu ekki við höfðun málsins í héraði skilyrði fyrir hendi til að meina sóknaraðilja að leita dómhelgi á kröfu sinni fyrir héraðsdómi.

Samkvæmt þessu ber að fella úrskurðinn úr gildi, að því leyti sem hann er kærður.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Úrskurður héraðsdómara er úr gildi felldur, að því leyti sem hann er kærður.

Varnaraðili, Snæbjörn Guðmundsson, greiði sóknaraðilja, Magnúsi Thorlacius, kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1947.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 3. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. nóv. f. á., gegn Snæbirni Guðmundssyni, bónda að Gjábakka í Þingvallasveit, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 8407.85 með 6% ársvöxtum frá 21. marz 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, en *til vara*, að hann verði sýknaður að svo stöddu. Til *þrautavara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna og hefur stefnandi krafizt þess, að henni verði hrundið og stefnda gert að greiða sér málskostnað að mati dómarans í þessum hluta málsins.

Málsatvik eru þau, að á s. l. ári flutti stefnandi af hálfu stefnda fyrir yfirmatsnefnd málið Snæbjörn Guðmundsson gegn þingvallanefnd f. h. ríkissjóðs. Telur stefnandi, að stefndi skuldi sér vegna flutnings máls þessa hina um stefndu fjárhæð, og eru þar í falin bæði útlögð gjöld, kr. 57.85, og málflutningsþóknun, kr. 8350.00. Stefnandi virðist hafa krafið stefnda um greiðslu á skuld þessari í marzmánuði f. á. *Þann 23. marz 1946* ritar umboðsmaður stefnda „stjórn Félags hæstaréttarmálaflutningsmanna“ bréf, þar sem hann óskar umsagnar stjórnarinnar um, hvaða þóknun sé sanngjörn fyrir greind störf stefnanda. Stjórn Lögmannafélags Íslands virðist hafa fengið bréf þetta. *Þann 1. júlí f. á.* ritar stefnandi gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands bréf og óskar þar álits hennar um nefnda málflutningsþóknun. Af bréfi þessu er ljóst, að stefnandi hefur þá kynnt sér áðurgreint bréf umboðsmanns stefnda. Ekki verður séð, að stjórn Lögmannafélags Íslands né gjaldskrárnefnd félagsins hafi nokkuð aðhafzt í málinu fyrr en 14. október s. l., að stjórnin heldur fund. Fund þenna sóttu formaður félagsins, ritari, varaformaður og gjaldskrárnefnd félagsins. Var rætt um áðurgreint bréf umboðsmanns stefnda svo og bréf stefnanda til gjaldskrárnefndar. Stefnandi var ekki staddur á fundi þessum og mun ekki hafa verið þangað boðaður. Þar var eigi heldur umboðsmaður stefnda. Á fundi þessum var, að fengnu samþykki umboðsmanns stefnda, frestað að afgreiða mál þetta af stjórnarinnar hálfu, unz fyrir lægi umsögn gjaldskrárnefndar. — Ekki verður séð, að stjórn né gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands hafi síðar neitt gert í máli þessu.

Frávísunarkröfu sína í máli þessu byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að samkvæmt ákvæðum 2. málsliðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61 frá 1942 um málflytjendur, sbr. 2. mgr. 4. gr. samþykkta Lögmannafélags Íslands, hafi stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, enda sé ágreiningur undir stjórnina borinn. Ágreiningur sá, er hér um ræðir, hafi verið borinn undir stjórn félagsins af umboðsmanni stefnda, og stefnandi hafi leitað álits gjaldskrárnefndar félagsins um deiluatriðið. Telur stefndi, að þar sem leitað hafi verið úrskurðar stjórnar lögmannafélagsins um kröfu stefnanda, eigi hún ein úrskurðarvald um hana, en bæjarþingið geti ekki um hana fjallað, þar sem það sé í þessu tilviki hliðsettur dómstóll, sbr. ákvæði 4 mgr. 8. gr. laganna um málfytjendur. Beri því að vísa máli þessu frá bæjarþinginu.

Í öðru lagi virðist stefndi byggja frávísunarkröfu sína á því, að stefnandi hafi bundið sig til að hlíta úrskurði gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands um fjárhæð kröfunnar með því að snúa sér til nefndarinnar. Krafan sé því ekki til orðin og beri að vísa henni frá dómi samkvæmt 69. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Kröfu sína um, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, byggir stefnandi að þessu leyti á því, að bæjarþingið sé bært að dæma um kröfu þessa, þar sem stjórn Lögmannafélagsins hafi ekki úrskurðað í máli þessu. Hefur stefnandi í því sambandi talið, að ákvarðanir fundar þess, sem haldinn var 14. okt. s. l., séu á engan hátt bindandi fyrir sig, þar sem sér hafi ekki verið gefinn kostur á að mæta þar og skýra málið af sinni hálfu. Kveðst stefnandi ekki hafa fengið vitneskju um fund þenna, fyrr en eftir að stefnan hafði verið gefin út í máli þessu. Þá hefur stefnandi borið brigður á, að greindur stjórnarfundur hafi verið lögmætur, þar sem einn stjórnarmanna hafi ekki sótt fund, en varaformaður félagsins hafi ekki getað komið í hans stað. Loks hefur stefnandi bent á, að í stefnukröfunni séu talin útlögð gjöld í yfirmatsnefndarmálinu, kr. 57.85, en ekki komi til greina, að stjórn Lögmannafélagsins hafi úrskurðarvald um þá kröfu. Stefnandi kveðst ekki hafa leitað álits um málflutningsþóknun til stjórnar Lögmannafélagsins, heldur til gjaldskrárnefndar þess, samkvæmt heimild í 1. mgr. 11. gr. samþykkta félagsins. Þegar honum barst ekkert svar, hafi hann ekki sinnt því frekar og höfðað því mál þetta.

Í 2. málslið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61 frá 1942 um málfytjendur segir svo: „Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana.“ Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 8. gr. sömu laga sæta slíkir úrskurðir félagsstjórnarinnar kæru samkvæmt ákvæðum 199. gr. laga nr. 85 frá 1936. Þegar þess er gætt, að umboðsmaður stefnda var ólöglærður, verður að telja, þrátt fyrir orðalag bréfsins frá

25. marz 1946, að krafa stefnanda um greinda málflutningsþóknun hafi með bréfi þessu verið borin undir stjórn Lögmannafélagsins til úrskurðar. Þar sem krafan hefur þannig verið lögð undir úrskurðarvald félagsstjórnarinnar, verður ekki, samkvæmt nefndu lagaákvæði, um hana dæmt á bæjarþinginu. Ber því að vísa kröfu stefnanda um málflutningsþóknun, kr. 8350.00, frá dómi. Hins vegar verður ekki talið, að stjórn Lögmannafélags Íslands hafi úrskurðarvald um endurgreiðslukröfur vegna útlagðra gjalda við málflutningsstörf. Verður því frávísunarkröfunni hrundið, að því er varðar þann hluta kröfu stefnanda, enda verður ekki séð, að 69. gr. einkamálalaganna komi hér til álita.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindri kröfu stefnanda um málflutningsþóknun er vísað frá dómi. Að öðru leyti skal mál þetta dæmt að efni til.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

---

Mánudaginn 12. maí 1947.

Nr. 16/1946. **Réttvísin** (Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

**Kristjáni Friðrik Guðmundssyni**

(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

**Setudómari próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Fjársvik.

## Dómur hæstaréttar.

Verjandi ákærða hér fyrir dómi hefur nú boðið fram fyrir hönd ákærða kr. 1087.00, þ. e. andvirði tveggja gyltna, kr. 337.00, og hálft andvirði 15 grísa, kr. 750.00, en hinn helmingur af andvirði grísanna átti að falla í hlut ákærða samkvæmt samningi hans við Helga og Kristján Zoëga. Þar sem ákærði dró sér andvirði framangreindra dýra, sem hann átti ekki, gerðist hann brotlegur við 247. gr. laga nr. 19/1940, en með hliðsjón af 8. tl. 74. gr. sömu laga þykir

rétt að færa refsingu hans niður í 700 króna sekt, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Friðrik Guðmundsson, greiði 700 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. október 1945.**

Ár 1945, miðvikudaginn 31. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2877/1945: Réttvísin gegn Kristjáni Friðrik Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 2. október sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Kristjáni Friðrik Guðmundssyni verzlunarmanni, Skólavörðuholti 119, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. júní 1909, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Með bréfi, dagsettu 28. nóvember 1944, kærðu bræðurnir Kristján Zoëga stórkaupmaður, Kaplaskjólsvegi 3, og Helgi Zoëga kaupmaður, Bárugötu 9, ákærða fyrir sviksemi í ráðstöfun svína, er þeir áttu á fóðrum hjá honum.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dagsettum 11. maí 1943, keyptu kærendur 5 sjö mánaða gamlar gyltur af ákærða og Eiríki Kúld Sigurðssyni bifreiðarstjóra, Eskihlíð A, þá á Sólstöðum við

Ásveg, og höfðu þær verið sameign seljenda. Var kaupverðið greitt strax að fullu. Seljendur tóku að sér að „hýsa, passa og fóðra" gylturnar í allt að tvö ár gegn því að fá helming alls arðs af þeim, á meðan þær væru í þeirra umsjá. Ákærði heldur því fram, að fóðrunarloforðið hafi verið miðað við það, að svínin yrðu alin á matarleifum frá setuliðinu, eins og áður hafði verið gert. Þessu neita kærendur og halda því fram, að fóðrunarloforðið hafi ekki verið takmarkað við neitt sérstakt fóður, og annar seljendanna, Eiríkur Kúld Sigurðsson, heldur því fram, að fóðrunarloforðið hafi verið fyrirvaralaust og ekki bundið því skilyrði, að fóður fengist af matarleifum setuliðsins. Ekki er neins skilyrðis um fóðrið getið í samningnum, og verður því að ætla, að staðhæfing ákærða um þetta sé eigi rétt, þó að hann hafi ef til vill ætlað að nota matarleifar setuliðsins handa svínunum.

Sumarið 1943 kom upp veiki í svínabúi ákærða, og stafaði hún af eitrun í matarleifum setuliðsins. Nokkur svín drápust, en þó ekkert af gyltum kærenda. Ákærði varð nú að fóðra svínin á mjöli og öðru dýru fóðri, og tilkynnti hann kærendum þetta, og segir hann þá hafa fallizt á að greiða aukakostnað af hinu dýrara fóðri, og hafi Helgi greitt sér kr. 500.00 í þessu skyni. Kærendur bera hins vegar, að þeir hafi ekki samþykkt að greiða neinn aukakostnað og hafa haldið því fram, að kærði yrði að bera áhættuna af auknum fóðurkostnaði. Helgi staðhæfir, að þær kr. 500.00, sem hann afhenti kærða, hafi einungis verið lán til kærða vegna fjárhagsvandræða hans. Vitni voru engin að afhendingu peninga þessara, og ekki hefur komið fram, að neitt skriflegt hafi verið um hana gert.

Haustið 1943 slitu ákærði og Eiríkur Kúld Sigurðsson sameign sinni á svínabúinu, og tók þá ákærði að sér að sjá að öllu leyti um svín kærenda, sem þá lifðu öll.

Í áðurnefndri kæru þeirra bræðra er sagt, að þeir hafi frétt, að ákærði hefði selt allar gylturnar án þess að láta þá vita og tekið til sín andvirði þeirra. Hafi málflutningsmaður þeirra, hrl. Sigurgeir Sigurjónsson, þá nýlega átt tal við ákærða um þessi viðskipti, og hafi hann þá neitað að láta af hendi andvirði svínanna. Um þetta hefur ákærði gefið þá skýrslu, að ein gyltan hafi drepizt úr kaldadrepi nokkuð löngu eftir að farið var að fóðra með dýrara fóðrinu, sem áður segir. Hafi kærendum verið tilkynnt þetta, en þeir ekki óskað að sjá skrokkinn, sem var einskis virði. Þetta er viðurkennt af kærendum. Gyltu, sem fékk fótarmein, var slátrað með samþykki Kristjáns, og fékk Helgi skrokk hennar. Þriðju gyltunni var slátrað haustið 1944 með samþykki Kristjáns, og fékk hann andvirði skrokks hennar, rúmar kr. 300.00. Frásögn ákærða um endalok þessara þriggja gyltna er viðurkennd af kærendum, og er kæran því eigi á rökum reist varðandi þær.

Tveimur síðustu gyltum kærenda slátraði ákærði 8. september

1944, og var andvirði þeirra, að frádregnum kostnaði, kr. 337.00, að ákærða sögn, og hefur hann haldið því sökum þess, að hann segir, að kærendur hafi eigi fengizt til að gera upp við hann áðurnefndan aukinn kostnað við fóðrun svínanna. Kærendur höfðu ekki samþykkt slátrun gyltna þessara, heldur vísað ákærða til hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar, er hann ræddi við þá um þær. Ákærði ræddi þá við Sigurgeir um þetta, og skýrir ákærði svo frá, að Sigurgeir hafi viljað láta ákærða auglýsa gylturnar ásamt grísum þeirra til sölu. Ákærði gerði þetta, og seldust grísirnir, en gylturnar ekki. Ekki segir hann um það hafa verið talað sérstaklega, að ákærði talaði við kærendur eða Sigurgeir um sölu svínanna eða að þeir fengju andvirði þeirra, en hann gerir ráð fyrir, að þeir hafi búizt við því.

Hæstaréttarlögmaðurinn ber, að ákærði hafi talað um það við sig, að hann þyrfti að losna við hinar tvær gyltur kærenda og grísi þeirra, sem hann man eigi, hve margir voru, og kveðst lögmaðurinn hafa svarað því til, að rétt mundi vera að auglýsa svínin til sölu, en kveðst um leið hafa tekið skýrt fram, að ákærði mætti ekki selja svínin, fyrr en hann hefði talað við sig, og heldur ekki taka við andvirði þeirra. Nokkru síðar hitti hann ákærða, sem sagðist þá hafa selt svínin og hafa andvirði þeirra í sínum vörzlum, og er lögmaðurinn sagði honum, að honum bæri skylda til að afhenda það, neitaði hann því algerlega.

Meðan gyltur kærenda voru í vörzlum ákærða, áttu þær marga grísa, en samkvæmt skýrslu ákærða, sem eigi er hrakin, drápust þeir allir nema 15. Þá grísi seldi ákærði fyrir samtals kr. 1500.00, sem hann neitar að afhenda kærendum, fyrr en þeir geri upp við hann aukakostnaðinn við fóðrunina.

Með tilliti til þess, sem áður er sagt um fóðrunarsamninginn, þykir ákærða eigi hafa verið heimilt að halda andvirði hinna tveggja gyltna og þeim hluta andvirðis grísanna, sem í þeirra hlut átti að koma samkvæmt samningnum.

Þykir ákærði með þessu hafa gerzt brotlegur við 247. gr. 1. mgr. hegningarlaganna og refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla, að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga haldin. Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. sömu laga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Friðrik Guðmundsson, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla, að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI.kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin. Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 12. maí 1947.

Nr. 107/1946. **Sveinbjörn Sigurðsson** (Sjálfur)
gegn
**Einari Guðmundssyni** (Enginn).

**Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Landamerkjamál.

## Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. ágúst f. á., gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað til landamerkjadóms aftur til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Svo krefst áfrýjandi og, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi stefnda var komið fyrir hæstarétt við þingfestingu máls þessa, og þá tóku aðiljar frest, en er málið síðar var tekið til meðferðar í hæstarétti, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda, og hefur málið því verið rekið skriflega og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum, sbr. 38. gr. laga nr. 112/1935.

Áður en dómur gekk í máli þessu í héraði, hefði þurft að gera nákvæman uppdrátt af landi Hólabrekku, og þá eink-

um af þrætulandinu og tilgreina á honum stærð landspildnanna. Þá hefði og þurft að afla glöggrar greinargerðar og sannana um meðferð ábúenda Hólabrekku á þrætulandinu, hversu þeir hafa notað það og um ræktun þá, er þeir kunna að hafa framkvæmt á því.

Enn hefði verið nauðsynlegt að afla rækilegri skýrslna um það, hvort þurrabúðarlóð Hólabrekku, sem úthlutað var 1914 úr Kirkjubólslandi, var innifalin í þeim 12 dagsláttum, er seldar voru úr landi Ásgarðs árið 1927. Rétt hefði verið að leggja fram í málinu veðskuldarbréf það, þar sem Búnaðarbanka Íslands var veittur veðréttur í Ásgarði, en bréf þetta var grundvöllur uppboðs þess, er Búnaðarbankinn keypti Ásgarð á.

Þar sem faðir stefnda, sem er ólögfróður maður, kom fyrir landamerkjadóminn af hendi stefnda, þá bar formanni dómsins samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 að leiðbeina honum um öflun skýrslna. Þetta gerði dómsformaður ekki. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða landamerkjadóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Samkvæmt þessum úrslitum fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

**Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 24. maí 1946.**

Ár 1946, laugardaginn 24. maí, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í réttarsal embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnum Gunnlaugi Jósepssyni og Birni Finnbogasyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var í dag.

Með tilkynningu til dómsins, 9. apríl s. l., hefur sækjandinn, Sveinbjörn Sigurðsson, Ásgarði, Miðneshreppi, óskað, að mál þetta yrði höfðað gegn núverandi eiganda Hólabrekku, sama

hreppi, Einari Guðmundssyni, og gerir sækjandinn þær kröfur, að landamerki jarðarinnar Hólabrekku verði ákveðin eftir afsali Ólafs Guðlaugssonar á jörð þessari til Jónasar Bjarnasonar, dags. 30. nóv. 1927 (rskj. 9). Enn fremur gerir hann kröfu til, að sér verði tildæmdur málskostnaður.

Með verjanda málsins hefur mætt sem meðalgöngumaður Jónas Bjarnason, fyrrv. eigandi Hólabrekku, en hann seldi núverandi eiganda jörð þessa 5. júní 1945.

Af hálfu Hólabrekku hefur verið krafizt, að girðingar, eins og nú eru þær, yrðu látnar ráða, og hefur meðalgöngumaður krafizt sér tildæmdan málskostnað.

Sáttatilraun var árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Árið 1925 fluttist Jónas Bjarnason að Hólabrekku í Miðneshreppi. Fékk hann til að byrja með 4 dagsláttur lands hjá þáverandi eiganda og ábúanda Ásgarðs, Ólafi Guðlaugssyni. Árið 1927 keypti Jónas af Ólafi 12 dagsláttur og fékk afsal fyrir því 30. nóv. 1927.

Eru þar landamerki tiltekin, sem sækjandi máls þessa gerir kröfu til að látin verði ráða milli Hólabrekku og Ásgarðs.

Þegar Jónas ætlaði að fara að girða landið, segir hann, að sér hafi ekki líkað, hvernig Ólafur úthlutaði því, þar sem vinkilbeygja hefði orðið þar á girðingunni, og hann hefði þá farið fram á við Ólaf að fá beina línu milli jarðanna. Varð Ólafur við þessari bón Jónasar og lét hann fá viðbótarland, sem í máli þessu er talið vera um 3 dagsláttur að stærð, en það er sá landskiki, sem ágreiningurinn í málinu snýst um.

Þar sem land þetta hefði verið opin sandflög að neðanverðu, telja þeir Jónas og Ólafur, að hætta hefði getað af stafað vegna uppblásturs og sandfoks á efra landið, og því hefði síðarnefndi látið það til ræktunar. Segja þeir, að girðing hefði þá strax verið sett þarna milli Ásgarðs og Hólabrekku, þar sem hún stendur enn í dag. En sækjandinn, Sveinbjörn Sigurðsson, segir, að girðingin hafi að vísu verið komin þarna, þegar hann flutti að Ásgarði með föður sínum 1930, en minnir, eftir því sem honum hefur verið sagt, sett upp á því ári.

Vegna þessara breytinga á stærð landsins, sem gerð var eftir að afsal hafði farið fram, komu þeir sér saman um það, Jónas og Ólafur, að útbúa nýja landamerkjaskrá, sem dagsett er 1. jan. 1928.

Í sumum afritum skrárinnar (en frumritið hefur eigi komið fram) er ártalið 1938, en þeir halda báðir fram, að það sé rangt í staðinn fyrir 1928.

Með afsali, dagsettu 29. apríl 1930, selur Ólafur Guðlaugsson Ásgarð Sigurði Kristjánssyni, föður sækjanda. Um landamerki er sagt, að þau séu ágreiningslaus, en ekki tiltekið nánar, hver þau séu.

Á uppboði, sem fram fór 1. júlí 1933, var jörðin Ásgarður seld

samkvæmt kröfu Landsbanka Íslands, en með gerð, dags. 5. s. m., er Búnaðarbanka Íslands útlögð jarðeign þessi sem ófullnægðum veðhafa. Er þar ekkert getið um landamerki, en jörðin er útlögð með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber.

Sigurður bjó þó áfram á jörðinni, en með afsali, dags. 6. júlí 1937, selur Búnaðarbankinn sækjanda þessa máls, Sveinbirni Sigurðssyni, jörðina Ásgarð, og er hann eigandi hennar nú.

Það verður ekki séð, að neinn ágreiningur hafi verið um landamerki Hólabrekku og Ásgarðs, fyrr en þetta mál er höfðað.

Með afsali, dags. 5. júní 1945, selur Jónas Bjarnason Hólabrekku Einari Guðmundssyni. Segir þar, að landið sé 12 dagsláttur að stærð. Það sé afgirt og ráði girðingar landamerkjum.

Nú heldur sækjandinn því fram, að Ólafur Guðlaugsson hefði ekki haft heimild til að láta Jónas Bjarnason fá hið umdeilda viðbótarland, því að það hafi þá verið veðsett Búnaðarbankanum, auk þess hafi ekkert afsal eða skriflegur gerningur farið fram.

Gegn þessu heldur verjandi fram, að girðingin sé búin að standa á þessum stað í tíð allra eigenda Ásgarðs frá Ólafi Guðlaugssyni til sækjanda ágreiningslaust af þeirra hálfu, en eigandi Hólabrekku alla tíð skoðað þrætulandið óátalið sína eign og nytjað það. Þegar salan á Hólabrekku fór fram í fyrravor, voru þar staddir Þorlákur Benediktsson og Guðmundur Einarsson.

Hafa þeir borið og staðfest þann framburð sinn með eiði, að meðan beðið var eftir Jónasi Bjarnasyni til undirskrifta, hafi Þorlákur sagt, að sjálfsagt væri að spyrja næstu nágranna, hvort ágreiningur væri um landamerkin. Kallaði vitnið á Sveinbjörn Siðurðsson, sem þarna var staddur, og gekk hann með þeim vitnum og aðiljum þessa máls að suðurgirðingunni milli Hólabrekku og Ásgarðs. Benti vitnið með girðingunni, og gerði Sveinbjörn engar athugasemdir við, að girðingar væru á réttum landamerkjum, og eins fóru þeir að norðurgirðingunni, og gerði hann ekki heldur athugasemd við hana. Að vísu kveðst Sveinbjörn hafa sagt, að Hólabrekka hefði meira en 12 dagsláttur innan sinnar girðingar, en ekki töldu vitnin sig hafa heyrt það, þó að Þorlákur teldi, að það gæti verið.

Landamerkjadómurinn lítur svo á, að afhending Ólafs Guðlaugssonar á hinu umþráttaða landsvæði verði að teljast lögformleg, að því athuguðu, að Búnaðarbankinn sem veðhafi hefði getað upphaflega mótmælt, að veðið yrði rýrt, en óbeinlínis leggur á samþykki sitt, þar sem hann eignaðist og á Ásgarð í mörg ár á eftir, en allan þann tíma er land þetta innan girðingar Hólabrekku og nytjað af eiganda hennar óátalið af eiganda Ásgarðs. Hins vegar má benda á, að land þetta var, þegar það er lagt undir Hólabrekku, svo verðlítið, að það gæti engu skipt fyrir veðhafa, þó það væri tekið frá Ásgarði.

Þegar sækjandi þessa máls kaupir landið af bankanum, er honum

allra manna kunnugast um landamerki Ásgarðs, þar sem hann hefur átt þar heima í ein átta ár, og getur hann þá ekki reiknað með að fá í kaupunum land, sem er innan girðingar Hólabrekku og verið alla tíð nytjað af eiganda hennar. Hefði hann þá ætlað að heimta landið undir Ásgarð aftur eða vitað um ágreining um landamerki, bar honum að gera fyrirvara um það, ef hann hugsaði sér síðar að byggja einhvern rétt á því.

Af þessu og öðru, sem upplýst er í málinu, virðist augljóst, að landamerki milli Ásgarðs og Hólabrekku hafa verið ágreiningslaus af hálfu eigenda þessara jarða fram að því, að þetta mál er höfðað.

Með skírskotun til þess, sem hér er ritað að framan, verður niðurstaða réttarins sú, að landamerki milli Ásgarðs og Hólabrekku skuli vera, eins og girðingin hefur staðið, þannig að hið umdeilda landsvæði verði áfram innan girðingar Hólabrekkulands og tilheyri þeirri jörð.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að þóknun til dómara og ferðakostnaður, kr. 800.00, greiðist af stefnanda.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli Ásgarðs og Hólabrekku skal vera girðing sú, sem þar stendur nú, þannig að þrætulandið, ca. 3 dagsláttur, sé innan Hólabrekkulands.

Þóknun til dómara, kr. 800.00, greiðist af sækjanda, Sveinbirni Sigurðssyni, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

---

Föstudaginn 16. maí 1947.

Nr. 132/1946. **Fiskimjöl h/f** (Hrl. Theódór B. Líndal)
gegn
**Fiskimjöl Njarðvík h/f**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

**Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Ágreiningur um firmanafn.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 23. sept. f. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. október

f. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt óheimilt að nota firmanafnið Fiskimjöl Njarðvík, og honum dæmt skylt að viðlögðum 200 króna dagsektum að strika nafn þetta úr hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Orðið fiskimjöl hefur verið notað í lögum sem vöruheiti, áður en áfrýjandi tók þetta orð upp sem firmanafn, sbr. 1. gr. laga nr. 15/1929. Samkvæmt þessu og þar sem orðið fiskimjöl er almennt vöruheiti og firmanafn áfrýjanda hefur því ekki í sér fólgin nægileg sérkenni, þykir krafa hans ekki verða tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskimjöl h/f, greiði stefnda, Fiskimjöl Njarðvík h/f, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. apríl 1946.**

Ár 1946, miðvikudaginn 10. apríl, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af setudómara Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómendum þeim Sigurði Guðnasyni innheimtumanni og Birni Helgasyni skipstjóra, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 5. apríl síðastliðinn.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, dags. 25. janúar s. l., af Fiskimjöl h/f í Reykjavík gegn Fiskimjöl Njarðvík h/f, Njarðvíkurhreppi, Gullbringusýslu, og gerir stefnandinn þær kröfur, að hinu stefnda hlutafélagi verði talið óheimilt að nota nafnið „Fiskimjöl Njarðvík“ og það skyldað til þess, að viðlögðum 200 króna dagsektum, að láta

má nafnið úr hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu, og því gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefnt hlutafélag hefur mótmælt öllum kröfum stefnandans og krafizt sýknu og sér dæmdan hæfilegan málskostnað.

Málavextir eru þessir:

Þann 1. marz 1930 var tilkynnt til hlutafélagaskrár Reykjavíkur hlutafélagið „Fiskimjöl". Hefur félag þetta síðan starfað að vinnslu fiskimjöls og hefur einkum keypt hráefni úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá verstöðvum suður með sjó. Stefnandinn heldur því fram, að félag hans hafi verið fyrst til þess hér á landi að framleiða fiskimjöl í stórum stil, og nafnið hafi verið nýyrði, er félagið tók það upp.

Félagið hefur nú starfað í þessari grein um 15 ára skeið, haft mikil viðskipti, bæði utan lands og innan, og er þekkt um land allt undir þessu nafni.

Á aðalfundi H/f Hraðfrystihúss Flateyrar 1943 var sú breyting gerð á lögum og stofnsamningi félagsins, að heiti þess varð: Fiskimjöl Njarðvík h/f, heimili þess og varnarþing Innri-Njarðvík, Gullbringusýslu, í stað Flateyrar áður, og sá tilgangur þess að reka hraðfrystihús, fiskiðnað og aðra starfsemi í því sambandi ekki lengur bundinn við Flateyri, heldur óháður öllum staðartakmörkunum.

Tilkynning þessa efnis, dags. 11. des. 1943, til hlutafélagaskrár Ísafjarðarsýslu er birt í Lögbirtingablaðinu 21. jan. 1944, og í Lögbirtingablaðinu 28. apríl s. á. er birt tilkynning til hlutafélagaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu um stjórnarkosningu á framhaldsaðalfundi í Fiskimjöl Njarðvík h/f, Innri-Njarðvík, sem haldinn var 21. apríl s. á., en síðan var félagið tilkynnt og skrásett í hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu $^{31}/_{12}$ 1944.

Hlutafélagið „Fiskimjöl Njarðvík" rekur fiskimjölsverksmiðju í Innri-Njarðvík og framleiðir fiskimjöl úr fiskúrgangi.

Það er þannig viðurkennt í málinu, að báðir aðiljar þess framleiða fiskimjöl úr fiskúrgangi, sem þeir fá að miklu leyti á sömu slóðum, en önnur verksmiðjan er í Reykjavík, en hin í Innri-Njarðvík, Njarðvíkurhreppi.

Stefnandinn heldur því fram, að hann hafi öðlazt einkarétt á heitinu „Fiskimjöl" með notkun sinni á því undanfarin 15 ár og löglegri skrásetningu á því. Stefndu félagi sé með öllu óheimilt að nota það, eins og það geri, og slík notkun brjóti í bága við 10. gr. l. nr. 42/1903 svo og l. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, því að nöfnin séu svo lík, að hætta sé á, að þeim verði brenglað saman. Slíkur ruglingur hafi átt sér stað, enda sé sérstök hætta á, að nöfnunum verði ruglað saman, þar sem félögin starfi bæði í sömu atvinnugrein og að nokkru leyti á sömu slóðum.

Á hinn bóginn heldur stefndi því fram, að heiti stefnandans njóti ekki réttarverndar samkvæmt firmalögunum frá 1903, þar sem félögin séu ekki í sama hreppi. Og réttarvernd samkvæmt lögum

84/1933 komi ekki heldur til greina, þar sem nöfnin séu ekki svo lík, að það geti komið að sök.

Að lokum heldur stefndi því fram, að nafn félagsins hafi verið skráð athugasemdalaust í hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu, og þegar af þeirri ástæðu sé félaginu heimil notkun þess, sbr. 3. gr. firmalaganna.

Áður en farið er út í að meta málsástæður og rök aðilja, skal vikið að hinni almennu hlið málsins.

Heitið Fiskimjöl er nú hið almenna orð málsins um þá vörutegund, eins konar „mjöl" framleitt úr fiskúrgangi. Það kann að vera rétt, að heitið „fiskimjöl" hafi verið nýyrði í málinu eða a. m. k. mjög lítið notað, er stefnandinn tók það 1930, sem nafn hlutafélagsins. En nú er það alþekkt heiti á umræddri vörutegund, svo almennt er ekki notað né þekkt í málinu annað orð um þá vöru sérstaklega.

Ef réttmætt væri að veita einkarétt um notkun slíkra almennra vöruheita, væri þeim, er hann hlyti, þar með gefin forréttindi um að njóta þess hagræðis, er merking orðanna felur í sér, og það sumpart á annarra kostnað.

Dómurinn er því þeirrar skoðunar, að óheimilt sé að veita slíkan einkarétt um notkun á almennu heiti vörutegundar, og telur það ekki geta samrýmst eðlilegum og sjálfsögðum rétti til notkunar almennra orða málsins.

Fyrir því ber, þegar af þessari ástæðu, að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnandans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Fiskimjöl Njarðvík h/f, er sýkn af öllum kröfum stefnandans, Fiskimjöls h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 17. maí 1947.

Nr. 96/1946. **Magnús Benediktsson** (Hrl. Sigurður Ólason)
gegn
**Daníel Magnússyni, Magnúsi Magnússyni og Málmhildi Magnúsdóttur**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Landamerkjamál. Ómerking héraðsdóms.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. júlí f. á., krefst þess, að landamerkjadómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann þess og, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Mál þetta varðar umferðarrétt um land og á því að sæta meðferð samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919.

Stefndu kröfðust þess m. a. fyrir héraðsdómi, að þeim væri heimiluð óhindruð umferð um „veg þann, sem liggur ofan af þjóðbraut meðfram Vallárlæk til sjávar". Vettvangsdómurinn gekk fram hjá þessari kröfu, en dæmdi stefndu „rétt til vegarstæðis" um tún áfrýjanda hinum megin við Vallárlæk.

Þar sem svo miklir annmarkar eru á meðferð málsins í héraði, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm, að því leyti, sem hann varðar efni málsins, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndu greiði in solidum áfrýjanda kr. 900.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að rétt hefði verið að marka á uppdrátt veg þann, sem krafa er gerð til umferðar um.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, að því leyti sem sakarefni hefur ekki verið vísað frá dómi, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndu, Daníel Magnússon, Magnús Magnússon og Málmhildur Magnúsdóttir, greiði in solidum áfrýjanda, Magnúsi Benediktssyni, kr. 900.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. maí 1946.**

Ár 1946, 20. maí, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var að Klébergi af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, sem formanni dómsins, og meðdómendum Gesti Andréssyni og Jónasi Magnússyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 30. apríl síðastliðinn.

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, birtri 23. júní f. á., af Daníel Magnússyni, bónda að Hofi á Kjalarnesi, f. h. eigenda jarðarinnar Lykkju, sama hreppi, gegn Magnúsi Benediktssyni, Vallá, Kjalarneshreppi, til viðurkenningar á rétti eigenda Lykkju til óhindraðrar umferðar um veg þann, sem liggur ofan af þjóðbraut meðfram Vallárlæk til sjávar.

Var mál þetta þingfest á aukadómþingi 29. júní s. l. að Klébergi á Kjalarnesi, og frestur tekinn til 18. september. Síðan var málið samkvæmt ákvörðun dómarans flutt í landamerkjadóm Gullbringu- og Kjósarsýslu og var þingfest þar 9. okt. s. l. Í fyrsta réttarhaldi, er landamerkjadómur hafði verið skipaður, víkkaði stefnandinn í bókun kröfur sínar þannig, að hann nú krafðist umferðarréttar fyrir Lykkju í viðbót við það, sem hann áður hafði gert tilkall til, frá engjastykki jarðarinnar austan Vallár niður á þjóðveginn, yfir tún Vallár, þar sem vegarstæði hefði legið að fornu.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnandans og krafizt algerrar sýknu í málinu og til vara, ef stefnandinn fái framgengt kröfum sínum, verði umferðarréttur hans leyfður eftir hinni gömlu engjagötu.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt sér tildæmdan hæfilegan málskostnað.

Með stefnu, dags. 12. des. 1945, hafði stefndi gagnstefnt aðalstefnanda máls þessa til að fá bannaða alla frekari malartöku í

svonefndri Lykkjufjöru og alla malarflutninga fram af landi Vallár, en við munnlegan flutning máls þessa felldi hann niður með bókun gagnkröfur þessar, og var það samþykkt af gagnstefnda, og kemur sú kröfugerð því ekki frekar til álita fyrir þessum dómi.

Sáttatilraun í máli þessu varð árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Áður en þjóðvegurinn, sem nú liggur meðfram Esju, var lagður, var gamli vegurinn, sem fram að því var aðalumferðarleiðin, miklu ofar fram með rótum fjallsins. Af þessum gamla Kjalarnesvegi og alveg niður að sjó mun hafa verið götuslóði eða troðningur á þeim slóðum, sem um ræðir í þessu máli, meðfram Vallárlæk.

Þegar nýi þjóðvegurinn kom, virðist umferð um þenna götuslóða hafa lagzt niður, svo að engin merki sjást lengur eftir hann ofan þjóðvegarins, enda búið að slétta yfir á því svæði og breyta farvegi Vallárlækjar. Neðan þjóðvegarins virðist götuslóði þessi að mestu hafa legið austan við lækinn og niður í fjöru, en farið neðst á litlum kafla vestur fyrir. Sést enn þá móta fyrir troðningum á þessum slóðum.

Við landskipti, er hófust 16. júlí 1917, var Lykkju úthlutuð 83 metra skák af fjöru og 110 metra landsspilda ofan vegar upp í fjall.

Enginn vegur lá að þessum landskikum, annar en fyrrgreindir götuslóðar. Malarflutningur úr fjörustykkinu mun hafa farið fram sjóleiðis fram að síðasta stríði eða til 1940, en síðan hafa bílar yfirtekið alla slíka flutninga.

Til þess að geta hagnýtt sér fjöruréttindi sín, telur stefnandinn sig eiga kröfu til umferðarréttar frá þjóðveginum meðfram Vallárlæk niður í fjöru, enda hefðu áðurgreind skipti byggzt á, að fjöruréttirnir yrði hagnýttur með yfirferð um þann veg.

Kröfur stefnandans eru í tvennu lagi, og þar sem betur liggur við að halda þeirri skiptingu, eins og málið hefur verið rekið, mun því haldið, og skal nú vikið nánar að hvorri kröfu fyrir sig.

I. Vegarstæði af núverandi þjóðvegi niður í fjöru meðfram Vallárlæk. Það er sannað í máli þessu með vitnaleiðslum og öðrum gögnum, að troðningar hafa legið niður í fjöru á þessum slóðum. Það er enn fremur upplýst, að Björn Kristjánsson, sem átti land þarna á undan föður núverandi eiganda (sbr. makaskiptabréf 20. jan. 1920), lét setja girðingu milli Austur-Vallár og Vallár, þannig að skilið var eftir vegarstæði austan lækjarins og vestan girðingarinnar og niður í fjöru. Girðingu þessa hefur eigandi Austur-Vallár síðan látið taka burt og slétta landið, en þó má enn þá sjá nokkurn veginn, hvar girðingin hefur staðið.

Á þessum slóðum hefur verið umferðarleið, sem þó hefur að mestu leyti lagzt niður, er þjóðvegurinn var lagður fyrir ca. 20 árum.

Mótmæli sín byggir stefndi aðallega á því, að málið sé ófullnægj-

andi upplýst, réttarkröfur óljósar og stefnandi litlu nær um aðgang að fjörubletti sínum, þó hann fengi framgengt kröfum sínum, til þess þyrfti að stefna fleirum til aðildar.

Á þessar röksemdir stefnda verður ekki fallizt. Deiluatriðið, sem snertir umferðarleið frá þjóðvegi niður í fjöru, er fullnægjandi upplýst í málinu, enda er það svo einfalt og óbrotið, sem frekast má verða.

Þá heldur stefndi því fram, að eiginleg umferðarleið hafi aldrei verið eftir engjagötu þeirri, sem var á deilusvæðinu, enda hafi hún orðið með öllu óþörf, er þjóðvegurinn var lagður fyrir ca. 20 árum, og aldrei notuð síðan.

Á þessar fullyrðingar stefnda verður heldur ekki fallizt, því engjagata þessi hefur samkvæmt framburði vitna verið notuð, og að einhverju leyti eftir að þjóðvegurinn kom.

Um þörfina má benda á vegarstæði það, er Björn Kristjánsson skildi eftir vestan girðingarinnar, enda verður ekki séð, að stefnandi geti nytjað land sitt, hafi hann ekki umferðarrétt að því. Í þessa sömu átt bendir og vottorð, er stefndi hefur lagt fram, þar sem Jón St. Arnórsson leyfir Daníel Magnússyni á Hofi umferð um veg þann, sem liggur niður í fjöru db. Þórarins Arnórssonar (rskj. 13). Heldur stefndi fram, að þetta vottorð sé stefnandanum fullnægjandi, og þurfi hann ekki aðra flutningaleið að og frá fjöru sinni, enda liggi þessi vegur betur við fjörunni en leið sú, er stefnandi vilji fá rétt til með máli þesu.

Gegn þessu heldur stefnandinn fram, að leyfi þetta sé hægt að afturkalla, hvenær sem væri, og því alveg ófullnægjandi, og hann þurfi heldur ekki að sætta sig við slíka úrlausn, þar sem hann eigi skýlausan rétt til vegar annars staðar.

Rétturinn verður að fallast á, að þetta leyfi geti ekki komið í stað eða skipti máli um þann rétt, sem stefnandinn vill fá skorið úr fyrir þessum dómi.

Með skírskotun til þess, er að framan segir, er niðurstaða réttarins sú, að stefnandinn eigi rétt til vegarstæðis frá þjóðveginum meðfram Vallárlæk niður í fjöru. Þar sem upplýst er, að hinn forni engjavegur hefur að miklu leyti verið austan lækjarins, og þar liggur einnig vegarstæði það, sem Björn Kristjánsson skildi eftir vestan girðingar, þá þykir rétt að láta stefnanda í té þetta sama vegarstæði þannig, að honum sé úthlutað fimm metra breiðri ræmu beint af þjóðveginum niður í fjöru fast austan við Vallárlæk.

II. Krafa stefnandans um umferðarrétt fyrir Lykkju frá engjastykki jarðarinnar austan Vallár niður á þjóðveginn, yfir tún Vallár, þar sem vegarstæðið hafði legið að fornu.

Í málinu hefur ekki verið lagt fram kort, er sýni landamerki og afstöðu engjastykkis þessa og landamörk annarra engjastykkja á þessu svæði og tún Vallár, þar sem vegarins er krafizt. Það liggja

heldur ekki fyrir upplýsingar um Lykkjuport né vegarstæði, sem talið er, að eftir hafi verið skilið, þegar Björn Kristjánsson lét girða á þeim slóðum, eða hve langt sú girðing náði upp, og þá heldur ekki, hvort eða hvernig Lykkjumönnum hefur verið ætlaður umferðarréttur, þegar Vallárlæk var breytt og sléttað yfir farveginn og landið ræktað.

Rétturinn telur, að eigendum Lykkju sé nauðsynlegur umferðarréttur til að geta hagnýtt sér engjastykkið og mikil líkindi til, að hlutaðeigendur hafi á sínum tíma viðurkennt þann rétt, en þar sem mjög brestur á fullnægjandi upplýsingar, þykir verða að vísa þessum lið af kröfu sækjandans frá dómi.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu þykir rétt, að kostnaður og þóknun dómenda, samtals krónur fimmtán hundruð, greiðist af stefnda, en málskostnaður að öðru leyti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnandinn, Daníel Magnússon f. h. eigenda Lykkju, skal eiga rétt til vegarstæðis, fimm metra á breidd, beina línu austan Vallárlækjar frá þjóðveginum niður í fjöru, fast við lækinn.

Að öðru leyti er kröfum stefnandans um vegarstæði vísað frá dómi.

Stefndi, Magnús Benediktsson, greiði þóknun til dómenda og ferðakostnað með 1500 krónum innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

---

Laugardaginn 17. maí 1947.

Kærumálið nr. 9/1947. **Magnús Thorlacius**
gegn
**Eggert Claessen.**

**Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Ágreiningur um þóknun málflutningsmanns.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 28. apríl þ. á., er hingað barst 5. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, upp kveðnum 28. f. m., í máli varnar-

aðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá stjórn Lögmannafélagsins. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins. Varnaraðili krefst þess, aðallega að málinu verði vísað frá hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að úrskurður stjórnar Lögmannafélagsins verði staðfestur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942 hefur stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, og má kæra úrskurði stjórnarinnar um þetta efni til hæstaréttar, sbr. 199. gr. laga nr. 85/1936. Nefnd lagaboð heimila hins vegar ekki, að skotið sé sér í lagi til hæstaréttar úrskurðum félagstjórnarinnar, er einungis lúta að starfsaðferðum hennar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá hæstarétti.

Sóknaraðili, Magnús Thorlacius, greiði varnaraðilja, Eggert Claessen, kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 28. apríl 1947.**

Með bréfi, dags. 10. jan. 1947, hefur sóknaraðili, Eggert Claessen hrl., beiðst úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands um það, hvort sú krafa hrl. Magnúsar Thorlacius um 300 kr. þóknun, sem um ræðir í máli þessu, geti talizt hæfileg. Telur sóknaraðili, að krafa varnaraðilja sé óhæfilega há, og verði fallizt á þá skoðun hans, beiðist hann þess, að félagsstjórnin úrskurði, hvaða þóknun teljist sanngjörn handa varnaraðilja fyrir störf þau, er í málinu greinir.

Varnaraðili krefst þess, að máli þessu verði vísað frá dómi. Virðist hann byggja frávísunarkröfu sína á því, að krafa sóknaraðilja sé þannig orðuð, að ekki sé unnt að leggja dóm á hana, eins og hún liggur fyrir. Þessari skoðun er mótmælt af varnaraðilja.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 61 4. júlí 1942 hefur stjórn félags héraðsdóms og hæstaréttarlögmanna, þ. e. stjórn Lögmannafélags Íslands, úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstörf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Þar sem krafa sóknaraðilja um efnisúrskurð þykir nægilega rökstudd samkvæmt áminnstu ákvæði laga nr. 61/1942, er ekki unnt að taka frávísunarkröfu varnaraðilja til greina.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa varnaraðilja í máli þessu er ekki tekin til greina.

---

Laugardaginn 17. maí 1947.

Kærumálið nr. 10/1947. **Gunnar Jósefsson**
gegn
**Hamrinum Mjölni h/f.**

**Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Ágreiningur um framlagningu skjala.

**Dómur hæstaréttar.**

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru, dags. 25. apríl þ. á., kominni til hæstaréttar 7. þ. m., hefur kærandi skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp á bæjarþingi Akureyrar 21. apríl þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðinum verði hrundið og varnaraðilja dæmt skylt að leggja fram skjöl þau, er í úrskurðinum greinir. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að sóknaraðilja sé dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að hann eigi þess ekki kost að fá skjöl þau, er í úrskurðinum greinir, frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, er greiddi kostnað af viðgerð

á bifreið hans. Þykir hann því ekki að svo stöddu eiga rétt til að krefja gagnaðilja sinn um framlagningu afrita nefndra skjala.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðilja, Gunnars Jósefssonar, á hendur varnaraðilja, Hamrinum Mjölni h/f, um framlagningu á skjölum þeim, er í málinu greinir, verður ekki tekin til greina að svo stöddu.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 150.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður bæjarþings Akureyrar 21. apríl 1947.**

Mál þetta hefur stefnandinn, Tryggvi Jónsson framkvæmdarstjóri, Akureyri, f. h. Hamarsins Mjölnis h/f, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni og birtri 22. nóv. f. á., á hendur Gunnari Jósefssyni framkvæmdarstjóra, Eyrarvegi 31, Akureyri, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 1230.16, auk 5% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða að mati dómara.

Skuld þessa telur stefnandi vera fyrir viðgerð á bifreið stefnda, A 12, sem fór fram á bifreiðaverkstæði stefnanda í maí og júní f. á.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda sem rangri og krefst málskostnaðar úr hendi hans.

Stefnandi hefur lagt fram reikning ásamt frumnótum um stefnukröfuna. Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, fór fram mikil viðgerð á ofangreindri bifreið í maí—júlí f. á. í bifreiðaverkstæði stefnanda, aðallega vegna skemmda af völdum veltu. Kveðst stefndi þegar hafa greitt allan kostnað af viðgerð þessari og hefur lagt fram kvittaðan reikning stefnanda fyrir viðgerð á bifreiðinni á þessum tíma, að upphæð kr. 11983.94. Síðan hefur raunar komið í ljós, að Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hefur greitt þenna reikning. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að krafa sú, sem stefnt er út af, sé óviðkomandi upphæð þeirri, sem vátryggingafélagið greiddi, og sé krafan fyrir viðgerð, sem ekki snertir tjón það á bifreiðinni, sem varð af völdum fyrrgreindrar veltu.

Af hálfu stefnda hefur þess verið krafizt, að stefnandi leggi fram fylgiskjöl og frumnótur með reikningi þeim, sem þegar er greiddur, en stefnandi hefur synjað um framlagningu gagna þessara.

Lögðu umboðsmenn aðilja atriði þetta um framlagningarskyldu stefnanda varðandi skjöl þessi í úrskurð þann 17. þ. m., en dómarinn tók málið upp af nýju til frekari upplýsingar um úrskurðaratriðið, og var það tekið til úrskurðar af nýju þann 19. þ. m.

Tryggvi Jónsson, framkvæmdarstjóri stefnanda, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi afhent gögn þau, sem framlagningar er krafizt á, umboðsmanni Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, um leið og sami umboðsmaður greiddi reikninginn. Skjöl þessi voru raunar gerð í tvíriti, þannig að stefnandi hefur í höndum eftirrit þeirra. Mótmæli sín gegn framlagningu eftirritanna byggir hann á því, að mikil vinna og fyrirhöfn sé að tína þau úr skjölum stefnanda, auk þess sem þau séu máli þessu óviðkomandi, og lagðar séu fram í máli þessu frumnótur um skuld þá, sem stefnt er út af.

Umboðsmaður stefnda skýrir hins vegar svo frá, að skjöl þau, sem hann krefst framlagningar á, eða samrit þeirra, séu ekki í höndum umboðsmanns Sjóvátryggingarfélagsins á Akureyri, heldur séu þau hjá aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík, og beini hann af þeim sökum kröfu um framlagningu þeirra til stefnanda.

Þótt skjöl þau, sem hér um ræðir, séu í Reykjavík, þykir það ekki næg ástæða til að skylda stefnanda til þess að láta af hendi eftirrit þeirra, þar sem hann hefur gert sennilegt, að veruleg óþægindi séu að því fyrir hann, og stefnda átti að vera innan handar að fá skjöl þessi hjá vátryggingarfélagi því, sem greiddi fyrir hann viðgerðarkostnaðinn og fékk skjölin í sínar vörzlur.

Með tilliti til þessa þykir krafa stefnda ekki á rökum byggð og verður ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa stefnda um framlagningu framangreindra skjala verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 21. maí 1947.

Nr. 85/1946. **Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson** (Hrl. Sigurður Ólason) gegn **H/f Fossi** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

**Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Sýknað vegna aðildarskorts.

## Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. júní f. á., krefjast þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim skaðabætur vegna galla á vél þeirri, sem í málinu getur. Svo krefjast áfrýjendur og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því, sem fram er komið í máli þessu, fer Sæmundur Stefánsson með fyrirsvar tveggja hlutafélaga, S. Stefánssonar & Co. h/f og Vélasölunnar h/f. Í september 1943 sneru fyrirsvarsmenn stefnda sér til Sæmundar Stefánssonar og buðu honum til kaups 280 ha Lister dieselvél. Kaup á vél þessari fóru síðan fram í september 1943.

Áfrýjendur keyptu því næst vél þessa, að því er þeir telja, af Vélasölunni h/f. Kveða þeir, að vélin hafi reynzt stórgölluð. Hafa þeir fengið framsal frá Vélasölunni h/f á hendur stefnda á bótakröfu vegna galla á vélinni og hafa samkvæmt því höfðað mál þetta. Stefndi skýrir hins vegar svo frá, að hann hafi engin skipti átt við Vélasöluna h/f í Reykjavík varðandi greinda vél. Sæmundur Stefánsson hafi komið fram fyrir S. Stefánsson & Co. h/f, er hann keypti vélina. Þessari staðhæfingu sinni til stuðnings bendir stefndi á það, að hann hafi sent reikning til S. Stefánssonar & Co. h/f fyrir andvirði vélarinnar og hafi sá reikningur verið greiddur án athugasemdar um aðildina.

Svo hafi og Sæmundur Stefánsson í nafni S. Stefánssonar & Co. h/f ritað fyrirsvarsmanni stefnda bréf hinn 1. des. 1944 varðandi vélakaupin. Stefndi þykir með gögnum þessum hafa leitt rök að því, að hann hafi mátt treysta því, að hann skipti við S. Stefánsson & Co. h/f, er sala vélarinnar fór fram. Samkvæmt þessu brestur áfrýjendur aðild máls þessa, og ber því að staðfesta héraðsdóminn um önnur efni en málskostnað, en ákvæði hans um málskostnað var staðfest með dómi hæstaréttar 27. september 1946.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því leyti sem honum er nú áfrýjað.

Áfrýjendur, Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson, greiði stefnda, h/f Fossi, in solidum kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 11. júní 1946.**

Ár 1946, þriðjudaginn 11. júní, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni, sem sjódómsformanni, og Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 24. maí s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 23. marz 1945, af Sigfús Baldvinssyni og Hirti Lárussyni, útgerðarmönnum á Akureyri, gegn stjórn h/f Foss í Hafnarfirði, þeim Jóni B. Elíassyni skipstjóra, Ólafi Einarssyni framkvæmdarstjóra og Guðmundi Erlendssyni verkstjóra til greiðslu á skaðabótum að upphæð kr. 83462.30 eða til vara annarri hæfilegri upphæð að mati dómsins auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í flutningi málsins varð að samkomulagi milli umboðsmanna aðilja og samþykkt af dómurunum, að málflutningi yrði skipt þannig í tvennt, að málið yrði fyrst flutt um skaðabótaskylduna eina, og liggur það því fyrir til úrslausnar nú.

Umboðsmaður stefnda hefur krafizt þess, að félagið yrði algerlega sýknað. Í fyrsta lagi byggir hann kröfu sína um sýknu á því, að um aðildarskort sé að ræða, því stefnendur málsins eigi enga kröfu á hendur umbjóðanda sínum, þar sem þeir hafi engin viðskipti átt við hann um kaup á vél þeirri, sem um ræðir í málinu. Í öðru lagi mótmælir hann, að stefndu séu skaðabótaskyldir yfirleitt í sambandi við sölu eða vegna sölu á vél þeirri, er hér um ræðir. Í þriðja lagi mótmælir hann skaðabótaskyldunni einnig á þeim grundvelli, að þó hún kynni að hafa verið fyrir hendi, þá hafi réttháfi hennar glatað skaðabótaréttinum gagnvart stefnda vegna ófullnægjandi tilkynningar.

Þá hefur hann og krafizt umbjóðanda sínum tildæmdan hæfilegan málskostnað úr hendi stefnanda.

Stefnendurnir skýra svo frá, að veturinn 1944 hefðu þeir keypt 280 ha. dieselmótor frá h/f Fossi í Hafnarfirði fyrir milligöngu Vélasölunnar h/f í Reykjavík, og var söluverð 126 þúsund krónur. Þegar farið var að setja vélina í skip þeirra m/s Rúnu, hefði komið í ljós, að „gírinn" vantaði frá vélinni. Gírinn var svo sendur seinna, en þá hefði hann reynzt svo skemmdur, að skipaeftirlitið hefði dæmt hann ónothæfan, og þó reynt hefði verið að gera við hann, hefði sú viðgerð aðeins dugað til bráðabirgða.

Þá hefðu einnig vantað keðjur frá vélinni, sem hefði orsakað margra daga töf. Þetta hvort tveggja, sérstaklega þó bilanir á gírnum, hefði haft í för með sér miklar tafir og bakað útgerðinni gífurlegt tjón bæði vegna viðgerða og reksturstafa, og reikna þeir sér, að það nemi hinni umstefndu upphæð, er þeir telji h/f Foss ábyrgt fyrir bæði gagnvart stefnendum eða eftir atvikum gagnvart Vélasölunni h/f, en rétti hennar gagnvart h/f Fossi hafa þeir fengið sér framseldan.

Í aðiljaskýrslu Þorgils G. Einarssonar (rjskl. 6), sem er framkvæmdarstjóri stefnds félags frá stofnun þess í marz 1940 og til þessa dags, segir hann frá atvikum að sölu umræddrar vélar. Eftir nokkrar viðræður milli hans og Sæmundar Stefánssonar, forstjóra Vélasölunnar h/f, hafi kaupin verið afráðin um miðjan september 1943 á þann veg, að h/f Foss seldi Sæmundi E. Stefánssyni f. h. S. Stefánssonar & Co umrædda Listervél fyrir kr. 115000.00 og kr. 1000.00 fyrir að skila henni á afhendingarstað.

Samkvæmt þessu og öðrum upplýsingum, sem fram komnar eru um það atriði í þessu máli (sbr. rskj. 9), virðist nægilega sannað, að stefndi hafi selt umrædda vél Sæm. Stefánssyni f. h. S. Stefánssonar & Co h/f, en hvorki stefnendum þessa máls né Vélasölunni h/f. Það getur ekki skipt neinu máli hér, þó eigendur kunni að vera hinir sömu að S. Stefánssyni & Co. h/f og Vélasölunni h/f, þar sem hér er um að ræða tvö sjálfstæð hlutafélög.

Verður því að fallast á þá röksemdafærslu stefnda, að stefnendur bresti aðild til höfðunar máls þessa, og því ber að sýkna stefndu af kröfum stefnendanna vegna aðildarskorts.

Það þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, stjórn h/f Foss, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnendanna, Sigfúsar Baldvinssonar og Hjartar Lárussonar, í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

---

Miðvikudaginn 21. maí 1947.

Nr. 91/1946. **Hreppsnefnd Eyrarhrepps f. h. hreppsins** (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
**Arnóri Sigurðssyni** (Hrl. Theódór B. Lindal).

**Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Ágreiningur um heimilisfang. Úrskurður héraðsdómara ómerktur.

**Dómur hæstaréttar.**

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júlí f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, aðallega að ákveðið verði með dómi, að stefndi hafi átt heimilisfang í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu frá 1. janúar 1945 til 25. marz 1946, en til vara, að hann hafi verið þar heimilisfastur frá 1. janúar 1945 til 12. janúar 1946. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Í úrskurði héraðsdómara greinir hvorki kæranda máls-

ins né kröfur hans. Kröfugerð kæranda fyrir héraðsdómi um ákvörðun heimilisfangs stefnda er eigi bundin við ákveðin tímamörk, og er hún því ófullnægjandi. Stefndi hefur engar kröfur gert í málinu í héraði. Um þetta hefði dómari átt að leiðbeina aðiljum, sem eigi eru löglærðir, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Sökum þessara galla á meðferð málsins þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Eyrarhrepps f. h. hreppsins, greiði stefnda, Arnóri Sigurðssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður lögregluréttar Siglufjarðar 25. marz 1946.**

Það er að vísu svo, að upplýst er, að útsvarsþungi sé allmiklu meiri í Hnífsdal en í Siglufirði, en þótt svo sé, er ekkert fram komið, sem bendi til þess, að kærði, Arnór Sigurðsson frá Hnífsdal, hafi tekið sér heimilisfang í Siglufirði af þeim ástæðum. Þótt það kunni að skipta kærða allmiklu að vera þar, sem útsvör eru léttari, skiptir það hann miklu meiru að vera þar, sem hann fær meiri og betri atvinnu, eins og kærði hefur tekið fram, og virðist það upplýst, að hann hafi miklu meiri og betri atvinnu í Siglufirði, a. m. k. miklu vissari atvinnu, og kemur það í ljós hjá kærða, að hann vegna þessarar atvinnu hafi flutt sig búferlum frá Hnífsdal til Siglufjarðar í maí s. l. Allt frá því, að kærði flutti hingað síðara hluta maí og til þessa dags, hefur hann haft atvinnu á sama stað hér, — að undanteknum tímanum frá því rétt fyrir jól og fram í jan. s. l., er hann fór til konu sinnar í Hnífsdal samtals um 3 vikur —, og telur hann sig eingöngu hafa flutt hingað vegna meiri og betri atvinnu, en alls ekki vegna minni útsvarsþunga hér, sem kærði kveður sér alveg ókunnugt um. 12. janúar s. l. flytur kærði líka búslóð þeirra hjóna úr Hnífsdal til Siglufjarðar.

Telja verður eftir framkomnum gögnum og skilríkjum, að flutn-

ingur kærða á heimilisfangi sínu frá Hnífsdal til Siglufjarðar í maí 1945 hafi verið eðlilegur og raunverulegur og standi í sambandi við hans nýju atvinnu í Siglufirði. Þá hafi hann um leið og hann fór til Siglufjarðar slitið öll atvinnusambönd við Hnífsdal eða fyrra heimkynni sitt, þótt kona hans af sérstökum ástæðum yrði að dvelja áfram í Hnífsdal um tíma.

Verður því að telja rétt, að kærði, Arnór Sigurðsson, hafi löglega flutt heimilisfang sitt í maí 1945, er hann flutti úr Hnífsdal til Siglufjarðar (Eyrargötu 3 B), og að Eyrargata 3 B, Siglufirði, sé því hans rétta og löglega heimilisfang.

Fyrir því úrskurðast:

Heimilisfang Arnórs Sigurðssonar ber að telja í Siglufirði, Eyrargötu 3 B.

---

Föstudaginn 23. maí 1947.

Nr. 93/1946. **H/f Kveldúlfur** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Antoni Proppé f. h. Hraðfrystihúss Dýrfirðinga** (Hrl. Theódór B. Lindal).

**Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Fébætur vegna skemmda á bryggju.

## Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júlí f. á., krefst þess, að hann verði sýknaður og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Kveldúlfur, greiði stefnda, Antoni Proppé f. h. Hraðfrystihúss Dýrfirðinga, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júlí 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Hraðfrystihús Dýrfirðinga, Þingeyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 13. júní 1945, gegn h/f Kveldúlfi, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 85463.00 með 6% ársvöxtum frá 16. desember 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfunni svo og að málskostnaður verði látinn falla niður og að vextir verði lækkaðir í 5% p. a. og taldir frá stefnudegi aðeins.

Aðiljar hafa óskað þess, að málinu yrði skipt, þannig að dómur yrði fyrst felldur um það, hvort stefndi væri skaðabótaskyldur vegna síðargreindra skemmda á bryggju stefnanda, og hefur dómurinn samþykkt það samkvæmt heimild 5. málsgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936. Við hinn munnlega málflutning um þenna hluta málsins hefur stefnandi því gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að bera fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnandi hefur beðið við síðargreindar bryggjuskemmdir. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar að mati dómsins, að því er varðar þessa hlið málsins.

Stefndi hefur í þessum hluta málsins krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 15. des. 1944 kl. 1,45 árdegis kom b/v Skallagrímur, eign stefnda, til Þingeyrar og lagðist við hafskipabryggjuna, en hún er eign stefnanda. Á að gizka 10 faðma frá bryggjunni var vél skipsins stöðvuð og vindurinn, sem var SA 3, látinn bera það að henni, þar eð ekki voru ljós í landi. Kom skipið nærri flatt að bryggjuhausnum, þannig að stjórnborðsbógur þess snerti fyrst innri enda haussins og myndaði skipið, að sögn skipstjóra, þá 10—15° horn við bryggjuna. Var skipið síðan fest framan og aftan, en fáum mínútum síðar heyrðist bresta í hausnum, og seig bryggjuplatan þeim megin, er að landi vissi. Samkvæmt mati dómkvaddra manna nemur kostnaður af að gera bryggjuna nothæfa kr. 83763.00, en matskostnaður nam kr. 1700.00.

Telur sefnandi, að b/v Skallagrímur hafi valdið skemmdum þessum, og beri stefndi því fébótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hefur beðið af atviki þessu.

Stefndi hefur fyrst og fremst byggt sýknukröfu sína á því, að skipshöfn b/v Skallagríms hafi gætt fyllstu varúðar, er skipinu var lagt við bryggjuna. Þá hefur stefndi og bent á, að bryggjan hafi ekki sigið, fyrr en nokkru eftir að skipið var bundið við hana, og því talið útilokað, að skemmdirnar hafi orðið af völdum skipsins. Telur stefndi, að bryggjan hafi verið ofhlaðin, þar eð 30—40 oliutunnur hafi á henni staðið eða legið einmitt á þeim hluta hennar, sem fyrir tjóninu varð, enda hafi bryggjan verið ótraust vegna ónógs viðhalds og árekstrar af skips völdum ári áður, og hafi ofhleðslan samfara því, að fjara var á þessum tíma, átt alla sök á því, hvernig fór. Loks hefur stefndi tekið fram, að þótt bryggja þessi sé einkaeign, séu skipum heimil not hennar, á meðan ekki er tilkynnt, að sérstaks leyfis eiganda sé krafizt.

Það er í ljós leitt í máli þessu, að bryggjan var í fullri notkun, allt þar til framangreint atvik varð, og eigi er sýnt fram á það, að þungavara sú, er á henni stóð, hafi ein út af fyrir sig sligað hana. Þykir því verða að líta svo á, að koma b/v Skallagríms upp að bryggjunni hafi verið orsök skemmdanna á henni, enda verður ekki talið, að gætt hafi verið allrar þeirrar varúðar, sem unnt var, þar eð skipið var látið reka að bryggjunni, án þess að beitt væri vél eða akkerum þess. Ber því að taka til greina dómkröfur stefnanda og dæma stefnda til að bera fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi kann að hafa beðið við þetta tækifæri. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Dóm þenna hafa upp kveðið þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson útgerðarmaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri. Dómsuppsögn hefur dregizt um venju fram vegna mikilla anna við önnur dómstörf, meðal annars dóma um kosningarrétt manna.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Kveldúlfur, ber fébótaábrygð á tjóni því, er stefnandi, Hraðfrystihús Dýrfirðinga, kann að hafa beðið af skemmdum þeim, sem urðu á bryggju stefnanda á Þingeyri hinn 15. desember 1944.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Miðvikudaginn 28. maí 1947.

Nr. 125/1944. **Jón S. Arnfinnsson** (Hrl. Gunnar Möller)
gegn
**Jóhanni Hannessyni** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

**Setudómarar Einar Arnalds borgardómari, hrl. Sveinbjörn Jónsson og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.**

Fébætur vegna líkamsáverka.

## Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 16. okt. 1944 og að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. skotið til hæstaréttar ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 5630.00 með 6% ársvöxtum frá 8. des. 1943 til greiðsludags. Svo krefst hann og úr hendi stefnda endurgjalds fyrir kostnað af því að koma kröfu sinni á framfæri í héraði og málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvort tveggja eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á því ákvæði héraðsdóms, sem áfrýjað er, og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt röntgenskoðun, er fram fór á áfrýjanda 14. okt. 1943, og vottorði Þórðar læknis Þórðarsonar 15. okt. s. á. hefur áfrýjandi hlotið beinbrot á efra kjálka vinstra megin auk þeirra áverka, sem í héraðsdómi greinir. Þykir stefnda bera að bæta áfrýjanda tjón hans vegna áverka þessara, en við ákvörðun bóta ber að líta á það, að báðir aðiljar virðast hafa átt sök á erjum þeim, er leiddu til þess, að stefndi veitti áfrýjanda höggið. Samkvæmt því þykja bætur til áfrýjanda úr hendi stefnda hæfilega ákveðnar kr. 1400.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Í vörn þeirri, er af hálfu stefnda kom fram í héraði og rituð var af verjanda hans, Þorvaldi Þórarinssyni lögfræð-

ingi, eru ýmis óviðurkvæmileg ummæli og ósannaðar aðdróttanir um áfrýjanda. Verður að víta þetta.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Hannesson, greiði áfrýjanda, Jóni S. Arnfinnssyni, kr. 1400.00 með 6% ársvöxtum frá 8. des. 1943 til greiðsludags og málskostnað, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. maí 1944.**

Ár 1944, miðvikudaginn 10. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1019/1944: Réttvisin gegn Jóhanni Hannessyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. f. m., er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóhanni Hannessyni brunaverði, til heimilis á Baldursgötu 4 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. október 1916 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1933 $^{13}/_{12}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað.
1937 $^{17}/_{3}$ Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
1938 $^{2}/_{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{14}/_{5}$ Sátt, 70 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1940 $^{26}/_{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{14}/_{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{8}/_{7}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með kæru, dags. 5. október fyrra ár, kærði Jón Sigurvin Arnfinnsson garðyrkjumaður, til heimilis á Baldursgötu 4 hér í bæ, ákærða í máli þessu fyrir líkamsárás á sig, en ákærði hafði þá íbúð á leigu í húsi Jóns Sigurvins, nr. 4 við Baldursgötu.

Jón Sigurvin skýrir svo frá málavöxtum, að milli kl. 15 og 16 2. október s. l. hafi hann heyrt, er hann kom inn í hús sitt á Baldursgötu 4, að Hulda Þuríður Guðmundsdóttir, kona ákærða, og Guðborg Laufey Sigurgeirsdóttir, sem heima á í sama húsi, hafi verið að uppnefna og svívirða konu hans, Guðbjörgu Kristinsdóttur. Hafi Guðbjörg verið inni í eldhúsi á neðri hæð, en Hulda Þuríður og Guðborg Laufey í stiganum upp á loftið. Jón Sigurvin kveðst hafa

snúið sér að hinum tveim síðarnefndu og beðið þær að fara inn í herbergi sín, og hafi þær þá farið upp í efri hluta stigans. Hann neitar því eindregið að hafa hreyft nokkuð við þeim. Í þessu hafi ákærði komið fram úr íbúð sinni á nærklæðum og skipað þeim að fara, hvorri inn í sitt herbergi, og hafi þær hlýtt því. Síðan hafi ákærði vikið sér að honum, er hann var staddur á palli í miðjum stiganum, og gripið hattinn af höfði hans og kastað hattinum í gólfið. Jón Sigurvin kveðst hafa seilst eftir hattinum, en um leið og hann hafi dregið hattinn að sér, hafi ákærði beygt sig yfir hann fram yfir handriðið. Jón Sigurvin kveðst hafa búizt við því, að ákærði ætlaði að slá hann, og hafi hann þá gripið með hægri hendi í skyrtubrjóst hans, en hann hafi þá ekki vitað fyrr til en ákærði sló hann með hægri hendi mikið högg á vinstri kinn. Kveðst Jón Sigurvin hafa lagzt upp að þilinu, og blóð fossað niður andlit hans. Síðan kveðst hann hafa farið rakleitt inn í eldhús íbúðar sinnar, og hafi ákærði elt hann niður stigann. Kona ákærða hafi nú komið fram og kallað til ákærða: „Gættu þín Jóhann."

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt skipti verið staddur í svefnherbergi sínu, er hann heyrði háreistið frammi á ganginum að íbúð sinni. Heyrði hann, að Guðbjörg Kristinsdóttir var að tala við konu hans, Huldu Þuríði Guðmundsdóttur, og Guðborgu Laufeyju Sigurgeirsdóttur. Kveðst ákærði hafa farið fram í ganginn, er hann heyrði, að Jón Sigurvin Arnfinnsson hljóp upp á stigapallinn tilheyrandi hans íbúð. Sá ákærði þá Jón Sigurvin slá í handlegg Huldu Þuríðar og hrinda henni til. Sneri hann sér þá að Jóni Sigurvin og bað hann um að fara niður stigann, en hann neitaði því. Jón Sigurvin þreif þá í brjóst hans, svo að náttjakki hans rifnaði. Þá kveðst ákærði ekki hafa getað staðizt þetta lengur og slegið til hans. Hafi höggið lent í andliti hans. Jón Sigurvin hafi þá farið niður úr stiganum. Ákærði neitar því að hafa tekið hattinn af Jóni Sigurvin, en vera megi, að hatturinn hafi dottið af honum. Þá kveðst ákærði aldrei hafa orðið var við, að Jón Sigurvin beygði sig eftir hattinum, og neitar ákærði því að hafa beygt sig yfir Jón Sigurvin og gert sig líklegan til að slá hann, fyrr en hann sló hann í andlitið.

Guðbjörg Kristinsdóttir, kona Jóns Sigurvins Arnfinnssonar, Hulda Þuríður Guðmundsdóttir, kona ákærða, og Guðborg Laufey Sigurgeirsdóttir hafa allar borið vitni í málinu.

Vitnið Guðbjörg Kristinsdóttir kveðst hafa verið statt í íbúð sinni, er það heyrði Huldu Þuríði og Guðborgu Laufeyju, sem voru í stiganum, tala illa um það. Hafi vitnið látið orð falla til þeirra út af þessu. Í þessu hafi Jón Sigurvin komið inn í húsið og skipað Huldu Þuríði og Guðborgu Laufeyju að fara upp á loft. Hafi hann elt þær upp í miðjan stiga og rétt fram hendurnar til áherzlu því, að þær færu upp. Vitnið segir, að hann hafi ekki slegið þær eða

hrint þeim, og hafi hann ekki komið við þær. Ákærði hafi nú komið í náttfötum ofan af loftinu og farið niður í miðjan stigann. Skipti það ekki neinum togum, að þeim Jóni Sugurvin og ákærða lenti saman. Greip Jón Sigurvin um brjóst ákærða, svo að nátttreyja hans rifnaði, en ákærði reiddi hnefann til höggs. Vitnið hljóp nú að símanum og hringdi á lögreglustöðina. Jón Sigurvin kallaði þá til vitnisins, að ákærði hefði slegið hann, en Hulda Þuríður kallaði til ákærða: „Gættu þín Jóhann."

Vitnið Guðborg Laufey Sigurgeirsdóttir kveðst hafa verið í umrætt skipti að þvo stigann og hafi Hulda Þuríður staðið hjá því. Guðbjörg Kristinsdóttir hafi þá komið til þeirra. Hafi hún byrjað að svívirða þær, en þær spurt hana þá, við hvora hún ætti. Í því hafi Jón Sigurvin komið inn í ganginn utan frá og skipað vitninu og Huldu Þuríði að fara upp á loft. Segir vitnið, að hann hafi elt þær á leið upp stigann og slegið Huldu Þuríði, sem hafi verið nær honum, í kviðinn með hendinni. Ákærði hafi nú komið fram úr herbergi sínu og gengið niður stigann á móts við Jón Sigurvin, sem þrifið hafi í brjóst hans, svo náttjakki hans rifnaði. Kærði hafi þá slegið Jón Sigurvin í andlitið og hafi Jón Sigurvin þá farið niður stigann. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir því, að ákærði gerði nokkuð á hluta Jóns Sigurvins, áður en hann þreif í brjóst ákærða. Þá varð vitnið þess ekki vart, að Jón Sigurvin beygði sig, eða að hann missti hattinn af höfði sínu.

Vitnið Hulda Þuríður Guðmundsdóttir kveðst í umrætt skipti hafa verið að tala við Guðborgu Laufeyju, en Guðbjörg Kristinsdóttir hafi komið til þeirra og byrjað að svívirða þær. Hafi það þá gengið til Guðbjargar og spurt hana að því, hvort hún ætti við það. Vitnið kveðst síðan ekki hafa vitað fyrr en að Jón Sigurvin hafi komið að því, hrint því til og slegið með hendinni í maga þess vinstra megin. Hafi það kennt til undan högginu, enda hafi það átt eftir aðeins einn mánuð og 11 daga til að fæða barn. Vitnið kveðst hafa staðið á palli í miðjum stiganum, er Jón Sigurvin sló það. Kærði hafi nú komið fram á náttfötum og ætlað að fá Jón Sigurvin til að fara niður stigann og stjakað eilítið við honum. Jón Sigurvin hafi þá þrifið í ákærða og rifið náttjakka hans. Ákærði hafi þá greitt honum högg, sem kom í andlit hans, og hafi hann þá hrokkið niður stigann og farið inn í íbúð sína. Telur vitnið, að ákærði hafi átt hendur sínar að verja, er hann sló Jón Sigurvin. Vitnið neitar því, að hafa sagt orðin „Gættu þín, Jóhann", eða eitthvað því líkt, er ákærði hafði slegið hann.

Daginn eftir að framangreind atvik gerðust, skoðaði Kjartan R. Guðmundsson læknir Jón Sigurvin og segir í vottorði hans um þá skoðun á þessa leið: „Það er 1 cm langt höggsár á v. kinn neðan við auga og storkið blóð í kring. Sárið er klemmt saman."

Næsta dag skoðaði Kristján Sveinsson læknir Jón Sigurvin og

segir svo í vottorði hans: „Hefur hann blæðingu undir húðinni á efra og neðra v. augnloki (hæmatóm). Einnig hefur blætt inn á augað utanvert á litlum bletti. Sjón á hægra er 6/6 og v. auga 6/18, sem sennilega stendur í sambandi við högg á augað (odem i reticia). Hvort síðar meir að nokkur varanleg skemmd gæti komið fram í augunum, skal hér ósagt látið."

Þá hefur verið lagt fram í málinu vottorð Þórðar Þórðarsonar læknis, dags. 7. des. s. l., svo hljóðandi: „Ég undirritaður hef í dag skoðað herra Jón Arnfinnsson, Baldursg. 4; hefur örþykkni í húð — ca. ½ cm á lengd og 3—4 mm á breidd — yfir vinstra kinnbeini."

Samkvæmt eigin játningu ákærða og framburðum þeirra vitna, sem leidd hafa verið í málinu, þykir ákærði hafa orðið sekur um háttsemi, sem með tilliti til áverka þess, er þar af hlauzt, varðar við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. En jafnframt þykir verða að leggja frásögn ákærða og vitnanna Guðborgar Laufeyjar Sigurgeirsdóttur og Huldu Þuríðar Guðmundsdóttur til grundvallar um, hvað skeði, áður en ákærði sló Jón Sigurvin. Hafði því Jón Sigurvin með því að móðga og ráðast að konu ákærða vakið hjá ákærða geðæsingu þá, er hann var í, er hann sló hann. Refsingu ákærða ber því að meta með hliðsjón af 4. tl. 74. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, en verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, sæti hann í stað hennar varðhaldi í 15 daga.

Jón Sigurvin Arnfinnsson hefur krafizt þess, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 30.00 fyrir útlögð gjöld (læknisskoðun), kr. 600.00 fyrir vinnutap í 6 daga og kr. 5000.00 fyrir þjáningar, óþægindi, lýti og óprýði, eða alls kr. 5630.00. Ákærði hefur mótmælt kröfum þessum.

Jón Sigurvin hefur lagt fram reikninga fyrir fyrsta kröfuliðnum, sem verður tekinn til greina. Hins vegar þykir hann ekki hafa nægilega rökstutt hina kröfuliðina, og verða þeir því ekki teknir til greina óbreyttir, en hæfilegt þykir að dæma honum 400 krónur fyrir annað tjón en bein útgjöld vegna læknisskoðunar. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða Jóni Sigurvin kr. 430.00 í skaðabætur.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar lögfræðings, kr. 200.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jóhann Hannesson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði Jóni Sigurvin Arnfinnssyni kr. 430.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar lögfræðings, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 30. maí 1947.

Nr. 168/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
**Stefáni Magnússyni** (Hrl. Gunnar Möller).

**Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum. Sýknað af ákæru um brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940.

**Dómur hæstaréttar.**

Júlíus Havsteen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Slys það, sem ákærða er að sök gefið, varð á mjög mjóum vegi, þar sem ökutæki gat tæplega farið fram hjá öðru ökutæki. Myrkt var af nóttu og vegir blautir. Mátti ákærða því ljóst vera, að honum var rík nauðsyn til þess að viðhafa hina mestu varúð. Þetta gerði hann ekki, heldur ók með það miklum hraða, að honum tókst ekki að stöðva bifreið sína, er hann sá vegfarendur fram undan, fyrr en slys var orðið. Varðar þetta hátterni ákærða við 2. og 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og við 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941.

Fyrir hæstarétt hefur verið lagt fram vottorð setts héraðslæknis, sem stundaði Snorra Jónsson, er fyrir slysinu varð. Kveður læknirinn, að miklir marblettir hafi komið fram um hægri fótlegg og allt innanvert hægra læri. Hafi fóturinn verið mjög aumur viðkomu um hné og upp eftir læri. Snorri hafi byrjað að hreyfa fótinn eftir rúma viku

frá slysdegi, þó með harmkvælum, en tekið að tylla í fæturna eftir hálfa fjórðu viku. Telur læknirinn, að Snorri hafi verið algerlega frá verkum á annan mánuð, en eftir það hafi hann tekið að gegna venjulegum störfum, þó af veikum mætti til að byrja með. Eftir því, sem fram er komið, virðist hann hafa náð fullri heilsu aftur. Samkvæmt þessu verður ekki staðhæft, að ákoma sú, sem Snorri fékk, hafi verið slík, sem lýst er í 218. gr. laga nr. 19/1940, og ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot eftir 219. gr. þeirra laga.

Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt 14. gr. laga nr. 24/1941 og 38. gr. laga nr. 23/1941, og þykir hún hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða leyfi til aksturs bifreiðar 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa er ófullkomin. Héraðsdómari aflaði ekki læknisvottorðs um heilsufar Snorra Jónssonar og spurði hvorki hann né förunauta hans fyrir rétti um aðdraganda slyssins.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Magnússon, sæti 1500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur rétti til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Gunnars J. Möllers, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 12. október 1946.**

Mál það, sem hér liggur fyrir, dómtekið 5. þ. m., er bæði af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar höfðað gegn Stefáni Magnússyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Raufarhöfn innan Þingeyjarsýslu og kominn yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði, sem ekki hefur áður sætt ákæru eða hegningu fyrir nokkurt lagabrot, hefur fráfallið stefnubirtingu í máli þessu og samþykkt, að það yrði rekið fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu í Húsavík. Hefur hann ekki viljað láta skipa sér verjanda í málinu.

Nánari atvik málsins, upplýst bæði með framburði sjónarvotta og játningu ákærða, eru þessi:

Hinn 16. september 1945 er ákærði í máli þessu staddur með vörubifreið sína Þ 31 á Akureyri, og eru með honum í bifreiðinni, þegar hann að áliðnum degi leggur af stað heimleiðis til Raufarhafnar, bifreiðastjórarnir Guðmundur Magnússon og Þorgrímur Þorsteinsson, báðir til heimilis í Raufarhöfn.

Sat Þorgrímur inni í bifreiðinni hjá ákærða, sem sjálfur stýrði bifreið sinni, en Guðmundur uppi á bifreiðarpallinum í skjóli við húsið. Veður var gott, en vegir blautir, einkum á Reykjaheiði. Ekið var eftir þjóðveginum með ca. 40 km hraða á klukkustund, eftir því sem næst verður komizt, og ber ekkert til tíðinda, fyrr en komið er austur í Öxarfjörð á þjóðveginn skammt sunnan við jörðina Ferjubakka kl. ca. 22.30 að kvöldi, að bifreiðin rekst á kerru, sem hestur er fyrir á miðjum veginum, kerrukjálkinn hægra megin brotnar með þeim afleiðingum, að vinstri kjálki kerrunnar slæst við höggið af árekstrinum í vinstri bóg hestsins, sem fyrir kerrunni var, og brýtur hann.

Jafnframt fellur hestur og kerra inn á veginn, en maður sá, sem hjá kerrunni stóð, varð undir henni og fékk svo slæmt högg á hægra hné, að hann varð eins og utan við sig í bili af sársauka, en gat þó fljótlega losað sig undan kerrunni og forðað sér út af veginum.

Maður sá, sem fyrir áverkanum varð, var Snorri Jónsson, bóndi á Vestaralandi í Öxarfirði, og var hann á heimleið utan frá Kópaskeri með varning á fjórum kerrum, og röðin þannig, að fyrstur fór Baldur, sonur hans, svo Snorri sjálfur, næstur honum Hermann, sonur hans, og síðast ungur drengur.

Bifreiðin kom sunnan þjóðveginn með miklum hraða samkvæmt framburði nefndra feðga og með fullum ljósum. Baldur, sem er fremstur, ríðandi með kerruhestinn í taumi, ætlaði að sveigja hestana og kerruna til vinstri út af veginum, en þá fældist reiðhesturinn, stökk til hægri fram af brautinni og setti Baldur af sér.

Þetta sér Snorri, vindur sér frá sinni kerru að fremstu kerrunni, en um leið verður árekstur inn með þeim afleiðingum, sem að framan segir.

Bifreiðin stöðvast um leið og hún rakst á kerruna, enda áður hemlað og dregið mjög úr ferð hennar. Ákærði svo og hinir bílstjórarnir tveir stukku út til þess að vita, hvað um væri að vera, buðu hinum meidda aðstoð sína, létu kalla í lækni, og byssa var fengin á Ferjubakka, til þess að aflífa með hestinn bógbrotna, og um það var séð, að hinn meiddi ásamt flutningi kæmist heim að Vestaralandi þá um kvöldið.

Við rannsókn hreppstjóra Öxarfjarðarhrepps á slysstaðnum 19. september 1945 er upplýst, að vegurinn er beinn á alllöngum kafla — ca. 370 m — beggja megin slysstaðarins, að bifreiðin hefur beygt út af hjólförunum ca. 20 metrum sunnan við slysstaðinn og þá aldrei farið utar en það, unz árekstur inn varð, að vinstri hjólin hafa verið utan í vegarbrún, en þegar árekstur inn varð, er ekki hægt að sjá, hvort annað eða bæði vinstri hjólin hafa verið utan vegarins.

Vegurinn er á þessari leið svo mjór, að tæplega geta tvær venjulegar bifreiðar mætzt og komizt hvor framhjá annarri, nema með því að fara yzt út í vegarbrúnir og gæta allrar varúðar.

Loks er upplýst, að kerran, sem varð fyrir árekstrinum, laskaðist mjög, aktygin skemmdust og hestinn þurfti að skjóta.

Snorri Jónsson lá rúmfastur lengi undir læknishendi, en er nú búinn að ná sér að mestu.

Liggur þá fyrst fyrir að athuga, hvort og á hvern hátt ákærði hafi gerzt brotlegur gegn ákvæðum bifreiða- og umferðarlaganna, en hvor tveggja lögin eru frá 16. júní 1941.

Verður þá fyrsta spurningin sú, hvort bifreiðin hafi fengið lögboðna skoðun og talin í ökufæru standi. Þessu hvoru tveggja verður að svara játandi, því auk þess sem ákærði lagði fram við fyrstu rannsókn þessa máls skoðunarvottorð fyrir bifreiðina Þ 31, dags. 2/6 1945, með áritun „í lagi", er það upplýst, að bifreiðin var notuð á Akureyri að morgni dags 16. september 1945 sem próf- eða kennslubifreið fyrir vitnin, bílstjórana Guðmund Magnússon og Þorgrím Þorsteinsson, og er þá talin í fullkomnu lagi.

Næst er að fá því svarað, hvort ákærði, sem ók bifreiðinni Þ 31, þegar slysið varð, hafi haft til þess réttindi og verið til þess fær nefndan dag.

Auk þess, sem gildandi ökuleyfi ákærða er sýnt við fyrstu rannsókn, er það upplýst með samhljóða vitnisburði allra vitna, sem leidd hafa verið í máli þessu, að hvorki ákærði né félagar hans voru undir áhrifum víns, þegar slysið varð, og ekkert bendir til þess, að ákærði hafi verið ófær til aksturs sökum svefnleysis eða ofþreytu.

Í þriðja lagi verður úr því að skera, hvort ökuhraði hafi verið löglegur hinn 16. september 1945 og akstur hans að öðru leyti svo sem umferðarlöggjöfin mælir fyrir um, og hann sýnt þá varkárni

og gert þær varúðarráðstafanir til þess að forðast slys, sem nefnd löggjöf krefst af mönnum þeim, sem rétt hafa til þess að aka bifreiðum.

Um ökuhraða ber ákærða og félögum hans saman, að hafi verið um 40 km á klukkustund, og verður það ekki talinn óleyfilegur eða ógætilegur hraði á beinum vegi, enda þótt dimmt sé orðið, þar sem ljós bifreiðarinnar eru í lagi og virðast hafa lýst ca. 40 m fram fyrir bifreiðina a. m. k., því í þeirri fjarlægð greinir ákærði hestana, enda þótt þeir væru allir dökkir, bæði samkvæmt skýringu og framburði vitnisins Þorgríms Þorsteinssonar, sem sat við hlið ákærða, hafði sömu útsýn og hann og veitti nákvæma eftirtekt því, sem ákærði gerði til þess að afstýra slysinu.

Ber þeim saman um, að ákærði hafi, strax og hann sá hestana, hemlað með fóthemli, en þegar hann dró ekki nægilega skjótt og mikið úr ferðinni, var handhemill notaður, og dró þá allmikið úr hraða bifreiðarinnar.

Öllum þremur, sem í bifreiðinni voru, ber saman um, að hún hafi verið að því komin að stöðvast, þegar árekstur inn varð á kjálka fremstu kerrunnar, og stöðvazt algerlega við hann.

Þá virðist það og koma fram í vitnisburði þeirra Þorgríms, Snorra og Baldurs, þótt ógreinilegra sé hjá tveimur síðarnefndu en Þorgrími, að skýring ákærða sé rétt um, að hann hafi hætt við að víkja bifreiðinni alla leið út af veginum til vinstri sökum þess, að þeim megin var hestur og kerra sú, sem var önnur í röðinni, og hvort tveggja að fara út af veginum sömu megin og hann ætlaði með bifreiðina og þá hætt við árekstri þar, og sömuleiðis er upplýst, að a. m. k. annað, ef ekki bæði vinstri hjól bifreiðarinnar, var komið út af veginum.

Ráð ákærða, að stýra bifreið sinni, eins og á stóð, milli kerranna til að forðast árekstur, virðist því engan veginn hafa verið ástæðulaust eða óvarlegt, einkum þegar þess er gætt, að ferðin var að mestu leyti komin af bifreiðinni.

Virðist í þessu sambandi rétt að taka tillit til þess, að árekstur inn hefði naumast orðið eins alvarlegur fyrir Snorra Jónsson sjálfan, hefði hann ekki horfið frá kerru sinni að kerru Baldurs, sem var fremst í röðinni, en ákærði virðist ekki hafa séð hann fara yfir veginn.

Ákærði heldur því fram, að ljósaútbúnaður á bifreiðinni Þ 31 hafi verið þannig, þegar árekstur inn varð, að ekki var hægt að deyfa ljósin. Var því um tvennt að velja, annað hvort að nota fulla birtu ellegar slökkva alveg, en hið síðarnefnda taldi hann óverjandi, eins og á stóð, og er vitnið Þorgrímur Þorsteinsson honum samdóma um þetta atriði.

Þá er það upplýst, að ákærði gaf sig strax fram, er slysið varð, og bauðst til að veita hinum slasaða alla aðstoð, sem hann gæti

í té látið. Loks hefur slasaði, Snorri Jónsson, bóndi á Vestaralandi, tjáð dómaranum, að hann sé orðinn að mestu jafngóður eftir slysið, fengið bætur fyrir sig og tjón sitt bætt, og því ekki um skaðabótakröfu af hálfu hans að ræða.

Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, verður að líta svo á, að ákærði, Stefán Magnússon, hafi með akstri sínum á bifreiðinni Þ 31 hinn 16. september 1945 ekki gerzt brotlegur gegn ákvæðum bifreiða- og umferðarlaganna frá 16. júní 1941 og beri því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir er þá að athuga, hvort ákærði verði sekur fundinn um brot gegn XXIII. kafla hinna almennu hegningarlaga frá 1940 með framferði sínu 16. september 1945.

Virðist aðeins vera um 219. gr. hegningarlaganna að ræða, sem til mála gæti komið að beita gegn ákærða, en sökum þess, að hann hefur ekki orðið sekur fundinn í máli þessu gegn ákvæðum bifreiðalaganna né umferðarlaganna frá 1941, verður honum heldur ekki gefið að sök, að hann með akstri sínum eða framferði 16. september 1945 hafi með gáleysi orðið valdur að meiðslum þeim, sem Snorri Jónsson, bóndi á Vestaralandi, varð fyrir nefndan dag, enda ekki valdið slasaða tjóni á líkama eða heilbrigði. Ber því einnig að sýkna ákærða af kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum ber ríkissjóði að greiða allan kostnað þessa máls í héraði.

Dráttur nokkur á framhaldsrannsókn máls þessa stafaði af því, að ekki þótti ástæða til, að dómarinn tækist hennar vegna sérstaka ferð á hendur til Raufarhafnar, heldur tæki hann málið fyrir um leið og hann þingaði á þessu ári. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Stefán Magnússon, Raufarhöfn, skal vera sýkn af kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Málskostnað allan í héraði ber að greiða úr ríkissjóði.

Föstudaginn 30. maí 1947.

Nr. 59/1946. **Einar Guðjónsson** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps f. h. hreppsins**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

**Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Útsvarsmál.

**Dómur hæstaréttar.**

Árfýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 4. apríl f. á. skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 30. s. m., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að ónýta lögtak hreppstjóra. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt skýrslum máls þessa átti áfrýjandi heimili á Selfossi, þegar útsvar það, sem í málinu greinir, var á hann lagt. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Einar Guðjónsson, greiði stefnda, hreppsnefnd Sandvíkurhrepps f. h. hreppsins, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 31. desember 1945.**

Ár 1945, mánudaginn 31. desember, var í fógetarétti Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa fó-

geta, Óla Hermannssyni, kveðinn upp úrskurður í fógetaréttarmálinu: Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps gegn Einar Guðjónssyni. Oddvitinn í Sandvíkurhreppi hefur með bréfi, dags. 22. des. 1944, krafizt lögtaks hjá Einari Guðjónssyni, Klauf-Hamri, Selfossi, á ógreiddu útsvari til Sandvíkurhrepps, að upphæð kr. 75.00, sem lagt var á 12. júní 1944. Lögtaksúrskurður var uppkveðinn þann 5. janúar 1945.

Þann 29. jan. 1945 framkvæmdi svo hreppstjóri Sandvíkurhrepps lögtaksgerð hjá Einari Guðjónssyni. Gerðarþoli var viðstaddur gerðina og neitaði að greiða hið umkrafða útsvar og taldi sig ekki útsvarsskyldan til Sandvíkurhrepps árið 1944.

Lýsti hreppstjóri því næst yfir, að gerðin yrði látin fara fram.

Kröfu sína byggir gerðarbeiðandi á því, að gerðarþoli, Einar Guðjónsson, hafi komið til Selfoss og gengið í þjónustu Kaupfélags Árnesinga þann 1. sept. 1943 og fengið greitt í kaup kr. 5863.00 fyrir árið 1943, og sé útsvarsálagningin miðuð við þær tekjur einar. Þegar niðurjöfnun útsvara fór fram 12. júní 1944, var Einar Guðjónsson enn í fastri atvinnu á Selfossi, og telur gerðarbeiðandi því með skírskotun til 8. gr. útsvarslaganna, að niðurjöfnunarnefndin hafi réttilega lagt útsvar á hann þar í hreppnum, þar sem verið hafi hans raunverulega heimili.

Mótmæli sín byggir gerðarþoli á því, að hann hafi allan tímann, sem hann hefur dvalið á Selfossi, átt lögheimili í Berjanesi, Vestur-Landeyjahreppi í Rangárvallasýslu, hafi talið þar fram og greitt gjöld sín þar, og leggur fram kvittun frá oddvita Vestur-Landeyjahrepps fyrir greiðslu á útsvari árið 1944. Enn fremur leggur gerðarþoli fram vottorð frá hreppstjóra Vestur-Landeyjahrepps um heimilisfesti þar og telur sig aldrei hafa verið skráðan á manntal í Sandvíkurhreppi og leggur fram vottorð sóknarprestsins í Hraungerði því til staðfestingar. Gerðarbeiðandi hefur mótmælt því, að lögheimili gerðarþola árið 1944 hafi getað verið annars staðar en á Selfossi í Sandvíkurhreppi og telur annað heimilisfang sýndarheimilisfang, til þess eins upp tekið að skjóta sér undan gjaldskyldu til Sandvíkurhrepps. Gerðarþoli hefur krafizt þess, að lögtaksgerðin verði úr gildi felld og málskostnaðar eftir mati réttarins. Enn fremur hefur hann með skírskotun til laga nr. 95 frá 1936 krafizt þess, að úr því verði skorið í lögregluréttarmáli samkvæmt þeim lögum, hvar telja beri hann heimilisfastan, og telur, að óheimilt hafi verið að ganga til lögtaks fyrr en úrskurður í því máli væri fallinn.

Það er ágreiningslaust í máli því, er hér liggur fyrir, að gerðarþoli hefur frá 1. sept. 1943 haft aðsetur og fasta atvinnu á Selfossi. Aftur á móti hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að gerðarþoli hafi á sama tíma verið í nokkrum þeim tengslum við hið fyrra heimilisfang, er réttlætt geti, að hann teldi sér þar heimili

áfram. Raunverulegt heimili hans hefur því verið á Selfossi, og vilji gerðarþola, að telja sér heimili annars staðar, er því þýðingarlaus, því að lögheimili manns verður ekki talið annars staðar en þar, sem hann dvelst og hefur atvinnu sína, sbr. hæstaréttardóm frá 19. júní 1940 í málinu nr. 31/1940.

Útsvarið verður því að telja réttilega lagt á gerðarþola í Sandvíkurhreppi og í samræmi við 8. gr. útsvarslaganna, sem kveður svo á, að þar skuli útsvar lagt á gjaldþegn, sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Í þessu sambandi skiptir það heldur ekki máli, hvar gjaldþegn lætur skrá sig á manntal eða í hvaða tilgangi, ef það er annar staður en sá, sem vitanlegt er, að hann dvelur í raun og veru. Sú staðhæfing gerðarþola, að lögtakið hafi verið óheimilt og brotið í bága við 10. gr. laga nr. 95 frá 1936, fær ekki staðizt. Í 10. gr. nefdra laga segir svo: „... en ekki má innheimta þau gjöld fyrr en máli því, er um ræðir í 6.—9. gr., er lokið, enda fer þá um greiðsluskyldu eftir niðurstöðu málsins.“ Nú hefur ekki verið um það deilt, að gerðarþoli hefur verið búsettur í Sandvíkurhreppi síðan 1. sept. 1943, þótt hann teldi sjálfur heimilisfang sitt annars staðar, og hefur ekki neitt mál verið höfðað til að fá úr því skorið, hvar heimilisfesti hans væri, en hin tilvitnuðu orð verður að skilja með þeim fyrirvara, að málið sé höfðað, því að umrædd gjöld yrðu að öðrum kosti aldrei innheimt. Nú hefur viðkomandi hreppsnefnd ekki sýnt, að hún teldi þörf slíkrar málshöfðunar, en hún hlýtur að verða að dæma um það sjálf, hvort hún telji þá þörf fyrir hendi og vilji fara þá leið. Hér er því ekki um það að ræða, að bíða þurfi eftir niðurstöðu annars máls, eins og gert er ráð fyrir í 10. gr. nefndra laga, enda engar líkur til þess, að niðurstaða þess máls mundi á nokkurn hátt skera úr um það, sem hér er deilt um, því niðurstaða þess máls mundi aðeins kveða á um heimilisfangið, en ekkert um greiðsluskyldu á útsvari, sbr. hæstaréttardóm frá 19. júní 1940 í málinu nr. 31/1940, og þess vegna væri slík málshöfðun með öllu þýðingarlaus í þessu sambandi. Eftir þessum úrslitum verður að synja gerðarþola málskostnaðar.

Því úrskurðast:

Lögtaksgerðin á að standa óröskuð.

Föstudaginn 30. maí 1947.

Nr. 16/1947. **Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins**
gegn
**Guðna Þórðarsyni.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Þriðjudaginn 3. júní 1947.

Nr. 140/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn
**Eiríki Símonarsyni Beck**
(Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Brot gegn umferðarlöggjöf.

**Dómur hæstaréttar.**

Með framhaldsrannsókn, sem háð hefur verið samkvæmt úrskurði hæstaréttar 19. febrúar s. l., er í ljós leitt, að eigi var búið um blóðúrtak kærða með þeim hætti, þar til rannsókn fór fram á því, að öruggt þyki, að leggja niðurstöðu blóðrannsóknarinnar til grundvallar dómi í máli þessu. Verður kærði því ekki dæmdur sekur um brot gegn 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Samkvæmt játningu kærða og skýrslum vitna svo og með tilliti til þess, að stjórn kærða á bifreið hans var áfátt, þykir hins vegar mega telja víst, að kærði hafi við aksturinn verið miður sín með þeim hætti, að varða eigi hann refsingu samkvæmt 3. mgr. 23. gr. sbr.

38. gr. nefndra laga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um brot kærða gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur og umferðarlögum.

Refsing kærða þykir eftir málavöxtum og með tilliti til þess, að hann hefur áður verið dæmdur fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis, hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta kærða bifreiðarstjóraréttindum 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar ber að staðfesta. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Eiríkur Símonarson Beck, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði skal sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. júlí 1946.**

Ár 1946, fimmtudaginn 25. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Einari Ingimundarsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2424/1946: Valdstjórnin gegn Eiríki Símonarsyni Beck.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 12. júlí s. l., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða, Eiríki Símonarsyni Beck fram-

kvæmdarstjóra, til heimilis á Laufásvegi 63 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 með áorðnum breytingum, til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. desember 1895 að Helgafelli í Mosfellssveit, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi refsingum:

1921 $^{18}/_{10}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir spellvirki.
1924 $^{7}/_{11}$ Undirgengizt að greiða 85 kr. skaðabætur fyrir skemmdir á reiðhjóli.
1937 $^{28}/_{5}$ Áminning fyrir brot gegn reglugerð nr. 54/1936.
1939 $^{28}/_{4}$ Dómur lögregluréttar, 125 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Að kvöldi þann 9. marz s. l., um kl. 6.30 e. h., rákust á bifreiðarnar R 1561, er kærði ók í umrætt skipti, og R 2998, er Sveinn Rósinkranz Kristjánsson bifreiðarstjóri, til heimilis í Björnshúsi við Arnargötu hér í bæ, ók. Bifreiðin R 1561 ók norður Pósthússtræti, en í sama mund og hún kom á gatnamót fyrrnefndrar götu og Kirkjustrætis, ók bifreiðin R 2998 austur þá götu, og hugðist stjórnandi hennar að sveigja henni til hægri úr Kirkjustræti suður Pósthússtræti. Á gatnamótum nefndra gatna lenti framendi bifreiðarinnar R 1561 á hægri hlið bifreiðarinnar R 2998 framanverðri, og urðu nokkrar skemmdir á þeirri bifreið. Hins vegar munu skemmdir á bifreið kærða hafa orðið litlar.

Vitnið Sveinn Rósinkranz Kristjánsson hefur borið það við rannsókn málsins, að kærði hafi enga tilraun gert til að sveigja undan á fyrrnefndum gatnamótum og forða þannig árekstri, heldur hafi hann ekið beint áfram, og hafi því virzt sem kærði gerði enga tilraun til að stöðva bifreið sína. Ekki telur vitni þetta, að kærði hafi ekið bifreið sinni hratt, en hins vegar hafi hann haldið henni á röngum vegarhelmingi, er á margnefnd gatnamót kom. Vitninu virtist kærði vera undir áfengisáhrifum, er að var gáð. Hafi hann, að sögn þess, verið sljór að sjá, ekki hafi hann þó reikað í spori og verið rólegur. Kveðst nú vitnið hafa gengizt fyrir því, að lögreglan yrði kvödd á staðinn, og komu þeir lögregluþjónarnir Tryggvi Friðlaugsson og Aðalsteinn Jónsson fljótlega á árekstrarstaðinn. Vitnið kveður kærða hafa verið mótfallinn því, að lögreglunni yrði blandað í málið, og viljað sem minnst úr árekstrinum gera. Vitnið Aðalsteinn Jónsson lögregluþjónn, en það gaf sig á tal við kærða á árekstrarstaðnum og sat við hlið hans í bifreið kærða, hefur skýrt svo frá, að það hafi veitt eftirtekt finnanlegri öl- eða vínlykt úr vitum kærða. Að öðru leyti kveður vitni þetta kærða ekki hafa borið önnur merki þess, að hann hefði neytt áfengis, en fyrrnefnda lykt.

Vitnið Tryggvi Friðlaugsson lögregluþjónn hefur borið það, að sér hafi virzt kærði vera undir áfengisáhrifum, er það kom á árekstrarstaðinn. Ekki kveður það þó kærða hafa reikað í spori, en eitthvað hafi því virzt athugavert við framkomu hans, og virtist því, sem kærði væri að setja sig í stellingar gagnvart þeim lögregluþjónunum. Vitnið Magnús Sigurðsson lögregluvarðstjóri, sem var á verði á lögregluvarðstöðinni, er komið var með kærða þangað, hefur einnig borið, að því hafi virzt sem kærði reyndi að setja sig í stellingar til að leyna einhverju í fari sínu. Þetta vitni hefur og borið það, að útlit kærða hafi bent til, að hann hafi verið ölvaður. Ekki kveður það hann þó hafa reikað í spori, og hafi hann verið rólegur. Vitnið Matthías Einar Guðmundsson, er var staddur á lögregluvarðstofunni, er kærði kom þangað, hefur einnig borið það, að því hafi virzt sem kærði væri undir áfengisáhrifum. Enn fremur kveður þetta vitni kærða hafa viðurkennt í samtali við það þarna á varðstofunni, að hann hefði bragðað áfengi umræddan dag, án þess þó að játa beinlínis, að hann fyndi til áfengisáhrifa af þeirri neyzlu. Þessu vitni ber saman við önnur um það, að kærði hafi verið rólegur í skapi.

Blóðsýnishorn var tekið úr kærða á Landsspítalanum, og sýndi það alkóhólmagn, er svarar til 2.51‰ í blóði hans.

Kærði hefur frá upphafi rannsóknar þessa máls eindregið neitað því, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa, er hann ók bifreið sinni í margnefnt skipti. Hann hefur skýrt þannig frá, að er hann kom heim til sín á Laufásveg 63 að aflokinni máltíð um kl. 1½ e. h. laugardaginn 9. marz s. l., hafi hann drukkið eitt staup af brennivíni, en síðan lagzt fyrir og ekki farið neitt út fyrr en um kl. 6 e. h. Hann kveður engan hafa komið til sín á þessum tíma, og hann hefur staðfastlega neitað því að hafa neytt meira áfengis þenna dag og þar af leiðandi ekki fundið til áfengisáhrifa, er hann ók bifreið sinni kl. 6—7 e. h., eins og fyrr segir. Annars hefur kærði borið það, að hann hafi verið veikur og máttfarinn nokkra daga að undanförnu, og hafi hann tekið verkeyðandi töflur, 2—3 á dag. Töflur þessar hafa formula: Tabulae phenasatyl c. cod. L. Vegna þessa lasleika kveðst kærði ekki hafa verið vel fyrir kallaður við akstur inn nefnt kvöld, en ekki hafi hann verið haldinn sljóleika vegna ölvunar næsta kvöld áður, enda hafi hann ekki neytt áfengis þá. Loks kveðst kærði hafa ekið hægt á leið sinni norður Pósthússtræti að gatnamótum Kirkjustrætis. Kveðst hann ekki hafa séð bifreiðina R 2998 fyrr en á gatnamótin var komið, og hafi hann þá hemlað, en bifreið hans runnið áfram, þar eð krap hafi verið á götunni. Leitað hefur verið umsagnar Jóns Steffensens prófessors um það, hvort inntaka þess magns af verkeyðandi töflum, sem kærði kveðst hafa tekið áður og um það leyti, sem blóðsýnishorn var tekið úr honum, geti valdið reduction eða verkað sljóvgandi á menn, og hefur

prófessorinn talið slíkt útilokað, hvað snertir heilbrigða menn. Nú hefur því verið haldið fram, að kærði væri ekki heilbrigður, og gæti því komið til álita, að hann hefði með bifreiðaakstri sínum brotið 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. En með tilliti til hins mikla alkoholmagns í blóði kærða, studdu að verulegu leyti af framburði fyrrnefndra vitna, verður, þrátt fyrir eindregna neitun kærða, að telja nægilega sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreið sinni í umrætt skipti, og hefur hann með því brotið 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Einnig hefur kærði með því að skeyta ekki umferð, er kom frá vinstri hlið hans, brotið 3. mgr. 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 með áorðnum breytingum og 7. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941.

Með hliðsjón af 39. gr. áfengislaga, 38. gr. bifreiðalaga, 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 14. gr. umferðarlaga þykir refsing kærða hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta kærða leyfi til að stjórna bifreið ævilangt, þar eð um ítrekað brot er að ræða, og kemur svipting þessi til framkvæmda frá birtingu dóms þessa að telja.

Enn fremur ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 250.00.

Mál þetta hefur verið rekið vítalaust, og stafar dráttur sá, er á rekstri þess hefur orðið, aðallega af fresti, er skipuðum verjanda kærða var veittur, þar til fengin var fyrrnefnd umsögn Jóns Steffensens prófessors.

Dómsorð:

Kærði, Eiríkur Símonarson Beck, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að stjórna bifreið ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 250.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. júní 1947.

Nr. 131/1946. **Skipaútgerð ríkisins** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
**Dánarbúi Guðmundar Jónssonar og Jóni Guðmundssyni og gagnsök**
(Hrl. Lárus Jóhannesson).

**Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébótamál vegna tjóns af árekstri skipa.

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. júlí 1946 og gert þær réttarkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að dæmdar bætur verði færðar niður eftir mati hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur, sem hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 18. sept. f. á. skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 30. sama mánaðar, gera þær dómkröfur, aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 79500.00 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1945 til greiðsludags og kr. 5645.65 í málskostnað í héraði svo og málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, sigldu skipstjórnarmenn á Esju skipinu aftur á bak með of miklum hraða alllanga leið innan hafnar, og var hvorki nægileg varðgæzla aftur á skipinu né lögboðin hljóðmerki gefin, sbr. 28. gr. tsk. nr. 8/1933.

Skipstjórnarmaður á Þingeynni sá til ferða Esju og hefði getað afstýrt árekstri með því að stöðva skipið eða beygja meir til stjórnborða. Eigi gaf hann heldur hljóðmerki. Hafa því stjórnendur beggja skipanna sýnt ógætni, og er allar aðstæður eru athugaðar þykir rétt, að aðaláfrýjandi beri $^3/_5$ tjónsins, en gagnáfrýjendur $^2/_5$.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum ⅗ af kr. 79500.00 eða kr. 47700.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1945 til greiðsludags og samtals kr. 3500.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði gagnáfrýjendum, dánarbúi Guðmundar Jónssonar og Jóni Guðmundssyni, kr. 47700.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1945 til greiðsludags og samtals kr. 3500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar hrd.**

Ég álít, að leggja beri ábyrgð á tjóninu að jöfnu á aðilja, og bæri aðaláfrýjanda samkvæmt því að greiða gagnáfrýjendum kr. 39750.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1945 til greiðsludags. Að öðru leyti er ég samþykkur dómsatkvæðinu.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. maí 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Lárus hæstaréttarlögmaður Jóhannesson f. h. eigenda m/b Þingeyjar höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 31. maí 1945, gegn Skipaútgerð ríkisins til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 79500.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur hafnarsjóði Reykjavíkur og verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að sökinni verði skipt að mati dómsins og málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. apríl 1945 um kl. 3 kom m/b Þingey inn í Reykjavíkurhöfn og ætlaði upp að Grófarbryggju. Er skipið kom framan við Faxagarð var sett á hæga ferð. Kveðst skipstjóri Þingeyjar þá hafa séð, að m/s Esja, eign stefnda, sigldi aftur á bak frá gamla hafnarbakkanum, og vék hann því til stjórnborða, enda kveðst hann hafa

búizt við því, að sigling Esju aftur á bak myndi lokið þá og þegar, þar eð skutur hennar nálgaðist mjög Ægisgarð. Kemst skipstjórinn svo að orði, að þegar hann sá, að Esja breytti ekki um stefnu og skipin bar hratt saman, lét hann vélina taka fulla ferð aftur a bak, en þegar Þingey hafði vel staðar numið, rann afturendi Esju með miklum þunga framanvert á bakborðsbóginn, og varð árekstur inn svo mikill, að Þingey snerist við og rann fram með bakborðssíðu Esju, fram fyrir hana. Skýrir stefnandi svo frá, að tjón það, er af árekstri þessum hlauzt, hafi verið svo mikið, að skip hans, sem vátryggt var hjá vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu fyrir kr. 97000.00, þar af 10% í sjálfsábyrgð, var metið óbætandi, þannig að ábyrgðarfélagið hafi yfirtekið bátinn gegn greiðslu á kr. 87300.00.

Dómkvaddir matsmenn hafa metið verðmæti m/b Þingeyjar fyrir árekstur inn kr. 156800.00, og telur stefnandi tjón sitt því nema mismun þessara tveggja fjárhæða auk kr. 10000.00 bóta fyrir annað tjón, og þar eð stefnandi telur stefnda bera alla sök á árekstri þessum, hefur hann höfðað mál þetta.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að stjórnendur m/b Þingeyjar hafi sýnt slíkt gáleysi við þetta tækifæri, að þeir beri alla sök á því tjóni, er af árekstrinum hlauzt, þar eð þeim hafi mátt vera ljóst, frá því er fyrir Faxagarð kom, að hverju stefndi, og hafi þeim því borið að nema staðar, þegar er ferðar Esju varð vart.

Það er í ljós leitt í máli þessu, að stýrimaður sá, er var á verði aftur á Esju, gaf enga viðvörun um, að skip væri afturundan, og játað er, að hljóðmerki voru engin gefin. Af vætti skipsmanna á Þingey þykir og nægilega sannað með hliðsjón af vottorðum tveggja sjónarvotta í landi, að hraði Esju hafi verið ónauðsynlega mikill, eins og á stóð. Verður því að telja, að stjórnendur Esju hafi átt meginsök á árekstri þessum.

Hins vegar verður að líta svo á, að stjórnendur Þingeyjar eigi einnig nokkra sök á slysi þessu, þar eð hvorki gáfu þeir hljóðmerki né beittu öðrum tiltækilegum aðgerðum til þess að forðast árekstur í tæka tíð, og þykir sakarhlutföllum hæfilega skipt þannig, að stjórnendur Esju beri ¾ hluta sakar, en stjórnendur Þingeyjar fjórðung.

Fjárhæð bótakröfunnar hefur eigi sætt sérstökum andmælum, og verður hún því tekin óbreytt til greina.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 59625.00 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3500.00.

Dóm þenna hafa upp kveðið þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Geir skipstjóri Sigurðsson og Sigurjón Á. Ólafsson fyrrum alþingismaður.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Lárusi Jóhannessyni f. h. eigenda m/b Þingeyjar, kr. 59625.00 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1945 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 5. júní 1947.

Nr. 49/1947. **H/f Björgvin** (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn
**Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps f. h. hreppsins** (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

**Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Útburðarmál.

**Dómur hæstaréttar.**

Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður í Strandasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. maí þ. á., hefur gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að neitað verði um framkvæmd útburðargerðar þeirrar, sem krafizt er. Svo krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta ákvæði hans um framkvæmd útburðar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um útburð á að vera óraskað.

Áfrýjandi, h/f Björgvin, greiði stefnda, hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps f. h. hreppsins, samtals 1200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetaréttar Strandasýslu 8. maí 1947.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 2. þ. m., endurupptekið og tekið til úrskurðar á ný 7. þ. m., hefur gerðarbeiðandinn, hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps f. h. hreppsins, krafizt þess, að gerðarþoli, h/f Björgvin á Ísafirði, verði með beinni fógetagerð sviptur leiguafnotum af hafskipabryggjunni í Hólmavík ásamt meðfylgjandi plani, áhöldum og öðru tilheyrandi, og afnot þess og allt hið leigða afhent gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur ekki mætt né látið mæta í máli þessu, þótt honum hafi verið tilkynnt um fyrirtöku þess, en framgangi gerðarinnar hefur hann mótmælt í símskeyti, sem lagt hefur verið fram í réttinum.

Málið hefur verið tekið til úrskurðar samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, og hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola eftir mati réttarins.

Eftir því, sem fram hefur komið, eru málavextir þessir:

Með samningi, dags. 20. des. 1944 og 7. febrúar 1945, seldi gerðarbeiðandi gerðarþola á leigu afnot af hafskipabryggjunni í Hólmavík til síldarsöltunar „á næsta sumri", ásamt meðfylgjandi plani, ca. 1500 fermetrar að stærð, með síldarsöltunaráhöldum, sem bryggjunni tilheyra, geymsluskúr og landrými, sem bryggjan hefur til afnota. Þá var gerðarþola og heimiluð notkun vatns frá vatnsgeymi bryggjunnar án sérstaks endurgjalds. — Fyrir afnot þessi skyldi gerðarþoli greiða gerðarbeiðanda í lágmarksleigu 15000 kr. Leigugjald þetta skyldi gerðarþoli greiða fyrir 15. janúar 1945. Auk þess skyldi gerðarþoli greiða kr. 1.50 í leigu af hverri tunnu síldar, sem söltuð yrði á bryggjunni. Sú leiga skyldi greiðast jafnóðum og útflutningur síldarinnar færi fram og að fullu 30. okt. 1945. Gerðarbeiðandi áskildi sér „rétt til umráða yfir það mikla magni af saltaðri síld eða tunnum, sem hann telur fullnægjandi til greiðslu á áföllnum leigugjöldum, ef vanskil verða frá hendi leigutaka."

Með viðbótarsamningi, dags. 7. nóvember 1945, komu aðiljar sér saman um að framlengja „leigusamning á söltunarstöð Hólmavíkur til tveggja ára eða til 1. nóvember 1947, og skal hann gilda óbreyttur.“ Þó skyldi gerðarþoli sjá um viðhald og viðbætur áhalda hafnarsjóði Hólmavíkur að kostnaðarlausu. Að öðru leyti en því, sem nú síðast er greint, er svo að sjá, sem aðiljar hafi ætlazt til, að önnur ákvæði hins upphaflega samnings héldust óbreytt, eftir því sem við ætti.

Leigugjaldið, kr. 15000.00, sem samkvæmt samningnum skyldi greiðast fyrir 15. janúar s. l., var ógreitt hinn 5. marz s. l., og sendi gerðarbeiðandi þann dag símskeyti til gerðarþola og skoraði á hann að greiða hið áfallna gjald fyrir 7. s. m., en taldi sig ella lausan við samninga um hið leigða vegna greiðsludráttar af hendi gerðarþola.

Þar sem gerðarþoli sinnti eigi þessari áskorun, auglýsti gerðarbeiðandi í hádegisútvarpi 13. marz s. l. hafskipabryggjuna í Hólmavík með síldarsöltunarplani og öðru til leigu til síldarsöltunar á næsta sumri og óskaði eftir tilboðum. Síðar sama dag móttók gerðarbeiðandi símskeyti, sent frá Reykjavík kl. 17,10 s. d., þar sem gerðarþoli tilkynnti, að hann hefði þann 6. marz s. l. greitt umkrafðar 15000 kr. inn í reikning hafnarsjóðs Hólmavíkur í Útvegsbankanum í Reykjavík, og hafi gerðarþoli beðið bankann að senda kvittun fyrir greiðslunni til Hjalta Steingrímssonar hafnarnefndarformanns í Hólmavík. Jafnframt óskaði gerðarþoli, að hætt yrði að bjóða síldarsöltunarstöðina út til leigu.

Gerðarbeiðandi fékk 17. marz s. l. símskeyti frá Útvegsbankanum í Reykjavík, þar sem skýrt er frá því, að greiðsla á umræddum 15000 kr. í reikning hafnarsjóðs Hólmavíkur hafi farið fram 13. marz s. l., og kemur þetta heim við kvittun, sem síðar barst formanni hafnarnefndar með bréfi bankans, dags. 14. s. m.

Með símskeyti, dags. 24. marz s. l., var bankinn af gerðarbeiðanda hálfu beðinn að endurgreiða gerðarþola þær 15000 kr., sem hann þann 13. s. m. greiddi í reikning hafnarsjóðs, og var gerðarþola jafnframt tilkynnt um þessa endurgreiðslu og það með, að gerðarbeiðandi afturkallaði ekki uppsögn samningsins.

Í mótmælum sínum fullyrðir gerðarþoli, að samningsgreiðslan, 15000 kr., hafi farið fram 6. marz s. l., en hefur engar frekari sannanir fært fyrir því, að svo hafi verið.

Kvittun Útvegsbankans í Reykjavík verður hins vegar, ásamt staðfestingu í símskeyti bankans, að teljast nægileg sönnun fyrir því, að greiðsla þessi hafi ekki farið fram fyrr en 13. marz s. l.

Þá hefur gerðarþoli einnig haldið því fram í mótmælum sínum, að gerðarbeiðandi hafi „aldrei borið fyrir sig vanskil eða krafizt tryggingar samkvæmt 3. grein c. samningsins, sem eru einu viðurlög greiðsludráttar eða vanskila“ og sé „ultimatum gerðarbeiðanda

um greiðslu fyrir ⅞ með tveggja daga fyrirvara hrein fjarstæða sem grundvöllur riftunar."

Ekki verður á það fallizt, að gerðarbeiðanda hafi borið skylda til að neyta þeirrar heimildar, sem honum er fengin samkvæmt 3. gr. c. samningsins (rskj. nr. 4) til umráða yfir þar greindum hlutum til tryggingar efndum, og getur aðgerðarleysi hans um þetta eigi skipt hér máli. Verður að líta svo á, að viðurlög vanefnda vegna greiðsludráttar fari hér eftir almennum reglum.

Þykir nú rétt að athuga, hvernig samband hefur undanfarið verið milli gerðarbeiðanda og gerðarþola, hvað snertir greiðslu 15000 kr. leigugjaldsins, sem greiðast skyldi samkvæmt samningum fyrir 15. janúar. Um þetta liggur fyrir skýrsla formanns og gjaldkera hafnarsjóðs Hólmavíkur, Hjalta Steingrímssonar, og kemur hún í aðalatriðum heim við skýrslu umboðsmanns gerðarbeiðanda í máli þessu, Jónatans Benediktssonar.

Samkvæmt þessari skýrslu hefur leigugjaldið, kr. 15000.00, verið greitt árið 1945 þann 7. febrúar eða um leið og gerðarþoli undirritaði upphaflegan samning um hið leigða. Árið 1946 var leigugjald þetta eigi greitt fyrr en 16. marz og þá til Útvegsbankaútibúsins á Ísafirði, sem þann 20. s. m. greiddi upphæðina inn í reikning hafnarsjóðs Hólmavíkur í Útvegsbankanum í Reykjavík. Kveðst hafnargjaldkerinn tvisvar áður en greiðslan fór fram, en eftir gjalddagann 15. janúar, hafa krafið gerðarþola um greiðslu gjaldsins. Á yfirstandandi ári, eftir að greiðsla hafði dregizt fram yfir gjalddagann 15. janúar, kveðst hafnargjaldkerinn hafa þann 25. janúar krafið um greiðslu, og aftur 14. febrúar, í bæði skiptin í símtali við Björgvin Bjarnason, útgerðarmann á Ísafirði, sem er framkvæmdarstjóri gerðarþola. Til stuðnings því, að þetta sé rétt, hefur hafnargjaldkerinn sýnt í réttinum símakvittanir fyrir símtölum, sem hann framangreinda daga hefur átt við Björgvin Bjarnason á Ísafirði.

Um þetta liggur eigi fyrir skýrsla frá gerðarþola.

Enda þótt dráttur á 15000 króna leigugjaldinu væri af gerðarbeiðanda, án frekari aðgerða, látinn við gangast árið 1946 fram til 20. marz, þykir eftir atvikum gerðarþola eigi hafa helgazt réttur til að draga greiðslu leigugjaldsins á ný á þessu ári. Verður að telja gerðarþola þegar hafa sýnt veruleg vanskil vegna greiðsludráttar, er á hann var skorað með símskeyti 5. marz s. l. að inna greiðsluna af hendi fyrir 7. s. m. Með því að greiðsla þessi fór svo ekki fram innan tilskilins frests og ekki fyrr en 13. marz s. l., verður að líta svo á, að um veruleg vanskil hafi verið að ræða. Verður gerðarbeiðandi því eigi talinn bundinn við samninga um hið leigða.

Samkvæmt framangreindu verður eigi hjá komizt að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina, og verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 600 krónur í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, h/f Björgvin á Ísafirði, greiði gerðarbeiðanda, hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps f. h. hreppsins, 600 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 5. júní 1947.

Nr. 121/1945. **Kjartan Milner** (Hrl. Sigurður Ólason)

gegn

**Hjörleifi Elíassyni** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

**Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Fébóta krafizt vegna vanefnda kaupsamnings.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. sept. 1945, krefst þess, aðallega að kveðið verði á um skaðabótaskyldu stefnda við hann, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði áfrýjanda eða til þrautavara á synjunareiði stefnda. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjanda hefur ekki tekizt að leiða nægilegar líkur að loforði því, sem hann reisir kröfur sínar í máli þessu á. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1945.**

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Kjartan Milner, veitingamaður í Stykkishólmi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. ágúst f. á., gegn Hjörleifi kaupmanni Eliassyni, Njálsgötu 94 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjáhæð kr. 50000.00, eða til vara annarrar lægri fjárhæðar að mati dómara, auk 6% ársvaxta frá 1. desember 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málflutningur hefur að þessu sinni aðeins farið fram um skaðabótaskyldu stefnda. Bar umboðsmaður stefnanda fram þá *aðalkröfu*, að stefndi yrði með dómi talinn bótaskyldur gagnvart stefnanda, en *til vara*, að úrslit málsins að þessu leyti yrðu látin koma undir aðildareiði og þá *aðallega* fyllingareiði stefnanda. Loks krafðist hann málskostnaðar, en til vara, að hann yrði látinn niður falla.

Af hálfu stefnda var sem fyrr krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í októbermánuði 1943 tók stefnandi á leigu verzlunarhúsnæði í viðbótarbyggingu við húsið nr. 18 við Aðalstræti, eign Árna læknis Péturssonar o. fl. Stofnsetti stefnandi þar verzlun, er hann nefndi Uppsalabúðina, og var hún opnuð 13. nóvember s. á. Skömmu síðar auglýsti stefnandi verzlunina til sölu, og skýrir hann svo frá, að tveir menn, er sendu honum tilboð í sameiningu, hafi fengið þau svör, að verzlun hans ætti að kosta kr. 50000.00 auk vörubirgða, sem greiða skyldi sérstaklega eftir talningu. Létu menn þessir stefnanda síðar vita, að þeir myndu ekki ganga að þeim kjörum. Þá kveðst stefnandi hafa sett sig í samband við stefnda, sem einnig hafði sent tilboð, og hafði árangurinn af því orðið samkomulag um verzlunarfélag með þeim, og heldur stefnandi því fram, að kjörin hafi verið á þá leið, að stefndi skyldi greiða kr. 30000.00 og að auki helming vörubirgðanna. Hafi þeir aðiljarnir síðan farið til lögfræðings og falið honum að semja félagssamning eftir þeirra fyrirsögn, án þess þó að 30 þúsund króna greiðslunnar væri getið í samningnum. Síðar sama dag, sem þetta gerðist, kveður stefnandi annan fyrrgreindra tilboðsgjafa hafa átt tal við sig og tjáð sér, að nú væru þeir reiðubúnir til að eiga við hann kaup á framangreindum grundvelli. Hafði hann þá sagzt hafa fengið hagkvæmara tilboð og hafa þegar tekið því. Næsta dag áttu aðiljar tal saman, og meðan þeir biðu samnings þess, er undirrita átti, hafði stefndi uppi tilboð um kaup allrar verzlunarinnar.

Þrem dögum síðar segir stefnandi, að tekizt hafi samningar með aðiljum þannig, að stefndi skyldi kaupa alla verzlunina fyrir kr. 75000.00 og auk þess vörubirgðir samkvæmt upptalningu, er greiða skyldi sérstaklega. Fór síðan fram vörutalning, og stefnandi kveðst

hafa aflað samþykkis Árna Péturssonar og Karls Kristinssonar, sem sá um fjármál Árna, a. m. k. að því er húsnæði þetta snerti, til eigendaskipta að verzluninni. Voru vörur stefnanda því næst fluttar út úr verzluninni, en í staðinn setti stefndi upp bókaverzlun, en svo virðist sem eigandi bókanna og hinn raunverulegi eigandi bókaverzlunarinnar hafi verið Ragnar Jónsson framkvæmdarstjóri, en hann hafði ætlað að veita stefnda fjárhagsstuðning til viðskipta þessara. Er stefnandi vildi vitja kaupverðsins hjá stefnda, kom það í ljós ,að stefndi taldi sig hafa keypt verzlunina og vörubirgðirnar, hvort tveggja fyrir kr. 75000.00. Þar eð ekki gekk saman með aðiljum og nefndum Ragnari, varð það úr, að stefnandi bað um útburð á Ragnari, en tveim dögum síðar bað fyrrnefndur Karl f. h. Árna Péturssonar um útburð á stefnanda og þeim, er leiddu dvöl sína í húsinu frá rétti hans. Varð loks samkomulag, að sögn stefnanda, þannig, að hann og Árni riftu leigusamningnum, en Árni endurgreiddi honum kostnað við innréttingu, kr. 15000.00, og kr. 10000.00, er stefnandi kveðst hafa greitt, er leigusamningur var gerður. Vörubirgðirnar hafi Ragnar Jónsson keypt, er samkomulag þetta var gert.

Telur stefnandi sig hafa af þessu beðið tjón, er nemi kr. 50000.00, og telur stefnda hafa valdið því með vanefndum sínum á framangreindum kaupsamningi aðilja og að stefndi beri því bótaábyrgð gagnvart sér.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samningar hans og stefnanda hafi verið þeir, að stefndi keypti verzlunina og vörubirgðirnar fyrir kr. 75000.00, og hafi það þar að auki verið forsenda fyrir því verði, að vörubirgðirnar stæðust áætlun þá, kr. 36000.00, er aðiljar höfðu um þær gert. Með því að halda fast við kröfu sína um greiðslu á kr. 75000.00 auk greiðslu fyrir vörubirgðirnar hafi stefnandi sjálfur rofið samning aðiljanna, og telur stefndi því, að hann hafi orðið laus allra mála við hann. Þá hafi stefnandi og samið sjálfur við Ragnar Jónsson og gert út um mál þessi við hann, án þess að stefndi kæmi þar nálægt sem aðili. Enn fremur telur stefndi, að hann hafi, hvort sem er, losnað við skyldu til efnda samninganna, er það kom í ljós, að stefnandi hafði ekki aflað samþykkis húseiganda til framleigu búðarinnar, en sú staðreynd sé augljós af útburðarbeiðni þeirri, er fyrr greinir, og hefur afrit hennar verið lagt fram í málinu.

Loks hefur stefndi eindregið mótmælt því, að hann hafi nokkurn tíma fallizt á fyrrgreinda samninga um félagsverzlun við stefnanda og kveðst hafa skilið samningsdrög þau, er fyrr getur, einungis sem tilboð af hálfu stefnanda. Það sé enn fremur ljóst af sögu málsins, að aldrei kom til samþykktar þess tilboðs, enda hafi stefndi boðið sjálfur að kaupa alla verzlunina, áður en samningurinn um félagsverzlun var lagður fyrir hann.

Gegn hinum eindregnu andmælum stefnda hefur stefnanda ekki

tekizt að færa sönnur á framangreindar staðhæfingar sínar um efni kaupsamnings aðiljanna, að því er til söluverðsins tekur, og verður því ekki unnt að taka til greina aðalkröfu hans.

*Varakröfu* sína byggir stefnandi á því, að þótt eigi verði talin fram komin lögfull sönnun um sannleiksgildi skýrslu hans um kauptilboð stefnda á allri verzluninni, séu að því leiddar nægar líkur til þess, að úrslit málsins megi vera undir aðildareiði komin að þessu leyti. Rökstyður hann það einkum með því, að fyrsta tilboðið hafi numið kr. 50000.00 auk verðs vörubirgða (áætlað kr. 36000.00, sem fyrr segir), og skyldi það vera fyrir alla verzlunina. Samkvæmt fyrra samkomulagi aðilja um verzlunarrekstur í félagi, skyldi stefnandi fá greiddar kr. 30000.00 auk verðs helmings vörubirgðanna, sem var áætlað samkvæmt framansögðu kr. 18000.00. Það liggi því í augum uppi, að loks þegar samningar tókust um sölu allrar verzlunarinnar og vörubirgðanna, hljóti hann að hafa tekið tilboði, sem væri ekki hlutfallslega allmiklu lægra en hin tvö, sem hann hafði þegar átt völ á, ekki sízt þegar þess sé gætt, að með algerri sölu svipti hann sjálfan sig tækifæri til hagnaðar framvegis af rekstri verzlunarinnar. Séu því nægar líkur að því leiddar, að söluverðið hafi a. m. k. átt að nema hærri fjárhæð en kr. 40000.00 + ca. 36000.00, og því sennilegt gert, að skýrslur stefnda um þessi efni séu rangar.

Auk mótmæla þeirra af hálfu stefnda, er fyrr getur, gegn því, að hann hafi fallizt á og samþykkt tilboð stefnanda um félagsskap aðilja, hefur hann mótmælt því sérstaklega, að hin falda greiðsla, sem fyrr getur, hafi átt að nema kr. 30000.00, án þess þó að tiltaka sjálfur fjárhæð hennar. Þá hefur hann og mótmælt því sem ósönnuðu, að fyrrgreindir tveir tilboðsgjafar hafi raunverulega fallizt á að greiða kr. 50000.00 auk vörubirgðanna.

Tvö af vitnum þeim, sem komið hafa fyrir dóm í máli þessu, hafa borið það, að þeim hafi skilizt á aðiljum, að þeir væru sameigendur. Ekki þykir vætti þeirra þó fá veitt staðhæfingum stefnanda um þetta nægа sönnun, þar eð atvik þau, er vitnin virðast byggja á þenna skilning sinn, eru mjög óljós og ekki hin sömu hjá báðum, enda veitir vætti fyrrgreinds lögfræðilegs ráðunauts um samningsgerðina ekki nægilega stoð í þessa átt. Verður því ekki gegn mótmælum stefnda unnt að telja sannaða þá staðhæfingu stefnanda, að samkomulag hafi verið á komið með aðiljum um félagsskap þeirra. Með skírskotun til framanritaðs þykir stefnandi því ekki, þrátt fyrir styrk þann, sem hinn samhljóða framburður framangreindra tveggja tilboðsgjafa ella kynni að mega veita málstað hans, hafa leitt nægar líkur að staðhæfingum sínum til þess, að unnt sé að telja grundvöll aðildareiðs fyrir hendi. Verður varakrafa stefnanda því heldur ekki til greina tekin.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður sýknaður af öll-

um kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna. Dráttur á uppsögn hans stafar af embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Hjörleifur Elíasson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Milners, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

---

Mánudaginn 9. júní 1947.

Nr. 13/1945. **Síldarverksmiðjur ríkisins**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
**Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébóta krafizt vegna vanefnda loforðs um sölu síldarmjöls.

## Dómur hæstaréttar.

Hannes Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1945. Krefst hann algerrar sýknu í málinu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 21. marz 1945 áfrýjað málinu með stefnu 22. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 36530.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 36000.00 frá 10. nóv. 1942 og af kr. 530.00 frá 6. apríl 1943 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með þingsályktun 20. ágúst 1942 ákvað Alþingi, að Síldarverksmiðjur ríkisins skuli selja síldarmjöl til notkunar

innan lands á árinu 1942 sama verði og árið 1941, enda greiði ríkissjóður síldarverksmiðjunum mismuninn á þessu verði og almennu markaðsverði erlendis. Samkvæmt þessu var verð síldarmjöls ákveðið í sölu innan lands kr. 320.00 hver smálest, en að því er segir í skýrslu aðalafrýjanda frá júní 1943, nam meðalverð á útfluttu síldarmjöli kr. 518.80 hver smálest.

Í bréfi Búnaðarfélags Íslands til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 5. ágúst 1942, getur Búnaðarfélagið þess, að óvenjulega mikil þörf muni verða fyrir fóðurbæti til skepnufóðurs á komanda vetri. Áætlar Búnaðafélagið, að þurfa muni 6500 smálestir af síldarmjöli alls til notkunar innan lands. Í septembermánuði 1942 kom í ljós, að pantanir á síldarmjöli til fóðurbætis urðu miklu meiri en ráð hafði verið fyrir gert, og að síldarmjölsbirgðir þær, er þá voru fyrir hendi, mundu ekki hrökkva til að fullnægja pöntunum. Leiddi þetta til þess, að atvinnumálaráðuneytið lagði fyrir aðalafrýjanda 20. okt. 1942 að afgreiða aðeins 60% af upphaflegum pöntunum. Er þá talið, að síldarmjölsbirgðir hafi numið alls um 6000 smálestum, en óafgreiddar pantanir um 9100 smálestum. Jafnframt ákvað ráðuneytið, að birgðir þær af sólþurrkuðu fiskimjöli, er þá voru til í landinu, skyldu seldar til fóðurbætis innan lands. Virðast birgðir þessar hafa numið tæpum 2000 smálestum. Ákvað ráðuneytið, að verð á fiskimjölinu skyldi verða 320 krónur hver smálest, en til þess að svo gæti orðið, varð ríkissjóður að bæta framleiðendum fiskimjöls upp verðið með 150 krónum hverja smálest.

Hinn 4. sept. 1942 átti einn af fyrirsvarsmönnum gagnáfrýjanda tal í síma við skrifstofustjóra aðalafrýjanda um kaup á síldarmjöli. Með símskeyti til gagnáfrýjanda sama dag staðfesti aðalafrýjandi, að hann hafi selt honum 300 smálestir af síldarmjöli. Í máli þessu skýrði gagnáfrýjandi svo frá í héraði, að í nefndu símtali hafi hann upphaflega beðið um 400—500 smálestir síldarmjöls, og hinu sama hefur hann haldið fram í símskeyti til aðalafrýjanda 22. okt. 1942. Fyrir hæstarétti hefur því verið andmælt af hálfu aðalafrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi pantað meira en 300

smálestir, og styður aðaláfrýjandi þetta við yfirlýsingu þáverandi framkvæmdarstjóra Síldarverksmiðja ríkisins, sem lögð hefur verið fram í hæstarétti. Framangreindri skýrslu gagnáfrýjanda var að vísu ekki andmælt í flutningi máls þessa í héraði, en eins og kröfugerð gagnáfrýjanda var háttað, skipti þetta atriði þar ekki máli, þar sem einungis var krafizt bóta vegna vanefnda á afhendingu þeirra 300 smálesta, sem ræðir um í símskeytinu frá 4. sept. 1942. Svo verður og ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi svipt sig rétti til að bera þetta fyrir sig, þó að hann léti ósvarað áðurnefndu símskeyti frá 22. okt. 1942, sem ekki gaf tilefni til svars að þessu leyti. Þykir gagnáfrýjandi ekki hafa leitt sönnur að því, að hann hafi pantað meira en 300 smálestir síldarmjöls hinn 4. sept. 1942.

Í máli þessu reisir gagnáfrýjandi kröfu sína til skaðabóta á því, að kaup hans á 300 smálestum síldarmjöls, er í málinu getur, hafi verið fastráðin með símskeyti aðaláfrýjanda 4. sept. 1942, og hafi ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins um það, að einungis skyldu afhent 60% af pöntuðu síldarmjöli, ekki getað haggað rétti hans. Þau kaup, sem hér um ræðir, lúta ákvæðum 12. gr. laga um Síldarverksmiðjur ríkisins nr. 1/1938. Samkvæmt þeirri grein er aðaláfrýjanda skylt að selja samvinnufélögum og öðrum þeim aðiljum, sem þar greinir, síldarmjöl við því verði, sem ríkisstjórnin ákveður, enda hafi aðiljar þessir pantað fyrir 30. september ár hvert það síldarmjöl, sem þeir telja sig þurfa og aðaláfrýjandi getur látið af höndum. Með því að þannig er lögð söluskylda á aðaláfrýjanda um óákveðið magn síldarmjöls, þykir eðlilegast að skilja ákvæði þetta á þann veg, að fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda geti ekki lofað ákveðnu magni, svo bindandi sé, fyrr en hinn lögákveðni frestur er liðinn og sýnt er, hvort eða að hve miklu leyti unnt er að fullnægja þeim pöntunum, sem þá eru komnar. Þegar litið er til sölu síldarmjöls til skepnufóðurs á næstu árum fyrir 1942 og álits Búnaðarfélags Íslands frá 5. ágúst 1942, er áður getur, verður aðaláfrýjanda ekki talið það til sakar, þó að magn það af síldarmjöli, er hann hélt eftir til sölu innan lands, hrykki ekki til að fullnægja öllum pönt-

unum frá innlendum aðiljum, en eins og áður greinir, urðu þær að miklum mun meiri en áætlað hafði verið. Í málinu er það komið fram, að gagnáfrýjandi hefur fengið 225 smálestir síldarmjöls beint frá aðaláfrýjanda upp í pöntun sína frá 4. sept. 1942, eða meira en 60%. Þykir hann því ekki eiga rétt til þeirra bóta, sem hann krefst á þessum grundvelli.

Aðaláfrýjandi afhenti gagnáfrýjanda á Siglufirði síldarmjöl, er meiru nam en 60% af pöntun gagnáfrýjanda frá 4. sept. 1942. Verður krafa hans um þær kr. 530.00, er í málinu greinir, þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Síldarversmiðjur ríkisins, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kaupfélags Eyfirðinga, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

**Sératkvæði hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Jóns Ásbjörnssonar.**

Hinn 4. september 1942 átti fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda símtal við skrifstofustjóra aðaláfrýjanda og pantaði síldarmjöl. Í símskeyti til gagnáfrýjanda sama dag staðfesti aðaláfrýjandi, að hann hefði selt gagnáfrýjanda 3 hundruð smálestir af síldarmjöli. Í símskeyti til gagnáfrýjanda 22. október s. á. tilkynnti aðaláfrýjandi, að hann gæti nú samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins einungis látið af hendi 60% af síldarmjölspöntun gagnáfrýjanda. Þessu símskeyti svaraði gagnáfrýjandi samdægurs með símskeyti, þar sem hann m. a. lýsti því, að hann hefði pantað upphaflega 4—5 hundruð smálestir síldarmjöls, en einungis fengið loforð fyrir 3 hundruð smálestum. Þessari fullyrðingu andæfði aðaláfrýjandi ekki. Þá staðhæfði gagnáfrýjandi og í flutningi máls þessa, að 300 smálestir væri „lág-

marksafgreiðsla", „þar eð pantaðir hefðu verið 4—5 þúsund sekkir, en seljandi ekki talið sér fært að fastlofa meiru en 3000 sekkjum." Þessari staðhæfingu, sem var margendurtekin fyrir héraðsdómi, andmælti aðaláfrýjandi ekki, og það er ekki fyrr en málið er flutt öðru sinni í hæstarétti, að hann ber fram mótmæli gegn fullyrðingu þessari og leggur fram þeim mótmælum til staðfestingar umsögn forstjóra Síldarverksmiðja ríkisins, en forstjóri þessi tók ekki við pöntun gagnáfrýjanda á síldarmjöli 1942. Þar sem málavöxtum er svo háttað, sem nú var lýst, verður að miða við það, að gagnáfrýjandi hafi pantað í september 1942 4—5 hundruð smálestir síldarmjöls frá aðaláfrýjanda, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936. Nú hefur gagnáfrýjandi að vísu aðallega stutt kröfur sínar í málinu við loforð aðaláfrýjanda um sölu á 3 hundruð smálestum síldarmjöls, en gagnáfrýjandi hefur jafnframt að öðrum þræði þegar í héraði margsinnis lagt áherzlu á magn pöntunar sinnar, og verður því að ætla, að hann hafi gert það í því einu skyni að styðja kröfur sínar við það. Ber því að athuga einnig, hvort kröfur hans í málinu verða reistar á greindri pöntun. Verður nú tekið til úrlausnar í fyrsta lagi, hvort gagnáfrýjandi geti reist rétt á símskeyti aðaláfrýjanda frá 4. sept. 1942 og í öðru lagi á pöntun sinni og þeim fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins, er aðaláfrýjandi tjáði honum.

Um 1) Telja verður, að í símskeytinu frá 4. sept. 1942 felist loforð aðaláfrýjanda að selja gagnáfrýjanda 3 hundruð smálestir af síldarmjöli. Verður því úrlausnarefnið, hvort sú ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins, að einungis skyldu afhent 60% af pöntuðu síldarmjöli, geti haggað því loforði. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 1/1938 er aðaláfrýjanda skylt að selja samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum síldarmjöl við því verði, sem ríkisstjórnin ákveður, enda hafi aðiljar þessir pantað fyrir 30. sept. ár hvert það síldarmjöl, sem þeir telja sig þurfa.

Þar sem söluskylda aðaláfrýjanda á síldarmjöli til þeirra aðilja, er í 12. gr. getur, er reist á því sjónarmiði, að þessir aðiljar eigi þess kost að afla nauðsynlegra fóðurbirgða, eftir því sem föng eru á, þykir rétt að skýra ákvæðið þannig, að

fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda geti ekki gefið þessum aðiljum bindandi loforð um sölu ákveðins magns af síldarmjöli fyrr en eftir 30. september ár hvert, þegar séð er, hvort og að hve miklu leyti er hægt að fullnægja þeim pöntunum, sem þá hafa borizt frá greindum aðiljum. Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður aðaláfrýjandi ekki talinn bundinn við loforð sitt frá 4. september 1942.

Um 2) Leggja ber til grundvallar, svo sem áður segir, að gagnáfrýjandi hafi pantað 4—5 hundruð smálestir síldarmjöls. Ekki þykir unnt að miða úrlausn máls þessa við hærri pöntun en 4 hundruð smálestir, sbr. 66. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins átti gagnáfrýjandi því tilkall til 60% af 4 hundruð smálestum síldarmjöls frá aðaláfrýjanda. Nemur það 240 smálestum. Vantar því 15 smálestir upp á, að hann hafi fengið það magn, sem hann átti kröfu til, og skiptir hér ekki máli, þótt Samband íslenzkra samvinnufélaga hafi miðlað gagnáfrýjanda nokkru síldarmjöli, sem aðaláfrýjandi hafði selt Sambandinu kvaðalaust. Hver smálest maismjöls, sem gagnáfrýjandi varð að kaupa í stað síldarmjöls, var honum kr. 480.00 dýrari en hver smálest síldarmjöls. Verður því að ætla, að gagnáfrýjandi hafi beðið kr. 7200.00 tjón vegna þess, að hann fékk ekki áðurgreindar 15 smálestir síldarmjöls afhentar. En ekki veitir það aðiljum þeim, sem í 12. gr. laga nr. 1/1938 getur, eins og á stóð, réttindi gegn aðaláfrýjanda, þótt ekki stæðist mat fyrirsvarsmanna aðaláfrýjanda á því, hve miklu síldarmjöli skyldi haldið eftir í landinu handa þeim.

Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um sýknu aðaláfrýjanda af greiðslu kr. 530.00, sem gagnáfrýjandi krafðist vegna þess, að hann varð að vitja 20 smálesta síldarmjöls á Djúpuvík í stað Siglufjarðar.

Samkvæmt framanrituðu teljum við rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 7200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. júní 1944 til greiðsludags. Svo teljum við og hæfilegt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Siglufjarðar 6. nóvember 1944.**

Með stefnu, dags. 23. júní 1944, krefst stefnandinn, Jakob Frímannsson kaupfélagsstjóri, Akureyri, f. h. Kaupfélags Eyfirðinga, að stefndi, Jón Gunnarsson, framkvæmdarstjóri Síldarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, verði fyrir hönd Síldarverksmiðja ríkisins dæmdur til þess að greiða sér 36000 kr. skaðabætur fyrir að hafa vanefnt að afhenda sér 75 smálestir síldarmjöls, er um hafi verið samið að afhenda stefnanda, og krefst auk þess kr. 530.00 skaðbóta fyrir aukinn flutningskostnað á 20 smálestum síldarmjöls, er stefnandi hafi orðið að flytja frá Djúpuvík í staðinn fyrir frá Siglufirði. Þá krefst stefnandi 6% vaxta af upphæðunum frá 10. nóv. 1942 og málskostnaðar samkvæmt reikningi, en samkvæmt framlögðum reikningi er krafizt kr. 3931.50 í málskostnað.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Sumarið 1942 pantaði stefnandi, að því er hann ómótmælt af andstæðingi sínum fullyrðir og eins og framlögð símskeyti hans benda til, 400—500 smálestir síldarmjöls hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði. Stefndi lofaði með símskeyti 4. september að selja stefnanda 300 smálestir síldarmjöls af fyrsta flokks síldarmjöli. Þá hafði stefnandi þegar 4. september, eftir því sem ráða má af símskeyti stefnanda til S. Í. S. 17. september og ómótmælt í málflutningi stefnda, pantað 100 smálestir af síldarmjöli hjá S. Í. S., og var það an lofað þeirri pöntun, enda fékk hann hana. Í byrjun september höfðu stefnanda borizt pantanir á 4925 sekkjum (492½ smál.) frá ýmsum félagsmönnum, og pantanir ókomnar frá mörgum félagsmönnum. Var þá auðsætt, að K.E.A. myndi þurfa miklu meira síldarmjöl en það þegar hafði fengið loforð fyrir, og bað stefnandi þá S.Í.S. um að láta sig hafa meira síldarmjöl, og 17. september (1942) bað stefnandi S.Í.S. að framfylgja við S.R. (Síldarverksmiðjur ríkisins), að afgreiddar yrðu a. m. k. 400 smálestir síldarmjöls til stefnanda þaðan (loforð S.Í.S. og loforð S.R.). Stefnandi fékk og loforð S.Í.S. um 2500 sekki (250 smál) fiskimjöls, en fékk þó aðeins 198,3 smál. Jafnframt pantaði stefnandi og fékk 50 smálestir af síldarmjöli hjá síldarverksmiðjunni Rauðku.

22. október 1942 tilkynnir stefndi stefnanda með símskeyti, að fyrst um sinn geti Síldarverksmiðjur ríkisins ekki afgreitt nema 60% af síldarmjölspöntun stefnanda, vegna þess að atvinnumálaráðuneytið fyrirskipi, að eigi skuli afgreitt nema 60% af síldarmjölinu, svo að sem mestur jöfnuður verði meðal notenda um síldarmjölið.

Í sókn stefnanda er að vísu talað um, að símskeyti stefnda til stefnanda ræði um, „að eigi verði afgreitt nema 60% af síldarmjöli

því, sem umbj. mínum hafði verið lofað," en dómarinn telur sig eigi bundinn við þessa skýringu málflutningsmanns stefnanda á símskeytinu, þótt sú skýring sé stefnanda meira í óhag, þar sem símskeytið er lagt fram og það fjallar um „60% af síldarmjölspöntun yðar", þ. e. a. s. stefnanda.

Stefnandi krafði stefnda samdægurs um það, er vantaði á að afgreiða söluloforð stefnda, og hélt fast fram söluskyldu S.R., enda fékk hann nokkra viðbót afgreidda, svo að lokum vantaði ekki nema 75 smál. síldarmjöls upp á loforð stefnda.

Stefnandi, Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri (K.E.A.), keyðst kaupa síldarmjölið fyrir félagsmenn sína til þess að ná sem heppilegustum innkaupum fyrir þá og sjá þeim fyrir nauðsynlegum fóðurbæti.

Síldarmjölið kostaði 34 kr. hver 100 kg, komin á höfn á Akureyri. Vegna þess að lofaðar 75 smálestir síldarmjöls fengust ekki, keyðst K.E.A. hafa orðið að fá fyrir félagsmenn 75 smálestir maísmjöls, en kílóið af maís hafi minna fóðurgildi en kíló af síldarmjöli, en í skaðabótakröfu sinni gangi hann út frá sama fóðurgildi jafns þunga síldarmjöls og maísmjöls. 100 kg af maís kosti 82 kr., komin á höfn á Akureyri. Á þessum 75 smál. séu það 36000 kr., sem það kosti K.E.A. meira að kaupa 75 smál. af maísmjöli en hinar lofuðu 75 smál. síldarmjöls. Krefst stefnandi, að stefndi greiði sér þá upphæð. Auk þess hafi K.E.A. ekki fengið allt síldarmjölið, sem það fékk afgreitt, afhent á Siglufirði, heldur orðið að taka 20 smál. af síldarmjöli á Djúpuvík, en flutningur á því hafi orðið 26,50 dýrari á smálest, en á síldarmjöli afhentu á Siglufirði, eða alls kr. 530.00 dýrari á umræddum 20 smál. Krefst stefnandi, að stefndi verði einnig dæmdur til að greiða sér þá upphæð.

Stefndi heldur fram, að hann hafi haldið eftir af síldarmjöli lofuðu stefnanda aðeins samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins og atvinnumálaráðherra og plöggum þeim, er þar að lúta.

Eigi því stefnandi að beina málssókn sinni gegn atvinnumálaráðherra, en ekki gegn sér. Beri því að sýkna sig vegna aðildarskorts, a. m. k. sé það ómótmælanlegt, að sér (stefnda) beri að hlýða fyrirmælum atvinnumálaráðherra, en þá rekist framkvæmd samningsins um efhendingu 300 smálesta síldarmjöls til stefnanda á síðari ráðstafanir atvinnumálaráðuneytisins, sem stefndi beri enga ábyrgð á, þótt hann verði að hlýða.

Þegar samningar gerðust milli aðilja um umræddar 300 smál. síldarmjöls, hafi ráðstöfunarréttur á mjölinu verið frjáls, þegar svo síðar átti að framkvæma samninginn, hafi úthlutun mjölsins verið komin í hendur stjórnarráðsins og ráðherra, og allt gert að fyrirmælum þessara stjórnarvalda, sem aftur höfðu stjórn Búnaðarfélags Íslands með í ráðum. Þá telur stefndi og, að stefnandi hafi eigi staðið við greiðslur sínar að greiða mjölið við afhendingu eða

a. m. k. fyrir 10. nóv. (1942), og þegar af þeirri ástæðu hafi stefnda verið heimilt að rifta síldarmjölssamningnum um það, sem óafhent hafi verið.

Þá segir stefndi:

Ríkisstjórnin og S.R. komu fram sem einn aðili um afhendingu síldarmjöls í landinu. Gegnum S.R. fékk stefnandi 225 smál. plús 100 smál. fyrir atbeina S.Í.S., samtals 325 smál. Enn fremur fékk stefnandi frá S.Í.S. 198,3 smál. af fiskimjöli, en fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar fékk S.Í.S. þetta fiskimjöl til umráða. Þá hafi stefnandi fengið 50 smál. af síldarmjöli frá verksmiðjunni Rauðku, og hafi stefnandi þannig fengið meira af síldarmjöli en S.R. hafi lofað honum.

Að því er snertir aðildarskort sem sýknunarástæðu stefnda, verður að telja rétt, að sú sýknunarástæða sé ekki fyrir hendi. Mál gegn Síldarverksmiðjum ríkisins eða gegn framkvæmdarstjóra f. h. þeirra út af ráðstöfunum, sem framkvæmdarstjóri eða stjórn verksmiðjanna hefur gert, er rétt höfðað gegn þeim, en ber eigi að höfða gegn atvinnumálaráðherra.

Í 4. lið 4. gr. laga 1/1938 stendur:

Stjórn verksmiðjanna ræður framkvæmdarstjóra, er hefur *á hendi daglega stjórn verksmiðjanna* og umsjón með rekstrinum. *Annast hann sölu afurðanna* í samráði stjórnar, og 5. liður sömu greinar sömu laga segir: Framkvæmdarstjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum prókúru.

Í 7. gr. sömu laga segir:

Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem Síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. desember 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi. Með orðinu „skuldum" í 7. gr. er átt við hverja þá skuldbindingu, sem bakað getur Síldarverksmiðjum ríkisins peningaábyrgð og stofnað til skuldar.

Eftir 7. gr. hefði því borið að sýkna ráðherra eða ríkissjóð af málssókn, ef henni hefði verið beint þangað. Er því auðsætt, að Síldarverksmiðjur ríkisins hljóta að vera ábyrgar af gerðum framkvæmdarstjóra eða stjórnar, en ríkisstjórnin eða ríkissjóður ekki frekar en 7. gr. laganna ákveður, og stefndi því vera réttur aðili.

Þá hefur stefndi fært sér til málsbótar, að stefnandi hafi eigi staðið í skilum með greiðslur fyrir síldarmjölið, og stefndi því af þeim ástæðum getað rift afhendingarloforði á hinu lofaða síldarmjöli.

Hinn 24. marz 1943 krefur stefndi stefnanda um kr. 14971.80, er hann skuldi, sumpart fyrir síldarmjöl afhent í okt. 1942, sumpart fyrir síldarmjöl sent 4. marz 1943, og þar bent á, að allar síldarmjölspantanir eigi samkv. 12. gr. laga 1/1938 að hafa verið greiddar í síðasta lagi 10. nóv. s. á. (in casu: 1942).

Stefnandi svarar stefnda þessu í bréfi á þá leið, að skuld við

áramót hafi verið um 6000 kr., og hafi hann átt aðra eins upphæð álíka tíma oft hjá stefnda og tilkynnir, að hann hefði getað fengið borgun strax við útskipun, ef stefndi hefði á það lagt nokkra áherzlu frekar venju. Telja verður, að miðað við viðskipti aðilja áður hefði þurft tilkynningu stefnda til stefnanda um þetta atriði, ef slíkur dráttur á greiðslu hefði átt að firra stefnanda þeim rétti til afgreiðslu síldarmjölsins, sem hann annars hefði.

Eigi var heldur ástæða fyrir stefnanda að greiða stefnda það síldarmjöl fyrir 10. nóvember, sem stefnda vantaði á að fullnægja loforði sínu, þegar hann fyrir fram tilkynnti stefnanda, að hann léti hann ekki hafa meira síldarmjöl, og það er ómótmælt af stefnda, að það er ekki fyrr en 24. marz 1943, að stefndi sendir stefnanda reikning yfir nokkuð af síldarmjölinu. Það er og viðurkennt, að á undanförnum árum hafi greiðsla á síldarmjöli farið átölulaust seinna fram en 12. gr. síldarverksmiðjulaganna gerir ráð fyrir. Verður því þessi sýknuástæða stefnda ekki tekin til greina.

Eftir 12. gr. laga 1/1938 er stefnda „skylt að selja samvinnufélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög panta fyrir 30. september ár hvert." Það er því með lagagrein þessari tryggt að lögum, að aðiljum 12. gr., — en meðal þeirra er stefnandi (K.E.A), — skuli selt það síldarmjöl, sem þessir aðiljar panta fyrir 30. september ár hvert. Stefnandi hafði því að lögum tryggðan rétt til hins pantaða síldarmjöls hjá stefnda, ekki aðeins til hins lofaða mjöls, 300 smál., heldur líka til þess pantaða síldarmjöls hjá stefnda, 400—500 smál., áður en stefndi mátti láta nokkurn þann, er fellur ekki undir þá aðilja, er 12. gr. greinir, fá síldarmjöl. Og því aðeins kæmi takmörkun á hinu pantaða síldarmjöli til greina, að stefndi gæti ekki fullnægt öllum þeim aðiljum, sem 12. gr. nær til. En í þessu máli hefur hvorugum aðiljanna þótt taka því að veita nokkra vitneskju um, hverjir utan aðiljar 12. gr. hafi fengið afhent síldarmjöl. Þó má af málflutningnum sjá, að stefndi heldur eftir síldarmjöli fyrir nokkra, er hafa pantað síldarmjöl, en falla ekki undir 12. gr. l. nr. 1 frá 1938. Stefnandi heldur fram, að stefndi hafi með þessu gerzt brotlegur gegn 12. gr., og svo virðist vera, en að hve miklu leyti verður ekki fullséð, þar sem pöntunarskrá á síldarmjölinu hefur ekki verið lögð fram í málinu, enda þess eigi heldur krafizt af stefnanda hálfu. Stefnandi talar að vísu um skaðabótaskyldu stefnda samkvæmt 12. gr., en lætur þar við sitja og hefur ekki sýnt fram á, hve mikið síldarmjöl stefndi hefur selt öðrum en þeim, sem rétt áttu til þess eftir 12. gr. Þar af leiðandi verður ekki séð, hvað mikið tjón stefnandi hefur beðið við það, að stefndi hefur brotið gegn 12. gr. Telur dómarinn málið þannig flutt, að út í þá skaðabótaskyldu stefnda verði ekki frekar farið. Stefnandi leggur áherzlu á, að stefndi hafi lofað sér 300 smál. síldarmjöls, en vanti upp á það loforð 75 smál. Geti fyrirmæli ráðherra

um að uppfylla aðeins 60% af pöntunum ekki rift því loforði, án þess að stefndi verði skaðabótaskyldur.

Stefndi átti að vita, að samkvæmt 12. gr. síldarverksmiðjulaganna átti stefnandi tilkall til þess að fá síldarmjölspantanir sínar afgreiddar að fullu, nema þá ef síldarmjölið nægði eigi til þess að fullnægja þeim, sem rétt höfðu til þess að sitja fyrir síldarmjölinu eftir 12. gr., og til þess að skammta pantanir þeirra á milli þurfti engin skömmtunarlög. Slíkt lá í hlutarins eðli eftir 12. gr. Samt lofar stefndi stefnanda 300 smál. síldarmjöls, um mánuði áður en hann sá fyrir pantanir allar. Verður hann að teljast skaðabótaskyldur fyrir að rifta slíku loforði, nema gefnar hefðu verið út skömmtunarreglur, er löglega gerði loforðið óframkvæmanlegt. Að sjálfsögðu er stefnda skylt að hlýða fyrirmælum ráðherra um afhendingu *ólofaðs* síldarmjöls, að svo miklu leyti að ekki komi í bága við 12. gr., en ef fyrir liggja pantanir þeirra, er forgangsrétt hafa til síldarmjölsins eftir 12. gr., þarf ekkert skömmtunarákvæði til þess að skammta pantanir milli þeirra, ef ekki er hægt að fullnægja pöntunum þeirra að fullu. Það liggur í hlutarins eðli, að skammta má þeim — og jafnframt skylt —, ef ekki er nóg handa þeim. Hitt getur aftur rekið sig á 12. gr. að *lofa* ákveðnu magni síldarmjöls, löngu áður en sjáanlegt er, hvort hægt sé að fullnægja öllum, er rétt hafa til síldarmjölsins samkvæmt 12. gr., þótt stefnda sé nokkur vorkunn að hafa gefið ákveðið loforð vegna reynslu undanfarinna ára. En loforðið er þó bindandi fyrir stefnda, sem hann verður skaðabótaskyldur að rifta, ef ekki liggja fyrir lögboðnar skömmtunarráðstafanir, er hindri hann í að afgreiða og efna loforð sitt.

Með lögum 37/1939 er „Ríkisstjórninni" veitt heimild til þess að setja fyrirmæli „um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, sem til eru í landinu," en til nauðsynjavöru verður að telja síldarmjöl. Þetta gerir atvinnumálaráðuneytið og leggur fyrir stefnda að „afgreiða aðeins 60% af pöntununum" af síldarmjölinu, eins og stefndi ómótmælt heldur fram. Að vísu má segja, að það sé handahófsákvörðun hjá atvinnumálaráðuneytinu að ákveða að afgreiða 60% af hverri pöntun án tillits til þarfa, en bæði ber málið með sér, að þegar ákvörðun ráðuneytisins var tekin seint í október, var enginn tími til þess að rannsaka þörfina hjá hverjum einstökum, og þótt reglugerð hafi eigi verið gefin út, eins og 2. gr. laga 37/1939 gengur út frá, verður að telja, að ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins um að afgreiða aðeins 60% af síldarmjölspöntunum hafi verið bindandi fyrir stefnda, og honum borið að hlýða henni, nema að svo miklu leyti, sem álíta mætti, að skömmtunin komi í bága við 12. gr. síldarverksmiðjulaganna.

Mætti segja, að 60% skömmtunarákvörðunin væri á móti lögum, og stefnda óskylt að hlýða henni, því að lög 37/1939 gera enga breytingu á 12. gr. síldarverksmiðjulaganna. Það er sem sé ekki á

valdi atvinnumálaráðuneytisins að skammta síldarmjöl stefnda til annarra, fyrr en þeir, er forgangsrétt hafa til mjölsins eftir 12. gr., hafa fengið pantanir sínar að fullu. En ef síldarmjölsframleiðsla stefnda hefur ekki náð til þess að afgreiða pantanir aðilja 12. gr. að fullu, var skömmtun þeirra á milli sjálfsögð og í hlutarins eðli heimil (jafnvel án laga 37/1939).

Hitt hefur ekki verið upplýst í máli þessu, að hve miklu leyti aðrir en aðiljar 12. gr. hafa fengið (60%) af síldarmjöli stefnda, en eftir málflutningnum að dæma virðist það hafa orðið að einhverju leyti, t. d. hafa skip fengið af mjölinu o. fl., sem ekki falla inn undir 12. gr.

Hins vegar er líka eftir málflutningnum að dæma ástæða til þess að ætla, að lítið hafi kveðið að þessu og miklu minna en aðiljum 12. gr. hefur orðið gagn að þeim ráðstöfunum atvinnumálaráðuneytisins að skammta líka síldarmjöl annarra síldarmjölsframleiðenda, og auk þess hefur atvinnumálaráðuneytið greitt úr ríkissjóði 195 kr. með hverri smálest síldarmjöls til þess að lækka frá markaðsverði um þessa upphæð síldarmjölið til allra kaupenda.

Verður því að telja, að enda þótt slæðzt hafi með nokkrar síldarmjölspantanir til stefnda á síldarmjöli frá þeim, er eigi höfðu forgangsrétt til mjölsins eftir 12. gr., — og það er eigi vitað nema að hafi verið að mjög óverulegu leyti —, þá geti það ekki í heild gert skömmtunarákvörðun ráðuneytisins ógilda, og að stefnda hafi því borið að hlýða þessari skipun, og hún því gert loforð stefnda óframkvæmanlegt (nema 60%).

Jafnvel þótt skömmtunarákvörðunin hefði verið ólögmæt, og stefnda því eigi borið að hlýða henni og því verið skaðabótaskyldur fyrir vanefnd loforðs síns, þá hefur atvinnumálaráðuneytið þegar með ráðstöfunum sínum á útvegun fiskimjöls handa síldarmjölspantendum meir en bætt stefnanda tjón það, er hann hefði orðið fyrir af vanefnd loforðs stefnda.

Stefnandi fær (að vísu frá S.Í.S.) fiskimjöl — vegna útvegunar atvinnumálaráðuneytisins —, sem sparar honum meir hin dýru og óhentugu maísmjölskaup en síldarmjöl það, sem stefnda — vegna aðgerða ráðuneytisins — vantar á að uppfylla loforð sitt til stefnanda. Þótt stefnandi fái fiskimjölið ekki beint frá atvinnumálaráðuneytinu, er það eingöngu vegna ráðstafana ráðuneytisins, að S.Í.S. getur afhent stefnanda fiskimjölið. Ef á að líta á þær ráðstafanir ráðuneytisins, sem valda stefnanda tjóni og valda því, að stefndi þeirra vegna uppfyllir ekki loforð sitt að fullu, hlýtur að mega draga frá „tjóninu" það gagn, þann hagnað, fyrir stefnanda, sem leiðir af ráðstöfunum ráðuneytisins, og þar sem hagnaðurinn fyrir stefnanda við að fá fiskimjölið, 198,3 smál., sem hann fær, er meiri en af því að fá loforðið fyrir síldarmjölið uppfyllt að öllu, yrðu skaðabæturnar — þótt annars hefðu haft við lög að styðjast, — sem dóm-

arinn telur ekki, að fullu greiddar, og krafa stefnanda á stefnda fyrir brigð loforðsins að engu orðið.

Skaðabótakrafa stefnanda fyrir brigð loforðs stefnda hefur því eigi við rök að styðjast.

Þó kemur til álita, hvort skaðabótakrafa stefnda vegna vantandi 75 smál. síldarmjöls leiðir ekki af því, *að hann hafi vantað upp á að fá 60% af pöntun sinni*, hvort hann vanti ekki einmitt 75 smál. síldarmjöls upp á pöntun sína.

Stefnandi heldur því fram í máli þessu, að hann hafi pantað í símtali hjá stefnda, öll pöntunin virðist gerð í símtali, eftir því sem haldið er fram í málflutningi stefnanda, 400—500 smál. síldarmjöls, og þar sem því er ekki mótmælt af stefnda, verður að skoða það sem viðurkennt af stefnda, að stefnandi hafi pantað hjá honum 400—500 smál. af síldarmjöli, og 22. okt. 1942 sendir stefndi stefnanda símskeyti þess efnis, að „samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins" geti hann fyrst um sinn „aðeins afgreitt 60% af síldarmjölspöntun" stefnanda. Hér er ekki talað um 60% af síldarmjölsloforðinu. Dómarinn lítur svo á, að síldarmjölspöntun stefnanda sé ekki 300 smál. (síldarmjölsloforð stefnda), heldur 400—500 smál.

Er þá fyrst að ákveða, hvaða tölu á hér að leggja til grundvallar af fyrrgreindri „svigrúms"tölu pöntunarinnar.

Það er nú gefið, að pöntunin er a. m. k. 400 smál. 60% af þeirri tölu er 240 smál., sem stefndi ætti a. m. k. að standa stefnanda skil á. Nú hefur stefndi afgreitt til stefnanda 225 smál., ætti hann þá, ef aðeins væri miðað við lágmarkstöluna, að standa stefnanda skil á 15 smál. síldarmjöls og verða skaðabótaskyldur sem því svarar.

En dómarinn telur, að ákvæði 66. greinar laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922 komi hér til greina. Þar stendur:

„Ef varningur er keyptur með þeim ákvæðum, er gefa nokkurt svigrúm um mergð hans, þyngd eða stærð ..., þá veitir það seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna."

Undir eins og skömmtun kemur til greina, er auðsætt, að svigrúmið við pöntun með svigrúmi er pantanda til hagsmuna. Þegar skammta á pöntun með svigrúmi og það niður fyrir lágmark pöntunar, er auðsætt, að pantanda er til hagsbóta, að skömmtunin sé miðuð við hámark pöntunarinnar.

Virðist því dómaranum rétt eftir nefndu lagaákvæði að miða 60% af pöntun stefnanda við hámark hennar, reikna 60% af hámarki pöntunar hans. Eru það 60% af 500 smál. síldarmjöls, sem eru 300 smál., sem stefndi eftir því eigi að afgreiða til stefnanda, eða m. ö. o. vanti 75 smál. á þá afgreiðslu stefnda til stefnanda, sem lög standa til, að stefndi inni af höndum til stefnanda, og verði stefndi skaðabótaskyldur sem því svari. Að stefnandi eigi að fá *60% af*

*hámarki* pöntunar sinnar *virðist og einnig leiða af 12. gr. laga nr. 1 frá 1938;* sú grein áskilur samvinnufélögum o. fl. aðiljum forkaupsrétt að síldarmjöli S.R. Stefnandi er samvinnufélag. Stefnandi á því að fá hámark sinnar pöntunar, ef nóg væri fyrir alla aðilja, er eftir 12. gr. eiga rétt til síldarmjöls, af síldarmjöli, áður en farið yrði að selja öðrum, er engan forgangsrétt eiga til mjölsins eftir 12. gr.

Hann á því *ekki síður* að fá 60% af hámarkspöntun sinni, þegar það virðist hægt án þess að ganga fram yfir 60% á rétt aðiljanna, er forgangsrétt eiga til mjölsins. En svo virðist sem nokkrir, er eigi hafa forgangsrétt til síldarmjölsins eftir 12. gr. laga nr. 1 frá 1938, hafi fengið síldarmjöl við, að 60% skömmtunarinnar til stefnanda er miðuð við minna en *hámark* pöntunar hans (minna jafnvel en við lágmark pöntunar hans).

Að stefnandi fær samkvæmt pöntun sinni frá S.Í.S. 100 smál. síldarmjöls og frá Rauðku 50 smál. síldarmjöls getur alls ekki dregið úr skyldu stefnda til þess að láta stefnanda fá 60% af síldarmjölspöntun sinni hjá honum, eins og atvinnumálaráðuneytið virðist hafa gert að almennri reglu, að stefndi skyldi gera.

Verður því að telja, að stefnda hafi verið skylt að afhenda stefnanda 75 smál. meira af síldarmjöli en hann hefur afhent eða alls 300 smál. síldarmjöls, og að það sé í samræmi við 60% skömmtunarákvörðun atvinnumálaráðuneytisins.

Fiskimjölsútveganir atvinnumálaráðuneytisins geta ekki talizt til uppbótar fyrir stefnda, þar sem fiskimjölið er af ráðuneytinu útvegað til uppbótar, að pantendur fái ekki nema 60% af síldarmjölspöntunum sínum, en ekki til þess að vera uppbót á, að síldarmjölspantendur fengju *ekki* 60% af síldarmjölspöntunum sínum, eins og in casu virðist um stefnanda. Þótt hið útvegaða fiskimjöl geri meir en bæta upp það, sem vantaði á, að stefnandi fengi 60% af hámarkspöntun sinni, þá getur það ekki losað stefnda við ábyrgð undan því að hafa ekki látið stefnanda fá 60% af hámarkspöntun hans.

Stefnandi átti að fá 60% af hámarkspöntun sinni og fiskimjölið að auki.

Að vísu má á móti þessu koma með þá mótbáru, að sennilegt sé, að stefnandi hefði fengið minna af fiskimjölinu, ef hann hefði fengið 60% af hámarkspöntun sinni á síldarmjölinu.

Þótt ekki væri fjarstæða að ætla, að stefnandi hefði fengið minna af fiskimjölinu, ef hann hefði fengið 75 smál. meira af síldarmjölinu, þá er flutningur málsins þannig, að ekkert verður um það fullyrt með vissu, enda fékk stefnandi ekki nema nokkuð af því fiskimjöli, sem hann hafði pantað hjá S.Í.S. Stefnandi átti að fa 60% af (hámarks) síldarmjölspöntun sinni og svo mikið af fiskimjöli, sem efni stóðu til. Verður því að telja stefnda skaðabóta-

skyldan til stefnanda fyrir að vanta skuli 75 smál. síldarmjöls á, að stefnandi fengi 60% af hámarkssíldarmjölspöntun sinni.

Dómaranum er ljóst, að stefnandi hefur ekki í málflutningingi sínum tilfært þá málsástæðu fyrir kröfu sinni, að hann hafi ekki fengið 60% af síldarmjölspöntun sinni, og því síður, að 60% eigi að miða við hámark pöntunar hans. En með því að minnast á, að hann hafi pantað 400—500 smál., virðist af því ljóst, að hann vill ekki firra sig nokkrum rétti í þeim efnum, og verður að telja, að það sé framsett til þess að stuðla að dómsniðurstöðu á kröfu hans, eins og líka það að benda á skaðabótaskyldu stefnda eftir 12. gr. er gert í sama tilgangi án þess þó að draga neinar ályktanir út frá því, og hlýtur af þeirri grein og af 66. gr. laga nr. 39 frá 1922 að leiða, að 60% skömmtunina á að reikna af hámarki síldarmjölspöntunar stefnanda, þótt það komi ekki fram í málsútlistun stefnanda. Slíkt leiðir af lagareglum. Framkoma umboðsmanns sefnanda verður því ekki túlkuð þannig, að hann hafi viljað svipta umbjóðanda sinn neinum þeim rétti, er hann hefði að lögum í máli þessu, og þykir því bera að leggja dóm á málið að þessu leyti samkvæmt framanrituðu, sbr. 113. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Stefnandi telur, að hver eitt hundrað kíló maísmjöls kosti sig á höfn á Akureyri 82 kr., en af síldarmjöli 34 kr. Tjón það á hverjum 100 kg, sem hann vantar af síldarmjöli á að fá 60% af hámarkssíldarmjölspöntun hans, sé því 48 kr. á hvert eitt hundrað kíló eða 36000 kr. fyrir þau 75000 kíló, sem vanti alls á, að hann fái 60% af (hámarks) pöntun sinni.

Þar sem stefndi hefur ekki mótmælt verði maísmjölsins og telja verður alkunna, að fóðurgildi síldarmjöls sé a. m. k. ekki minna — heldur meira — en maísmjöls, verður að telja, að tjón stefnanda sé það, er nú var lýst.

Telur dómarinn stefnda skylt að greiða stefnanda þessa upphæð fyrir að hafa látið 75 smál. vanta á þá almennu reglu, sem atvinnumálaráðuneytið lagði fyrir stefnda að afgreiða síldarmjölspantanir eftir.

Þá er krafa stefnanda um 530 kr. úr hendi stefnda fyrir að hafa þurft að taka síldarmjöl, 20 smál., í Djúpuvík í stað Siglufjarðar, og byggði stefnandi það á umræddu síldarmjölsloforði stefnda.

Þessi krafa hefur eigi við næg rök að styðjast.

Það er alls ekki sannað af skjölum málsins, að stefndi hafi lofað síldarmjölinu í Siglufirði, og virðist eftir símskeyti stefnda í málinu hann enga slíka skuldbindingu hafa undirgengizt.

Verður því að sýkna stefnda af þessari kröfu stefnanda.

Stefnda ber því að greiða stefnanda 36000 kr. í skaðabætur, en í vexti aðeins 5% og aðeins frá stefnubirtingardegi, 24. júní 1944, en vera sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Eftir þessum málavöxtum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er álízt hæfilegur 3000 kr.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndi, Jón Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Siglufirði, greiði fyrir hönd Síldarverksmiðja ríkisins stefnandanum, Jakob Frímannssyni kaupfélagsstjóra, Akureyri, f. h. Kaupfélags Eyfirðinga 36000 kr. með 5% ársvöxtum frá 24. júní 1944 og 3000 kr. í málskostnað, en sé sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Hið ídæmda að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 18. júní 1947.

Nr. 76/1945. **Jónas Hvannberg** (Hrl. Einar B. Guðmundsson) gegn **Skapta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni og gagnsök** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

**Setudómarar Kristján Kristjánsson borgarfógeti og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Deilt um gildi byggingarbréfs og samnings varðandi fasteign.

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 8. júní 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýkn dæmdur, en til vara:

1) að gilt verði metið byggingarbréf það, sem aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi Davíð Jóhannesson gerðu með sér hinn 22. janúar 1941 um $^{13}/_{16}$ hluta hálflendunnar Úteyjar II í Laugardalshreppi, þó með þeirri breytingu á 1. grein byggingarbréfsins, að nefndur jarðarhluti sé löglega byggður aðaláfrýjanda til lífstíðar og að gagnáfrýjandi Davíð Jóhannesson hafi um þenna ábúðartíma afsalað sér og þeim aðiljum, er getur í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1933, rétti til þess að taka hinn leigða jarðarhluta úr ábúð aðaláfrýjanda, og
2) að gildur verði metinn samningur aðaláfrýjanda og

gagnáfrýjanda Davíðs Jóhannessonar, er þeir gerðu hinn 27. maí 1941, að undanskilinni 1. gr. hans.

Loks krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess in solidum að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 11. september 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. s. m. Krefjast þeir þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ógildi byggingarbréfs þess og samnings, sem að framan eru greind. Svo krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Jarðeignin Útey II er ásamt nokkrum jarðarhúsum í óskiptri sameign gagnáfrýjenda, þannig að Davíð á $^{13}/_{16}$ ófrágreinda verðhluta sameignarinnar, en Skafti $^{3}/_{16}$ verðhluta. Ekki er í ljós leitt, að Skafti hafi á neinn hátt tálmað eðlilega meðferð og hagnýtingu sameignarinnar, þannig að hagsmunir Davíðs hafi af þeim sökum verið fyrir borð bornir. Var Davíð því óheimilt, eins og lögskiptum sameigendanna var háttað, að byggja, að Skafta fornspurðum, jörðina í heild eða hina ófrágreindu hluta sína af henni. Samkvæmt þessu svo og þeim rökum, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta ákvæði hans um ógildi byggingarbréfsins. Sömu ástæður, sem nú voru taldar, leiða til þess, að meta verður ógilt upphafsákvæði samningsins frá 27. maí 1941, að því leyti sem aðaláfrýjanda er með því veittur frekari réttur en hann hefur sem eigandi Úteyjar I til meðferðar á óskiptu landi Úteyjar I og Úteyjar II, sundlaugargerðar þar og töku á heitu og köldu vatni.

Aðaláfrýjandi virðist með lagningu vegar af þjóðvegi og heim að Útey ekki hafa unnið gegn hagsmunum Skafta, og er því ekki ástæða til, eins og á stendur, að ónýta samþykki það, sem Davíð lagði á þessa vegarlagningu.

Vegargerðin hefur þegar kostað mikið fé, yfir kr. 30000.00, og þarf að verja allhárri fjárhæð enn til að fullgera veginn. Davíð reyndist því að taka á sig mjög þunga fjárhagsbyrði, miðað við hagi hans, er hann í samningnum frá 27. maí 1941 játaðist undir að greiða helming vegarkostnaðarins, og þegar litið er til aldurs Davíðs og allra

ástæðna og þess er gætt, að ekki var við samningsgerðina fyrir hendi áreiðanleg áætlun um kostnað af vegarlagningunni, verður að telja fullvíst, að Davíð hafi alls ekki gert sér grein fyrir því, hversu fjárfrekar skyldur, miðað við fjárhagsgetu sína, hann gekkst undir. Þetta mátti aðaláfrýjanda, sem kunnur var högum Davíðs, vera ljóst.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið ritað, og samkvæmt lögjöfnun frá 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1936 ber að meta samninginn frá 27. maí 1941 ógildan, þó með þeirri takmörkun, er að framan getur um vegarstæði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um ógildi byggingarbréfsins frá 22. janúar 1941, er í málinu getur, á að vera óraskað.

Samningur sá frá 27. maí 1941, sem lýst er að framan, er ógildur, þó að fráteknu ákvæði hans um vegarstæði í óskiptu landi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Aðaláfrýjandi, Jónas Hvannberg, greiði gagnáfrýjendum, Skafta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni, kr. 1000.00 í málkostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns.**

Skipti fóru fram á félagsbúi gagnáfrýjanda Davíðs Jóhannessonar og konu hans Þórdísar Davíðsdóttur, er þá var önduð, 2. marz 1938. Sótti gagnáfrýjandi Skafti, sonur þeirra, mjög fast að fá í erfðahlut sinn hluta jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi, sem var eign búsins. Varð það úr, að Davíð lét Skafta eftir $^{3}/_{16}$ hluta jarðarinnar með

þeirri kvöð, að Skafti „ráðstafaði" honum ekki án samþykkis Davíðs.

Eins og á stóð, tel ég að skilja verði orðið „ráðstafa" á þann veg, að með því sé ekki aðeins átt við sölu og veðsetningu, heldur einnig byggingu jarðarhlutans. Og ég tel ljóst, að báðir sameigendurnir hafi verið þeirrar skoðunar, er skiptin fóru fram, að þeir hefðu hvor um sig óbundinn ráðstöfunarrétt á sínum hluta, ef eigi var gerður fyrirvari um annað. Nú er ekki sannað, að nokkur slíkur fyrirvari hafi verið gerður, að því er hluta Davíðs varðar, en sannað, að Davíð var mjög tregur til þess að afhenda Skafta jarðarhlutann. Skafta mátti því vera ljóst, að Davíð hefði ekki afhent jarðarhlutann, ef hann hefði með því svipt sig þeim umráðum á sínum hluta, sem honum voru áður heimil. Þess ber og að gæta, að samkvæmt 2. gr. landsskiptalaga nr. 57/1927, er í gildi voru, þegar skiptin fóru fram, gat Davíð krafizt landskipta, hvenær sem var, og á þann hátt leyst þær kvaðir af sínum hluta, er leitt gátu af sameign með Skafta. Tel ég, að hlutur Skafta sé nægilega stór, til þess að skiptum yrði á komið, án þess að réttur hans yrði fyrir borð borinn, enda ljóst af því, sem áður segir, að Davíð vildi ekki stofna til sameignar við Skafta, er ekki yrði slitið.

Samkvæmt þessu tel ég, að eignarréttur Skafta á $^{3}/_{16}$ hlutum jarðarinnar hafi ekki svipt Davíð rétti til þess að semja um byggingu á sínum hluta, án þess Skafti væri þar til kvaddur, enda verður og að ætla, að Davíð hefði ekki gert samninginn, ef hann teldi sig bresta heimild til þess.

Eins og greint er í hinum áfrýjaða dómi, hefur því verið haldið fram í málinu af hálfu Davíðs, að hann telji nú svo mjög hafa verið hallað á sig, er bréfið var gert, að ógildi varði. Það er rétt, að bréfið og samningur sá, er síðar getur, eru ekki fjárhagslega hagstæð Davíð. Landskuld er að vísu lík og áður, tiltekin í landaurum og jarðabótum, og hækkunarleið opin samkvæmt 36. gr. laga nr. 87/1933.

En hér ber að hafa í huga, að grundvallarreglur landbúnaðarlöggjafarinnar beinast að því, að arði af jarðeignum sé varið þeim til endurbóta, og í því skyni er reynt að

veita leiguliðum jarða öryggi, en hefta færi landsdrottna til þess að draga arðinn frá jörðunum.

Það er í samræmi við þessa hugsun, er Davíð byggði jörðina manni, sem hann var í vinfengi við, og sem hann taldi að hefði bæði vilja og getu til þess að sitja jörðina vel, enda er og komið fram í málinu, að Davíð hafði áhuga á því, að jörðin væri vel setin.

Davíð var að vísu orðinn 78 ára, er bréfið var gert, en eftir ýtarlega rannsókn hefur dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir gefið vottorð þess efnis, að við heilsu Davíðs sé ekki annað að athuga en „eðlileg elli, sem smáfærzt hefur jafnt og þétt yfir manninn, að minnsta kosti frá því nokkru áður en hann varð 78 ára." Þess er og getið í vottorðinu, að Davíð hafi verið vel gefinn reglu- og dugnaðarmaður, er hafi efnazt sæmilega, eftir því sem aðstæður hans leyfðu. Þá hafa og málflutningsmenn þeir, sem bréfið gerðu, lýst yfir því í málinu, og sú yfirlýsing ekki verið véfengd, að öll ákvæði bréfsins hafi verið rækilega rædd við Davíð, áður en það var undirritað, og honum verið fullljóst, hvað hann var að gera.

Að þessu athuguðu tel ég heimild bresta til þess að ógilda allt byggingarbréfið.

Aðaláfrýjandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þeir Davíð hafi, áður en bréfið var ritað, samið um, að jörðin yrði byggð „mér", þ. e. aðaláfrýjanda, „og mínum til lífstíðar". Í bréfinu er þó jörðin byggð „til lífstíðar fyrir leiguliða og alla niðja hans í beinan ættlegg, og afsalar landsdrottinn ábúðarréttinum í hendur leigutaka og niðja hans um allan aldur."

Hið fyrra samkomulag svo og það, hve ákvæði bréfsins um ábúðarrétt niðja aðaláfrýjanda er óvenjulegt og óyfirsjáanlegt, leiðir til þess ,að samkvæmt lögjöfnun frá 31. gr. laga nr. 7/1936 ber að fella það úr gildi og takmarka ábúðartímann á þann veg, að jörðin sé byggð aðaláfrýjanda ævilangt, enda hefur hann gert varakröfu á þessa leið.

7. maí 1941 gerðu þeir aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi Davíð samning þann, sem greint er frá í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrri liður samningsins fjallar um byggingu sundlaugar og rétt aðaláfrýjanda til heits og kalds vatns í óskiptu landi jarðanna Úteyjar I og Úteyjar II. Aðaláfrýjandi er eigandi Úteyjar I og á því þann rétt, sem um er rætt, að hluta. Óskýrt er, hvort verið er að semja um nokkurn rétt umfram þann, sem aðaláfrýjandi átti, og verður því að vísa þessum kröfulið frá dómi.

Með því að samþykkja vegarlagningu þá, sem rædd er í hinum áfrýjaða dómi, og skilmála um hana tókst gagnáfrýjandinn Davíð á hendur skuldbindingar, er sennilega nema um kr. 20000.00. Verða þær að teljast allþungar, eftir ástæðum. Vegur þessi er á hinn bóginn jörðinni Útey II til mikils hagræðis og líklegur til að auka verðmæti hennar að mun. Sú verðhækkun skapar færi til hækkunar landskuldar samkvæmt 36. gr. laga nr. 87/1933. Þá hefur það eigi verið véfengt, sem aðaláfrýjandi hefur skýrt frá fyrir dómi, að hann hafi þegar við samningsgerðina lofað því að innheimta ekki hluta Davíðs af vegarkostnaðinum fyrr en eftir lát Davíðs. Er þetta staðfest af áður greindum málflutningsmönnum. Að þessu athuguðu, og því, sem sagt er hér að framan um aðdraganda samningsins, atvik að samningsgerðinni svo og því, sem fram er komið um dómgreind Davíðs, skortir heimild til þess að ógilda 2. lið samningsins. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfu um ógildi þessa ákvæðis. Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt framangreindu tel ég rétt, að dómsorð verði þannig:

Kröfu gagnáfrýjenda, Davíðs Jóhannessonar og Skafta Davíðssonar, um ógildi fyrra liðs samnings þeirra Davíðs Jóhannessonar og aðaláfrýjanda Jónasar Hvannbergs, dagsetts 27. maí 1941, vísast frá héraðsdómi.

Ákvæði 1. gr. byggingarbréfs aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Davíðs Jóhannessonar, dags. 22. janúar 1941, um ábúðarrétt niðja aðaláfrýjanda á jörðinni Útey II í Laugardalshreppi er ógilt.

Að öðru leyti er aðaláfrýjandi sýkn af kröfum gagnáfrýjenda.

Málskostnaður fyrir héraðsdómi og hæstarétti fellur niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1944.**

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., hafa þeir Skafti Davíðsson trésmiður og Davíð Jóhannesson verkamaður, báðir hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. febrúar þ. á., gegn Jónasi Hvannberg kaupmanni, hér í bænum. Gera stefnendur þær dómkröfur, að síðargreint byggingarbréf, dags. 22. jan. 1941, og samningur, dags. 27. maí s. á., verði dæmt ógilt og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þessi:

Um mörg undanfarin ár hefur stefnandinn Davíð Jóhannesson verið eigandi hálflendunnar Úteyjar II. í Laugardalshreppi í Árnessýslu, en það er sérstök jörð samkvæmt jarðamati. Hefur Davíð aldrei búið á jörðinni eða nytjað hana, heldur ávallt leigt hana til 10 ára í senn, og hefur þar verið sami ábúandinn um 30 ára skeið. Mun jörðin ætíð hafa verið byggð í einu lagi. Á árinu 1936 festi stefndi í máli þessu kaup á hinni hálflendunni, Útey I, og hefur hann síðan haft þar sumarbústað, svo og rekið búskap á jörðinni.

Samkvæmt núgildandi fasteignamati er landverð Úteyjar I kr. 9900.00 og Úteyjar II kr. 9400.00. Töðufengur á Útey I er 160 hestburðir, 200 hestar af útheyi, nautgripir 3, 150 fjár og 3 hross. Töðufengur á Útey II er 170 hestar, úthey 250 hestar, nautgripir 4, 150 fjár og 4 hross. Jarðhiti, mótekja og silungsveiði er á báðum jörðunum.

Hreppsnefnd Laugardalshrepps hafnaði f. h. hreppsins forkaupsrétti að Útey I, er jörðin var föl árið 1936, en hreppurinn og stefndi gerðu þá með sér samning, dags. 27. júní 1936. Segir þar svo, að hreppurinn samþykki, að kaupsamningurinn við stefnda skuli standa gegn þeim skilyrðum 1) að stefndi skuldbatt sig til að gera ekkert til að eignast hina hálflenduna, Útey II, ef þáverandi ábúandi hennar eða hreppsnefndin vildu kaupa hana, svo og 2) að stefndi skuldbatt sig til þess, ef hann, kona hans, börn eða tengdabörn búa ekki á Útey I, að byggja ekki jörðina öðrum, nema með vitund hreppsnefndarinnar, enda hafi hún heimild til að neita byggingu á jörðinni, ef hún telji manninn fjárhagslega hættulegan sveitarfélaginu.

Árið 1937 andaðist kona Davíðs Jóhannessonar, og fóru síðan fram skipti á félagsbúi þeirra hjóna. Erfingjarnir voru, auk Davíðs, tvö fjárráða börn þeirra hjóna, Þórdís og Skafti, annar stefnenda máls þessa, og skiptu þau búinu einkaskiptum þann 2. marz 1938. Við skipti þessi hlaut Skafti m. a. í arf $^{3}/_{16}$ hluta jarðarinnar Úteyjar II ásamt sama hluta af eign búsins í íbúðarhúsi jarðarinnar. Davíð fékk hins vegar m. a. $^{13}/_{16}$ hluta af eign þessari, sem þá var að fasteignamati alls kr. 5150.00.

Stefndi skýrir svo frá, að allt frá því að hann eignaðist jörðina Útey I hafi honum leikið hugur á að ráðast þar í ýmsar framkvæmdir jörðinni til viðreisnar. Í ýmsu tilliti hafi þetta þó ekki verið kleift vegna nábýlis við Útey II, svo og vegna sameignar að nokkru við þá jörð, nema þá með samkomulagi og samstarfi umráðamanna beggja jarðanna, en eigandi og ábúandi Úteyjar II hafi ekki talið sér fært að taka þátt í slíkum framkvæmdum. Kveðst stefndi oft hafa átt tal við stefnandann Davíð um þessi mál, og hafi þeir verið sammála um, að lag kæmist ekki á þetta, nema einn og sami maður hefði umráðarétt yfir báðum jörðunum. Hvað sem því líður, er víst, að Davíð byggði stefnda Útey II, „að undaskildum eignarhluta Skafta Davíðssonar", eins og það er orðað, og er sá samningur dagsettur 22. jan. 1941. Samkvæmt byggingarbréfinu skyldi ábúðartíminn hefjast í fardögum 1943 eða fyrr, ef jörðin losnaði úr ábúð fyrir þann tíma. Í 1. gr. er tekið fram, að jörðin sé byggð til lífstíðar fyrir leiguliða og alla hans niðja í beinan ættlegg og afsali landsdrottinn ábúðarréttinum í hendur leigutaka og niðja hans um allan aldur. Landsdrottinn fellur og frá rétti þeim, er honum er veittur í 2. málsgr. 9. gr. ábúðarlaganna nr. 87/1933 til þess að taka jörðina úr ábúð handa sér eða skyldmennum þeim, sem þar eru greind. Jafnframt veitir landsdrottinn leiguliða rétt til framleigu á jörðinni, og skal leiguliði hafa óbundnar hendur í því efni. Samkvæmt 3. og 4. gr. skal leiguliði greiða 4 fjórðunga af hreinu, vel verkuðu smjöri hvert sumar í leigu eftir 2 kýrkúgildi, er jörðinni fylgja, en í landskuld skyldi leiguliði greiða ár hvert 4 sauði 3 vetra, er hafi 40 pd. kjöts og 6 pd. mör, hver um sig. Önnur ákvæði byggingarbréfsins þykir ekki þörf á að rekja hér, nema hvað rétt þykir að benda á, að einungis tvö samhljóða frumrit voru gerð af byggingarbréfinu, en hreppstjóri fékk ekki hið þriðja, eins og þó er boðið í 5. gr. ábúðarlaganna nr. 87/1933.

Hinn 27. maí 1941 gerðu sömu aðiljar með sér annan samning, sem afhentur var til þinglýsingar 18. júlí s. á. Í samningi þessum veitti Davíð, sem eigandi Úteyjar II, að undanteknum hluta Skafta, stefnda eða síðari eigendum Úteyjar I heimild til að byggja á eigin kostnað án nokkurs umsamins endurgjalds sundlaug, hvar sem óskað kynni að verða í óskiptu landi jarðanna Úteyjar I og Úteyjar II, svo og til að taka heitt og kalt vatn til laugarinnar, hvar sem heppilegt þykir í óskiptu landi jarðanna að dómi eigenda Úteyjar I. Þá veitti Davíð og heimild til umferðar og afnota af óskiptu landi jarðanna, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt sé og eðlilegt til afnota og starfrækslu sundlaugarinnar, en hún skal með öllum mannvirkjum teljast óskoruð eign Úteyjar I og eigendum eða ábúendum Úteyjar II óviðkomandi. Sundlaug þessi virðist ekki enn hafa verið gerð. Í sama samningi veitti Davíð og stefnda eða síðari eigendum Út-

eyjar I heimild til að leggja akfæran veg frá aðalveginum (til Laugarvatns) heim að Útey I og II. Veg þenna, sem áætlaður var um 2½ km að lengd, mátti leggja um óskipt land jarðanna, þar sem stefndi eða síðari eigendur Úteyjar I kynnu að óska, en vegurinn skyldi vera til afnota fyrir báðar jarðirnar. Ráðgert var, að vegalagningin yrði hafin eigi síðar en að 5 árum liðnum frá samningsgerð og henni lokið á miðju sumri 1951. Kostnað við vegarlagninguna skyldi stefndi eða síðari eigendur Úteyjar I leggja út, en Davíð eða síðari eigendum Úteyjar II skylt að greiða helming kostnaðarins eftir mati tveggja dómkvaddra manna, en sú greiðsla innt af hendi eigi síðar en 6 mánuðum eftir að krafa um greiðslu kom fram. Til tryggingar greiðslu á kostnaði þessum veðsetti Davíð stefnda eða síðari eigendum Úteyjar I með 1. veðrétti „jörðina Útey II með öllum gögnum og gæðum, með mannvirkjum og öllu, er jörðinni fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu.“ Þegar krafan væri fallin í gjalddaga, skyldi heimilt að gera fjárnám í hinni veðsettu eign samkvæmt 15. gr. laga frá 16. des. 1885 án undangengins dóms eða sáttar. Jafnframt var sú kvöð lögð „á jörðina Útey II“, að eigandi eða eigendur hennar, hverjir sem verða, greiði kostnað við viðhald vegarins að hálfu leyti. Vegur þessi hefur þegar verið gerður að talsverðu leyti, og virðist kostnaður við það, sem þegar er gert, nema um 25 þús króna. Samkvæmt áliti vegaverkstjóra nemur kostnaður við að laga veginn, svo að hann verði allgóður, a. m. k. 12 þús. kr. með núverandi verðlagi.

Stefnandinn Skafti hefur eigi viljað una því, að samningar þessir stæðu óhaggaðir, og hefur hann því ásamt föður sínum, Davíð, sem gerzt hefur samaðili í málssókninni, leitað til dómstólanna til riftingar á samningunum. Höfðuðu þeir upphaflega mál í þessu skyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og var það þingfest hinn 19. nóv. 1942, en með samkomulagi dómara og aðilja var málið síðan hafið þann 26. jan. þ. á. sökum óformlegrar meðferðar. Var mál þetta síðan höfðað, eins og fyrr greinir.

Dómkröfur sínar reisa stefnendur fyrst og fremst og sameiginlega á þessum rökum: Það sé tvímælalaust, að þeir hafi átt Útey II í óskiptri sameign frá 2. marz 1938. Samningar þeir, sem stefndi hafi síðar gert við stefnanda Davíð og að framan er lýst, feli í sér svo óvenjulegar og víðtækar ráðstafanir á sameigninni ,að þeir hljóti að vera ógildir samkvæmt þeim reglum, er í gildi séu um óskipta sameign, þar sem annar sameigendanna, Skafti, hafi aldrei samþykkt löggerninga þessa, heldur þvert á móti andmælt þeim mjög ákveðið, frá því að honum var fyrst kunnugt um þá. Auk þess brjóti þessar ráðstafanir í bága við ákvæði 19. gr. landskiptalaganna nr. 46/1941.

Í öðru lagi telur stefnandinn Davíð, að svo halli á sig í samn-

ingum þessum, að ógildingu varði bæði samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 73/1933 og 32. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 38. og e. t. v. 30. gr. sömu laga.

Loks telur stefnandinn Davíð, að aðstæður allar séu svo breyttar vegna stóraukins kostnaðar, síðan samningurinn um vegarlagninguna var gerður, að það varði riftingu hans eða a. m. k. frestun, þar til kostnaður lækki á ný.

Af hálfu stefnda er því fyrst og fremst haldið fram og sýknukrafan byggð á því, að umræddir samningar hafi verið gerðir með vitund og vilja Skafta Davíðssonar, sem hafi og staðfest þá síðar með athöfnum sínum. Í öðru lagi sé það ljóst, m. a. af orðalagi skiptagerningsins frá 2. marz 1938, að stefnendur hafi gert ráð fyrir því, að hvor þeirra um sig gæti ráðstafað eign sinni í Útey II án samþykkis hins, nema annað væri sérstaklega tekið fram, og geti það því ekki haggað gildi fyrrnefndra samninga, þótt talið yrði ósannað, að Skafti hefði samþykkt þá. Auk þess telur stefndi, að umræddir samningar feli á engan hátt í sér óvenjulegar ráðstafanir á nefndri jörð eða slíkar, að þær séu stefnandanum Skafta að neinu leyti til baga. Jörðin Útey II sé og raunverulega aðeins að nafninu til í óskiptri sameign, þar sem heimilt sé að skipta henni samkvæmt gildandi landskiptalögum, og um slíka sameign geti því eigi gilt reglur þær um óskipta sameign, sem stefnendur hafa skírskotað til. Sé og mikið vafamál, hvort slíkar reglur eigi stoð í landslögum, enda séu þær mjög umdeildar meðal fræðimanna. Telur stefndi og, að 19. gr. landskiptalaganna nr. 46/1941 eigi ekki við hér, þar sem þau lög hafi ekki verið komin í gildi, er umræddir samningar voru gerðir.

Að því er snertir málsástæður þær, er stefnandinn Davíð færir sérstaklega fram fyrir ógildi samninganna, mótmælir stefndi því eindregið, að slík tilvik hafi verið hér fyrir hendi, sem um ræðir í hinum tilvitnuðu lagagreinum. Af öllu því, er fyrir liggi í málinu, sé ljóst, að stefnandinn Davíð hafi verið sér þess fyllilega meðvitandi, hvað hann var að gera, samningarnir hafi verið honum hagstæðir og til þess fallnir að auka verðmæti jarðarinnar, auk þess sem því sé yfirlýst, að stefndi sé fús til að þola hækkun á eftirgjaldi jarðarinnar vegna kostnaðar við vegarlagninguna og að öðru leyti samkvæmt ákvæðum 36. gr. ábúðarlaganna nr. 87/1933.

Af því, sem upp er komið í málinu, verður ekki annað séð, en að stefnandanum Skafta hafi fyrst orðið kunnugt um nefnda samninga í ágústmánuði 1942 og hann hafi þá þegar hreyft andmælum gegn þeim, enda og látið þinglýsa slíkum mótmælum þann 18. sept. s. á. Mál til ógildingar samningum þessum var síðan höfðað í nóvembermánuði s. á., eins og fyrr segir. Verður þannig ekki séð, að stefnandinn Skafti hafi fyrr eða síðar, í orðum eða athöfnum, samþykkt umræddra löggerninga, og getur sú sýknuástæða stefnda því ekki orðið tekin til greina.

Telja verður ljóst af gögnum málsins, að stofnazt hafi óskipt sameign með stefnendum um jörðina Útey II með skiptagerningnum frá 2. marz 1938, þar sem hlutföll þau milli eigendanna, er þar um ræðir ($^{3}/_{16}$ og $^{13}/_{16}$), verða ekki skilin öðruvísi en sem ákvörðun um það, hvernig stefnendur skyldu skipta með sér arði eða tapi af eigninni og kostnaði við rekstur hennar. Um sameign þessa koma því til greina þær reglur, er teljast gilda um óskipta sameign, nema telja megi sannað, að öðruvísi hafi samizt með aðiljum. Í skiptagerningnum er ekkert rætt um sameign þessa umfram það, er áður greinir, nema hvað þar stendur: „Skafti er samþykkur því að ráðstafa ekki sínum hluta jarðarinnar Útey II án samþykkis Davíðs." Samkvæmt vitnaframburðum, aðiljaskýrslum og öðrum gögnum varðandi þessi atriði þykir þó hvorki verða staðhæft, að skuldbinding sú, er stefnandinn Skafti tókst á herðar samkvæmt framansögðu, hafi átt að vera gagnkvæm, eins og hann hefur viljað halda fram, né heldur, að yfirlýsing þessi hafi átt að þýða það, að sameigandanum Davíð hafi verið heimilt að ráðstafa sameigninni án samþykkis meðeiganda, eins og stefndi hefur talið. Framangreind sýknuástæða stefnda þykir því heldur ekki verða tekin til greina. Verður að telja, að það hafi verið óbundið samningum, hvernig stefnandinn Davíð ráðstafaði sameigninni að sínu leyti, og gildi þar um réttarreglur um óskipta sameign.

Svo þykir verða að líta á, að hverjum einstökum eiganda að óskiptri sameign sé heimilt að nota eignina með þeim hætti, að hinum sé bagalaust, svo og að gera á sitt eindæmi allar þær ráðstafanir um eignina, sem lögboðnar eru eða óhjákvæmilegar til varðveizlu hennar eða til þess að afstýra verulegu tjóni. Ekkert þessara tilvika getur talizt vera fyrir hendi um samninga þá, er um ræðir í máli þessu, þannig að gildi þeirra helgast ekki af þeim reglum. Hvað viðvíkur öðrum ráðstöfunum á óskiptri sameign, verður hins vegar að telja, að meiri hluta sameigenda (þ. e. meiri hluta að hlutdeild í sameigninni, — eins og stefnanda Davíð hér) séu þær heimilar, að svo miklu leyti, sem þær geta talizt til venjulegrar meðferðar eignarinnar eða hagnýtingar hennar samkvæmt því, sem hún er ætluð til, og þykir það þá ekki hafa þýðingu, hvort um er að ræða sameign, sem er skiptanleg eða ekki, en um það hafa aðiljar deilt varðandi sameign stefnanda að Útey II. Á hinn bóginn verður að telja, að samþykki allra sameigenda þurfi að koma til varðandi óvenjulegar ráðstafanir eða ráðstafanir, sem miða að því að breyta verulega þeirri notkun, sem eignin er ætluð til. Að áliti dómarans eru ráðstafanir þær af hálfu stefnandans Davíðs, sem felast í byggingarbréfinu frá 22. jan. 1941 (sérstaklega 1. gr.), svo og samningnum frá 27. maí s. á., og að framan er lýst, svo óvenjulegar, að telja verður, að meðeigandinn Skafti hefði orðið að samþykkja þær, til þess að löggerningar þessir öðluðust gildi. Verður því ekki talið,

að samningar þessir séu bindandi fyrir stefnendur, og verður dómkrafa þeirra því tekin til greina af þessum sökum, án þess að dómur sé lagður á málsástæður þær, er stefnandinn Davíð hefur sérstaklega borið fram og áður er lýst.

Eftir atvikum og m. a. með tilliti til þess, að hér að lútandi réttarreglur geta ekki talizt fast mótaðar, þykir rétt, þrátt fyrir þessi málsúrslit, að láta málskostnað falla niður.

Þess skal getið, að dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta yrði flutt munnlega, eftir að gagnasöfnun var talið lokið, stafar af forföllum málflutningsmanna beggja aðilja.

Árni Tryggvason borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð umfram venju sökum mikilla embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindir samningar stefnandans Davíðs Jóhannessonar og stefnda, Jónasar Hvannbergs, (dags. 22. jan. og 27. maí 1941) teljast ógildir.

Málskostnaður falli niður.

---

Fimmtudaginn 19. júní 1947.

Nr. 134/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
**Guðmundi Holberg Þórðarsyni**
(Hrl. Lárus Jóhannesson)
og
**Brynjólfi Einarssyni**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

**Setudómarar hrl. Sveinbjörn Jónsson og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.**

Ákæra um brot gegn lögum um gjaldþrotaskipti, bókhaldslöggjöf og 26. og 27. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

**Dómur hæstaréttar.**

*Ákæra um brot gegn bókhaldslöggjöfinni.*

Hin stórfellda vanræksla ákærða Guðmundar H. Þórðarsonar á því að halda lögskipaðar verzlunarbækur og hin

mikla óreiða á því litla og ófullkomna bókhaldi, sem fyrir hendi var, varðar hann við 2. gr. 1. tölul., 4.—8. gr., 10.—12. gr. og 14. gr. sbr. 18.—20. gr. laga um bókhald nr. 62/1938 svo og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Brynjólfur Einarsson annaðist bókhald ákærða Guðmundar Holbergs, frá því að heildverzlun hans var stofnuð í nóvember 1939 og þangað til í október 1941. Var bókhaldið þá með þeim hætti, sem að framan er lýst, enda brast hann algerlega þekkingu til að annast það. Hefur hann því gerzt hlutdeildarmaður í broti ákærða Guðmundar Holbergs, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, beinlínis að því er varðar 262. gr. sömu laga, og samkvæmt lögjöfnun, að því er varðar lög nr. 62/1938.

Þá var ákærði Brynjólfur Einarsson talinn og kom fram sem eigandi verzlunarinnar Astor, þótt ákærði Guðmundur Holberg væri hinn raunverulegi eigandi hennar. Verður ákærði Brynjólfur því ásamt honum að bera ábyrgð á brotum þeim á bókhaldslöggjöfinni, er þar voru framin. Varða brot hans við 2. gr. 1. tölulið, 4.—8. gr. og 14. gr. sbr, 18.—20. gr. laga um bókhald nr. 62/1938 svo og við 262. gr. laga nr. 19/1940.

*Kæra um brot gegn lögum nr. 25 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti.*

Ákærði Guðmundur Holberg hafði haft aðalviðskipti sín við Útvegsbanka Íslands h/f. Snemma í febrúar 1942 var svo komið, að fyrirsvarsmenn bankans voru teknir að ugga um fjárhag ákærða Guðmundar, drógu að sér höndina um lánveitingar til hans og létu hann setja sér margvíslegar veðtryggingar fyrir skuldbindingum hans við bankann. Skömmu síðar hóf ákærði stórfelldar lántökur hjá Garðari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni. Fóru þær aðallega fram mánuðina febrúar til júlí s. á., og komust lánin upp í 400—500 þúsund krónur. Í mailok urðu mikil vanskil á skuldum þeim, er ákærði var í við Garðar. Fóru svo leikar, að Garðar tók í júlí s. á. fasteignatryggingar af ákærða fyrir hluta af skuldum hans og fasteign að nokkru upp í hluta

þeirra, en þó voru miklar skuldir ógreiddar eða ótryggðar. Þrátt fyrir lántökurnar hjá Garðari var ákærði í svo mikilli fjárþröng, að hann af þeim sökum gat ekki leyst til sín pantaðar vörur, sem til landsins voru komnar. Af þessum sökum sneri hann sér jafnframt snemma í apríl s. á. til Lárusar hæstaréttarlögmanns Jóhannessonar. Sömdu þeir svo með sér, að Lárus veitti honum lán, og voru þau tryggð að nokkru með verðbréfum og að nokkru með vörum. Komust lán þau, sem Lárus veitti ákærða Guðmundi, að því er ákærði segir, upp í 500—600 þúsund krónur, og fór svo, að nokkur hluti lánanna varð ótryggður að dómi lánveitanda. Þá hafði og ákærði Guðmundur Holberg notið mikillar fjárhagsaðstoðar frá Ólafi Magnússyni kaupmanni. En vorið 1942 stöðvaði hann að miklu leyti fjárhagsaðstoð sína við ákærða og tók jafnframt af honum í júní og júlí s. á. veðtryggingar í fasteignum hans fyrir skuld þeirri, er ákærði var kominn í við hann. Enn tók ákærði Guðmundur Holberg lán hjá Steindóri Einarssyni bifreiðaeiganda, meðal annars eitt, að fjárhæð kr. 100000.00 nálægt mánaðamótum apríl—maí 1942. Vitnið Birgir Einarsson, sem var í þjónustu ákærða til júníloka 1942, skýrir svo frá, að sér hafi virzt ákærði vera í fjárhagskröggum þrjá til fjóra síðustu mánuðina, er hann var í þjónustu hans. Sjálfur skýrir ákærði Guðmundur svo frá, að hann hafi vegna skuldakrafna, er málflutningsmenn höfðu á hann, svo að segja engan starfsfrið haft frá því í júnímánuði 1942. Þegar á árinu 1941 hafði ákærði fengið ýmsa menn, svo sem Björn Guðmundsson, Ingimund Jónsson, Svein Pétursson, Þorlák Guðmundsson og Þorstein Jafet Jónsson, til þess að samþykkja víxla, sem samtals námu stórum fjárhæðum, án þess að þeir skulduðu honum. Víxla þessa seldi hann sem viðskiptavíxla og aflaði sér á þann hátt fjár.

Af því, sem nú er rakið, má ráða, að fjárhagur ákærða hafi versnað á árinu 1941 og honum enn hrakað á fyrri hluta ársins 1942, og þegar skattskráin 1942 kom út síðari hluta júní s. á., og ákærði sá, að honum bar að greiða nálægt 500 þúsund krónum í skatta og útsvar, hlaut hann að sjá fram á, að hann gat ekki greitt skuldir sínar að fullu, og var hon-

um þá skylt að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta samkvæmt 5 mgr. 1. gr. laga nr. 25/1929. Ber að refsa ákærða fyrir vanrækslu í þessu efni samkvæmt 39. gr. sömu laga.

*Viðskipti við Ólaf Magnússon.*

1) Með því að afhenda Ólafi Magnússyni kaupmanni verzlunina Astor 17. des. 1942 og láta meiri hluta andvirðis hennar ganga til greiðslu eldri skulda og með afhendingu á vörum þeim, að verðmæti kr. 47000.00, sem runnu til Ólafs í ársbyrjun 1943, skerti ákærði Guðmundur Holberg rétt annarra lánardrottna sinna. Hefur hann með því gerzt brotlegur við 4. tölul. 250 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar hér var komið, var ákærði Guðmundur Holberg kominn í slíka fjárþröng, að ákærða Brynjólfi, sem var manna kunnast um hagi hans, hlaut að vera ljóst, að afhending verzlunarinnar Astor með þeim hætti, sem hún fór fram, var ívilnun til Ólafs á kostnað annarra lánardrottna. Varðar því þátttaka ákærða Brynjólfs í afhendingu verzlunarinnar hann einnig við 250. gr. 4. tölul. laga nr. 19/1940.

2) Hinn 9. júní 1942 veðsetti ákærði Guðmundur Holberg Ólafi kaupmanni Magnússyni fasteignina nr. 86 við Njálsgötu með 1. veðrétti samkvæmt tryggingarbréfi, að fjárhæð kr. 250000.00. Var veðsetning þessi að nokkru leyti fyrir eldri skuldum. Samkvæmt því, sem áður hefur verið rakið, var fjárhagur ákærða þá orðinn svo ótryggur, að honum mátti vera ljóst, að hann skerti rétt annarra lánardrottna sinna með því að rýra þannig óveðbundnar eignir sínar. Varðar veðsetning þessi hann því refsingu samkvæmt 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

3) Hinn 8. júlí 1942 hafði ákærði Guðmundur Holberg gefið út tryggingarbréf til handhafa, að fjárhæð 200 þúsund krónur, með 3ja veðrétti í húseigninni Grundarstíg 11. Síðsumars sama ár, sennilegast í septembermánuði, afhenti hann Ólafi kaupmanni Magnússyni bréf þetta að nokkru til tryggingar eldri skuldum. Varðar þetta við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

4) Seint á árinu 1942 afhenti ákærði Guðmundur Holberg

Ólafi kaupmanni Magnússyni til eignar tryggingarbréf, að fjárhæð kr. 30000.00, með 1. veðrétti í eigninni Kaplaskjólsvegi 2, til greiðslu að minnsta kosti að einhverju leyti á eldri skuldum, er fallnar voru í gjalddaga. Varðar þetta við 4. tölul. 250. gr. almennra hegningarlaga.

5) Eins og í héraðsdómi greinir, afhenti ákærði Guðmundur Holberg Ólafi Magnússyni kaupmanni allmikið af tékkávísunum, sem ekki var innstæða fyrir. Sumar þessar ávísanir áttu að ganga til greiðslu á eldri skuldum, og varðar afhending þeirra ákærða við 261. gr. laga nr. 19/1940. Gegn öðrum þessara ávísana afhenti Ólafur ákærða við móttöku þeirra peninga eða önnur verðmæti. Hátterni ákærða í sambandi við afhendingu þessara ávísana varðar ákærða við 248. gr. sömu laga.

*Viðskipti við Sigurjón Jónsson.*

1) Í héraðsdómi eru réttilega rakin viðskipti ákærða Guðmundar Holbergs við Sigurjón Jónsson bankagjaldkera, að því er varðar sölu húseignarinnar Þverholts 7, og má með skírskotun til raka héraðsdóms staðfesta þá niðurstöðu, að ákærði hafi með hátterni sínu í sambandi við sölu þessa gerzt brotlegur við 248. gr. laga nr. 19/1940.

2) Handveðsetning ákærða Guðmundar Holbergs til Sigurjóns Jónssonar á skuldabréfum með veði í Þverholti 7, Reykjavík, Svanastöðum í Mosfellssveit og Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi varðar hann við 250. gr. 4. tölul. laga nr. 19/1940. Hins vegar verður ekki staðhæft, að hann hafi skert rétt lánardrottna sinna með handveðsetningu á tryggingarbréfi í húseigninni Hótel Heklu í Reykjavík, og verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir brot á 4. tölul. 250. gr. sömu laga vegna þessarar veðsetningar.

3) Staðfesta má þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði Guðmundur hafi með greiðslu 15 þúsund króna víxilskuldar til Sigurjóns Jónssonar 3. des. 1942 bakað sér refsingu samkvæmt 250. gr. 4. tölul. nefndra laga.

*Viðskipti við Hótel Heklu.*

Með vísun til raka héraðsdóms má staðfesta það, að hinir ákærðu hafi með ráðstöfun sinni á framangreindu trygg-

ingarbréfi í húseigninni Hótel Heklu gerzt brotlegir við 249. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Sverri Bernhöft.*

1) Svo sem getur í hinum áfrýjaða dómi, gerði ákærði Guðmundur Holberg þann 10. sept. 1942 kaupsamning við Sverri Bernhöft, þar sem hann skuldbatt sig til þess að selja Sverri Bernhöft h/f húseignina nr. 22 við Mánagötu. Skyldi kaupverðið vera kr. 187000.00, og átti kaupandi að taka að sér áhvílandi veðskuld, að fjárhæð kr. 39000.00, greiða við útgáfu afsals kr. 30000.00 í peningum, gefa út skuldabréf, að fjárhæð kr. 50000.00, en afgangur kaupverðs, kr. 68000.00, átti að ganga til greiðslu á skuldum ákærða. Áður en kaupsamningur þessi var gerður, hafði ákærði þann 21. júlí s. á. veðsett Garðari hæstaréttarlögmanni Þorsteinssyni húseign þessa með veðskuldabréfi, að fjárhæð kr. 150000.00. Sverrir Bernhöft heildsali hefur borið það og staðfest með eiði, að honum hafi þá verið ókunnugt um veðsetninguna til Garðars. Þessi framburður hans styðst eindregið við greiðsluákvæði kaupsamningsins svo og við vætti þeirra Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns og Jóns N. Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, og getur hinn óglöggi framburður Hafliða Halldórssonar forstjóra eigi hnekkt þessu. Þykir ákærði hafa með framangreindu hátterni gerzt brotlegur við 248. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940.

2) Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um það, að ákærði Guðmundur hafi með framangreindum kaupsamningi stofnað í hættu hagsmunum lánardrottna sinna og þannig gerzt sekur við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

3) Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta, að ákærði Guðmundur Holberg hafi með lántöku sinni á 12 þúsund krónum úr hendi Sverris Bernhöfts heildsala gerzt brotlegur við 248. gr. laga nr. 19/1940. En þar sem samkvæmt framburði Sverris Bernhöfts var um það rætt, að ákærði fengi aftur, að húskaupunum loknum, ávísun þá, sem hann afhenti Sverri við lántökuna, án þess að henni væri framvísað í banka, þá þykir ekki rétt, að

láta ákærða sæta refsingu fyrir útgáfu hennar og afhendingu.

*Viðskipti við Steindór Einarsson.*

Auk þeirra greiðslna, sem getur í héraðsdómi, afhenti ákærði Guðmundur Holberg Steindóri bifreiðaeiganda Einarssyni 8. júlí 1942 11 víxla, samþykkta af þriðja aðilja, samtals að fjárhæð kr. 48089.74, en víxla þessa valdi Steindór úr ýmsum víxlum, sem ákærði réð yfir. Skyldu með þessu greiddar eldri skuldir ákærða við Steindór, eftir því sem til hrykki. Þessi greiðsla svo og þær greiðslur, sem í héraðsdómi getur, varða ákærða við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Sæmund Þórðarson.*

Seint á árinu 1942 innti ákærði Guðmundur Holberg af hendi til Sæmundar Þórðarsonar heildsala kr. 5000.00 upp í eldri skuld. Svo afhenti hann honum og í nóvember eða desember s. á. upp í eldri skuldir 4 víxla, samtals að fjárhæð kr. 11000.00, samþykkta af þriðja aðilja. Víxlar þessir virðast hafa verið lítils virði. Með greiðslum þessum svo og þeim greiðslum, er í héraðsdómi getur, hefur ákærði Guðmundur gerzt brotlegur við 4. tölul. 250 gr. laga nr. 19/1940.

Það þykir eigi liggja nægjanlega ljóst fyrir, að ákærði Guðmundur Holberg hafi blekkt Sæmund í sambandi við greiðavíxla þá, sem í héraðsdómi getur. Verður ákærði því ekki dæmdur til refsingar fyrir þessi viðskipti.

*Viðskipti við Garðar Þorsteinsson.*

1) Svo sem áður segir, áttu þeir mikil skuldaskipti saman ákærði Guðmundur Holberg og Garðar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður. Frá því um mánaðamótin maí—júní 1942 stóð ákærði Guðmundur í sífelldum vanskilum við Garðar. Um þessi mánaðamót lánaði Garðar ákærða Guðmundi 10—20 þúsund krónur, en ákærði lét hann samtímis fá tékkávísun, að fjárhæð 59500 krónur, dagsetta 15. júní næstan á eftir. Upp í mismuninn afhenti Garðar ákærða Guðmundi Holberg vanskilavíxla. Eigi var innstæða fyrir ávísun þessari, þegar hún var sýnd til greiðslu í bankanum

daginn eftir gjalddaga hennar. Útgáfa ávísunarinnar með þeim hætti, sem nú hefur verið sagt, varðar ákærða refsingu samkvæmt 248. gr. laga nr. 19/1940.

2) Þegar það kom í ljós, að framangreind ávísun fékkst ekki greidd, og vanskil ákærða Guðmundar Holbergs fóru enn í vöxt, tók Garðar Þorsteinsson að ganga harðar að honum um greiðslur og krefja hann um tryggingar. Varð þetta til þess, að ákærði Guðmundur Holberg seldi hinn 16. júlí 1942 Garðari Þorsteinssyni og Hafliða Halldórssyni forstjóra húseignina Seljaveg 33, og gengu 65 þúsund krónur af andvirði hennar til greiðslu eldri skulda við kaupendur. Greiðsla þessi varðar ákærða Guðmund Holberg við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

3) Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, veitti ákærði Guðmundur Holberg þann 21. júlí 1942 Garðari Þorsteinssyni veð fyrir 150 þúsund krónum í húseigninni Mánagötu 22 í Reykjavík og 80 þúsund króna veð í húseigninni Þverholti 7 í Reykjavík, en fékk samtímis 40 þúsund krónur að láni hjá Garðari. Að öðru leyti var veðið veitt til tryggingar eldri skuldum ákærða við Garðar, og varðar veðsetningin að því leyti ákærða Guðmund Holberg refsingu samkvæmt 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

4) Með samhljóða framburði þeirra Garðars Þorsteinssonar og ákærða Guðmundar Holbergs er það komið í ljós, að ákærði setti síðari hluta árs 1942 Garðari ýmsa víxla svo og farmskírteini að veði til tryggingar eldri skuldum. Varða veðsetningar þessar ákærða Guðmund Holberg við 250. gr. 4. tölul. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Hafliða Halldórsson.*

1) Hátterni ákærða Guðmundar Holbergs í sambandi við tékkávísanir þær, að fjárhæð samtals kr. 35000.00, það er í héraðsdómi greinir, varðar hann refsingu samkvæmt 261. gr. laga nr. 19/1940, enda verður það ekki talið fullsannað, að útgáfa tékkávísananna hafi verið ákvörðunarástæða fyrir lánveitingunni af hálfu Hafliða.

2) Staðfesta má það ákvæði héraðsdóms, að ákærði Guðmundur Holberg hafi brotið gegn 248. gr. laga nr. 19/1940,

er hann seldi Hafliða Halldórssyni bifreiðina R 1208 án þess að geta 6 þúsund króna veðskuldar, er á henni hvíldi.

*Viðskipti við Lárus Jóhannesson.*

Vöruafhendingar þær til Lárusar hæstaréttarlögmanns Jóhannessonar, sem frá er skýrt í héraðsdómi og fóru fram í október 1942 til tryggingar og lúkningar eldri skuldum, varða ákærða Guðmund Holberg refsingu samkvæmt 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Kristján Ingvar Kristjánsson.*

Tékkávísun sú, að fjárhæð kr. 2000.00, sem getur í héraðsdómi, átti að vera hluti af andvirði húseignar, sem til stóð að Kristján Gíslason keypti af Kristjáni I. Kristjánssyni húsgagnabólstrara, og virðast ákærðu hafa gefið hana út í styrktarskyni við Kristján Gíslason. Innstæða reyndist ekki fyrir þessari ávísun, og varð síðan ekkert úr húsakaupunum. Hátterni beggja hinna ákærðu í sambandi við ávísun þessa varðar við 261. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við heildverzlun Árna Jónssonar.*

Samkvæmt vottorði Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, sem hefur verið lagt fram í hæstarétti og gefið var til skýringar á framburði hans í rannsókn málsins, greiddi ákærði Guðmundur Holberg hæstaréttarlögmanninum þann 8. sept. 1942 kr. 21428.00 upp í skuld við heildverzlun Árna Jónssonar, Reykjavík. Varðar þetta ákærða við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Björgvin Grímsson.*

Eins og í héraðsdómi segir, fékk ákærði Guðmundur Holberg vörur, að verðmæti kr. 13100.00, í nóvember 1942 frá Björgvin Grímssyni, eiganda Fatagerðarinnar í Reykjavík, án þess að greiða þær samtímis. Þar sem telja verður víst, að Björgvin hafi treyst því, að ákærði væri fær um að standa skil á skuldum sínum, en ákærða hlaut að vera ljóst, að svo var eigi, hefur hann með þessu framferði sínu brotið gegn 248. gr. laga nr. 19/1940.

Ekki er sannað, að ákærði Guðmundur Holberg hafi að

öðru leyti gerzt sekur um refsivert framferði í skiptum sínum við Björgvin Grímsson.

*Viðskipti við Björn Guðmundsson.*

1) Frá því síðari hluta árs 1941 átti ákærði Guðmundur Holberg ýmis viðskipti við Björn Guðmundsson kaupsýslumann. Fékk hann Björn til þess að leggja fram fé til fyrirtækja, sem ákærði kvaðst hafa í hyggju að stofna, svo sem veitingahúsrekstrar á Svanastöðum í Mosfellssveit og verzlunarfélags, er nefnt skyldi H. Þórðarson & Co. Þá gerðu þeir og drög að kaupsamningi um, að ákærði seldi Birni húseignina nr. 51 B við Laugaveg, og greiddi Björn nokkra fjárhæð upp í kaupverðið. Ekkert varð af stofnun nefndra fyrirtækja né framkvæmd kaupsamningsins. Þá tók ákærði við allmiklum greiðslum úr hendi Björns sem andvirði hlutabréfa í h/f Hótel Heklu, er ákærði afhenti honum aldrei. Innti Björn þannig af hendi til ákærða, án þess að nokkuð kæmi á móti, nokkra tugi þúsunda króna, sem urðu að eyðslueyri hjá ákærða.

Þegar litið er til þessa hátternis ákærða og hegðunar hans gagnvart þeim Ingimundi Jónssyni, Sveini Péturssyni, Þorláki Guðmundssyni og Þorsteini Jafet Jónssyni, sem nánar verður vikið að síðar, verður ákærði að teljast uppvís að því að hafa með endurteknum blekkingum haft fé af Birni Guðmundssyni á sviksamlegan hátt, svo að varði við 248. gr. laga nr. 19/1940.

2) Síðsumars 1942 lét ákærði Guðmundur Holberg Björn Guðmundsson fá vörur, að verðmæti 3—5 þúsund krónur, sem þeim kemur saman um, að hafi átt að vera þóknun fyrir greiða, er Björn hafði áður gert ákærða. Þá lét ákærði í janúar 1943 Björn fá 2 víxla, samþykkta af þriðja manni, samtals að fjárhæð um 13 þúsund krónur, til tryggingar eldri skuldum. Með báðum þessum ráðstöfunum hefur ákærði Guðmundur Holberg gerzt sekur við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Einar Þorgrímsson.*

Með veðsetningum þeim á fasteigninni Þjórsártúni til Einars Þorgrímssonar framkvæmdarstjóra, sem getur í hin-

um áfrýjaða dómi og fram fór í september 1942, hefur ákærði Guðmundur Holberg gerzt sekur við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Einar Odd Thorsteinsson.*

Á tímabilinu frá 6. október 1942 til 12. janúar 1943 greiddi ákærði Guðmundur Holberg kr. 15200.00 upp í skuld Guðmundar Kolka kaupmanns á Blönduósi við Einar Odd Thorsteinsson fyrrverandi kaupmann, svo sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi. Varða greiðslur þessar ákærða refsingu samkvæmt 250. gr. 4. tölul. laga nr. 19/1940.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um það, að ákærði Guðmundur Holberg hafi brotið gegn sama hegningarlagaákvæði með veðsetningu 18 þúsunda króna víxils til tryggingar sömu skuld við Einar Odd Thorsteinsson.

*Viðskipti við Gústaf A. Ólafsson.*

1) Gústaf A. Ólafsson héraðsdómslögmaður hefur borið það, að ákærði Guðmundur Holberg hafi í janúar 1942 afhent honum tékkávísun, að fjárhæð kr. 46000.00, til greiðslu á andvirði húseignar, er ákærði keypti af honum. Hafi ekki verið innstæða fyrir ávísun þessari. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi afhent ávísun þessa, og þykir varhugavert að telja það sannað. Þá hefur Gústaf skýrt svo frá, að ákærði Guðmundur Holberg hafi í febrúar 1942 afhent honum 4 tékkávísanir, samtals að fjárhæð kr. 46000.00. Ein þessara tékkávísana var greidd í banka, er hún var sýnd þar, en inn stæðu brast fyrir hinum þremur. Kveðst Gústaf þá hafa beðizt löghalds í eignum ákærða Guðmundar til tryggingar greiðslu ávísana þessara. Löghaldsgerð þessari lauk með réttarsætt. Ákærði kveðst ekki muna eftir afhendingu þessara ávísana, en kveður vel mega vera, að skýrsla Gústafs sé rétt, og hefur kannazt við, að byrjað hafi verið á löghaldsgerð af hálfu Gústafs til tryggingar greiðslu á tveimur eða þremur tékkávísunum. Með afhendingu tékkávísana þeirra, sem ekki var innstæða fyrir, hefur ákærði Guðmundur Holberg gerzt brotlegur við 261. gr. laga nr. 19/1940.

2) Ákærði Guðmundur Holberg afhenti sumarið 1942 Gústaf A. Ólafssyni víxil, að fjárhæð kr. 6500.00, sam-

þykktan af þriðja manni, til tryggingar eða greiðslu á eldri skuld. Varðar þessi afhending ákærða við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Ingimund Jónsson.*

Síðla árs 1941 fékk Ingimundur Jónsson iðnaðarmaður 5—6 þúsund króna lán hjá ákærða Guðmundi Holberg til þess að kaupa hluti í atvinnufyrirtækinu Kemiko h/f. Snemma á árinu 1942 fékk Ingimundur enn lán, að fjárhæð kr. 15000.00, hjá ákærða í sama skyni. Samþykkti Ingimundur víxla fyrir þessum fjárhæðum. Eftir þetta tók hann að samþykkja og afhenda ákærða víxla í stórum stíl. Setti ákærði í umferð víxla, samþykkta af Ingimundi, er námu um eitt skeið samtals kr. 78000.00. Ákærði telur Ingimund hafa samþykkt ýmsa víxla þessara í greiðaskyni, en Ingimundur kveðst hafa samþykkt marga þeirra til framlengingar eldri víxlum og afhent ákærða suma þeirra, án þess að fjárhæðir þeirra væru greindar. Fullvíst má telja, að Ingimundur hafi ekki haft fullar reiður á víxlaviðskiptum sínum við ákærða Guðmund Holberg, né hve háum fjárhæðum víxlar þessir námu samtals. Fyrir atbeina málflutningsmanns, er Ingimundur leitaði til síðsumars 1942, greiddi ákærði um kr. 40000.00 af víxlum þessum, þar af um 23000.00 til Ólafs Magnússonar kaupmanns. Varðar þessi greiðsla ákærða við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940. Um 15 þúsund krónur voru greiddar til Útvegsbanka Íslands h/f. En þar sem sá banki hafði tryggingar fyrir skuldum ákærða Guðmundar Holbergs, er ósannað, að hann hafi með greiðslu þessari gerzt sekur við nefnt lagaákvæði.

Ingimundur greiddi sjálfur kr. 25000.00 af víxilfjárhæðunum. En þó fjárhæð þessi væri nokkru hærri en frumskuldirnar, þykir eigi fullvíst, að Ingimundur hafi orðið fyrir beinu fjárhagstjóni.

Með því að koma Ingimundi til að takast á hendur framangreindar fjárskuldbindingar á þeim tíma, er ákærði var að verða ógjaldfær, hefur hann gerzt brotlegur við 248. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við I. Guðmundsson & Co.*

Á tímabilinu frá 30. júlí til 28. október 1942 greiddi ákærði Guðmundur Holberg Magnúsi hæstaréttarlögmanni Thorlacius f. h. firmans I. Guðmundssonar & Co. kr. 18304.42 upp í eldri skuldir. Varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 250. gr. 4. tölul. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Jón Heiðberg.*

Eins og í héraðsdómi segir, afhenti ákærði Guðmundur Holberg Jóni Heiðberg í nóvember 1942 tvo víxla, samþykkta af öðrum, til greiðslu á eldri skuldum. Ber að staðfesta það ákvæði héraðsdóms, að ákærði hafi með greiðslum þessum gerzt brotlegur við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Karl Lúðvíksson.*

Þegar ákærði Guðmundur Holberg tók lán það, er í héraðsdómi greinir, var hann löngu orðinn ógjaldfær. Varðar lántaka þessi ákærða við 248. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Margréti Árnadóttur.*

Staðfesta má það ákvæði héraðsdóms, að ákærði Guðmundur Holberg hafi með veðsetningu á hlutabréfi frú Margrétar Árnadóttur gerzt sekur við 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Ragnar Bjarkan.*

Ákærði Guðmundur Holberg fékk Ragnari Bjarkan fulltrúa í júlímánuði 1942 að handveði vörur að nokkru til tryggingar eldri skuldum. Samtímis skilaði Ragnar ákærða farmskírteinum, er hann hafði haft til tryggingar sömu skuldum. Þar sem ekki er sannað, að Ragnar hafi með þessum hætti fengið betri tryggingar en hann áður hafði, verða þessi viðskipti ekki talin ákærða til sakar.

*Viðskipti við Sigurð Berndsen.*

Síðla árs 1942 greiddi ákærði Guðmundur Holberg til Sigurðar Berndsens kaupsýslumanns upp í óveðryggða skuld kr. 9000.00 í peningum og afhenti honum auk þess til

tryggingar víxil, er þriðji maður hafði samþykkt, að fjárhæð kr. 10000.00. Varða ráðstafanir þessar við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Skúla Jóhannsson.*

Ákærði Guðmundur Holberg greiddi eftir mitt ár 1942 Skúla Jóhannssyni heildsala óveðtryggða skuld, að fjárhæð 7—8 þúsund krónur. Varðar greiðsla þessi ákærða við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

Haustið 1942 fékk ákærði Guðmundur Holberg Skúla til að gerast útgefandi tveggja víxla, samtals að fjárhæð kr. 12500.00, sem ákærði samþykkti og seldi síðan. Telja má víst, að Skúli hafi treyst því, er hann gaf út víxla þessa, að ákærði væri gjaldfær, og að ákærði hafi notað sér þessa röngu hugmynd hans. Varðar þetta atferli ákærða við 248. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Svein Pétursson.*

Ákærði Guðmundur Holberg og Sveinn Pétursson augnlæknir voru mikið saman við skál síðsumars 1941. Þá var það, að ákærði fékk Svein til þess að samþykkja víxil, að fjárhæð kr. 5000.00, og skyldi Sveinn fá sem gagngjald víxilsins 5 þúsund króna hlutabréf í h/f Hótel Heklu, en ákærði taldi Sveini trú um, að rekstur hótelsins væri mikill gróðavegur. Hlutabréf þetta afhenti ákærði Sveini aldrei. Síðar bauðst ákærði til að útvega Sveini vörur frá Englandi til gleraugnagerðar og fékk hann til þess að samþykkja 8000 króna víxil, en andvirði hans átti að ganga upp í þau kaup. Vöru þessarar aflaði ákærði aldrei. Er víxlarnir féllu, samþykkti Sveinn framlengingarvíxla. Ákærði seldi víxla þessa í sjálfs sín þágu.

Einhvern hluta af víxilfjárhæðum þessum greiddi ákærði sjálfur, en Sveinn kveðst, er hann var yfirheyrður, ekki hafa enn leyst til sín neitt af víxlunum, og óvíst er, hvort nokkrar skuldbindingar hvíla á Sveini vegna víxla þessara. Atferli ákærða Guðmundar Holbergs, sem að framan er lýst, varðar hann við 248. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Þorlák Guðmundsson.*

Ákærði Guðmundur Holberg og Þorlákur Guðmundsson skósmiður höfðu átt ýmis smáviðskipti saman frá því á árinu 1934 eða 1935. Á árinu 1940 leitaði Þorlákur til ákærða um peningalán, og lét ákærði hann fá kr. 15000.00 gegn víxli, samþykktum af Þorláki, að fjárhæð kr. 15000.00, tryggðum með 3ja veðrétti í húseigninni nr. 44 við Klapparstíg. Upp frá þessu fékk ákærði Þorlák til þess að samþykkja mikinn fjölda víxla fyrir stórum fjárhæðum. Námu slíkir víxlar á tímabili yfir 100 þúsund krónum. Seldi og ráðstafaði ákærði víxlum þessum til ýmissa aðilja. Víxlasamþykktir þessar fóru síðast fram síðari hluta sumars 1942. Virðist Þorlákur hafa gert það að nokkru í greiðaskyni, en að nokkru í þeirri trú, að ákærði hjálpaði honum til að koma upp verzlun með því að útvega honum húsnæði til verzlunar og vörur. Ekki kom til framkvæmda í þessu efni af hálfu ákærða, og ekki fékk Þorlákur úr hendi ákærða gagngjald, svo nokkru næmi, fyrir víxilskuldbindingar sínar. Leiddi þetta allt til þess, að Þorlákur gat ekki risið undir skuldum þessum og varð gjaldþrota í febrúar 1943. Atferli ákærða gegn Þorláki, sem virðist hafa lagt allt sitt ráð efnahagslega í hönd ákærða, varðar hann við 253. gr. og að nokkru við 248. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Þorstein Jafet Jónsson.*

1) Frá því á miðju ári 1941 áttu þeir Þorsteinn Jafet Jónsson kaupmaður og ákærði Guðmundur Holberg mikil viðskipti saman. Á árinu 1942 gaf Þorsteinn út og afhenti ákærða víxil með tryggingarbréfi, að fjárhæð kr. 100000.00, með 1. veðrétti í húseigninni nr. 74 við Sólvallagötu, er Þorsteinn þá hafði í smíðum. Þessu bréfi ráðstafaði ákærði til Ólafs kaupmanns Magnússonar í september 1942. Andvirði þess gekk að nokkru leyti til greiðslu eldri skulda við Ólaf, og að nokkru greiddi Ólafur það í peningum. Má ætla, að þeir peningar hafi smámsaman gengið til Þorsteins. Að því leyti sem andvirði bréfs þessa gekk til greiðslu eldri skulda ákærða við Ólaf, varðar það ákærða refsingu samkvæmt 249. gr. laga nr. 19/1940. Auk nefnds tryggingarbréfs gaf

Þorsteinn út þrjú tryggingarbréf fyrir stórum fjárhæðum, sem tryggð voru með veði í sömu eign, en ákærði ráðstafaði þeim ekki, og voru þau aldrei þinglesin.

2) Allt fram á haust 1942 samþykkti Þorsteinn fjölda víxla, sem hann afhenti ákærða og ákærði ráðstafaði. Ákærði lét Þorstein fá upp í viðskipti þeirra bæði vörur í smáslöttum og peninga. Þorsteinn telur sig hafa samþykkt víxla fyrir hærri fjárhæðum en nam þeim vörum og peningum, er hann fékk hjá ákærða. En ekki treysti hann sér til þess að nefna neinar tölur í því sambandi, enda hafði Þorsteinn ekkert bókhald um viðskiptin. Öll voru viðskipti þeirra Þorsteins og ákærða geysilega óreiðukennd, en ekki þykir fullsannað, að ákærði hafi framið refsivert athæfi í sambandi við viðskipti þeirra umfram það, sem að framan er greint.

*Viðskipti við Ásbjörn Ólafsson.*

Ákærði Guðmundur Holberg seldi hinn 11. júlí 1942 Ásbirni Ólafssyni kaupmanni húsið nr. 22 við Vífilsgötu fyrir kr. 155000.00. Yfir 50 þúsund krónur af andvirðinu gengu til lúkningar eldri skuldum við Ásbjörn. Verknaður þessi varðar ákærða við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Chemia h/f.*

Ákærði Guðmundur Holberg greiddi í nóvember eða desember 1942 Chemia h/f kr. 2000.00 upp í eldri skuld. Varðar greiðsla þessi ákærða refsingu samkvæmt 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940.

*Viðskipti við Óla J. Ólason.*

Ákærði Guðmundur Holberg og Óli J. Ólason kaupmaður höfðu átt viskipti saman í nokkur ár fyrir gjaldþrot ákærða. Síðustu árin kom það oft fyrir, að Óli J. Ólason samþykkti víxla fyrir ákærða í greiðaskyni, og stóð ákærði í skilum með víxla þessa fram á síðari hluta sumars 1942, en eftir það varð Óli J. Ólason að greiða nokkra þeirra. Suma endurgreiddi ákærði Óla, og varðar það ákærða við 4. tölul. 250. gr. laga nr. 19/1940. Seint á árinu 1942 ábekti Óli J. Ólason í greiðaskyni nokkra víxla, samtals að fjárhæð kr.

19000.00, og seldi ákærði þá síðan. Víxlar þessir voru ógreiddir, þegar ákærði varð gjaldþrota. Telja verður víst, að Óli J. Ólason hafi treyst því, þegar hann ábekti síðastnefnda víxla, að ákærði væri gjaldfær, en ákærða hlaut að vera ljóst, að svo var eigi. Hefur ákærði því, er hann fékk Óla J. Ólason til þess að ábekja víxla þessa, svo og með sölu þeirra, gerzt brotlegur við 248. gr. laga nr. 19/1940.

*Niðurlag.*

Við ákvörðun refsingar ákærða Guðmundar Holbergs þykir mega m. a. virða það, að honum gafst kostur á lánum frá fjársterkum mönnum til framhaldsrekstrar síns, eftir að viðskiptabanki hans hafði dregið að sér höndina um lánveitingar til hans. Svo má og á það líta, að ýmsir lánardrottnar hans gengu mjög hart að honum um heimtu skulda eða trygginga fyrir þeim síðari hluta árs 1942. Þykir refsing ákærða með vísun til allra málavaxta hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 8 mánuði.

Með þessari breytingu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Ákærði Guðmundur Holberg greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 3500.00. Ákærði Brynjólfur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 2300.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 7000.00, greiði ákærðu in solidum að $\frac{1}{20}$ hluta, en ákærði Guðmundur Holberg greiði einn $\frac{19}{20}$ hluta.

Dómsorð:

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson sæti fangelsi 2 ár og 8 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Lárusar hæstaréttarlögmanns Jóhannessonar, kr. 3500.00. Ákærði Brynjólfur Einarsson greiði málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2300.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Ragnars hæstaréttarlögmanns Ólafssonar, kr. 7000.00, greiði ákærðu in solidum að 1/20 hluta, en ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson greiði einn 19/20 hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. júlí 1946.**

Ár 1946, mánudaginn 15. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2498—2499/1944: Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni og Brynjólfi Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni, fyrrverandi stórkaupmanni, til heimilis á Spítalastíg 5 hér í bæ, og Brynjólfi Einarssyni verzlunarmanni, til heimilis á Grundarstíg 11 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12 febrúar 1940, lögum nr. 25 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti og lögum nr. 62 11. júlí 1938 um bókhald.

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. ágúst 1906, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum.

1932 1/4 Kærður af Guðbirni Guðmundssyni fyrir meint svik. Sök sannaðist ekki.

1932 13/5 Kærður af Sturlaugi Jónssyni & Co. fyrir meint tékksvik. Kærður innleysti ávísunina með kr. 200.00, og málið var afturkallað.

1932 29/11 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 53 1911.

1934 9/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1940 9/9 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18 1901.

1941 1/3 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18 1901.

1941 9/10 Dómur hæstaréttar, 800 kr. sekt fyrir brot gegn húsaleigulögunum.

1941 19/11 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1942 7/9 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð um raforkuvirki.

Ákærði Brynjólfur Einarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. febrúar 1912, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1937 $^{16}/_{7}$ Áminning fyrir að auðkenna ekki kennslubifreið.
1937 $^{3}/_{9}$ Sátt, 15 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.
1938 $^{2}/_{7}$ Áminning fyrir brot á umferðarreglum.
1939 $^{6}/_{5}$ Sátt, 15 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.
1939 $^{1}/_{7}$ Undir rannsókn út af ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málsóknar.
1942 $^{11}/_{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir of háa álagningu á vefnaðarvöru. Upptækur ólöglegur ágóði kr. 8.10.

Með bréfi til skiptaréttar Reykjavíkur, dagsettu 26. janúar 1943, beiðist ákærði Guðmundur Holberg þess, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta þegar í stað, þar eð hann telji sig ekki geta staðið í skilum við lánardrottna sína. Samkvæmt þessari beiðni, staðfestri af Guðmundi í skiptaréttinum næsta dag, 27. janúar 1943, úrskurðaði rétturinn sama dag, að bú hans skyldi tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Með bréfi, dagsettu 29. sama mánaðar, sendi skiparáðandi sakadómaranum afrit úrskurðarins. Þá þegar hinn 3. febrúar var Ragnari Ólafssyni, lögfræðingi og löggiltum endurskoðanda, núverandi hæstaréttarlögmanni, falin endurskoðun bókhalds ákærða Guðmundar. Hinn 9. febrúar 1943 hófst lögregluréttarrannsókn um gjaldþrotið, og var Guðmundur þann dag úrskurðaður í gæzluvarðhald. Fyrsti þáttur rannsóknar þessarar stóð óslitið til 17. apríl sama ár, en þá var Guðmundur látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Bókhaldsendurskoðun stóð fram um áramót 1943 og 1944, og eru skýrslur endurskoðandans dagsettar 26. nóvember og 18. desember 1943 og 8. janúar 1944. Lögregluréttarrannsóknin hélt nú áfram, og var málið síðan sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar, en með bréfi, dagsettu 28. marz 1944, fyrirskipar ráðuneytið málshöfðun gegn hinum ákærðu á þann hátt, er að framan segir. Rannsókninni lauk 17. apríl 1944. Hinn 19. apríl sama ár voru verjendur ákærðu skipaðir, hrl. Lárus Jóhannesson fyrir ákærða Guðmund Holberg og hrl. Gústaf A. Sveinsson fyrir ákærða Brynjólf. Sá fyrrnefndi skilaði vörn hinn 4. október 1944, en sá síðartaldi hinn 9. s. m. Í skipunarbréfum verjendanna var fyrirtökudagur málsins í aukarétti ákveðinn 1. júní 1944, og var fyrir þá lagt að skila þá vörnum, en af ýmsum ástæðum, er verjendur hafa greint frá, dróst sem áður segir, að þeir skiluðu vörnunum, og þykir það eftir atvikum vítalaust.

Dómur var uppkveðinn í málinu 1. nóvember 1944, en í hæstarétti hinn 5. f. m. var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Með áðurnefndum skiptaréttarúrskurði var bú Guðmundar sjálfs tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, þar á meðal heilverzlun hans, sem var einkaeign hans. Með úrskurði skiptaréttarins, uppkveðnum 6. febrúar 1944, var bú Þorláks Guðmundssonar skósmiðs, Karlagötu 20, sem hafði haft mikil viðskipti við ákærða Guðmund Holberg,

tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Með úrskurðum skiptaréttarins, upp kveðnum 19. sama mánaðar, voru bú fyrirtækjanna Windsors Magasins, Perlubúðarinnar og Sportvörugerðarinnar tekin til gjaldþrotaskiptameðferðar, en ákærðu voru báðir skráðir eigendur fyrst nefnda fyrirtækisins, ákærði Brynjólfur þess í miðið og ákærði Guðmundur Holberg og sambýliskona hans, Jónheiður Kristín Lárusdóttir, þess síðastnefnda. Lögregluréttarrannsókn um öll þessi gjaldþrot var tekin inn í rannsóknina um gjaldþrot ákærða Guðmundar Holbergs, og var hrl. Ragnari Ólafssyni falin bókhaldsrannsókn nefndra þriggja fyrirtækja.

Rannsókn allra þessara gjaldþrota hefur orðið all umfangsmikil og löng, meðal annars sökum þess, hve viðskipti ákærða Guðmundar hafa í mörgum tilfellum verið ónákvæm og flækjukennd, en framar öllu hefur þó hin megna bókhaldsóreiða hans, sem síðar verður að vikið, sérstaklega torveldað og tafið rannsóknina.

Ákærði Guðmundur Holberg er stúdent að menntun. Hann lauk stúdentsprófi 1927 og innritaðist sama ár í lagadeild Háskóla Íslands. Þar stundaði hann nám, þó þannig að hlé varð á, fram til 1934 eða 1935, að hann hætti námi. Á árunum 1931—1932 rak hann smásöluverzlun hér í bænum, en frá því hann hætti námi og fram á árið 1939 stundaði hann aðallega húsabyggingar og húsasölu hér í bænum. Hinn 7. nóvember 1939 keypti hann leyfi til heildsöluverzlunar hér í bænum, en ekki virðist hann hafa byrjað verulega á heildsölu fyrr en á árinu 1940, og bókhald hans hefst ekki fyrr en 1. nóvember 1940, þó að vísu séu færðar nokkrar nótur yfir vörur, sem seldar voru fyrir þann tíma. Síðan rak hann heildverzlun óslitið fram að gjaldþroti undir nafninu Heildverzlun Guðm. H. Þórðarsonar, en eigi lét hann færa nafn þetta í firmaskrá. Jafnframt heildverzluninni rak hann húsabyggingar og húsasölu með miklum ábata, svo sem síðar verður að vikið.

Ákærði Brynjólfur réðist í þjónustu ákærða Guðmundar Holbergs um mánaðamótin október og nóvember 1939 og var óslitið í þjónustu hans frá því fram að gjaldþroti. Þegar hann réðist í þjónustu Guðmundar Holbergs stóð svo á, að hann var í skuld við hann (ákærða G. H. Þ.), vegna bifreiðarkaupa, og var áformað, að hann ynni skuldina af sér. Vistin framlengdist síðan, og hafði Brynjólfur bæði fæði og húsnæði hjá Guðmundi. Aldrei var um það samið, hve mikið kaup Brynjólfur skyldi hafa, og aldrei fór neitt uppgjör fram um það, en Brynjólfur fékk greitt smátt og smátt það, sem hann þarfnaðist þá og þá, en allar virðast þær greiðslur hafa verið litlar. Yfirleitt hefur afstaða Brynjólfs gagnvart Guðmundi Holberg verið sem hlýðins hjús gagnvart húsbónda. Hann virðist hafa unnið Guðmundi allt, er hann vann, haft óreglulegan vinnutíma og gert það, er fyrir hann var lagt, án þess að gera sér sem skyldi grein fyrir þeim afleiðingum, er þau verk gátu haft fyrir hann sjálfan,

svo sem samþykktir víxla eftir beiðni Guðmundar Holbergs, án þess að neitt kæmi fyrir.

Eins og áður segir, var Brynjólfur talinn eiga verzlunina Windsor Magasin að hálfu á móti Guðmundi og Perlubúðina einn, og auk þess var hann talinn eigandi verzlunarinnar Astors einn. Öll voru fyrirtæki þessi smásöluverzlanir. Hinn 24. september 1942 var skrásett í firmaskrá Reykjavíkur tilkynning ákærðu, dagsett 15. s. m., um að þeir ræktu smásöluverzlunina Windsor Magasin með ótakmarkaðri ábyrgð.

Verzlunin Perlubúðin er skrásett í firmaskrá Reykjavíkur 29. september 1941, en hinn 29. desember 1942 tilkynnir ákærði Brynjólfur til firmaskrárinnar, að hann hafi hinn 11. febrúar 1942 keypt verzlunina.

Verzlunin Astor var ekki skrásett á firmaskrá. Ákærðu eru á einu máli um, að Guðmundur Holberg hafi stungið upp á því við Brynjólf, að hann yrði skrifaður fyrir eða talinn kaupandi að Perlubúðinni og hálfu Windsor Magasin og stofnaði Astor. Kvaðst Guðmundur Holberg vilja, að Brynjólfur eignaðist fyrirtæki þessi með tímanum, og kvaðst hann ætla að taka smátt og smátt af kaupi Brynjólfs upp í andvirði verzlananna. Kvaðst hann með þessu vilja skapa heildverzlun sinni viðskiptavini og gat þess einnig, að óheppilegt væri og óvinsælt fyrir heildsala að eiga smásöluverzlanir. Þetta samþykkti ákærði Brynjólfur, og varð hann því talinn fyrir verzlununum, eins og sagt hefur verið. Hins vegar lagði hann aldrei einn einasta eyri til kaupa verzlananna eða í þær síðar, heldur lagði ákærði Guðmundur Holberg allt fé í þær, og aldrei tjáði ákærði Guðmundur Holberg honum, að hann hefði tekið af kaupi hans upp í andvirði verzlananna. Ákærði Guðmundur Holberg réð síðan verzlunum þessum bæði um húsnæði og fólkshald og greiddi húsaleigu og kaup starfsfólks. Hann annaðist vöruinnkaup til þeirra, þau er ekki voru úr heildverzlun hans sjálfs. Allt það fé, er inn kom fyrir vörusölu í verzlunum þessum, rann í sjóð Guðmundar. Bókhaldi öllu fyrir verzlanir þessar var mjög ábótavant, og ein þeirra, Astor, hafði, að heita má, ekkert bókhald. Verður ekkert af bókhaldinu ráðið um, hvort Brynjólfur hafi raunverulega átt verzlanir þessar og verzlunarhluta. Af framantöldu, sem og rannsókn málsins yfirleitt varðandi nefnd fyrirtæki, verður að álíta, að eignarréttur Brynjólfs að verzlununum hafi einungis verið að nafninu til og tilkynningar hans til firmaskrárinnar um eignarrétt sinn að þeim til málamynda, en að Guðmundur hafi verið raunverulegur eigandi allra verzlananna.

Sportvörugerðin var iðnfyrirtæki, er framleiddi aðallega kvenkjóla. Samkvæmt firmaskrá Reykjavíkur keyptu ákærðu Guðmundur Holberg og áðurnefnd sambýliskona hans það fyrirtæki 2. marz

1942. Ákærði Brynjólfur var ekki talinn eigandi þess, en hafði prókúruumboð fyrir það.

*Ákæran um brot gegn bókhaldslöggjöfinni.*

Í málshöfðunarskipun dómsmálaráðuneytisins er tekið fram, að ekki séu fyrirskipaðar frekari aðgerðir út af gjaldþroti fyrirtækjanna Sportvörugerðarinnar, Windsors Magasins og Perlubúðarinnar sérstaklega. Kemur því ekki til álita, hvort bókhald þessara fyrirtækja hafi uppfyllt skilyrði bókhaldslaganna. Verður það því bókhald heildverzlunar ákærða Guðmundar Holbergs og hans sjálfs að öðru leyti og bókhald verzlunarinnar Astors, sem hér koma til álita. Á því er enginn vafi, að ákærði Guðmundur Holberg var bókhaldsskyldur fyrir heildverzlunina samkvæmt 2. gr. 1. tölulið bókhaldslaganna, og þar sem sú niðurstaða er fengin, að hann hafi verið raunverulegur eigandi verzlunarinnar Astors, var hann einnig samkvæmt sama ákvæði bókhaldsskyldur fyrir þá verzlun. Samkvæmt sama ákvæði hefur hann einnig verið skyldur til að hafa bókhald um hin miklu fasteignakaup sín og sölur.

Verður hér byggt á niðurstöðum endurskoðandans, án þess að ástæða þyki til að fara frekar út í einstök atriði, en niðurstaða hans um bókhald heildverzlunarinnar og ákærða Guðmundar Holbergs persónulega er þessi:

„Bókhaldi gjaldþrota var mjög ábótavant, meðal annars í eftirfarandi atriðum:

1. Sjóðbók yfir daglegar inn- og útborganir hefur aldrei verið færð.
2. Færslur í dagbók voru ekki fullnægjandi og sjáanlega færðar löngu eftir að viðskipti fóru fram.
3. Síðan í ágúst 1942 til gjaldþrots virðist engin tilraun hafa verið gerð til bókfærslu.
4. Gjaldþroti hafði umfangsmikla fasteignasölu, fasteignaleigur og húsbyggingar, án þess að nokkur tilraun væri gerð til að bókfæra þau viðskipti.
5. Gjaldþroti hafði margs konar og umfangsmikil víxlaviðskipti og lánsútveganir, en aðeins örlitið brot af þeim viðskiptum var bókfært.

Auk þessa var mikil óregla í fylgiksjölum, þau ekki í skipulagðri röð, svo sem lögboðið er."

Í skýrslu endurskoðandans um bókhald verzlunarinnar Astors segir, að telja megi, að verzlunin hafi ekkert bókhald haft. Hið eina bókhaldskyns, sem fyrir lá úr verzluninni, var dagbókarkladdi með 10 færslum á tímabilinu 16. maí til 9. september 1942, án fylgiskjala, auk nokkurra kvittana og skjala, er fundust í vörzlum gjaldþrotabús ákærða Guðmundar Holbergs.

Ákærði Guðmundur Holberg annaðist aldrei bókhald sitt sjálfur og fylgdist mjög litið með því. Var það ákærði Brynjólfur, sem hafði það með höndum, þar til sérstakur bókhaldari, Lárus Stefánsson, var ráðinn 20. október 1941. Þá tók hann við því og hafði það með höndum til næsta hausts, að hann hætti störfum hjá ákærða Guðmundi Holberg. Kveðst ákærði Guðmundur Holberg hafa orðið að láta hann fara úr þjónustu sinni í september 1942 sökum óreglu. Lárus hefur borið vitni í málinu og skýrt frá því, að sér hafi eigi verið unnt að færa bækurnar svo vel væri, sökum þess að mjög hafi á það skort, að hann fengi þau gögn, er nauðsynleg voru til bókhaldsins, og hafi bókhaldið því orðið mjög ófullkomið. Eftir að Lárus hætti störfum hjá ákærða, réði hann til sín annan mann til bókhaldsins, en starf hans fór í bókhald fyrir Hótel Heklu h/f, og varð því ekkert úr, að hann færði bækur heildverzlunarinnar. Ekkert hefur komið fram um, að bókhald ákærða hafi verið falsað eða skjöl eða bækur eyðilagðar eða komið undan í sviksamlegum tilgangi. Sú bókhaldsóreiða, er nú hefur verið lýst, varðar ákærða Guðmund Holberg refsingu samkvæmt 2. gr. 1. tölulið, 4.—8. gr. og 14. gr. sbr. 19. og 20. gr. bókhaldslaganna og 262. gr. almennra hegningarlaga. Þar sem ákærði Brynjólfur var einungis starfsmaður ákærða Guðmundar Holbergs við bókhald heildverzlunarinnar og víst má auk þess telja, að ákærði Guðmundur Holberg hafi búið mjög illa í hendur hans með gögn til bókhaldsins, verður honum eigi gefin refsiverð sök á því, hve ófullkomið það var. Sama á við um bókhald verzlunarinnar Astors, þar eð ákærði Guðmundur Holberg var samkvæmt framansögðu raunverulegur eigandi hennar og því bókhaldsskyldur hennar vegna, en ákærði Brynjólfur einungis starfsmaður hans við þá verzlun, enda þótt hann væri talinn eigandi hennar.

*Ákæran um brot gegn lögum nr. 25 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti.*

Eina ákvæðið í gjaldþrotaskiptalögunum, sem til athugunar kemur, hvort ákærði hafi brotið, er niðurlagsákvæði 1. greinar. Þar sem mál er eigi höfðað út af gjaldþrotum Windsors Magasins og Perlubúðarinnar sérstaklega, er ljóst, að ákærði Brynjólfur fellur utan þessa sviðs og verður því sýknaður af þessu ákæruatriði.

Til þess að komast að niðurstöðu um sekt eða sýknu ákærða Guðmundar Holbergs af þessu ákæruatriði, verður að gera sér svo ljósa grein sem unnt er af fjárhag hans um árabil fyrir gjaldþrotið. En eigi er auðvelt að fá ljósa mynd af þessu, og ber þar aðallega tvennt til: Bókhaldsóreiða ákærða og ófullkomnar skýrslur hans sjálfs um þetta atriði. Vitni hafa engin fram komið, er vitað hafi um raunverulegan fjárhag ákærða á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Eins og áður segir, stofnsetti ákærði heildverzlun sína á árinu

1940. Bækur voru færðar yfir rekstur heildverzlunarinnar árið 1940, 1941 og hluta af árinu 1942, en öll árin var bókfærslan mjög óörugg, og hinar færðu bækur virðast því ekki gefa rétta hugmynd um rekstur verzlunarinnar þessi ár. Endurskoðandi búsins yfirfór þessar bækur og önnur skjöl, sem fundust í vörzlum ákærða við gjaldþrot, og gerði reikninga heildverzlunarinnar upp af nýju. Samkvæmt uppgjöri endurskoðandans nam vörusala heildverzlunarinnar:

| | | |
|---|---|---|
| 1940 | kr. | 47753.31 |
| 1941 | — | 699805.25 |
| 1942—43 | — | 2032747.38 |
| | Kr. | 2780305.94 |
| Vörur við gjaldþrot (söluverð) | kr. | 213376.08 |
| | Kr. | 2993682.02 |

Brúttó-hagnaður af þessari vörusölu virðist hafa verið kr. 467791.01, en það er ca. 18½% af innkaupsverði varanna. Nettohagnaður virðist hins vegar samkvæmt færslum:

| | Tap | Hagnaður |
|---|---|---|
| 1940 | | kr. 1680.37 |
| 1941 | kr. 205890.31 | |
| 1942—43 | | — 642457.82 |
| Einkaúttekt 1941 | — 32485.89 | |
| —— 1942 | — 14357.21 | |
| Netto hagnaður | — 391404.78 | |
| | Kr. 644138.19 | Kr. 644138.19 |

Til að finna út hagnað af verzluninni má bæta við þetta:

| | | |
|---|---|---|
| Hagnaður samkvæmt framansögðu | | kr. 391404.78 |
| Fært eigið kaup 1940 | | — 10800.00 |
| Fært eigið kaup 1941 | | — 18000.00 |
| Vörur afhentar hrl. Lárusi Jóhannessyni, við gjaldþrot óbókfært | | — 50321.93 |
| | | Kr. 470526.71 |

En frá þessu ber að draga:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Ófærðar kvittanir fyrir vörugreiðslum í vörzlum Lárusar Jóhannessonar hrl. | kr. 272945.50 | |
| 2. Skuldir vegna vörukaupa samkvæmt kröfulista við gjaldþrot | — 20304.49 | |
| | | kr. 293249.99 |
| Nettó ágóði af heildverzlun | | kr. 177276.72 |

Allt frá 1939 og fram til gjaldþrota rak ákærði umfangsmiklar húsabyggingar og fasteignasölu. Yfir þessa starfsemi færði ákærði ekkert bókhald. En endurskoðandi búsins hefur reiknað samkvæmt nótum og reikningum, sem fundust í vörzlum ákærða við gjaldþrot, svo og samkvæmt eigin játningu ákærða um sumar húseignirnar, sem ber saman við framburð vitna, að hagnaður ákærða af húsbyggingum og fasteignasölu hafi numið kr. 1218010.14. Þetta telur ákærði þó mikils til of hátt og má vera, að einhverju skeiki, en það er hafið yfir allan efa, að ákærði hefur haft mjög mikinn hagnað af fasteignunum.

Eins og áður segir, rak ákærði ýmist einn eða í félagi við aðra eftirtaldar smásöluverzlanir:

Windsor-magasin, Laugaveg 8 og Vesturgötu 2.
Perlubúðina, Vesturgötu 39.
Sportvörugerðina, Hverfisgötu 50.
Astor, Laugveg 8.

Í bókum ákærða eru ekki færðar neinar stofnfjárgreiðslur til þessara fyrirtækja. En í bókum fyrirtækjanna eru færðar nokkrar innborganir frá ákærða. Ekki er heldur hægt að sjá af bókum ákærða, að hann hafi haft nokkurn hagnað af rekstri þessara fyrirtækja. En samkvæmt viðskiptareikningi ákærða hjá Lárusi Jóhannessyni hrl. virðist Windsormagasin hafa greitt til ákærða kr. 74098.57 umfram það, sem Lárus greiddi vegna Windsor-magasins, og við gjaldþrot voru Lárusi afhentar vörur frá Windsor til greiðslu á skuldum ákærða við Lárus, kr. 86143.00.

Á þessum árum keypti og seldi ákærði nokkrar bifreiðar, og reiknar endurskoðandi búsins samkvæmt þeim upplýsingum, sem eru fyrir hendi, að ákærði hafi tapað kr. 17135.15 á þessum viðskiptum.

Auk þessa eru upplýsingar um kostnað, greiðslur og skaðabætur, sumar vegna verzlunarrekstrar ákærða, aðrar vegna fasteignasölu ákærða og enn aðrar persónulegar greiðslur og skattar.

Þessar greiðslur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Ófærðir vanskilavextir viðskiptamanna 1941 ..... | kr. | 1301.60 |
| Ófærðir vanskilavextir viðskiptamanna 1942 ..... | — | 3912.40 |
| Ófærðir vextir greiddir bönkunum ..... | — | 55831.67 |
| Ófærðir vanskilavextir greiddir Útvegsbankanum eftir gjaldþrot ..... | — | 2261.25 |
| Ófærðir vanskilavextir greiddir Útvegsbankanum .. | — | 59.20 |
| Ófærður kostnaður greiddur Lárusi Jóhannessyni .. | — | 48826.20 |
| Ófærður kostnaður greiddur Gústaf Ólafssyni ..... | — | 4397.75 |
| Ófærður kostnaður samkv. lýstum forgangskröfum .. | — | 596552.89 |
| Ófærður kostnaður samkvæmt alm. kröfum ..... | — | 35256.65 |
| Ófærðar skaðabætur samkvæmt alm. kröfum ..... | — | 41724.00 |
| | Kr. | 790123.61 |

Frá dregst:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Innborgaðir vextir frá Útvegsbankanum | kr. | 367.28 | |
| Innborgaðir vextir frá Lárusi Jóhannessyni | — | 1408.14 | |
| | | | kr. 1775.42 |
| | | | Kr. 788348.19 |

Við gjaldþrot voru húsgögn ákærða seld fyrir kr. 10902.77, en innkaup þeirra eru falin í einkaúttekt ákærða.

Samkvæmt þessu hefði ákærði átt að eiga við gjaldþrot:

| | | |
|---|---|---|
| Ágóði af heildverzlun | kr. | 177276.72 |
| Greitt til Lárusar Jóhannessonar vegna ákærða frá Windsor Magasini | — | 74098.57 |
| Vörur frá Windsor Magasini afhentar Lárusi Jóhannessyni upp í skuldir ákærða | — | 86143.00 |
| Hagnaður af fasteignasölu | — | 1218010.14 |
| Húsgögn, söluverð | — | 10902.77 |
| | Kr. | 1566431.20 |

Frá dregst:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tap á bílum | kr. | 17135.15 | |
| Ófærður kostnaður og skaðabætur | — | 788348.19 | |
| | | | kr. 805483.34 |
| Netto-eign hefði átt að vera | | | — 760947.86 |

Endurskoðandi búsins lætur fylgja þessari niðurstöðu athugasemdir í 12 liðum, þar sem bent er á ýmis atriði, sem ekkert er bókfært um, sem líklegt er, að orkað hafi á fjárhag ákærða bæði til hags og óhags. Þykir eigi ástæða til að rekja athugasemdir þessar í einstökum atriðum, en þær hníga í þá átt, að ótaldir séu í bókfærslu ákærða verulegir útgjaldaliðir, eins og fjárhagurinn við gjaldþrot ljóst sýnir að hlýtur að vera.

Ákærði telur, að auk þessa séu kvittanir að upphæð kr. 102931.56, sem voru í vörzlum hans við gjaldþrot fyrir greiðslum, sem engin verðmæti hafi komið fyrir, eða greiðslur fyrir verðmæti, sem búið var að telja búinu til tekna, án þess að það hafi verið skuldað fyrir greiðslunum.

Við gjaldþrot vantaði ákærða hins vegar kr. 1345066.94 til þess að eiga fyrir skuldum, og munar það kr. 2106014.80 frá því, sem endurskoðandi búsins telur, að átt hefði að vera. Upp í þenna mismun koma útistandandi skuldir, sem í bókum eru taldar kr. 1094980.72, en að sögn ákærða voru þær að mestu leyti greiddar honum fyrir gjaldþrot, og eru þær því ekki verðmæti í búinu, nema að mjög litlu leyti.

Enn fremur voru í vörzlum ákærða viðskiptamannavíxlar, að

nafnverði kr. 3254455.84. En ákærði taldi, þegar honum voru sýndir þessir víxlar, að aðeins ca. kr. 40 þúsund væru ógreiddir.

Af framanskráðu er augljóst, að bókfærsla ákærða hefur verið svo ófullkomin, að hún hefur sýnt mjög ranga mynd af raunverulegum hag hans. Er því eigi unnt að leggja hana til grundvallar, þegar dæma skal um, hvenær ákærði sá gjaldþrot sitt fyrir. Hinn afar slæmi fjárhagur hans við gjaldþrotið hefur átt sér alllangan aðdraganda, því að ekki er upplýst um neitt einstakt atriði á síðustu mánuðum fyrir gjaldþrotið, er hafi eyðilagt fjárhag ákærða. Það er upplýst, að hann komst í greiðsluvandræði snemma á sumri 1942, og við álagningu opinberra gjalda þá um vorið var honum gert að greiða til ríkis og bæjar samtals kr. 500549.60. Er sú upphæð talin með forgangskröfum hér að framan.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi ekki séð gjaldþrot sitt fyrir og telur jafnvel í fyrsta réttarhaldi rannsóknarinnar, að hann eigi enn fyrir skuldum þrátt fyrir gjaldþrotið. Er slíkt hin mesta fjarstæða, eins og áður segir, og verður að álíta, að ákærði hafi séð gjaldþrot sitt fyrir nokkrum tíma fyrir gjaldþrot. Eigi verður með vissu um það sagt, hve löngu fyrir gjaldþrotið hann sá það fyrir, en sennilegast er, að það hafi verið, er hann fékk vitneskju um þau opinberu gjöld, er á hann voru lögð 1942, eða upp úr því, þ. e. a. s. snemmsumars 1942. Verður að ganga út frá, að svo hafi verið. Þar sem hann gaf sig eigi upp sem gjaldþrota fyrr en áður segir, hefur hann því gerzt brotlegur við 5. málsgrein 1. gr. sbr. 39. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 25 15. júní 1929.

*Sala verzlunarinnar Astors.*

Ákærði Guðmundur Holberg hafði um nokkurra ára skeið allmikil viðskipti við Ólaf Magnússon kaupmann, Flókagötu 18 hér í bæ. Þau hófust 1938 eða 1939 með því, að Ólafur keypti smávíxla af ákærða. Síðar tók hann að lána ákærða fé til húsabygginga, sem tryggt var með 2. veðrétti í húseignunum. Varð það svo úr, að Ólafur fór að kaupa af ákærða víxla og ávísanir í stórum stil og þá oft á þann hátt, að hann greiddi andvirði þeirra ekki í peningum, heldur með víxlum, sem hann samþykkti sjálfur, en ákærði síðan seldi, og voru þeir víxlar venjulega gjaldkræfir nokkru síðar en víxlar þeir, sem ákærði lét Ólaf fá. Enn fremur keypti Ólafur af ákærða ýms veðskuldabréf og víxla, tryggða með fasteignaveðum, og lánaði honum fé út á slík verðmæti. Loks aðstoðaði hann ákærða við innlausn farmskírteina yfir vörur, sem hann hafði pantað, en hafði ekki fé til að innleysa, og fékk þá um leið farmskírteinin í hendur. Vegna allra þessara viðskipta var svo komið vorið 1942, að ákærði skuldaði Ólafi um 300 þúsund krónur, en þess ber að geta, að báðir aðiljar höfðu ekkert eða mjög ómerkilegt bókhald um viðskipti sín. Þegar hér var komið, dró Ólafur að sér höndina um lán-

veitingar til ákærða og tók að krefja hann um tryggingar fyrir skuldunum. Var það sérstaklega að áeggjan Haralds, sonar síns, sem hafði ótrú á fjárhagsstyrkleika og viðskiptahæfni ákærða, að Ólafur tók þetta skref. Hann fékk nú hrl. Ólaf Þorgrímsson til að ganga í mál þetta fyrir sig, og eftir að ýmsir möguleikar höfðu komið til orða um lausn málsins, varð það úr, að Ólafur keypti verzlunina Astor, og skal þeirri sölu nú nánar lýst.

Ákærði Guðmundur Holberg heldur því fram, að ákærði Brynjólfur hafi átt verzlun þessa, en skuldað heildverzlun sinni á annað hundrað þúsund krónur, þegar hér var komið. Eignarréttur ákærða Brynjólfs á þó eigi stoð í veruleikanum, eins og áður er tekið fram, og er því áður slegið föstu, að ákærði Guðmundur Holberg hafi raunverulega átt verzlun þessa. Ákærði Guðmundur Holberg samdi nú svo um, að verzlunin skyldi seld Ólafi Magnússyni, og var það gert með sölu- og afsalsbréfi, dagsettu 17. desember 1942, undirrituðu af ákærða Brynjólfi. Er verzlunin þar seld Ólafi með öllum vörubirgðum, verzlunaráhöldum og öllu, er verzluninni tilheyrir, fyrir 200 þúsund krónur. Telur seljandi í afsalsbréfinu, að vörubirgðir verzlunarinnar séu við afhendingu um 200 þúsund króna virði, en það, sem kynni að vanta upp á þessa upphæð við vörutalningu um næstu áramót, skuldbatt hann sig að bæta með vörum eftir vali kaupanda, þannig að allar vörubirgðir verzlunarinnar, miðað við kaupdag, séu 200 þúsund króna virði, miðað við útsöluverð að frádregnum 25%. Í afsalsbréfinu er tekið fram, að kaupverðið sé að fullu greitt við undirskrift þess, en ekki nánar greint, hvernig þeirri greiðslu var háttað. Hins vegar er upplýst, að Ólafur greiddi ákærða kr. 50000.00 í peningum, en hinn hluti andvirðisins, kr. 150000.00, gekk til greiðslu skulda ákærða við Ólaf. Við vörutalningu, sem fram fór strax eftir nýár, kom í ljós, að vörubirgðir verzlunarinnar voru allmiklu eða um 50 þúsund krónum minni en áætlað hafði verið, og bætti ákærði það að nokkru leyti upp með afhendingu nýrra vara til Ólafs, að verðmæti kr. 47000.00.

Eftir að gjaldþrotaskipti hófust, fór þrotabúið í riftunarmál við Ólaf Magnússon út af sölu Astors, og með dómi bæjarþings Reykjavíkur í því máli, uppkveðnum 9. febrúar 1944, var salan ógilt, og Ólafur skyldaður til að skila hinu keypta, en búið til að endurgreiða honum 50 þúsund krónurnar.

Eins og tekið er fram í kaflanum að framan um ákæruna fyrir brot gegn gjaldþrotaskiptalögunum, sá ákærði það fyrir, áður en sala verzlunarinnar Astors fór fram, að hann mundi ekki geta greitt skuldir sínar að fullu. Með sölu verzlunarinnar og með því að greiða þannig tiltölulega háa gjaldkræfa skuld sína, þegar hann sá gjaldþrotið fyrir, og þannig að ívilna einum skuldheimtumanna sinna hefur hann gerzt brotlegur við 250. gr. 4. tölulið almennra hegningarlaga.

Þegar Astorsalan fór fram, var ákærða Brynjólfi, sem var manna kunnugastur högum ákærða Guðmundar Holbergs, þó ákærði Guðmundur Holberg segði honum að vísu aldrei, hvernig fjárhag sínum væri komið, kunnugt um, að ákærði Guðmundur Holberg hafði verið í megnum greiðsluvandræðum í marga mánuði eða frá vorinu 1942, enda kveður hann engan starfsfrið hafa verið í heildverzluninni síðustu mánuðina fyrir gjaldþrotið fyrir ásókn skuldheimtumanna. Einnig var honum kunnugt um hin háu opinberu gjöld, er lögð voru á ákærða Guðmund Holberg árið 1942. Þá hefur ákærði Brynjólfur skýrt svo frá, að verzlunin hafi farið að ganga verr en áður vorið 1942 og að hún hafi verið mjög rýr frá því um haustið og fram að gjaldþroti. Auk þess var honum kunnugt um hina óbotnandi óreiðu og flækjur í viðskiptum ákærða. Verður af þessu öllu að telja óyggjandi, að honum hafi, þegar Astorsalan fór fram, verið ljóst, að ákærði Guðmundur var á gjaldþrotsbarmi, og hefur hann því með þátttöku sinni í sölu verzlunarinnar, sem raunverulega var eigi annað en undirskrift afsalsins, sem talinn eigandi hennar, gerzt meðsekur ákærða Guðmundi Holberg í broti hans gegn framangreindu hegningarlagaákvæði. Varðar þessi háttsemi ákærða Brynjólfs því við 250. gr. 4. tölulið sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Af Ólafs Magnússonar hálfu er því haldið fram, að meiri hluti þeirra ávísana, er hann keypti af ákærða Guðmundi Holberg eða fékk hjá honum sem greiðslu skulda og sem ákærði hafði gefið út, hafi ekki fengizt greiddar í banka við framvísun. Þessu er ekki beinlínis mótmælt af ákærða, en hann virðist hafa litið á ávísanir þessar sem eins konar skuldaviðurkenningar. Þá heldur hann því fram, að svo hafi verið um talað milli sín og Ólafs um ávísanir þessar að öllum jafnaði, en þó ekki í öllum tilfellum, að Ólafur talaði við ákærða, áður en hann framvísaði ávísununum í banka til greiðslu. Ekkert hefur ákærði fært fram þessari staðhæfingu til stuðnings, og þykir hann með atferli sínu um ávísanir þessar hafa gerzt brotlegur við 248. gr. hegningarlaganna. Eigi verður litið svo á, að ákærði hafi með veðsetningu Njálsgötu 86 og Kaplaskjólsvegar 2 Ólafi til handa gerzt sekur um refsiverðan verknað, en aftur á móti þykir veðsetning hans á Grundarstíg 11 Ólafi til handa, sumpart fyrir eldri óveðtryggðum skuldum, sennilegast í september 1942, varða við 250. gr. 4. tölulið hegningarlaganna.

*Sala húseignarinnar Þverholts 7.*

Viðskipti ákærða Guðmundar Holbergs og Sigurjóns Jónssonar bankaritara, Þverholti 7, hófust 1940 eða 1941, eftir því sem næst verður komizt.

Árið 1941 seldi ákærði Sigurjóni húseignina Lindargötu 62, en snemma árið 1942 seldi Sigurjón ákærða húseignina Lindargötu 60.

Síðar seldi ákærði Sigurjóni húseignirnar Laugaveg 158 og Þverholt 7, en Sigurjón ákærða húseignirnar Bergstaði 2 og Sjónarhól í Mosfellssveit.

Sú sala, er hér kemur til álita, er sala ákærða á húseigninni Þverholti 7.

Sumarið 1942 átti ákærði hús þetta og vildi selja það. Sigurjón hafði áhuga á að kaupa það, og áttu þeir viðtöl um þetta. Endirinn varð sá, að þeir ákváðu í samtali, er fram fór á heimili ákærða, að ákærði seldi Sigurjóni húsið fyrir 135 þúsund krónur. Við eitt eða tvö samtöl þeirra um þetta málefni var Björn Ólafs lögfræðingur staddur sem ráðunautur Sigurjóns. Síðan samdi Björn skjöl öll þessu viðvíkjandi.

Hinn 25. ágúst 1942 afsalaði ákærði Sigurjóni húseign þessari. Í afsalinu er tekið fram, að Sigurjón hafi greitt ákærða kaupverðið að fullu með því að taka að sér að greiða áhvílandi veðskuldir á 1.—3. veðrétti, samtals að eftirstöðvum kr. 57325.57, með því að gefa út skuldabréf til ákærða með 4. veðrétti í eigninni, að upphæð kr. 9024.25, og loks með því að greiða ákærða eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 68650.21, í peningum. Innifalið í þessari peningagreiðslu var þó um 18 þúsund króna veðskuldabréf, er ákærði tók sem peningagreiðslu. Þegar sala þessi fór fram, var ákærði eigi þinglesinn eigandi hússins, heldur Sigurður Jóhannsson, ishússtjóri í Ólafsvík. Hafði Eyjólfur Jóhannsson, bróðir Sigurðar, á sínum tíma selt ákærða húsið, en skort skriflegt umboð til þess, og fór þinglýsing eigi fram. Umboð Sigurðar fékkst svo 12. janúar 1943 fyrir milligöngu Björns Ólafs. Þegar afsalsbréf ákærða Sigurjóni til handa var undirritað, hvíldu eigi önnur þinglýst veðbönd á eigninni en þau, er Sigurjón tók að sér samkvæmt framansögðu að standa straum af. Hinn 21. júlí 1942 eða rúmum mánuði áður en hann afsalaði Sigurjóni eigninni, gaf ákærði út tryggingarbréf í eigninni til handhafa 80 þúsund króna víxils og afhenti það og víxilinn sama dag hrl. Garðari Þorsteinssyni, sem hann hafði mjög mikil viðskipti við. Kveðst ákærði hafa látið hæstaréttarlögmanninn fá bréfið sem bráðabirgðatryggingu fyrir skuldum sínum við hann, en hæstaréttarlögmaðurinn telur sig hafa fengið bréfið til eignar. Hvort heldur var, skiptir ekki máli hér.

Sama dag og ákærði gaf út tryggingarbréfið og hæstaréttarlögmaðurinn fékk það í hendur, kom sá síðarnefndi því til fulltrúa lögmanns til þinglestrar. Heldur hæstaréttarlögmaðurinn því fram, að ákærði hafi beðið sig að láta ekki þinglýsa bréfinu strax, og hafi hann (hæstaréttarlögmaðurinn) því sagt lögmannsfulltrúanum, að hann réði því, hvort hann innritaði bréfði til þinglýsingar fyrr eða síðar, en hann skyldi gæta þess, að láta bréfið ganga á undan öðrum skjölum, er berast kynnu varðandi eignina. Þessum orðum kveðst lögmannsfulltrúinn ekki muna eftir, en mótmælir þeim þó

ekki. Jafnframt því, sem hæstaréttarlögmaðurinn afhenti lögmannsfulltrúa þetta bréf, afhenti hann honum tvö önnur skjöl til þinglestrar, þar á meðal 150 þúsund króna handhafatryggingarbréf í húseign ákærða, Mángötu 22, sem ákærði hafði gefið út sama dag og látið hæstaréttarlögmanninn fá á sama hátt og tryggingarbréfið í Þverholti 7. Lögmannsfulltrúinn gleymdi að þinglýsa skjölum þessum þar til 17. september 1942, eða tæpum mánuði eftir að ákærði afsalaði Sigurjóni eigninni. Sigurjón hefur staðfastlega haldið því fram undir allri rannsókn málsins, að ákærði hafi ekki skýrt sér frá 80 þúsund króna tryggingarbréfinu í Þverholti 7 í samningum þeirra um eignina og að hann hafi ekki haft hugmynd um veðsetningu þessa, fyrr en Björn Ólafs skýrði honum frá henni í símtali um mánaðamótin nóvember og desember 1942. Að þessu hefur Sigurjón unnið drengskaparheit, og á veðsetningu þessa er ekki minnzt í afsalsbréfi því, er ákærði gaf Sigurjóni fyrir eigninni. Björn Ólafs hefur borið það sem vitni í málinu, að hann hafi aldrei heyrt ákærða eða Sigurjón minnast á veðsetningu þessa í þau sennilega tvö skipti, er hann heyrði þá tala um þetta mál, áður en afsalið fór fram, en um mánaðamót nóvember og desember 1942 kveðst hann hafa orðið þess var, að tryggingarbréfinu hafði verið þinglýst, og þá einum eða tveimur dögum síðar tilkynnt Sigurjóni þetta. Hafi Sigurjón þá orðið mjög undrandi á þessu, og hafi hann ætíð haldið því fram við sig, að ákærði hafi aldrei skýrt sér frá veðbandi þessu. Sigurjón heldur því fram, eins og áður segir, að ákærði hafi ekki minnzt á þetta við sig einu orði fyrir húsakaupin eða eftir þau, fyrr en Sigurjón talaði við hann um þetta, eftir að Björn skýrði honum frá veðsetningunni. Hefur hann tekið fram, að hefði hann haft vitneskju um veðsetninguna, áður en kaupin voru ráðin, hefði hann aldrei keypt eignina, eða þá að minnsta kosti látið útborgunina ganga til handhafa tryggingarbréfsins.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi í samtali við Sigurjón eitt sinn heima hjá sér, áður en kaupin fóru fram, skýrt honum frá tryggingarbréfinu og að það lægi hjá Garðari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni í sambandi við víxilviðskipti sín við hann. Kveðst hann hafa tekið fram, að hann teldi bréfið vera að veði fyrir 40 þúsund króna skuld, og að hann mundi sjá um aflýsingu þess, — en hann hafi þá ekki vitað, hvort því hefði verið þinglýst —, en tækist sér þetta ekki, yrðu kaupin að ganga til baka. Hafi þeir þó báðir gert ráð fyrir, að til þess kæmi ekki. Síðar kveðst hann og hafa drepið á þetta í viðtali við Sigurjón. Vitni segir hann engin hafa verið að samtölum þessum, og hann kveðst ekki hafa minnzt á þetta við Björn Ólafs eða í hans áheyrn. Ákærði hefur skýrt allýtarlega frá samtali sínu og Sigurjóns, þegar þeir ræddu kaupin, og hann kveðst hafa sagt honum frá tryggingarbréfinu, og lýst, hvar þeir voru í stofunni og ýmsum öðrum smáatriðum. Hefur

Sigurjón staðfest, að ákærði skýri rétt frá þessu að öðru leyti en um frásögnina um tryggingarbréfið. Í viðtölum þeirra, er fóru á undan samningunum um eignina, kom meðal annars til tals, að Sigurjón keypti Mánagötu 22 af ákærða, og eru þeir á einu máli um, að ákærði hafi í því sambandi sagt Sigurjóni frá 150 þúsund króna tryggingarbréfinu í þeirri eign, er hrl. Garðar Þorsteinsson fékk samtímis Þverholtsbréfinu. Er því haldið fram af ákærða hálfu, að þetta bendi óneitanlega til þess, að hann hafi einnig skýrt Sigurjóni frá Þverholtsbréfinu, sem eins eða mjög svipað stóð á og með Mánagötubréfið. Auk þess er á það bent af ákærða hálfu, að fyrri húsviðskipti hans og Sigurjóns hafi verið laus í formi og braskkennd á báða bóga og að ákærði hafi í sambandi við þau séð um lausnir veðbanda eftir afsal, án þess að á veðböndin væri minnzt í afsali, heldur hafi það verið samkvæmt munnlegu viðtali.

Björn Ólafs hefur borið sem vitni, að hann hafi, einum eða tveimur dögum eftir að hann fékk vitneskju um 80 þúsund króna tryggingarbréfið, talað við ákærða í síma um málið, og hafi ákærði þá ekki minnzt á, að hann hefði skýrt Sigurjóni frá veðinu, áður en hann gaf honum afsal fyrir eigninni. Hinn 3. desember 1942, eftir því sem næst verður komizt, fóru þeir Sigurjón og Björn báðir saman á fund ákærða til að ræða þetta mál. Spurði þá Sigurjón ákærða, hverju þetta sætti, og krafðist tafarlausrar aflýsingar tryggingarbréfsins. Ákærði hélt því fram í þessu samtali, að hann hefði sagt Sigurjóni frá bréfinu áður, en Sigurjón mótmælti því þá strax mjög kröftuglega, og kveður Björn Sigurjón hafa hótað ákærða kæru. Ber Sigurjón, að ákærði hafi virzt fallast á þessi mótmæli sín, en Björn ber, að ákærði hafi við mótmæli Sigurjóns og skammir dregið úr því, sem hann áður hafði sagt, án þess þó að taka það aftur, og hafi hann þá farið að tala um möguleika á að gera Sigurjón skaðlausan af tryggingarbréfinu. Varð það síðan úr, að ákærði setti Sigurjóni nokkrar tryggingar vegna margnefnds bréfs.

Hafa nú verið rakin öll höfuðatriði um, hvort ákærði hafi leynt Sigurjón tryggingarbréfinu, er þeir sömdu um húsakaupin og skjalfestu þau. Annars vegar er hin eindregna neitun ákærða, og hnígur það til stuðnings henni, að hann hafi skýrt Sigurjóni frá Mánagötubréfinu, og að fyrri húsaviðskipti þeirra höfðu verið laus í formi. Hins vegar er framburður Sigurjóns, og hefur hann staðfest höfuðatriði hans með drengskaparorði. Mjög er sá framburður studdur af framburði vitnisins Björns Ólafs, og enn fremur mælir öll skynsemi með því, að Sigurjón hefði eigi gengið að kaupunum, eins og þau eru úr garði gerð, hefði hann haft vitneskju um tryggingarbréfið. Loks styður hin hóflausa óreiða og sukk í viðskiptum ákærða framburð Sigurjóns og að þegar salan fer fram er mjög farið að halla undan fæti um fjárhag ákærða. Að öllu athuguðu, verður að líta svo á, að nægilega sé sannað, að ákærði hafi eigi skýrt Sigurjóni

frá tryggingarbréfinu, áður en hann seldi honum Þverholt 7, og hefur ákærði með því gerzt brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

*Handveðsetning 350 þúsund króna tryggingarbréfs í Hótel Heklu o. fl.*

Eins og fram er tekið í næsta kafla hér á undan, krafði Sigurjón Jónsson ákærða hinn 3. desember 1942, eftir því sem næst verður komizt, trygginga vegna 80 þúsund króna tryggingarbréfsins í Þverholti 7. Varð það þá að samkomulagi, að ákærði fengi frest til 15. janúar 1943 til að afhenda Sigurjóni margnefnt 80 þúsund króna bréf, enda setti hann þá jafnframt Sigurjóni að handveði til tryggingar skaðleysi af 80 þúsund króna bréfinu og 5000 króna víxli, er Sigurjón keypti þá samtímis af ákærða, útgefinn 3. des. 1942 og með gjalddaga 15. janúar 1943, þessi verðbréf:

1. Tryggingarbréf með víxli, til handhafa, tryggt með 4. veðrétti í Hótel Heklu. Víxillinn að upphæð kr. 350000.00.
2. Áðurnefnt 4. veðréttar skuldabréf í Þverholti 7, að upphæð kr. 9024.22.

Afhenti ákærði Sigurjóni bréf þessi sem handveð samkvæmt framansögðu. Fresturinn til 15. janúar leið, án þess að ákærða tækist að losa 80 þúsund króna veðbandið af Þverholti 7. Varð það þá úr, að hann lét Sigurjón hinn 25. janúar 1943 eða tveimur dögum fyrir gjaldþrot hafa til frekari tryggingar skaðleysi sínu þessi verðbréf:

1. Tryggingarbréf með víxli, til handhafa, tryggt með 3. veðrétti í Svanastöðum í Mosfellssveit. Víxillinn að upphæð kr. 45000.00.
2. Tryggingarbréf með víxli, til handhafa, tryggt með 3. veðrétti í Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi. Víxillinn að upphæð kr. 20000.00.

Um þessi tvö síðastnefndu bréf má segja, að þau hafi raunverulega verið mjög lítils virði vegna veðskulda, er hvíldu á eignunum á fyrri veðréttum. Þegar ákærði lét Sigurjón fá nefnd fjögur bréf að handveði, sá hann gjaldþrot sitt fyrir, eins og áður er tekið fram, og varðar því handveðsetningin hann refsingu samkvæmt 250. gr. 4. tölulið almennra hegningarlaga.

Um hið fyrst nefnda bréf, 350 þúsund króna 4. veðréttartryggingarbréf í Hótel Heklu, skal þetta tekið fram. Félagið Hótel Hekla h/f átti húseignina Hótel Heklu, en í félagsstjórninni voru báðir hinir ákærðu og Margrét Árnadóttir frú, og var ákærði Guðmundur Holberg formaður stjórnarinnar, en ákærði Brynjólfur ritari. Bréfið er dagsett 15. nóvember 1942 og undirritað af ákærða Guðmundi Holberg einum sem einstaklingi, og var upphaflega að sögn beggja ákærðu útbúið í þeim tilgangi að fá út á það fé til endurbóta á hótelinu. Nú kveður ákærði Guðmundur Holberg það hafa verið fyrirsjáanlegt, að félagið þyrfti ekki að nota bréfið fyrst um sinn,

og hafi það því orðið að samkomulagi milli þeirra, er mynduðu meira hluta félagsstjórnarinnar, þ. e. beggja ákærðu, að ákærði Guðmundur Holberg mætti nota bréfið til eigin þarfa um nokkurra mánaða skeið. Ákærði Brynjólfur kveður ákærða **Guðmund Holberg hafa** spurt sig, hvort hann mætti ekki nota bréfið í eigin þarfir, meðan þeir hlutir, sem fá ætti til hótelsins, fengjust ekki, og kveðst hann hafa fallizt á það.

Á tryggingarbréfið rita báðir ákærðu sem stjórnarmenn Hótel Heklu h/f samþykki á veðsetningunni, og minnir ákærða Brynjólf, að veðleyfi þetta væri ritað á bréfið um leið og Sigurjóni var afhent það, og fullyrðir Björn Ólafs, að svo hafi verið, og mjög á sömu lund er frásögn Sigurjóns um þetta. Ákærði Brynjólfur var viðstaddur afhendingu tryggingarbréfsins í hendur Sigurjóni og gerði engar athugasemdir við hana, enda hafði hann, sem áður segir, samþykkt, að ákærði Guðmundur Holberg mætti ráðstafa því í eigin þarfir. Verður að telja, að ákærðu hafi með þessari ráðstöfun misnotað aðstöðu sína gagnvart nefndu hlutafélagi á þann veg, að refsingu eigi að varða samkvæmt 249. gr. hegningarlaganna.

Hinn 3. desember 1942 greiddi ákærði Sigurjóni Jónssyni kr. 15000.00 af víxilskuld, sem var í vanskilum. Þar sem ákærði sá þá gjaldþrot sitt fyrir, varðar þessi ráðstöfun hann refsingu samkvæmt 250. gr. 4. tölulið hegningarlaganna.

*Viðskipti við Sverri Bernhöft stórkaupmann.*

Viðskipti ákærða Guðmundar Holbergs og Sverris Bernhöfts stórkaupmanns, Kjartansgötu 6 hér í bæ, hófust um mitt árið 1940. Keypti ákærði talsvert af vörum af Sverri, og hefur Sverrir skýrt svo frá greiðslum ákærða, að hann hafi staðið mjög vel í skilum þar til snemma á sumri 1942, en þá hafi skipt svo um, að hann hafi alls ekkert greitt eftir það. Við gjaldþrotið skuldaði ákærði Sverri kr. 67000.00 í gjaldföllnum vöruvíxlum auk kostnaðar og kr. 55000.00 í ógjaldföllnum vöruvíxlum og auk þess þá 12000 króna ávísun, er síðar verður að vikið. Um þetta eru þeir Sverrir og ákærði á einu máli í rannsókninni, en kröfulýsing Sverris í búið er allmiklu lægri en áðurnefndar skuldir samanlagðar. Sverrir leysti hina gjaldföllnu vöruvíxla til sín úr bönkunum í ágúst 1942 og krafði síðan ákærða hvað eftir annað um greiðslu þeirra, en án árangurs. Kom nú til tals milli þeirra, að Sverrir keypti hús af ákærða og fengi með því greiðslu víxilskuldanna, og mun það hafa verið seint í ágúst, sem hugmynd þessi komst á það stig, að ákveðið var, að Sverrir keypti Mánagötu 22 af ákærða fyrir kr. 187000.00, og gerðu þeir um þetta kaupsamning, dagsettan 10. september 1942. Er svo ákveðið í kaupsamningnum, að kaupandi taki að sér að greiða áhvílandi 1. veðréttarlán á eigninni, kr. 39000.00, greiði kr. 30000.00 í peningum við útgáfu afsals, greiði kr. 68000.00 með víxlum, sam-

þykktum af ákærða, og gefi út við afhendingu afsals skuldabréf, að upphæð kr. 50000.00. Í samningnum er ákveðið, að kaupin miðist við 1. okt. 1942, og að þá skuli afsal gefið út gegn uppfyllingu samningsins af kaupanda hálfu.

Hinn 21. júlí 1942 hafði ákærði gefið út tryggingarbréf með 2. veðrétti í eigninni fyrir víxli ,að upphæð kr. 150000.00, og hafði hann handveðsett skjöl þessi hrl. Garðari Þorsteinssyni til tryggingar víxilskuldum, en af sömu ástæðu og það dróst að þinglýsa 80 þúsund króna tryggingarbréfinu í Þverholti 7 dróst þar til 17. september 1942 að þinglýsa þessu tryggingarbréfi. Sverrir heldur því nú fram, að ákærði hafi ekki sagt sér frá þessari veðsetningu og að hann hafi ekkert um hana vitað fyrr en ganga skyldi endanlega frá kaupunum með útgáfu afsals, en þessu hefur ákærði mótmælt og haldið því fram, að hann hafi skýrt Sverri frá veðsetningunni, þegar þeir ákváðu kaupin. Þeir eru sammála um, að kaupin hafi verið ráðin eitt sinn í stuttu samtali heima hjá ákærða og hafi engin vitni verið að því. Þá ræddu þeir um kjör þau, er áður eru rakin, og kveðst ákærði hafa sagt Sverri ,að eignin yrði afhent honum einungis með áhvílandi 1. veðréttarskuldinni, kr. 39000.00, en jafnframt kveðst hann hafa skýrt frá því, að hann hafi notað 2. veðrétt í eigninni sem baktryggingu fyrir víxilreikningi hjá kunninga sínum, en hafi hvorki nefnt upphæð reikningsins né nafn kunningjans, né hvernig þessari veðsetningu væri nánar háttað. Kveðst ákærði hafa sagzt mundu gera nýjan samning við þenna kunningja sinn, svo af kaupunum gæti orðið. Út á þetta segir hann Sverri ekkert hafa gefið og að ekkert hafi nánar verið rætt um þetta sérstaklega, nema að Sverrir hafi spurt sig, hverjum hann skuldaði víxilreikninginn, en hann (ákærði) hafi sagzt ekki vilja skýra honum frá því, að svo stöddu, en mundu skýra honum frá því síðar. Sverrir ber, að hann minnist þess ekki, að ákærði skýrði sér nokkurn tíma eða á nokkurn hátt frá þessari veðsetningu, fyrr en ætlunin var að gefa út afsalið, og hefur hann staðfest þenna framburð sinn með eiði.

Síðan var það eitt sinn í október — 20. október eftir því, sem hrl. Kristján Guðlaugsson minnir —, að þeir hittust, ákærði og Sverrir, í þeim tilgangi að ganga endanlega frá kaupunum. Með Sverri var málflutningsmaður hans, hrl. Kristján Guðlaugsson. Bera þeir Sverrir og Kristján, að ákærði hafi þá skýrt frá því, að um 100 þúsund krónur hvíldu á 2. veðrétti eignarinnar vegna víxilskulda. Hefur Kristján borið, að þessar upplýsingar hafi, eftir því sem sér virtist, komið Sverri algerlega á óvart, og minnist hann ekki neinna atvika, er gætu bent til þess, að Sverri hafi verið kunnugt um það áður, að veðband þetta hvíldi á eigninni. Ákærði kveðst á fundi þessum hafa sagt, að hann gæti ekki gengið frá kaupunum, fyrr en hann hefði komizt að samningum við hrl. Garðar Þorsteinsson um 150 þúsund króna 2. veðréttar tryggingarbréfið. Á þessum fundi slitn-

aði ekki með öllu upp úr kaupunum, heldur veitti Sverrir fyrir atbeina Kristjáns ákærða frest til að ganga frá málinu á þeim grundvelli, sem ákveðinn var í kaupsamningnum. Þetta gerði þó ákærði ekki, og riftaði því Sverrir kaupunum með bréfi, dagsettu 28. október 1942.

Fulltrúi hrl. Kristjáns Guðlaugssonar, Jón Norðmann Sigurðsson lögfræðingur, samdi kaupsamninginn samkvæmt upplýsingum frá Sverri og átti oft viðtöl við hann um kaupin bæði fyrir og eftir samningsgerðina. Ber Jón, að Sverrir hafi aldrei fyrir samningsgerðina minnzt á við sig, að hann hefði vitneskju um, að önnur veð hvíldu á eigninni en það, sem í kaupsamningnum er greint. Í réttarhaldi 10. marz 1943 skýrði Hafliði Halldórsson, forstjóri Gamla Bíó h/f, frá því sem vitni, að Sverrir hafi talað við sig annað hvort í júlí eða ágúst 1942 og spurt sig, hvort hrl. Garðar Þorsteinsson mundi eiga veð í einhverju húsi við Mánagötu. Hafi Hafliði svarað því til, að sér væri þetta ókunnugt, og skyldi Sverrir snúa sér um þetta til Garðars. Í réttarhaldi 31. marz 1943 var Hafliði spurður, hvort hann muni þá nánar en áður, hvenær þetta gerðist. Svaraði hann því þá svo, að sér hafi verið kunnugt, þegar Garðar fékk veð í Mánagötuhúsinu, en muni ekki, hvenær það var, því hann hafi ekki sett það á sig, en það hafi verið einhvern tíma síðar, sem Sverrir spurði sig um þetta. Hyggur hann, að það hafi ekki verið löngu síðar.

Sérstaklega vegna þessa vitnisburðar Hafliða þykir viðurhlutamikið að telja sannað gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi leynt Sverri veðinu fyrir undirskrift kaupsamningsins. Hugsanlegt er, að farið hafi fram hjá Sverri í hinu stutta samtali hans og ákærða eða gleymzt honum síðar hin tölulausa og nafnlausa frásögn ákærða um, að eignin væri baktrygging fyrir víxlareikningi hjá kunningja sínum. Verður ákærði eigi sakfelldur fyrir þetta atriði. Hins vegar hefur ákærði við undirskrift kaupsamningsins séð gjaldþrot sitt fyrir og því með honum gerzt brotlegur við 250. gr. 4. tölulið sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Annað atriði úr viðskiptum ákærða og Sverris Bernhöfts kemur hér til athugunar, en það er 12000 króna tékkávísunin, sem áður er nefnd.

Sverrir skýrir svo frá ávísun þessari, að ákærði hafi eitt sinn haustið 1942 komið til sín á skrifstofuna og beðið sig að gera sér þann greiða að láta sig fá 12000 krónur upp í þær 30000 krónur, sem Sverrir ætti að greiða sér eftir nokkra daga, þegar gengið yrði frá húsakaupunum. Sverrir gerði þetta og afhenti ákærða féð, en fékk í staðinn frá ákærða tékkávísun fyrir sömu upphæð á reikningslán nr. 805 við Útvegsbanka Íslands h/f, sem ákærði ritaði um leið. Er ávísun þessi, dagsett 9. október 1942, lögð fram sem lögregluréttarskjal nr. 17. Um þessa ávísun kveður Sverrir ekki hafa

verið annað talað í þetta sinn þeirra á milli en að Sverrir hefði hana í höndum, þar til húsakaupin yrðu útkljáð, en þá skyldi hún afhendast ákærða ásamt 18 þúsund krónum sem fullnaðargreiðsla hinnar umsömdu 30000 króna peningagreiðslu. Ekki kveðst Sverrir hafa spurt ákærða, hvort innstæða væri til fyrir ávísuninni, og hann hefur unnið eið að því, að ákærði hafi við afhendingu ávísunarinnar ekki minnzt á, að innstæða væri ekki fyrir henni né að ekki mætti framvísa henni í bankanum. Lét nú Sverrir ávísunina liggja í sjóði hjá sér, þar til mjög skömmu eftir að slitnaði upp úr húsakaupunum. Þá spurðist hann fyrir um það í Útvegsbankanum, hvort innstæða væri til fyrir henni, en fékk neitandi svar. Síðan afhenti hann hrl. Kristjáni Guðlaugssyni hana til innheimtu, og fékk hann ákærða dæmdan til greiðslu hennar, en greiðsla hafði engin fengizt við gjaldþrot. Hrl. Kristján Guðlaugsson hefur borið, að Sverrir hafi ekki sagt sér, er þeir ræddu um ávísunina, að ákærði hefði sagt sér, að ekki væri innstæða fyrir henni eða að hann mætti ekki framvísa henni í bankanum. Fulltrúi hrl. Kristjáns Guðlaugssonar, Jón N. Sigurðsson lögfræðingur, annaðist innheimtutilraunir ávísunarinnar. Hefur hann borið, að Sverrir hafi ekkert sagt sér um, að ákærði hefði tekið fram við sig, þegar hann afhenti ávísunina, að ekki mætti framvísa henni eða að engin innstæða væri fyrir henni. Hafi Sverrir einmitt sagt vitninu, að hann hefði verið grunlaus um, að ávísunin væri ónýt, þegar hann tók við henni. Jón N. Sigurðsson framvísaði ávísuninni tvisvar eða þrisvar í bankanum án þess að fá greiðslu, og hinn 18. nóvember 1942 var hún árituð í bankanum um, að næg innstæða væri eigi fyrir henni.

Ákærði skýrir svo frá ávísun þessari:

Nokkrum dögum fyrir 9. október 1942, dagsetningardag ávísunarinnar, bað hann Sverri í símtali um 12—15 þúsund króna lán til nokkurra daga. Sverrir kvað það sjálfsagt. Rétt eftir samtalið fór svo ákærði með ritaða ávísunina á skrifstofu Sverris, og afhenti Sverrir honum þar 12000 krónur í peningum án þess að óska kvittunar eða tryggingar. Tók ákærði þá upp ávísunina og spurði Sverri, hvort ekki væri rétt, að ávísunin lægi í sjóði hjá honum, þar til ákærði endurgreiddi lánið, og féllst Sverrir á það. Kveðst ákærði hafa verið mjög að flýta sér og hafa litið á ávísunina sem kvittun fyrir láninu. Tekur ákærði fram, að þar sem talað hafi verið um, að ávísunin lægi í sjóði hjá Sverri, þar til ákærði greiddi lánið, hafi verið auðvitað, að hún fengist ekki greidd í bankanum, því að ásæðulaust hafi verið fyrir sig að fá lánið, ef hann hefði getað tekið sömu upphæð út úr bankanum. Í þessu sambandi skal þess getið, að ákærði segir þetta hafa gerzt fyrir hádegi, þ. e. á bankatíma, en Sverrir kveður það hafa gerzt að kvöldi, en óupplýst er, hvort réttara er. Þegar ákærði var um það spurður, hvort hann hefði sagt Sverri berum orðum við afhendingu ávísunarinnar, að hún fengist ekki

greidd í bankanum, kveðst hann „nú muna", að hann hafi sagt, að Sverrir mætti ekki framvísa henni í bankanum. Nokkrum dögum síðar mæltist Sverrir til þess, að ákærði greiddi ávísunina, en þá sagði ákærði illa standa á hjá sér með að greiða, og varð það þá að samkomulagi, að ávísunin skyldi bíða og yrði tekin sem greiðsla upp í væntanlegt andvirði Mánagötu 22. Heldur ákærði því fram, að lánið hafi upphaflega verið kunningjalán óháð Mánagötukaupunum, en síðar hafi það verið tengt við þau. Ákærði hefur viðurkennt, að reikningslánið í Útvegsbankanum, sem ávísunin er á, hafi verið í mörg þúsund króna skuld frá sinni hendi, þegar hann gaf ávísunina út, og hafi sér þá verið óheimilt að ávísa á reikningslánið nema að fá til þess sérstaka yfirdráttarheimild, og hana hafði hann ekki fengið. Hann hefur ekki haldið því fram, að hann hafi beinlínis sagt Sverri, að innstæða væri ekki fyrir ávísuninni. Eftir atvikum þykir óvarlegt að telja sannað, að Sverrir Bernhöft hafi, er hann tók við ávísuninni, verið blekktur um gildi hennar. Hins vegar þykir mega ganga út frá því, að það hafi verið ákærða vitanleg forsenda fyrir lánveitingunni af hendi Sverris, að fjárhæðin endurgreiddist í sambandi við hin fyrirhuguðu húsakaup. Af þeim viðskiptum varð ekki, svo sem áður er lýst, af ástæðum, sem ákærði, er hann fékk lánið, hlaut að sjá fyrir. Varðar þessi lántaka ákærða því við 248. gr. hegningarlaganna.

*Viðskipti við Steindór Einarsson bifreiðaeiganda.*

Ákærði Guðmundur átti um nokkurt skeið allmikil viðskipti við Steindór Einarsson bifreiðaeiganda, Sólvallagötu 68 hér í bæ. Aðallega voru þetta láns og víxlaviðskipti, en þó einnig leiga húsnæðis, sala gamalla bifreiða til ákærða o. fl. Framan af stóð ákærði í skilum við Steindór, en þegar kom fram á sumarið 1942, tók hann að lenda í vanskilum. Samkvæmt bókhaldi ákærða, er brýtur ekki í bága við framburði ákærða og Steindórs, greiddi ákærði í vörum til Steindórs upp í skuldir kr. 32667.78 á tímabilinu frá 1. október 1942 til gjaldþrots. Hinn 20. eða 21. september 1942 lét ákærði Steindór fá vöruvíxla, samtals að upphæð kr. 55233.82, og auk þess notuð húsgögn fyrir kr. 3500.00 sem greiðslu eldri skulda. Af víxlum þessum voru víxlar á Windsor-magasin og Sportvörugerðina, samtals að upphæð tæpar 22 þúsund krónur, sem ekki greiddust.

Með framangreindum greiðslum til Steindórs á þeim tíma, er ákærði sá gjaldþrot sitt fyrir, hefur hann brotið 250. gr. 4. mgr. almennra hegningarlaga.

*Viðskipti við Sæmund Þórðarson stórkaupmann.*

Ákærði Guðmundur Holberg hafði töluverð viðskipti við Sæmund Þórðarson stórkaupmann, Tjarnargötu 10 hér í bæ. Bæði keypti hann vörur af Sæmundi, og einnig höfðu þeir allmikil víxlaviðskipti

saman. Voru þau aðallega þannig, að Sæmundur samþykkti víxla fyrir ákærða í greiðaskyni, en ákærði gaf honum jafnframt yfirlýsingar um, að hann væri sá raunverulegi skuldari víxlanna. Ákærði seldi síðan víxlana og greiddi þá síðan vel flesta, en suma varð Sæmundur að innleysa, og var ákærði af þessum sökum kominn í talsverða skuld við hann fyrir gjaldþrotið. Til greiðslu á þessari skuld fékk Sæmundur úr heildverzlun ákærða hinn 8. janúar 1943 vörur fyrir kr. 4417.00 og hinn 15. sama mánaðar vörur fyrir kr. 10580.40. Taldi Sæmundur sig þó eiga að fá afslátt frá þessu verði, en ekki mun það hafa verið fastákveðið af hálfu ákærða, en líkur til, að svo hefði orðið, hefðu þeir fengið tóm til að gera þetta upp, en fáum dögum eftir síðari afhendinguna varð ákærði gjaldþrota. Sæmundi er ekki ljóst, til greiðslu hvaða víxla vörur þessar áttu að ganga, en hann kveðst rétt áður en hann fékk þær hafa orðið að innleysa til sín víxla, sem svo var háttað um, er að framan segir. Með þessari vörugreiðslu til Sæmundar fáum dögum fyrir gjaldþrotið hefur ákærði brotið 250. gr. 4. tölulið almennra hegningarlaga.

*Sala bifreiðarinnar R 1208.*

Í marzmánuði 1941 útvegaði hdl. Gústaf Adolf Ólafsson ákærða Guðmundi Holberg 6000 króna lán gegn sex mánaða víxli hjá Sveini Gunnarssyni, lækni hér í bæ. Samtímis eða með bréfi, dagsettu 17. marz og þinglýstu 20. s. m., veðsetti ákærði bifreið sína, fólksflutningabifreiðina R 1208, með 1. veðrétti fyrir víxilskuld þessari. Ákærði greiddi ekki víxilinn á gjalddaga, og varð það þá úr um áramót 1941 og 1942, að héraðsdómslögmaðurinn greiddi lækninum víxilinn og eignaðist þar með víxilinn með tryggingarbréfinu. Hinn 16. apríl 1942 seldi ákærði Hafliða Halldórssyni, forstjóra í Gamla Bíó h/f, bifreiðina fyrir 12000 krónur án þess að skýra honum frá veðsetningunni. Hann heldur því að vísu fram, að hann hafi greitt héraðsdómslögmanninum veðskuldina á tímabilinu 1. febrúar til 1. júlí 1942, en eigi fær sú staðhæfing hans staðizt gegn framburði og gögnum héraðsdómslögmannsins. Með því að selja bifreiðina veðsetta án þess að gera kaupanda hennar kunnugt um veðið hefur hann brotið 248. gr. hegningarlaganna.

Veturinn 1942 lánaði Hafliði ákærða 35 þúsund krónur. Samtímis afhenti ákærði honum tvær tékkávísanir á Búnaðarbankann, aðra að upphæð kr. 20000.00, en hina að upphæð kr. 15000.00. Var 15 þúsund króna ávísunin dagsett 22. júní, en því er haldið fram af Hafliða, að hin hafi verið dagsett í marz eða apríl, en síðan verið framlengd að viðbættum vöxtum, kr. 450.00, og fyrir liggur ávísun, sem Hafliði hefur afhent, dagsett 12. júlí 1942, að upphæð kr. 20450.00. Ber Hafliði, að ákærði hafi tjáð sér, að fara mætti með ávísanirnar í bankann á gjalddögum, og að hann hafi engan fyrir-

vara gert um að greiða ávísanirnar sjálfur eða að nokkuð yrði því til fyrirstöðu, að þær yrðu greiddar í gjalddaga. Á gjalddaga fyrri ávísunarinnar kveðst Hafliði hafa spurt ákærða í síma, hvort ekki mætti framvísa henni, og hafi ákærði svarað, að svo væri ekki, og þá beðið um að mega framlengja hana. Á gjalddaga síðari ávísunarinnar sagði ákærði Hafliða, að eigi væri heldur innstæða fyrir henni, og bað hann um frest á greiðslu hennar. Hafliði féllst á það, og varð endirinn sá, að hann fékk fulla greiðslu þeirra í sambandi við hús, er hann og hrl. Garðar Þorsteinsson keyptu í sameiningu af ákærða.

Ákærði heldur því fram, að upphaflega hafi verið svo um talað milli sín og Hafliða, að Hafliði framvísaði eigi ávísununum, nema tala fyrst við ákærða. Hafliði kveðst ekki minnast þessa, en segir þó vera mega, að þessi hafi verið meining ákærða, þó að það kæmi ekki skýrt fram hjá honum. Þetta atriði þykir þannig vaxið, að eigi sé rétt að sakfella ákærða fyrir það.

*2000 kr. tékkávísun.*

Vorið 1942 stóð Kristján Ingvar Kristjánsson húsgagnabólstrari, Njálsgötu 30 B, í samningum við Kristján Belló Gíslason bifreiðarstjóra, Karlagötu 6, sem þá var í þjónustu ákærða Guðmundar Holbergs, um að selja honum húseignina Bergþórugötu 2. Hafði komið til mála, að ákærði Guðmundur Holberg hjálpaði Kristjáni Belló um fé til kaupanna. Þar sem ákvarðanir um kaupin drógust á langinn, varð Kristján Ingvar óþolinmóður og bað því Þormóð Ögmundsson lögfræðing, starfsmann í Útvegsbanka Íslands h/f, að ganga í málið fyrir sig og reyna að fá greiðslu hjá Kristjáni Belló upp í kaupverðið, svo að hann hlypi ekki frá kaupunum.

Lögfræðingurinn fékk nú hjá ákærða Brynjólfi 2000 króna tékkávísun á hlaupareikning Windsors Magasins nr. 1826 við Útvegsbanka Íslands h/f, útgefna af ákærða Brynjólfi f. h. Windsors Magasins. Lögfræðingurinn vissi sem starfsmaður bankans, að ekki var til innstæða fyrir ávísuninni á gjalddaga og framvísaði henni því ekki. Hann skýrði nú ákærða Brynjólfi frá þessu, en hann sagði ákærða Guðmund Holberg þá veikan, en brátt mundi hann ná í hann (ák. G. H.) og leggja þá inn á reikninginn. Þannig stóðu sakir í nokkra daga, þar til ákærði Brynjólfur kom eitt sinn til lögfræðingsins í bankann og tók við gömlu ávísuninni, en gaf jafnframt út nýja tékkávísun sömu upphæðar og á sama reikning, dagsetta nokkra daga fram í tímann. Ávísun þessi er framlögð sem lögregluréttarskjal nr. 140. Hún var dagsett fram í tímann með það fyrir augum, að þá yrði til innstæða fyrir henni, og sagði ákærði Brynjólfur lögfræðingnum beinlínis, að á gjalddaga yrði innstæða fyrir henni. Lögfræðingurinn framvísaði ekki ávísuninni, heldur framseldi hana í hendur Kristjáni Ingvari. Hann framvísaði henni

brátt í bankann, en þá reyndist ekki innstæða fyrir henni. Hann fól þá Kjartani Þórðarsyni lögfræðingi að innheimta hana, og framvísaði hann henni í bankann og fékk áritun bankans, dagsetta 18. maí 1942, um, að ekki væri næg innstæða fyrir henni, en ávísunin er dagsett 27. marz 1942. Upp úr þessu hætti Kristján Ingvar við að selja Kristjáni Belló húsið og seldi það öðrum.

Ákærði Brynjólfur viðurkennir að hafa gefið ávísanirnar út, en þar sem óljóst er af rannsókninni, hvernig háttað var með hina fyrri ávísun, verður það einungis hin, rskj. nr. 140, sem hér kemur til álita. Ákærði Brynjólfur viðurkennir, að sér hafi verið ljóst, þegar hann gaf ávísunina út, að ekki væri til innstæða fyrir henni, og minnir, að hún væri útgefin daginn, sem hún var dagsett, án þess þó að fullyrða það. Kveður hann ákærða Guðmund Holberg hafa beðið sig að gefa ávísunina út, að ákærða Brynjólfi skildist í sambandi við væntanleg húsakaup Kristjáns Belló af Kristjáni Ingvari. Kveður hann ákærða Guðmund Holberg hafa sagt sér, að ekki kæmi til þess, að greiða þyrfti ávísunina, því að brátt yrði gengið frá samningum um húsakaupin.

Ákærði Guðmundur Holberg man hvorki eftir, að hann bæði ákærða Brynjólf að gefa ávísunina út, né að hann ráðgaðist við sig um útgáfu hennar, en telur vafalaust, að ákærða Brynjólfi hafi verið kunnugt um, að hann ætlaði að aðstoða Kristján Belló fjárhagslega við húsakaupin. Hins vegar man hann, að 2000 króna tékkávísuninni var „deponerað" hjá Þormóði Ögmundssyni í sambandi við þetta og átti að skila henni aftur, ef ekkert yrði úr kaupunum. Þykir ekki vera á því vafi, að ákærði Guðmundur Holberg hafi ráðið því, að ávísunin var gefin út og fengin í hendur Þormóði. Varðar því atferli beggja hinna ákærðu í sambandi við ávísun þessa við 248. gr. almennra hegningarlaga.

*Greiðsla skuldar við heildverzlun Árna Jónssonar.*

Hrl. Ólafur Þorgrímsson hefur skýrt frá því, að nefnd heildverzlun hafi sumarið 1942 falið sér að innheimta hjá ákærða Guðmundi Holberg skuld, að upphæð ca. kr. 30000.00, og að ákærði hafi greitt skuldina viðstöðulaust. Telur hæstaréttarlögmaðurinn þetta hafa gerzt í ágústmánuði. Eigi sést af rannsókn málsins, hvernig þessu efni var frekar háttað, og þykir ákærði eigi verða sakfelldur vegna þess.

*Viðskipti við Björgvin Grímsson.*

Ákærði Guðmundur Holberg átti nokkur viðskipti við Björgvin Kristinn Grímsson, eiganda Fatagerðarinnar hér í bæ. Áður en þeir áttu viðskipti þau í nóvember 1942, sem brátt verður að vikið, hafði Björgvin nokkrum sinnum selt ákærða vörur. Allar þær sölur áttu að vera gegn staðgreiðslu og voru það oftast, en stundum drógust

þó greiðslur ákærða. Skýrir Björgvin svo frá, að ákærði hafi stundum greitt sér með tékkávísunum, sem ekki var innstæða fyrir, en síðar hafi þær fengizt greiddar í bönkunum. Um þetta atriði skýrir ákærði svo frá, að hann minnist þess að hafa eitt sinn greitt Björgvin vöru með tveimur ávísunum. Hafi önnur átt að greiðast eftir viku, en hin eftir hálfan mánuð, en Björgvin hafi framvísað þeim eftir fáa daga og fengið þær greiddar.

Björgvin skýrir svo frá, að hann hafi í nóvember 1942, fyrstu daga mánaðarins, að hann minnir, selt ákærða kvenkjóla í einu lagi fyrir um kr. 13100.00, flutt vörurnar í bifreið að Grundarstig 11 og ætlað að fá þær greiddar þar, því að svo hafi verið um samið, að þær yrðu greiddar við afhendingu. Ákærði kom í bifreiðina við Grundarstig 11 og nefndi Björgvin þá við hann greiðsluna, og tók ákærði þessu vel. Þeir fóru síðan að Perlubúðinni og skildu þar eftir nokkuð af vörunni, og varð ákærði þar eftir. Kvaðst hann ætla að athuga vöruna og mæltist til þess, að Björgvin kæmi til sín daginn eftir með reikninginn. Björgvin lét það gott heita og fór með afgang varanna í verzlunina Astor og afhenti hann þar. Daginn eftir fór Björgvin til fundar við ákærða á Grundarstig 11, m. a. til að krefja hann um greiðslu fyrir vörurnar. Um líkt leyti og Björgvin kom þangað, komu þangað lögtaksmenn, og beið hann, meðan ákærði sinnti erindi þeirra. Þegar þeir voru farnir, sagði ákærði Björgvin, að hann gæti enga greiðslu innt af hendi til hans, því að verið væri að ganga að sér, og þegar Björgvin þá fór fram á að fá vörur upp í skuldina, svaraði ákærði hinu sama. Fór svo, að Björgvin fékk vörur þessar eigi greiddar að neinu leyti.

Ákærði heldur því fram, að ekki hafi verið um það samið, að hann keypti vörurnar gegn staðgreiðslu, heldur hafi þær átt að greiðast að öllu leyti með vörum, sem yrðu afgreiddar, eftir því sem ákærði hefði til vörur, sem hentuðu Björgvin. Heldur hann því fram, að meðákærði Brynjólfur hafi vitað, að kjólarnir hafi átt að greiðast með vöruúttekt, og að þeir hafi verið keyptir með því skilyrði fyrir þrábeiðni Björgvins. Meðákærði Brynjólfur kveðst ekki vita, hvað samið var um greiðslu þessara vara. Þar sem eigi hefur komið fram, að nein vitni hafi verið að samningum ákærða og Björgvins um greiðsluna, er ósannað, hvernig þeir voru, og verður ákærði því eigi sakfelldur vegna þessara vörukaupa, og eigi verður hann heldur sakfelldur vegna áðurnefndra ávísana.

*Viðskipti við Björn Guðmundsson.*

Björn Guðmundsson verzlunarmaður, Skeggjagötu 16, hafði allmikil viðskipti við ákærða Guðmund Holberg um nokkurt skeið fyrir gjaldþrotið.

Haustið 1941 stofnaði ákærði hlutafélag, sem keypti og rak Hótel Heklu hér í bænum. Auk hans voru í félaginu meðákærði Brynj-

ólfur, Jón Jónsson bryti, nú andaður, frú Margrét Árnadóttir og Sigurður Arngrímsson, þá starfsmaður ákærða. Hlutafé var kr. 100000.00, og var ákærði langstærsti hluthafinn. Björn Guðmundsson keypti 10 þúsund króna hlut í félagi þessu fyrir nafnverð og greiddi andvirðið í peningum. Síðar keypti hann 5 þúsund króna hlut í sama félagi á nafnverði og greiddi andvirðið með víxli, og loks keyptu hann og ákærði síðar hlut Jóns Jónssonar bryta, 10 þúsund krónur að nafnverði, fyrir 20 þúsund krónur. Eigi er fyllilega ljóst, hvernig þessi hlutafjáreign skiptist milli þeirra, en Björn heldur því fram, að hann hafi lagt fram fjórðung andvirðisins með víxli. Björn gekk við og við eftir því við ákærða að fá hlutabréf sín í félaginu, en fékk þau aldrei. Kveðst hann eigi hafa lagt neitt kapp á að fá bréfin, sökum þess að hann hafði, þegar fram í sótti, í huga að losa sig úr félaginu. Ákærði segir það rétt vera, að Björn hafi aldrei fengið hlutabréfin. Kveðst hann hafa geymt þau, og Björn aldrei gengið eftir þeim. Verður eigi álitið, að ákærði hafi unnið til refsingar í sambandi við hlutabréf þessi né heldur með afskiptum sínum af framlagi Björns til væntanlegs verzlunarfélags, H. Þórðarsonar & Co., eða víxilskuldbindingu hans vegna kaupa á Svanastöðum í Mosfellssveit.

Ákærði og Björn áttu saman allmikil víxlaviðskipti, og er því haldið fram af Björns hálfu, að ákærði hafi selt tvo víxla, er hann (Björn) hafði samþykkt í því skyni, að andvirði þeirra yrði notað til greiðslu eldri víxla, en svo eigi notað andvirði þeirra til greiðslu eldri víxlanna. Þessu er mótmælt af ákærða, og ekki var ritað á nýju víxlana, að þeir væru framlengingarvíxlar. Þó að samt sem áður séu allmiklar líkur fyrir því, að staðhæfing Björns um þetta sé rétt, þykir þó eigi nægilegt fram komið henni til sönnunar til sakfellingar ákærða. Eigi hefur ákærði heldur unnið til refsingar vegna skipta sinna við Björn vegna hússins Laugavegi 51 B. Er ósannað, að hann hafi beitt Björn refsiverðum prettum í því efni. Sumarið 1942 lét ákærði Björn fá vörur, að verðmæti 4—5 þúsund krónur, sem þóknun fyrir greiða, sem Björn hafði gert honum í sambandi við Hótel Heklu og önnur viðskipti þeirra og ýmislegt amstur, sem Björn hafði haft vegna viðskiptanna við ákærða. Eru þeir sammála um, að vörur þessar hafi ekki verið greiðsla skuldar, og verður litið svo á, að þessi ráðstöfun sé ákærða ekki saknæm.

*Veðsetning Þjórsártúns til Einars Þorgrímssonar.*

Ákærði Guðmundur Holberg átti um skeið nokkur viðskipti við Einar Þorgrímsson forstjóra, Karlagötu 6, og var svo komið sumarið 1942, að Einar hafði orðið að greiða víxla, er ákærði hafði samþykkt, að upphæð samtals ca. kr. 25000.00. Hinn 15. september 1942 veðsetti ákærði Einari eign sína Þjórsártún með 2. veðrétti fyrir 15 þúsund krónum og 3. veðrétti fyrir 8 þúsund krónum, með uppfærslurétti,

en á 1. veðrétti hvíldi þá 38 þúsund króna veðskuld. Enda þótt vafasamt væri, hvers virði veðið var Einari vegna hinnar háu skuldar á 1. veðrétti, verður að líta svo á, að með veðsetningu þessari hafi ákærði verið að ívilna honum á kostnað annarra skuldheimtumanna, þar sem hann samkvæmt framansögðu sá gjaldþrotið fyrir, þegar veðsetning þessi fór fram. Varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 250. gr. 4. tölulið hegningarlaganna.

*Viðskipti við hrl. Garðar Þorsteinsson.*

Á árinu 1942 keypti hrl. Garðar Þorsteinsson mikið af víxlum af ákærða Guðmundi Holberg. Víxlakaup þessi munu hafa hafizt í marzmánuði, og fyrst í stað stóð ákærði í skilum með greiðslu víxlanna, en um vorið tók hann að lenda í vanskilum um greiðslu þeirra, og námu skuldbindingar hans í þessu sambandi háum upphæðum. Með bréfi, dagsettu 16. júlí 1942, seldi ákærði hrl. Garðari Þorsteinssyni og Hafliða Halldórssyni, forstjóra Gamla Bíó, húseignina Seljaveg 33 fyrir 300 þúsund krónur. Á eigninni hvíldu veðskuldir, 235 þúsund krónur, sem kaupendur tóku að sér að greiða, en afgang kaupverðsins, kr. 65 þúsund, fékk ákærði greiddan með gjaldföllnum víxlum og tékkum frá Garðari.

Hinn 21. sama mánaðar gaf ákærði út 150 þúsund króna víxil með 2. veðréttar tryggingarbréfi í húseign sinni Mánagötu 22 og 80 þúsund króna víxil með 4. veðrétti í húseign sinni Þverholti 7, og setti hann hrl. Garðari Þorsteinssyni samdægurs skjöl þessi að veði fyrir víxilskuldbindingum sínum. Eigi þykir ákærði verða sakfelldur fyrir þessar ráðstafanir, þar sem eigi er talið fullvíst, að ákærði hafi séð gjaldþrot sitt fyrir, þegar hann gerði ráðstafanir þessar.

Um mánaðamót maí og júní 1942 féllu allmargir víxlar, sem Garðar hafði keypt af ákærða, og gekk Garðar eftir greiðslu þeirra. Samdist svo um milli ákærða og Garðars, að ákærði léti Garðar fá í hendur tékkávísun, að upphæð kr. 59500.00, á Búnaðarbanka Íslands, sem var dagsett 15. júní 1942, þ. e. a. s. nokkra daga fram í tímann, 15—20 daga að ætlun ákærða. Gegn ávísuninni fékk ákærði afhenta vanskilavíxla og fékk að láni 10—20 þúsund krónur. Heldur Garðar því fram, að ákærði hafi við afhendingu ávísunar þessarar fullyrt, að innstæða yrði fyrir henni á gjalddaga, og kveðst hann hafa litið á ávísunina sem hreint og ótvírætt greiðsluloforð. Ákærði kveðst hafa litið á ávísun þessa sem skuldaviðurkenningu og heldur því fram, að hann hafi sagzt mundu innleysa hana sjálfur og gera hana upp við Garðar. Ávísuninni var framvísað í bankanum hinn 16. júní 1942, en þá var eigi til næg innstæða fyrir henni. Síðar greiddi ákærði Garðari ávísun þessa. Eigi þykir atferli ákærða í sambandi við ávísun þessa þannig vaxið, að refsingu varði. Um

víxlaafhendingar og handveðsetningar víxla frá ákærða Garðari til handa sumarið og haustið 1942 liggja svo óljósar upplýsingar fyrir, að ákærði verður eigi sakfelldur fyrir þær.

*Viðskipti við Einar Odd Thorsteinsson.*

Haustið 1942 frá 6. október og fram að 12. desember greiddi ákærði Guðmundur Holberg í mörgu lagi kr. 15200.00 upp í skuld Guðmundar Kolka á Blönduósi við Einar Odd Thorsteinsson, fyrrverandi kaupmann, Þingholtsstræti 27, sem ákærði var sjálfskuldarábyrgðarmaður að. Hafði ákærði hinn 11. júlí s. á. verið dæmdur til greiðslu skuldar þessarar. Á þeim tíma, er þessar greiðslur fóru fram, sá ákærði gjaldþrot sitt fyrir, og varða þær því við 250. gr. 4. tölulið hegningarlaganna. Hinn 14. desember 1942 fékk Einar Thorsteinsson til tryggingar fyrir ábyrgð ákærða við sig á skuldum Guðmundar Kolka víxil, að upphæð kr. 18000.00, útgefinn af ákærða, en samþykktan af Kristjáni nokkrum Gíslasyni með 2. veðrétti í Hlíðarbraut 2 í Hafnarfirði, þinglesinni eign ákærða. Þessi ráðstöfun varðar einnig ákærða refsingu samkvæmt nefndu hegningarlagaákvæði.

*Viðskipti við hdl. Gústaf Ólafsson.*

Í ársbyrjun 1942 seldi Gústaf Ólafsson ákærða Guðmundi Holberg húseignina Seljaveg 33 f. h. sína og sameiganda síns að eigninni, Atla Eiríkssonar. Verð eignarinnar var 216 þúsund krónur. Skýrir Gústaf svo frá, að ákærði hafi greitt andvirði eignarinnar skilvíslega, að undanteknum 46 þúsund krónum. Um greiðslu þeirrar upphæðar hefur Gústaf gefið þessa skýrslu. Hann kveður ákærða hafa afhent sér í Útvegsbankanum hinn 11. febrúar tékkávísun á Búnaðarbankann fyrir þessari upphæð og hafi ákærði þá ekki tekið fram, að innstæða væri eigi til fyrir upphæð þessari, og hafi þetta atriði alls ekki borizt í tal. Um það bil stundarfjórðungi síðar hafi ákærði komið til sín á skrifstofuna og sagt sér, að innstæða væri eigi fyrir ávísuninni, sem stæði, og að sér kæmi betur að þurfa eigi að greiða hana fyrr en síðar. Þeir komu sér saman um að fresta ákvörðun um þetta til næsta dags, og lofaði Gústaf að framvísa eigi ávísuninni þangað til. Eftir örfáa daga ákváðu þeir, að ákærði skipti ávísuninni í fjórar ávísanir, dagsettar mismunandi langt fram í tímann, og minnir Gústaf, að um tveir mánuðir hafi verið milli fyrstu og annarrar ávísunarinnar, en um einn mánuður milli hinna. Ávísanir þessar fékk Gústaf hjá ákærða, og fékkst fyrsta ávísunin greidd í bankanum við framvísun, en sú næsta ekki. Síðar krafðist Gústaf löghalds fyrir hinum ógreiddu ávísunum, en ákærði fékk frest í því máli og smágreiddi af skuldinni, og að lokum féll málið niður með sættargerð og greiðslu ákærða að nokkru leyti, en þó stóðu eftir af skuldinni við gjaldþrotið 12 þúsund krónur.

Ákærði kveðst ekki muna eftir þessum ávísanagreiðslum og held-

ur því fram, að frásögn Gústafs um þær sé röng. Kveðst hann enga ávisun hafa látið Gústaf fá þann dag, er Gústaf segist hafa tekið við 46 þúsund króna ávísuninni, aðra en 160 þúsund króna ávísun, sem hér kemur ekki til álita. Ákærði segir vel mega vera, að hann hafi nokkrum dögum síðar, þegar þeir gengu endanlega frá kaupunum, látið Gústaf fá ávísanir, umsamdar til eins eða tveggja mánaða. Þetta kveðst ákærði ekki muna nákvæmlega, því að milli þeirra hafi um þetta leyti farið ýms viðskipti, en hann fullyrðir að hafa lokið greiðslu andvirðis hússins í marzlok 1942.

Samprófun um þessi atriði hefur engan árangur borið, og enda þótt skýrslur ákærða um þessi efni þyki nokkuð tortryggilegar, þykir sök eigi vera á hann sönnuð.

Eigi er vel ljóst, hversu háttað var þeim 6500 króna víxli, samþykktum af Ámunda Geirssyni, sem ákærði afhenti Gúsaf sem greiðslu skuldar, og verður ákærði eigi sakfelldur vegna þessa atriðis.

*Viðskipti við Ingimund Jónsson.*

Frá árinu 1940 hafði ákærði Guðmundur Holberg talsverð viðskipti við Ingimund Jónsson iðnaðarmann. Voru þau aðallega í því fólgin, að Ingimundur samþykkti mikið af víxlum fyrir ákærða, sem ákærði síðan seldi, og varð Ingimundur þannig ábyrgur fyrir stórfé án þess að fá verðmæti á móti. Það er ágreiningslaust, að víxlaviðskipti ákærða og Ingimundar hófust aðallega í sambandi við það, að ákærði ætlaði að hjálpa Ingimundi til að kaupa þá hluti, er aðrir áttu í fyrirtækinu Kemico h/f. Í þessu skyni lánaði ákærði Ingimundi 15 þúsund krónur, en Ingimundur samþykkti víxla fyrir. Eftir þetta samþykkti Ingimundur fjölda víxla fyrir ákærða, sem hann (Ingimundur) segir hafa verið ætlaða til framlengingar eldri víxlum. Marga víxla samþykkti hann, án þess að rituð hefði verið á þá nokkur upphæð, og virðist hann hafa lagt það atriði á vald ákærða. Ákærði heldur því hins vegar fram, að Ingimundur hafi í greiðaskyni við sig samþykkt víxlana, enda hafi verið samkomulag um það þeirra á milli, að ákærði greiddi þá, aðra en þá, sem stóðu í sambandi við kaupin á Kemico h/f.

Öll eru viðskipti þessara manna óreiðukennd með afbrigðum og ógætileg af Ingimundar hálfu, en eigi verður séð, að þau hafi verið ákærða refsiverð.

*Greiðsla til Ingólfs Guðmundssonar.*

Sumarið 1942 greiddi ákærði Guðmundur Holberg kr. 10000.00 upp í skuld við Ingólf Guðmundsson, stórkaupmann hér í bænum, en um skuld þessa hafði verið gerð réttarsátt. Eigi er fyllilega ljóst, hvenær sumarsins þessi greiðsla var af hendi innt, og verður ákærði því eigi sakfelldur fyrir hana.

*Greiðsla til Jóns Heiðbergs.*

Í nóvember 1942 afhenti ákærði Guðmundur Holberg Jóni Heiðberg, stórkaupmanni hér í bæ, tvo víxla, samtals að upphæð kr. 6500.00, samþykkta af öðrum, sem greiðslu upp í eldri skuldir. Þessa víxla seldi Jón banka. Þar sem ákærði sá gjaldþrotið fyrir, þegar hann innti þessa greiðslu af hendi, hefur hann með greiðslunni gerzt brotlegur við 250. gr. 4. tölulið hegningarlaganna.

*Víxill Karls Lúðvíkssonar.*

Eigi löngu fyrir áramót 1942—1943 lánaði Karl Lúðvíksson, lyfjafræðingur hér í bæ, ákærða Guðmundi Holberg kr. 3500.00 gegn víxli. Var víxill þessi dagsettur 15. nóvember 1942, og gjalddagi hans 15. febrúar 1943. Í janúar höfðu Karli borizt til eyrna sögur um, að fjárhagur ákærða væri tæpur, og þess vegna krafði hann ákærða þá um greiðslu víxilsins. Varð það úr, að Karl innleysti vörusendingu, sem ákærði átti á skipaafgreiðslu hér, og seldi hana, og samdist svo um með þeim, að söluágóði vörunnar skoðaðist sem greiðsla víxilsins.

Eigi verður séð, að þessi lántaka sé ákærða refsiverð.

*Veðsetning vara til hrl. Lárusar Jóhannessonar.*

Árið 1942 átti ákærði Guðmundur Holberg mikil viðskipti við hrl. Lárus Jóhannesson. Lárus lánaði honum rekstrarfé og fékk að handveði vörur, sem seldar voru í Windsor Magasini samkvæmt samningi þeirra á milli. Einnig keypti Lárus víxla af ákærða, sem síðar urðu vanskilavíxlar, og átti hann af þessum ástæðum til hárra skulda að telja hjá ákærða, a. m .k. með köflum. Í bréfi, dagsettu 5. október 1942, frá Lárusi til ákærða segir svo: „Gegn því, að þér afhendið hr. kaupm. Ólafi H. Sveinssyni sem handveðshafa fyrir vora hönd innan 4 daga frá því í dag til sölu í Windsor Magasini, Vesturgötu 2, auðseljanlegar vörur með sanngjörnu verði fyrir a. m. k. kr. 120000.00 að útsöluverði, höfum vér gengið inn á að draga til baka 25. þ. m. stefnur á yður og aðra víxlaskuldara út af víxlum, sem vér höfum innleyst vegna yðar vegna ábyrgðar vorrar, að upphæð ca. kr. 100000.00, enda greiðið þér þegar útlögð réttargjöld."

Nokkuð af vörum veðsetti ákærði samkvæmt bréfi þessu, en þó eigi nema að litlu leyti, samkvæmt skýrslu Lárusar, m. a. af því að móttöku hafi verið neitað sökum plássleysis.

Þessi ráðstöfun ákærða varðar við 250. gr. 4. tölulið hegningarlaganna, þar sem ákærði sá gjaldþrot sitt fyrir, þegar hann gerði ráðstöfunina.

*Ráðstöfun hlutabréfs Margrétar Árnadóttur.*

Haustið 1941 keypti Hótel Hekla h/f, sem ákærði Guðmundur Holberg var formaður í og aðalstofnandi að, veitingahúsið Hótel

Heklu hér í bæ af fyrri eiganda, frú Margréti Árnadóttur, Vífilsgötu 6. Gerðist frú Margrét í sambandi við kaup þessi hluthafi í félaginu, taldist eiga 1000 króna hlut, en allt hlutaféð var kr. 100000.00. Hún fékk ekki hlutabréf sitt afhent, enda gekk hún ekki eftir því. Ákærði Guðmundur Holberg hélt bréfinu og setti það síðan að veði án þess að leita samþykkis Margrétar á þeirri ráðstöfun. Ákærði heldur því fram, að hann hafi í raun og veru átt hlutabréf þetta og að Margrét hafi einungis verið málamyndareigandi þess. Þessi staðhæfing hans er þó ósönnuð, og hefur hann því með veðsetningu bréfsins gerzt brotlegur við 247. gr. 1. mgr. hegningarlaganna.

*Veðsetning til Ragnars Bjarkans.*

Hinn 11. júlí 1942 handveðsetti ákærði Guðmundur Holberg Ragnari Bjarkan stjórnarráðsfulltrúa, Gunnarsbraut 32, vörur að verðmæti samkvæmt reikningum kr. 35594.80, sumpart fyrir nýju láni, en sumpart fyrir eldri skuldum. Þar sem eigi þykir öruggt, að ákærði hafi á þessum tíma séð gjaldþrot sitt fyrir, verður hann eigi sakfelldur fyrir þessa ráðstöfun.

*Greiðsla 9000 króna til hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar.*

Sennilega vorið 1942 lánaði hrl. Sigurgeir Sigurjónsson f. h. Sigurðar Berndsen ákærða Guðmundi Holberg 20 þúsund krónur. Síðla sama árs greiddi ákærði kr. 9000.00 í peningum upp í þetta lán, og þar sem hann þá sá fyrir gjaldþrot sitt, varðar greiðsla þessi við 250. gr. 4. tölulið hegningarlaganna.

*Viðskipti við Skúla Jóhannsson stórkaupmann.*

Á árunum 1940—1942 seldi Skúli Jóhannsson stórkaupmaður ákærða Guðmundi Holberg allmikið af snyrtivörum. Um mitt ár 1942 skuldaði ákærði Skúla 7—8 þúsund krónur vegna þessara viðskipta. Skuld þessa greiddi hann skömmu síðar með vörum. Eigi er víst, hvenær þessi greiðsla fór fram nánar tiltekið, og sökum óvissu um það verður hún eigi metin ákærða saknæm. Ákærði fékk Skúla Jóhannsson til að gefa út fyrir sig í greiðaskyni tvo víxla, samtals að upphæð kr. 12500.00. Afterli ákærða í sambandi við þetta atriði þykir eigi heldur saknæmt.

*Víxlaviðskipti við Svein Pétursson, Þorlák Guðmundsson, Sæmund Þórðarson og Þorstein Jónsson.*

Ákærði Guðmundur Holberg hafði um alllangt skeið fyrir gjaldþrotið mikil víxlaviðskipti við Svein Pétursson augnlækni, Þorlák Guðmundsson skósmið, Sæmund Þórðarson stórkaupmann og Þorstein Jónsson kaupmann. Víxlaviðskipti þessi voru aðallega í því fólgin, að menn þessir samþykktu víxla fyrir ákærða, er síðan seldi þá sér til fjáröflunar. Er ákærði í þessu sambandi sakaður um að

hafa fengið víxlana samþykkta með loforðum um fjárhagsleg friðindi til endurgjalds og tryggingar. Þessum ásökunum hefur ákærði neitað, og þykir gegn neitun hans varhugavert að telja hann sannan að sök um refsiverða háttsemi í þessu sambandi.

Seint á árinu 1942 greiddi ákærði Sæmundi Þórðarsyni kr. 5000.00 til fullnægingar kröfu, sem Sæmundur átti á hendur honum vegna víxils, er Sæmundur hafði þurft að innleysa, en sem ákærði hafði raunverulega átt að greiða. Eigi þykir ákærði verða sakfelldur fyrir greiðslu þessa.

*Niðurlag.*

Fyrir brot ákærða Guðmundar Holbergs, sem hér að framan hafa verið rakin, þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár. Skilyrði þykja eigi fyrir, að gæzluvarðhald hans komi til frádráttar refsingunni samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir brot ákærða Brynjólfs, sem hér að framan hafa verið rakin, þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla, að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga haldin.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. almennra hegningarlaga ber að svipta báða hina ákærðu kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, 19. gr. bókhaldslaganna og 68. gr. 1. og 2. mgr. hegningarlaganna þykir rétt að svipta ákærða Guðmund Holberg ævilangt rétti til þess að **reka eða stjórna** verzlun eða atvinnufyrirtæki.

Ákærða Guðmund Holberg ber að dæma til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 5000.00, og til greiðslu kostnaðar við gæzluvarðhald sitt.

Ákærða Brynjólf ber að dæma til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, hrl. Gústafs A. Sveinssonar, kr. 3500.00. Af öðrum kostnaði sakarinnar greiði ákærðu in solidum $\frac{1}{20}$ hluta, en ákærði Guðmundur Holberg einn $\frac{19}{20}$ hluta. Í byrjun dómsins er gerð grein fyrir rekstri málsins, sem hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði Brynjólfur Einarsson sæti fanglesi í 4 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla, að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldið.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og

kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga, og ákærði Guðmundur Holberg er ævilangt sviptur rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki.

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 5000.00, og allan kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Ákærði Brynjólfur Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Gústafs A. Sveinssonar, kr. 3500.00.

Af öðrum kostnaði sakarinnar greiði ákærðu in solidum 1/20 hluta, en ákærði Guðmundur Holberg einn 19/20 hluta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 23. júní 1947.

Nr. 34/1947. **Bjarni Valdimarsson, Esther Valdimarsdóttir og Erla Valdimarsdóttir**
(Hrl. Theódór B. Líndal)
gegn
**Jóhanni Valdimarssyni**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

**Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.**

Krafa um slit sameignar á fasteign með sölu hennar á opinberu uppboði.

**Dómur hæstaréttar.**

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur, er skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 21. apríl s. l., hafa gert þær réttarkröfur, aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og synjað um framgang hins umbeðna uppboðs, en til vara, að honum verði hrundið og breytt þannig, að salan fari fram með þeim skilmálum, að áfrýjendum verði heimilað að ganga inn í hæsta framkomið boð, og fái þá eignina útlagða gegn greiðslu eins fjórða áhvílandi veðskulda og þess, sem stefnda ber samkvæmt réttum reikningsskilum sem sameiganda að einum fjórða hluta og þess kostnaðar, sem

greiða ber fyrir útlagningu. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyri hæstarétti úr hendi stefnda að skaðlausu eftir mati hæstaréttar. Af hálfu stefnda hefur verið krafizt staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda in solidum eftir mati dómsins.

Fallast verður á það, að stefndi eigi rétt á að slíta sameign sinni og áfrýjenda á húseigninni nr. 52 A við Njálsgötu með því að láta selja téða eign á opinberu uppboði. Af þessum sökum og að öðru leyti með því að málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda in solidum málskostnað í hæstarétti, kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal óraskaður.

Áfrýjendur, Bjarni Valdimarsson, Esther Valdimarsdóttir og Erla Valdimarsdóttir greiði in solidum stefnda, Jóhanni Valdimarssyni, málskostnað í hæstarétti, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 8. apríl 1947.**

Með beiðni, dags. 22. október f. á., fór Jóhann Valdimarsson, Njálsgötu 52 A, hér í bænum, þess á leit, að húseignin nr. 52 A við Njálsgötu verði auglýst og seld á opinberu uppboði, en hann er ásamt systkinum sínum þremur, Bjarna, Erlu og Esther, eigandi hennar, og munu þau eiga hvert ¼ hlutann, en eignin er öll í óskiptri sameign, og mun uppboðskrafan fram komin, til þess að slíta sameigninni. Eign þessa fengu aðiljar fyrir skipti á félagsbúi foreldra þeirra, sem slitu samvistir. Var sú kvöð lögð á eignina af hálfu föðurins, að samþykki hans þurfi til sölu eða veðsetningar húseignar þessarar, og var af þeim ástæðum meðal annars frestað auglýsingu á húseigninni. Með yfirlýsingu, dags. 23. janúar þ. á., samþykkti hann, að umbeðið uppboð færi fram á eigninni. Var aðiljum tilkynnt með ábyrgðarbréfi, dags. 25. jan. 1947, að opinbert uppboð færi fram á eign þessari 25. f. m., og var uppboð þetta jafnframt auglýst í Lögbirtingablaðinu dagana 8., 12. og 13. febrúar þ. á.

Þegar uppboðið skyldi fara fram á húseigninni, mótmæltu meðeigendur uppboðsbeiðanda því, að uppboðið færi fram, og eftir að

aðiljar höfðu, hver um sig, sett fram málsástæður sínar í bókun í réttarbókina, var málið tekið undir úrskurð samdægurs.

Kröfu um uppboðið styður uppboðsbeiðandi við það, að húseign þessi sé í óskiptanlegri sameign 3ja systkina sinna og sín, og þar sem ekki hafi orðið frjálst samkomulag um slit sameignarinnar, séu eigi önnur ráð en að láta sölu fara fram á opinberu uppboði og skipta andvirði hennar eftir réttum hlutföllum í sameigninni. Jafnframt því áskilur hann sér rétt til að ganga inn í hæsta boð það, er í eignina kann að verða gert á uppboðinu.

Meðeigendur uppboðsbeiðanda hafa mótmælt því, að uppboðið fari fram. Telja þeir, að eigi séu skilyrði fyrir því að slíta sameigninni, að minnsta kosti ekki með uppboðssölu. Telja þeir, að af uppboðssölu stafi tjón og réttarspjöll fyrir þá, en sameignina megi hins vegar reka á hagkvæman hátt fyrir alla aðilja, ef þeir, sem meiri hlutann eiga, fái ráðið. En komi til þess, að sameigninni verði slitið, telja þeir aðferðina eiga að vera þá, að eignin sé metin af dómkvöddum mönnum, og þeir eigi þá rétt til að leysa uppboðsbeiðanda út í samræmi við matið, eignarhlutföllin og rétt reikningsskil um sameignina. Þá hafa þeir mótmælt því, ef sala fari á annað borð fram við opinbert uppboð, að selt verði meira en hluti uppboðsbeiðanda í eigninni. Loks hafa þeir síðar í málinu gert þá varakröfu, ef eignin verði öll seld, að þeir fái eignina útlagða og það með forgangsrétti framar uppboðsbeiðanda, en til vara við þá kröfu, að þeir fái eignina útlagða að ¾, en það svarar til þeirra eignarhluta, en verði jafnframt kaupendur að ¼, hluta uppboðsbeiðanda. Þessum forgangsrétti hefur uppboðsbeiðandi með öllu mótmælt.

Í máli þessu er fram komin skýlaus krafa frá uppboðsbeiðanda um slit á sameign þessari, og með því að eigi finnast rök fyrir því, að sameignarslitin séu fram borin á þeim tíma, að rýrt geti verðmæti sameignarinnar, en hins vegar fullkomlega ljóst, að reikningsskil um sameignina hafa eigi verið gerð, heldur hver og einn eigendanna notið hennar, eins og föng voru til, án þess að jafnaðar hagsmunanna væri gætt, verður að telja kröfu uppboðsbeiðanda um sameignarslitin á rökum reista.

Með því að aðiljar hafa eigi getað komið sér saman um að láta virða eignina og hlutkesti ráða, hver fengi hana, þar sem báðir vilja eignast hana, verður eigi talin önnur lausn á máli þessu en sala á allri eigninni við opinbert uppboð, því þar með kemur í ljós, hvert gangverð hennar má ætla að sé. Þykir jafnframt eðlilegt, ef annar en aðiljar verður hæstbjóðandi í eignina, að veita meiri hluta eigenda hennar rétt til að ganga inn í boðið, því ætla má, að þeir hafi hlutfallslega meiri hagsmuna að gæta heldur en sá, er á minni hlutann, en að meiri hlutanum frágengnum á þá uppboðsbeiðandi rétt til að ganga inn í boðið. Aftur á móti verður að telja, að sé

annar aðilinn hæstbjóðandi, þá verði hinum eigi gefinn kostur á að ganga inn í hans boð, enda þykir í því tilfelli ástæðulaust að gera aðiljum misjafnt undir höfði. Ekki þykir fært að taka kröfu aðiljanna um útlagningu til greina, því hér verður um hreina sölu að ræða á þeim hluta, er þeir kunna að eignast við uppboðið til viðbótar því, sem var áður þeirra eign, en rétt þykir að fella niður uppboðslaun af henni.

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hins umbeðna uppboðs. Verði annar en aðiljar hæstbjóðandi í eignina, hefur meiri hlutinn rétt til að ganga inn í það boð, og að honum frágengnum uppboðsbeiðandi sjálfur. Verði annar aðilinn hæstbjóðandi, þá hefur hinn eigi rétt til að ganga inn í boðið. Verði annar aðilinn kaupandi eignarinnar, ber honum aðeins að greiða uppboðslaun af þeim hluta eignarinnar, sem hann ekki átti áður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna uppboð skal fara fram. Verði annar en aðiljar hæstbjóðandi í eignina, hefur meiri hlutinn rétt til að ganga inn í það boð, og að honum frágengnum uppboðsbeiðandi sjálfur.Verði annar aðilinn hæstbjóðandi, þá hefur hinn eigi rétt til að ganga inn í boðið. Verði annar aðilinn kaupandi eignarinnar, ber honum aðeins að greiða uppboðslaun af þeim hluta eignarinnar, sem hann ekki átti áður.

Uppboðið fer fram á ábyrgð uppboðsbeiðanda.

---

Mánudaginn 23. júní 1947.

Nr. 4/1947. **Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir**
gegn
**Guðlaugi Guðmundssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Mánudaginn 23. júní 1947.

Nr. 109/1946. **Árni Sigfússon** (Hrl. Eggert Claessen)
gegn
**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök**
(Jón N. Sigurðsson hdl.).

**Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.**

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943. Héraðsdómur ómerktur.

**Dómur hæstaréttar.**

Í máli þessu eru gerðar kröfur til fébóta úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 99/1943, sbr. lög nr. 65/1944, vegna meðferðar setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku á húseign aðaláfrýjanda í Vestmannaeyjum. Hafa í málinu verið lagðar fram ýmsar matsgerðir varðandi kostnað af viðgerð hússins. Aðilja greinir á um það, hvað af því, sem eigninni er áfátt, sé af völdum setuliðs Breta og hvað af völdum setuliðs Bandaríkjamanna svo og hvað stafi af venjulegu sliti og ófullnægjandi viðhaldi. Þá er og ágreiningur með aðiljum um fjárhæðir einstakra liða matsgerðar frá 10. apríl 1943. Málinu var því svo háttað, að nauðsyn bar til, að héraðsdómari kveddi sérkunnáttumenn um húsagerð til að fara með og dæma málið með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Hefðu þeir átt að yfirfara og gagnrýna allar matsgerðir og reikninga í málinu og dómurinn síðan ákveða, hverra frekari gagna og athugunar væri þörf. Sem dæmi þess, sem dómurinn hefði átt að rannsaka ýtarlega, mætti nefna 6. og 10. lið matsgerðarinnar frá 10. apríl 1943, til þess að fá úr því skorið, hverjar orsakir liggi til skemmda þeirra, er þar greinir, og þá m. a. hvort þær verði raktar til aðgerða setuliðsmanna eða atvika, er húseigandi kunni að bera ábyrgð á.

Þar sem málið hefur eigi sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst og lög mæla, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Árni Sigfússon kaupmaður, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. desember 1944, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Hefur stefnandi gert þessar dómkröfur:

I. *Að* stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur *aðallega* að fjárhæð kr. 107826.01, en *til vara* kr. 103350.43.

II. Að stefndi verði dæmdur til að greiða sér í bætur fyrir tapaða húsaleigu kr. 825.00 fyrir hvern mánuð, sem greiðsla umstefndra fjárhæða dregst frá 3. nóv. 1944 að telja, með 5% ársvöxtum af þeim fjárhæðum frá lokum hvers þeirra mánaða til greiðsludags.

III. Að stefndi verði dæmdur til að greiða 5% ársvexti af kr. 79655.58 frá 3. nóv. 1944 til greiðsludags.

IV. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi að fjárhæð kr. 10205.05.

Stefndi krafðist þess í upphafi, að máli þessu yrði vísað frá bæjarþinginu, og fór munnlegur málflutningur fram um frávísunarkröfuna þann 21. marz 1945. Með úrskurði bæjarþingsins upp kveðnum 28. s. m. var frávísunarkröfunni hrundið.

Stefndi hefur nú *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara*, að kröfur hans verði lækkaðar. Í báðum tilvikum hefur stefndi krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Málsatvik eru þessi:

Með ódagsettum samningi, sem talinn er gerður 3. nóvember 1941 milli Útvegsbanka Íslands h/f annars vegar og hermálaráðherra Bretakonungs hins vegar, leigði bankinn hermálaráðherranum húseignina Skálholt, nr. 43 við Urðaveg í Vestmannaeyjum, ásamt lóð, en eignir þessar átti bankinn. Leigutíminn skyldi hefjast 1. okt. 1940 og vera næstu 6 almanaksmánuðir og síðan áfram, meðan leigutaki þyrfti á hinu leigða húsnæði að halda. Leiga var ákveðin kr. 550.00 á mánuði, og skyldi hún greiðast ársfjórðungslega fyrirfram. Í 5. grein samnings þessa er ákveðið, að verði spjöll á nefndum

mannvirkjum eða lóð umfram venjulegt slit, þá skuli leigutaki bæta þau að leigutíma loknum eða greiða skaðabætur fyrir. Með samkomulagi, sem talið er gert 23. des. 1941, milli nefnds leigutaka og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku tók herstjórn Bandaríkjanna við nefndum leigusamningi og gekk inn í rétt og skyldur leigutaka. Af hálfu leigusala var ritað samþykki hans á samkomulag þetta. Er áritunin svo hljóðandi í þýðingu löggilts skjalaþýðara:

„Vér Útvegsbanki Íslands, í samningi þessum nefndur húseigandinn, samþykkjum hér með ofangerða yfirfærslu og staðfestum, að þann 23. desember 1941 átti ég engar kröfur útistandandi á hendur brezka hermálaráðherranum."

Þann 1. október 1941 (en dagsetning þessi virðist röng) gerði Útvegsbanki Íslands h/f og ríkissjórn Bandaríkja Norður-Ameríku nýjan leigusamning um nefnda húseign. Leigutíminn er þar talinn hefjast 1. janúar 1942, og skyldi hann standa til 30. júní s. á., en gert er ráð fyrir, „að leigumálinn verði framlengdur, ef leigutaki óskar þess. Leiga var ákveðin kr. 610.50 á mánuði, er greiddist mánaðarlega. Þá er í samningnum ákvæði á þá leið, að leigutaki geti sagt honum upp með 30 daga fyrirvara. Samkvæmt ákvæðum 9. gr. samningsins skal leigutaki, „ef leigusali óskar þess, áður en leigumáli þessi eða endurnýjun hans er útrunnin, samkvæmt vali sínu greiða sanngjarna uppbót eða endurbæta eignirnar, svo að þær verði í sama ásigkomulagi og þær voru á þeim tíma, er hún tók við þeim samkvæmt samningi þessum; undanskilið skal þó vera venjulegt slit eftir eðlilega notkun og skemmdir, sem stafa af ástæðum, sem ríkisstjórnin ræður ekki við."

Í 13. gr. samnings þessa er ákvæði á þá leið, að rísi ágreiningur milli aðilja um skaðabætur eða skemmdir, er standi í sambandi við notkun eða leigu húseignarinnar, skuli skjóta slíku máli undir úrskurð sendiherra Bandaríkja Norður-Ameríku eða manns tilnefnds af honum og eins af dómurum hæstaréttar. Komi þeir sér ekki saman, skyldi sendiherra Breta eða umboðsmaður hans hafa endanlegt úrskurðarvald.

Með afsali, dags. 31. okt. 1942, seldi Útvegsbankinn stefnanda máls þessa umrædda húseign og framseldi honum jafnframt allan rétt sinn samkvæmt áðurgreindum samningum. Í ódagsettum viðbótarsamningi milli stefnanda og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku er tekið fram, að í mánaðarleigunni, kr. 610.00, sé innifalin 11% hækkun samkvæmt húsaleiguvísitölu, miðað við kr. 550.00 í grunnleigu. Og enn fremur, að þar sem húsaleiguvísitalan hafi hækkað í 125 stig þann 1. okt. 1942 eigi leigan samkvæmt áðurgreindum samningi að teljast kr. 687.50 á mánuði, en það sé kr. 550.00 í grunnleigu að viðbættum 25%.

Þann 3. apríl 1943 sagði herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku upp leigumálanum um nefnda húseign, að því er virðist með 30 daga

uppsagnarfresti. Stefnandi taldi, að miklar skemmdir hefðu orðið á húsinu af völdum leigutaka, og fékk því þann 5. apríl 1943 dómkvadda 4 matsmenn til að meta til fjár, hvað kosta mundi að gera við þær skemmdir á húseigninni, er orsakazt hefðu af dvöl brezka og ameríska setuliðsins þar. Mat þetta fór síðan fram, og er matsgerðin dagsett 10. apríl s. á. Er matsfjárhæðin kr. 73180.20. Stefnandi krafðist þess, að herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku greiddi bætur samkvæmt nefndu mati, að viðbættum matskostnaði og leigutapi. Herstjórnin vildi hins vegar ekki greiða fé þetta, en bauð lægri fjárhæðir, sem ekki varð samkomulag um, og varð ekki af greiðslum. Ekki lét herstjórnin heldur gera við húsið á sinn kostnað, sem þó hafði komið til tals.

Með bréfi, dagsettu 22. sept. 1943, til sendiherra Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi óskaði stefnandi þess samkvæmt 13. gr. leigusamningsins, að sendiherrann eða sá, er hann tilnefndi, tæki málið til úrskurðar, og gerðar yrðu ráðstafanir til, að einn af dómurum hæstaréttar tæki þátt í meðferð málsins. Sendiherrann færðist undan að hafa afskipti af málinu, og eftir nokkrar bréfaskriftir varð ljóst, að eigi yrði bundinn endi á mál þetta á þenna hátt. Hætti stefnandi þá öllum tilraunum í þá átt. Svo sem að framan er greint, telur stefnandi, að hann hafi orðið fyrir stórtjóni vegna skemmda nefndra leigutaka á húsinu Skálholti, svo og vegna synjunar þeirra um að greiða hæfilegar og sanngjarnar bætur. Dómkröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að með lögum nr. 99 frá 1943 hafi stefndi tekið á sig fébótaábyrgð á öllu því tjóni, sem hljótist af veru herliðs Bandaríkja NorðurAmeríku hér á landi, og beri honum því að bæta sér allt það tjón, er stefnandi hafi beðið af völdum herliðsins, en það telur hann nema dómkröfum sínum í máli þessu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 99 frá 1943 eigi þau lög aðeins við um þær skaðabótakröfur, sem stofnazt hafi vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Herstjórn Breta hafi haft húsið á leigu frá 1. október 1940 og allt til 23. desember 1941, en þá hafi herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tekið við því. Að vísu megi telja ljóst, að húsið hafi orðið fyrir allmiklum skemmdum í tíð beggja leigutakanna, en ósannað sé, hve mikill hluti af því hafi orðið í leigutíð herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, en það tjón sé það eina, er sér sé skylt að bæta samkvæmt nefndum lögum. Þar eð þannig hafi ekki verið leidd rök að tjóni, er sér bæri að bæta, verði að taka sýknukröfu sína til greina. Svo sem að framan getur, tók herstjórn Breta við húsinu 1. okt. 1940. Þann 3. s. m. var gerð skýrsla um ástand hússins, og er hún undirrituð af forsvarsmönnum leigutaka og leigusala. Þann 12. des. 1945 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta til fjár, hvað kosta mundi

að gera við skemmdir þær á húsinu, sem greinir í nefndri skýrslu, miðað við að viðgerð hefði farið fram í aprílmánuði 1943. Með matsgerð, dags. 17. s. m., mátu matsmennirnir viðgerðarkostnaðinn samkvæmt framantöldu kr. 1907.50. Þann 1. júlí 1942 var húsið Skálholt skoðað að tilhlutun herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku af trésmíðameistara einum í Vestmannaeyjum. Gerði hann áætlun um, hvað kosta mundi að gera við skemmdir þær, sem á því voru orðnar. Samkvæmt matsgerð hans, dags. 2. s. m., nam sá kostnaður kr. 10256.03. Hefur maður þessi staðfest þessa matsgerð sína fyrir dómi, og henni hefur ekki verið mótmælt. Eins og áður getur, mátu hinir dómkvöddu matsmenn þann 10. apríl 1943 að kosta myndi kr. 73180.20 að bæta úr skemmdum þeim, er orðið höfðu á húsinu í leigutíð beggja herstjórnanna. Eins og síðar verður sýnt fram á, verður að leggja matsgerð þessa að mestu til grundvallar um ástand hússins í aprílmánuði 1943. Engin úttekt fór fram á húseigninni þann 23. des. 1941, þegar leiguafnotum brezku herstjórnarinnar lauk, en af þessum tveim viðgerðarkostnaðaráætlunum og öðrum gögnum er hægt, eins og nánar verður greint frá hér á eftir, að reikna út, hve miklar skemmdir hafi orðið á tímabilinu frá 1. júlí 1942 til 3. apríl 1943. Og þar sem stefndi hefur viðurkennt, að hann beri ábyrgð á skemmdum umfram venjulegt slit, sem orðið hafi á húseigninni í leigutíð hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku, verður sýknukrafa hans ekki tekin til greina. Dómkröfur sínar samkvæmt *fyrsta kröfulið* sundurliðar stefnandi þannig:

*Aðalkrafan.*

1. Skaðabætur vegna skemmda á húseigninni Skálholti:
   - A. Bætur samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna þann 10. apríl 1943 kr. 73180.20 að frádregnum kr. 5022.50 ..... kr. 68157.70
   - B. Bætur fyrir skemmdir á hitaleiðslum ..... — 3363.20
   - C. Viðaukagreiðsla vegna hækkunar á viðgerðarkostnaði frá 10. apríl 1943 þar til nú, 7.59% af kr. 71250.90 ..... — 5426.85

   ——————— kr. 76947.75
2. Matskostnaður frá 10. apríl 1943 ..... — 2200.00
3. Ógreiddar eftirstöðvur húsaleigu ..... — 507.83
4. Leigutjón vegna dráttar á greiðslu skaðabótanna:
   - A. Leigutap frá 3. ágúst 1943 til 3. febrúar 1945 kr. 1075.00 á mánuði, kr. 19350.00, að frádreginni

leigu stefnanda sjálfs fyrir tímabilið frá 18. sept. 1943 til 3. febrúar 1945 kr. 200.00 á mánuði, eða kr. 4125.00 ..... kr. 15225.00

B. Kostnaður vegna bráðabirgðaviðgerða ..... — 3000.00

——— kr. 18225.00

5. Kostnaður við ferðir vegna máls þessa ..... — 3500.00

6. Vextir:

A. 5% ársvextir af liðum 1, 2 og 3 hér að framan, kr. 79655.58 yfir tímabilið frá 3. maí 1943 til 3. nóv. 1944 ..... kr. 5974.09

B. 5% ársvextir af tapaðri leigu yfir tímabilið frá 3. maí 1943 til 3. nóv. 1944 ..... — 471.34

——— — 6445.43

Kr. 107826.01

*Varakrafan.*

Í varakröfu sinni hefur stefnandi krafizt þess, að honum verði dæmdar kr. 107820.01, að frádregnum eftirtöldum fjárhæðum:

A. Viðgerðarkostnaði á skemmdum þeim, er voru á húsinu, er Bretar tóku við því, miðað við að viðgerð hefði fram farið í aprílmánuði 1943 ..... kr. 1907.50

B. Viðgerðarkostnaði á skemmdum þeim, er Bretar viðurkenndu að hafa valdið samkvæmt áætlun, dags. 27. ágúst 1942, kr. 1267.00 að viðbættum kr. 101.08 vegna hækkunar á viðgerðarkostnaði frá þeim tíma til 3. apríl 1943 svo og áætlaðri viðbót vegna venjulegs slits ..... — 1368.08

C. Kostnaði við að bæta venjulegt slit á húsinu yfir tímabilið frá 23. desember 1941 til 3. maí 1943 .... — 1200.00

Kr. 4475.58

Varakrafan verður því kr. 103350.43.

*Um 1 A og B.*

Svo sem áður getur, fékk stefnandi þann 5. apríl 1943 dómkvadda 4 menn til að meta til peningaverðs, hvað kosta mundi að gera við skemmdir þær, er orðið hefðu á húseigninni Skálholti í leigutíð brezku herstjórnarinnar og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, svo og leigutjón, meðan á viðgerðinni stæði. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna, dags. 10. s .m., meta þeir, að fullkomin viðgerð kosti kr. 73180.20. Þar í er talið leigutap, meðan viðgerðin standi yfir, kr. 500.00 á mánuði í þrjá mánuði, eða kr.

1500.00. Með yfirlýsingu, dagsettri 3. ágúst 1944, lýsa þessir sömu matsmenn því yfir, að við síðari athugun hafi komið í ljós, að meira af hitakerfi hússins hafi verið eyðilagt en gert var ráð fyrir í matsgerðinni. Telja þeir, að áætlaður viðgerðarkostnaður eigi þess vegna að hækka um kr. 3363.20. Stefnandi, sem hefur viðurkennt, að nokkur hluti þess tjóns, sem bóta er krafizt fyrir, hafi orðið í leigutíð herstjórnar Breta og af völdum manna í þjónustu hennar, hefur haldið því fram, að með samningi brezku herstjórnarinnar og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku frá 23. des. 1941 hafi herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tekið á sig að greiða bætur fyrir allar þær skemmdir, sem orðið hafi og yrðu á húseigninni í leigutíð beggja herstjórnanna. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að engin úttekt hafi fram farið á húsinu við leigutakaskiptin. Þá hefur stefnandi talið, að herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku hafi viðurkennt í samningsumleitunum um bæturnar, að þeim bæri að greiða bætur fyrir skemmdir í leigutíma beggja herstjórnanna, enda hafi umboðsmaður herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku við nefnda matsgerð viðurkennt skyldu hennar til að greiða bætur samkvæmt nefndu mati. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að stefnda beri að greiða sér nefndar fjárhæðir, samtals kr. 76543.40, að frádregnum kr. 5022.50, sem er viðgerð á þaki og tekin með í matsgerðina, án þess þó að herstjórnunum verði um þær skemmdir kennt, eða alls kr. 71520.90.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum. Telur hann, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 99 frá 1943 beri honum aðeins að bæta það tjón, er orðið hafi vegna aðgerða setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, en ekki það tjón, er orðið hafi vegna aðgerða brezka setuliðsins. Hefur stefndi í þessu sambandi mótmælt því, að svo hafi um samizt með hrestjórnunum, að herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tæki að sér greiðslu á því tjóni, er væri af völdum setuliðs Breta, og hefur í því sambandi mótmælt heimild manna þeirra, er stefnandi hefur talið, að slíkt hafi gert, til að binda herstjórnina í þessu efni. Þá hefur stefndi talið, að slíkir samningar séu ekki bindandi fyrir sig og falli ekki undir þau tilvik, er ákvæði laga nr. 99 frá 1943 taki til, þótt svo yrði litið á, að samningur um þetta efni hefði orðið með herstjórnunum. Loks hefur stefndi mótmælt matsgerðinni frá 10. apríl 1943 sem rangri. Telur hann ,að í henni sé tekinn með kostnaður við viðgerðir á skemmdum þeim, er voru á húsinu, þegar Bretar fluttu í það og sem voru þann 17. des. 1945 metnar af dómkvöddum mönnum á kr. 1907.50, miðað við að viðgerð hefði fram farið í apríl mánuði 1943 (Varakrafa stefnanda A), en þetta beri honum alls ekki að bæta. Að því er varðar það atriði, hve mikill hluti skemmdanna stafi frá dvöl setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku í húsinu, þá hefur stefndi bent á, að þann 2. júlí 1942 hafi kostnaður við viðgerð á þeim skemmd-

um, er þá voru orðnar, numið kr. 10256.03 að mati þekkts trésmíðameistara þar á staðnum, og ósannað sé, að nokkuð af þeim skemmdum stafi frá dvöl setuliðs Bandaríkjanna í húsinu. Enn fremur hefur stefndi talið, að í matsgerðinni frá 10. apríl 1943 sé ekki tekið tillit til venjulegs slits á húsinu, en það beri sér ekki að bæta. Dómkvaddir matsmenn hafi þann 17. des. 1945 metið kostnað við að bæta venjulegt slit á húsinu yfir tímabilið frá 23. des. 1941 til 3. maí 1943 á kr. 1200.00, miðað við að viðgerð hefði fram farið í aprílmánuði 1943 (varakrafa stefnanda C).

Þá hefur stefndi hreyft því, að stefnandi hafi ekki hirt um að láta gera við húsið, meðan herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku hafði það á leigu, og þannig orsakað meiri skemmdir á því en annars hefðu orðið. Enn fremur hefur stefndi mótmælt kostnaði að upphæð kr. 3363.20 við aukna viðgerð á hitakerfi samkvæmt áætlun matsmanna frá 3. apríl 1944. Loks hefur stefndi bent á, að herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku hafi þann 30. júlí 1943 talið fullnaðarbætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 36574.00 og hún boðizt til að greiða þá fjárhæð. Að því er varðar matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 10. apríl 1943, þá hefur hún ekki sætt rökstuddum andmælum, að því er varðar ástand hússins þá og viðgerðarkostnað þeirra skemmda, er hún fjallar um. Þykir því rétt að leggja hana til grundvallar að þessu leyti, en telja verður þó sannað með yfirlýsingu sömu manna, dags. 3. ágúst 1944, svo og öðru því, sem upp er komið í málinu, að skemmdir þær á hitakerfi hússins, er þar getur, hafi orðið á þeim tíma, er herstjórnirnar höfðu húsið á leigu.

Af orðalagi samnings herstjórnar Breta og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku frá 23. desember 1941 svo og áritun Útvegsbankans á þann samning, þá er áður greinir, verður ekki annað ráðið en herstjórn Bandaríkjanna taki á sig allar skyldur samkvæmt samningi Útvegsbankans og herstjórnar Breta frá 3. nóv. 1941 og taki þá jafnframt ábyrgð á, að þeim samningi verði fullnægt, einnig að því er varðar bætur á tjóni, er stafar frá leigutíð herstjórnar Breta. Þessu til stuðnings er einnig það, að húsið skyldi eigi afhent leigusala né bætur greiddar honum fyrir spöll, fyrr en notum herstjórnar Bandaríkjamanna væri lokið. Þá virðast og menn þeir, er af hálfu herstjórnar Bandaríkjanna sömdu um bætur til handa stefnanda, hafa litið þannig á.

Í 1. gr. laga nr. 99 frá 1943 um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, segir, að ríkissjóði sé skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum það tjón, er þeir hafi beðið vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Viðurkennt er, að nokkur hluti þess tjóns, sem hér er krafizt bóta fyrir, hafi orðið á leigutíma herstjórnar Breta og af völdum manna í þjónustu hennar. Krafa stefnanda um

bætur fyrir þetta tjón er aðeins byggð á samningi herstjórnanna innbyrðis, svo og samþykki leigusala á þeim gerningi. Hins vegar verður ekki ráðið af orðalagi nefndra laga, að stefnda beri að bæta tjón, sem aðrir en hernaðaryfirvöld Bandaríkja Norður-Ameriku og menn í þjónustu þeirra hér á landi hafi valdið, en sem þau hafa tekið að sér að bæta með sérstökum samningum. Með vísan til þessa verður að telja stefnda óskylt að bæta það tjón, er varð á húsinu Skálholti í leigutíð herstjórnar Breta.

Svo sem áður getur, þá var húsið skoðað þann 3. okt. 1940 um það leyti, er Bretar fluttu í það, og var þá gerð skrá (dskj. nr. 46) um ástand þess, sem virðist hafa verið samþykkt af báðum aðiljum leigumálans. Þann 12. des. 1945 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta, hve mikið myndi kosta að gera við galla þá á húsinu, er um getur í nefndri skrá, miðað við að viðgerð hefði fram farið í apríl mánuði 1943. Með matsgerð, dags. 17. des. 1945, mátu matsmennirnir þenna kostnað á kr. 1907.50. Það er upp komið í málinu, að matsmenn þeir, er mátu skemmdirnar 10. apríl 1943, höfðu ekki nefnda skrá til afnota við matið. Hins vegar var hún sýnd þeim við staðfestingu matsgerðarinnar fyrir dómi, og lýstu þeir þá yfir því, að þeir vildu engu breyta í mati sínu, þrátt fyrir þau gögn, er skráin hafði að geyma.

Við athugun á skrá þessari og nefndri matsgerð frá 10. apríl 1943 sést ljóslega, að í matsgerðinni eru tekin og metin flest þau atriði, sem skráin getur um sem skemmdir á húsinu. Þykir því verða að lækka fjárhæð matsgerðarinnar og þessa kröfuliði stefnanda um greindar kr. 1907.50, enda hefur fjárhæð þessa mats ekki verið mótmælt út af fyrir sig.

Svo sem að framan getur, fór engin skoðun eða úttekt fram á húsinu, þegar brezka setuliðið yfirgaf það, og ekki er leitt í ljós, að þáverandi eigandi þess, Útvegsbankinn, hafi ekki átt þess kost, en hann gerði enga kröfu í þá átt. Eins og áður er sagt, skoðaði þann 1. júlí 1942 trésmíðameistari einn í Vestmannaeyjum húsið að ósk Útvegsbankans, en að því er virðist að tilhlutun herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku. Gerði hann áætlun um, hvað kosta mundi að gera við þær skemmdir, er þá voru orðnar á húsinu. Samkvæmt matsgerð hans, dagsettri 2. s. m., taldi hann, að viðgerðarkostnaðurinn myndi nema kr. 10256.03. Er þar innifalinn kostnaður við viðgerð á hitakerfi hússins, kr. 1770.00, er annar fagmaður mat. Í mati þessu virðist tekið tillit til þeirra skemmda, er á húsinu voru, er brezka setuliðið flutti í það, og kostnaður við þær viðgerðir ekki tekinn með í matinu. Brezka herstjórnin virðist ekki hafa talið sig eiga að greiða allan þenna viðgerðarkostnað og því tekið út úr matsgerðinni sérstaklega nokkrar skemmdir, er hún vildi bæta. Nam viðgerðarkostnaður á þessum skemmdum, að mati sama manns, dags. 27. ágúst 1942, kr. 1267.00 (Varakrafa stefnanda B). Útvegs-

bankinn vildi hins vegar ekki hlíta þessari skiptingu, og varð ekki úr, að þessar bætur yrðu greiddar af brezku herstjórninni.

Stefndi hefur hvorki mótmælt nefndu mati frá 2. júlí 1942 né talið, að aðrar eða fleiri skemmdir en þar greinir hafi þá verið á húsinu.

Stefnandi hefur viðurkennt, að þær skemmdir, sem taldar eru í matsgerðinni frá 27. ágúst 1942, stafi frá dvöl brezka setuliðsins í húsinu, og samkvæmt því, sem segir hér að framan, ber stefnda því ekki að bæta það tjón. En auk þess hefur stefnanda ekki tekizt gegn mótmælum stefnda að færa sönnur á, að hinn hluti þeirra skemmda, sem matsgerðin frá 2. júlí 1942 greinir frá, stafi frá dvöl setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku í húsinu, og verður stefnda því heldur ekki gert að bæta það tjón. Matið frá 2. júlí 1942 er miðað við verðlag þann dag, en stefnandi hefur miðað kröfur sínar samkvæmt þessum kröfulið við það, að viðgerðin hefði fram farið í aprílmánuði 1943. Samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands var vísitala viðhaldskostnaðar húsa 195 vorið 1942, miðað við 100 í janúar—marz 1939. Vorið 1943 var vísitalan 316. Til þess að gera sér grein fyrir, hvað viðgerð á skemmdum þeim, er um getur í matsgerðinni frá 2. júlí 1942 hefði kostað, ef viðgerð hefði fram farið í aprílmánuði 1943, þá þykir verða að hækka matsfjárhæðina í hlutfalli við nefndar viðhaldsvísitölur. Samkvæmt því ætti viðgerð þessi, ef hún hefði fram farið vorið 1943, að hafa kostað kr. 16620.03, og ber samkvæmt framangreindu að lækka þá kröfuliði stefnanda, er hér um ræðir, um þá fjárhæð.

Í samningi Útvegsbanka Íslands h/f og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku er fram tekið, að leigutaka beri ekki að greiða bætur fyrir venjulegt slit. Er matsmennirnir frá 10. apríl 1943 komu fyrir dóm þann 6. júlí 1945, kom í ljós, að þeir höfðu ekki tekið tillit til venjulegs slits, nema að því er varðaði hita- og vatnskerfi hússins. Þann 12. desember 1945 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta, hvað kosta myndi að bæta venjulegt slit á nefndu húsi yfir tímabilið frá 23. desember 1941 til 3. maí 1943, miðað við verðlag í aprílmánuði 1943. Samkvæmt matsgerð, dags. 17. des. 1945, mátu hinir dómkvöddu menn, að kosta myndi kr. 1200.00 að bæta venjulegt slit samkvæmt framangreindu. Þar af töldu þeir, að viðhaldskostnaður hita- og vatnskerfis næmi kr. 190.00. Þar sem ljóst er, að leigusali átti sjálfur að bera kostnað af eðlilegu sliti, þá verður að lækka umrædda kröfuliði stefnanda í samræmi við það, eða um kr. 1010.00, svo sem hinir dómkvöddu matsmenn mátu viðhaldskostnaðinn, en matsgerð þessari hefur ekki verið mótmælt út af fyrir sig.

Samkvæmt framanrituðu verður stefndi þannig dæmdur til að greiða stefnanda kr. 51983.37 (kr. 71520.90 ÷ kr. 1907.50 ÷ kr. 16620.03 ÷ kr. 1010.00) af þessum kröfuliðum.

*Um 1 C.* Svo sem að framan getur, fór fram mat á viðgerðar-

kostnaði skemmda þeirra, er á húsinu urðu, í apríl 1943. Er matið miðað við verðlag í þeim mánuði, enda mun stefnandi hafa gert ráð fyrir að fá bæturnar greiddar þá um það leyti. Kveðst stefnandi engin efni hafa haft á að láta gera við húsið, þar sem bæturnar hafi eigi fengizt greiddar, og sé það því enn óviðgert. Vorið 1943 hafi visitala viðhaldskostnaðar húsa verið 316 samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, en sé nú fyrir mánuðina apríl—júní 1946 340. Viðhaldskostnaðurinn hafi þannig hækkað um 7.59%. Tjón sitt sé þannig af þessum sökum 7.59% af kr. 71520.90 eða kr. 5426.85, og beri stefnda að bæta sér það tjón.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem röngum og sér óviðkomandi. Stefnanda voru fengin umráð hússins vorið 1943, og gat hann því þá hafizt handa um viðgerð þess, ef ekki hefði háð honum fjárskortur.

Það er almenn regla íslenzks réttar, að sá, er ber fébótaábyrgð á tjóni annars manns, ber ekki ábyrgð á því tjóni, sem hlýzt af fjárskorti tjónþola, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Með skírskotun til þessa verður ekki talið, að stefnda beri að greiða bætur samkvæmt þessum lið, og verður hann því ekki tekinn til greina.

*Um 2:* Kröfuliður þessi er kostnaður við matið frá 10. apríl 1943.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið. Samkvæmt ákvæðum 5. tl. 175. gr. laga nr. 85 frá 1936 um einkamál í héraði skal telja matskostnað með málskostnaði. Verður þessi liður því ekki tekinn til greina hér, en hins vegar tillit til hans tekið við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu.

*Um 3:* Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á því, að raunverulega hafi leigan fyrir Skálholt verið ákveðin kr. 550.00 á mánuði í grunnleigu, þótt leigan sé talin kr. 610.50 á mánuði í samningnum milli Útvegsbankans og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, en það sé einmitt grunnleiga, kr. 550.00, að viðbættum 11%, sem hafi þá verið leyfileg leiguhækkun. Síðar hafi verið heimilt að hækka leiguna um 25%, og með samningi milli sín og herstjórnar Bandaríkjanna hafi herstjórnin samþykkt að greiða þessa hækkun. Af því hafi hins vegar aldrei orðið, og sé þessi hækkun því ógreidd og nemi fjárhæð kröfuliðarins.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem sér óviðkomandi.

Af ákvæðum laga nr. 99 frá 1943 verður ekki ráðið, að stefnda beri að bæta tjón, sem hlýzt af því, að herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi efnir ekki gerða samninga um greiðslur sem þessar. Verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

*Um 4 A.* Þann 2. ágúst 1944 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta leigu eftir húsið Skálholt. Samkvæmt matsgerð, dags. 17. ágúst s. á., töldu matsmennirnir, að hæfileg leiga væri kr. 1075.00 á mánuði. Byggir stefnandi kröfu þessa á því, að í

framangreindri matsgerð frá 10. apríl 1943 hafi verið gert ráð fyrir, að viðgerðin tæki 3 mánuði og henni yrði því lokið 3. ágúst 1943, en af því hafi ekki orðið vegna þess, að bætur hafi eigi fengizt greiddar. Húsið hafi því verið óíbúðarhæft. Af þessum sökum hafi tapazt leiga, sem samkvæmt matinu sé kr. 1075.00 á mánuði eða kr. 19350.00 til 3. febrúar 1945. Telur stefnandi, að stefnda beri að greiða sér bætur vegna þessa leigutaps. Í þessu sambandi hefur stefnandi áskilið sér rétt til að krefja stefnda síðar um bætur fyrir leigutap þann tíma, sem greiðsla skaðabótanna dragist fram yfir 3. nóv. 1944.

Þann 17. sept. 1943 var stefnandi af fógetarétti Vestmannaeyja úrskurðaður til að rýma íbúð þá, er hann þá bjó í. Varð stefnandi þá hinn 18. s. m. að flytja í Skálholt og hefur búið þar síðan í nokkrum herbergjum. Þann 17. ágúst 1944 var leiga fyrir þá íbúð metin af dómkvöddum mönnum á kr. 250.00 á mánuði. Telur stefnandi, að leiga þessi fyrir tímabilið frá 18. sept. 1943 til 3. febrúar 1945 sé samkvæmt þessu alls kr. 4125.00, sem beri að draga frá leigutapi sínu, því sem áður greinir, kr. 19350.00, og komi þannig út fjárhæð kröfuliðar þessa.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum og sér óviðkomandi.

Með skírskotun til þess, sem greinir um kröfulið 1 *C* hér að framan, verður ekki talið, að stefnda beri að bæta tjón sem þetta, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

*Um 4 B.* Er stefnandi flutti í húsið 18. sept. 1943, varð hann að láta framkvæma bráðabirgðaviðgerð á því, svo það yrði íbúðarhæft. Telur stefnandi, að viðgerð þessi hafi kostað kr. 4000.00, en stefnda beri að bæta sér megin hluta þess kostnaðar, eða kr. 3000.00, þar sem viðgerðin komi aðeins að litlu leyti til hagsbóta, þegar fullnaðarviðgerð fari fram á húsinu.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem röngum og sér óviðkomandi.

Með skírskotun til þess, sem greinir um kröfulið 1 C hér að framan, verður ekki talið, að stefnda beri að bæta stefnanda kostnað þenna, og verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

*Um 5.* Stefndi hefur mótmælt lið þessum, og þar sem hann er ekki studdur neinum gögnum, verður hann ekki tekinn til greina.

*Um 6 A.* Að því er varðar kröfu stefnanda um vexti af fé því, er hann krefst í kröfuliðum 2 og 3 hér að framan, þá voru þeir liðir ekki teknir til greina, og koma því vextir af þeim fjárhæðum ekki til álita. Um vexti af fjárhæð þeirri, er stefnanda var dæmd í kröfulið 1 hér að framan, þá bera honum samkvæmt almennum reglum eigi vextir af fé því, nema frá stefnudegi. Verður því vaxtakrafa þessi ekki tekin til greina.

*Um 6 B.* Svo sem greinir um kröfulið 4 *A* hér að framan, þá

var stefndi sýknaður af kröfu stefnanda vegna leigutaps, og verður vaxtakrafa þessi því heldur eigi tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu verður stefndi þannig dæmdur til að greiða stefnanda kr. 51983.37 af *fyrsta kröfulið* hans.

Um *annan kröfulið stefnanda:* Kröfulið þenna byggir stefnandi á því, að auk þess leigutjóns, sem hann gerir kröfu til bóta fyrir hér að framan, sé leigutjón sitt kr. 875.00 á mánuði fyrir hvern mánuð, er greiðsla bóta samkvæmt *fyrsta kröfulið* hér að framan dragist frá 3. nóv. 1944 að telja, að viðbættum 5% ársvöxtum af leigutapinu við lok hvers mánaðar til greiðsludags. Telur hann, að þetta nemi þann 3. maí s. l. kr. 15376.57. Með skírskotun til þess, er greinir um 4 A í *1. kröfulið* hér að framan, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 51983.37 með 5% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi 9. desember 1944.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6500.00.

Gagnasöfnun í máli þessu var í upphafi talið lokið 26. apríl 1945. Þann 22. júní 1945 fór fram munnlegur málflutningur, og var málið þá dómtekið. Með úrskurði bæjarþingsins, uppkveðnum 26. júní s. á., var aðiljum gefinn kostur á að afla frekari gagna í málinnu, og hefur sú gagnaöflun staðið yfir allt þar til nú fyrir skömmu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Árna Sigfússyni, kr. 51983.37 með 5% ársvöxtum frá 9. des. 1944 til greiðsludags og kr. 6500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1947.

Kærumálið nr. 11/1947. **Fiskur & Ís h/f**
gegn
**Höjgaard & Schultz A/S**

**Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.**

Héraðsdómur ómerktur. Frávísunaratriði hafði eigi verið dæmt sérstaklega, áður en dómur var lagður á málið að efni til.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 28. apríl þ. á., sem barst hæstarétti 6. þ. m., hefur sóknaraðili krafizt þess, að fellt verði úr gildi frávísunarákvæði dóms, er kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 23. apríl þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, og að málinu verði að því leyti vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað að skaðlausu.

Varnaraðili hefur krafizt þess, að staðfest verði frávísunarákvæði héraðsdóms og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað að skaðlausu.

Sóknaraðili sækir varnaraðilja í máli þessu til fébóta vegna beins tjóns, er hann tjáist hafa beðið af vanefndum varnaraðilja, svo og til skaðabóta vegna hagnaðarmissis, er orðið hafi í atvinnurekstri hans og stafað hafi af vanefndunum. Héraðsdómari hefur dæmt kröfu sóknaraðilja, að því er varðar hagnaðarmissi, en vísar frá dómi að nokkru kröfu sóknaraðilja til fébóta á beinu tjóni.

Það verður ekki litið svo á, að kröfur sóknaraðilja velti með þeim hætti á atvikum, er síðar kunna að gerast, að heimild hafi verið til þess samkvæmt 69. gr. laga nr. 85/1936 að vísa máli þessu frá dómi.

Af ákvæðum 108. gr. laga nr. 85/1936 leiðir, að héraðsdómari á að dæma frávísunaratriði máls, áður en hann dæmir málið að efni til, þannig að kostur sé að bera frávísunaratriði undir hæstarétt, áður en efni málsins er dæmt í

héraði. Þetta hefur héraðsdómarinn ekki gert. Verður því að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 200.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Varnaraðili, Höjgaard & Schultz A/S, greiði sóknaraðilja, Fiski & Ís h/f, kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1947.**

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Magnús Guðbjartsson f. h. Fisks & Íss h/f í Vestmannaeyjum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 25. júlí 1944, gegn Höjgaard & Schultz A/S, hér í bæ. Voru stefnukröfurnar, *aðallega* að stefndi yrði dæmdur til þess, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, að afhenda stefnanda 300 rúmmetra af góðu og ófúnu einangrunartorfi og til þess að greiða kr. 50000.00 í skaðabætur vegna dráttar á afhendingu ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 6000.00, en *til vara*, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu á kr. 56000.00 með vöxtum, sem fyrr var greint. Þá krafðist stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu, hvernig sem málið fer.

Málinu var skipt þannig, að dómur var fyrst lagður á bótaskyldu stefnda, og með dómi hæstaréttar hinn 15. júní 1946 var stefndi talinn ábyrgur til fébóta vegna þess tjóns, sem stefnandi kynni að hafa beðið af vanefnd stefnda á samningi aðilja frá 10. júlí 1943, að því er varðar afhendingu á 235 rúmmetrum af torfi.

Með stefnu, útgefinni 17. september 1946, hækkaði stefnandi því næst bótakröfu sína í kr. 252029.62 og krafðist jafnframt vaxta og málskostnaðar sem fyrr greinir. Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá aðalkröfu sinni í frumstefnu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru í skemmstu máli þeir, að með samningi, dagsettum 10. júlí 1943, seldi stefndi stefnanda 300 rúmmetra af torfi.

Lét stefnandi taka af því 65 rúmmetra og vegna athugasemdalausrar viðtöku af hans hálfu var hann eigi talinn geta borið fyrir sig, að sá hluti hins selda torfs hafi eigi verið samningshæfur. Hins vegar sannaðist, að hinn hluti torfs þess, sem honum var ætlað til efnda á samningnum, var ósamningshæfur vegna galla, og var hann því talinn eiga rétt til bóta vegna tjóns, er hann kynni að hafa beðið af vanefndum, að því er þann hluta, 235 rúmmetra, varðar. Bótakrafa stefnanda er sundurliðuð svo:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Beint tjón ..... | kr. 57387.40 |
| 2. | Óbeint tjón ..... | — 194642.22 |
| | Samtals | kr. 252029.62 |

Nánari greining hvors kröfuliðs um sig skal nú rakin í sambandi við varnarástæðu stefnda.

*Um 1.* Torf það, er stefnandi samdi um kaup á, ætlaði hann að nota til einangrunar frystiklefa sinna, ýmist til bóta á einangrun, sem fyrir var, svo og til einangrunar nýrra klefa. Kveðst stefnandi hafa reynt að afla sér einangrunarefnis annars staðar, þegar honum brást torfið frá stefnda, en öll slík efni hafi verið ófáanleg hér á landi þar til í september og október 1945, er honum tókst að fá kork, 50 rúmmetra, og glerull, 15 rúmmetra. Korkið keypti stefnandi af hraðfrystihúsi í Keflavík, og nam það 5080 kg á kr. 2.40 hvert kg, eða kr. 12192.00, en við það bættist kostnaður af flutningi þess til Reykjavíkur, kr. 279.40. Glerullin var keypt í Reykjavík og kostaði kr. 3136.00, auk flutningsgjalds til Vestmannaeyja, kr. 980.00. Nemur þetta samtals kr. 16587.40, er stefnandi telur stefnda skylt að greiða. Auk þess krefst stefnandi samkvæmt þessum lið kr. 40800.00, er hann telur andvirði 170 rúmmetra af korki, er vantar í fyrrgreinda 235 rúmmetra. Er verð þess miðað við framangreint verð, kr. 2.40 hvert kg, eða kr. 240.00 hver rúmmetri. Í fyrrgreindum kaupsamningi aðilja var verð torfsins ákveðið kr. 30.00 fyrir hvern rúmmetra, og hefur stefnandi greitt kr. 3000.00 við undirskrift samningsins. Svo sem fyrr var greint, tók stefnandi við 65 rúmmetrum, en andvirði þeirra var kr. 1950.00, og nemur skuld stefnda af þessum sökum því kr. 1050.00. Eftirstöðvar kaupverðsins voru kr. 6000.00 og nema því, að frádregnum kr. 1050.00, kr. 4950.00, sem komi til frádráttar kröfu stefnanda.

Stefndi byggir sýknukröfu að þessu leyti á því, að vanefnd á samningnum hafi ekki valdið stefnanda neinu tjóni. Annars vegar byggir stefndi þá staðhæfingu sína á því, að nóg torf hafi verið fáanlegt hér á landi á árunum 1943 og 1944, og nefnir í því sambandi torfbirgðir sjálfs sín á Álafossmýrum svo og, að torf hafi verið fáanlegt við Hofsós, enda selt þar bæði til frystihúss á Skagaströnd og til Skeiðfossvirkjunarinnar. Staðhæfir stefndi, að

samkvæmt þessu hafi ekki komið að sök, að stefnandi fékk ekki hið umsamda torf. Í annan stað heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi haft hag af því að kaupa kork til einangrunar í stað torfs, þar eð ódýrara sé í rauninni að ganga frá einangrun með korki, og auk þess sé það betur fallið til einangrunar en torf.

Samningur aðilja frá 10. júlí 1943 segir svo um ástand hins selda: „Torfið á að vera gott einangrunartorf og ófúið, en má að öðru leyti vera laust í sér og ekki skilyrði, að það sé alveg þurrt." Gegn eindregnum andmælum stefnanda hefur stefndi ekki fært sönnur á það, að stefnandi hafi átt þess kost að kaupa torf, sem fullnægði þessum skilyrðum, og verður því að telja, að stefnanda hafi verið rétt að kaupa kork til einangrunar í stað torfs. Ber því að miða bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið við þá verðhækkun, sem leiðir af einangrun með korki.

Í málinu liggur fyrir álitsgerð dómkvaddra manna um kostnað af einangrun með muldu korki annars vegar og með reiðingstorfi hins vegar. Af málgagni þessu er það ljóst, að með einum rúmmetra af torfi er einangraður flötur að flatarmáli 2½ fermetri, en með einum rúmmetra af korki 4 fermetrar. Samkvæmt þessu áliti, sem ekki hefur verið hnekkt, verður því að telja, að 146.87 rúmmetrar af muldu korki komi stefnanda að sama gagni í þessu skyni sem 235 rúmmetrar torfs. Samkvæmt sömu álitsgerð virðist og mega leggja nokkurn veginn að jöfnu kostnað af að ganga frá einangrun með torfi árið 1943 og kostnað af korkeinangrun 1944—1945, og eftir þeim gögnum, sem fram eru komin annars vegar um flutningskostnað torfs til Vestmannaeyja frá Minni-Borg í Grímsnesi, sem var afhendingarstaður samkvæmt samningi aðilja, og hins vegar um flutningskostnað mulins korks frá Reykjavík til Vestmannaeyja virðist sama gilda um það atriði. Af málflutningnum verður ekki annað ráðið en aðiljar leggi að jöfnu notagildi korks og glerullar að þessu leyti, þannig að telja megi, að stefnandi hafi nú keypt einangrunarefni, er samsvari hlutfallinu *235 × 65: 146.87* í stað torfsins eða með öðrum orðum einangrunarefni, sem jafngildir 104 rúmmetrum torfs.

Hins vegar hefur stefnandi ekki enn keypt einangrunarefni, er jafngildi þeim 131 rúmmetra torfs, sem á vantar hið umsamda, og er því eigi vitað, hvert tjón hans kann að verða af vanefnd stefnda um þann hluta torfsins. Ekki eru fyrir hendi nein gögn um verðlag einangrunarefnis nú eða á næstunni, enda skýrir stefnandi svo frá sjálfur á dómsskjali nr. 63, að verð á korki fari lækkandi, og ekkert hefur upp komið um verðlag torfs nú eða hvort það sé fáanlegt. Þykir því með vísan til 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85 frá 1936 verða að vísa frá dómi ex officio kröfu stefnanda um bætur, að því er varðar vanefnd stefnda um afhendingu á 131 rúmmetra torfs.

Kaupverð þess efnis, sem stefnandi hefur þegar keypt, er samkvæmt framanskráðu samtals kr. 15328.00, og þykir verða að leggja þá fjárhæð til grundvallar, þar eð eigi þykir hún óeðlilega há, þegar miðað er við þau gögn, sem fyrir hendi eru um verðlag á þessum varningi á þeim tíma, er hér ræðir um, þ. e. árin 1944 og 1945, en óhnekkt er þeirri staðhæfingu stefnanda, að kork hafi verið ófáanlegt árið 1943. Kaupverð 104 rúmmetra torfs var samkvæmt samningi aðilja kr. 3120.00. Samkvæmt framanrituðu þykir tjón stefnanda af vanefnd stefnda, að því er varðar 104 rúmmetra af torfi, nema kr. 15328.00 að frádregnum kr. 3120.00 eða alls kr. 12208.00, en þegar þess er gætt, að stefnandi hefur, eins og fyrr var greint, þegar greitt stefnda kr. 1050.00, verður stefnda samkvæmt framansögðu gert að greiða stefnanda kr. 13258.00 samkvæmt þessum lið.

*Um 2.* Tjón sitt samkvæmt þessum lið rökstyður stefnandi með því, að hann hafi á árinu 1944 getað fryst 502.67 smálestir af fiski, en það var meira en klefar þeir tóku, sem þá voru til einangraðir. Hins vegar heldur hann því fram, að það hafi verið tilbúið húsnæði, sem tekið hefði 205 smálestir, ef einangrunarefnið hefði ekki brugðizt. Kveðst hann því hafa misst við vanefnd stefnda tækifæri til að frysta 257 smálestir 1944. Heldur hann því fram, að fiskur hafi verið nægur fyrir hendi, og hafi hann því orðið af hagnaði, sem nemi fjárkröfunni samkvæmt þessum lið.

Gerir stefnandi grein fyrir hagnaði sínum af hverri smálest á þessa leið:

| | | |
|---|---|---|
| Söluverð ..... | | kr. 2195.20 |
| Kostnaður, er dregst frá: | | |
| 1. Hráefni ..... | kr. 900.00 | |
| 2. Vinna ..... | — 300.00 | |
| 3. Umbúðir ..... | — 189.00 | |
| 4. Útflutningsgjöld ..... | — 48.84 | |
| | | — 1437.84 |
| | Hreinn hagnaður | kr. 757.36, og |

því kr. 194642.22 af 257 smálestum.

Stefndi hefur eindregið andmælt kröfu þessari svo og þeirri undirstöðu hennar, að húsrými hafi verið tilbúið, svo sem stefnandi skýrir frá, og einnig, að það hefði nægt til að frysta svo mikið magn, sem haldið er fram. Þá hefur stefndi og mótmælt sem allt of lágum kostnaðarliðum 1—4 hér að framan og talið, að ýmsa kostnaðarliði vanti þar, sem dragi að miklum mun úr hagnaði af slíkri starfrækslu. Jafnframt hefur stefndi skorað á stefnanda að leggja fram nákvæmar upplýsingar um stærð frystihússins og nákvæma staðfesta uppdrætti af því, þar sem sjá megi

sérstaklega það húsrými, sem stefnandi byggir á kröfur sínar, og loks rekstrarreikninga stefnanda árin 1943—1945, framtöl hans til skatts á sama tíma og upplýsingar um tekjuskatt hans á árunum 1943—1946.

Stefnandi hefur eigi orðið við áskorun þessari, nema að því leyti, að lagður hefur verið fram uppdráttur að frystihúsi hans. Á þeim uppdrætti er eigi hægt að greina húsrými það, er máli gæti skipt hér. Aðrar upplýsingar um það, sem fyrir liggja í málinu, þ. e. vottorð starfsmanna stefnanda og byggingameistara nokkurs í Vestmannaeyjum, þykja svo óglögg, einkum ef þau eru borin saman við yfirlýsingar stefnanda sjálfs um þetta efni, að eigi þykir unnt að telja stefnanda hafa fært sönnur á staðhæfingar sínar í þessum efnum gegn hinum eindregnu andmælum stefnda. Sakir þessa, svo og hins, að stefnandi hefur eigi lagt fram nein gögn um hagnað sinn af starfrækslu frystihússins, verður hann eigi talinn hafa fært sönnur á það, að hann hafi nokkurt tjón haft að þessu leyti af vanefndum stefnda, sem verður því sýknaður af kröfu stefnanda um bætur samkvæmt þessum lið.

Úrslit málsins verða því þau, að kröfu stefnanda um bætur fyrir tjón af vanefnd stefnda, að því er varðar afhendingu á 131 rúmmetra torfs, er vísað frá dómi ex officio, en stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 13258.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 25. júlí 1944 til greiðsludags svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Einar Arnalds borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu stefnanda er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi, Höjgaard & Schultz A/S, greiði stefnanda, Magnúsi Guðbjartssyni f. h. Fisks og Íss h/f, kr. 13258.00 með 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1944 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1947.

Kærumálið nr. 12/1947. **Jón Guðmundsson**
gegn
**Landsmiðjunni.**

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Kæra afturkölluð.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 8. maí þ. á., er hingað barst 14. þ. m., kærði sóknaraðili úrskurð, er kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 2. maí s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Umboðsmaður sóknaraðilja hefur nú með bréfi 21. þ. m. afturkallað kæru þessa og horfið frá kröfum, er hann hafði gert fyrir hæstarétti.

Varnaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð í málinu. Krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Þar sem sóknaraðili hefur horfið frá kröfum sínum, verður eigi dæmt um gildi hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Málssókn þessi fellur niður.

Sóknaraðili, Jón Guðmundsson, greiði varnaraðilja, Landsmiðjunni, kr. 100.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1947.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. f. m., hefur Þorsteinn Sveinsson hdl. f. h. Landssmiðjunnar, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. des. f. á., gegn Jóni Guðmundssyni veitingamanni, Akranesi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 24369.96 með 6% ársvöxtum frá stofndegi hinna ýmsu skuldaliða til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1944 og 1945 framkvæmdi stefnandi viðgerð á rafstöð og byggði rafstöðvarhús fyrir stefnda að Brúsastöðum í Þingvallasveit. Telur stefnandi allan kostnaðinn við þetta hafa numið kr. 29369.96, en þar af hafi stefndi greitt með víxli kr. 5000.00, og séu því eftirstöðvarnar kr. 24369.96.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að verk það, er stefnandi hafi innt af hendi, hafi verið stórgallað og bakað sér talsvert fjártjón.

Er mál þetta skyldi flutt munnlega þann 30. f. m., krafðist stefndi þess, að málinu yrði frestað í 4 vikur. Sem rök fyrir frestbeiðni sinni færði stefndi, að nauðsynlegt væri, að verkið yrði skoðað af dómkvöddum mats- og skoðunarmönnum, en slíkt hefði ekki enn verið unnt vegna veðurs. Þann 29. f. m. hafði stefndi sent borgardómaranum í Reykjavík beiðni um, að menn væru dómkvaddir í þessu skyni.

Stefnandi mótmælti öllum fresti og taldi stefnda þegar hafa haft nægan tíma til að fá dómkvadda menn til að skoða og meta verkið, ef hann hefði hirt um það.

Mál þetta var þingfest 9. janúar s. l., og fékk stefndi þá frest til að rita greinargerð til 23. s. m. Þann dag var fresturinn framlengdur til 30. s. m. Þann 30. janúar 1947 kom fram greinargerð af hendi stefnda. Fengu aðiljar síðan fresti til gagnasöfnunar til 6. marz s. l., en þann dag töldu þeir gagnasöfnun lokið. Engin gögn komu fram af hendi stefnda, frá því hann lagði fram greinargerð sína.

Með vísan til þessa þykir stefndi þegar hafa haft nægilegan tíma til að láta fram fara mat og skoðun á umræddum mannvirkjum, enda ósönnuð staðhæfing hans, að veður hafi hamlað framkvæmdum þessum. Verður stefnda því ekki veittur frekari frestur í þessu skyni.

Einar Arnalds borgadómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur er ekki veittur.

Miðvikudaginn 25. júní 1947.

Kærumálið nr. 13/1947. **Egill Sigurgeirsson**
gegn
**Sigurði Helgasyni.**

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Frávísunardómur kærður.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 4. maí þ. á., er hingað barst 20. þ. m., hefur sóknaraðili kært til hæstaréttar frávísunardóm, er upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 28. apríl s. l. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Engin greinargerð eða kröfur hafa borizt af hendi sóknaraðilja, en ætla verður, að kæran sé höfð uppi í því skyni að fá frávísunardóm bæjarþingsins úr gildi felldan.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdómsins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Egill Sigurgeirsson, greiði varnaraðilja, Sigurði Helgasyni, kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1947.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 22. þ. m., hefur Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. febrúar þ. á., gegn Sigurði Helgasyni stórkaupmanni, Bankastræti 7, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 3500.00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga 27. febrúar 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, *en til vara*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins um frávísunarkröfuna hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður, *en til vara*, að málskostnaður verði látinn niður falla í þessum hluta málsins.

Stefndi hefur rökstutt frávísunarkröfuna með því, að skjal það, sem hér um ræðir, sé ekki víxill eftir skilningi víxillaganna nr. 93/1933, þar sem í þeim lögum sé það ófrávíkjanlega skilyrði sett, að útgáfudagur skuli tilgreindur, til þess að um víxil geti verið að ræða, en á umrætt skjal vanti útgáfudag. Af þessum ástæðum sé ekki um víxilmál að ræða, er heimilt sé að reka eftir XVII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936. Hafi því ekki verið heimilt að ganga fram hjá sáttatilraun fyrir sáttamönnum. Þar sem málið hafi ekki verið lagt til sátta eftir fyrirmælum laga, hljóti slíkt að valda frávísun.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að skjalið, sem um er að ræða, sé víxill eftir merkingu laga nr. 93/1933. Í 7. tl. 1. gr. laganna sé að vísu sagt, að tilgreina skuli í víxli útgáfudag og útgáfustað, en í 2. gr. sömu laga sé gerð undantekning um útgáfustað, og hljóti sú undantekning að eiga við um útgáfudag per analogiam. Hann hefur og haldið því fram, að þar sem vaxta sé einungis krafizt frá gjalddaga, skipti útgáfudagur engu máli í þessu sambandi. Þá sé það hlutverk útgefanda að sjá um það, að dagsetning sé tilgreind, og því sé það á hans ábyrgð, ef hana vanti. Ekki sé hægt að taka til greina, ef útgefandi vísvitandi og af hrekk lætur hjá líða að tilgreina útgáfudag, þegar viðsemjendur hans eru í þeirri trú, að gild víxilskuldbinding hafi stofnazt.

Telja verður það óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því, að víxilskuldbinding hafi stofnazt, að tilgreindur sé útgáfudagur, og verður ekki á það fallizt, að undantekningarákvæði um útgáfustað eigi analogice við um útgáfudag. Heimildarlaust hefur því verið að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu, og verður því að fallast á frávísunarkröfu stefnda og vísa málinu frá dómi. Hæfilegt þykir, að stefnandi greiði stefnda kr. 150.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi, Egill Sigurgeirsson, greiði stefnda, Sigurði Helgasyni, kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 20. september 1947.

Kærumálið nr. 14/1947. **Magnús Thorlacius**
gegn
**Eggert Claessen.**

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Kærður úrskurður stjórnar Lömannafélags Íslands um þóknun málflutningsmanns.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 27. júní þ. á., er hingað barst 2. júlí s. l., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, upp kveðnum 27. júní 1947 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju. Til vara krefst hann þess, að málinu verði vísað frá stjórn Lögmannafélagsins, til þrautavara, að hann verði sýknaður af kröfum varnaraðilja og til ýtrustu vara, að þóknun hans, er í málinu greinir, verði ákveðin 300 krónur. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. júní 1947.**

Ár 1947, föstudaginn 27. júní, átti stjórn Lögmannafélags Íslands fund með sér í skrifstofu formanns. Á fundinum voru mættir formaður félagsins, hrl. Einar B. Guðmundsson, ritari þess hdl.

Ágúst Fjeldsted og varastjórnandi hrl. Gunnar Þorsteinsson, sem mættur var vegna forfalla gjaldkera félagsins, hdl. Gunnars E. Benediktssonar. Á fundinum var tekið fyrir: Ágreiningsmálið nr. 1/1947: Eggert Claessen gegn Magnúsi Thorlacius, og í því kveðinn upp svo hljóðandi úrskurður:

Á árinu 1946 hafði sóknaraðili máls þessa, hrl. Eggert Claessen, til innheimtu kröfur fyrir danskt firma. Mun nefnt firma og málflutningsmenn þess í Danmörku hafa snúið sér til sóknaraðilja og óskað upplýsinga um árangur innheimtustarfsins. Þar sem dráttur varð á svari sóknaraðilja, snéru hinir dönsku málflutningsmenn sér til varnaraðilja, hrl. Magnúsar Thorlacius ,og óskuðu aðstoðar hans.

Hinn 12. júní 1946 sendi varnaraðili sóknaraðilja svo hljóðandi bréf:

„Overretssagf. Carl Staffeldt og Sagf. cand. jur. Sven Staffeldt í Kaupmannahöfn hafa skrifað mér og beðið mig að grennslast eftir, hvers vegna þér svarið hvorki þeim né umbjóðendum þeirra, firmanu Hindenburgs Eftf., út af kröfum, sem þér hafið innheimt fyrir þetta firma.

Mér væri kært, ef þér létuð mér í té vitneskju um þetta fyrir 17. þ. m. og skýrslu um innheimtur þessar."

Þessu bréfi svaraði sóknaraðili 18. júní 1946, er hann tilkynnti varnaraðilja, að hann hefði hinn 31. maí sent hinum dönsku málflutningsmönnum skilagrein yfir innheimturnar ásamt fé því, er hann hefði innheimt. Staðfestu hinir dönsku málflutningsmenn viðtöku á bréfi sóknaraðilja, því er að framan greinir, ásamt innheimtum peningum.

Töldu málflutningsmennirnir, að sóknaraðilja bæri að greiða þann kostnað, sem af því hefði hlotizt, að þeir leituðu aðstoðar varnaraðilja. Féllst sóknaraðili á þetta og óskaði eftir reikningi, er sýndi kostnaðinn. Barst honum bréf frá varnaraðilja, dags. 28. júní 1946, þar sem varnaraðili tilkynnti, að hinir dönsku málflutningsmenn hefðu falið honum að innheimta hjá sóknaraðilja þóknun út af málinu, að fjárhæð kr. 300.00. Óskaði varnaraðili greiðslu á þessari fjárhæð fyrir 3. júlí. Með bréfi, dags. 29. júní, til hinna dönsku málflutningsmanna mótmælti sóknaraðili þessari kröfu sem óhæfilega hárri. Varnaraðili taldi þá, að hin áskilda þóknun væri í samræmi við lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og með bréfi, dags. 20. des. 1946, fóru hinir dönsku málflutningsmenn þess á leit við sóknaraðilja, að hann greiddi varnaraðilja umræddar kr. 300.00. Sóknaraðili vildi þó ekki fallast á þetta, og með bréfi, dags. 10. janúar 1947, snéri hann sér til stjórnar Lögmannafélags Íslands og beiddist úrskurðar félagsstjórnar um það, hvort framangreind krafa varnaraðilja um 300 króna þóknun gæti talizt hæfileg. Taldi sóknaraðili kröfuupp-

hæðina óhæfilega háa og yrði á þá skoðun fallizt, beiddist hann þess, að félagsstjórnin úrskurðaði, hvaða þóknun teldist sanngjörn handa varnaraðilja fyrir héraðlútandi störf hans.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja, og til þrautavara, að þóknun hans verði ákveðin 300 krónur. Hvernig sem málið fer, krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Frávísunarkröfu sína byggir varnaraðili á því, að kröfur sóknaraðilja séu ekki dómhæfar. Kröfugerð sóknaraðilja sé þannig háttað, að samkvæmt henni sé óskað eftir áliti Lögmannafélags Íslands um atriði almenns eðlis, enda telur varnaraðili, að maður, sem krafinn er greiðslu á þóknun fyrir tiltekin málflutningsstörf, geti aldrei borið ágreining um réttmæti eða upphæð þóknunarinnar undir úrskurð félagsstjórnarinnar. Sá, sem reikning sendir eða krefst greiðslu, sé hinn eini aðili, sem krafizt geti úrskurðar um réttmæti eða upphæð áskilinnar þóknunar.

Samkvæmt 8. grein laga nr. 61/1942 hefur stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Telja verður, að samkvæmt þessu ákvæði hafi stjórn Lögmannafélags Íslands vald til þess að kveða á um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef um það rís ágreiningur, og að hvorum aðilja sem er, þeim, er áskilur sér þóknun, og hinum, sem krafinn er þóknunar, sé heimilt að leita úrskurðar um upphæð þóknunarinnar. Þar sem um ágreining er að ræða, sem fjallar um endurgjald fyrir málflutningsstarf, og krafa sóknaraðilja er nægilega rökstudd, er ekki unnt að taka frávísunarkröfu varnaraðilja til greina.

Á sama hátt þykir ekki unnt að taka kröfu varnaraðilja um sýknu til greina, þar sem sóknaraðili á samkvæmt framansögðu rétt á því að fá úrskurð um upphæð þóknunarinnar.

Í máli þessu er upplýst, að afskipti varnaraðilja af innheimtum þeim, er sóknaraðili hafði til meðferðar frá hinu danska firma, voru þau ein, að varnaraðili ritaði sóknaraðilja bréf 12. júní 1946, þar sem tekið er fram, að hann hafi verið beðinn að grennslast eftir, hvernig á því stæði, að sóknaraðili svaraði ekki hinu danska firma og málflutningsmönnum þess, og jafnframt, að sóknaraðili léti varnaraðilja í té vitneskju um þetta fyrir ákveðinn tíma og skýrslu um innheimturnar. Er upplýst, að 13 dögum áður eða 31. maí hafði sóknaraðili sent dönsku málflutningsmönnunum skilagrein og innheimt fé í ávísun á danskan banka.

Telja verður, að venja sé, að félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands veiti hver öðrum ýmiss konar aðstoð, án þess að endurgjald komi fyrir. Þar sem sóknaraðili hefur hins vegar talið sér skylt að greiða endurgjald fyrir afskipti varnaraðilja af máli

þessu, þykir verða að kveða á um upphæð endurgjaldsins, er telst hæfilega ákveðin 50 krónur.

Hins vegar verður að telja, að stjórn Lögmannafélags Íslands bresti heimild til þess að fella úrskurð um málskostnað.

Því úrskurðast:

Þóknun varnaraðilja, hrl. Magnúsar Thorlacius, fyrir afskipti hans af máli þessu telst hæfilega ákveðin 50 krónur.

---

Mánudaginn 22. september 1947.

Kærumálið nr. 15/1947. **Bergsteinn Kolbeinsson**
gegn
**Einari Árnasyni**

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Synjun frests í landamerkjamáli.

**Dómur hæstaréttar.**

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af Friðjóni sýslumanni Skarphéðinssyni ásamt samdómsmönnunum Jakobi Karlssyni og Elíasi Tómassyni.

Með kæru 23. júní þ. á., er hingað barst 8. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu 21. júní s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest þar til seint í ágúst eða snemma í september þ. á. í máli varnaraðilja gegn honum.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og honum dæmdar 200 krónur í kærumálskostnað úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður, þar sem hans hefur ekki verið krafizt af hálfu varnaraðilja.

## Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.
Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 21. júní 1947.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 20. þ. m., er höfðað samkvæmt landamerkjalögum nr. 41/1919 um ágreining milli málsaðilja, Einars Árnasonar, Eyrarlandi í Öngulstaðahreppi, og Bergsteins Kolbeinssonar, Leifsstöðum, sama hreppi, um landamerki milli téðra jarða.

Gerir eigandi Eyrarlands þá kröfu, að merki milli jarðanna verði viðurkennd bein lína frá svo kallaðri Ósgötu eða Þingmannavegi, þar sem hann liggur út í Eyrarlandsós á austurbakka óssins, upp í grjótvörðu á miðri Merkisklöpp, en eigandi Leifsstaða krefst þess, að merkin verði viðurkennd bein lína í gegn um miðja Merkisklöpp og vörðustæði á mel utan við Leifsstaðastekk og lína í framhaldi þeirrar línu, unz hún sker Eyrarlandsós. Hvor aðili um sig krefst málskostnaðar úr hendi hins.

Málið var þingfest 20. nóv. f. á. Fór þá fram sáttatilraun, útnefning meðdómenda og dómruðning. Var málinu síðan frestað til vors vegna snjóa á þrætusvæðinu. 30. maí s. l. var síðan þinghald í málinu, en þá var ákveðið að láta gera uppdrátt af þrætusvæðinu og dómkvaddur maður til þess, en málið síðan tekið fyrir af nýju þann 20. þ. m. Fór þá fram merkjaganga, uppdráttur var lagður fram og ýms gögn í málinu og vitni voru leidd.

Af hálfu eiganda Leifsstaða var þess óskað, að málinu yrði síðan frestað þar til seint í ágúst eða snemma í september n. k. vegna gagna í málinu, sem hann kvaðst vænta að fá frá Benedikt Sveinssyni bókaverði, og vegna ýmissa gagna, sem mótmælt hefur verið af gagnaðilja hans, en nauðsynlegt sé að færa frekari sönnur á. Auk þess þurfi málflutningsumboðsmaður hans að vera fjarvistum á næstunni vegna sjúkleika.

Af hálfu eiganda Eyrarlands var því mótmælt, að frestur yrði veittur til gagnasöfnunar frekar en orðið er, enda sé öflun gagna úr gömlum skjölum þýðingarlaus, þar sem fyrir liggi þinglesin landamerkjaskrá frá 1890. Hann telur og, að þegar hafi verið nægur frestur til öflunar gagna í málinu, enda hafi verið rétt og skylt að leiða öll vitni í þinghaldinu þenna dag.

Lögðu aðiljar ágreiningsatriði þetta í úrskurð.

Í 10. gr. landamerkjalaganna, sbr. 221. gr. einkamálalaganna, er svo kveðið á, að í öðru þinghaldi landamerkjamála skuli aðiljar leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt og skuli málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn

bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það.

Telja verður, að þegar hafi verið nægur frestur til að afla gagna í málinu, þar sem málið var þingfest 20. nóv. f. á., eins og fyrr segir, og hafi því öll gögn málsins átt að geta komið fram í þinghaldinu í gær. Þykir því samkvæmt tilvitnaðri grein landamerkjalaganna ekki heimilt að veita umbeðinn frest í málinu.

Því úrskurðast:

Umbeðinn frestur verður ekki veittur.

---

Mánudaginn 22. september 1947.

Kærumálið nr. 16/1947. **Jón Guðjónsson**
gegn
**Jóni Guðnasyni**

Setudómari prófessor Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjun frests í útburðarmáli.

**Dómur hæstaréttar.**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 2. júlí þ. á., er hingað barst 10. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð fógetadóms Reykjavíkur, kveðinn upp 2. júlí s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að ákvæði hins kærða úrskurðar um synjun frests verði fellt úr gildi og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, að því er varðar synjun frests, en að fellt verði úr gildi ákvæði hans um vítur. Hann krefst og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurður þykir

mega staðfesta hann, en ákvæði hans um vítur hefur ekki verið kært innan lögmælts frests.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Guðjónsson, greiði varnaraðilja, Jóni Guðnasyni, kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 2. júlí 1947.

Í réttarhaldi í máli þessu hinn 26. júní s. l., er munnlegur flutningur skyldi fram fara, krafðist umboðsmaður gerðarþola, Magnús Thorlacius hrl., þess, að málinu yrði frestað um hæfilegan tíma til frekari gagnaöflunar, og þá sérstaklega til að samprófa aðilja málsins.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, Gústaf A. Sveinsson hrl., mótmælti frestbeiðni þessari, og var atriðið tekið til úrskurðar fógetaréttarins. Í munnlegum flutningi um atriði þetta, áður en það var tekið undir úrskurð, viðhafði umboðsmaður gerðarbeiðanda eftirfarandi ummæli um umboðsmann gerðarþola: „háttvirtur andstæðingur hefur á refsiverðan hátt reynt að draga málið.“ Hefur umboðsmaður gerðarþola krafizt þess, að umboðsmaður gerðarbeiðanda verði sektaður fyrir ummæli þessi.

Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

Gerðarbeiðandi, Jón Guðnason, tók árið 1940 á leigu 3 herbergi og eldhús á 1. hæð hússins nr. 83 við Laugaveg, en hús þetta var þá 2 íbúðarhæðir, og rishæð að auki. Eigendur hússins eru þau systkinin Guðmundur Sveinsson og Sigríður Sveinsdóttir, kona gerðarþola, og bjó hún ásamt manni sínum á 2. hæð hússins, allt þar til þau systkinin hófu árið 1946 að byggja 2 hæðir ofan á húsið.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að í septembermánuði 1946 hafi það orðið að samkomulagi milli sín og Sigríðar Sveinsdóttur, að gerðarbeiðandi léði þeim hjónunum til afnota eitt herbergi af leiguíbúð sinni, þar sem Sigríði hafði þótt illt að hafast við í íbúð sinni á 2. hæð sökum hávaða, er stafaði af nýbyggingunni. Hafi afnot þessi einungis átt að standa til bráðabirgða, og skýra þau gerðarbeiðandi og kona hans svo frá, að Sigríður hafi fastlega gert ráð fyrir því að þurfa herbergisins ekki lengur en til

s. l. áramóta í lengsta lagi. Gerðarbeiðandi ritar fógetaréttinum hinn 30. janúar s. l. og krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út úr herbergi þessu. Hafi gerðarþoli og kona hans hætt að búa í herberginu, en eigi þar þó ýmsa muni eftir. Gerðarþoli mótmælir gerðinni, þar sem gerðarbeiðandi hafi gengizt inn á það að leyfa sér afnot herbergis þessa, meðan verið væri að byggja ofan á húsið. Raunar hefur gerðarþoli sjálfur ekki mætt hér fyrir réttinum, heldur kona hans Sigríður Sveinsdóttir, og gaf hún yfirlýsingu þessa. Er hún einnig staðfest af bróður Sigríðar og sameiganda að húsinu, Guðmundi Sveinssyni.

Málið var síðast fyrir réttinum til gagnaöflunar hinn 26. marz s. l., og töldu umboðsmenn aðiljanna þá gagnaöflun lokið, og var einnig ákveðið, að dagur til munnlegs flutnings yrði ákveðinn síðar. Vegna annríkis fógeta og málflytjenda var sá dagur ekki ákveðinn fyrr en 26. júní s. l., og fór þá umboðsmaður gerðarþola fram á áður umgetinn frest til gagnaöflunar. Með tilliti til þess tíma, sem liðinn er frá því mál þetta var síðast fyrir rétti til gagnaöflunar, verður að telja, að umboðsmaður gerðarþola hefði getað komið fyrr fram með kröfu um endurupptöku málsins til frekari gagnaöflunar. Verður þannig, eftir atvikum, að neita um hinn umbeðna frest.

Víta ber ummæli þau, er umboðsmaður gerðarbeiðanda viðhafði um umboðsmann gerðarþola, er munnlegur flutningur fór fram hér fyrir réttinum um atriði það, er hér er til úrskurðar.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

---

Mánudaginn 22. september 1947.

Kærumálið nr. 17/1947. **Magnús Jónsson**

gegn

**Verzlunarfélagi Ólafsfjarðar.**

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

**Dómur hæstaréttar.**

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Með kæru 7. júlí þ. á., er hingað barst 14. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Akureyrar, er upp kveðinn var 3. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Krefst sóknaraðili þess, að honum verði dæmdar 500 krónur í málskostnað í héraði. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta hið kærða málskostnaðarákvæði.

Kærumálskostnaður fellur niður, þar sem hans er ekki krafizt af hálfu varnaraðilja.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms í málinu: Verzlunarfélag Ólafsfjarðar gegn Magnúsi Jónssyni á að vera óraskað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Dómur bæjarþings Akureyrar 3. júlí 1947.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 30. f. m., hefur stefnandi, Verzlunarfélag Ólafsfjarðar, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 7. f. m. og birtri sama dag, á hendur Magnúsi Jónssyni verzlunarmanni, Aðalgötu 7, Ólafsfirði, og gerir þær kröfur fyrir dómi, að síðargreindum úrskurði húsaleigunefndar Ólafsfjarðar verði hrundið og stefndi dæmdur til að rýma þegar húsnæði það, er hann hefur í húsi stefnanda í Aðalgötu 7, Ólafsfirði. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómara.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að í maímánuði 1946 keypti stefnandi efri hæð hússins Aðalgötu 7 í Ólafsfirði og lét stefnda, sem þá var verzlunarstjóri stefnanda, í té íbúð á hæð þessari. Enginn samningur var gerður milli stefnanda og stefnda um húsnæði þetta. Þann 14. janúar s. l. sagði stefnandi stefnda upp verzlunarstjórastarfinu, og vék hann úr þjónustu stefnanda 15. apríl s. l. Stefnandi ritaði stefnda bréf 13. febrúar s. l. og aftur 20. apríl s. l. og tilkynnti honum, að hann yrði að víkja úr íbúðinni 14. maí s. l., enda þyrfti stefnandi á húsnæðinu að halda fyrir starfsmann

sinn. Stefndi synjaði kröfu stefnanda um að víkja úr íbúðinni, og skaut stefnandi málinu til húsaleigunefndar Ólafsfjarðar, en nefndin kvað upp úrskurð um málið 12. maí s. l. og synjaði kröfu stefnanda um, að stefndi yrði skyldaður til þess að víkja úr íbúðinni.

Höfðaði stefnandi mál þetta hér fyrir dómi, til þess að fá úrskurðinum hrundið, og gerði þær kröfur, sem fyrr greinir. Er því haldið fram af hans hendi, að stefndi hafi ekki rétt til að halda íbúðinni, eftir að hann fór úr þjónustu félagsins, enda þurfi félagið nauðsynlega á íbúðinni að halda fyrir starfsmann sinn og íbúðin hafi á sínum tíma verið keypt, til þess að geta látið starfsfólki stefnanda í té íbúð í henni. Megi því stefnda vera ljóst, að til þess hafi verið ætlazt, að hann héldi ekki íbúðinni, eftir að hann færi úr þjónustu félagsins.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að íbúð sú, sem hann býr í, hafi átt að fylgja verzlunarstjórastarfinu, og sé því uppsögn af hendi stefnanda óheimil samkvæmt húsaleigulögunum.

Samningur um íbúð þessa er ekki fyrir hendi og var aldrei gerður. Þykir því stefnandi verða að bera halla af því að hafa ekki tryggt sér með samningi, að stefndi skyldi rýma íbúðina, er hann færi úr þjónustu stefnanda. Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39/1943 um húsaleigu er óheimilt að segja stefnda upp leigu á umræddri íbúð.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefnda í málinu af kröfum stefnanda. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Verzlunarfélags Ólafsfjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. september 1947.

Kærumálið nr. 18/1947. **Ingvar Árnason**
gegn
**Ársæli Jónassyni.**

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Kærður frávísunardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru, dags. 20. júlí þ. á., sem hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært dóm, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 13. júní þ. á., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja var vísað sjálfkrafa frá dómi. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar að efni til og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Af hendi varnaraðilja hafa hvorki verið gerðar kröfur fyrir hæstarétti né greinargerð send.

Í fógetamáli, sem sóknaraðili sótti á hendur varnaraðilja og úrskurðað var í fógetadómi Reykjavíkur 13. apríl f. á., krafðist sóknaraðili þess, að honum yrði veittur með beinni fógetagerð aðgangur að tilgreindu herbergi í húsinu nr. 163 við Hringbraut hér í bæ. Fógeti synjaði með greindum úrskurði að framkvæma gerðina. Með stefnu 12. maí 1947 höfðaði sóknaraðili síðan mál það, sem héraðsdómari hefur vísað frá dómi, og gerði í því þær dómkröfur, að varnaraðilja verði gert að fá honum umráð herbergis þess, sem áður greinir.

Kröfur sóknaraðilja svo og röksemdir hans eru þær sömu í fógetamálinu og í bæjarþingsmálinu. Sóknaraðili átti þess fullkominn kost að reifa málið til hlítar fyrir fógeta, leiða vitni og koma að þeim gögnum, sem máli skiptu, sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, enda var ekki, þegar málið var fyrir fógeta, þörf slíkra bráðabirgðaaðgerða, að málinu yrði að *l*úka þar vanreifuðu.

Verður því með vísan til þess, sem nú var rakið, að telja

fógetadóm og bæjarþing hliðstæða dómstóla, að því er varðar meðferð máls þessa, og að héraðsdómari hafi því réttilega vísað kröfu sóknaraðilja frá dómi. Ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert, fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1947.**

Mál þetta, er tekið var til dóms eða úrskurðar 6. þ. m., hefur Ingvar Árnason, Hringbraut 163 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. f. m., gegn Ársæli Jónassyni og Friðriki Teitssyni, báðum til heimilis að Hringbraut 163 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að fá honum umráð íbúðarherbergis í kjallara hússins nr. 163 við Hringbraut svo og að greiða sér málskostnað að mati dómarans.

Stefndi Friðrik hefur samþykkt kröfur stefnanda, en stefnandi fallið frá málskostnaðarkröfu á hendur honum.

Stefndi Ársæll hefur *aðallega* krafizt frávísunar, en *til vara* sýknu, og málskostnaðar í báðum tilvikum.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og honum dæmdur málskostnaður.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi telur, að hann, sem hefur á leigu íbúð í kjallara nefnds húss, hafi léð stefndu eitt herbergi íbúðarinnar handa konu nokkurri, er mjög hafi þarfnazt húsnæðis. Þetta hafi verið því skilyrði bundið, að hann fengi herbergið aftur strax, er konan færi úr því. Stefndi Ársæll hefur hins vegar haldið því fram, að stefnandi hafi skilað herbergi þessu skilyrðislaust úr leigu, og eigi hann ekkert tilkall til þess. Stefnandi krafðist þess þá, að honum yrði veittur aðgangur að herberginu með beinni fógetagerð, en með úrskurði fógetadóms Reykjavíkur var neitað um framgang gerðarinnar. Stefnandi höfðaði síðan mál fyrir bæjarþinginu og hefur gert framangreindar dómkröfur, sem hann byggir á skilyrði því, er að framan segir.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi Ársæll á því, að bæjarþingið sé hliðstæður dómstóll við fógetadóm og geti því ekki veitt úrlausn um mál, sem þegar hefur verið leyst úr í þeim dómi.

Eins og að framan segir, byggði stefnandi kröfu sína fyrir fógetadómi á margnefndu skilyrði, og var leyst úr því efni þar.

Stefnandi hefur í þessu máli fært fram sömu rök kröfum sínum til stuðnings. Þar eð bæjarþingið og fógetadómur eru hliðstæðir dómstólar, er eigi hægt að leggja dóm á málið, þar eð það hefur þegar sætt úrlausn á þessum grundvelli, og ber því að vísa því frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu vísast ex officio frá dómi.
Málskostnaður falli niður.

---

Mánudaginn 29. september 1947.

Nr. 66/1947. **Eiríkur Bjarnason, Lúther Guðnason og Markús Jensson**
gegn
**Útibúi Landsbankans á Eskifirði.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Eiríkur Bjarnason, Lúther Guðnason og Markús Jensson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Mánudaginn 29. september 1947.

Nr. 76/1947. **Skipaútgerð ríkisins**
gegn
**H/f Djúpuvík.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Mánudaginn 29. september 1947.

Nr. 51/1947. **Ágúst Stefánsson**
gegn
**Lilju Sigurðardóttur.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ágúst Stefánsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Mánudaginn 29. september 1947.

Nr. 53/1946. **Jón Pétursson og Sigurður Berndsen**
gegn
**Sigríði Sigurðardóttur.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Jón Pétursson og Sigurður Berndsen, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Miðvikudaginn 1. október 1947.

Nr. 120/1946. **Margrét Jónsdóttir** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
**Eiði Thorarensen** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Útburðarmál.

**Dómur hæstaréttar.**

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1946, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og framkvæmd útburðar heimiluð. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að stefnda hafi borið að greiða húsaleigu mánaðarlega eftir á, svo sem tíðast er um leigu íbúða, enda styðst það við eiðfest vætti þeirra Antons Guðmundssonar og Sigurjóns Sæmundssonar, sem áttu húsið nr. 26 við Túngötu á Siglufirði á undan áfrýjanda og höfðu verið leigusalar stefnda að íbúðinni.

Eftir að áfrýjandi eignaðist húsið sumarið 1945, galt stefndi þann 6. september s. á. leigu fyrir mánuðina júní—ágúst og hluta af september inn í banka á Siglufirði, með því að honum og fyrirsvarsmanni áfrýjanda samdi ekki um orðalag kvittunar. Þann 12. september ritaði umboðsmaður áfrýjanda, Jón Jóhannesson, stefnda bréf, þar sem hann viðurkennir greiðslu þessa, en getur þess jafnframt, að hann telji óhóflegan drátt á greiðslunni varða útburðingu. Næst gerist það, að 2. október 1945 greiðir stefndi húsaleigu fyrir septembermánuð einnig inn í banka. Eftir það bauð stefndi ekki fram né galt neina húsaleigu fyrr en í fógetadómi 14. júní 1946, eftir að áfrýjandi hafði með bréfi til fógeta 18. maí s. á. krafizt útburðar hans úr íbúðinni. Stefndi vill réttlæta þenna drátt með því, að fyrr nefndur umboðsmaður áfrýjanda hafi í viðtali í októbermánuði 1945 gefið honum ástæðu til að ætla, að ekki yrði átalið, þó að dráttur yrði á greiðslu leigunnar. Eftir því, sem fram er komið í málinu, þykir þó slíkt loforð ekki nægjanlega í ljós leitt, enda þótt skýrsla nefnds fyrirsvarsmanns sé ekki alls kostar glögg í þessu efni. Þykir stefndi með framangreindum greiðsludrætti hafa fyrirgert leigurétti sínum að íbúðinni. Ber því að taka kröfu áfrýjanda um útburð til greina, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

**Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 18. júní 1946.**

Gerðarþoli krefst, að máli þessu sé vísað frá fógetarétti til húsaleigunefndar, þar sem málið heyri undir húsaleigunefnd. Eftir 2. gr. laga 39/1943 heyrir úrskurður um útburð leigutaka vegna vanskila undir fógetarétt, og verða því mótmæli gerðarþola gegn úrskurðun fógetaréttar um það atriði eigi tekin til greina.

Gerðarbeiðandi krefst útburðar fyrst og fremst vegna vanskila gerðarþola, en einnig vegna nauðsynjar húseigandans til þess að nota íbúð gerðarþola fyrir sjálfa sig (Margréti Jónsdóttur) og son hennar.

Gerðarþoli mótmælir, að um nokkur vanskil sé að ræða, og að hann hafi áður margboðið húsaleiguna gerðarbeiðanda (svo), en hann ekki viljað taka við henni. Þessu neitar gerðarbeiðandi.

Um vanskil gerðarþola:

Enginn skriflegur húsaleigusamningur virðist til um íbúðina, en leiguupphæð, kr. 70.00 á mánuði auk húsaleiguvísitölu, virðist eftir málflutningi aðilja hafa verið fastákveðin af húsaleigunefnd.

Gerðarbeiðandi heldur fram, að húsaleigan hafi átt að greiðast mánaðarlega. Því til sönnunar hafi hann lagt fram óstaðfest vottorð fyrrverandi húseiganda, er seldi leigusala húsið Túngötu 26. Þessu mótmælir gerðarþoli og segir, að húsaleigan til fyrri húseiganda hafi jafnan verið í slumpum greidd af sér, t. d. á 5 mánaða fresti, 2ja mánaða fresti o. s. frv., og hefur í fógetaréttinum lagt fram athugasemdalausar kvittanir, er sýna, að það er rétt.

Sumarið 1945 gerist leigusalinn, Margrét Jónsdóttir, eigandi hússins Túngötu 26 og tekur við leigu af húsinu frá 1. júní 1945. 6. sept. 1945 greiðir leigutaki inn í banka, til hennar, leigu fyrir tímabilið 1. júní til 1. sept., og 11. sept. fær leigusali húsaleiguna úr bankanum. Daginn eftir skrifar svo Jón Jóhannesson málflm. f. h. húseigandans gerðarþola bréf, þar sem hann átelur, að húsaleigan hafi ekki verið greidd mánaðarlega, og segir, að húseigandi þurfi íbúðarinnar með til eigin afnota, og segir gerðarþola upp húsnæðinu og krefst, að hann rými húsnæðið 1. okt. s. l. 2. október greiðir gerðarþoli húsaleigu fyrir húnæðið í september næst á undan og situr áfram í íbúð sinni. Virðist af leigusala ekkert frekara gert til þess að fá gerðarþola úr íbúðinni fyrr en með útburðarbeiðni, dags. 18. f. m., sem með samþykki gerðar-

beiðanda var frestað til fyrirtökudags til þess að fá bæjarstjórn til þess að ganga þannig í málið, að ekki þyrfti að koma til útburðar, og síðustu 2 vikur vegna illveðurs.

Frekari skrifleg plögg virðast ekki hafa borizt milli aðilja, en í málflutningi fyrir fógetaréttinum heldur gerðarþoli því fram, að hann hafi margoft ætlað að greiða gerðarbeiðanda, Jóni Jóhannessyni, húsaleiguna, en hann talið sig á að láta hana bíða og sagt, að gott væri að eiga húsaleiguna inni hjá honum og mega grípa til hans með ígrip í verk, en gerðarþoli er húsgagnasmiður. Þessu hefur gerðarbeiðandi eigi mótmælt, nema því einu, að hann hafi ekki hvatt gerðarþola til þess að láta húsaleiguna safnast fyrir né neitað að taka við húsaleigunni. En þar fyrir hefði hann í samtali við gerðarþola látið viðgangast, að eigi væri greitt, eins og ýms ummæli, er gerðarþoli tilfærir eftir gerðarbeiðanda, og gerðarbeiðandi ekki mótmælir, benda til. Á sama bendir, er gerðarbeiðandi lætur líða 7½ mánuð, eftir að gerðarþoli átti að vera farinn úr íbúðinni án þess að gera tilraun til að framkvæma uppsögn sína, þótt ekki verði með nægjanlegri vissu sagt, að það bendi til þess, að hætt sé við uppsögnina. En þótt sjálf útburðarbeiðnin sýni, að svo hafi ekki verið, verður að telja, að gegn mótmælum gerðarþola sé ekkert fram komið, er sanni, að samið hafi verið um milli aðilja, að húsaleigan skyldi greiðast mánaðarlega, og þegar það er ekki, sé eðlilegast að líta svo á, að gjalddagi húsaleigu sé eftir á fyrir tímabilið 14. maí til 1. október, — sé þá 1. október — og 14. maí sé 14. maí (svo). Er af því auðsætt, að uppsögn gerðarbeiðanda til gerðarþola á íbúð hans 12. sept. hefur ekki við næg rök að styðjast og er með öllu óheimil. Íbúðarhúsnæði eru yfirleitt ekki leigð til mánaðar í Siglufirði, heldur til uppsagnar til tímabilanna 14. maí eða 1. okt. — að slepptum húsaleigulögunum — og þótt varla föst venja sé í bæ þessum um greiðslu og gjalddaga íbúðar húsaleigu, mun venjulegast að greiða eftir á við lok tímabilsins, 14. maí eða 1. október, ef ekki er samið sérstaklega um annað. Má því ætla, að leigutaki hefði ekki fyrirgert húsnæði sínu, þótt ekki hefði hann greitt húsaleigu þá, er hann skuldaði (frá 1. okt.), fyrr en 14. maí s. l. í stað þess að greiða húsaleiguna 15. þ. m.

Ber þá að koma til álita, hvort þessi mánaðarvanskil séu svo veruleg vanskil, að fyrir þá sök beri að rifta húsaleigunni.

Það mætti ef til vill segja, að þótt uppsögn gerðarbeiðanda í bréfi hans til gerðarþola 12. sept. vegna þess, að skylt væri að greiða húsaleiguna mánaðarlega, hefði ekki við næg rök að styðjast, þá hefði bréfið átt að verka á gerðarþola sem réttmæt aðvörun um, að leigusali legði áherzlu á stundvíslega greiðslu húsaleigunnar á gjalddaga, og kunna að valda því, að vanskil á húsaleigu, sem eftir almennum reglum væru ekki veruleg vanskil, yrðu gagn-

vart leigusala veruleg vanskil, er heimiluðu leigasala riftingu, ef húsaleigan greiddist ekki stundvíslega við lok venjulegs tímabils, in hoc 14. maí, væri ekki greidd 14. maí, heldur 15. þ. m., telur fógetinn, að hefði verið rétt að álíta sem veruleg vanskil, er leiddu til riftingar húsnæðisins og til útburðar á gerðarþola, nema af því að leigutaki ómótmælt af gerðarbeiðanda hefur haft eftir honum ýmislegt, er bendi til þess, að gerðarbeiðandi legði ekki áherzlu á eða væri hættur að leggja áherzlu á greiðslu húsaleigunnar á gjalddaga eða gæfi gerðarþola ástæðu til þess að ætla slíkt, og af þeim ástæðum beri umræddur mánaðardráttur á húsaleigunni 1. okt. til 14. maí ekki að skoðast sem verulegur dráttur, er leiði til riftunar leigusala á leigu íbúðarhúsnæðis gerðarþola og útburðar hans úr húsnæðinu.

En þá kemur til álita sú krafa leigusala að bera leigutaka út úr íbúð hans, af því að leigusali þurfi íbúðarinnar með fyrir sig og son sinn.

Það verður að telja rétt, sem leigusali heldur fram, að hann þurfi íbúðarinnar með fyrir sig og son sinn, enda því ómótmælt af gerðarþola.

Eftir málflutningnum hefur leigusali, Margrét Jónsdóttir, keypt húsið Túngötu 26, sem íbúð gerðarþola er í, sumarið 1945 og fengið húsaleigu af leigutaka frá 1. júní 1945. Maður, sem kaupir hús á slíku tímabili, hefur samkv. 1. gr. laga 39/1943 engan rétt til íbúðarhúsnæðis fyrir sig eða niðja sína í hinu keypta íbúðarhúsi frá leigutaka, og húseigandi má ekki af þeim ástæðum, að hann þurfi íbúðar með, taka húsnæði frá leigutaka og svipta hann með því húsnæðinu og bera hann út úr íbúðinni.

Því úrskurðast:

Eiður Thorarensen skal eigi borinn út úr íbúð hans í Túngötu 26.

Föstudaginn 3. október 1947.

Nr. 154/1946. **Soffía Jónsdóttir** (Hrl. Magnús Thorlacius).
gegn
**Einari Hildibrandssyni**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útburðarmál.

## Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir að úrskurður gekk í héraði, hefur Sigurbjarni Jóhannesson látizt, en ekkja hans, Soffía Jónsdóttir, hefur haldið málinu áfram hér fyrir dómi.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. nóv. 1946, hefur fengið gjafsóknarleyfi og sér skipaðan talsmann þann 3. marz þ. á. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, aðallega að úrskurður fógetaréttarins verði algerlega felldur úr gildi og að synjað verði um framkvæmd útburðargerðar, en til vara, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, að því er varðar vestasta herbergi umdeildrar íbúðar. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði fyrir fógetadómi og hæstarétti eftir mati hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Hvernig sem málið fer, krefst hann málflutningslauna talsmanni sínum hér fyrir dómi til handa eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áður en stefndi flutti á Elliheimilið Grund, hafði hann til afnota 2 herbergi og eldhús á neðri hæð húss síns, Ásvallagötu 23. Með því að leigja íbúð þessa öðrum á þann hátt, að hann gat ekki flutzt í hana aftur, er hann fór af Elliheimilinu Grund, gat hann ekki öðlazt rétt til að segja áfrýjanda upp húsnæði hans til sjálfs sín nota. Hins vegar var honum heimilt að taka úr leigu áfrýjanda nauðsynlega

íbúð til handa syni sínum, er hann kvæntist, og verður aðalkrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Ekki verður talið, að sonur stefnda hefði þurft á allri íbúð áfrýjanda, 4 herbergjum og eldhúsi, að halda, eins og heimili hans var háttað. Þykir því verða að fallast á varakröfu áfrýjanda og fella úrskurð fógetaréttarins úr gildi, að því er varðar vestasta herbergi hinnar umdeildu íbúðar, en að öðru leyti á úrskurðurinn að standa óhaggaður.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda hér fyrir dómi, sem þykja hæfilega ákveðin 600 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, að því er varðar vestasta herbergi íbúðar þeirrar á efri hæð hússins Ásvallagötu 23, er í málinu greinir. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði úrskurður að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 600 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 26. nóvember 1946.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 11. þ. mán., hefur gerðarbeiðandi, Einar Hildibrandsson, Elliheimlinu Grund hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli, Sigurbjarni Jóhannesson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft á leigu í húsi gerðarbeiðanda, nr. 23 við Ásvallagötu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi, Einar Hildibrandsson, hefur átt húsið nr. 23 við Ásvallagötu síðan árið 1929. Bjó hann þar í tveim herbergjum og eldhúsi ásamt konu sinni og syni þeirra, Guðmundi Óskari, allt til 1. marz 1946, en þá flutti hann á Elliheimilið Grund, að því er hann heldur fram, konu sinni til samlætis og samkvæmt tilmælum hennar, en hún hafði flutt þangað 11. febrúar 1946.

Gerðarþoli, Sigurbjarni Jóhannesson, hefur á leigu 4 herbergi og eldhús á 2. hæð hússins.

Húsnæði það, er gerðarbeiðandi hafði, áður en hann flutti á Elliheimilið, leigði hann 1. apríl s. l. bræðrum tveim, Sveini og Óskari Gizurarsonum. Hafa þeir skýrt svo frá hér fyrir réttinum, að þeir hafi húsnæðið á leigu til 1. eða 14. maí 1947. Annað herbergið af íbúð þessari hefur sonur gerðarbeiðanda, Guðmundur Óskar Einarsson, haft til afnota þar til nú, en upprunalega munu þeir bræður, Sveinn og Óskar, ekki hafa leyft honum lengri dvöl í herberginu en til 1. október s. l.

Í júníbyrjun s. l. kveðst gerðarbeiðandi fyrst hafa farið að kenna þess sjúkleiks, sem hann er nú haldinn, hjartabilunar á háu stigi, sbr. læknisvottorð á rskj. 4 og 5, og er hann nú talinn óvinnufær af þeim sökum.

Hinn 12. júní s. l. sagði gerðarbeiðandi gerðarþola upp húsnæði hans miðað við 1. október s. l., þar sem hann þyrfti húsnæðis hans með fyrir sjálfan sig, son sinn og unnustu hans. Var uppsögn þessi lögð fyrir húsaleigunefnd með bréfi, dags. 3. september. Húsaleigunefnd gaf úrskurð um uppsögn þessa hinn 26. september s. l., og var uppsögnin talin ógild. Taldi nefndin, að gerðarbeiðandi, sem er orðinn aldraður maður, hefði átt að sjá það fyrir, er hann rýmdi sitt fyrra húsnæði, að til þess kynni að koma mjög bráðlega, að hann þyrfti að komast þar aftur inn sökum heilsubrests, og hefði því átt að leigja húsnæðið út til skemmri tíma en hann gerði. Annars gekk húsaleigunefnd fram hjá hinu atriðinu, húsnæðisþörf sonar gerðarbeiðanda og unnustu hans.

Hinn 3. október s. l. ritaði gerðarbeiðandi fógetaréttinum og krafðist útburðar á gerðarþola. Færði hann fram sömu ástæður og fyrir húsaleigunefnd, sem sé getuleysi sitt til að greiða vistgjald á Elliheimilinu, eftir að hann hætti að geta unnið, og svo húsnæðisþörf Guðmundar Óskars, sonar síns, og unnustu hans, Guðrúnar Daviðsdóttur.

Gerðarþoli telur það alrangt, að gerðarbeiðandi hafi flutzt á Elliheimilið vegna lasleika konu sinnar og óska hennar. Dóttir gerðarþola hafi hitt gerðarbeiðanda á förnum vegi, og hafi hann tjáð henni, að hann flytti úr íbúð sinni vegna drykkjuskapar Guðmundar Óskars, sonar síns. Þá mótmælir gerðarþoli framgangi gerðarinnar á þeim grundvelli, að gerðarbeiðandi sé nú alls ekki húsnæðislaus og hugsi sér ekki að flytja aftur inn í hús sitt, þó þar losni húspláss. Þá mótmælir gerðarþoli því, að Guðmundur Óskar Einarsson ætli að kvænast eða byrja búskap.

Gerðarbeiðandi neitar því algerlega að hafa átt viðtal það við dóttur gerðarþola, sem að framan getur. Þá mómtælir hann því, að hann hafi flutzt á Elliheimilið vegna annarra orsaka en tilmæla konu sinnar.

Þá verður að telja, að ekkert sé komið fram því til hnekkis, að gerðarbeiðandi hafi þá fyrst misst heilsuna og orðið óvinnufær,

eftir að hann flutti á Elliheimilið, og verður með engu móti fallizt á það með húsaleigunefnd, að hann hefði mátt sjá það heilsutjón sitt fyrir. Verður að fallast á það með gerðarbeiðanda, að honum muni að miklum mun örðugra að greiða vistgjald fyrir sig og konu sína, eftir að svo er komið. Sonur gerðarbeiðanda, Guðmundur Óskar, og ofannefnd Guðrún Davíðsdóttir hafa nú gengið í hjónaband samkvæmt hjónavígsluvottorði, er fógeta hefur verið sýnt, og verður að telja, eftir því, sem komið hefur fram í málinu, að þeim sé húsnæðisvant til heimilisstofnunar.

Samkvæmt þessum tveim síðastnefndu atriðum verður að telja þörf gerðarbeiðanda og fjölskyldu hans fyrir húsnæði gerðarþola svo brýna, að rétt þykir að gerðin nái fram að ganga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

---

Mánudaginn 6. október 1947.

Nr. 54/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Lárus Fjeldsted)
gegn
**Jakobi Lofti Guðmundssyni**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

**Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Ölvun við akstur. Tilraun.

## Dómur hæstaréttar.

Hátterni kærða, sem rétt er lýst í forsendum héraðsdóms, varðar við 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. laga nr. 33/1935. Er refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 10 daga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ber að svipta kærða leyfi til að stjórna bifreið 6 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Jakob Loftur Guðmundsson, sæti varðhaldi 10 daga. Hann skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Fjeldsteds og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. nóvember 1946.**

Ár 1946, föstudaginn 15. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3613/1946: Valdstjórnin gegn Jakobi Lofti Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn kærða fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er Jakob Loftur Guðmundsson bifreiðarstjóri, Miðstræti 8 B hér í bæ, fæddur 23. desember 1917 að Höfðaströnd í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum, öllum í Reykjavík:

1945 $^{2}/_{10}$ Sátt, 50 kr. sekt, 250 kr. skaðabætur fyrir ölvun og rúðubrot.

1946 $^{2}/_{5}$ Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.

1946 $^{6}/_{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

Málavextir eru þessir:

Klukkan 1,30 aðfaranótt föstudagsins 10. maí s. l. voru lögregluþjónarnir Jóhannes Björgvinsson og Jón Þorgrímur Jóhannsson á gangi um neðanverða Hverfisgötu. Sáu þeir þá, að kærði gekk frá dyrum Alþýðuhússins að bifreiðinni R 3446, sem stóð í Ingólfsstræti. Gerði kærði tilraun til að setja bifreiðina í gang með því að ræsa hana. Lögregluþjónarnir höfðu séð kærða skömmu áður við dyr Alþýðuhússins og höfðu þá séð, að hann var undir áhrifum áfengis, og gengu því til hans, þar sem hann sat í bifreiðinni. Var þá kominn í bifreiðina auk kærða Valgeir Hilmar Vídalín,

Sundlaugaveg 9 B. Tóku lögregluþjónarnir bifreiðina í sína vörzlu og færðu kærða á lögreglustöðina, en þaðan var honum leyft að fara, eftir að varðstjóri hafði haft tal af honum.

Kærði hefur við rannsókn málsins játað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn. Kveðst hann hafa verið á dansleik í Alþýðuhúsinu um nóttina og neytt þar áfengis, sem hinir og þessir menn, sem kærði hefur ekki getað nafngreint, gáfu honum. Hann hafi, er hann fór af dansleiknum, hitt Valgeir Vídalín, og hafi Valgeir beðið hann að aka sér heim. Kveðst kærði hafa lofað Valgeir því og hafi þeir síðan setzt upp í bifreiðina R 3464, sem stóð í Ingólfsstræti, en bifreið þessa á kærði, og hafði hann komið í henni um kvöldið. Er þessi frásögn hans í fullu samræmi við framburð lögregluþjónanna, sem handtóku kærða, svo og framburð Valgeirs Hilmars Vídalíns, sem kveðst hafa séð kærða ganga að bifreiðinni, og hafi hann þá beðið hann að aka með sig heim og kærði fallizt á það. Valgeir kveðst fyrst hafa veitt því athygli, að kærði var undir áhrifum áfengis, er hann var kominn upp í bifreiðina.

Kærði hefur þrátt fyrir þetta eindregið neitað því, að hann hafi ætlað að aka bifreiðinni, enda neitaði hann því strax, er lögregluþjónarnir spurðu hann að því. Sagði hann þeim þá, að hann ætlaði að lofa Valgeir að heyra hljóðið í vélinni. Við réttarrannsókn hefur kærði hins vegar haldið því fram, að hann hafi ætlað að setja vélina í gang til að hita upp stýrishúsið, en bifreið kærða er frambyggð, þannig að vélin er inni í stýrishúsinu. Segist kærði hafa gert þetta, af því að hann ætlaði að tala við Valgeir um stund.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, þykir ekki mark takandi á mótbárum kærða gegn því, að hann hafi ætlað að aka bifreiðinni, með því að mótbárur hans eru ósennilegar, og eins er upplýst, að hann hafði lofað að aka Valgeir Vídalín heim til hans. Með því að sannað er með játningu kærða og vitnaframburðum, að kærði var undir áfengisáhrifum og gerði raunverulega tilraun til að setja bifreiðina í gang, þykir hann hafa gerzt brotlegur við 38. grein bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Með því að neyta áfengis á opinberum veitingastað, þar sem ekki var vínveitingaleyfi, hefur kærði brotið 1. mgr. 17. gr. sbr. 37. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 7 daga.

Þá ber að dæma kærða til að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Jakob Loftur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 7 daga.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. október 1947 .

Nr. 116/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Herði Wium Vilhjálmssyni**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

**Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlöggjöf.

**Dómur hæstaréttar.**

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur ræki leg framhaldsrannsókn farið fram í málinu.

Samkvæmt vætti sjónarvotta hjólaði drengurinn eftir malborna veginum norðan steyptu brautarinnar allt fram undir það, að slysið varð, og verður það ráðið af skýrslum, að hann hafi ekki hjólað, svo nokkru næmi, inn á steyptu brautina fyrir slysið, enda lá hann eftir slysið að nokkru á malborna veginum norðan steyptu brautarinnar. Bifreið ákærða nam staðar þegar eftir slysið að mestu eða jafnvel að öllu á balborna veginum norðan steyptu brautarinnar. Verður með vísan til þeirra atriða, sem nú voru rakin, að telja sannað, að ákærði hafi með gálausum hætti og að óþörfu ekið allt of nærri hægri vegarjaðri, er hann mætti drengnum, og með því orðið samvaldur að slysinu. Brot ákærða varðar við 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, 2. og 6. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 27. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 2500.00 sekt til ríkissjóðs, er afplánist 20 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ber að svipta ákærða ökleyfi 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda hans í héraði, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Wium Vilhjálmsson, greiði kr. 2500.00 sekt til ríkissjóðs, er afplánist 20 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði er sviptur ökuleyfi eitt ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda hans í héraði, Ólafs hæstaréttarlögmanns Þorgrímssonar, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar og prófessors Ísleifs Árnasonar.**

Samþykkir ofangreindu atkvæði með þeirri athugasemd, að við teljum slysið að miklu leyti stafa af óhappatilviljun. Þó ákærði eigi einnig nokkra sök, eins og í atkvæðinu greinir. Þykir okkur því refsing ákærða hæfilega ákveðin 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan tilskilins frests.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. marz 1946.**

Ár 1946, fimmtudaginn 14. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 905/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Herði Wium Vilhjálmssyni, sem tekið var til dóms hinn 28. febrúar sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Herði Wium Vilhjálmssyni bifreiðarstjóra, Hrísateig 13 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. maí 1922, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1937 3/7 Áminning fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1942 2/6 Sátt, 30 kr. sekt fyrir að sinna ekki umferðarbendingu lögregluþjóns og fyrir að hafa of marga farþega í framsæti bifreiðar.

1943 $^{25}/_{3}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. 2. mgr. bifreiðalaganna.

Hinn 16. október s. l. varð dauðaslys á Suðurlandsbraut milli Undralands og Lækjarhvamms hér við bæinn. Rakst vöruflutningabifreiðin R 207, sem ákærði ók, á skólapilt, Guðmund Bogason, Laugalandi við Þvottalaugaveg, fæddan 7. júní 1930, sem þar var á ferð á reiðhjóli, með þeim afleiðingum, að hann beið bana. Þar sem slysið varð, er á alllöngum kafla steinsteyptur vegur um 6 metra breiður, en með nyrðri brún hans liggur malborinn vegur nálægt 4 metra breiður. Malborni vegurinn er sléttur og harður, og samskeyti hans og steypta vegarins eru næstum slétt, en lítið eitt mun þó malborni vegurinn vera hærri, og myndast því örlítil brún við samskeytin.

Þegar slysið varð, var regn, og vegurinn því blautur. Ákærði var vel fyrir kallaður, og ekkert hefur komið fram um, að ástand bifreiðarinnar hafi verið athugavert að öðru leyti en því, að hraðamælir hennar var óvirkur. Hafði hann verið það frá því ákærði eignaðist bifreiðina í síðastliðnum aprílmánuði, en á þeim tíma segir ákærði hafa verið ófáanlega þá hluti, sem í mælinn vantaði. Við skoðun bifreiðarinnar 4. maí s. l. var eigi gerð athugasemd um hraðamælinn. Viggó Eyjólfsson bifreiðaeftirlitsmaður hefur borið, að síðan ákærði eignaðist bifreiðina hafi verið ómögulegt að gera við hraðamæli hennar hér og að bifreiðaeftirlitið hafi engar bifreiðar stöðvað í akstri vegna ólags á hraðamæli. Af þessum ástæðum þykir eigi rétt að dæma ákærða til refsingar fyrir að hafa eigi virkan hraðamæli í bifreiðinni. Ákærði var í timburflutningum í þetta sinn og ók bifreiðinni tómri vestur Suðurlandsbraut og var einn í henni. Hann skýrir svo frá atburðinum, að vegna hola, sem séu þarna í vinstri brún steypta vegarins, hafi hann ekið bifreiðinni um miðjan steypta veginn. Ökuhraðinn hafi verið á að gizka 35 kílómetrar, miðað við klukkustund. Á undan honum ók vörubifreið með mönnum á vörupalli. Eigi er upplýst, hvaða bifreið þetta var. Ákærði sá nú bifreið eina aka fram úr þessari vörubifreið, og sá hann ekki drenginn, Guðmund Bogason, sem kom hjólandi vestan veginn, fyrr en hann og bifreiðin, sem fram úr hinni ók, höfðu mætzt. Þá telur hann, að milli sín og drengsins hafi verið ca. 2—3 bifreiðalengdir. Drengurinn hjólaði með eðlilegum hraða og átti móti mjög aflíðandi halla að sækja. Hann sat ekki í sætinu, heldur hjólaði yfir stöngina. Farangur hafði hann engan, nema tösku, sem var á böggla-beranum aftan við sætið. Ákærði sá drengnum ekki fipast í hjólreiðinni og ók áfram á sama hátt og áður.

Meðan ákærði sá til drengsins, hjólaði hann eftir malborna veginum, skammt frá mótum malborna og steypta vegarins, og hann tók ekki eftir því, að hann beygði inn að steypta veginum. Um leið og bifreiðin var að fara fram hjá drengnum, heyrði ákærði skell

aftan til við bifreiðina hægra megin. Hann stöðvaði bifreiðina og fór út úr henni og sá þá drenginn liggja meðvitundarlausan á veginum með höfuð og bol á steypta veginum, en fætur úti á malborna veginum. Hjá honum lá reiðhjólið. Næst á eftir ákærða hafði ekið vestur veginn Nikulás Már Nikulásson bifreiðarstjóri, Seljavegi 33, í bifreiðinni R 718. Hann nam staðar á slysstaðnum, og létu hann og ákærði drenginn í bifreið Nikulásar og fóru með hann í Landspítalann.

Vitnið Nikulás Már Nikulásson skýrir svo frá, að það hafi ekið R 718 á eftir R 207 alllangan spöl fyrir slysið og hafi ökuhraðinn verið sem næst 35 km, miðað við klukkustund. Þetta er þó ágizkun vitnisins, því að hraðamælirinn í R 718 var óvirkur. Kveðst vitnið hafa ekið ca. 2 bifreiðalengdir á eftir R 207, þegar slysið varð, og því hafa séð slysið mjög greinilega. R 207 ók sem næst eftir miðjum steypta veginum og tók engar beygjur í akstrinum. Vitnið sá drenginn, þegar hann var að koma á móts við R 207 og úr því, þar til hann féll. Hann hjólaði mjög hægt, og virtist vitninu eitthvert hik vera á honum, og ímyndaði það sér, að það stafaði af því, að drengurinn var nýbúinn að mæta malarbifreið, sem ók fram úr áðurnefndri vörubifreið, sem mennirnir voru á pallinum á. Drengurinn hjólaði utan við steypta veginn, og virtist vitninu hann ekki sitja á reiðhjólssætinu. Þegar hann og R 207 voru að mætast, var hann að beygja inn á steypta veginn, og virtist vitninu hann hrökklast til á samskeytum steypta vegarins og hins malborna, því að hann féll til hægri hliðar inn á steypta veginn, og sýndist vitninu hann lenda með höfuðið á öxlinum á hægra afturhjóli R 207. Fullyrðir vitnið, að hann hafi ekki rekizt á vörupall bifreiðarinnar. Vitnið tekur fram, að þetta hafi allt gerzt mjög skyndilega og að það geri sér ekki fulla grein fyrir, á hvaða stigi atburðanna, nákvæmlega tiltekið, drengurinn hafi byrjað að beygja inn að steypta veginum. Við höggið köstuðust drengurinn og reiðhjólið frá bifreiðinni, og féll drengurinn þannig niður, að efri hluti hans lá á steypta veginum, en fæturnir út á malborna veginn. Vitnið heldur því fram, að reiðhjólið hafi ekki komið við bifreiðina og ekkert af drengnum nema höfuðið. Vitnið stöðvaði bifreið sína við slysstaðinn og lét drenginn með aðstoð ákærða inn í bifreiðina og ók síðan með hann á Landspítalann. Drengurinn var meðvitundarlaus frá slysinu, og þar til vitnið skildi við hann á spítalanum. Vitnið var eitt í bifreið sinni í þetta sinn. Framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði.

Vitnið Árni Þórðarson verkamaður, Njálsgötu 29 B, hjólaði austur Suðurlandsbraut í þetta sinn. Rétt fyrir innan lækinn hjá Lækjarhvammi hjólaði það fram úr Guðmundi heitnum. Hann hjólaði þá á vinstra kanti steypta vegarins, fremur hægt og sat á reiðhjólssætinu. Vitnið hjólaði nú áfram og mætti nokkrum bif-

reiðum, þar á meðal vörubifreið, sem ók nokkuð hratt eftir miðjum veginum. Ekki tók vitnið eftir númeri þessarar bifreiðar, og það skýrir svo frá, að það hafi engum vandkvæðum verið bundið að mæta henni, þó að hún æki á miðjum steypta veginum, því að vegurinn sé þarna breiður. Þegar vitnið var komið austur undir Undraland, heyrði það skruðning fyrir aftan sig, nam staðar og leit til baka. Sá það þá drenginn liggja á veginum og menn láta hann inn í bifreið.

Faðir drengsins, Bogi Eggertsson gæzlumaður, Laugalandi við Þvottalaugaveg, hefur skýrt svo frá, að Guðmundur heitinn hafi í þetta sinn verið á heimleið úr skóla og hafi hann verið vanur að hjóla og reiðhjólið í ágætu ástandi. Hann hafði staurmjöðm, og hægri fótur hans var aðeins styttri en sá vinstri, og var hann því lítið eitt haltur.

Guðmundur heitinn andaðist í Landspítalanum klukkan rúmlega 4 síðdegis slysdaginn án þess að koma nokkurn tíma til meðvitundar. Við röntgenskoðun sáust beinbrot í hægri öxl. Við réttarkrufningu komu í ljós innvortis lemstur og blæðingar. Í heilanum fundust smærri blæðingar, sem bentu til, að hinn látni hefði fengið mikið högg á höfuðið, og hafa þær skjótt valdið meðvitundarleysi. Dauðaorsök er talin hafa verið miklar blæðingar, heilahristingur og lost (shock).

Efti slysið sáust engin merki um árekstur á reiðhjóli Guðmundar heitins.

Frekari upplýsingar um málavexti en nú hafa verið raktar hefur eigi tekizt að afla. Er eigi vitað, að aðrir sjónarvottar hafi verið að slysinu en Nikulás Már Nikulásson og svo ákærði, hvað aðdraganda þess snertir. Verður því að byggja á skýrslum þeirra um málavexti. Verður eigi annað af þeim séð en að ákærði hafi ekið með venjulegum og lögmætum hraða, þegar slysið varð, og eigi svo innarlega á veginum, að bifreiðin og Guðmundur heitinn hefðu vel getað mætzt, hefði Guðmundi ekki fipazt í hjólreiðinni eða samskeyti steypta og malborna vegarins á einhvern hátt orðið til að breyta stefnu hjólsins. Guðmundur hefur verið kominn aftur með bifreiðinni, þegar hann féll, og ljóst má telja, að reiðhjól hans hafi ekki komið við bifreiðina. Verður og að byggja á hinum eiðfesta framburði Nikulásar Más, að Guðmundur hafi lent með höfuðið á afturöxli bifreiðarinnar. Af málavöxtum verður ekki séð, að ákærða verði gefin refsiverð sök á slysi þessu, og hvorki hefur hann að áliti réttarins gerzt brotlegur við bifreiða- né umferðarlögin. Ber því að sýkna ákærða af öllum kærum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu og greiða allan sakarkostnað úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Wium Vilhjálmsson, skal vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 300.00, til hrl. Ólafs Þorgrímssonar, skipaðs verjanda ákærða.

---

Miðvikudaginn 8. október 1947.

Nr. 161/1946. **Helgi E. Thorlacius f. h. „Matstofunnar Bjarkar h/f"** (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

**Önnu H. Guðmundsdóttur og Ástríði Ingimundardóttur** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Máli vísað frá hæstarétti.

## Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. des. 1946 í því skyni að fá hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi felldan. Stefndu hafa krafizt þess, að málinu verði vísað frá hæstarétti og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi Helga E. Thorlacius persónulega eftir mati dómsins. Af hálfu áfrýjanda er þess krafizt, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfu sína um vísun málsins frá hæstarétti reisa stefndu meðal annars á því, að „Matstofan Björk h/f" sé ekki lögháefur aðili í máli þessu, með því að aldrei hafi verið gengið frá stofnun hlutafélagsins lögum samkvæmt.

Það er fram komið í málinu, að þann 31. maí 1946 komu saman á fund í því skyni að stofna hlutafélag þau Helgi E. Thorlacius, Rakel Sigurðardóttir, Helga Pétursdóttir, Anna

Guðmundsdóttir og Ástríður Ingimundardóttir. Undirrituðu þau þá stofnsamning hlutafélags, er heita skyldi Matstofan Björk h/f. Voru og félaginu þá settar samþykktir, undirritaðar af sömu aðiljum. Ekki var félagið tilkynnt til skrásetningar á hlutafélagaskrá fyrr en 19. október 1946, og var þá fyrir löngu liðinn frestur sá til skrásetningar, sem mæltur er í síðustu mgr. 10. gr. laga nr. 77/1921. Skrásetningarstjóri neitaði félaginu um skrásetningu, og hefur það aldrei verið skrásett. Verður félagið af þessum sökum ekki talinn löghæfur aðili í dómsmáli, og ber þegar af þeirri ástæðu að taka kröfu stefndu um vísun málsins frá hæstarétti til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

**Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. desember 1946.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., hefur sóknaraðili, Garðar Þorsteinsson hrl. f. h. Önnu Guðmundsdóttur, Skálholtsstíg 7, og Ástu Ingimundardóttur s. st., Reykjavík, gert þær réttarkröfur, að skiptarétturinn léti skrifa upp og virða eignir og skuldir Matstofunnar Bjarkar og að félagsbúið verði tekið til opinberra skipta.

Varnaraðili, Magnús Thorlacius hrl. f. h. Helga Thorlacius, Ásvallagötu 7, Rakelar Sigurðardóttur, Grundarstíg 15, og Helgu Pétursdóttur, Ásvallagötu 7, allra til heimilis í Reykjavík, hefur hins vegar mótmælt þessum kröfum sóknaraðilja, þar eð hann heldur því fram, að hér sé um hlutafélag að ræða og hafi þegar verið kosin skilanefnd til þess að fara með búið samkvæmt hlutafélagalögunum. Lögðu báðir aðiljar málið undir úrskurð réttarins. Þá hafa og báðir málsaðiljar krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 31. maí s. l. var gerður stofnsamningur að hlutafélaginu Björk. Samkvæmt stofnsamningi þessum, rskj. nr. 2, eru hluthafar 5, og eru það þeir aðiljar, sem nú eigast við í máli þessu og að ofan eru nafngreindir. Hlutafé var ákveðið kr. 12000.00 og skiptist í tuttugu og fjóra 500 króna hluti, og er allt hlutafé innborgað. Tilgangur þessa félags var sá, að annast fæðissölu og

leigja húsakynni þau, er þessi félagsskapur segist þá hafa til umráða, til funda- og veizluhalda og selja í því sambandi kaffi og aðrar veitingar. Húsnæði það, sem hér mun átt við, leigði félagið af h/f Flóka þann 6. maí 1946 og er í húsinu nr. 112 við Njálsgötu hér í bæ, en hver sé hinn raunverulegi leigutaki er óljóst samkvæmt samningi þessum, enda hefur það atriði komið til úrskurðar fógetaréttarins og verður því ekki rætt hér nánar.

Eftir að gengið var frá félagsstofnuninni, mun ekkert hafa verið gert til þess að fá félag þetta skráð í hlutafélagaskrá, fyrr en eftir að mál þetta kom hér fyrir réttinn, eða eftir að samþykkt hafði verið að slíta því. Þrátt fyrir þetta hefur verið rekin starfsemi í áðurgreindu húsnæði í samræmi við tilgang þann, er um getur í nefndum stofnsamningi, þar til 29. september s. l., en frá þeim degi var samþykkt með meiri hluta atkvæða félagsmanna að láta Matstofuna Björk h/f hætta störfum og slíta félaginu.

Var kosin skilanefnd í búinu, sem leitaði löggildingar dómsmálaráðuneytisins, en fékk synjun, þar sem ráðuneytið taldi, að hlutafélagið væri ekki löglega stofnað. Firmaskrárritarinn í Reykjavík hafði og neitað um skrásetningu á félagi þessu með þeim rökum, að þegar væri skráð félag með nafninu „Húsgagnavinnustofan Björk".

Við munnlegan flutning máls þessa viðhafði umboðsmaður sóknaraðilja eftirgreind ummæli, sem umboðsmaður varnaraðilja hefur krafizt, að hann yrði sektaður fyrir: „að Helgi Thorlacius og bróðir hans Magnús Thorlacius hefði beitt bolabrögðum við að koma umbjóðendum sínum út úr húsnæðinu í húsinu nr. 112 við Njálsgötu," svo og þessi ummæli: „að í þessu máli héldi háttvirtur andstæðingur því fram, að félaginu hefði ekki verið slitið, en í greinargerð í fógetaréttarmáli hélt hann því fram, að félaginu væri slitið. Í öðru hvoru tilfellinu hlýtur að vera um rangan málflutning að ræða."

Sóknaraðili byggir kröfu sína um opinber skipti á því, að hér sé alls ekki um löglega stofnað hlutafélag að ræða, svo og að ekki sé rétt, að umbjóðendur sínir þurfi að hlíta því, að skilanefnd, kosin af varnaraðiljum í máli þessu, annist skipti á búi félagsins, enda séu hagsmunir þeirra í sambandi við meðferð búsins svo miklir, að ófært sé, að hún sé falin gagnaðilja, án þess að sóknaraðili fái nokkru ráðið um hana.

Varnaraðili mótmælir hins vegar þessum kröfum sóknaraðilja og heldur því fram, að hér sé um hlutafélag að ræða, sem eigi heimtingu á því að fá skrásetningu og löggildingu á skilanefnd, og heyri því slit á félaginu alls ekki undir skiptaréttinn.

Það er komið fram í málinu, að félagsskapur sá, sem hér er um að ræða, hefur gengið frá félagsstofnuninni þann 31. maí s. l., en enga tilraun gert til þess að fá félagið skrásett, fyrr en eftir að

mál þetta er byrjað. Enn fremur liggur fyrir neitun dómsmálaráðuneytisins um að löggilda skilanefnd, er meiri hluti félagsmanna upplýsir, að hann hafi kosið vegna slita félagsins, sbr. rskj. nr. 17.

Minni hluti félagsmanna, eða sóknaraðili í máli þessu, hefur hins vegar krafizt þess, að skiptarétturinn skipti félagsbúinu. Rétturinn lítur svo á, að jafnvel þótt hér væri um hlutafélag að ræða, þá sé skiptarétturinn eini aðilinn, sem bær sé til að skipta félagsbúinu, þar sem félagið hefur ekki getað fengið skrásetningu sem hlutafélag, og áður nefnd skilanefnd hefur ekki getað fengið löggildingu. Eru því kröfur sóknaraðilja um opinber skipti Matstofunnar Bjarkar, Njálsgötu 112, teknar til greina. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hvað kröfum umboðsmanns varnaraðilja viðvíkur um, að umboðsmaður sóknaraðilja verði sektaður vegna áðurgreindra meiðandi ummæla, þá þykir ekki nægilega mikil ástæða til þess.

Vegna mikilla anna og lasleika hefur ekki verið hægt að kveða upp úrskurð þenna fyrr.

Því úrskurðast:

Bú Matstofunnar Bjarkar, Njálsgötu 112, Reykjavík, skal tekið til opinberra skipta. Málskostnaður falli niður.

---

Föstudaginn 10. október 1947.

Nr. 80/1946. **Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs**
(Hermann Jónsson hdl.)
gegn
**Gunnari Ólafssyni og gagnsök**
(Jón N. Sigurðsson hdl.).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébótamál vegna verðrýrnunar fasteignar í sambandi við skipulag kaupstaðar.

## Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 15. júní 1946, og hefur hann gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrund-

ið á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu og sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati hæstaréttar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu, dags. 18. júní f. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að bera fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda vegna verðrýrnunar á húseigninni nr. 8 við Kirkjuveg í Vestmannaeyjum, leiðandi af skipulagi Vestmannaeyjakaupstaðar, staðfestu 3. nóvember 1932, og þar af leiðandi framkvæmdum við skipulag kaupstaðarins. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar eftir mati hæstaréttar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Hinn 23. nóv. 1940 lét aðaláfrýjandi taka eignarnámi 65,5 fermetra af lóð gagnáfrýjanda við Kirkjuveg nr. 8. Aðiljar eru sammála um, að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda vegna eignarnáms þessa, og kom það fram í málflutningi þeirra, að þess væri eigi óskað, að kveðið yrði á um þá bótaskyldu í dómi hæstaréttar. Dómur hæstaréttar tekur því aðeins til annarrar fébótaábyrgðar aðaláfrýjanda vegna ofannefndra atvika.

Kröfur sínar um fébótaábyrgð á hendur aðaláfrýjanda styður gagnáfrýjandi við tvennt. Hann telur, að fyrir ofaníburð í Kirkjuveg hafi jarðvegur við hús hans nr. 8 hækkað svo mjög, að hann hafi byrgt kjallaraglugga hússins, svo að orðið hafi að múra í þá, og hafi kjallarinn af þeim sökum orðið ónothæfur. Í annan stað telur hann, að hús sitt hafi vegna skipulagsákvarðana um breytingu á gatnaskipun orðið bakhús og því óhæft til verzlunarrekstrar og miður fallið til íbúðar en áður. Að því er fyrra atriðið snertir, þá verður aðaláfrýjanda eigi gerð fébótaábyrgð vegna þess, þegar af þeirri ástæðu, að ósannað er í málinu, að hækkun jarðvegsins hafi stafað af öðru en eðlilegu viðhaldi götunnar. Að því er hið síðarnefnda atriði snertir, verður hvorki í ákvæðum laga nr. 55 27. júní 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa né öðrum réttarreglum talin felast heimild til að leggja fébótaábyrgð á bæjar- eða sveitarfélög fyrir skipulagsákvarðanir, sem, eins og þær ákvarðanir, er hér

ræðir um, hafa í för með sér breytingu á afstöðu húsa til gatna.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda. Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Gunnars Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og hæstaréti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Gunnar kaupmaður Ólafsson, Bárugötu 13 í Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. janúar 1946, gegn bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 37400.00, auk málskostnaðar samkvæmt reikningi eða að mati dómara. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi og 5% ársvaxta af dómkröfunni frá stefnudegi til greiðsludags, og samþykkti umboðsmaður stefnda, að krafa þessi mætti komast að í málinu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda.

Aðiljar hafa óskað þess, að málinu yrði skipt, þannig að dómur yrði fyrst felldur um það, hvort stefndi væri skaðabótaskyldur vegna síðargreindra ráðstafana í sambandi við skipulag Vestmannaeyjakaupstaðar, og hefur dómari samþykkt það samkvæmt heimild 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936. Við hinn munnlega málflutning um þenna hluta málsins hefur stefnandi því gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að bera fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnandi telur sig hafa beðið við síðargreindar skipulagsbreytingar. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar að mati dómara, að því er varðar þessa hlið málsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar í þessum hluta málsins, en til vara þess, að bótaábyrgð verði einungis miðuð við það tjón, sem stefnandi hefur beðið við það, að umferð að húsi hans, er síðar greinir, hefur verið hindruð um hinn gamla hluta Kirkjuvegar, en hins vegar ekki við heildarverðrýrnun hússins.

Málavextir eru þessir:

Árið 1911 var byggt húsið Dagsbrún, nr. 8 við Kirkjuveg í Vest-

mannaeyjum. Árið 1925 sendi skipulagsnefnd bæjarstjórninni skipulagsuppdrátt fyrir Vestmannaeyjar, er var samþykktur á fundi bæjarstjórnar 8. júlí 1926, að því er virðist með athugasemdum, því að ári síðar auglýsti bæjarstjórn, að skipulagsuppdráttur fyrir kaupstaðinn lægi frammi almenningi til sýnis. Hinn 3. nóvember 1932 staðfesti stjórnarráðið skipulagsuppdrátt af Vestmannaeyjum. Meðal breytinga þeirra, sem gert var ráð fyrir í uppdrætti þessum, var sú, að Kirkjuvegur legðist niður á ca. 40 metra svæði hvorum megin Dagsbrúnar. Jafnframt skyldi leggja niður um 40 metra kafla af Miðstræti ,vestur af mótum þess og Kirkjuvegar. Dagsbrún stóð norðan þeirra vegamóta, og snéri suðurgafl hússins að Miðstræti, en austurhlið að Kirkjuvegi. Frá hinum nýju mótum Miðstrætis og framlengingar Kirkjuvegar, vestan Dagsbrúnar, skyldi koma ný gata, um 10 metra norðvestan Dagsbrúnar. Árið 1934 var byggð viðbót við austurhlið hússins nr. 10 við Kirkjuveg. Skagaði viðbótin fram í Kirkjuveg, þannig að umferð annarra en gangandi fólks tepptist sunnan Dagsbrúnar. Sex árum síðar var húseignin Þingvellir flutt að hinni nýju götu, er fyrr greinir, þannig að Kikjuvegur lokaðist einnig norðan Dagsbrúnar, og er þar aðeins um 2 metra sund eftir. Síðan hefur verið lögð gangstétt með hinni nýju framlengingu Kirkjuvegar yfir austurenda Miðstrætis, svo að þar er nú eigi heldur fært ökutækjum, og fullyrðir stefnandi auk þess, að Miðstræti sé nú algerlega lokað, enda hafi enn verið byggðar viðbætur við húsið nr. 10 við Kirkjuveg, er skagi að þessu sinni út í Miðstræti. Stefnandi, sem er nú eigandi Dagsbrúnar, heldur því fram, að þessar aðgerðir bæjarvaldanna hafi bakað sér mikið tjón, þar eð hús hans sé ekki nothæft til verzlunarrekstrar eftir framkvæmdir þessar. Kveður hann húsið hafa verið notað til verzlunar, sem næst frá upphafi, svo og íbúðar, enda einkar vel til þess fallið, þar sem það stóð á götuhorni við eina helztu götu kaupstaðarins. Nú sé húsið hins vegar orðið bakhús og umferð teppt að því á allar hliðar, en frá hinni nýju götu, sem bakhlið hússins og bakdyr vita að, sé ekki einu sinni gangstígur að húsinu, auk heldur akfær gata. Telur stefnandi rýrnun þessa á notagildi hússins hafa í för með sér mikið verðfall á því og telur tjón sitt af þessum sökum nema að minnsta kosti stefnukröfunni, en fjárhæð hennar er í samræmi við matsgerð dómkvaddra manna.

Stefndi hefur fyrst og fremst byggt sýknukröfu sína á því, að ekki geti hér verið um skaðabótaskyldu að ræða eftir almennum reglum, þar eð stefnandi hafi eigi fært sönnur á það, að réttur hafi verið á honum brotinn með greindum ráðstöfunum, enda hljóti stjórnarvöldum að bera svigrúm til slíkra athafna, er horfi til framfara og þjóðþrifa. Þá heldur stefndi því fram, að eigi sé heldur um bótaskyldu að ræða samkvæmt sérstökum fyrirmælum

laga, en þau telur hann ekki önnur en ákvæði IV. kafla laga nr. 55 frá 1921. Telur stefndi víst, að stefnandi geti ekki átt rétt til bóta vegna breytinga á lóðum eða götum á hinu umrædda svæði, þar eð hann sé ekki eigandi lóðar þeirrar, er hús hans stendur á, heldur hafi hana einungis á leigu.

Þá telur stefndi, að stefnandi geti ekki átt rétt til bóta fyrir missi þeirrar aðstöðu, sem hann áður naut, meðan hús hans stóð við fjölfarna götu, þannig að hin nýja vegarlögn ein sér fái eigi talizt bótaskyldur verknaður, enda beri og að líta á það, að bæjarhverfi þetta hafi aukizt að verðmæti við breytingarnar. Loks heldur hann því fram, að verðrýrnun á húsi stefndanda megi að mestu rekja til þess, að það sé nú gamalt orðið og úrelt og því óhæft til samkeppni við nýtízku verzlunarhúsnæði, sem reist hafi verið í námunda við það.

Þótt talið yrði, að hús stefnanda hefði rýrnað að verðmæti við lögn hinnar nýju götu vegna þeirra áhrifa, er sú ráðstöfun kynni að hafa haft á umferð um hinn gamla Kirkjuveg, að öðru óbreyttu, svo og hinnar óhagkvæmu afstöðu hússins til nýju götunnar, verður að fallast á það með stefnda, að slíkt tjón sé honum óskylt að bæta. Hins vegar er viðurkennt í málinu, að þótt gangandi fólk komist leiðar sinnar um götuspotta þá, er lagðir voru niður, er ókleift að fara um þá með ökutæki svo og að þær hindranir eru af völdum stefnda. Hvort sem talið yrði, að skipulag kaupstaðarins krefðist þeirra ráðstafana eða ekki, þykir verða að líta svo á, að samkvæmt almennum reglum um eignarrétt beri stefnda að bæta það tjón stefnanda og óhagræði, er beint má rekja til þeirra ráðstafana.

Stefndi hefur öðrum þræði byggt sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi glatað þeim bótarétti, sem hann kynni að hafa átt fyrir vangæzlu. Hefur hann í fyrsta lagi rökstutt það með því, að eigandi hússins hafi engum athugasemdum hreyft né andmælum, er skipulagsuppdrátturinn var lagður fram til sýnis samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 55 frá 1921, svo sem að framan var greint. Í þessum lögum eru engin ákvæði um það, að athafnaleysi húseiganda varði hann eða síðari eigendur nokkurri réttarskerðingu, og verður þessari málsástæðu stefnda því eigi sinnt.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnanda hafi borið að hefja mótmæli sín árið 1934, er þeim hluta Kirkjuvegar, sem hús hans stendur við, var lokað öðrum megin með húsbyggingu þeirri, er að framan greinir.

Af gögnum málsins verður hins vegar eigi annað ráðið en að umferð ökutækja hafi eftir sem áður verið óhindruð að húsi stefnanda úr tveim áttum allt fram til 1940, en þá var hinum enda Kirkjuvegar lokað, eins og fyrr var frá skýrt. Verður því eigi fallizt á þessa röksemd stefnda. Loks hefur stefndi haldið því fram, að

stefnandi hafi of seint hafizt handa um kröfugerð sína eftir 1940. Stefnandi hefur ekki, gegn mótmælum stefnda, fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að hann hafi borið fram bótakröfur sínar þegar á árinu 1941, en hins vegar er viðurkennt, að þær voru bornar fram árið 1942. Þykir sá dráttur eigi svo verulegur, að hann fái réttlætt sýknukröfu stefnda, og verður hún því eigi til greina tekin á þeim grundvelli.

Samkvæmt öllu framanrituðu verða úrslit þessa hluta málsins því þau, að viðurkennd verður fébótaábyrgð stefnda á því tjóni stefnanda, er stafa kann af framangreindum hindrunum umferðar að nefndu húsi hans.

Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Einar Arnalds borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt um venju fram vegna mikilla embættisanna nú, áður en sumarþingleyfi hefst.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Vestmannaeyja, ber fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi, Gunnar Ólafsson, kann að hafa beðið við framangreindar hindranir umferðar að húsi hans, Dagsbrún.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

---

Mánudaginn 13. október 1947.

Nr. 139/1946. **Sigurður Helgason** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Ásgeiri Matthíassyni** (Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébótamál. Riftun á sölu húseignar.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. október 1946, krefst þess, að hann verði dæmdur sýkn af skaðabótakröfum stefnda, að felld verði úr gildi hin áfrýjaða fjárnámsgerð og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar bæði í bæjarþingi, fógetadómi og fyrir hæstarétti. Áfrýjandi kveðst hins vegar vilja una við

ákvæði héraðdóms um riftun kaupsamnings og afsals á húseigninni nr. 3 við Hafnarstræti á Akureyri, enda hafi fasteign þessi nú verið seld á uppboði til lúkningar vangreiddum skuldum, er hún var að veði fyrir.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn og fjárnámsgerðin verði staðfest og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 24. júní 1946. Stefndi, er var stefnandi í héraði, lagði þá fram sáttakæru, stefnu, greinargerð ásamt 15 fylgiskjölum, þar á meðal kaupsamning og afsal um ofangreinda fasteign, matsgerð á vörum, málskostnaðarreikning o. fl. Björn Halldórsson héraðsdómslögmaður fór með fyrirsvar áfrýjanda fyrir dómi og fékk frest til samningar á greinargerð og gagnasöfnunar til 2. september s. á. Þenna þingdag krafðist umboðsmaður áfrýjanda eins mánaðar framhaldsfrests, en umboðsmaður stefnda mótmælti þeim fresti. Héraðsdómari veitti áfrýjanda einnar viku frest með úrskurði 3. s. m. Þegar málið kom fyrir dóm hinn 9. s. m., krafðist umboðsmaður áfrýjanda vísunar þess frá dómi, en héraðsdómari hratt þeirri kröfu með úrskurði, upp kveðnum 11. s. m. Umboðsmaður áfrýjanda krafðist því næst frests til 16. s. m., en héraðsdómari synjaði í úrskurði 14. s. m. Á það dómþing kom enginn af hendi áfrýjanda, þrátt fyrir það þótt umboðsmanni hans hefði verið tilkynnt um þinghaldið. Var málið síðan tekið til dóms þann dag eftir kröfu stefnda, og hafði áfrýjandi þá hvorki kröfur gert í málinu né haft uppi mótmæli eða lagt fram greinargerðir.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi nú haft uppi sýknukröfu og málsástæður henni til rökstuðnings svo og lagt fram ýmis gögn. Krefst hann þess, að málið verði dæmt í hæstarétti samkvæmt mótmælum sínum, málsástæðum og gögnum. Stefndi andæfir því hins vegar, að mótmæli og málsástæður áfrýjanda, sem ekki voru höfð uppi í héraði, verði hér fyrir dómi til greina tekin. Samkvæmt 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936 skulu staðhæfingar um málsatvik og mótmæli jafnan koma fram, jafnskjótt og tilefni verður, og má annars kostar ekki taka þau til greina, nema gagnaðili sam-

þykki. Málsástæður þær og mótmæli, sem áfrýjandi flytur fram í hæstarétti, var honum, að því er sýnt þykir, í lófa lagið að bera fyrir sig í héraði, og verður þeim því ekki gaumur gefinn gegn andmælum stefnda. Verður samkvæmt þessu að dæma málið á þeim grundvelli, er það var á, þegar það var tekið til dóms í héraði.

Þau ákvæði 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936, sem rakin voru, eru því ekki til fyrirstöðu, að hrundið sé þeim kröfum stefnda, sem sýnilega eiga ekki stoð í lögum.

Verða nú kröfur stefnda teknar til meðferðar í sömu röð og í héraðsdómi:

Um 1) Með dómi héraðsdómara hefur verið kveðið á um riftun húskaupanna, og hefur það ákvæði héraðsdóms verið samþykkt af áfrýjanda fyrir hæstarétti. Af því leiðir, að stefnda verður ekki dæmdur, eins og á stendur, söluhagnaður úr hendi áfrýjanda af vörum þeim, sem stefndi fékk eða átti að fá upp í andvirði hússins, sbr. 57. gr. laga nr. 39/1922.

Um 2) Krafa stefnda um fébætur fyrir atvinnutjón og lánstraustsspjöll vegna vanefnda áfrýjanda er lögleysa, og ber því einnig að sýkna áfrýjanda af henni.

Um 3) Taka ber til greina, eins og meðferð málsins er háttað, kröfu stefnda um fébætur, kr. 10000.00, vegna þess, að áfrýjandi hafði með atferli sínu rýrt sölumöguleika á húseign þeirri, sem í málinu greinir.

Af skjölum málsins sést, að stefndi hefur fengið nokkrar vörur og nokkra fjárhæð upp í andvirði húseignar þeirrar, sem kaupum hefur verið riftað á, en ekki verður dæmt um þessi viðskipti aðilja, eins og málið liggur fyrir.

Niðurstaðan verður því sú, að dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 10000.00 án vaxta, enda hefur vaxta ekki verið krafizt.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð, sem var árangurslaus, skal vera óröskuð.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst samtals í héraði og fyrir hæstarétti kr. 3000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um riftun á kaupsamningi og afsali á húseigninni nr. 3 við Hafnarstræti á Akureyri staðfestist.

Áfrýjandi, Sigurður Helgason, greiði stefnda, Ásgeiri Matthíassyni, kr. 10000.00 og kr. 3000.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Akureyrar 23. september 1946.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 14. þ. m., hefur stefnandinn, Ásgeir Matthíasson, kaupmaður á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 8. júní s. l., á hendur Sigurði Helgasyni stórkaupmanni, Bankastræti 7, Reykjavík, og gerir þær kröfur aðallega, að riftað verði með dómi kaupsamningi, dags. 17. ágúst 1945, milli hans og stefnda um sölu á húseigninni nr. 3 við Hafnarstræti á Akureyri og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum í skaðabætur fyrir vanefndir á nefndum samningi kr. 54000.00. Til vara gerir stefnandi þær kröfur, að ef skilyrði til riftunar væru ekki talin vera fyrir hendi, þá verði stefndi dæmdur til að standa við téðan samning samkvæmt efni hans, þó svo, að sökum áorðinna vanskila stefnda, þá verði hann dæmdur til að greiða allar eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 146000.00, í peningum ásamt 6% ársvöxtum frá 17. ágúst s. l. til greiðsludags og kr. 30000.00 í bætur fyrir tjón það, er hann hefur bakað stefnanda með vanefndum sínum. Í báðum tilfellum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu eða að mati dómara.

Að sögn stefnanda eru tildrög máls þessa þau, að sumarið 1945 varð það að samkomulagi milli stefnanda og stefnda, að stefndi keypti af stefnanda húseignina nr. 3 við Hafnarstræti á Akureyri fyrir kr. 155000.00. Átti stefndi að greiða kr. 24000.00 upp í andvirði hússins strax, er hann kæmi heim til sín til Reykjavíkur, og taka að sér greiðslu veðskulda, er hvíldu á eigninni, kr. 75000.00. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 56000.00, skyldu greiðast í vörum af birgðum heildverzlunar stefnda í Reykjavík, er stefnandi veldi eftir sýnishornum frá stefnda. Þó var þegar um samið, að stefnandi skyldi fá ákveðna tegund rakvélablaða fyrir kr. 18000.00. Vörurnar skyldu seljast með það miklum afslætti, að stefnandi gæti selt þær aftur með 25% álagn-

ingu. Stefndi skyldi fá allar tekjur af eigninni frá samningsdegi og greiða skatta og gjöld frá sama tíma og annast viðhald hússins.

Undirrituðu aðiljar málsins síðan samning um þetta 17. ágúst 1945, og fól hann í sér afsal til stefnda á eigninni ásamt yfirlýsingu um, að stefndi hefði þegar staðið skil á kaupverðinu. Fullyrðir stefnandi þó, að engin greiðsla hafi farið fram þá þegar. Kveðst stefnandi hafa gefið út hreint afsal að beiðni stefnda, með því að hann hafði reynt stefnda að því að vera ábyggilegan í viðskiptum.

Um haustið fékk stefnandi rakvélablaðasendingu frá stefnda og nokkru fyrir jól aðra vörusendingu. Fyrir áramótin fékk stefnandi sendar kr. 11000.00 upp í kaupverðið.

Stefnandi setti rakvélablöðin í geymslu, en alllöngu síðar, er hann ætlaði að fara að selja þau, kom í ljós, að aðeins nokkur hluti þeirra var þeirrar tegundar, sem tilskilið var, og blöðin voru meira og minna gölluð af ryði og skörðum. Enginn reikningur fylgdi, né upplýsingar um hámarksverð. Vörur þær, sem stefndi sendi stefnanda fyrir jólin, kveðst hann ekki geta tekið sem greiðslu, þar eð hann hafði aldrei um þær beðið, enda kveðst hann aldrei hafa fengið vörusýnishorn til þess að panta vörur frá stefnda, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um það.

Þá kveðst stefnandi, strax og hann varð þess áskynja, hvernig vörusendingum þessum var háttað, hafa tilkynnt stefnda, að hann gæti ekki tekið þær sem greiðslu, nema með stórkostlegum afslætti. Síðan hefur stefndi engin skil gert, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli.

Riftunarkröfuna byggir stefnandi á framangreindum vanefndum, en bótakröfuna, kr. 54000.00, sundurliðar hann þannig:

1. Söluhagnaður, er hann fór á mis við vegna þess að hann fékk ekki vörur, eins og tilskilið var, 25% af kr. 56000.00, þ. e. kr. 14000.00.
2. Bætur vegna atvinnutjóns, er hann varð fyrir vegna vanskila stefnda vegna vöntunar á rekstrarfé og fyrir lánstraustsspjöll sökum þess, að veðskuldir á eigninni, er stefnandi var ábyrgur fyrir, en stefndi átti að greiða, komust í vanskil. Bætur fyrir tjón þetta áætlar stefnandi kr. 30000.00.
3. Stefndi hefur leigt 1. hæð hússins til þriggja ára og með því rýrt sölumöguleika þess, og metur stefnandi tjón af þessum sökum kr. 10000.00.

Þegar málið var þingfest 24. júní s. l., fékk stefndi frest til greinargerðar og gagnasöfnunar til fyrsta þingdags í september. Er málið þá kom í rétt, fékk stefndi enn frest í viku til greinargerðar, en var síðan synjað um frekari frest. Engin mótmæli gegn kröfum stefnanda voru uppi höfð, og engin greinargerð af hendi stefnda kom fram. Í þinghaldi í málinu þ. 14. þ. m. sótti enginn þing af hendi stefnda, og var málið þá tekið til dóms að kröfu stefnanda. Ber því samkvæmt 118. gr. 2. mgr. einkamálalaganna að dæma mál þetta eftir

framkomnum kröfum og gögnum stefnanda og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, sbr. 116. gr. sömu laga.

Með því að stefndi hefur ekki haft uppi mótmæli í málinu, enda þótt hann hafi átt þess kost, ber að taka til greina aðalkröfu stefnanda og dæma framangreindan kaupsamning með afsali ógildan og dæma stefnda til að greiða stefnanda skaðabætur kr. 54000.00 og kr. 9103.00 í málskostnað.

Vaxta hefur ekki verið krafizt af bótaupphæðinni, og verða þeir því ekki dæmdir.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindur kaupsamningur með afsali skal vera ógildur. Stefndi, Sigurður Helgason, greiði stefnanda, Ásgeiri Matthíassyni, kr. 54000.00 og kr. 9103.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa dóms að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 15. október 1947.

Nr. 38/1946. **Gunnlaugur Stefánsson**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
**Bjarna Kristjánssyni og gagnsök**
(Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Kaupmaður dæmdur til greiðslu kaupverðs vöru. Andmæli hans vegna galla á vörunni o. fl. ekki tekin til greina.

## Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. marz 1946, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hann verði algerlega sýknaður og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Hvernig sem málið fer, krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem hefur skotið málinu til hæstaréttar

af sinni hálfu með stefnu 22. marz 1946, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, gerir þær dómkröfur, að héraðsdómurinn verði staðfestur svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Ómerkingarkröfu sína byggir aðaláfrýjandi á því, að nauðsyn beri til að afla frekari gagna um viðskipti aðilja en gert var í héraði og að undirdómaranum hafi borið að leiðbeina aðaláfrýjanda, sem er ólöglærður, um þetta efni.

Það er að vísu rétt, að atvik málsins eru að ýmsu leyti miður leidd í ljós en skyldi og að undirdómarinn hefur ekki fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni. En þar eð ekki eru líkur til, að ný gögn mundu hafa áhrif á úrslit málsins, þykir ekki ástæða til að ómerkja héraðsdóminn af þessum sökum, enda hefur málflutningsmaður aðaláfrýjanda hér fyrir dómi haft ærinn tíma til að afla frekari gagna, eftir að héraðsdóminum var áfrýjað.

Aðaláfrýjandi hefur viðurkennt að hafa veitt hinum umdeildu vörum móttöku þann 28. nóvember 1944, en gegn mótmælum gagnáfrýjanda hefur honum ekki tekizt að sanna, að hann hafi hreyft andmælum út af því, að meira væri afhent en hann hefði pantað og varan gölluð fyrr en seint í janúar 1945. Verður að telja þann drátt ástæðulausan eftir atvikum. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir. Svo ber og að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 1000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Í máli þessu var ákveðinn skriflegur málflutningur í héraði, án þess að gild rök lægju til. Aðiljum var ekki veittur sameiginlegur frestur til gagnaöflunar, og bókanir af hálfu aðilja hafa orðið fleiri en lög standa til. Svo er það og aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um það, hvort opinber rannsókn skyldi fara fram út af skiptum aðilja. Verður að víta fulltrúa héraðsdómarans, Kristinn Ólafsson, sem fór með málið fram að dómtöku, fyrir þetta.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Gunnlaugur Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda, Bjarna Kristjánssyni, kr. 3673.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags og samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 22. nóvember 1945.**

Ár 1945, fimmtudaginn þann 22. nóvembermánaðar, var í bæjarþingi Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem haldið var á skrifstofu embættisins, Suðurgötu 8 í Hafnarfirði, af Oddgeiri Magnússyni fulltrúa, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var hinn 23. f. m.

Mál þetta er að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. maí s. l., af Boga Brynjólfssyni fyrrv. sýslumanni f. h. Bjarna Kristjánssonar, Bragagötu 30 í Reykjavík, gegn Gunnlaugi Stefánssyni kaupmanni, Austurgötu 25 í Hafnarfirði, til greiðslu skuldar fyrir keyptar og mótteknar vörur samkvæmt reikningi, að upphæð kr. 3673.25, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu og gert kröfur til hæfilegs málskostnaðar sér til handa.

Í réttarhaldi 16. okt. s. l. krafðist stefndi þess, að áður en rekstri máls þessa yrði lengur áfram haldið yrði látin fara fram opinber réttarrannsókn út af málarekstrinum og tildrögum málsins.

Úrskurður hér að lútandi féll á þá leið, að kröfur stefnda voru eigi til greina teknar.

Tildrög máls þessa kveður umboðsmaður stefnanda vera þau, að seint á síðastliðnu ári hafi stefndi keypt af umbjóðanda hans vörur fyrir kr. 3673.25 samkvæmt framlögðum reikningi.

Stefndi hafi ekki verið fáanlegur til þess að greiða téða vöruskuld, sem hann hafi ekki gert neinar athugasemdir við, og því sé mál þetta höfðað.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi komið í verzlun hans mánudaginn 27. nóvember s. l. og boðið til kaups varning, sem hafi verið hundar, kanínur, smá hérar o. fl. úr íslenzkum leir.

Stefndi kveðst hafa tekið pöntun hjá stefnanda, er hann (stefndi) samþykkti með undirskrift sinni á pöntunarseðil, er skrifaður var í frumbók seljandans, en pöntunin er þessi:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 10 | stk. | Svanir ..... | á kr. | 33.00 | pr. | stk. kr. | 396.00 |
| 12 | — | Hænur ..... | — — | 27.60 | — | — — | 331.20 |
| 12 | — | Hundar ..... | — — | 27.60 | — | — — | 331.20 |
| 12 | — | Öskubakkar ..... | — — | 25.00 | — | — — | 300.00 |
| 12 | — | Fílar ..... | — — | 27.60 | — | — — | 331.20 |
| 12 | — | Kanínur ..... | — — | 27.60 | — | — — | 331.20 |
| | | | | | | Samtals kr. | 2020.80 |

Stefndi kveðst ekki hafa fengið afrit af pöntuninni, er stafað hafi af vangá hans að krefjast þess ekki og einnig vegna annríkis, þar sem búðin hafi verið full af fólki.

Daginn eftir hafi svo stefnandi komið með varninginn, að stefnda fjarverandi, og hafi verzlunarmaður hans, Ólafur Gíslason, tekið á móti vörunum og kvittað á reikninginn, sem fram hefur verið lagður í málinu, en neitað umbeðinni greiðslu, þar eð honum hafi verið ókunnugt um kaup þessi og því síður um vörumagn (sic).

Í byrjun desember hafi svo varningurinn verið tekinn upp og talinn. Hafi þá komið í ljós, að pöntunin hafi verið stærri og innihaldið fleiri tegundir en pantaðar voru, þar á meðal 39 stk. héra, 25 stk. kanínur, 8 stk. hænur o. s. frv. eða með öðrum orðum, að pöntunin hafi verið röng að öllu leyti, nema hvað svanirnir hafi verið rétt afgreiddir.

Seljandi kveðst nú hafa selt varning þenna og tjáð fólkinu, að hann væri úr íslenzkum leir.

Eftir fáa daga hafi viðskiptamennirnir komið bálreiðir yfir því, að hann (stefndi) hafi selt þeim svikna vöru með okurverði.

Er til kom, hafi komið í ljós, að varningur þessi hafi reynzt málaðar gipsvörur, en ekki haldgóðar og sterkar leirvörur, eins og seljandinn hafi fullyrt.

Kveðst stefndi hafa orðið að endurgreiða viðskiptamönnunum andvirðið og þótzt góður að sleppa við kæru og sakamálshöfðun fyrir að selja sviknar vörur.

Stefndi kveðst ekki hafa tilkynnt farandsalanum (stefnanda) svik þessi samdægurs og viðskiptamenn komu með varninginn samkvæmt almennum reglum viðskipta, vegna þess að honum hafi verið ókunnugt um heiti hans og dvalarstað.

Á 7. degi frá því varan kom, hafi stefnandi hringt og spurt, hvenær koma mætti með reikninginn.

Kveðst þá stefndi hafa tjáð honum, hvernig komið væri með viðskipti þessi.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi skýrt stefnda frá nafni sínu, heimilisfangi svo og símanúmeri.

Hann kveðst fyrst, er hann átti tal við stefnda, hafa verið með svani og aðra þá muni, er stefndi hefur upp talið hér að framan (skv. framl. vörn), en stefndi hafi sérstaklega beðið um smádýr, s. s. kanínur, ketti og fugla.

Stefnandi mótmælir því eindregið, að hann hafi tjáð stefnda, að varningurinn væri úr leir.

Gripirnir hafi verið úr gipsi blönduðu sementi, enda hafi það sézt á munum að neðan og enda fundizt á þyngdinni.

Hafi stefndi haft orð á því, hvort „þetta" væri ekki ónýtt eins og allt þetta gipsdót, sem verið væri að bjóða.

Kveðst stefnandi hafa svarað því til, að slíkir mundir væru vitaskuld brothættir.

Þá hefur stefnandi neitað þeirri staðhæfingu stefnda, að hann (stefndi) hafi skrifað undir pöntunarseðil.

Muni þá, sem pantaðir voru, kveðst stefnandinn hafa skrifað í vasabók sína, og segir tölur stefnda þar af leiðandi rangar.

Stefnandi kveðst, er hann kom með varninginn, ekki hafa hitt stefnda, en átt tal við verzlunarmann hans, Ólaf Gíslason.

Tóku þeir stefnandi og Ólafur sameiginlega upp varninginn, hvern grip fyrir sig.

Segir stefnandinn Ólaf eigi hafa neitað greiðslu, en farið fram á, að hún mætti bíða, og áritað reikninginn athugasemdalaust.

Viku síðar kveðst stefnandi hafa komið til stefnda og þá krafið hann um greiðslu. Bað stefndi þá um greiðslufrest til áramóta. Engar kvartanir segir stefnandi, að stefndi hafi þá borið fram, heldur talað um, að hann vildi fá meira.

Síðan hafi stefndi lofað greiðslu hvað eftir annað, t. d. hafi hann eitt sinn sent eftir peningum. Er sendisveinninn kom, lézt stefndi ekki vilja senda peninga með svo ungum manni.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi ekki farið að kvarta fyrr en í jan.—febr. s. l. og að þær kvartanir hafi við engin rök að styðjast, enda hafi stefndi ekkert endursent af vörunni.

Þá hefur af stefnanda hálfu verið lagt fram í málinu vottorð Gunnars Hvanndals þess efnis, að hann hafi tvisvar verið samferða stefnanda, er hann krafði stefnda, og í hvorugt skiptið hafi stefndi borið fram kvartanir við stefnanda út af fyrrgreindum varningi.

Upplýst er, að stefndi hefur móttekið fyrrgreindan varning af stefnanda, að vísu, að því er stefndi heldur fram, meira magn en hann kveðst hafa pantað. Hins vegar hefur eigi sannazt undir rekstri málsins, á hvern hátt pöntunin fór fram. Eigi er heldur upplýst, að stefnandi hafi haldið því fram við stefnda, að varningurinn hafi verið úr íslenzkum leir.

Stefndi hefur gegn mótmælum stefnanda haldið því fram, að varningnum hafi verið áfátt og um vörusvik hafi verið að ræða, en fyrir hvorugu fengizt fullnægjandi sannanir í málinu.

Rétturinn litur svo á, að stefnda hafi hlotið að vera innan handar að afla sér nafns og heimilisfangs stefnanda og að honum hafi borið að skýra stefnanda þegar í stað frá göllum þeim á fyrrgreindum varningi, er hann vildi bera fyrir sig, sbr. 52. gr. laga nr. 39 frá 19. júní 1922 um lausafjárkaup.

Þykir því rétt að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti einnig að því, er kröfur hans um málskostnað áhrærir, er samkvæmt framlögðum reikningi, er virðist koma heim við taxta M. F. Í., nemur kr. 689.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gunnlaugur Stefánsson, greiði stefnandanum, Bjarna Kristjánssyni, kr. 3673.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags og í málskostnað kr. 689.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 15. október 1947.

Nr. 120/1945. **Skipaútgerð ríkisins** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn
**Karli Helgasyni** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

**Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Fébótamál vegna skemmda á bifreið.

## Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. september 1945. Krefst hann aðallega algerrar sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda. Til vara krefst hann lækkunar þeirrar fjárhæðar, sem dæmd var í héraði, og að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti verði þá látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Telja verður, að landfestar varðbátsins hafi verið í ólagi, og að skipverjum hafi borið að hafa eftirlit með þeim og lagfæra þær. Þá verður og að líta svo á, að stefndi hafi

sýnt óvarkárni, er hann ók á landfestina á leið fram bryggjuna. Þykja aðiljar bera að jöfnu ábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt. Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 2238.15 með 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1945 til greiðsludags og kr. 900.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Karli Helgasyni, kr. 2238.15 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1945 til greiðsludags og kr. 900.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1945.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 21. þ. m., hefur Karl Helgason bifreiðarstjóri, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni þann 11. janúar s. l., gegn Skipaútgerð ríkisins til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 4476.31 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur *krafizt aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að sökinni verði skipt og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að laust eftir kl. 11 árdegis þann 23. september s. l. ók stefnandi fólksbifreið sinni R 659 niður bryggju þá hér í bænum, sem nefnd er Ægisgarður. Kveðst hann hafa ekið um 5½ metra frá vesturbrún bryggjunnar með nálægt 15 km hraða, miðað við klukkustund. Er bifreiðin var komin um miðja vegu fram bryggjuna, sé lengdin reiknuð frá breikkun hennar, rakst bifreiðin á vírstreng, sem lá frá varðskipinu Óðni skáhallt niður á við, þvert yfir vesturhluta bryggjunnar í járnhring hér um bil á miðri bryggjunni. Var fjarlægð hans upp frá bryggjunni, að því er stefnandi telur, 50—60 cm, þar sem bifreiðin rakst á hann. Olli strengurinn töluverðum skemmdum á bifreiðinni. Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að skipverjum á varðbátnum Óðni, sem sé eign stefnda, hafi samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 100 frá 1917 borið skylda til að sjá um, að landfestar varðbátsins tepptu ekki umferð um bryggjuna, enda hafi það ekki verið nauðsynlegt vegna festingar skipsins né hafnarstjóri veitt leyfi til þess. Telur stefnandi hins vegar, að festarstrengur þessi hafi verið svo grannur og samlitur bryggjunni, að erfitt hafi verið að koma auga

á hann, enda óvanalegt og ekki við því að búast, að umferð sé teppt á þenna hátt á jafn fjölfarinni leið og þessari, en við bryggjuna liggi jafnan mörg skip. Hefur hann í þessu sambandi bent á vottorð tveggja bifreiðarstjóra (dómskjöl 5 og 6) og eins hjólreiðarmanns (dómskjal 7), er allir óku á nefndan streng, er þeir áttu leið um bryggjuna þenna sama morgun, og hafi enginn þeirra orðið vírstrengsins var, fyrr en árekstur varð.

Stefnandi telur sig því hafa sýnt fulla aðgæzlu, en slys þetta hafi eingöngu orðið fyrir vangæzlu skipverja varðbátsins, en stefndi beri ábyrgð á yfirsjón þeirra. Beri stefnda því að bæta sér það tjón, sem af slysinu hlauzt, en það sé viðgerðarkostnaður við bifreiðina, kr. 2376.31, og atvinnutjón vegna afnotamissis hennar, kr. 2100.00, eða alls kr. 4476.31, sem sé stefnukrafan í máli þessu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að orsök þess, að nefndur vírstrengur lyftist upp frá bryggjunni, hafi verið sú, að e/s Málmey VE 10 hafi umræddan morgun skriðið með framstefni sitt undir strenginn og lyft honum upp, er skipið hækkaði með flóðinu. Þetta hafi skipverjum varðbátsins verið með öllu ókunnugt um, og verði því ekki vanrækslu þeirra að neinu leyti kennt um árekstur inn.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að slysið hafi eingöngu orðið vegna óvarkárni stefnanda, jafnvel þótt svo yrði talið, að skipverjar varðskipsins hafi átt að gæta þess, að strengurinn lyftist ekki, eins og raun varð á.

Það er upp komið í málinu, að þrjú skip lágu milli varðbátsins Óðins og bryggjunnar, og var fyrrnefnt skip, Málmey, eitt þeirra og næst bryggjunni, en háflæði var þenna morgun kl. 8.40. Ekki er vefengt, að orsök þess, að strengurinn lyftist, hafi verið sú, sem stefndi heldur fram. Enn fremur er leitt í ljós, að þenna umræddu morgun voru vöruhlaðar á miðju bryggjunnar, en á hægri hluta hennar fór fram uppskipun. Var því umferð, eins og á stóð, einungis möguleg um vesturhluta hennar, þar sem þó fyrrgreindur strengur tálmaði hana. Það verður að líta svo á, að skipverjum varðskipsins hafi borið að hafa eftirlit með, að landfestar skipsins færu ekki úr lagi, þannig að þær gætu valdið tjóni, og skiptir orsökin til þess, að þær færðust úr lagi, ekki máli í þessu sambandi. Eins og málsatvikum hefur verið lýst, verður því að rekja meginorsök slyssins til vangæzlu skipverja varðskipsins í þessu efni, en samkvæmt ákvæðum 13. gr. siglingalaganna þykir stefndi eiga að bera ábyrgð á fyrrgreindri vanrækslu skipverjanna. Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi geti talizt meðvaldur að slysinu. Hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi hafi ekki sýnt þá aðgæzlu við akstur bifreiðarinnar, er honum bar á slíkum stað, sem ætlaður er skipum fyrir landfestar þeirra og sér-

staklega útbúin í því skyni, enda megi alltaf búast við farartálmum þar, og því ástæða til að gæta fyllstu varúðar í umferð.

Þegar þess er gætt, að fullbjart var og vírstrengurinn það hátt yfir bryggjunni og það gildur, að með góðri athygli virðist hafa mátt sjá hann, en stefnandi ók með um 15 km hraða, miðað við klukkustund, eftir bryggju, þar sem búast mátti við farartálmum og sérstakrar aðgæzlu var því þörf, þá þykir stefnandi hafa sýnt slíka óvarkárni, að telja verði, að hann eigi einnig nokkra sök á, hvernig fór. Þykir eftir öllum atvikum rétt að skipta sök á slysinu þannig, að stefndi verði látinn bera ⅔ hluta sakar, en stefnandi ⅓ hluta hennar. Ber stefnda því að bæta stefnanda tjón hans í samræmi við það.

Fjárhæð bótakröfunnar hefur ekki verið véfengd af hálfu stefnda, og verður hún því lögð óskipt til grundvallar.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda ⅔ hluta af kr. 4476.31 eða kr. 2984.21 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Karli Helgasyni, kr. 2984.21 með 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1945 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 15. október 1947.

Kærumálið nr. 20/1947. **Guðlaugur Ásgeirsson**
gegn
**Hannesi Ágústssyni.**

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Kærð synjun dómara um frest.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 6. júní þ. á., er hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 6. júní s. l., þar sem sóknaraðilja er synjað frekari frests í máli varnaraðilja gegn honum. Sóknaraðili hefur

hvorki sent hæstarétti greinargerð né kröfur í málinu, en ætla verður, að hann kæri í því skyni, að fá hinn kærða úrskurð úr gildi felldan og að frestur sá, er um var beðið, verði veittur honum. Frá varnaraðilja hafa engar köfur borizt.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður, þar sem hans er ekki krafizt af hálfu varnaraðilja.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki afgreitt mál þetta til hæstaréttar innan lögmælts frests.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1947.**

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar 3. þ. m., hefur Hannes Ágústsson, Holtsgötu 34 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. f. m., gegn Guðlaugi Ásgeirssyni klæðskera, Bústaðabletti 12 við Sogaveg hér í bænum, til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð kr. 44500.00, með 6% ársvöxtum frá 19. apríl 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi enn fremur krafizt þess, að viðurkenndur verði með dómi 3. veðréttur hans í Bústaðabletti 12 við Sogaveg ásamt öllum mannvirkjum á landinu, 3. veðréttur í þrem útungunarvélum og 2. veðréttur í 650 hænum, allt til tryggingar framangreindum kröfum.

Mál þetta var þingfest 20. f. m., og fékk stefndi þá viku frest til ritunar greinargerðar og að þeim fresti liðnum framhaldsfrest í sama skyni til 3. þ. m. Í þinghaldi þann dag óskaði stefndi enn eftir framhaldsfresti og bar því við, að honum hefði eigi unnizt tími til undirbúnings greinargerðar, auk þess sem nokkuð af tímanum hafi farið til sáttaumleitana, sem honum hafi þótt líklegar til árangurs.

Stefnandi mótmælti öllum frekari fresti í þessu skyni, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu stefnda.

Telja verður með hliðsjón af eðli máls þessa, að stefndi hafi þegar haft nægan tíma til að tjá sig um kröfur stefnanda, og ber því að synja honum um frekari frest.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:
Hinn umbeðni frestur verður eigi veittur.

---

Miðvikudaginn 15. október 1947.

Kærumálið nr. 19/1947. **Guðlaugur Ásgeirsson**
gegn
**Hannesi Ágústssyni.**

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Kærð synjun dómara um frest.

**Dómur hæstaréttar.**

Með kæru 19. f. m., er hingað barst 1. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 18. f. m., þar sem sóknaraðilja er synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Sóknaraðili hefur hvorki sent hæstarétti greinargerð né kröfur í málinu, en ætla verður, að hann kæri í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að frestur sá, er um var beðið, verði veittur.

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borizt.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður, þar sem hans er ekki krafizt af hálfu varnaraðilja.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 18. september 1947.**

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar 16. þ. m., hefur Hannes Ágústsson, Holtsgötu 34 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Guðlaugi Ásgeirssyni klæðskera, Bústaðabletti við Sogaveg í Reykjavík, til greiðslu skuldabréfs, upphaflega að upphæð

kr. 90000.00, nú að eftirstöðvum kr. 75000.00, með 6% ársvöxtum frá 1. september 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi og þess, að honum verði dæmdur 2. veðréttur og uppfærsluréttur í Bústaðabletti 12 við Sogaveg ásamt öllum mannvirkjum og annar veðréttur og uppfærsluréttur í þrem útungunarvélum og 1. veðréttur í öllum hænsnum í hænsnahúsunum á Bústaðabletti 12 til tryggingar framangreindum kröfum, en eignir þessar eru veðsettar til tryggingar kröfunum í ofangreindu skuldabréfi.

Mál þetta var þingfest á bæjarþinginu hinn 24. júní s. l., og fékk stefndi þá frest til ritunar greinargerðar til 2. þ. m. Í þinghaldi þann dag óskaði stefndi eftir 2 vikna framhaldsfresti, þar eð lögmaður sá, er hann ætlaði að fela meðferð málsins, væri erlendis. Með úrskurði uppkveðnum 6. s. m. var stefnda veittur frestur til 16. þ. m., en í þinghaldi þann dag óskaði hann enn eftir fresti í sama skyni.

Stefnandi andmælti öllum frekari fresti, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu stefnda.

Með vísan til þess, sem að framan segir, verður að telja, að stefndi hafi þegar haft nægan tíma til þess að tjá sig um kröfur stefnanda, enda virðast sakarefni vera ljós og óbrotin. Gegn mótmælum stefnanda þykir því ekki unnt að verða við kröfum hans í þessu efni, og ber að synja um hinn umbeðna frest.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður eigi veittur.

---

Föstudaginn 17. október 1947.

Nr. 65/1946. **Kristján Benediktsson**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Lúther Hróbjartssyni** (Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Heimt kaupverð báts.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. maí f. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristján Benediktsson, greiði stefnda, Lúther Hróbjartssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Lúther Hróbjartsson, umsjónarmaður hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. október s. l., gegn Kristjáni Benediktssyni verkstjóra, Bústaðabletti 3 hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2700.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að þann 13. sept. s. l. hafi verið auglýst í einu dagblaði bæjarins eftir fjögurramannafari til kaups. Hafi hann gefið sig fram eftir auglýsingunni, þar sem hann hafi átt slíkan bát. Var báturinn nokkuð gamall, og fylgdi honum vél, tveggja ára gömul, en sama og ekkert notuð. Var vélin þó ekki í bátnum sjálfum. Bátur þessi og vélin hafi verið geymd í geymslu við Austurbæjarbarnaskólann hér í bænum. Stefndi, sem hafi auglýst, hafi komið til sín og litið á bát og vél. Kveðst stefnandi hafa viljað selja bátinn á kr. 1200.00, en vélina fyrir kr. 1500.00, eða kr. 2700.00 hvorttveggja. Stefndi hafi ekkert haft við verðið að athuga, en tekið fram, að hann væri ekki dómbær um gæði bátsins og myndi því fá sérfróðan mann til að skoða hann. Þá kveðst stefnandi hafa sagt stefnda, að eitt borð í bátnum væri rifið. Þann 17. sept. s. l. hafi stefndi hringt til sín og spurt sig, hvort hann hefði sett vélina í bátinn. Stefnandi kveðst hafa neitað því og sagt, að hann hefði haldið, að stefndi væri hættur við kaupin. Stefndi hafi þá sagt, að það væri nú eitthvað annað og að hann hefði fengið sérfróðan

mann til að skoða bátinn. Nokkru síðar hafi komið maður frá stefnda og skoðað bátinn. Hafi hann sagt bátinn vera prýðilega fleytu og að hann mundi gefa honum beztu meðmæli, en stefnandi kveðst hafa sýnt honum rifna borðið, sem áður greinir. Um hálfri stundu síðar hafi komið hópur manna á bifreið, og sögðust þeir vera sendir frá stefnda til þess að sækja bátinn og vélina. Kveðst stefnandi hafa afhent þeim hvort tveggja og þar með talið, að kaup þeirra aðiljanna væru gerð, enda ekki hafa sleppt bátnum úr sínum vörzlum, ef hann hefði talið annað. Næsta dag hafi stefndi hins vegar hringt til sín og sagt, að báturinn væri gallaður og hann vildi ekki kaupa hann. Kveðst stefnandi þá hafa mótmælt, að báturinn væri gallaður, og sagt, að kaupin væru að fullu gerð, og hann tæki ekki við bátnum aftur. Eftir nokkurt umtal, hafi stefndi slitið símtalinu. Þann 21. september s. l. hafi stefndi sent til sín mann með þau skilaboð, að hann ætlaði að skila bátnum aftur, en stefnandi kveðst hafa mótmælt því. Enn hafi stefndi sent til sín mann, þangað sem hann (stefnandi) var að vinna við höfnina, og hafi sá sendiboði sagt, að stefndi hafi skilað bátnum á leikvöll Austurbæjarbarnaskólans. Stefnandi kveðst hafa neitað við sendiboðann að veita bátnum viðtöku og mótmælt heimild stefnda til að skila honum. Stefnandi kveðst hins vegar hafa orðið þess var, er hann kom heim, að skólabörn, sem þarna voru að leik, voru búin að gera bát og vél að leikfangi og týna og spilla hlutum í þeim. Stefnandi kveðst síðan ekkert hafa skipt sér af bátnum eða vélinni. Að lokum muni lögreglan að kröfu skólastjórans hafa hirt hluti þessa og líklega sett þá á geymslusvæði það, er hún hafi fyrir hluti, er séu til trafala á almannafæri. Kveðst stefnandi síðan strax næsta dag hafa sent stefnda kröfubréf um greiðslu kaupverðsins.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndi hafi keypt af sér nefndan bát og vél, og beri honum því að greiða kaupverðið. Stefndi hafi enga ástæðu haft til að rifta kaupunum, enda hafi hann látið sérfróðan mann skoða bátinn, áður en kaupin fóru fram.

Stefndi skýrir svo frá málavöxtum, að um miðjan september s. l. hafi hann auglýst eftir fjögurramannafari. Stefnandi hafi gefið sig fram og boðið sér bát og vél, er hann hafi átt geymd í skýli við Austurbæjarbarnaskólann hér í bænum, og skyldi báturinn kosta kr. 1200.00, en vélin kr. 1500.00. Stefndi kveðst síðan hafa litið á bátinn, en vegna þrengsla í geymslunni hafi ekki verið hægt að grannskoða hann, enda kveðst stefndi ekki hafa sérþekkingu til að dæma um gæði hans. Nokkrum dögum seinna kveðst stefndi hafa hringt til stefnanda og tjáð honum, að hann (stefndi) vildi ekki kaupa bátinn og vélina, nema báturinn reyndist sjófær við skoðun. Enn fremur kveðst stefndi hafa sagt, að vegna þrengsla í geymslunni væri ekki hægt að hvolfa bátnum og skoða botn hans, og vildi hann því, að báturinn væri fluttur í skála við höfnina og honum

hvolft þar. Hafi stefnandi ekkert haft við þetta að athuga. Í þessu sambandi hefur stefndi tekið fram, að sérfróður maður hafi skoðað bátinn fyrir sig í geymslunni hjá stefnanda og ekki séð þar annað athugavert við hann, nema rifu í einu borði, er stefnandi hafi bent á, og sem ekki hafi verið það verulegur galli, að staðið hefði fyrir kaupum af sinni hálfu. Hins vegar hafi maður þessi ekki þótzt geta skoðað bátinn vel hjá stefnanda vegna þrengsla. Síðan kveðst stefndi hafa látið sækja bátinn til stefnanda. Var báturinn fluttur í skála hér við höfnina og hvolft þar. Hafi þar hinn sami sérfróði maður skoðað hann og þá talið hann mjög gallaðan, t. d. hafi þrjú borð með seymingu bátsins verið rifin. — Kveðst stefndi þá straks hafa hringt til stefnanda og sagt honum, að hann vildi hvorki kaupa bátinn né vélina og mundi skila honum hvorutveggja. Síðan kveðst stefndi hafa skilað stefnanda bátnum á öðrum eða þriðja degi, eftir að hann sótti hann. Hafi hann tilkynnt stefnanda þetta rétt áður, en stefnandi hafi ekki verið við, er komið hafi verið með bátinn, og geymsla sú, er báturinn hafði verið í, lokuð. Hafi báturinn því verið skorðaður við hlið geymslunnar og stefnanda tilkynnt það með sendiboða.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í *fyrsta lagi* á því, að kaup hafi aldrei gerzt á milli þeirra aðiljanna. Hann hafi aðeins tekið bátinn til sín í þeim tilgangi að skoða hann vel. Stefnanda hafi verið kunnugt um þetta og því enga ástæðu haft til að ætla, að stefndi hefði þar með keypt bátinn, enda það skilyrði fyrir kaupunum af sinni hálfu, að báturinn reyndist ógallaður og sjófær.

Maður sá, er skoðaði bátinn fyrir stefnda í geymslu stefnanda, hefur borið fyrir dómi, að hann hafi sagt stefnanda, að lokinni skoðun, að sér litist vel á bátinn, en ekki væri hægt að grannskoða hann þar vegna þrengsla.

Stefnandi hefur ákveðið haldið því fram, að bátinn hafi fullkomlega mátt skoða í geymslu hans, enda hægt að hvolfa honum þar, og hefur mótmælt því, að nefndur skoðunarmaður hafi nokkrum athugasemdum hreyft í gagnstæða átt. Gegn þessum andmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að honum hafi verið kunnugt um þá ætlun stefnda að láta skoða bátinn frekar. Þá er og ósönnuð gegn mótmælum stefnanda sú staðhæfing stefnda, að hann hafi fengið heimild stefnanda til að taka bátinn í sínar vörzlur til skoðunar. Með skírskotun til þessa og þegar þess er gætt, að stefndi lét sækja bæði bát og vél til stefnanda með þeim hætti, sem að framan er lýst, þá verður að telja, að stefnandi hafi, eins og á stóð, mátt treysta því, að kaup hafi þá gerzt með þeim aðiljum, enda virðist hafa verið samkomulag um kaupverðið út af fyrir sig. Verður því þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Í *öðru lagi* byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að þótt svo yrði litið á, að kaup hafi gerzt með þeim aðiljum, þá hafi hann

haft fulla heimild til að rifta kaupunum vegna galla þeirra, er hafi verið á bátnum og í ljós hafi komið straks og hann var skoðaður rækilega. Þannig hafi þá komið í ljós, að áburgreind þrjú borð voru rifin og að fúi var í rifunum, en það hafi og strax verið tilkynnt stefnanda.

Stefnandi hefur algerlega mótmælt því, að nokkrir þeir aðrir gallar hafi verið á bátnum, er hann fór úr hans vörzlum, en þeir, sem hann hafi bent bæði stefnda og skoðunarmanninum á. Gegn þessum mótmælum stefnanda hefur stefnda ekki tekizt að sanna staðhæfingu sína um frekari galla á bátnum en stefnandi telur. Auk þessa hafði stefndi rannsakað bátinn, áður en kaupin gerðust, og samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 39 frá 1922 getur hann því ekki eftir á borið fyrir sig framangreinda galla, sem hann taldi vera á bátnum. Þessi sýknuástæða verður því heldur ekki tekin til greina.

Með skírskotun til framanritaðs og þar sem ekki er leitt í ljós, að söluverð báts og vélar hafi verið ósanngjarnt, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Benediktsson, greiði stefnanda, Lúther Hróbjartssyni, kr. 2700.00 með 6% ársvöxtum frá 8. október 1945 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október 1947.

Nr. 54/1946. **Anna Pálsdóttir** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
**Þorsteini Sigurðssyni f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur og gagnsök** (Hrl. Magnús Thorlacius).

**Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.**

Mál til endurheimtu ofgreiddrar húsaleigu og bóta vegna útburðar.

**Dómur hæstaréttar.**

Eftir að máli þessu var áfrýjað til hæstaréttar, hefur varnaraðili í héraði, Garðar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, látizt. Hefur ekkja hans, frú Anna Pálsdóttir, haldið málinu áfram hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1946 og krafizt algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í því og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 1. maí 1946. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 17070.10 með 6% ársvöxtum frá 28. maí 1945 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um 1. og 2. kröfulið gagnáfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lækkað 3. kröfulið sinn úr kr. 6500.00 í kr. 1000.00. Samkvæmt þeim skýrslum, er fram hafa komið, þykir bera að taka kröfu gagnáfrýjanda um þá fjárhæð til greina að fullu.

Miskabætur samkvæmt 4. kröfulið gagnáfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar kr. 3500.00.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 920.10 + kr. 1000.00 + kr. 3500.00, eða samtals kr. 5420.10 ásamt 6% ársvöxtum frá héraðsstefnudegi 15. sept. 1945 til greiðsludags. Svo er og rétt, að

aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1400.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Anna Pálsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Þorsteini Sigurðssyni f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur, kr. 5420.10 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1945 til greiðsludags og samtals kr. 1400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. marz 1946.**

Mál þetta, er dómtekið var 25. f. m., hefur Þorsteinn Sigurðsson húsgagnasmíðameistari f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. september s. l., gegn Garðari hæstaréttarlögmanni Þorsteinssyni, Vesturgötu 19 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta o. fl. að fjárhæð kr. 22570.10 með 6% ársvöxtum frá 28. maí 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þessir.

Með úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 17. apríl s. l., var stefnendum máls þessa gert að rýma húsnæði í húsinu nr. 22 við Mánagötu hér í bænum, en hús þetta er eign stefnda, og hinn 28. maí s. á. var framkvæmdur útburður á stefnendum úr húsnæðinu. Úrskurði þessum var skotið til hæstaréttar, og með dómi upp kveðnum 20. júní s. á. var úrskurðurinn felldur úr gildi. Telja stefnendur, að stefnda beri að bæta þeim tjón það, er þær hafi beðið vegna þessa ólögmæta útburðar. Þá hafa þær og gert kröfu til oftekinnar húsaleigu og hitakostnaðar svo og andvirðis rafmagnsskerms, er orðið hafi eftir í húsnæðinu, er útburðurinn fór fram, en ekki verið skilað.

Kröfur sínar hafa stefnendur sundurliðað þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Oftekin vísitöluhækkun og hitakostnaður ..... | kr. | 920.10 |
| 2. Loftskerm(um), óskilað frá Mánugötu 22 ..... | — | 150.00 |
| 3. Viðgerð á herbúð ..... | — | 6500.00 |
| 4. Fégjald fyrir miska ..... | — | 15000.00 |
| Samtals | kr. | 22570.10 |

*Um 1.* Lið þenna kveða stefnendur þann veg til kominn, að stefndi hafi innheimt vísitölufjárhæð á grunnleigugjaldi íbúðarinnar fyrir tímabilið maí 1943 til maí 1944, en slíkt sé óheimilt skv. 6. gr. húsaleigulaganna, þar eð leigumálinn um húsnæðið hafi ekki verið staðfestur af húsaleigunefnd fyrr en 9. maí 1944. Þá hafi stefndi og innheimt hitakostnað vegna upphitunar íbúðarinnar til 24. apríl 1944, en það brjóti í bága við 13. gr. sömu laga, enda hafi verið ákvæði þess efnis í samningi þeim, er gerður var á sínum tíma eða haustið 1942 um umrætt húsnæði, að húseigandi annaðist hita, nema öðruvísi yrði um samið, og væri hiti innifalinn í leigugjaldinu. Ofgreiðsla þessi nemi samtals kr. 920.10.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að þótt vera kunni, að um kröfu samkvæmt lið þessum væri að ræða á hendur sér, þá séu stefnendur máls þessa ekki réttir aðiljar að þeirri kröfu.

Leigutaki íbúðarinnar, Guðlaug Eberhardt, hafi sjálf innt leigugreiðslur af hendi til sín svo og hitagreiðslur fyrir nefnt tímabil, og sé því nú dánarbú hennar eitt, sem eigi aðild að hugsanlegri kröfu vegna þeirra skipta, en ekki stefnendur.

Málsástæðu þessari hreyfði stefndi ekki fyrr en við munnlegan flutning málsins. Þykir því verða að fallast á það með stefnendum, að vörn þessi sé of seint fram borin, og verður því eigi unnt að taka sýknukröfu stefnda til greina á þeim grundvelli.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína, að því er varðar hitakostnaðinn, á því, að sú fasta venja hafi verið komin á, er hann eignaðist umrætt hús, að leigutaki greiddi sérstaklega hitakostnað, og hafi hann einungis fylgt þeirri venju.

Stefnda hefur ekki tekizt að færa fram nein gögn, er sýni, að slíkt hafi tíðkazt, áður en hann eignaðist húsið, og verður því þegar af þeim sökum að hrinda þessari varnarástæðu hans.

Þá telur stefndi, að leigusamningurinn um húsnæðið hafi öðlazt samþykki húsaleigunefndar, er hann eignaðist húsið snemma á árinu 1943, og hafi honum því verið heimilt að hækka húsaleiguna í samræmi við vísitöluna frá þeim tíma.

Í málinu hefur verið lagt fram afrit af nefndum leigusamningi, og er hann samþykktur af húsaleigunefnd þann 9. maí 1944 með þeirri breytingu, að grunnleiga íbúðarinnar er færð nokkuð niður. Hins vegar gefur ekkert til kynna, að leigumáli þessi hafi fyrr verið færður til samþykkis húsaleigunefndar eða öðlazt það, og er því ekki hægt að fallast á þessi rök stefnda.

Loks hefur stefndi bent á, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 95 frá 1945 sé hækkun húsaleigu í samræmi við vísitölu ekki endurkræf, ef húsaleigunefnd staðfesti leigumálann síðar, en hann hafi, eins og sjáist af skjölum málsins, verið staðfestur 9. maí 1944.

Af greinargerð með frumvarpinu til nefndra laga virðist að

vísu mega ráða í, að ætlazt sé til, að lögin kæmu til að verka aftur fyrir gildistökudag sinn.

Hins vegar er ekkert slíkt ákvæði í lögunum sjálfum, og þykir því viðurhlutamikið að telja þau hafa afturvirk áhrif. Með skírskotan til 2. málsgr. 6. gr. sbr. 13. gr. laga nr. 39 frá 1943 þykir því bera að taka þenna lið til greina að fullu.

*Um 2.* Stefnendur halda því fram, að rafmagnsskermur hafi orðið eftir í húsnæðinu, er þær voru bornar út úr því, og hafi honum ekki verið skilað.

Stefnendur hafa ekki lagt fram nein gögn til sönnunar á réttmæti kröfuliðs þessa, og þykir því ekki unnt gegn mótmælum stefnda að sinna honum.

*Um 3. og 4.* Kröfuliðir þessir eru byggðir á því, að stefnendur telja sig hafa beðið allmikið tjón vegna útburðarins. Hafi þær flutt í herbúð inn við Lauganes, og sé fyrri liðurinn áætlaður kostnaður við að koma henni í íbúðarhæft ástand. Þá beri þeim auk þess bætur fyrir miska vegna hins ólögmæta útburðar, en þar eð hann hafi farið fram á ábyrgð stefnda beri honum að bæta þeim allt tjón það, er þær hafi beðið af völdum hans.

Sýknukröfu sína, að því er varðar liði þessa, reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að áður en útburðurinn fór fram, hafi orðið þau vanskil á leigugreiðslu stefnenda, að útburði vörðuðu. Greiðsla fyrir aprílmánuð hafi ekki verið innt af hendi fyrr en 27 dagar voru liðnir af mánuðinum, en samkvæmt ákvæðum leigumálans skyldi leiga greidd fyrirfram fyrir hvern mánuð.

Eins og getur að framan undir lið nr. 1, er leitt í ljós, að stefndi hefur fengið greitt umfram skyldu kr. 920.10. Þykir mega skuldajafna af þeirri fjárhæð við kröfu hans um greiðslu húsaleigu fyrir aprílmánuð, en hún telst hafa numið kr. 170.00. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að vanskil hafi verið fyrir hendi, áður en eða þegar útburðurinn var framkvæmdur, og verður varnarástæða þessi því ekki tekin til greina.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að umgengni stefnenda um húsnæðið hafi verið svo slæm, að leigurétti hafi verið fyrirgert og útburður því heimill.

Sama dag og útburðurinn var framkvæmdur voru að beiðni stefnda dómkvaddir tveir menn til þess að skoða ástand húsnæðisins, og fór skoðun fram næsta dag. Í skoðunargerðinni, sem dagsett er 31. maí 1944, segir m. a. svo:

„Við skoðun á íbúðinni kom í ljós, að engin hreingerning hefur farið fram, þegar leigutaki skilaði henni af sér. En um ástand hennar í heild er þetta að öðru leyti að segja: Í veggi hafa verið reknir óhæfilega margir naglar, þ. e. milli 80 og 90 alls, og hafa við útdrátt á þeim sprungið óeðlilega stór stykki úr múrhúðinni,

stærri en svo, að unnt sé að fylla holurnar í sambandi við venjulega málun. Af þessum sökum verður að mála alla veggi með mun meiri tilkostnaði en ella. Í stofu var miðstöðvarofn laus frá og leiðslum lokað með skrúftöppum; þar var og gat á gólfdúk. Í svefnherbergi var gólfdúkurinn ónýtur á þriggja fermetra kafla, að því er virðist vegna vatnsrennslis. Þar var og brotið lok á rafmagnstengli. Í anddyri var gólfdúki spillt vegna leka úr baðherbergi, sennilega undir þröskuld. Varðandi umgengni í baðherbergi að öðru leyti athugast þetta. Lamir eru brotnar á W.C.-setu, gler brotið á skiptihana við baðker, gormslangan við baðker slitin sundur, gúmmítappa vantar í þvottaskál og baðker. Í eldhúsi þarf að skipta um gólfdúk vegna skemmda af vatnsrennsli. Tappa vantar í eldhúsvask, gluggarúða er brotin og lamir bilaðar á glugga, emaillering brotin af vask, löm brotin af skáp og „elite"-múr kringum vask óeðlilega slitinn og tærður. Af rafeldavél er hurðarlokan biluð."

Báðir skoðunarmennirnir hafa komið fyrir dóm í málinu. Hefur annar þeirra borið og staðfest fyrir dóminum, að ekki hafi verið sóðalega um íbúðina gengið og að skemmdirnar hafi yfirleitt ekki verið stórvægilegar. Framburði hins skoðunarmannsins var mótmælt sem óstaðfestum, en staðfesting fór ekki fram vegna heilsubrests hans. Með skírskotun til þess, sem upp er komið í málinu varðandi umræddar skemmdir, svo og þess, að ekki er leitt í ljós, hvernig ástand íbúðarinnar var, er umræddur leigutaki tók hana á leigu eða er stefndi eignaðist húsið, þá verður ekki talið, að útburður hefði orðið á þeim reistur. Af því, sem að framan er sagt, verður að telja, að nefndur útburður hafi verið ólögmætur, eins og á stóð, og ber stefnda því að bæta stefnendum tjón það, er þær hafa beðið við hann.

Eigi þykir unnt að taka til greina kröfu stefnenda um, að þeim verði bættur allur áætlaður kostnaður við að koma umræddum herbúðum í íbúðarhæft ásigkomulag. Hins vegar þykir verða að telja ljóst, að stefnendur hafi beðið nokkurt beint tjón vegna útburðarins, og þykja þær bætur ásamt bótum fyrir óþægindi og miska, er útburðurinn hafi bakað þeim, hæfilega ákveðnar kr. 3500.00.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnendum kr. 920.10 + 3500.00 eða samtals kr. 4420.10 með 6% ársvöxtum, er reiknast einungis frá stefnudegi, svo og málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 750.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Garðar Þorsteinsson, greiði stefnanda, Þorsteini Sigurðssyni f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur, kr. 4420.10 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1945 til greiðslu-

dags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 27. október 1947.

Nr. 18/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn
**Sigurði Guðna Gíslasyni**
(Hrl. Einar Ásmundsson).

**Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Manndráp af gáleysi. Brot gegn löggjöf um umferð.

**Dómur hæstaréttar.**

Flughálka var á vegi þeim, er slysið varð á, og var ákærða um það kunnugt, þar sem hann hafði ekið þar um skömmu áður. Hann sá til drengjanna á sleða um 100 metra fram undan sér, en þeir voru 7 og 8 ára að aldri, og mátti hann því gera ráð fyrir barnalegum viðbrigðum af þeirra hendi. Þrátt fyrir þetta ók hann með 30—40 km hraða niður töluverðan halla, án þess að hafa keðjur á hjólum bifreiðarinnar, og dró ekkert úr hraðanum, er hann ætlaði að aka fram úr drengjunum vinstra megin við þá, enda gat hann ekki stöðvað bifreiðina á skemmra færi en 29 metrum, eftir að árekstur hafði orðið milli hennar og sleðans. Ákærði hefur því með stórkostlegu gáleysi við akstur orðið valdur að dauða drengsins Guðmundar Jóns Jóhannssonar, og varðar brot hans við 26. og 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. og 4. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða varðhald. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber og að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Mál þetta var flutt í hæstarétti í marzmánuði 1946, en héraðsdómur var þá ómerktur. Hefur þetta valdið drætti á rekstri málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðni Gíslason, sæti varðhaldi 6 mánuði.

Hann er sviptur leyfi til að aka bifreið ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Einars Ásmundssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Hafnarfjarðar 7. júní 1946.**

Ár 1946, föstudaginn 7. júní, var í aukarétti Hafnarfjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins, Suðurgötu 8 í Hafnarfirði, af Guðmundi Í. Guðmundssyni bæjarfógeta, upp kveðinn eftirfarandi dómur í málinu: Réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Guðna Gíslasyni, sem tekið var til dóms 3. júní s. l.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Guðna Gíslasyni bifreiðarstjóra, Vesturkoti, Hvaleyri, fyrir brot gegn XXIII kafla alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1½ 1940, bifreiðalögum nr. 23 frá 1⅙ 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 1⅙ 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. júlí 1905, og hefur ekki sætt sekt né dómi fyrir neitt lagabrot.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 23. nóv. 1944 var ákærði Sigurður Guðni Gíslason að sandflutningi með bifreiðinni G 424. Stóð til að byrja á að aka sandi utan frá Hvaleyri inn á flugvöll í Reykjavík, en þar sem fyrir lá pöntun á sandbíl innan úr Langholti, tók hann fyrir að fara fyrstu ferðina þangað. Reykjavíkurbrautin var að kalla auð frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, svo ákærði setti eigi keðjur á hjól bifreiðarinnar, þó hann færi útúrkrók þessa einu ferð og æki Sléttuveg, sem reyndist síðar að vera klakaður og háll.

Eftir að ákærði hafði skilað af sér sandinum um kl. 20 mín. yfir 10 f. h. umræddan dag, hélt hann til baka og ók fyrst Klifveg, en

beygði síðan inn á Sléttuveg. Um leið kom ákærði auga á tvo drengi á skíðasleða ca. 115 metrum neðar á veginum, og renndu þeir sér í sömu átt og ákærði ók. Drengirnir renndu sér hægra megin á veginum, og sat annar í sætinu, en hinn stóð fyrir aftan og hélt báðum höndum í handfangið á sleðanum, en öðrum fæti stóð hann á sleðajárninu, og spyrnti áfram með hinum fæti. Þegar ákærði átti eftir ca. 40 metra til drengjanna, gaf hann hljóðmerki, sem drengur sá, er stýrði sleðanum, heyrði, og vék hann sleðanum enn meir til hægri, svo að segja fast út á hægri vegarbrún. Um leið gaf annar drengjanna merki með því að rétta út eða veifa með hendinni vinstra megin, og virtist ákærða það vera drengurinn, er var í sætinu, sem merkið gaf. Ákærði skildi merkið svo, að drengurinn væri að gefa til kynna, að bílnum væri óhætt að halda áfram þeim megin. Er þetta var, telur ákærði, að hann hafi ekið með ca. 30 km hraða á klst., tæplega hraðar, en sleðinn farið eitthvað hægar, því rétt á eftir var ákærði kominn móts við sleðann.

Ók ákærði eftir vinstri brún vegarins, en sleðinn fór alveg eftir hægri brún, og gizkaði ákærði á, að bilið milli þeirra hefði verið sem svarar tveimur föðmum. Leit ákærði nú út, og var sleðinn þá móts við hús bifreiðarinnar aftan til, en beygði þá snögglega þvert inn á veginn og rakst á bifreiðina aftarlega.

Ákærði hemlaði þegar bílinn með fót- og handbremsum, en vegna þess að flughált var á veginum, rann bíllinn áfram um 29 metra, þar til hann stöðvaðist.

Ákærði fór út úr bílnum og sá þá, að annar drengjanna lá á götunni skammt frá, en hinn drengurinn stóð yfir honum. Hljóp ákærði til þeirra, og er hann kom að, sá hann strax, að ekki var lengur lífsmark með drengnum, sem lá á götunni, enda hafði hann mikinn áverka á höfði, og fossaði blóðið út um nasir hans.

Ákærði tók líkið upp og lét það á bílinn og breiddi yfir. Drengurinn, sem fyrir slysinu varð, hét Guðmundur Jón Jóhannsson, f. 4. júní 1936, en með honum var bróðir hans, Þórir Hörður, 7 ára, en foreldrar þeirra eiga heima í Fögruhlíð, sem er þarna stutt frá. Ákærði fór þangað og tilkynnti móðurinni slysið, en faðirinn var staddur í Blönduhlíð, sem er þar nokkuð burtu. Ákærði fór þangað, og þaðan var símað til lögreglunnar í Reykjavík, sem kom brátt á slysstaðinn.

Lík drengsins var flutt á Landsspítalann og við líkskoðun kom í ljós, að stórt beinstykki hafði brotnað úr aftanverðri hauskúpunni og rekizt inn í heila og valdið dauða samstundis. Hinn drengurinn hafði marizt lítils háttar á fæti, en ekki hlotið önnur meiðsl.

Frásögn um atvik að slysinu er samkvæmt framburði ákærða, með því að drengurinn, sem eftir lifði, gat ekki gert sér grein fyrir, hvernig slysið bar að, og aðrir sjónarvottar voru ekki.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar reyndist bifreið ákærða í lagi

eftir slysið. Ákærði var óþreyttur og vel fyrirkallaður, er þetta kom fyrir.

Sléttuvegur var háll og svellaður, svo hvorki markaði fyrir bíl eða sleðaförum.

Eins og áður er tekið fram, gaf ákærði hljóðmerki í hæfilegri fjarlægð, áður en hann náði sleðanum, og munu drengirnir hafa báðir heyrt það, þar sem sá, er stýrði sleðanum, vék fast út á hægri brún vegarins, en hinn virtist hafa gefið merki með hendinni. Breidd vegarins á þessum stað mun vera það mikil, að 2—3 metra bil a. m. k. hefði átt að geta verið milli sleðans og bílsins, þegar hann fór fram hjá. Rétturinn verður því að telja, að ákærði hafi ekki sýnt gáleysi í að aka, eins og hann gerði. Það virðist ekki hægt að rekja orsök slyssins til þess, að bílstjórinn hafði ekki keðjur á hjólunum, né þess, að hann hafi ekið með of miklum hraða eða sýnt sérstaka óaðgæzlu, með því að slysið bar að með svo óvæntum og skjótum hætti, að ekkert ráðrúm gafst til að hemla og stöðva bílinn fyrr en um seinan.

Að öllu þessu athuguðu, getur rétturinn eigi talið ákærða bera refsiverða ábyrgð á dauða drengsins Guðmundar Jóns Jóhannssonar, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

En með því að aka bifreiðinni án þess að hafa keðjur á hjólum á hálum vegi og eftir atvikum of hratt hefur ákærði brotið 26. og 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og 4. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 16. júní 1941. Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars Ásmundssonar, kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurður Guðni Gíslason, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi fimmtán daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. október 1947.

Nr. 50/1946. **Réttvísin** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Jens Björgvin Pálssyni**
(Hrl. Einar Arnórsson).

Landráð.

**Dómur hæstaréttar.**

Bandaríki Norður Ameríku fóru samkvæmt samningi frá 10. júlí 1941 með hervernd Íslands á þeim tíma, er ákærði játaðist undir að fremja njósnir fyrir herveldi, sem átti í styrjöld við Bandaríkin, og sendi í framhaldi af því veðurskeyti utan af hafi til fyrirsvarsmanna greinds herveldis. Fræðsla, er íslenzkir menn veittu óvinaríki Bandaríkjanna um atriði, sem því mátti að haldi koma í styrjöldinni, og aðstoð íslenzkra manna við hernað slíks óvinaríkis Bandaríkjanna miðaði samkvæmt þessu að því að veikja viðnámsþrótt íslenzka ríkisins. Athafnir ákærða varða því við 2. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1940 auk 93. gr. sömu laga. Sending njósnarskeyta þeirra, er fyrr greinir, frá íslenzku skipi, sem gert var út héðan, hlaut og að valda hættu á aukinni íhlutun herstjórna Breta og Bandaríkjamanna um siglingar landsmanna almennt. Þetta mátti ákærða vera ljóst, og varðar athæfi hans því einnig við 88. gr. nefndra laga. Högum ákærða var þannig háttað, að hann gat búizt við harðræðum, ef hann synjaði aðstoðar. Ber af þeim sökum að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af 6. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar er það refsiþyngjandi atriði, að hann varðveitti og leyndi senditæki því, sem honum hafði verið fengið til framkvæmdar njósnarstarfsemi sinni. Olli hegðun ákærða í sambandi við varðveizlu tækis þessa og útbúnaðar þess, að saklausir menn íslenzkir, sem í grandleysi höfðu við munum þessum tekið, voru grunaðir um samsekt í njósnarathöfnum og því fluttir til Bretlands og hafðir þar nokkra mánuði í varðhaldi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 20 mánuði. Samkvæmt lögjöfnun frá 76. gr. sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1940 svo og samkvæmt 76. gr. beinlínis ákveðst, að

varðhaldsvist ákærða vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi komi í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jens Björgvin Pálsson, hefur unnið til 20 mánaða fangelsisvistar, en varðhaldsvist hans vegna máls þessa bæði erlendis og hérlendis skal koma í stað refsingar. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Einars Arnórssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Sératkvæði hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Árna Tryggvasonar.**

Við erum samþykkir forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins að frá skilinni vitnun til 88. gr. hegningarlaganna og rökstuðningi fyrir þeirri tilvitnun. Það varðar ákærða ekki sérstaklega við 88. gr., þar sem lögð er refsing við því að koma af stað eða valda hættu á óumbeðinni íhlutun erlends ríkis, þótt það hlytist af njósnum hans, sem heimfærðar eru undir hin víðtæku refsiákvæði 2. mgr. 89. gr. og 93. gr., að styrjaldaraðili sá, sem falin var með sáttmála hervernd Íslands og þar með vernd gegn hernjósnum, hóf rannsókn vegna atferlis ákærða svo og til prófunar á því, hvort aðrir menn kynnu að vera honum samsekir, en ekkert er fram komið, er bendi til annarrar íhlutunar um íslenzk málefni af hendi herstjórnarinnar vegna hátternis ákærða. Refsiákvæði 88. gr. voru og í núverandi mynd sinni sett aðallega

til verndar gegn misferli, sem sérákvæði X. kafla hegningarlaganna taka ekki yfir. Hin þungu viðurlög, sem 93. gr. og 2. mgr. 89. gr. leggja við því að veikja með njósnum viðnámsþrótt íslenzka ríkisins á styrjaldartímum, taka einnig til þess þáttar í atferli ákærða, að af því hlauzt eða kynni að hljótast rýrt athafnafrelsi íslenzkra aðilja vegna rannsókna ríkis þess, sem herverndin var fengin, á hernjósnum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1946.**

Ár 1946, þriðjudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af Bergi Jónssyni sakadómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 3655/1945: Réttvísin gegn Jens Björgvin Pálssyni.

Málið er höfðað gegn ákærða að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn X. kafla almennra hegningarlaga. Það var dómtekið hinn 17. október s. l.

Ákærði er Jens Björgvin Pálsson loftskeytamaður, til heimilis hér í bæ. Hann er fæddur 9. marz 1916 í Reykjavík. Hann hefur sætt þessum refsingum:

1937 $^{1}/_{9}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 $^{28}/_{12}$ Sætt 20 kr. sekt fyrir brot á 4. og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Ákærði var loftskeytamaður á mótorskipinu Arctic, sem var í eigu fiskimálanefndar. Skip þetta kom með farm til Vigo á Spáni hinn 20. desember 1941. Þar dvaldist skipið sakir ýmis konar tafa fram til 15. febrúar 1942, er það lagði af stað til Íslands aftur.

Skömmu áður en skipið fór frá Vigo, kom skipstjóri þess, sem nú er látinn, á fund ákærða og tjáði honum, að hann væri kominn í samband við Þjóðverja, sem hefðu beðið sig að senda veðurskeyti á leiðinni til Íslands, og kvað þá hafa haft í hótunum, að skipið myndi ekki komast lengra en út fyrir landhelgislínu Spánar, nema gengið væri að þessu. Að sögn ákærða, kvað skipstjóri það vera sitt álit, að þeir yrðu að ganga að þessari kröfu Þjóðverjans, og það væri einnig álit íslenzka konsúlsins þar, en hins vegar kvaðst skipstjóri ekki mundu neyða hann til eins eða neins í þessu sambandi.

Eftir að ákærði hafði haft umhugsunarfrest, gekk hann með skipstjóra á fund íslenzka konsúlsins, og komu þá einnig til hans nokkrir Þjóðverjar. Þjóðverjarnir lögðu fyrir hann að taka við senditækjum og senda veðurskeyti til þeirra á leiðinni heim. Hét ákærði því. Síðar fóru þeir fram á, að hann sendi einnig veðurfregnir frá Íslandi, og lofaði ákærði að gera það, ef hann gæti. Þá

fóru Þjóðverjarnir fram á, að hann sendi fregnir um skipalestir, er hann yrði var við á leiðinni. Kveðst ákærði hafa svarað því svo, að hann sæi hvað setti, og mundi gera það, ef hann sæi fram á, að hann yrði ekki miðaður, en það kveðst hann hafa óttazt og bent Þjóðverjunum á. Loks lögðu þeir fyrir ákærða að senda sér blöð og blaðaúrklippur frá Íslandi, eftir að hann væri þangað kominn, og hét hann því. Í öllum þeim viðtölum, er ákærði átti við Þjóðverjana, kveður hann þá hafa sífellt ógnað sér með því, að þeir myndu láta sökkva skipinu á leiðinni, ef hann ekki gengi að þessum kröfum þeirra, og kveðst hann hafa játazt undir þetta einungis vegna þessara ógnana og vegna þess, að hann taldi sér ekki fært að neita þeim og eiga á hættu, að Þjóðverjarnir efndu þær og sökktu skipinu og týndu mannslífum.

Þeir ákærðu og skipstjóri tóku síðan við senditæki af Þjóðverjunum ásamt coda. Á þetta senditæki kveðst ákærði hafa á heimleiðinni sent 7 veðurskeyti, það síðasta, er skipið var ca. 200 mílur suður af Íslandi. Hann telur veðurfregnir sínar hafa verið ónákvæmar.

Er þeir komu upp undir land, varð orðræða með þeim ákærða og skipstjóra um, hvað gera skyldi við senditækið og codann, og varð það úr, að skipstjóri kom tækinu í land, en ákærði codanum.

Ákærði segir, að Þjóðverjarnir hafi ekki talað um greiðslu fyrir þetta. En síðar kom skipstjóri til hans og afhenti honum 1400 eða 1500 peseta fyrir starf hans. Kvaðst skipstjóri sjálfur hafa fengið sömu greiðslu. Sömu upphæð áttu þeir og að fá greidda, er þeir kæmu aftur, og átti hún að geymast hjá íslenzka ræðismanninum. Var þetta fé framboðið af Þjóðverjunum, en þeir ákærði og skipstjóri voru á einu máli um það, að ekki væri fært að neita að taka við fénu. Hins vegar kveður ákærði, að miðað við atvinnutekjur sínar hafi þessi upphæð verið sér harla lítils virði.

Svo fór sem ákærða hafði órað fyrir, að stöð hans var miðuð, og var hann því handtekinn af brezkum hernaðaryfirvöldum ásamt allri skipshöfn skipsins í aprílmánuði 1942. Var ákærði síðan hafður í haldi hjá hernaðaryfirvöldunum allt fram til 3. ágúst s. l., er hann var afhentur íslenzkum yfirvöldum í því skyni, að mál hans yrði tekið til meðferðar hér, og var hann þá úrskurðaður í gæzluvarðhald og sat í því þar til 14. s. m.

Með því að ráðast í þessa þjónustu Þjóðverja hefur ákærði gerzt sekur við 93. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Hins vegar verður að virða honum til vorkunnar þær hótanir, sem hann var beittur, er ekki vörðuðu einungis líf hans, heldur og allrar skipshafnar skipsins, og ekki er ástæða til að rengja frásögn hans um, svo og það, að Þjóðverjarnir virðast hafa haft fulltingi íslenzka ræðismannsins til þessarar framkomu sinnar. Ber að taka tillit til þess til refsilækkunar samkvæmt 74.

gr. 6. tölul. almennra hegningarlaga. Þykir því eftir atvikum refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald. En með tilliti til hinnar löngu frelsissviptingar, er hann hefur þegar þolað, þykir mega ákveða, að refsing hans falli niður samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga beinlínis og analogice. Þá þykir og rétt að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Arnórssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin 1000 krónur.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dráttur sá, sem orðinn er á dómsuppsögn, stafar af annríki dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Jens Björgvin Pálsson, sæti 3ja mánaða varðhaldi.

Með tilliti til langvarandi frelsissviptingar hans undir meðferð málsins skal refsivist hans falla niður.

Áærði skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Arnórssonar hrl., kr. 1000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 28. október 1947.

Nr. 29/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Einar Arnórsson)
gegn
**Þorsteini Axel Tryggvasyni**
(Hrl. Lárus Jóhannesson).

**Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Það athugast, að aðeins var byrjað að rökkva, þegar slys það varð, sem í málinu greinir. Að öðru leyti er atvikum málsins rétt lýst í héraðsdómi, og verður að telja, að ákærði

hefði getað afstýrt slysinu, ef hann hefði sýnt fullkomna aðgæzlu. Auk refsiákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir, hefur ákærði einnig gerzt brotlegur við 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða rétti til að stjórna bifreið 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Axel Tryggvason, greiði kr. 3000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna bifreið 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. janúar 1947.**

Ár 1947, þriðjudaginn 14. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni, settum sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 85/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Þorsteini Axel Tryggvasyni, sem tekið var til dóms hinn 7. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorsteini Axel Tryggvasyni bifreiðarstjóra, Kringlumýrarbletti 23 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. marz 1915, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Um kl. 16,15 mánudaginn 18. nóvember s. l. varð drengurinn Jóhann Kristinn Gunnarsson, fæddur 24. desember 1943, til heimilis á Hverfisgötu 102 A, fyrir vörubifreiðinni R 905 á Skúlagötu og beið samstundis bana. Ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrirkallaður, ók bifreiðinni án ækis og var einn í henni. Veður var bjart, gata þurr, malborin, en rökkvað. Ákærði öðlaðist bifreiðastjóraréttindi á síðastliðnu sumri og keypti þá bifreiðina og hafði stundað akstur hennar í um þrjá mánuði fyrir slysið. Bifreiðin var gömul, af gerð 1931, og var að sumu leyti ábótavant. Hraðamæli vantaði í hana, þegar ákærði keypti hana, og hafði hann, þegar slysið varð, ekkert gert til að bæta úr því. Framvari hennar hafði brotnað hálfum mánuði fyrir slysið, og kveðst ákærði hafa gert ráðstafanir til að fá úr því bætt, en ekki hafi það verið komið í kring fyrir slysið. Vinstra afturhjólið var laust á öxli, og hafði ákærði reynt að gera við það, en ekki tekizt. Tveimur eða þremur dögum fyrir slysið hafði ákærði orðið þess var, að stýrisvélin var laus í grindarfestingu, og var það ætlun hans að láta gera við það, en ekki hafði orðið úr framkvæmd þess, þegar slysið varð. Við skoðun bifreiðaeftirlitsmanna á bifreiðinni eftir slysið fundust þessir gallar, og enn fremur reyndist vinstri framhjólsfelgufesting laus, en þess hafði ákærði ekki orðið var. Bifreiðaeftirlitsmennirnir, sem skoðuðu bifreiðina, hafa vottað, að hemlar hennar hafi verið í því ástandi, að hvorki megi telja þá góða né heldur slæma, og heldur annar eftirlitsmannanna því fram, að þeir hafi verið í svipuðu ástandi og hemlar í jafngömlum bifreiðum og þessari séu almennt. Handhemlarnir voru talsvert kraftmeiri en fóthemlarnir. Ljós bifreiðarinnar voru í lagi og útsýn úr stýrishúsi góð.

Þegar slysið varð, ók ákærði bifreiðinni vestur Skúlagötu, ca. 2 metra frá syðri götubrún samkvæmt framlögðum uppdráttum, á 15—17 km hraða, miðað við klukkustund, að hans sögn, en á 15—20 km hraða, miðað við klukkustund, samkvæmt eiðfestum framburði vitnisins Petrúnar Gunnþórunnar Sigurðardóttur, skála nr. 2 við Háteigsveg, sem var eini sjónarvottur slyssins. Sunnan og austan móta Skúlagötu og Barónsstígs stendur langur herskáli, og við austurenda hans er skáli, sem er inngangur í teppagerð, en milli þessa inngangs og enda langa skálans er vik. Vestan til við miðju norðurhliðar langa skálans er lítið vik inn í skálahliðina. Skálinn liggur eigi samsíða gangstéttarbrúninni norðan hans. Er bilið frá skálan-

um að gangstéttarbrún 5—10 metrar, mest austast, minnst vestast. Götulýsing var eigi önnur á slysstaðnum en 150 vatta pera í norðausturhorni skálans. Þegar ákærði kom á móts við skálann, sá hann engan framundan, hvorki drenginn né Petrúnu, sem þó var á gangi austur syðri gangstétt Skúlagötu, framan við skálann. Allt í einu sá ákærði drenginn hlaupa norður yfir götuna í veg fyrir bifreiðina, skjótast fyrir bifreiðina, og var þá mjög lítið bil milli hennar og drengsins, á að gizka hálfur metri. Við þessa sjón kom fát á ákærða, og telur hann sig ekki hafa hemlað bifreiðina þá þegar. Skipti það svo engum togum, að bifreiðin ók yfir drenginn, en þegar það hafði gerzt hemlaði ákærði, og nam þá bifreiðin mjög brátt staðar. Ákærði fór þá út úr bifreiðinni. Hafði þá áðurnefnd Petrún tekið drenginn upp og hélt á honum. Ákærði tók við drengnum af henni og fór með hann í Landsspítalann í bifreið, sem þarna bar að. Ekki sá ákærði þá neitt lífsmark með drengnum, og blæddi mikið úr höfði hans.

Vitnið Petrún Gunnþórunn Sigurðardóttir hefur borið, að þegar hún gekk austur með skálanum og var stödd nálægt miðju skálans, hafi hún séð drenginn koma út úr viki eða sundi milli skála og hlaupa fremur hratt þvert út á götuna. Segir eigi hafa verið skemmra frá sér að drengnum, þegar hann hljóp út á götuna, en 2—3 metra. Hún sá svo drenginn hlaupa fyrir bifreiðina. Segir hún, að drengurinn hafi hlaupið alveg fyrir bifreiðina og eiginlega á bifreiðarhjólið, og virtist henni bifreiðarstjórinn ekki hafa, eins og á stóð, ráðrúm til að afstýra slysinu. Henni virtist drengurinn fyrst verða fyrir vinstra framhjóli bifreiðarinnar, sá hann síðan veltast undir bifreiðinni og hún heldur, að vinstra afturhjól hafi einnig farið yfir hann. Hún ber, að þegar bifreiðin hafi numið staðar, hafi drengurinn legið allt að því bifreiðarlengd aftan við hana. Vitnið hljóp strax til drengsins og tók hann upp, en sá ekki lífsmark með honum. Í sömu svifum kom ákærði að og tók við honum, eins og áður segir.

Framburður þessa vitnis er staðfestur með eiði.

Vitnið Guðmundur Hansson, Kjartansgötu 10, sem var að vinna í teppagerðinni, þegar slysið varð, kom á slysstaðinn rétt eftir slysið og sá þá hemlaför eftir R 905 frá blóðpolli í götunni að afturenda hennar, þar sem hún stóð, og virtist honum hemlaförin vera greinilegri hægra megin. Önnur vitni, sem á slysstaðinn komu rétt eftir slysið, hafa ekki getað gefið neinar skýrslur, er máli þykja skipta, um það, hvernig slysið varð. Það er upplýst, að drengurinn, sem varð fyrir slysinu og var að öllu leyti eðlilegt barn, var í þetta sinn gæzlulaus úti. Hann var klæddur ljósgráum samfesting og hafði dökkgræna prjónahúfu á höfði. Af málavöxtum, sem nú hefur verið lýst, þykir sýnt, að aðalástæða slyssins hafi verið sú, að drengurinn hljóp út á götuna í veg fyrir bifreiðina. Þetta gerðist í dimmu á stað, sem eigi var gæzlulausra smábarna von á, og hefur

hvort tveggja valdið því, að ákærði sá ekki drenginn fyrr en raun varð á. Drengurinn hlýtur þó að hafa verið svo langa stund að hlaupa frá skálanum í veg fyrir bifreiðina, að ákærði hefði séð hann fyrr en hann gerði, ef hann hefði veitt öllum kringumstæðum við aksturinn nána athygli, sem krefjast verður af stjórnendum ökutækja. Enn fremur bar ákærða að hemla bifreiðina, um leið og hann kom auga á drenginn, enda þótt það hefði, ef til vill, þá verið orðið um seinan að forða slysi. Vera má, að afleiðingar slyssins hefðu orðið aðrar, ef ákærði hefði gætt þessa. Samkvæmt þessu hefur gáleysi ákærða að nokkru leyti valdið bana drengsins, og hefur hann því gerzt brotlegur við 215 gr. hegningarlaganna og enn fremur við 2. gr. og 4. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Með því að aka bifreið án hraðamælis hefur ákærði brotið 9. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna, en aðrir ágallar bifreiðarinnar þykja eigi varða refsingu samkvæmt bifreiðalögunum. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða fyrir framangreind brot hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Svo ber og að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Axel Tryggvason, sæti varðhaldi í 30 daga og er sviptur bifreiðastjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. október 1947.

Nr. 27/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Hávarði Kristjánssyni, Sigurði Þorbirni Guðmundssyni og Lúther Norðmanni Stefánssyni**
(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Þjófnaður. Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með því að fá ákærða Sigurði Þorbirni, sem var undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar sinnar hefur ákærði Hávarður brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti varða athafnir ákærðu við refsiákvæði þau, er í héraðsdómi greinir.

Refsing ákærða Hávarðs þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, og refsing ákærða Sigurðar Þorbjarnar 45 daga fangelsi óskilorðsbundið. Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Lúthers Norðmanns þykir mega staðfesta svo og ákvæði héraðsdóms um sviptingu kosningarréttar hinna ákærðu og kjörgengis.

Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og 39. gr. sbr. 20. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærðu Hávarð og Sigurð Þorbjörn ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist. Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Hávarður Kristjánsson sæti fangelsi 3 mánuði og ákærði Sigurður Þorbjörn Guðmundsson fangelsi 45 daga. Þeir eru sviptir ökuleyfum sínum ævilangt.

Ákærði Lúther Norðmann Stefánsson sæti fangelsi

30 daga. En fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla eftir 2 ár frá uppsögu héraðsdóms, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Ákærðu eru allir sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist. Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. september 1946.**

Ár 1946, föstudaginn 20. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1210—1212/ 1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Hávarði Kristjánssyni, Sigurði Þorbirni Guðmundssyni og Lúther Norðmanni Stefánssyni, sem tekið var til dóms hinn 3. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hávarði Kristjánssyni bifreiðarstjóra, Álfhólsvegi 63 í Seltjarnarneshreppi, Sigurði Þorbirni Guðmundssyni verkamanni, Herskólakamp 19 hér í bæ, og Lúther Norðmanni Stefánssyni verkamanni, Skólavörðuholti 24 A hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, og auk þess gegn tveimur hinum fyrrnefndu fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði Hávarður Kristjánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. október 1906, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1926 $2\frac{1}{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1927 $1\frac{1}{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1928 $1\frac{1}{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1929 $\frac{1}{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1929 $2\frac{1}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930 $1\frac{1}{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $1\frac{1}{5}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 8/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og skaðab. kr. 96.50 fyrir óspektir.
1931 24/9 Kærður fyrir ölvun og smáþjófnað, sektaður um 50 krónur og hinu stolna, sem var 25 kr. virði, var skilað aftur.
1931 19/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 14/5 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 11/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 20/11 Sátt, 60 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 15/4 Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun og árás á vaktmann.
1933 27/11 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 28/3 Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.
1934 8/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 20/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 28/1 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 6/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 3/4 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 21/5 Dómur aukaréttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
1935 11/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 26/7 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 2/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 6/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 4/8 Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
1940 18/8 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 16/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 26/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 25/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 21/2 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
1942 24/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 19/7 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 6/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 6/1 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ólöglega vinneyzlu á veitingastað.
1944 25/8 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.
1945 7/4 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 17/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Siglufirði:

1929 9/7 60 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og barsmíð.
1929 12/9 50 kr. sekt fyrir götuóspektir.
1936 7/7 30 kr. sekt fyrir götuóspektir.

Ákærði Sigurður Þorbjörn Guðmundsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. janúar 1915. Hinn 3. ágúst 1944 sætti hann 40 króna sekt fyrir að aka bifreið með lélega hemla, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Lúther Norðmann Stefánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. júní 1920. Hinn 20. október 1945 sætti hann 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

I.

Aðfaranótt 31. janúar s. l. var ákærði *Hávarður* undir áhrifum áfengis hér í bænum. Hann hitti þá Anton Guðjónsson bifreiðarstjóra, Þóroddsstaðabragga 18, og bað hann að aka sér heim. Anton gerði það og ók áleiðis heim til Hávarðs með hann og pilt einn í bifreiðinni.

Þegar þeir komu suður á Digraneshálsinn, lenti bifreiðin í hvarfi á veginum og festist. Þeir, sem í henni voru, reyndu að ná henni upp úr, en án árangurs. Þeir reyndu þá að fá bifreiðar í grenndinni til að draga bifreiðina upp úr með, en tókst það ekki heldur. Þá fór Hávarður í heimildarleysi í vörubifreiðina R 2184, sem stóð í grennd við Álfhólsveg 36 og er eign Björns Eggertssonar, sem þar á heima, sleit í henni rafþræði og tengdi þá saman þannig, að hún var sett í beint samband, sem kallað er. Ekki segir hann vél bifreiðarinnar þó hafa farið í gang, og telur Anton, sem þarna var nálægur og reyndi að hindra þetta, það rétt vera. Hávarður lét nú bifreiðina renna nokkurn spöl undan brekku, ca. 2 lengdir bifreiðarinnar telur Hávarður, en Anton telur spölinn hafa verið ca. 15 metra, en endir þessa varð sá, að bifreiðin rann út í móa og sat þar föst. Yfirgaf Hávarður þá bifreiðina, og kom eigandi hennar að henni næsta morgun, þar sem Hávarður hafði skilið við hana.

Eigandi bifreiðarinnar hefur engar kröfur gert vegna hinnar óheimilu töku bifreiðarinnar, og verður Hávarði því eigi refsað fyrir hana. Hins vegar hefur hann með því að aka bifreiðinni undir áfengisáhrifum brotið 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

II.

Laugardaginn 9. marz s. l. voru ákærðu allir meira og minna saman hér í bænum og neyttu allir áfengis. Þar á meðal er sannað, að ákærði Lúther neytti áfengis inni í veitingastofu einni, og varðar það brot hans við 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaganna. Þeir urðu allir ölvaðir, og um nóttina ók *Sigurður* hinum í bifreið Hávarðs, G 171, heiman að frá sér niður í bæinn og suður Reykjanesbraut. Í grennd við Þóroddsstaði sáu þeir 7 hjólbarða, sem lágu úti í járnskúffu einni, og urðu sammála um að taka þá í heimildarleysi og hafa brott með sér. Virðist Hávarður þó hafa verið með úrtölur um þetta, en látið af þeim. Þeir tóku nú allir hjólbarðana og settu upp í bifreiðina, og ók síðan Sig-

urður bifreiðinni áfram. Á Mjóumýrarvegi rann bifreiðin á hálku út af veginum að aftan og stöðvaðist. Lögreglunni var tilkynnt þetta, og fóru þrír lögregluþjónar á staðinn og handtóku ákærðu.

Hjólbarðar þessir voru undan þungaflutningavögnum og voru eign Öxuls h/f. Voru þeir félaginu mikils virði, og hefur þeim verið komið til skila. Þeir virðast hafa verið allmisjafnir að gæðum, sumir góðir, en sumir mjög slitnir. Með töku hjólbarðanna hafa allir ákærðu gerzt brotlegir við 244. gr. hegningarlaganna.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni daginn eftir þenna atburð játaði Sigurður að hafa verið undir áfengisáhrifum við aksturinn, og blóðsýnishorn, sem úr honum var tekið, sýndi áfengismagn 1.86‰. Við réttarrannsókn málsins gekk Sigurður frá þessari játningu. Lögregluþjónarnir, sem komu að ákærðu á Mjóumýrarvegi, hafa allir borið, að Sigurður hafi þá verið undir áfengisáhrifum, og þykir eigi áhorfsmál að telja sannað, að svo hafi verið og að hann hafi ekið bifreiðinni í því ástandi, eins og hann upphaflega kannaðist við. Með því hefur hann gerzt brotlegur við 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

III.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykja refsingar ákærðu eftir atvikum hæfilega ákveðnar þannig, að Hávarður og Sigurður sæti hvor fangelsi í 45 daga, en Lúther fangelsi í 30 daga. Fullnustu refsingar Sigurðar og Lúthers þykir mega fresta, og skulu þær niður falla, að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 21. gr. áfengislaganna ber að svipta þá Hávarð og Sigurð bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu skulu in solidum greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærðu Hávarður Kristjánsson og Sigurður Þorbjörn Guðmundsson sæti hvor fangelsi í 45 daga. Ákærði Lúther Norðmann Stefánsson sæti fangelsi í 30 daga.

Fullnustu refsinga Sigurðar Þorbjörns og Lúthers Norðmanns skal fresta, og niður skulu þær falla, að 2 árum liðnum

frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu Hávarður Kristjánsson og Sigurður Þorbjörn Guðmundsson eru sviptir bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 31. október 1947.

Nr. 141/1946. **Ólafur B. Björnsson f. h. Bjarna Ólafssonar & Co.**

gegn

**Agnari Norðfjörð & Co. h/f.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur B. Björnsson f. h. Bjarna Ólafssonar & Co., er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Agnari Norðfjörð & Co. h/f, sem mætt hefur í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 31. október 1947.

Nr. 5/1946. **Jónas Sveinsson**

gegn

**Páli Stefánssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónas Sveinsson, er eigi mætir í málinu, greiði

50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Þriðjudaginn 4. nóvember 1947.

Nr. 153/1944. **Þormóður Eyjólfsson**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
**Gesti Fanndal og gagnsök**
(Hrl. Theódór B. Líndal).

Deilt um uppskipunar- og afgreiðslugjald.

**Dómur hæstaréttar.**

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. des. 1944. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 28. febr. 1945 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að afhenda honum þá 90 sekki af fóðurmais og þau 15 stk. af umbúðapappír, sem í málinu greinir, án þess að frekara afgreiðslugjald sé innt af hendi. Svo krefst hann og samtals kr. 2175.99 úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdómsins. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með vætti nokkurra vitna verður að telja sannað, að aðaláfrýjandi hafi hækkað uppskipunar- og afgreiðslugjald á vörum úr 34 krónum í 50 krónur fyrir smálest hverja um mánaðamótin október—nóvember 1942, og að breyting þessi á gjaldinu hafi verið auglýst í vörugeymsluhúsi hans og skrifstofu, svo sem venja hafði verið til áður. Þá hefur gagnáfrýjandi ekki leitt nægilegar líkur að því, að hækkun

gjaldsins hafi verið bersýnilega ósanngjörn. Þykir því bera að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Þormóður Eyjólfsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Gests Fanndals, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

**Dómur bæjarþings Siglufjarðar 2. nóvember 1944.**

Með stefnu, dags. 27. júní s. l., að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, krefst stefnandinn, Gestur Fanndal kaupmaður, Siglufirði, að stefndi, Þormóður Eyjólfsson, afgreiðslumaður og konsúll, Siglufirði, verði dæmdur til þess að afhenda sér 90 sekki af fóðurmais og 15 stk. af pappírsumbúðum, sem stefndi haldi fyrir stefnanda, óskemmt og sér að kostnaðarlausu, og endurgreiða sér kr. 175.99, er hann hafi ofgreitt stefnda, og greiða sér 2000 króna bætur fyrir tjón, er stefnandi hafi beðið við það, að stefndi hafi haldið fyrir honum vörunum, auk málskostnaðar samkvæmt reikningi, til vara eftir mati réttarins, að því er til málskostnaðar komi. Í málflutningnum hefur enginn málskostnaðarreikningur verið lagður fram, og kemur þá aðeins málskostnaðarvarakrafan til greina.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Með skipum Eimskips, sem stefndi er afgreiðslumaður fyrir, fékk stefnandi í nóvember og desember 1942 ýmsar vörur hingað frá Reykjavík, þar af 100 sekki af fóðurmais og 15 stk. af pappírsumbúðum. Fékk stefnandi afhenta 10 sekki af umræddum fóðurmais, en 90 sekkir af fóðurmais og 15 stykki af pappírsumbúðum eru enn hjá stefnda og hafa ekki fengizt afhent enn vegna deilu aðilja um uppskipunargjald það, er greiða beri. Hefur stefndi haldið eftir vörum þessum til tryggingar greiðslu á kr. 412.95, en síðar hafi þó af því greiðzt kr. 9.74 og sé því haldið eftir nú vörunum til greiðslu á kr. 403.21 og auk þess til tryggingar greiðslu á kr. 152.60, sem sé ógreitt uppskipunargjald af vörum, komnum í febrúar 1943. Hafði stefndi krafið stefnanda um kr. 2271.45 fyrir uppskipun vara í nóvember og desember, en stefnandi aðeins af þeim reikningi greitt kr. 1858.50 plús 9.74, og vantar þá á kröfu stefnda kr. 403.21, en stefnandi telur sig hafa ofgreitt kr. 179.99.

Stefndi hafði, að því er hann fullyrðir, hækkað uppskipunar-

gjaldið 1. nóvember 1942 úr 34 krónum á smálest, sem það hafði verið þá að undanförnu, upp í 50 krónur á smálest, en stefnandi, sem véfengir, að þessi hækkun hafi átt sér stað 1. nóvember, heldur eftir 19. desember (1942), telur sér óskylt að greiða nema 34 krónur á smálest. Eru kröfur aðilja, hvors um sig, miðaðar við þetta, stefnanda við 34 króna uppskipunargjald á smálest, en stefnda við 50 krónur á smálest. Kveður stefnandi sig fyrst í janúar 1943, er stefndi afhenti honum uppskipunarreikninginn, hafa fengið að vita um hækkunina á uppskipunargjaldinu, eða rúmum 2 mánuðum seinna en hún átti að ná að gilda frá.

Stefnandi telur hækkun stefnda á uppskipunargjaldinu stríða á móti lögum 99/1942 og auglýsingum nr. 100 frá $^{1}\!/_{12}$ 1942 og á þá við, að hækkunin hafi gerzt eftir $^{1}\!/_{12}$ 1942. Sem sönnun fyrir, að stefndi hafi hækkað uppskipunartaxtann 1. nóvember 1942, tilfærir stefndi hins vegar vottorð Gísla Jónssonar, afgreiðslumanns hjá stefnda, og hefur stefnandi mótmælt því sem röngu og vilhöllu.

Stefndi hefur upplýst í málinu, að uppskipunartaxti hafi verið hjá sér á árinu 1942 sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| jan.—júní ..... | 18 kr. pr. | smálest |
| júli—ágúst ..... | 20 — — | — |
| sept.—okt. ..... | 34 — — | — |
| nóv.—des. ..... | 50 — — | — |

Á sama tíma var vísitalan, sem hér segir, eins og notoriskt er: janúar—júní 183 stig (nema í maí 182), júlí 183 stig, ágúst 195 stig, september 210 stig, október 250 stig, nóvember 260 stig, desember 272 stig.

Í janúar 1943 varð vísitalan 263 stig
Í febrúar 1943 varð vísitalan 262 stig
Í marz 1943 varð vísitalan 262 stig
Í apríl 1943 varð vísitalan 261 stig

Eins og fyrr segir, hækkar október vísitalan, 250 stig, upp í 260 stig í nóvember eða um 4%. Stefndi segist hafa hækkað á sama tíma (1. nóvember) uppskipunargjaldið úr 34 krónum á smálest í 50 krónur eða um 47,06%. Það er notoriskt hér í Siglufriði, að á þeim tíma var grunnkaup verkamanna (líka við uppskipun) óbreytt frá í september 1942. Er því hækkun sú, er stefndi telur sig hafa gert á uppskipunargjaldi 1. nóvember 1942, 47,06% hækkunin, miðuð við 4% hækkun vísitölunnar, ef hækkun uppskipunargjaldsins er miðuð við hækkun tilkostnaðar á uppskipun, þegar hækkun er gerð, að framfluttum ástæðum stefnda, en stefndi hefur enga aðra grein viljað gera fyrir því, hvers vegna hann hækkaði uppskipunargjaldið svo mjög, nema ef marka má af bréfi hans til stefnanda, dags. 8. janúar 1943, að hann telji sig einráðan yfir, hvaða gjald hann setji á uppskipunina.

Þá hefur stefnandi bent á, að stefndi hafi í téðu bréfi til sín frá 8. janúar 1943 tjáð sér, að umkrafið *uppskipunargjald* á umræddum reikningi stefnda til stefnanda *væri* eins *og í* Reykjavík og með því viljað telja sér trú um, að vörugjald til hafnarsjóðs innan lands væri *ekki* innifalið í uppskipunargjaldinu í Reykjavík. Skýrir stefnandi ómótmælt svo frá, að stefndi hafi látið sig fá Reykjavíkurtaxtann yfir upp- og útskipun, en klippt af línuna „upp- og útskipun og móttaka með vörugjaldi". Er þetta afklippta blað lagt fram í þessu máli, og mætti af því draga þá ályktun, að í Reykjavík væri sama almenna uppskipunargjald og það, er stefndi reiknar sér, 50 krónur á smálest, en þegar taxti Reykjavíkur er óskertur sést, að í þessum taxta er innifalið vörugjaldið til hafnarinnar, en ekki í uppskipunargjalds taxta stefnda.

Stefndi kveðst svo hafa haldið sér við fyrrgreint bréf stefnda frá 8. janúar 1943 um, að uppskipunargjald það, er stefndi krefði sig um, væri eins og í Reykjavík, og þar sem vörugjaldið væri í Reykjavík innifalið í uppskipunartaxtanum, hafi hann greitt reikning stefnda, nema vörugjaldið, sem hann hafi greitt hafnarsjóði Siglufjarðar, þar sem Eimskip í Reykjavík hafi í Reykjavík innheimtu vörugjaldsins, en stefndi ekki. Stefnandi kveðst því hafa uppfyllt kröfu bréfs stefnda að greiða honum sem uppskipunargjald sama gjald og leiddi af uppskipunartaxta Eimskips í Reykjavík, en samt fékk stefnandi ekki út vörur sínar hjá stefnda vegna þess, að stefndi krafði stefnanda um uppskipunargjald, sem var vörugjaldinu *hærra* en uppskipunartaxti Eimskips í Reykjavík. Vörugjald af vörum þessum var kr. 403.21, en miðað við 34 króna taxtann, sem stefnandi telur sér aðeins hafa verið kunnur, en ekki annar taxti, hafi hann með þessu greitt stefnda kr. 175.99 meira en sér hafi borið, er miðað sé við þann uppskipunartaxta, er hann vissi um, upphæð, sem stefndi er krafinn um endurgreiðslu á í þessu máli. Kveðst stefnandi hafa innt af hendi greiðsluna undir þeirri forsendu að fá vöruna afhenta, en ekki fengið. Stefndi hafi og viljað dylja sig þess, að Eimskip í Reykjavík hefði vörugjaldið í Reykjavík innifalið í uppskipunargjaldinu og reynt að blekkja sig um þetta með því að senda sér uppskipunartaxta Eimskips, en klippa ofan af honum orðin: „upp- og útskipun og móttaka með vörugjaldi innan lands", til þess að stefnandi sæi ekki blekkinguna.

Hækkun sú á uppskipunargjaldinu úr 34 krónum á smálest upp í 50 krónur eða 47.06% hækkun frá 1. nóvember 1942 telur stefndi hafa verið ákveðna af sér umræddan 1. nóvember og auglýst þá á skrifstofu sinni og afgreiðsluplássi, en stefnandi telur hækkunina ekki gerða fyrr en svo, að hún komi í bága við lög nr. 99/1942 og auglýsingu $^{1}\!/_{12}$ 1942, eða m. ö. o. að hækkunin sé ekki gerð fyrr en eftir 19. desember 1942. Þótt í mótmæltu vottorði pakkhúsmanns stefnda séu nokkrar líkur, sannar það ekkert um, að

stefndi hafi hækkað uppskipunina 1. nóvember, en hins vegar eru það nokkrar líkur fyrir því, að hann hafi ekki gert það fyrr en seinna, þar sem hann lætur ekki kaupmennina í bænum vita af þessari hækkun, hvorki í bréfi til þeirra eða með auglýsingu birtri í einhverju blaði bæjarins fyrr en í janúar 1943. Var þó stefnda í hag að hafa fyrir hendi sannanir fyrir því, að hann hefði hækkað uppskipunargjaldið á þeim tíma, sem hann lét hækkunina gilda frá og a. m. k. hafa sannanir fyrir, að hann hefði hækkað gjaldið fyrir 19. desember 1942, — *ef* hann hefur gert það, — svo að hann yrði ekki tortryggður um að hafa hækkað gjaldið ólöglega eða um að hafa ekki hækkað gjaldið á þeim tíma, er hann rúmum 2 mánuðum síðar vildi láta hækkunina gilda frá. Af þessum ástæðum verður ekki séð fyrir víst, hvort stefndi hefur sett hækkunina á 1. nóvember eða eftir 19. desember 1942 eða einhvern tíma þar á milli. Þá heldur stefnandi því fram, að hækkunin sé ólögleg af því, að hún sé svo há, að okur geti kallazt og alveg ástæðulaus, enda hafi kaupmannafélag Siglufjarðar kært 16. febrúar 1943 yfir hækkun uppskipunargjaldsins, er leiddi til þess, að stefndi varð að lækka uppskipunargjaldið í apríl 1943 niður í 40 krónur á smálest.

Bendir stefnandi á, að annars staðar sé uppskipuargjaldið hvergi nándar nærri eins hátt, og sé þó miklu ódýrara að koma hér vörum í afgreiðsluhúsið á hafnarbryggjunni frá skipshlið en í öðrum bæjum. Stefndi aftur á móti telur það dýrara hér vegna hærra verkamannakaups. Það verður nú að viðurkenna með stefnanda, að þar sem alkunna er, að frá skipshlið við hafnarbryggju, er skipin, sem afgreiða á, leggjast við, og að bryggjuhúsinu, sem stefndi hefur afgreiðslu í, eru ekki nema fáeinir metrar, og því notoriskt styttra að flytja vörurnar frá bryggju í afgreiðsluhús í Siglufirði en í öðrum kaupstöðum, ætti það frekar að leiða til ódýrara uppskipunargjalds hér en annars staðar.

Alkunna er, að grunnkaup verkafólks (líka í skipavinnu eða við uppskipun) hefur ekkert hækkað hér síðan í september 1942, og ætti því hækkun stefnda á uppskipunargjaldi, er hann lætur gilda frá 1. nóvember 1942, ef hún væri eðlileg og sanngjörn, að eiga stoð í hækkandi verkamannakaupi vegna hækkandi *vísitölu*. Miðað við, að hækkun uppskipunargjaldsins hafi raunverulega verið gerð 1. nóvember 1942, er rétt að athuga hækkun vísitölunnar á sama tíma. Eins og fyrr greinir, hækkaði októbervísitalan, 250, í nóvember upp í 260, eða um 4%, samtímis því, að uppskipunargjaldið hækkar úr 34 krónum upp í 50 krónur á smálest hjá stefnda, eða um 47,06%.

Verður þetta að teljast mjög ósanngjarnt, en þó eigi gegn gildandi lögum, ef miðað er við, að hækkunin hafi raunverulega gerzt 1. nóvember, eins og stefndi heldur fram. Til þess að reyna að rétt-

læta þessa hækkun frá sanngirninnar sjónarmiði, hefur stefndi borið fyrir sig hærra kaupgjald hér en annars staðar, en þar sem útreikningum hans um þetta hefur verið mótmælt, enda er tímakaupið ekki einhlítur mælikvarði, ef hér er styttra og þar af leiðandi ódýrara að flytja vörur í afgreiðsluhús en annars staðar, enda er ómótmælt af stefnda þeirri fullyrðing stefnanda, að frá skipshlið að afgreiðsluhúsi sé svo stutt, að bifreiðar þurfi ekki til flutnings varanna, eins og þurfi annars staðar, og geri þetta uppskipunina hér kostnaðarminni en annars staðar. Verður því að telja, að þótt stefnda hafi eigi á nokkurn hátt tekizt að sýna fram á sanngirni hækkunar uppskipunargjaldsins, þá séu engin lagaákvæði, sem banni stefnda að hækka uppskipunargjaldið svo mjög, ef hækkunin hafi farið fram fyrir 19. desember 1942 og um leið og vörurnar komu. Þetta verður að telja rétt, þótt stefnandi hafi, ómótmælt af stefnda, haldið fram, að önnur skipaafgreiðsla í Siglufirði hafi aðeins tekið 34 krónur á smálest í uppskipunargjald af vörum, er komu til Siglufjarðar á sama tíma og umræddar vörur stefnanda.

Hins vegar verður að telja það skyldu stefnda að tilkynna slíka hækkun uppskipunargjaldsins helztu viðskiptamönnum, sem hafa rétt til að leggja hækkunina á vörurnar, sem þeir selja öðrum. Verður að telja, að til þess að slík hækkun sé gildandi gagnvart kaupmönnum, hafi stefnda borið að tilkynna slíka hækkun strax og stefndi lagði hana á, annað hvort með bréfi til helztu viðskiptamanna hans eða með auglýsingu í einhverju blaði bæjarins, en þar sem hann hafi hvorugt gert, heldur látið stefnanda, að því er framlagt vottorð allra verzlana í bænum, nema einnar, hermir, og aðra kaupmenn í bænum ekki vita af hækkuninni fyrr en í janúar 1943 og þeir ekki vitað af henni fyrr, þá leiði af því, að hækkunin gegn stefnanda gildi ekki fyrr en frá því í janúar 1943, er hann fær að vita um hækkunina, gildi m. ö. o. ekki fyrir vörur, er komu fyrr og þá því aðeins, að gildandi hækkunarreglum sé fylgt. Stefnandi hefur ómótmælt af stefnda haldið því fram, að stefndi afgreiddi vörur yfir 6000 smál. á ári, og myndi þá hækkunin ein yfir árið nema yfir 100000 krónum, og mismunur á hækkuninni yfir árið og því, sem hann lækkaði uppskipunargjaldið í apríl 1943, nema 60—70 þús. kr. Þar sem um svo mikilvægar fjáhagsráðstafanir er að ræða, verður að telja það enn eðlilegra og sjálfsagðara, að stefndi hefði látið stefnanda og helztu viðskiptamenn sína vita með tilkynningu eða auglýsingu, er hann hækkaði uppskipunargjaldið svo mjög, eins og mál þetta ber með sér.

Stefnandi hefði því eigi þurft að greiða stefnda nema 34 krónur á smálest í uppskipunargjald, en þar sem hann hefur greitt stefnda meira án þess að fyrir liggi í máli þessu sannanir fyrir, að hann hafi greitt með fyrirvara, og fyrir, að hann hafi áskilið sér end-

urgreiðslurétt til þess ofborgaða, ber honum eigi réttur til endurgreiðslu.

Af þessum ástæðum verður eigi hægt að taka til greina kröfu stefnanda um að fá stefnda dæmdan til þess að greiða sér kr. 175.99 sem ofborgað, og ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Skaðabótakröfu stefnanda á stefnda, 2000 krónur, er eigi hægt að taka til greina þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hefur ekki svo mikið sem gert tilraun til þess að reyna að sanna, að hann hafi beðið tjón af haldi stefnda á vörum, því síður 2000 króna tjón. Ber því að sýkna stefnda líka af þeirri kröfu stefnanda.

Hins vegar ber að taka til greina kröfu stefnanda um, að stefndi skili stefnanda 90 sekkjum af fóðurmais og 15 stykkjum af pappírsumbúðum sem óskemmdri vöru, nema að svo miklu leyti, sem stefndi sannar, að varan hafi verið skemmd, er hún kom í geymslu hans. Stefndi hefur mótmælt þessari kröfu stefnanda og talið sig eigi bera ábyrgð á geymslu vörunnar og hefur í því skyni lagt fram farmskírteiniseyðublað með klausu um, að vörur, sem ekki séu sóttar strax, verði látnar í geymslu á ábyrgð og kostnað vörumóttakanda. Farmskírteiniseyðublaðið tryggir ekki skipaafgreiðsluna fyrir ábyrgð á skemmdum á vöru, meðan geymd er, ef skipaafgreiðslan heldur vörunni fyrir móttakanda og hann fær ekki vöruna afhenta, þótt hann eigi heimting á, eins og á sér stað eftir niðurstöðu dóms þessa. Ber stefnda því að afhenda stefnanda vöruna í því ástandi, sem hún var í, þegar stefndi tók hana til geymslu og hélt henni ólöglega fyrir stefnanda og ber ekkert geymslugjald fyrir geymsluna. Líka verður að telja óheimilt hjá stefnda að halda vörum stefnanda, maísmjöli og pappírsumbúðum, sem virðast hafa komið í nóvember 1942, eftir til tryggingar greiðslu uppskipunargjalds, kr. 152.60, af vörum, sem virðast hafa komið í febr. 1943.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 300 krónur í málskostnað.

Dómarinn getur þess, að vegna veikinda og anna í opinberu máli hafi hann ekki getað kveðið dóminn upp fyrr.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Siglufirði, og skipaafgreiðslumaður, skili stefnanda að kostnaðarlausu 90 sekkjum af fóðurmais og 15 stykkjum af pappírsumbúðum í ekki lakara ásigkomulagi en varan var, er stefndi tók vöruna í geymslu.

Svo greiði stefndi stefnanda 300 krónur í málskostnað, en sé sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1947.

Nr. 47/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Níelsi Jóni Hannessyni**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum. Líkamsáverkar. Almannahætta.

**Dómur hæstaréttar.**

Brot ákærða, sem réttilega er lýst í héraðsdómi, varðar við 167. gr. sbr. 165. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Svo varðar það og við 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk þeirra ákvæða bifreiða- og áfengislaganna, sem greind eru í héraðsdómi. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald.

Samkvæmt 39. gr. sbr. 20. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Níels Jón Hannesson, sæti varðhaldi þrjá mánuði.

Hann er sviptur ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

## Sératkvæði hæstaréttardómaranna Jóns Ásbjörnssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Við teljum, að í stað 167. sbr. 165. gr. laga nr. 19/1940 varði brot ákærða við 1. mgr. 168. gr. og 219. gr. sömu laga. Að öðru leyti erum við samþykkir forsendum og niðurstöðu dómsins.

### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. desember 1946.

Ár 1946, miðvikudaginn 4. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af settum sakadómara, Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3761/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Nielsi Jóni Hannessyni, sem tekið var til dóms hinn 26. nóvember sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Nielsi Jóni Hannessyni verkamanni, til heimilis á Kárastíg 9 hér í bæ, fyrir brot gegn XVIII., XXIII. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og málskostnaðargreiðslu.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. apríl 1921 í Reykjavík, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1935 $^{14}/_{10}$ Aðvörun fyrir brot gegn 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1939 $^{16}/_{11}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
1940 $^{9}/_{2}$ Áminning fyrir að hanga aftan í bifreið.
1945 $^{4}/_{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
1946 $^{1}/_{3}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{17}/_{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt þriðjudagsins 13. ágúst s. l. laust eftir miðnætti, var tilkynnt á lögreglustöðina, að slys hefði orðið við húsið nr. 23 við Njálsgötu hér í bæ. Lögregluþjónarnir Lárus Salómonsson, Kristinn Óskarsson og Guðmundur Helgason fóru á staðinn og komust þá að raun um, að bifreiðin R 3378 hefði þá skömmu áður runnið mannlaus niður Káratorg, er liggur upp af fyrrnefndu húsi, handan Njálsgötu, og hefði hún staðnæmzt á áðurnefndu húsi og þá rekizt á tvo vegfarendur, er þarna áttu leið um í þessu. Annar þessara vegfarenda, Viktoría Bjarnadóttir kaupkona, Miðstræti 8 B hér í bæ, hlaut alldjúpan skurð á enni við það að kastast inn um rúðu í glugga verzlunarinnar Rínar, sem er þarna til húsa, og auk þess hlaut hún við þetta taugaáfall, og lá af þessum sökum rúmföst í þrjár vikur. Hefur hún eigi náð sér til fulls enn eftir slys þetta. Hinn vegfarandinn, er fyrir bifreiðinni varð, Bjarni Hólm Sigurgarðsson, Mið-

stræti 8 B, hlaut ca. 5 cm langan skurð á hægri fót og sársauka ofan á rist og táliði sama fótar. Báðir hinna slösuðu vegfarenda voru fluttir á slysavarðstofuna, þar sem gert var að sárum þeirra.

Er fyrrnefndir lögregluþjónar komu á staðinn, stóð bifreiðin R 3378 upp við húsið nr. 23 við Njálsgötu, og nam framendi hennar við hlið hússins, en svo virðist eftir frásögn lögregluþjónanna og sjónarvotta að slysinu, er síðar verða nefndir, sem járn, er stóðu fram úr nefndri bifreið, hafi komið í veg fyrir, að allur framendi hennar legðist þétt upp að veggnum, heldur aðeins hafi þessi járn gert það, en milli þeirra hafi verið nokkurt bil. Auk þess hafi vatnskrani, er stóð þarna jarðfastur á gangstéttinni, dregið mjög úr ferð bifreiðarinnar, áður en hún rakst á húsið. Það var þegar augljóst, að bifreiðin myndi hafa tekið að renna niður torgið af mannavöldum, og hófu nú lögregluþjónarnir eftirgrennslan um, hver valdur myndi vera að verknaðinum. Eftirgrennslanir þeirra leiddu brátt til þess, að grunur féll á ákærða, sem vitað var um, að hefði verið mjög ölvaður þessa nótt.

Allir sjónarvottar, sem vitað er um að slysi þessu, hafa verið yfirheyrðir við rannsókn málsins, en það eru, auk þeirra sem fyrir slysinu urðu og fyrr eru nefnd, Lúðvík Valdimarsson, Laugavegi 65, Sveinn Egilsson, Njarðargötu 33, Ásgeir Sigurgarðsson Hólm, Miðstræti 8 B, og Björgvin Jónsson, Bjarnarstíg 4. Framburðir þessara vitna eru mjög í samræmi hverir við aðra. Öllum ber þeim saman um, að bifreiðin R 3378 hafi allt í einu tekið að renna niður Káratorg, og hafi engum togum skipt, þar til hún rakst á húsið nr. 23 við Njálsgötu. Hafi þetta gerzt með svo skjótri svipan, að vart hafi unnizt tími til að aðvara þau Viktoríu og Bjarna, son hennar, eftir að séð varð, að bifreiðin stefndi á þau. Hafi bifreiðin fellt þau á stóra rúðu í verzluninni Rín, og þau kastazt inn úr henni, er hún brotnaði. Yfirleitt ber og vitnunum saman um, að vatnskrani, er fyrr er getið, hafi dregið úr ferð bifreiðarinnar, og enn fremur hefur vitnið Ásgeir Sigurgarðsson Hólm látið í ljós sama álit og vitnið Kristinn Óskarsson lögregluþjónn, að það hafi átt mikinn þátt í því, að ekki hlauzt alvarlegra slys af, að járn, er stóðu fram úr bifreiðinni, hafi rekizt á húsið, en á milli þeirra hafi verið bil, sem þau Viktoría og Bjarni hafi, ef til vill, lent í.

Öll voru þau vitni, er áður voru nefnd, á næstu grösum við slysstaðinn, er þetta skeði, en yfirleitt hafa þau borið það við rannsókn málsins, að þau hafi ekki veitt því athygli strax, er bifreiðin tók að renna niður brekkuna, og hafi því vart unnizt tími til að aðvara þau Viktoríu og Bjarna, eftir að sýnt var, að bifreiðin stefndi á þau. Vitnið Bjarni Sigurgarðsson Hólm, sem farinn var utan til náms, er réttarrannsókn málsins hófst, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni þannig frá, að hann hafi gengið eftir nyrðri gangstétt Njálsgötu ásamt móður sinni, og hafi þau verið stödd móts við

glugga verzlunarinnar Rínar í húsinu nr. 23 við Njálsgötu, er Sveinn Egilsson kallaði til þeirra, að þau skyldu vara sig. Hafi það þá kippt í móður sína, en í þeim svifum hafi bifreiðin rekizt á þau þannig, að föt móður þess hafi festst milli hússins og bifreiðarinnar, og þau bæði kastazt inn um gluggarúðuna, sem að sjálfsögðu mölbrotnaði. Vitnið kveður framvara bifreiðarinnar hafa lent á hægri fæti sínum, og hlaut það áverka af þessu, sem fyrr er lýst. Framburður vitnisins Viktoríu Bjarnadóttur er mjög í samræmi við framburð fyrrnefnds vitnis. Vitnið Viktoría hlaut þá áverka við slysið, er fyrr eru nefndir, og kvaðst það hvergi nærri hafa náð sér að fullu eftir áfallið, er það var yfirheyrt rúmum mánuði eftir að slysið skeði. Við rannsókn málsins hefur einnig verið kvaddur sem vitni Theódór Nóason verzlunarmaður, Bjarnarstíg 9 hér í bæ, en hann er eigandi bifreiðarinnar R 3378. Vitnið kveðst ekki hafa verið í bænum, er nefndur atburður skeði, en það kveðst hafa gengið úr skugga um, áður en það fór úr bænum 3—4 dögum fyrir slysið, að tryggilega hafi verið frá bifreiðinni gengið, þar sem hún stóð á Káratorgi. Hafi hún að vísu verið ólæst, þar eð vitnið kveðst ekki hafa getað fengið lás á hurð hennar, en það telur, að bifreiðin hafi staðið í bak-gear og að handhemill hennar hafi verið á, og telur það hann hafa haldið örugglega. Vitnið kveður bifreiðina hafa staðið á nefndum stað oft áður, og hafi aldrei fyrr neitt komið fyrir hana þarna.

Þess skal nú getið, að bifreiðin R 3378 er gerð til vöruflutninga, og mun hún vera af þungri gerð.

Þá hafa enn fremur verið kvödd sem vitni systkini ákærða, þau Ástríður Hannesdóttir starfsstúlka, Kárastíg 9 hér í bæ, og Björgvin Kristinn Hannesson sjómaður, til heimilis á sama stað. Framburður vitnisins Ástríðar Hannesdóttur byggist á frásögn vitnisins Björgvins Kristins, og verður hann því ekki rakinn hér, en frumburður vitnisins Björgvins er á þá leið, að þeir bræður, vitnið og ákærði, hafi verið að skemmta sér umrætt kvöld í Alþýðuhúsinu. Hafi þeir neytt allmikils áfengis, áður en þeir fóru og eftir að þangað kom, en síðar hafi þeir keypt brennivínsflösku, en ekki kveðst það muna, hvað hún kostaði, eða af hverjum þeir bræður hafi keypt hana. Er veitingastofum Alþýðuhússins var lokað um kl. 11.30 um kvöldið, kveður vitnið þá hafa ekið tveim stúlkum í leigubifreið vestur að Elliheimili. Vitnið kveður þá bræður báða hafa verið allölvaða, er hér var komið, en telur þó, að það hafi fullkomlega vitað, hvað það gerði, og muna eftir ferli þeirra bræðra. Hafi þeir síðan gengið um Káratorg á heimleið, en þá hafi ákærði allt í einu hlaupið upp í mannlausa bifreið, er þar stóð. Ekki telur það, að ákærði hafi sett bifreiðina í gang, en hún hafi, þegar eftir að hann settist upp í hana, tekið að renna undan brekkunni, og ekki staðnæmzt fyrr en hún lenti á vegfarendum og margnefndum húsvegg. Vitnið kveður ákærða

hafa hlaupið þegar út úr bifreiðinni, er hún tók að renna, og hafi hann nú horfið sjónum þess um stund. Vitnið kveðst hafa reynt að hindra ákærða í athæfi þessu, en það hafi ekki tekizt, einnig hafi tilraunir þess til að stöðva bifreiðina, eftir að hún tók að renna, engan árangur borið. Eftir slysið kveðst vitnið Björgvin Kristinn hafa farið af slysstaðnum, þar eð það taldi sig ekki geta orðið að neinu liði þar, en síðar um kvöldið kveðst það hafa átt tal við lögregluna um þetta og einnig sagt systur þeirra ákærða frá athæfi hans. Vitnið kveður ákærða hafa afdráttarlaust neitað því fyrir því þetta kvöld, að hann væri valdur að slysinu. Það kveður ákærða aldrei fyrr hafa tekið upp á neinu svipuðu þessu, er hann hafi verið undir áfengisáhrifum, er vitnið telur hafa komið fyrir við og við áður, en bæði þessu vitni og systur þess, er fyrr er nefnd, bar saman um það, er þau voru yfirheyrð rúmlega mánuði eftir slysið, að síðan það skeði, hafi þau ekki vitað til, að ákærði bragðaði áfengi.

Ákærði hefur sjálfur skýrt frá málsatvikum í samræmi við framburð bróður hans, Björgvins Kristins, svo langt, sem hann rekur minni til, hvað gerzt hafi nefnt kvöld. En eftir að þeir bræður komu úr ferðinni vestur í bæ, sem fyrr er nefnd, kveðst hann ekki muna neitt, hvorki það, sem stóð í sambandi við það athæfi hans að láta bifreiðina renna af stað, né annað, sem á eftir gerðist. Hann hefur þó talið frásögn annarra af háttsemi sinni rétta, þótt ekki muni hann eftir henni. Ákærði kveður sig hafa verið syfjaðan, þreyttan og illa fyrir kallaðan, er hann tók að neyta áfengis þetta kvöld. Hann kveðst hafa gert nokkuð að því að neyta áfengis áður, og hafi hann þá átt til að láta illa undir áhrifum þess, en aldrei hafi hann tekið upp á neinu svipuðu þessu áður. Ákærði hefur leyfi til að aka bifreið. Húsið nr. 23 við Njálsgötu skemmdist ekki svo teljandi væri fram yfir það, er fyrr segir. Hefur nú málsatvikum verið lýst, eftir því sem ástæða þykir til, byggðum að nokkru á framburði ákærða sjálfs, en að mestu leyti á framburði vitna. Ber þá næst að athuga, hvort ákærði hafi brotið þau ákvæði laga, er mál hefur verið höfðað gegn honum fyrir brot á. Með því að fást ölvaður það við bifreiðina, er jafna má til ölvunar við bifreiðarakstur, sbr. 1. gr. almennra hegningarlaga, telst ákærði hafa brotið 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Þá er og sannað, að ákærði hafi neytt áfengis á veitingastað, þar sem ekki var leyfi til vínveitinga, og hefur hann með því brotið 1. mgr. 17. gr. áfengislaganna, og enn fremur hefur hann með mikilli ölvun og hneykslanlegri framkomu á almannafæri brotið 18. gr. sömu laga.

Eigi verður talið, að brot ákærða sé svo alvarlegs eðlis, að það falli undir 165. gr. hegningarlaganna, sem er sú grein XVIII. kafla hegningarlaganna, sem hér kemur til álita. Eigandi bifreiðarinnar R 3378 hefur lýst því yfir, að hann óski ekki eftir, að ákærða verði

refsað fyrir nytjastuld bifreiðarinnar, ef um hann yrði talið að ræða, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af ákærunni um brot gegn XXVII. kafla hegningarlaganna.

Þar sem þau alvarlegu meiðsl, sem rakin hafa verið, hlutust af tilverknaði ákærða, ber að heimfæra brot hans undir 219. gr. hegningarlaganna. Samkvæmt þessari grein og 37. gr. 1. mgr., 38. gr. og 39. gr. áfengislaganna og 38. gr. bifreiðalaganna og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Eigandi bifreiðarinnar R 3378 hefur lýst yfir, að hann geri engar skaðabótakröfur á hendur ákærða, enda skemmdist nefnd bifreið ekkert, er hún rakst á húsvegginn, og engar skaðabótakröfur hafa heldur fram komið frá öðrum aðiljum á hendur ákærða.

Sú hlið málsins, er snýr að broti Björgvins Kristins Hannessonar á 1. mgr. 17. gr. áfengislaga, hefur verið afgreidd sérstaklega með réttarsátt.

Á rekstri þessa máls hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Dómsorð:

Ákærði, Níels Jón Hannesson, sæti varðhaldi í 30 daga, og er hann sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 7. nóvember 1947.

Nr. 37/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
**Sigurði Sigurðssyni**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Ölvun við akstur bifreiðar. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Atferli kærða varðar við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk lagaákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm

og dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Sigurður Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 5. nóvember 1946.**

Ár 1946, þriðjudaginn 5. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Einari Ingimundarsyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3521/1946: Valdstjórnin gegn Sigurði Sigurðssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þ. 18. okt. s. l., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Sigurðssyni málara, til heimilis að Holtsgötu 20 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og reglugerð nr. 72 24. júní 1937.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. apríl 1914 í Vestmannaeyjum, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum.

1938 $^{1}/_{10}$ Dómur lögregluréttar, 100 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögunum, áfengislögunum og umferðarreglum.

1940 $^{1}/_{1}$ Áminning fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1940 $^{2}/_{9}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Laugardaginn 25. maí s. l. um kl. 11 að kvöldi ók bifreiðin X 199 austur þjóðveginn í Ölfusi. Stjórnandi nefndrar bifreiðar var Gísli E. Bjarnason, til heimilis í Hveragerði, og enn fremur var í henni sem farþegi Páll Aðalsteinsson, til heimilis að Reykjum í Ölfusi. Er fyrrnefnd bifreið var stödd undir Ingólfsfjalli við vegamótin, þar sem vegurinn liggur niður að Selfossi, ók hún fram á bifreiðina R 1966. Virtist stjórnanda bifreiðarinnar X 199 akstur bifreiðarinnar R 1966 harla einkennilegur, og taldi hann einsætt, að stjórnandi þeirrar bifreiðar myndi vera undir áfengisáhrifum. Þess skal

getið, að fyrr hafði stjórnandi bifreiðarinnar X 199 fundið hjólkopp af bifreið og hirt hann, og enn fremur sá hann rispur á handriði brúarinnar yfir Gljúfurholtsá í Ölfusi, en þar fann hann hjólkoppinn. Undir Ingólfsfjalli, við fyrrnefnd vegamót, stöðvuðust báðar bifreiðarnar, og þar eð grunur var fallinn á kærða, er stjórnaði bifreiðinni R 1966, um, að hann væri ekki allsgáður, varð það að ráði, að Páll Aðalsteinsson, er fyrr er getið, æki bifreið kærða austur að Selfossi, en þar var Gísla Bjarnasyni lögregluþjóni gert aðvart, og tók hann bifreið hans í sína vörzlu og gerði aðrar ráðstafanir, er venjulegar eru í sambandi við grun um ölvun við bifreiðaakstur.

Gísli E. Bjarnason, Hveragerði, 28 ára að aldri, sem kvaddur hefur verið sem vitni í máli þessu, hefur skýrt svo frá, að sér hafi virzt sem kærði hefði ekki vald á bifreiðinni R 1966, er hann ók á eftir henni nokkurn spöl í Ölfusi, því að bifreið kærða hafi slagað á milli vegbrúnanna. Er vitnið hafði tal af kærða, eftir að bifreiðarnar stöðvuðust, þóttist það finna áfengislykt úr vitum kærða, hafi hann enn fremur verið sljór til augnanna, en ekki hafi það heyrt á mæli hans. Vitnið kveður hjólkopp þann, er fyrr er getið um, hafa reynzt vera af bifreið kærða, vinstra framhjóli. Þá kveðst vitnið hafa boðizt til að láta Pál Aðalsteinsson aka bifreið kærða niður að Selfossi, og hafi hann þáð það. Vitnið kveðst ekki hafa séð kærða neyta áfengis þarna á staðnum, en telur ekki vafa á, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum, eftir því að dæma, hvernig hann ók bifreiðinni, og einnig hafi útlit hans bent til þess. Það kveðst ekki hafa séð neinn mismun á útliti kærða þarna við vegamótin og er austur að Selfossi kom.

Páll Aðalsteinsson, Reykjum í Ölfusi, 19 ára að aldri, sem borið hefur vitni við rannsókn þessa máls, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið farþegi í bifreiðinni X 199 í umrætt skipti, og minnir það, að kærði hafi beðið það að aka bifreið sinni að Selfossi, eftir að staðnæmzt var við vegamótin undir Ingólfsfjalli. Vitnið kveður bifreiðina R 1966 hafa verið í ólagi, þannig að „felga" á vinstra framhjóli hafi verið bogin, og hafi bifreiðin látið illa að stjórn vegna þessa og annarra bilana á henni. Vitnið ók bifreið kærða frá margnefndum vegamótum austur að Selfossi, og gizkar það á, að það hafi verið á að gizka 5 mínútur á leiðinni. Það kveður kærða hafa sopið á áfengisflösku á leiðinni niður að Selfossi, en kveður lítið hafa verið eftir í henni, og hafi hún legið aftur í bifreiðinni opin, er það leit fyrst inn í bifreið kærða, og hafði innihaldið runnið út úr henni í bifreiðina. Þetta vitni kveður sér hafa virzt sem kærði hafi ekki verið fullfær að aka bifreið, eins og hann var, er það sá hann, ekki vilji það þó fullyrða, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum, en telur þó, að hann hafi þó bragðað áfengi og hafi útlit hans og fas bent til þess.

Vitnið Gísli Bjarnason, lögregluþjónn á Selfossi, 31 árs að aldri,

hefur borið það við rannsókn þessa máls, að kærði hafi bersýnilega verið undir áfengisáhrifum, er það sá hann, eftir að austur að Selfossi var komið. Hafi það séð það á útliti hans og heyrt það á mæli hans, en telur kærða hafa verið rólegan í skapi.

Sjálfur hefur kærði við rannsókn þessa máls eindregið neitað því, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum og yfirleitt bragðað áfengi við akstur bifreiðarinnar R 1966, fyrr en eftir að Páll Aðalsteinsson hafði tekið við stjórn hennar undir Ingólfsfjalli, en eftir það kveðst hann hafa teygað úr brennivínsflösku, er hann hafði meðferðis, og gerzt ölvaður af þessari vinneyzlu og verið það, er að Selfossi kom. Kveðst hann hafa teygað meira en helming úr flöskunni í þær 5—10 mínútur, sem hann telur þá Pál hafa verið að aka frá vegamótunum við Ingólfsfjall að Selfossi. Kærði hefur ekki viðurkennt, að nefnd brennivínsflaska hafi verið nærri tóm, er þeir félagar hittu hann við Ingólfsfjall, heldur hafi hún þá verið full, og hefur hann haldið fast við þenna framburð sinn. Kærði hefur viðurkennt, að hann hafi ekið utan í handrið brúarinnar yfir Gljúfurholtsá í Ölfusi á leið sinni austur og telur það óhapp aðallega hafa stafað af því, að hemlar hafi þvingað misjafnt á hjólum bifreiðar sinnar. Kveðst hann hafa orðið leiður vegna þessa óhapps og meðal annars þess vegna tekið að neyta áfengis, eftir að hann lét af stjórn bifreiðarinnar, hann kveðst einnig hafa orðið taugaóstyrkur við áreksturinn og hafi hann beðið Pál Aðalsteinsson að aka bifreið sinni, eftir að fundum þeirra bar saman. Þá hefur kærði borið það, að hann hafi verið illa upplagður til að aka bifreið í umrætt skipti, þar eð hann hafi verið haldinn sljóleika og þreytu sakir ölvunar næstu nótt áður, hafi hann lítið sofið þá nótt og ekki neytt kvöldverðar um kvöldið, áður en hann lagði af stað áleiðis austur, en það telur hann að hafi verið um kl. 9 e. h. og hafi förinni verið heitið að Ártúni á Rangárvöllum.

Framangreindum framburði sínum um áfengisneyzlu umrætt kvöld hefur ákærði ekki fengizt til að breyta, þótt honum hafi verið bent á ósamræmið í honum og framburði vitna og annað, er ósennilegt og útilokað telst í framburði hans, sbr. að hann hafi gerzt mikið ölvaður og neytt geysimikils áfengismagns á aðeins 5—10 mínútum.

Blóðsýnishorn var tekið úr kærða, er austur að Selfossi kom, og sýndi það við rannsókn sem svarar 2,11‰, tvo komma ellefu af þúsundi, alkoholsmagns í blóði hans. Kærði er eigandi bifreiðarinnar R 1966.

Hafa nú málavextir verið raktir, eftir því sem ástæða þykir til, byggðir á framburði vitna og kærða sjálfs.

Kærði hefur með eigin játningu viðurkennt, að hann hafi verið illa fyrirkallaður og haldinn sljóleika og þreytu við bifreiðarakstur í umrætt skipti, og kæmi því til mála að dæma hann fyrir

brot gegn 3. málsgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, sbr. 38. gr. sömu laga. En hann hefur einnig játað, að hann hafi verið allölvaður, er hann kom austur að Selfossi, enda styður framburður vitnisins Gísla Bjarnasonar og blóðsýnishorn kærða þann framburð hans. Hins vegar getur rétturinn ekki tekið þá fullyrðingu kærða trúanlega, að ölvun þessi stafi einungis af áfengisneyzlu á 5—10 mínútum, eins og kærði heldur fram, og enn fremur, að hann hafi nærri tæmt heila flösku af óblönduðu brennivíni á svo stuttum tíma, og með hliðsjón af framburði vitnisins Gísla E. Bjarnasonar, Hveragerði, og vitnisins Páls Aðalsteinssonar að verulegu leyti telst nægilega sannað, að hann hafi ekið bifreið undir áfengisáhrifum, og hefur hann með því brotið gegn 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. málsgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Telja verður og sannað, að kærði hafi ekið ógætilega, er hann ók á handrið brúar, er hann fór yfir, og hefur hann með því brotið gegn 1. málsgr. 27. gr. bifreiðalaga sbr. 1. málsgr. 26. gr. sömu laga. Enn fremur hefur kærði með því að aka bifreið með misþyngandi hemlum brotið gegn 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 72 1937 um gerð og notkun bifreiða, og þykir refsing ákærða samkvæmt 39. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 21. sbr. 39. gr. áfengislaga að svipta kærða leyfi til að aka bifreið ævilangt, þar eð um ítrekað brot er hér að ræða, og kemur ökuleyfissvipting þessi til framkvæmdar frá birtingu þessa dóms að telja.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Sigurður Sigurðsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið ævilangt, og kemur ökuleyfissviptingin til framkvæmda frá birtingu þessa dóms að telja.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í máli þessu, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 250.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1947.

Nr. 55/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
**Agnari Kristjánssyni** (Hrl. Sigurður Ólason).

Ölvun við akstur bifreiðar.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að kærði sé sviptur rétti til bifreiðarstjórnar 6 mánuði.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstaréttí, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Agnar Kristjánsson, er sviptur ökuleyfi 6 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. janúar 1947.**

Ár 1947, föstudaginn 24. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 395/1947: Valdstjórnin gegn Agnari Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 9. s. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 til refsingar, ökuleyfissviptingar og málskostnaðargreiðslu.

Kærði er Agnar Kristjánsson verkstjóri, Hringbraut 132 hér í bæ. Hann er fæddur 18. júlí 1925 í Reykjavík og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1939 ½ Kærður fyrir að kveikja bál. Afgr. til barnaverndarnefndar.

1942 $^{2}3/_{10}$ Sátt í Rvík, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Föstudaginn 4. október s. l. voru tveir lögregluþjónar, Valdimar Guðmundsson og Leifur Jónsson, á varðgöngu við höfnina. Sáu þeir þá, að bifreiðin R 1876 kom að e/s Brúarfossi, sem lá við uppfyllinguna neðan við Pósthússtræti. Kom ökumaðurinn út úr bifreiðinni, gekk upp landgöngubrúna og gaf sig á tal við varðmanninn í skipinu. Lögreglumennirnir gengu á eftir ökumanninum, sem síðar reyndist vera kærði í máli þessu, og urðu þess varir, að hann var undir áhrifum áfengis. Töluðu þeir við varðmanninn og fóru síðan á eftir kærða, sem genginn var í land, og handtóku hann skammt frá skipinu og færðu á lögreglustöðina.

Kærði hefur neitað því staðfastlega við rannsókn málsins, að hann hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Kveðst hann að vísu hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn, en það stafi af því, að þegar er hann hafði stöðvað bifreiðina við landgöngubrúna hafi hann teygað slatta af ákavíti úr sítrónflösku, sem verið hafi í bifreiðinni. Af drykkju þessari kveðst hann svo strax hafa fundið á sér áfengisáhrif.

Vitnið Valdimar Guðmundsson telur framangreinda frásögn kærða hljóta að vera ranga. Segir hann, að það hafi engum togum skipt, að kærði hafi komið út úr bifreiðinni, er hún hafði numið staðar. Valdimar segist hafa séð á kærða, að hann var ölvaður, þegar hann gekk fram hjá kærða á landgöngubrúnni. Vitnið segir, að kærði hafi fyrst, er hann var handtekinn, neitað, að hann hafi verið að aka R 1876 og ekki viðurkennt það fyrr en kveikjuláslykill bifreiðarinnar fannst á honum á lögreglustöðinni. Valdimar hefur unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Leifur Jónsson telur einnig alveg útilokað, að kærði hafi haft nokkurt tóm til að neyta áfengis, eftir að hann stöðvaði bifreiðina, en áður en hann kom út úr henni. Vitnið hefur unnið drengskaparheit að framburði sínum.

Vitnið Sveinbjörn Matthías Október Sveinbjörnsson lögregluvarðsjóri, sem átti tal við kærða á lögreglustöðinni, hefur skýrt frá því, að kærði hafi játað greinilega, að hann hefði ekið bifreiðinni undir áfengisáhrifum.

Vitnið Kristinn Ágúst Sigurðsson, sem var varðmaður í e/s Brúarfossi í umrætt skipti, hefur skýrt svo frá, að kærði hafi komið út úr bifreiðinni, sem sagt í sömu andránni og bifreiðin nam staðar.

Valdimar Guðmundsson lögregluþjónn kvaðst hafa athugað bifreið kærða, og hefði engin flaska verið í henni. Kærði hefur enga skýringu getað gefið á því, hvað orðið hafi af flösku þeirri, er hann taldi sig hafa drukkið úr. Kærði hefur játað, að hann hafi í

fyrstunni ekki viljað viðurkenna, að hann hefði ekið bifreiðinni, og telur hann sig hafa gert það af einhvers konar þrjózku við lögreglumennina.

Eins og fyrr segir, kveðst kærði hafa verið undir áfengisáhrifum, er hann var handtekinn, og er það í samræmi við framburði vitnanna, sem öll telja kærða hafa verið greinilega undir áhrifum. Það verður að telja, að frásögn kærða um áfengisneyzlu hans að loknum akstrinum fái eigi staðizt með tilliti til framburða framangreindra vitna. Verður því að slá því föstu, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum við aksturinn, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber að svipta kærða ökuleyfi bifreiðarstjóra í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, að meðtöldum málsvarnarlaunum til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar Ólasonar hrl., er ákveðast 250 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Agnar Kristjánsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Kærði er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 250 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 11. nóvember 1947.

Nr. 130/1946. **H/f Askur** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Erlendi Helgasyni**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Ágreiningur um áhættuþóknun sjómanns.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. september 1946, að fengnu áfrýjunarleyfi

sama dag, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu. Svo krefst hann þess, að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með bréfi 5. febrúar 1945 sagði áfrýjandi stefnda upp vélstjórastarfi hans á b/v Skutli með þriggja mánaða fyrirvara frá þeim degi að telja. Verður að líta svo á, að með bréfi þessu svo og með greiðslu kaups til stefnda, að áhættuþóknun undanskilinni, fyrir tímabilið frá 6. marz 1945 til 6. maí s. á., hafi áfrýjandi viðurkennt rétt stefnda til framangreinds uppsagnarfrests. Þykir stefndi með skírskotun til raka héraðsdóms einnig eiga rétt á áhættuþóknun fyrir þetta tímabil.

Þá ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu innheimtulauna svo og um sjóveðrétt og málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 600 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, H/f Askur, greiði stefnda, Erlendi Helgasyni, 600 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.**

Stefndi lét af störfum á skipi áfrýjanda hinn 25. janúar 1945, um stundar sakir, að því er stefndi telur, en að fullu og öllu eftir frásögn áfrýjanda. Þrátt fyrir þetta sendi áfrýjandi honum uppsagnarbréf hinn 5. febrúar s. á., en þá sagði áfrýjandi skipverjum á Skutli upp skiprúmssamningi. Stefndi kvartaði þá ekki undan uppsögn þessari við áfrýjanda, en mánuði síðar, eða 6. marz s. á., fór hann á fund fyrirsvarsmanna áfrýjanda, bauðst til að rækja áfram vélstjórastörf á b/v Skutli og krafðist kaups og áhættuþókn-

unar fyrir tvo mánuði, er þá voru eftir af þriggja mánaða uppsagnarfresti þeim, sem greinir í kjarasamningi Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Vélstjórafélags Íslands. Áfrýjandi greiddi stefnda þá tveggja mánaða kaup, þar með talin aflaverðlaun, lifrarhlut, fæðispeninga og leyfispeninga, en synjaði stefnda áhættuþóknunar, sem samkvæmt kjarasamningi frá 4. maí 1940 skyldi greidd skipverjum auk kaups, er þeir sigldu um tiltekin hafsvæði, þar sem þeim var búin sérstök hætta af vígvélum styrjaldaraðilja. Skyldi áhættuþóknun þessi vera nokkur umbun handa sjómönnum fyrir að leggja sig í hættuna og fyrir að þola þau sálarlegu óhægindi, sem því voru samfara. Þar sem málinu var svo farið, sem nú var lýst, og stefndi, sem hafði ekki sinnt störfum á skipinu frá því 25. janúar, hvorki kvartaði undan uppsögninni né bauð sig fram til vélstjórastarfans fyrr en að mánuði liðnum frá uppsögn, þegar hann mátti gera ráð fyrir, að áfrýjandi hefði ráðstafað vélstjórastarfanum á b/v Skutli og honum væri því illfært að nýta af störfum stefnda á skipi þessu, þá eru ekki efni til þess að taka kröfu stefnda um áhættuþóknun til greina. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfu þessari.

Staðfesta má það ákvæði héraðsdóms, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 714.00, sem eru innheimtulaun af fjárhæð þeirri, sem málflutningsmaður innheimti hjá áfrýjanda fyrir stefnda. Ákvæði héraðsdóms um vexti af þeirri fjárhæð og sjóveð fyrir henni þykir og bera að staðfesta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Tel ég því, að rétt dómsorð eigi að vera þannig:

Áfrýjandi, h/f Askur, greiði stefnda, Erlendi Helgasyni, kr. 714.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 19. október 1945 til greiðsludags, og hefur stefndi sjóveðrétt í b/v Skutli RE 142 til tryggingar fjárhæð þessari.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. apríl 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Erlendur Helgason vélstjóri, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 19. október 1945, gegn Þórði Ólafssyni framkvæmdarstjóra f. h. h/f Asks, hér í bænum, til greiðslu skuldar að eftirstöðvum kr. 5260.50 með 5% ársvöxtum frá 1. júní 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Loks krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í b/v Skutli RE 142 til tryggingar framangreindum kröfum.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í októbermánuði 1943 réðist stefnandi í þjónustu stefnda sem 1. vélstjóri á skipi hans b/v Skutli. Hafði hann kaup hjá stefnda allt árið 1944, en var lögskráður á skipið þrisvar sinnum, samtals um 8½ mánuð. Hinn 24. janúar 1945 var stefnanda veitt leyfi frá störfum, að því er virðist um óákveðinn tíma, og vann hann ekki um borð eftir það. Hinn 5. febrúar 1945 var allri skipshöfninni sagt upp og þar á meðal stefnanda. Stefnandi taldi sig eiga rétt til 3 mánaða uppsagnarfrests, en þar eð hann bauð eigi fram vinnu sína fyrr en 6. marz 1945, miðaði hann kaupkröfu sína við tveggja mánaða störf. Nam krafa hans því kr. 15344.96, og greiddi stefndi þá fjárhæð, að frádreginni kröfu stefnanda um áhættuþóknun, en hún nam samtals kr. 4546.50. Hefur hann því höfðað mál þetta til innheimtu þeirrar fjárhæðar auk kr. 714.00, sem eru innheimtulaun af þeim hluta reiknings hans, sem hann naut aðstoðar málflutningsmanns við heimtuna.

Stefndi hefur í fyrsta lagi byggt kröfur sínar á því, að stefnandi hafi farið alfarinn úr þjónustu sinni hinn 24. janúar 1945 og hafi uppsögn því verið alls óþörf og geti hún því eigi hafa stofnað neinn rétt honum til handa. Stefndi hefur samt viðurkennt, að stefnandi hafi fengið leyfi frá störfum um óákveðinn tíma og því farið af skipinu þenna dag. Er framangreindur rökstuðningur ekki í samræmi við þá staðreynd, og verður sýknukrafa stefnda því eigi til greina tekin á þeim grundvelli.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi eigi verið lögskráður lengur en 8½ mánuð samtals á skip stefnda og fái því eigi talizt fastur starfsmaður stefnda, þannig að hann eigi 3 mánaða uppsagnarfrest, þar eð til þess sé krafizt lögskráningar í eitt ár.

Um ráðningarkjör stefnanda hjá stefnda gilda samningar milli Félags. ísl. botnvörpuskipaeigenda og Vélstjórafélags Íslands, eins og frá þeim var gengið hinn 16. október 1942, og eru aðiljar á einu máli um það. Í 4. gr. samnings þessa segir svo: „Þegar vélstjóri eða aðstoðarvélstjóri hefur verið eitt ár hjá sama félagi, skoðast hann

sem fastur starfsmaður, og gildir þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur frá beggja hálfu."

Eins og fyrr greinir, er það viðurkennt af stefnda, að stefnanda var greitt kaup allt árið 1944, og þykir með því fullnægt ákvæðum samninganna að þessu leyti, enda hefur stefnda eigi tekizt á neinn hátt að færa sönnur á staðhæfingu sína í gagnstæða átt gegn eindregnum mótmælum stefnanda. Verður sýknukröfu stefnda því heldur eigi sinnt af þessum sökum.

Loks byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að þótt svo yrði litið á, að stefnandi ætti kröfu til uppsagnarfrests, beri aðeins að bæta honum launamissi, en alls ekki að greiða honum áhættuþóknun, þar eð slík þóknun sé þess eðlis, að sá einn eigi að verða hennar aðnjótandi, sem hættir lífi sínu og limum á sjónum. Á þetta verður ekki fallizt, þar eð þóknun þessa verður að telja til tjóns þess, er stefnandi hefur beðið við það, að störf hans voru ekki þegin, enda hefði hún fallið til hans að öðrum kosti. Samkvæmt þessu verður krafa stefnanda um áhættuþóknun til greina tekin, enda hefur eigi verið véfengt, að fjárhæð hennar sé rétt. Þá þykir og rétt að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu innheimtulauna, enda hefur hún eigi sætt andmælum.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 5260.50 með 5% ársvöxtum, er teljast frá stefnudegi til greiðsludags, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 650.00. Þá þykir og rétt að taka til greina kröfu stefnanda um sjóveðrétt, enda á hún við lög að styðjast.

Dóm þenna hafa upp kveðið þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson.

Dómsorð:

Stefndi, Þórður Ólafsson f. h. h/f Asks, greiði stefnanda, Erlendi Helgasyni, kr. 5260.50 með 5% ársvöxtum frá 19. október 1945 til greiðsludags og kr. 650.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í b/v Skutli RE 142 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1947.

Nr. 95/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
**Baldri Gizurarsyni**
og
**Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni**
(Hrl. Ragnar Jónsson).

Ölvun við akstur bifreiðar o. fl.

**Dómur hæstaréttar.**

Ekki verður talið, að kærði Baldur hafi með atferli sínu brotið ákvæði 1. málsgr. 9. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 né 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Að öðru leyti eru brot kærða réttilega færð til lagagreina þeirra, er í héraðsdómi getur, og þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því er hann varðar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir refsing kærða Magnúsar hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Með vísan til hegningarvottorðs kærða og samkvæmt 39. sbr. 20. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 svo og 1. málsgr. 68. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 ber og að svipta kærða ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 450 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar kærða Baldur Gizurarson.

Kærði Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson sæti 15 daga varðhaldi. Hann er sviptur leyfi til að stjórna bifreið ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Ragnars Jónssonar, 450 krónur til hvors. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. apríl 1947.**

Ár 1947, fimmtudaginn 17. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1099—1100/1947: Valdstjórnin gegn Baldri Gizurarsyni og Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða Baldri Gizurarsyni verkamanni, til heimilis á Hringbraut 40 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar og gegn kærða Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni verkamanni, Laugavegi 49 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar.

Báðir eru kærðu komnir yfir lögaldur sakamanna, kærði Baldur er fæddur 3. desember 1925 í Reykjavík, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1937 $^{2}8/_{10}$ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1937 $^{2}9/_{10}$ Kærður fyrir hnupl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1937 $^{1}5/_{11}$ Kærður fyrir slagsmál. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1937 $^{15\text{-}18}/_{12}$ Kærður fyrir hnupl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1938 $^{2}5/_{4}$ Kærður fyrir að hanga í bíl. Afgr. til barnaverndarnefndar.
1939 $^{2}1/_{3}$ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1940 $^{2}2/_{5}$ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1942 $^{1}3/_{11}$ Dómur aukaréttar, 600 kr. sekt og sviptur rétti til þess að öðlast ökuskírteini í eitt ár fyrir brot gegn 259. gr. hegningarl., 20., 23., 26. og 27. gr. bifreiðalaganna, 4. gr. umferðarlaganna, 21. gr. áfengislaganna og 45. og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1943 $^{2}2/_{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{1}3/_{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{1}8/_{10}$ Dómur aukaréttar, 15 daga varðhald, sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt, skaðabætur in solidum kr. 1200.15, fyrir brot gegn 20., 23. og 26. og 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

1943 $^{9}/_{12}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.
1944 $^{2}4/_{1}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn lögrsþ. Rvíkur.
1944 $^{2}8/_{1}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna.
1944 $^{8}/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og óspektir.
1944 $^{1}6/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 $^{1}/_{11}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1945 $^{1}4/_{2}$ Dómur aukaréttar, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
1945 $^{2}9/_{8}$ Sátt, 100 kr. sekt, 100 kr. skaðabætur, fyrir ölvun og árás.
1945 $^{2}4/_{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 $^{7}/_{12}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
1946 $^{1}4/_{2}$ Sátt, 40 kr. sekt fyrir óspektir.
1946 $^{2}6/_{5}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{6}/_{6}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt og bifreiðalögum.
1946 $^{3}/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 $^{2}9/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Kærður Magnús Guðmundur Sigurður er fæddur 13. maí 1925 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1938 $^{8}/_{3}$ Kærður fyrir meint hnupl á dúfum. Afgr. til barnavn.
1938 $^{5}/_{8}$ Kærður fyrir að hræða skepnur með hvellbyssum. Sams konar afgreiðsla.
1939 $^{1}0/_{7}$ Kærður fyrir hjólreiðar í Bankastr. Samsk. afgreiðsla.
1939 $^{1}6/_{10}$ Kærður fyrir þjófnað og spellvirki. Samsk. afgreiðsla.
1944 $^{2}8/_{11}$ Dómur aukaréttar Rvíkur, 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
1944 $^{9}/_{12}$ Sátt, 100 kr. sekt, 50 kr. skaðab. fyrir ölvun og árás.
1945 $^{2}4/_{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir á almannafæri.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Laugardaginn 16. nóvember s. l. um kl. 5 síðdegis ók kærði Baldur bifreiðinni R 1753 upp Háteigsveg hér í bæ. Við hlið hans í stýrishúsi bifreiðarinnar sat kærði Magnús, og var hann þá eigandi nefndrar bifreiðar, sem gerð er til vöruflutninga. Er komið var móts við húsið nr. 9 við fyrrnefnda götu, ók bifreiðin R 1753 á vörubifreiðina R 1071, er stóð á nyrðri götuhelmingi og sneri í vestur. Síðarnefnd bifreið skemmdist nokkuð við árekstur þenna, en bifreiðin R 1753 mun ekki hafa skemmzt við hann, svo teljandi væri.

Eftir áreksturinn fór kærði Baldur fótgangandi burt af staðnum, en kærði Magnús ók bifreið sinni brott, og gerðu þeir hvorugur lögmæltar ráðstafanir í sambandi við áreksturinn.

Birgir Kristjánsson verkamaður, Þórsgötu 3, 17 ára að aldri, sá, þegar umræddur árekstur skeði. Hefur hann sem vitni í málinu skýrt svo frá, að sér hafi ekki virzt bifreiðin R 1753 aka mjög hart á leið sinni upp Háteigsveg, en hún hafi rekizt utan í hliðargrindur bifreiðarinnar R 1071, vinstra megin, um leið og hún ók fram hjá þeirri bifreið. Vitnið kveðst hafa séð báða hina kærðu á staðnum eftir áreksturinn, en ekki getur það borið um, hvort þeir virtust undir áfengisáhrifum, en það kveðst hafa heyrt talað um það á staðnum, að svo væri.

Haukur Jónsson afgreiðslumaður, Háteigsvegi 9, 39 ára að aldri, var staddur í garði bak við hús sitt, er umræddur árekstur skeði. Hefur hann sem vitni í málinu skýrt svo frá, að hann hafi heyrt, er bifreiðin R 1753 rakst á bifreiðina R 1071, en ekki séð síðarnefnda bifreið fyrr en eftir áreksturinn. Ekki telur vitnið, að bifreiðinni hafi verið ekið hart, því að áreksturinn hafi verið léttur, og litlar skemmdir hafi orðið á bifreiðinni R 1071. Vitnið kveðst nú hafa tilkynnt lögreglunni símleiðis um áreksturinn, en hún hafi ekki komið á staðinn fyrr en nokkru síðar, og hafi þá kærðu báðir verið farnir brott, annar hafi ekið á brott í bifreiðinni R 1753, en hinn hafi hlaupið burt. Báða hina kærðu kveðst vitnið hafa séð þarna á staðnum, en litið talað við þá. Hafi því virzt framkoma þeirra öll og útlit benda til þess, að þeir væru með áhrifum áfengis, án þess að það veitti þó nokkru sérstöku athygli í fari þeirra, sem benti til þess.

Jóhann Eiríksson, bifreiðarstjóri á bifreiðinni R 1071, Háteigsvegi 9, 53 ára að aldri, hefur sem vitni við rannsókn málsins skýrt þannig frá, að það hafi verið inni í húsi sínu, er umræddur árekstur skeði, en því hafi verið gert aðvart um hann, og hafi það komið fljótlega á staðinn, eftir að hann skeði.

Kveðst vitnið hafa haft tal af báðum hinna kærðu þarna á staðnum, og hafi þeir beðið það um að gera ekki lögreglunni aðvart um áreksturinn, en því hafi það neitað, þar eð þeir voru undir áhrifum áfengis. Segir vitnið þá báða hafa haft útlit ölvaðra manna, vínlykt hafi verið af þeim og þeir hafi haft í frammi raus. Eftir áreksturinn hafi svo annar þeirra kærðu hlaupið á brott, og hafi vitninu virzt hann vera meira með áfengisáhrifum, en hinn hafi stigið upp í bifreiðina R 1753 og ekið henni brott, og hafi þeir félagar því báðir verið farnir af staðnum, er lögreglan kom á vettvang.

Eftir að lögreglunni var gert aðvart um margnefndan árekstur, hófu lögreglumenn leit að hinum kærðu, þar eð þeir fundust ekki á árekstrarstaðnum.

Óskar Ólason lögregluþjónn, Bergstaðastræti 12, 30 ára að aldri, fann bifreiðina R 1753 brátt, þar sem hún stóð kyrr við húsið nr. 49 við Laugaveg. Hefur Óskar sem vitni í málinu skýrt svo frá, að er það kom að, hafi maður nokkur, sem það veit ekki deili á, setið

við stýri bifreiðarinnar, en kærði Magnús hafi setið hjá manni þessum, og hafi vitninu virzt sem hann hefði neytt áfengis, en ekki hafi hann þó verið áberandi ölvaður. Vínlykt hafi lagt úr vitum hans. Færði nú vitnið kærða Magnús á lögregluvarðstofuna, og viðurkenndi hann þar að hafa neytt áfengis þenna dag. Var síðan farið með hann til blóðúrtöku, en honum að því loknu leyft að fara leiðar sinnar.

Þorkell Steinsson lögregluþjónn, Holtsgötu 14, 49 ára að aldri, hefur sem vitni við rannsókn málsins skýrt svo frá, að það hafi ásamt Sigurði F. Jónssyni lögregluþjóni handtekið kærða Baldur á heimili hans, Hringbraut 40, einhverntíma milli kl. 7½—8 að kvöldi þess 16. nóvember s. l. Hafi þá kærði Baldur setið fáklæddur á legubekk í herbergi sínu, en ekki hafi hann þó verið kominn upp í rúm. Segir vitnið hann hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis, en hafi þó ekki virzt vera mjög ölvaður. Var nú kærði Baldur færður á lögregluvarðstofuna, síðan var tekið úr honum blóðsýnishorn, en honum að því loknu leyft að fara leiðar sinnar.

Kærði Baldur hefur skýrt þannig frá við rannsókn málsins.

Hann kveðst hafa farið inn á veitingastofuna Café Holt um kl. 4 e. h. laugardaginn 16. nóvember s. l. ásamt kærða Magnúsi, sem hann mun hafa hitt þá stuttu áður, og var þá kærði Magnús með bifreið sína R 1753. Kærði Baldur kveðst ekki hafa verið tekinn að neyta áfengis þenna dag, er hann hitti kærða Magnús, og hafi hann verið að koma úr vinnu þá, en hins vegar hafi hann haft meðferðis eina gosdrykkjaflösku fulla af brennivíni, og hafi þeir Magnús neytt innihalds hennar inni á fyrrnefndum veitingastað. Telur hann, að hann hafi neytt um helmings innihaldsins þarna á móti kærða Magnúsi. Síðan hafi þeir Magnús farið út af veitingastofunni og sezt út í bifreiðina R 1753, og kveðst kærði Baldur hafa fengið leyfi kærða Magnúsar til að aka henni. Kveðst hann nú hafa ekið suður Þverholt og síðan upp Háteigsveg, en rekizt á bifreiðina R 1071, sem stóð kyrr á Háteigsveginum, eins og fyrr segir. Ekki telur kærði Baldur, að árekstur þessi hafi stafað af ógætilegum akstri hans, heldur af því að hann hafi þarna mætt annarri bifreið. Eftir áreksturinn hafi hann stöðvað bifreiðina þegar og stigið út úr henni. Kveðst hann síðan hafa gengið inn í port nokkurt þarna nálægt og kastað af sér vatni. Er því var lokið, hafi hann séð, að kærði Magnús hafi verið að aka bifreið sinni brott af árekstrarstaðnum, og hafi hann þá einnig haldið sína leið, farið niður í bæ og inn á veitingastofuna Gullfoss í Hafnarstræti, en þar kveðst hann hafa neytt talsverðs magns af áfengi til viðbótar því, sem hann hafði drukkið á veitingastofunni Holti. Af veitingastofunni Gullfossi segist kærði Baldur síðan hafa farið heim til sín á Hringbraut 40 og verið nýlega kominn þangað, er lögreglumenn, sem fyrr er getið, handtóku hann. Hann telur, að það hafi verið um kl. 5 þenna dag, er

hann ók á bifreiðina R 1071 á Háteigsvegi, en kl. 7½—8 um kvöldið hafi lögreglumennirnir handtekið hann. Kærði Baldur hefur viðurkennt, að hann hafi verið lítils háttar með áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni R 1753 með fyrrnefndum afleiðingum, en hins vegar hafi hann verið orðinn talsvert ölvaður, er hann var handtekinn um kvöldið, enda hafi hann þá verið búinn að neyta talsverðs áfengismagns, eins og fyrr segir. Engin ökuréttindi kveðst hann hafa og hafi aldrei haft þau.

Kærði Magnús hefur lýst málavöxtum þannig:

Hann kveðst hafa hitt kærða Baldur einhvers staðar á Hringbrautinni um kl. 4 þann 16. nóvember s. l. Hafi það verið af tilviljun einni, og kveðst hann aðeins kannast við kærða Baldur. Ekki segist kærði Magnús hafa séð vínáhrif á kærða Baldri, er hann hitti hann þarna. Hafi þeir félagar nú farið inn á veitingastofuna Holt við Laugaveg og neytt þar brennivíns, er kærði Baldur hafði meðferðis þangað í gosdrykkjaflösku. Áfengið hafi þeir drukkið blandað út í öli, og telur kærði Magnús, að þeir félagar hafi neytt álíka mikils af innihaldi fyrrnefndrar flösku þarna. Er lokið var úr flöskunni, hafi þeir kærði Baldur síðan farið út af veitingastofunni og út í bifreið kærða Magnúsar, og hafi hann leyft kærða Baldri að aka henni, eftir nokkrar undanfærslur. Eftir að kærði Baldur var tekinn að aka bifreiðinni, segir kærði Magnús, að hann hafi veitt því athygli, að hann (kærði Baldur) myndi vera með áhrifum áfengis, og hafi honum farizt stjórn bifreiðarinnar fremur ófimlega úr hendi, enda hafi akstri hans lyktað með því, að hann ók á bifreið á Háteigsvegi. Ekki kveðst kærði Magnús hafa vitað það fyrr en eftir á, að kærði Baldur hafði ekki leyfi til að aka bifreið. Kærði Magnús kveðst hafa fundið örlítið til áhrifa áfengis, fyrst eftir að hann neytti áfengis á veitingastofunni Café Holti, en þau áhrif hafi verið með öllu horfin, er hann ók bifreið sinni brott af árekstrarstaðnum, enda hafi liðið að minnsta kosti ½ klst., frá því hann neytti áfengisins, þar til hann ók bifreið sinni.

Blóðsýnishorn voru tekin úr báðum hinna kærðu þetta kvöld, eins og fyrr er getið. Kom það í ljós við rannsókn á þeim, að í blóði kærða Baldurs var alkoholmagn, er svarar til 2,11‰, en í blóði kærða Magnúsar var alkoholmagn, sem svarar til 0,92‰.

Hefur nú málavöxtum verið lýst, eftir því sem ástæða þykir til, og ber þá næst að athuga, hvort hinir kærðu hafi með háttsemi sinni brotið þau ákvæði laga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem mál þetta er höfðað fyrir brot á.

Með eigin játningu kærða Baldurs, sem er í samræmi við aðrar upplýsingar, sem fyrir liggja í máli þessu, telst sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni R 1753 með áhrifum áfengis þann 16. nóvember s. l. Hefur hann með því brotið 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941.

Þá hefur kærði með því að aka bifreið, eftir að hann hefur ævilangt verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, brotið 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Telja verður sannað, að kærði Baldur hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu við aksturinn með því að aka á bifreið, er stóð kyrr utarlega á akbraut, og hefur hann með því brotið 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941 og 46 gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Með því að fara brott af stað, þar sem hann hefur valdið bifreiðaárekstri, án þess að gera lögmæltar ráðstafanir í sambandi við hann, hefur kærði Baldur brotið 1. og 2. mgr. 9. gr. umferðarlaganna. Með því að neyta áfengis á veitingastað, þar sem ekki er leyfi til vínveitinga, hefur hann brotið 1. mgr. 17. gr. áfengislaganna, og með því að kasta af sér vatni á almannafæri hefur hann brotið 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Samkvæmt 39. gr. og 1. mgr. 37. gr. áfengislaganna, 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur þykir refsing kærða Baldurs með tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga svo og með hliðsjón af fortíð hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Það er sannað, að kærði Magnús neytti áfengis með kærða Baldri, áður en sá síðarnefndi ók bifreið hans með leyfi hans. Kærði Magnús hefur við rannsókn málsins borið, að þeir kærði Baldur hafi neytt álíka mikils áfengis saman þenna dag, og að hann (þ. e. kærði Magnús) hafi fyrst í stað fundið til vináhrifa af þessari áfengisneyzlu, þótt hann telji hins vegar, að áhrif þessi hafi verið horfin, er hann ók bifreið sinni síðar. Kærði Magnús hefur því mátt gera ráð fyrir, að kærði Baldur fyndi einnig til áhrifa áfengis, enda hefur hann játað, að hann hafi séð áfengisáhrif á honum, eftir að hann var tekinn að aka bifreið hans. Telst því kærði Magnús hafa brotið 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaganna með því að fela manni stjórn bifreiðar, sem hann mátti gera ráð fyrir að væri með áfengisáhrifum og var það einnig. Þá telst kærði Magnús einnig hafa brotið 22. gr. bifreiðalaganna með því að fela manni, sem ekki hafði ökuréttindi, stjórn bifreiðar. Kærði Magnús hefur að vísu borið það fyrir sig, að hann hafi ekki vitað um, að kærði Baldur hafði ekki ökuréttindi, er hann fól honum stjórn bifreiðarinnar, en honum bar skýlaus skylda til að ganga úr skugga um það, áður en hann leyfði honum að aka bifreið sinni.

Með því að aka brott af stað, þar sem átt hafði sér stað bifreiðaárekstur, án þess að gerðar hefðu verið nauðsynlegar og lögmæltar ráðstafanir, hefur kærði Magnús brotið 2. mgr. 9. gr. umferðarlaganna, og með því að neyta áfengis á veitingastað, þar sem ekki var leyfi til vínveitinga, hefur hann brotið 1. mgr. 17. gr. áfengislaganna. Hins vegar þykir ekki nægilega sannað, að kærði

Magnús hafi verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni þanna dag, enda hefur hann sjálfur neitað, að svo hafi verið. Blóðsýnishorn, tekið úr honum skömmu eftir aksturinn, sker engan veginn úr um það, og framburður vitna um ástand hans um það leyti, sem hann ók bifreið sinni og eftir það, eru nokkuð óákveðnir. Þykir því bera að sýkna kærða Magnús af kæru valdstjórnarinnar vegna meintrar ölvunar við bifreiðaakstur.

Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 1. mgr. 37. gr. áfengislaganna þykir refsing kærða Magnúsar, með tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Hina kærðu ber að dæma in solidum til að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði Baldur Gizurarson sæti varðhaldi í 20 daga.

Kærði Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson sæti varðhaldi í 10 daga.

Hinir kærðu greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 11. nóvember 1947.

Nr. 76/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Lárus Fjeldsted)
gegn
**Guðjóni Gíslasyni** (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Ölvun við akstur bifreiðar.

**Dómur hæstaréttar.**

Atferli kærða varðar við 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk refsiákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir. Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað í héraði.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Guðjón Gíslason, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Fjeldsteds og Lárusar Jóhannessonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 9. janúar 1946.**

Ár 1946, miðvikudaginn 9. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 42/1946: Valdstjórnin gegn Guðjóni Gíslasyni, sem tekið var til dóms 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðjóni Gíslasyni verkamanni, skála 65 á Skólavörðuholti hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 13. ágúst 1912 í Þykkvabæ í Djúpárhreppi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1939 $^{2}/_{10}$ Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.

1941 $^{1}/_{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 $^{1}/_{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og árás.

1944 $^{1}/_{7}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 $^{1}/_{9}$ Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir að vera undir áhrifum áfengis við bifreiðastjórn.

1945 $^{5}/_{4}$ Sátt, 250 kr. sekt, 700 kr. skaðabætur, fyrir brot gegn 244. gr. sbr. 256. gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 5. september s. l. klukkan 7,45 um morguninn kom Reynir Kratch, kranastjóri hjá Kol & Salt h/f, til lögregluþjónanna Þórðar Kárasonar og Guðbrandar Þorkelssonar, er þeir voru staddir á Lækjartorgi. Skýrði hann svo frá, að þá rétt áður hefði hann séð bifreiðinni R 1662 ekið upp á gangstétt á Laugavegi. Skömmu áður hafði bifreið þessari verið ekið mjög gætilega fram hjá þeim lögregluþjónunum. Fóru þeir nú að svipast um eftir henni og sáu, hvar hún stóð í Hafnarstræti hægra megin á götunni

fyrir framan Hótel Heklu. Við stýri hennar sat kærði, mjög ölvaður, en við hlið hans Sigurbjartur Sigurbjörnsson, Álfheimum 13 A, og í aftursæti Ottó Vilhelm Simonsen, Skála 33 á Skólavörðuholti, báðir mikið drukknir. Þeir lögregluþjónarnir handtóku mennina og færðu þá á lögreglustöðina, þar sem kærði var færður í fangageymsluna. Neitaði hann að hafa ekið bifreiðinni og kvað einhvern annan mann hafa gert það, sem hefði haft á brott með sér kveikjuláslykil hennar. Hann fannst þó í vösum kærða. Félagar kærða viðurkenndu fyrir lögregluþjónunum, að hann hefði ekið bifreiðinni frá Barónsstíg.

Kærði skýrir svo frá málavöxtum, að nokkru eftir miðnætti þriðjudaginn 4. sept. s. l. hafi hann komið til kunningja síns, Ottós Vilhelm Simonsen, Skála 33 á Skólavörðuholti. Var þar þá fyrir fyrrgreindur Sigurbjartur Sigurbjörnsson. Settist hann að drykkju með þeim, en kærði og Ottó áttu sína brennivínsflöskuna hvor. Dvöldust þeir fyrst heima hjá Ottó, en fóru svo heim til kærða. Fundu þeir fljótt til áfengisáhrifa, og er þeir höfðu tæmt báðar brennivínsflöskurnar, tók kærði fram þá þriðju, og byrjuðu þeir að drekka úr henni. Gerðist hann nú svo ölvaður, að hann kveðst muna óljóst, hvað skeði eftir þetta, þar til lögregluþjónarnir handtóku hann í Hafnarstræti. Sat hann þá við stýri bifreiðar sinnar, R 1662, sem hann kveðst hafa skilið eftir fyrir utan heimili sitt fyrr um kvöldið. Dregur hann ekki í efa, að hann hafi ekið bifreiðinni frá Barónsstíg og niður í Hafnarstræti, en kveðst ekki geta sagt um, hvort hann hafi ekið henni upp á gangstétt á Laugavegi.

Fyrrgreindir félagar kærða, Ottó Vilhelm Simonsen og Sigurbjartur Sigurbjörnsson, skýra eins frá vindrykkjunni og kærði. Muna þeir þó ekki eftir brennivínsflösku þeirri, er kærði lagði til, en efast þó ekki um, að hann hafi skýrt rétt frá um það atriði. Voru þeir svo ölvaðir, að þeir muna mjög óljóst eftir málsatvikum. Rámar þá þó báða í, að kærði hafi talað um að fara að aka í bifreið sinni um bæinn, og að þeir hafi verið í henni, en hver ók, eða hvert hafi verið ekið, muna þeir ekki. Þá minnast þeir þess heldur ekki að hafa viðurkennt fyrir lögregluþjónunum, að kærði hefði ekið bifreiðinni. Ottó Vilhelm Simonsen hefur skýrt svo frá, að hann haldi, að þeir félagar hafi farið gangandi til Þorgríms Jónssonar bifreiðarstjóra, Vitastíg 13, sem hefur ekið bifreiðinni fyrir kærða, en getur ekki sagt um, hvort Þorgrímur hafi verið með þeim félögum í bifreiðinni.

Vitnið Þorgrímur Jónsson hefur í réttarhaldi 12. sept. s. l. borið, að það hafi aldrei ekið kærða og tveim mönnum. Aftur á móti hafi það ekið kærða einum bæði drukknum og ódrukknum. Þá kveðst það fyrir að minnsta kosti hálfum mánuði hafa ekið eina nótt með kærða og Ottó Simonsen, sem það kannast við, lítið dukkna, og að stúlka, er það telur vera systur Ottós, hafi einnig verið með þeim.

Akstrinum lauk þannig, að milli kl. 6 og 7 um morguninn skildi vitnið við bifreiðina norðan til í Hafnarstræti við Hótel Heklu, en aksturinn hóf það milli kl. 3 og 4 um nóttina heiman að frá sér. Kveikjuláslykilinn skildi vitnið eftir í bifreiðinni, en kærði tók síðan við honum. Sá vitnið á eftir kærða og Ottó, þar sem þeir gengu upp Bankastræti, en stúlkan hafði farið úr bifreiðinni vestur í bæ. Engin deili veit vitnið á Sigurbjarti Sigurbjörnssyni og kveðst ekki kannast við nokkurn mann með því nafni. Bifreiðina R 1662 kveðst það oftast geyma fyrir utan heimili sitt, þó segir það kærða hafa geymt bifreiðina heima hjá sér fyrir um viku, vegna þess að einn hjólbarði bifreiðarinnar hafði sprungið.

Eins og málsatvikum er lýst hér að framan, verður að telja það sannað, að kærði hafi ekið bifreiðinni R 1662 með áhrifum áfengis, eins og að framan getur, enda hefur hann hvorki getað þrætt fyrir það né tilnefnt nokkurn annan, sem hefði getað ekið bifreiðinni, og ekkert komið fram í rannsókn málsins, er bendi til þess. Hefur hann með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941.

Þá verður einnig að telja sannað með framburði vitnisins Reynis Kratch, að kærði hafi ekið bifreiðinni upp á gangstéttina á Laugavegi, enda hefur hann ekki getað mótmælt því. Hefur kærði með þessum akstri sínum einnig brotið 30. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsingu kærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þykir hún hæfilega metin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta kærða bifreiðastjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 150.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa. Stafar hann af því, að Þórður Björnsson fulltrúi, er með rannsókn máls þessa hafði að gera, fór héðan af landi burt um miðjan októbermánuð s. l., og bárust dómaranum málsskjölin ekki í hendur fyrr en þá. Vegna mikilla anna hins skipaða verjanda kærða varð talsverður dráttur á, að vörn málsins væri skilað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Guðjón Gíslason, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann er sviptur bifreiðastjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 150.00

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 14. nóvember 1947.

Nr. 91/1947. **Réttvísin** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn
**Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni**
(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Skjalafals.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Ásgrímur Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Guttorms Erlendssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. febrúar 1947.**

Ár 1947, laugardaginn 22. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Bergi Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 471/1947: Réttvísin gegn Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóhanni Ásgrími Guðjónssyni sjómanni, Grundarstíg 11 hér í bæ, fyrir brot gegn XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. júlí 1923

í Bolungarvík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1941 $^{2}/_{2}$ Undir eftirliti á Ísafirði skv. 30. gr. hegningarlaganna til $^{3}/_{7}$ 1942.

1941 $^{2}/_{3}$ Áminning á Ísafirði fyrir brot gegn 17. gr. laga nr. 33/1935.

1941 $^{1}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað og akstur á ljóslausu reiðhjóli.

1942 $^{3}/_{4}$ Sátt á Ísafirði, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935.

1943 $^{9}/_{12}$ Dómur aukaréttar Ísafjarðar, 40 daga fangelsi og sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaganna.

1944 $^{1}/_{7}$ Sátt á Ísafirði, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem upplýst er í málinu á annan hátt, eru málavextir þessir:

Föstudaginn 6. desember s. l. fór ákærði inn í skrifstofu Gunnars Guðjónssonar skipamiðlara, Tryggvagötu 28 hér í bæ, til að taka við eins dags vinnulaunum sínum. Ákærði sá á vinnulista, sem lá þar á afgreiðsluborðinu, að maður að nafni Guðsteinn Jónsson átti ógoldin vinnulaun að upphæð rúmar 200 krónur. Datt ákærða þá í hug að taka þessi vinnulaun Guðsteins út. Ákærði tók nú við vinnulaunum sínum og fór út úr skrifstofunni, en kom inn aftur eftir nokkra stund. Spurði hann eftir vinnulaunum Guðsteins og voru afhent þau, kr. 200.48. Kvittaði ákærði fyrir móttöku þeirra með því að rita nafn Guðsteins Jónssonar í kvittanabók vinnulistans fyrir aftan nafn Guðsteins á honum. Ákærði kannaðist ekkert við Guðstein og hafði ekki hugmynd um, hvernig hann ritaði nafn sitt. Ritaði ákærði nafn hans, eins og honum var eðlilegast, og breytti ekkert rithönd sinni. Ákærði eyddi vinnulaunum Guðsteins í drykkjuslark um kvöldið.

Sama dag ætlaði Guðsteinn Jónsson að fá greidd nefnd vinnulaun sín, en þá hafði ákærði þegar hirt þau, svo sem fyrr greinir. Var nú málið kært til rannsóknarlögreglunnar, og viðurkenndi ákærði daginn eftir brot sitt. Ákærði hefur nú endurgreitt Guðsteini vinnulaunin.

Ákærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Ásgrímur Guðjónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 17. nóvember 1947.

Nr. 61/1946. **Páll Bjarnason** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Þorkeli Þorleifssyni**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Deilt um rétt til umferðar.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. maí f. á., krefst þess:

1. að vegur sá, sem liggur á lóðamörkum Bústaðabletts VIII (Hreiðurs) og Bústaðabletts IX (Lækjar), sé sameign aðilja, enda eigi ábúandi Hreiðurs umferðarrétt um veginn.
2. að stefnda verði gert að nema burtu girðingu, sem hann hefur lagt eftir miðju nefnds vegar, að viðlögðum 200 króna dagsektum til áfrýjanda.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðiljar máls þessa búa á tveimur erfðaleigulöndum, Bústaðabletti 8 (Hreiðri) og Bústaðabletti 9 (Læk). Liggja lönd þessi samhliða. Erfðaleiguhafar þeir, sem reistu hús þarna 1932, komu sér saman um að leggja sameiginlegan veg heim undir íbúðarhús sín eftir lóðamörkunum. Notuðu

þeir síðan veginn báðir. Sama gerðu og aðiljar þeir, sem fengu erfðaleigurétt að löndunum framseldan. Hélzt þessi háttur fram til ársins 1945, er deila reis með aðiljum máls þessa og stefndi setti upp girðingu á landamerkjum eftir miðjum vegi og breikkaði síðan þann hluta vegarins, er liggur um land hans.

Það hafa ekki komið fram í máli þessu sannanir fyrir því, að fyrri eigendur greindra erfðaleigulanda hafi berum orðum eða á annan hátt samið svo með sér, að vegur sá, sem í málinu greinir, skyldi haldast framvegis til sameignlegrar hagnýtingar ábúendum greindra lendna, og að stefnda hafi átt að vera kunnugt um slíka gerninga, þegar hann eignaðist Bústaðablett 9. Þá verður ekki talið, að vegur þessi sé slíkt mannvirki, að stefnda hafi átt af ummerkjum vegarins að vera ljós tilvist slíkra gerninga. Loks hefur stefndi ekki með samningum bundið sig til að hlíta sameiginlegum vegi um land sitt.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta það ákvæði héraðsdóms, að áfrýjanda sé óheimil umferð um land stefnda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Páli Bjarnasyni, er óheimil för um land stefnda, Þorkels Þorleifssonar, það er að framan greinir.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður

**Dómur merkjadóms Reykjavíkur 20. apríl 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur Þorkell Þorleifsson, Læk við Breiðholtsveg hér í bæ, höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu, útgefinni 17. október 1945, gegn Páli Bjarnasyni, Hreiðri við Breiðholtsveg hér í bænum, og eru dómkröfur hans þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að mörkin milli lóða aðilja séu eins og girðing sú, sem stefnandi setti upp í júnímánuði 1945.

2. Að stefnda verði talið óheimilt að nota umferðarrétt innan téðrar girðingar og

3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi og áskilið sér rétt til heimtu skaðabóta í sérstöku máli fyrir tjón það, er hann telur sig hafa beðið af völdum stefnda.

Stefndi hefur viðurkennt 1. kröfulið stefnanda, en krafizt sýknu af 2. og 3. lið hér að framan, svo og málskostnaðar í aðalsök. Þá hefur hann og höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 3. nóvember 1945, og haft uppi þessar kröfur.

1. Að vegur sá, er síðar greinir og liggur á lóðamörkum, tilheyri aðiljum að jöfnu, enda beri Hreiðri umferðarréttur um veginn.

2. Að aðalstefnanda verði talið skylt að nema burt girðingu sína, þar sem hún liggur eftir greindum vegi, að viðlögðum 200 króna dagsektum til gagnstefnanda, og

3. Að aðalstefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í gagnsök.

Aðalstefnandi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir eru þessir:

Hús aðalstefnanda, er stendur á erfðafestulandinu Bústaðabletti 9, mun hafa verið byggt um sama leyti og hús gagnstefnanda, en það stendur á erfðafestulandinu Bústaðabletti 8. Erfðafestuhafar þeir, er byggðu hús þessi, komu sér saman um að girða ekki milli landanna, en á lóðarmörkum lögðu þeir sameiginlegan veg þannig, að mörkin lágu eftir veginum miðjum. Að öðru leyti var girt um lönd þessi, og var sameiginlegt hlið á girðingunum við upphaf vegarins. Vorið 1945 setti gagnstefnandi upp girðingu milli landa aðilja meðfram vegarbrún og hafði á henni hlið við enda vegarins. Í byrjun júní sama ár girti aðalstefnandi á lóðamörkum, þ. e. eftir veginum miðjum, og breikkaði um leið þann vegarhelming, er á hans landi var.

Vegarhelmingur gagnstefnanda er ekki fær bifreiðum fyrir þrengsla sakir, og fór svo, fám dögum eftir að aðalstefnandi hafði lokið við girðinguna, að gagnstefnandi kom í flutningabifreið og ók veginn, sem lá nú allur á landi aðalstefnanda. Á vegarenda tók hann upp girðinguna, og er þar opið síðan, enda hefur hann ekið um þenna veg, þegar hann hefur talið sér þörf þess. Aðalstefnandi hefur eigi viljað una þeirri háttsemi gagnstefnanda og því höfðað mál þetta.

Eins og að framan var greint, féll niður ágreiningur aðilja um lóðamerki, og kemur því aðeins til úrlausnar í máli þessu, hver réttindi hvor aðilja hefur til hins upphaflega sameiginlega vegar.

Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að sér hafi verið heimilt að girða land sitt á mörkum þrátt fyrir veg þenna og sögu hans, enda kveðst hann aldrei hafa samþykkt varanlegan umferðarrétt um veginn handa gagnstefnanda né öðrum mönnum. Slík kvöð hvíli eigi á landi sínu, enda engum gögnum þinglýst í þá átt, né heldur hafi sér verið gert kunnugt um slíkar kvaðir, er hann keypti hús sitt.

Gagnstefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að vegur þessi var lagður af hinum fyrstu erfðafestuhöfum í sameiningu og síðan notaður af íbúum og eigendum beggja húsa. Telur hann því ljóst, að vegurinn sé sameign aðilja, og beri þeim því gagnkvæmur umferðarréttur um hann.

Gagnstefnandi hefur ekki samið berum orðum um rétt til umferðar um land aðalstefnanda við hann né fyrri eigendur húss hans. Slíkir samningar virðast þó, eins og á stóð, nauðsynlegir til þess að gagnstefnandi gæti öðlazt rétt þenna, þar eð eigi er unnt að telja athafnir eða athafnaleysi fyrri eigenda húsanna hafa haft slíkar réttarverkanir, þegar þess er einnig gætt, að vegurinn mun hafa verið lagður á árunum 1932—1933, og því eigi liðinn hefðartími ítaks.

Samkvæmt framanrituðu ber því að taka til greina dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök og telja gagnstefnanda óheimila umferð um land aðalstefnanda. Eftir þessum málalokum þykir og rétt, að gagnstefnandi greiði aðalstefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Með tilvísun til alls framanritaðs þykir og rétt að taka til greina sýknukröfu aðalstefnanda í gagnsök, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Ólafur Lárusson prófessor og Sigurður Thoroddsen fyrrum yfirkennari. Uppsögn dómsins hefur dregizt nokkuð um venju fram sakir anna dómenda.

Dómsorð:

Í aðalsök er aðalstefnda, Páli Bjarnasyni, óheimil umferð um land aðalstefnanda, Þorkels Þorleifssonar. Aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 250.00 í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1947.

Nr. 157/1946. **Stefán Snæbjörnsson og Kristján Pétur Guðmundsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
**Vigfúsi Vigfússyni** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
og
**Vigfús Vigfússon** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Stefáni Snæbjörnssyni, Kristjáni Pétri Guðmundssyni og Guðmundi Jörundssyni** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

Fébótamál vegna bifreiðarslyss.

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. des. 1946. Krefjast þeir þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfýjanda í málinu og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefjast þeir þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. des. 1946. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjendur Stefán Snæbjörnsson og Kristján Pétur Guðmundsson og stefndi Guðmundur Jörundsson verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 28404.26, en til vara, að sömu aðiljum verði gert að greiða fjárhæð þessa í því hlutfalli, sem dómurinn ákveður, og til þrautavara, að einn nefndra aðilja eða tveir in solidum verði dæmdir til að greiða honum nefnda fjárhæð. Þá krefst gagnáfrýjandi og 5% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 2. febr. 1946 til greiðsludags svo og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til ýtrustu þrautavara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Það er komið fram í málinu, að aðaláfrýjandi Stefán Snæbjörnsson, eigandi bifreiðarinnar A 63, hafi á þeim tíma, er slysið varð, leigt bifreiðina aðaláfrýjanda Kristjáni Pétri Guðmundssyni, er sjálfur ók bifreiðinni. Verður því að telja, að Kristján Pétur hafi verið umráðamaður bifreiðarinnar, er slysið bar að höndum, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 5. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Af þessu leiðir, að aðaláfrýjandi Stefán Snæbjörnsson bar ekki eigandaábyrgð á bifreiðinni á þessum tíma. Ber því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður fyrir báðum dómum.

Skilrúm þau, er hlaðin voru á vörupall bifreiðarinnar A 63, voru höfð þar óbundin. Var sá umbúnaður mjög ótryggilegur og átti þátt í því, að slysið varð. Þessa vangæzlu verður að telja aðaláfrýjanda Kristjáni Pétri Guðmundssyni, er ábyrgð bar á hleðslu bifreiðar sinnar, til sakar auk mistaka þeirra, er honum urðu á í akstrinum, er farmur bifreiðar hans rakst í aðra bifreið. Ber hann því fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt, samkvæmt 3. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941.

Gagnáfrýjandi vann í þágu stefnda, Guðmundar Jörundssonar, er slysið varð. Stefndi Guðmundur var sjálfur viðstaddur og stjórnaði verki, er skilrúmunum var hlaðið á bifreiðina, og gagnáfrýjandi tók sér far með henni vegna flutningsins og með vitund Guðmundar. Þykir stefndi Guðmundur eiga að bera ábyrgð á því, hversu ótryggilega var frá farminum gengið. Ber því einnig að telja hann bótaskyldan vegna slyssins.

Gagnáfrýjanda var kunnugt um, hvernig hleðslu farmsins á bifreiðina var háttað. Þykir hann hafa sýnt nokkra óvarkárni með því að taka sér stöðu á bifreiðinni aftan við farminn án þess að kvarta undan öryggisskortinum. Telst því rétt samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941, að gagnáfrýjandi beri sjálfur ⅕ hluta tjóns síns.

Að því er tekur til skaðabótakröfu gagnáfrýjanda, þá ber með skírskotun til raka héraðsdóms að taka til greina 1.—11. kröfulið. Bætur samkvæmt 12. kröfulið þykja hæfilega ákveðnar kr. 2000.00. Þá teljast bætur samkvæmt 13.

kröfulið hæfilega metnar kr. 4000.00 og samkvæmt 14. kröfulið kr. 7000.00. Samtals verða fjárhæðir þessar kr. 24004.56. Ber aðaláfrýanda Kristjáni Pétri Guðmundssyni og stefnda Guðmundi Jörundssyni að greiða in solidum gagnáfrýjanda ⅕ hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 19203.65, ásamt vöxtum, svo sem krafizt er. Svo ber þeim og in solidum að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi Stefán Snæbjörnsson á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Vigfúsar Vigfússonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, að því er hann varðar.

Aðaláfrýjandi Kristján Pétur Guðmundsson og stefndi Guðmundur Jörundsson greiði in solidum gagnáfrýjanda kr. 19203.65 ásamt 5% ársvöxtum frá 2. febr. 1945 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Akureyrar 13. nóvember 1946.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 8. þ. m., hefur stefnandinn, Vigfús Vigfússon sjómaður, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 2. febrúar þ. á., á hendur þeim Stefáni Snæbjörnssyni vélsmið, Akureyri, Kristjáni P. Guðmundssyni, Brekkugötu 27, Akureyri, og Guðmundi Jörundssyni útgerðarmanni, Akureyri, til þess aðallega að fá þá dæmda in solidum til að greiða skaðabætur, að fjárhæð kr. 28828.55, til vara, að sömu upphæð verði skipt milli hinna stefndu til greiðslu í því hlutfalli, er dómarinn teldi eðlilegast, og til þrautavara, að einn sérstakur eða tveir hinna stefndu in solidum, eða skipt eftir ákveðnu hlutfalli, verði dæmdir til bótagreiðslunnar. Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína um kr. 424.29 og í kr. 28404.26.

Þá krefst stefnandi í öllum tilfellum 5% ársvaxta frá útgáfudegi

stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða að mati dómara.

Stefndu krefjast algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara krefjast þeir þess, að tjóninu verði skipt í hlutfalli við sök hvers um sig, stefnanda og hinna stefndu, og til þrautavara, að bótaupphæðin verði lækkuð eftir mati dómarans.

Tildrög máls þessa eru þau, að 30. júní 1944 vann stefnandi ásamt öðrum verkamönnum hjá stefnda Guðmundi Jörundssyni, útgerðarmanni á Akureyri, við flutning á þilfarsskilrúmum (síldardekki) úr geymsluhúsi á Oddeyrartanga, sem flytja átti í skip Guðmundar, sem lá við Torfunesbryggju á Akureyri. Skilrúmin voru flutt á vörubifreiðinni A 63, eign stefnda Stefáns Snæbjörnssonar, ökumaður var stefndi Kristján P. Guðmundsson, en stefndi Guðmundur Jörundsson hafði yfirstjórn vinnunnar.

Skilrúmunum var vandlega staflað á bifreiðina, og stóð farmurinn nokkuð út af hliðum hennar. Aftast á bifreiðarpallinum var mjótt, autt bil, sem talið er, að hafi verið ca. 1½ fet á breidd, og stóðu verkamenn á því við stöflun farmsins. Farmurinn var ekki bundinn. Þegar lokið var fermingu bifreiðarinnar, fóru þrír menn, sem áttu að vinna við affermingu hennar á bryggjunni, upp á pall hennar. Tveir þeirra komu sér fyrir uppi á farminum fram við stýrishús, hvor sínum megin, en þriðji maðurinn, sem var stefnandi máls þessa, kom sér fyrir aftast á bifreiðinni. Hafði hann fætur á auða bilinu aftast á pallinum, en hallaði sér upp að og studdist við planka eða þrep í timburstaflanum. Stefndi Guðmundur Jörundsson sat í stýrishúsi hjá ökumanni. Ekið var vestur Strandgötu. Á Strandgötu stóð mjólkurflutningabifreiðin á vinstra vegkanti, og þegar A 63 fór framhjá, rakst timbrið, sem út af pallinum stóð, lítillega á mjólkurbifreiðina. Við árekstur rakst spýta úr farminum á kálfa stefnanda, og féll hann við það á götuna. Var stefnandi nú fluttur til læknis og meiðsli hans athuguð. Kvartaði hann þá um sársauka í vinstri öxl og herðablaði og utan á vinstra læri.

Taldi læknirinn, að einungis væri um mar eða togun að ræða, sem mundi batna án sérstakra aðgerða á viku eða hálfum mánuði.

Nokkrum dögum síðar fór stefnandi á síldveiðar á m/s Narfa. Kom þá í ljós, að hann þoldi ekki vinnu, máttleysi og verkir í vinstri mjöðm og læri jukust. Var hann fluttur í land að viku liðinni, og lagðist hann í sjúkrahús 18. júní. Kom þá í ljós, er röntgenmynd hafði verið tekin, innkýlt brot í lærbeinshálsi.

Dvaldi stefnandi í sjúkrahúsinu til 18. október um haustið, en fór ekki að vinna fyrr en 23. nóvember næst á eftir og hefur unnið síðan. Við læknisskoðun 29. des. 1945 kvartaði stefnandi um stirðleika, þreytu og máttleysiskennd í vinstri mjöðm og læri og þrautir í lærbeinshnútunni og mjöðminni. Vinstri fótur reyndist 1 cm styttri en sá hægri, en vöðvarýrnun var ekki mælanleg.

Hreyfingar í vinstri mjaðmarlið voru nokkru minni en hægra megin, og stefnandi kenndi sársauka í liðnum, ef reynt var að þvinga hreyfingar. Röntgenmynd sýndi tæplega 1 cm styttingu á lærleggshálsi og truflaða beinmyndun á brotstaðnum. Samkvæmt lýsingu þessari hefur Pétur Magnússon, sem þá gegndi tryggingaryfirlæknisstörfum, metið örorku stefnanda þannig: Frá 18. júní til 23. nóv. 1944 100% örorka, eftir það 6% örorka.

Stefnandi byggir bótakröfu sína á hendur stefndu á því, að þeir beri sameiginlega ábyrgð á tjóni því, er stefnandi hlaut við slysið, stefndi Stefán sem eigandi bifreiðarinnar samkvæmt 35. gr. 1. mgr. bifreiðalaga, stefndi Kristján vegna þess, að hann átti sök á slysinu með óvarlegum akstri, en stefndi Guðmundur vegna þess, að hann hafði yfirumsjón verksins og lét stefnanda vera aftan á bifreiðinni.

Stefndu byggja aðalkröfu sína um sýknu á því, að stefnandi beri sjálfur ábyrgð á tjóni sínu vegna þess, að hann hafi sjálfur verið valdur að því með gálauslegu framferði. Hann hafi tyllt fótum á mjóa brún á bifreiðarpallinum aftan við farminn og haldið vinstri hendi í planka, sem lá ofan á timburstaflanum. Verði að telja það stórkostlegt gáleysi. Til vara krefjast stefndu þess, að tjóninu verði skipt í hlutfalli við sök hvers um sig, stefnanda og stefndu, og að fébætur verði færðar niður eða jafnvel felldar alveg niður samkvæmt 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaga.

För stefnanda með bifreiðinni umrætt skipti virðist hafa verið eðlileg og sjálfsögð, eins og á stóð, þar sem hann átti að vinna við affermingu hennar, enda var för hans með bifreiðinni eftir ráðstöfun stefnda Guðmundar með vitund og samþykki bifreiðarstjóra. Einnig lítur svo út, sem hann hafi ekki átt völ á öðrum stað á bifreiðinni, þar sem tveir menn aðrir sátu á timburstaflanum fram við stýrishús, hvor sínum megin. Bifreiðarstjórinn ók mjög hægt með ca. 10 km hraða, miðað við klukkustund, og bendir því ekkert til, að hætta hefði verið á ferðum, ef sú slysni hefði ekki hent bifreiðarstjórann, að farmur bifreiðarinnar rakst á aðra bifreið. Verður því ekki talið, að stefnandi eigi sök á tjóninu. Upplýst er, að framangreind slysni bifreiðarstjórans vegna vangæzlu hans við aksturinn var bein orsök slyssins. Er hann því bótaskyldur samkvæmt almennum skaðabótareglum og einnig eigandi bifreiðarinnar samkvæmt 35. gr. 1. mgr. bifreiðalaga. Hins vegar þykir mega sýkna stefnda Guðmund Jörundsson af kröfum stefnanda, þar sem ekki verður talið, að hann eigi sök á slysinu né eigi að bera ábyrgð á vangæzlu bifreiðarstjórans við aksturinn.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína í 14 liði. Liðirnir 1—10, samtals kr. 3311.50, eru sundurliðun á beinum kostnaði stefnanda af sjúkrahúsvist, þóknun til lækna o. þ. h. 11. liður kr. 8117.35, að frádregnum kr. 424.29, er tjón það, sem stefnandi telur sig hafa beðið vegna missis síldarvertíðar.

Í 12. lið telur stefnandi tjón það, kr. 2399.70, er hann kveðst hafa beðið vegna atvinnumissis frá lokum síldarvertíðar til 23. nóvember, er hann fór að vinna. Í 13. lið er krafa um bætur fyrir sársauka og óþægindi vegna meiðslisins, kr. 5000.00, og í 14. lið krafa um bætur fyrir varanleg mein og minnkaða orku, kr. 10000.00. Allir liðirnir nema samtals kr. 28404.26, og er það bótaupphæð sú, sem krafizt er dóms um í málinu.

Liðunum nr. 1—10 hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, nema tvítalinni röntgenmynd, en frá þeim mótmælum var fallið við munnlegan flutning málsins.

Verða þargreindar upphæðir, kr. 3311.50, lagðar til grundvallar.

Um 11. Upplýst er, að síldarhlutur sjómanna á skipi því, er stefnandi var ráðinn á til síldveiða, nam kr. 8117.35, að meðtalinni vinnu dagana 1. júlí til 5. júlí við undirbúning skipsins á veiðar. Hlutur stefnanda á skipinu dagana 12.—18. júní var kr. 424.20. Mismuninn, kr. 7693.06, þykir mega telja tjón stefnanda vegna hlutarmissis á síldarvertíð.

Um 12. Þessum lið er mótmælt sem allt of háum og ósönnuðum. Upphæðin, kr. 2399.70, er kaup í tvo mánuði og 5 daga frá 18. september, er síldarvertíð lauk, til 23. nóvember, er stefnandi hóf vinnu. Útreikningi kaupsins hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, en hins vegar er á það bent af hálfu stefndu, að ólíklegt sé, að stefnandi hefði haft avinnu allan þenna tíma, þar sem stefnandi er sjómaður, en á þessum tíma er oft hlé á atvinnu sjómanna.

Stefnandi var 53 ára gamall um þetta leyti. Hann er talinn mjög duglegur starfsmaður. Þykir með hliðsjón af því mega telja, að stefnandi hafi beðið tjón vegna atvinnumissis þenna tíma, en með tilliti til þess, að reikna má til frádráttar framfærslukostnað stefnanda sama tíma, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 1600.00.

Um 13. og 14., bætur fyrir sársauka og óþægindi, kr. 5000.00, og bætur fyrir varanleg mein og minnkaða orku, kr. 10000.00.

Sjálfsagt þykir, að stefnandi fái bætur fyrir sársauka og óþægindi og einnig fyrir varanleg mein og minnkaða orku, samanber það, sem segir í læknisvottorði 29. des. 1945 og áliti tryggingaryfirlæknisins. Enda þótt stefnandi hafi ekki beðið tjón vegna vinnumissis eftir 23. nóv. 1944, þykir ekki ólíklegt, að starfskraftar hans muni endast ver vegna meiðslisins. Með hliðsjón af þessu og aldri stefnanda þykja bætur samkvæmt báðum þessum liðum hæfilega metnar kr. 8000.00. Niðurstaða málsins verður því sú, að tjón stefnanda verður talið kr. 3311.50, kr. 7693.06, kr. 1600.00 og kr. 8000.00, eða alls kr. 20604.56. Verða stefndu Stefán Snæbjörnsson og Kristján P. Guðmundsson dæmdir til að greiða upphæð þessa in solidum ásamt 5% ársvöxtum frá 2. febrúar 1946 til greiðsludags og máls-

kostnað kr. 2600.00. Málskostnaður stefnda Guðmundar Jörundssonar, sem sýknaður verður, þykir mega falla niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Guðmundur Jörundsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður hans fellur niður.

Stefndu Stefán Snæbjörnsson og Kristján P. Guðmundsson greiði in solidum stefnanda, Vigfúsi Vigfússyni, kr. 20604.56 auk 5% ársvaxta frá 2. febrúar 1946 til greiðsludags og kr. 2600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 19. nóvember 1947.

Nr. 84/1946. **Sveinn Frímannsson**
og
**Egill Sigurðsson** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
**Ármanni Jakobssyni**
(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Úrskurður um öflun gagna.

**Úrskurður hæstaréttar.**

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdóminn samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að leita, svo fremi annar hvor aðilja óskar þess, skýrslna um það, hvaða einstaklingar stóðu að gerð kjarasamnings þess frá 1. júlí 1945, sem um ræðir í máli þessu. Skal og leita vitneskju þeirra um það, hvaða skilning þeir hafi lagt í orðið „uppgerðardag" í 9. gr. samningsins og hvort samkomulag hafi verið um ákveðinn skilning á því orði.

Ályktarorð:

Héraðsdómur skal veita aðiljum kost á öflun framangreindra gagna.

---

Fimmtudaginn 20. nóvember 1947.

Nr. 167/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
**Kristjáni Hannessyni**
(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

**Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt úrskurði hæstaréttar 12. marz s. l. hefur héraðsdómarinn háð framhaldsrannsókn í málinu. Kom þá fyrir dóm bifreiðarstjóri sá, er flutti hinn slasaða að sjúkrahúsi. Kveðst bifreiðarstjóri þessi hafa verið á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Er hann var að aka niður brekkuna sunnan brúarinnar í Kópavogi á um 25—30 mílna (þ. e. á milli 40 og 50 km) hraða, miðað við klukkustund, sá hann í spegli bifreiðar sinnar, að bifreiðin G 95 kom á eftir honum. Skipti það engum togum, að G 95 geystist fram úr á að minnsta kosti 70 km hraða, miðað við klukkustund, að því er nefndur bifreiðarstjóri telur. Hvarf G 95 síðan sjónum bifreiðarstjórans um stund, en er hann kom á Digranesháls, sá hann, að hún hafði stöðvazt við Sléttuveg. Bendir þessi framburður bifreiðarstjórans svo og vætti hjólreiðarmannanna til þess, að ákærði hafi ekið hraðar en hann vill vera láta.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hjólreiðarmennirnir hafi verið í um 400 metra fjarlægð, er hann fyrst kom auga á þá. Veitti hann því þegar athygli, að tveir þeirra, sem óku samhliða, voru óstöðugir á reiðhjólunum og fataðist stjórn þeirra. Af þessum sökum var ákærða sérstakt og brýnt efni til ýtrustu varkárni, er hann ók til móts við hjólreiðarmennina og fram hjá þeim. Bar honum þá m. a. að stilla hraða bifreiðar sinnar svo í hóf, að hún yrði stöðvuð mjög fljótlega, ef þörf gerðist. Er nefndir hjólreiðarmenn voru komnir

á hlið ákærða, kveðst hann hafa séð, að þeir rákust saman, misstu vald á hjólunum og féllu við. Bar ákærða þá þegar að neyta hemla bifreiðarinnar til fullnustu og stöðva hana svo fljótt sem unnt var. Þetta gerði ákærði ekki. Þykir hann því hafa orðið samvaldur að slysinu, sem að verulegu leyti verður hins vegar rakið til þess, að hjólreiðarmennirnir rákust saman.

Háttsemi ákærða varðar við 26., 27. og 28. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. og 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 215. gr. sbr. niðurlagsákvæði 19. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða rétti til bifreiðarstjórnar 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að lögreglumenn þeir, er komu á vettvang eftir slysið, gerðu engar ráðstafanir til rannsóknar verksummerkja né athugunar á bifreiðinni. Þá hefur rannsókn málsins eigi verið rekin með nægilegri röksemd af hendi dómara, t. d. vitna eigi leitað sem skyldi.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Hannesson, greiði 2500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi eitt ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. september 1946.**

Ár 1946, föstudaginn 27. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3638/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Hannessyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Kristjáni Hannessyni bifreiðarstjóra, Norðurbraut 9 í Hafnarfirði, til refsingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og reglugerð nr. 23 17. febrúar 1943.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. nóvember 1921 í Keflavík. Þann 2½ 1943 var hann sektaður í Hafnarfirði um 20 kr. fyrir brot gegn bifreiðalögum, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Sunnudaginn 11. ágúst s. l. klukkan 13,15 ók ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrir kallaður, áætlunarbifreiðinni G 95 frá Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur. Veður var mjög gott, glaða sólskin og vegir þurrir. Var þetta fyrsta áætlunarferð ákærða þenna dag, en hann átti að aka til kl. 0,30 um kvöldið. Í Fossvogi á milli Fossvogsvegar og Sléttuvegar mætti hann fjórum færeyskum mönnum á reiðhjóli. Ók hann, eins og hjólreiðarmennirnir, vel vinstra megin eftir akbrautinni. Einn þeirra, Meinhard Lamhauge, ók þá fram með einum samferðamanna sinna, bróður sínum Christian Lamhauge, og rakst á öxl hans með þeim afleiðingum, að þeir féllu báðir af reiðhjólunum. Féll Meinhard Lamhauge að áætlunarbifreiðinni og mun hafa orðið undir hægri afturhjólum hennar, en þau eru tvöföld, og beið bana af. Var hann fluttur á Landspítalann í bifreið, sem bar þarna að litlu síðar, og lögreglunni gert aðvart um slysið.

Lögregluþjónarnir Jóhann Óskar Ólafsson, Eiríksgötu 23, og Elís Herluf Hannesson, Spítalastíg 1, fóru þegar á slysstaðinn og hittu þar ákærða og einn Færeyinganna, Christian Valdimar Petersen smið, Hringbraut 33, 27 ára að aldri. Skildist þeim lögregluþjónunum, að ekkert alvarlegt slys hefði orðið, og að mennirnir gætu lítið um slysið sagt, svo að þeir skrifuðu aðeins upp nöfn mannanna og sögðu þeim að fara til rannsóknarlögreglunnar, en gáfu enga skýrslu um slysið. Við svo búið fóru lögregluþjónarnir burtu af slysstaðnum án þess að reyna bifreiðina eða mæla upp slysstaðinn. Sigurður Magnússon löggæzlumaður, sem hafði vakt hjá rannsóknarlögreglunni þenna sunnudag, frétti ekki af slysinu fyrr en síðar um daginn, og hófst því ekki rannsókn á því fyrr en næsta dag, mánudaginn 12. ágúst s. l. Þann 14. ágúst s. l. var svo Aðalsteinn Richter

arkitekt fenginn til að gera mælingar af slysstaðnum og uppdrátt, sem lagður hefur verið fram, rskj. nr. 7, og hefur hvorki ákærði né vitni haft nokkuð við hann að athuga. Var bifreiðin staðsett eftir ummerkjum, sem enn sáust, hemlafari og umsögn ákærða, lögregluþjónanna og vitnisins Helga Zofoníasar Guðmundssonar, sem kom á slysstaðinn skömmu eftir að slysið varð.

Ákærði, sem var einn í bifreiðinni, kveðst hafa komið auga á reiðhjólamennina talsverðri stundu áður en hann mætti þeim. Hafi þeir ekið vel vinstra megin eftir akbrautinni, hvorki hratt né hægt. Hann kveðst hafa ekið á um 20 til 25 km hraða, miðað við klukkustund, er slysið varð, en nokkru áður hafi hann dregið úr hraða bifreiðarinnar, sem þá hafi verið um 40 km, miðað við klukkustund, þar eð hann hafi séð hik á manni þeim, er varð fyrir slysinu. Hann segist hafa séð út um hliðarrúðu bifreiðarinnar, er mennirnir tveir rákust saman, og hafi hann þá ekið vinstri hjólum bifreiðarinnar út fyrir malbik akbrautarinnar, en beggja megin við hana er malarkantur. Um leið og hann sá Meinhard Lamhauge falla í áttina að bifreiðinni, kveðst hann hafa stöðvað hana, en segist þó ekki hafa hemlað snögglega, enda hafi hann ekki getað fundið, að maðurinn kæmi við bifreiðina eða að hjól hennar færu yfir hann. Telur ákærði, að hafi svo verið, muni hann áreiðanlega hafa orðið þess var. Ákærði kveðst hafa stöðvað bifreiðina til þess að athuga, hvort Meinhard Lamhauge hefði meitt sig, en er hann kom út úr bifreiðinni, lá Meinhard skammt fyrir aftan hana og mun þegar hafa verið örendur.

Vitnið Christian Esmar Lamhauge trésmiður, 29 ára að aldri, segir þá félaga hafa tekið eftir bifreiðinni löngu áður en þeir mættu henni. Hafi þeir ekið á meðal ökuhraða reiðhjóla, en kveður bifreiðinni hafa verið ekið hratt vinstra megin á akbrautinni, varla undir 50 km hraða, miðað við klukkustund, en hefur ekki getað sagt um, hvort vinstri hjól hennar hafi verið fyrir utan malbik vegarins, en segir þó, að þau hafi verið þar, er bifreiðin var stönzuð. Rétt áður en þeir mættu bifreiðinni, kveður vitnið bróður sinn Meinhard hafa ekið fram með því og rekizt á hægri öxl þess, en þeir báðir fallið við þetta. Ekki hafi það þó séð, hvort bróðir þess hafi fallið á bifreiðina eða orðið undir hjólum hennar. Segir það ákærða hafa hemlað strax og bifreiðina hafa stöðvazt nokkrum metrum fyrir ofan stað þann, er Meinhard Lamhauge lá á, en hann hafi legið þversum á veginum, höfuð hans snúið í vestur, og hann virtist þegar dáinn. Ekki veitti vitnið því athygli, hvort hemlaför hefðu sézt eftir hjól bifreiðarinnar.

Vitnið Meinhard Herberg Siggert Hansen verkamaður, 20 ára að aldri, skýrir svo frá, að það hafi ekið á reiðhjóli undan bræðrunum Meinhard og Christian Lamhauge, er slysið varð. Kveður það þá félaga hafa ekið nokkuð hratt. Rétt eftir að vitnið hafði mætt bifreið-

inni, segist það hafa horft um öxl og séð þá, hvar Meinhard Lamhauge kastaðist utan í bifreiðina annaðhvort rétt fyrir framan afturhjólin eða á þau og síðan fallið á götuna, en Christian fallið á götuna eða vegarbrúnina. Kveður vitnið Meinhard Lamhauge hafa reynt að verjast falli með því að bera hægri fót fyrir sig, en ekki getað það. Ekki telur vitnið hjól bifreiðarinnar hafa farið yfir Meinhard Lamhauge, en segir hana hafa stöðvazt 5 til 10 metra frá slysstaðnum. Segir vitnið hann munu þegar hafa látizt og kveður höfuð hans hafa snúið niður eftir veginum eða sem næst í suðvestur. Kveður vitnið bifreiðinni hafa verið ekið hratt, á 50 til 60 km hraða, miðað við klukkustund, að því er það telur. Ekki athugaði vitnið, hvort hemlaför sáust á slysstaðnum.

Vitnið Christian Valdimar Petersen kveðst hafa ekið á reiðhjóli á eftir bræðrunum Meinhard og Christian Esmar Lamhauge, er slysið varð. Segir vitnið þá félaga hafa ekið nokkuð hratt vinstra megin eftir veginum, enda hallaði undan. Bifreiðinni kveður það einnig hafa verið ekið nokkuð hratt, en þó ekki hraðara en bifreiðum er almennt ekið fyrir utan bæinn. Vitnið kveðst hafa séð, er áreksturinn varð á milli bræðranna Meinhards og Christians Lamhauge, og hafi Meinhard reynt að bera hægri fót fyrir sig til að verjast falli, en það ekki tekizt. Ekki kveður vitnið Meinhard hafa fallið utan í bifreiðina, en segir hjól hennar hafa farið yfir hann. Kveðst vitnið hafa séð hemlaför eftir bifreiðina, og er hún hafði verið stöðvuð nokkrum metrum frá slysstaðnum, hafi vinstri hjól hennar verið fyrir utan malbikuðu brautina. Eins og ákærði, kveður vitnið Meinhard Lamhauge hafa legið þannig á veginum, að höfuð hans hafi snúið í vestur.

Lögregluþjónarnir Jóhann Ólafsson og Elís Hannesson kveða um 11 metra langt hemlafar hafa sézt eftir hægri hjól bifreiðarinnar í malbikinu á slysstaðnum. Eins og fyrr greinir, var far þetta enn sjáanlegt, er mælingar voru gerðar á slysstaðnum 14. ágúst s. l., enda var malbikið nokkuð bráðið af sólarhitanum, þegar slysið varð. Kveður Jóhann Óskar, að þetta hafi ekki verið hreint hemlafar, heldur eins og „tekið hefði verið í hjólin". Kveður Elís Herluf einnig hafa mátt sjá hemlafar eftir vinstri afturhjól bifreiðarinnar í malarkantinum, en það hafi þó verið styttra. Þá segja þeir lögregluþjónarnir og ákærði, að fyrir aftan bifreiðina, þar sem hún stóð á slysstaðnum, hafi á tveggja metra kafla ekki verið sjáanlegt hemlafar eftir ytra afturhjólið hægra megin, eins og sýnt er á uppdrættinum, rskj. nr. 7.

Ákærði kveður ekkert hafa dregið athygli sína frá akstrinum og segir sólskinið hafi ekki verið sér til trafala á nokkurn hátt. Bifreiðina kveður hann að öllu leyti hafa verið í góðu lagi, og hafa þrjú vitni borið það, að um morguninn, daginn, sem slysið varð, hafi verið litið eftir því, hvort bifreiðin væri í góðu lagi, og hafi

það reynzt svo. Hemlar bifreiðarinnar voru sérstaklega athugaðir og gengið þannig frá þeim, að þeir voru jafnir á öllum hjólum.

Eins og fyrr greinir, mun Meinhard Lamhauge hafa andazt þegar á slysstaðnum. Leiddi krufning í ljós, að hann hafði skaddazt mjög mikið. Í krufningarskýrslu rannsóknarstofu Háskólans segir, að bókstaflega öll rifbein mannsins hafi verið brotin, og sex þau neðstu vinstra megin tvíbrotin. Hryggurinn hafi verið þverbrotinn milli 5. og 6. brjóstliðs. Mjaðmagrindin tvíbrotin og hægri lærleggur þverbrotinn rétt ofan miðs læris. Lifrin verið stórlega sprengd, þindin rifin vinstra megin og marblæðing aftan á heila. Að öllu þessu athuguðu sé ljóst, að slasaði hafi hlotið að verða fyrir þungum þrýstingi, að því er virðist eftir endilöngum bolnum, og látizt samstundis.

Eins og öllum atvikum er lýst hér að framan, verður ekki séð, að ákærði hafi að nokkru leyti orðið valdur að dauða Meinhards Lamhauge með ógætilegum eða of hröðum akstri. Að vísu hefur því verið haldið fram af Færeyingunum þremur, að bifreiðinni hafi verið ekið nokkuð hratt, og hafa tveir þeirra gizkað á, að henni hafi ekki verið ekið undir 50 km hraða, miðað við klukkustund, en sá þriðji segir, að henni hafi ekki verið ekið hraðar en bifreiðum er almennt ekið fyrir utan bæinn. Allt eru þetta ágizkanir manna, sem ekki kunna að aka bifreið og eru jafnframt sjálfir á ferð á reiðhjólum. Þykir því verða að leggja framburð ákærða til grundvallar um hraða bifreiðarinnar. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af öllum ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu og dæma ríkissjóð til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Hannesson, skal vera sýkn af öllum ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 20. nóvember 1947.

Nr. 165/1946. **Sigurlaug Kristjánsdóttir**
(Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
**Birni Benediktssyni**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

**Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Ágreiningur um greiðslu orlofsfjár.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. des. 1946, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 243.93 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1945 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. október 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. marz s. l., af Sigurlaugu Kristjánsdóttur, hér í bæ, gegn Birni netjagerðarmeistara Benediktssyni, Miklubraut 7 hér í bænum, til greiðslu orlofseyris að fjárhæð kr. 243.93 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir: Stefnandi, sem er félagi „Nótar", félags netjavinnufólks, hefur um mörg undanfarin ár unnið á netjaverkstæði stefnda, en lét þar af störfum 31. ágúst 1945. Í kjarasamningi milli „Nótar" og Félags netjaverkstæðiseigenda hér í bæn-

um, sem stefndi mun vera félagi í, var á sínum tíma kveðið svo á, að fólk, sem unnið hafði a. m. k. 9 mánuði á almanaksári hjá sama verkstæðiseiganda, skyldi fá frí með fullu kaupi í 6 daga á þeim tíma sama almanaksárs, sem verkstæðiseigandi ákvæði. Samningur þessi tók gildi 1. janúar 1941. Fékk stefnandi frí samkvæmt samningnum árin 1941 og 1942, sex daga hvort ár. Hinn 22. desember 1942 var gerður nýr kjarasamningur milli aðilja þeirra, er áður greinir. Var þar tekið fram, að verkamenn ættu rétt á sumarleyfi í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um orlof, sem lagt hafði verið fyrir alþingi sumarið 1942. Frumvarp þetta var síðar samþykkt sem lög um orlof nr. 16 frá 1943. Samkvæmt þessum samningi fékk stefnandi sumarleyfi í tvær vikur sumarið 1943.

Sumarið 1944 fékk hún einnig 2 vikna leyfi. Hinn 22. desember 1944 var enn á ný samið um kjör milli áðurgreindra félaga. Var þá svo ákveðið, að um sumarleyfi skyldi fara eftir lögum um orlof. Þegar stefnandi lét af störfum hjá stefnda 31. ágúst 1945, fékk hún greitt orlofsfé, 4% af launum sínum, fyrir tímabilið 1. janúar til 14. maí 1945. Síðar hefur stefndi einnig greitt stefnanda orlofsfé fyrir tímabilið 14. maí—31. ágúst 1945.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að þegar hún fór frá stefnda, hafi hún átt hjá honum orlofsfé fyrir orlofsárið 1944—1945, að frádregnu því, sem stefndi hefur þegar greitt fyrir tímabilið 1. janúar til 14. maí 1945. Telst henni svo til, að hið vangreidda orlofsfé nemi kr. 243.93, sem er dómkrafa hennar í málinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt samningi þeim, er áður greinir frá 22. desember 1942, hafi stefnandi fengið orlof sumarið 1944 fyrir það almanaksár. Eigi hún því ekki rétt til orlofsfjár nema fyrir það, sem hún vann á árinu 1945, en það hafi hún þegar fengið greitt.

Stefnandi tók orlof, meðan hún var í þjónustu stefnda, samkvæmt framangreindum kjarasamningum fyrir almanaksárin 1941—1944, að báðum meðtöldum. Átti hún því ekki kröfu til orlofsfjár frá stefnda, er hún hætti vinnu hjá honum, nema fyrir tímabilið 1. janúar 1945 til 31. ágúst s. á. Orlofsfé þetta hefur stefnandi þegar fengið greitt, og ber því að sýkna stefnda af kröfum hennar í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Benediktsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurlaugar Kristjánsdóttur, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. nóvember 1947.

Nr. 155/1945. **Helgi Jónsson og Úlfar Bergsson**
(Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegn
**Jens Árnasyni** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

**Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Fébóta krafizt vegna þess, að seld lóð reyndist nokkru minni en greint var í afsali.

**Dómur hæstaréttar.**

Einar Arnalds borgardómari hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1945, hafa gert þessar dómkröfur: Aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir, til vara, að þeim verði einungis dæmt að greiða kr. 901.39, og til þrautavara, að þeim verði einungis dæmt að greiða kr. 1035.04. Loks krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Hinn 1. september 1942 seldu áfrýjendur stefnda húsið nr. 6 við Spítalastíg í Reykjavík, sem er allstórt timburhús, og lóð þá, sem húsinu fylgir, fyrir kr. 78000.00. Var lóðin talin 630 fermetrar að flatarmáli. Er lóðarskrárritari athugaði afsalið hinn 5. marz 1943, ritaði hann á það þá athugasemd, að lóðin væri einungis 596,7 fermetrar að stærð, en samkvæmt mælingum, sem gerðar voru hinn 20. júní þ. á., reyndist lóðin að flatarmáli 601 fermetri. Stefndi taldi, að áfrýjendur bæru fébótaábyrgð á því, að lóðarstærðin hefði ekki verði rétt tilgreind í afsalinu, og hefur því höfðað mál þetta.

Áfrýjendur skýra svo frá, að þeir hafi átt lóðina og húsið nr. 6 við Spítalastíg einungis skamman tíma. Hafi lóðin verið talin 630 fermetrar að stærð, þegar þeir keyptu hana, og hafi þeir verið grandlausir um, að sú skýrsla væri ekki rétt, enda

hafi þessi lóðarstærð verið tilgreind í fasteignamati og viðskiptaskrá. Þá hafi kaupandi skoðað hús og lóð og honum verið sýnd lóðarmerki, áður en kaup voru gerð með aðiljum. Geti þeir þess vegna ekki borið fébótaábyrgð, þótt lóðin hafi nú reynzt minni að flatarmáli.

Af hendi stefnda hefur það verið viðurkennt, að hann hafi skoðað lóðina og athugað lóðarmerki, áður en hann keypti hús og lóð.

Þegar þessa er gætt og athugað er verðmæti húss og lóðar annars vegar og söluverð hins vegar, verður ekki talið, að munurinn á lóðarstærðinni hafi verið slík forsenda fyrir kaupum aðilja, að stefndi eigi fébótakröfu á hendur áfrýjendum hans vegna, sbr. 47. gr. laga nr. 39/1922. Ber því að taka kröfu áfrýjenda um sýknu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Helgi Jónsson og Úlfar Bergsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Jens Árnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. september 1945.**

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Jens Árnason járnsmíðameistari hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. júlí s. l., gegn Helga kaupmanni Jónssyni, Ljósvallagötu 11 hér í bænum, og Úlfari Bergssyni verkamanni, Upplandi við Háaleitisveg hér í bæ, til greiðslu in solidum kr. 2176.15 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi skýrir frá, að með afsalsbréfi, dagsettu 1. septembr 1942, hafi stefndu selt honum húseignina nr. 6 við Spítalastíg hér í bænum með tilheyrandi eignarlóð, sem var talin vera 630 fermetrar að stærð í nefndu afsalsbréfi.

Kveðst stefnandi hins vegar á síðastliðnu ári hafa komizt að raun um, að lóðin væri eigi stærri en 596.7 fermetrar, og vantaði því 33,3 fermetra á, að lóðin væri að stærð, eins og í afsalsbréfinu

greindi og kaupverðið verið miðað við. Hafi hann svo í septembermánuði 1944 skrifað stefndu bréf, greint þeim frá þessum vanefndum þeirra og krafizt skaðabóta, en þeir hafi engu sinnt því, og sé mál þetta því höfðað. Hæfilegar skaðabætur fyrir vanefnd þessa kveður stefnandi vera fimmfalt fasteignamat 33,3 fermetra lóðarinnar nr. 6 við Spítalastíg samkvæmt fasteignamati hennar, eins og það var í árslok 1942, og sé sú fjárhæð stefnukrafa í máli þessu.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og verður því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, ber að taka þær til greina að öllu leyti, enda verður ekki talið, eftir atvikum, að bótafjárhæðin sé bersýnilega ósanngjörn eða óeðlilega há.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Helgi Jónsson og Úlfar Bergsson, greiði stefnanda, Jens Árnasyni, kr. 2176.15 með 6% ársvöxtum frá 5. júlí 1945 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 24. nóvember 1947.

Nr. 77/1946. **Tryggvi Ófeigsson**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn
**Sveinbirni Kristjánssyni**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

**Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Dæmdar skaðabætur og févíti vegna vanefnda verksamnings.

## Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. júní 1946 og krafizt sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja má, að beint tjón áfrýjanda vegna arðsmissis af húsinu, er hlauzt af vanefndum stefnda, hafi numið 15000—16000 krónum. Þegar annars vegar er litið til þess, að vanræksla stefnda á því að fullgera húsið, eftir að kaup gerðust, var mjög vítaverð, en hins vegar er höfð hliðsjón af því, að áfrýjandi mun þrátt fyrir vanefndir stefnda hafa haft hagnað af húsakaupunum sökum ört hækkandi verðlags á húsum, þá þykja bætur og févíti áfrýjanda til handa, sbr. 35. gr. laga nr. 7/1936, hæfilega ákveðin kr. 25000.00. Kemur sú fjárhæð til frádráttar fjárkröfum stefnda á hendur áfrýjanda, sem greindar eru í héraðsdómi, kr. 36462.62. Verður því niðurstaða málsins sú, að áfrýjanda verður dæmt að greiða stefnda kr. 11462.62 með vöxtum, eins og krafizt er. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Tryggvi Ófeigsson, greiði stefnda, Sveinbirni Kristjánssyni, kr. 11462.62 ásamt 5% ársvöxtum frá 24. apríl 1944 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1946.**

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Sveinbjörn byggingameistari Kristjánsson höfðað fyrir bæjarþinginu gegn Tryggva útgerðarmanni Ófeigssyni með stefnu, útgefinni 4. október 1945, og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða *aðallega* kr. 54337.62, en *til vara* kr. 36462.62, hvort tveggja með 5% ársvöxtum frá 24. apríl 1944, svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 15. ágúst 1942 gaf stefnandi út afsal til stefnda um húseignina nr. 11 við Flókagötu, er stefnandi hafði þá í smíðum. Skyldi kaupverðið nema kr. 225000.00, en stefnandi tókst á hendur að fullgera húsið á sinn kostnað og skuldbatt sig til að skila því fullgerðu hinn 30. október 1942, nema töf hlytist af óviðráðanlegum

atvikum. Stefnandi tók og á sig skilyrðislausa ábyrgð um afhendingu efri hæðar hússins, íbúðarhæfrar hinn 1. október, og var svo um samið, að hann skyldi greiða stefnanda kr. 500.00 fyrir dag hvern, er liði eftir 1. október áður en hæðin væri fullgerð. Stefnandi lauk aldrei hússmíðinni, en afhenti lykla hússins í fógetarétti Reykjavíkur hinn 27. ágúst 1943. Lét stefndi síðan fullgera húsið, og nam kostnaður við það, sem á vantaði, kr. 17875.00 samkvæmt yfirmatsgerð dómkvaddra matsmanna. Stefndi var þá búinn að greiða til stefnanda kr. 177018.18 auk nokkurra smærri fjárhæða (þ. á m. matskostnað) eða samtals kr. 179368.38, og nemur aðalkrafa stefnanda mismun þeirrar fjárhæðar og kaupverðs hússins auk kr. 8706.00, sem er kostnaður stefnanda við að ganga frá kjallara hússins til íbúðar, en slíkur frágangur var ekki ráðgerður á uppdrætti hússins.

Stefnandi hefur rökstutt aðalkröfu sína með því, að hann hafi boðizt til þess í janúar 1943 að ljúka verkinu, svo og eftir að matsgerðir fóru fram, en að stefndi hafi hafnað boðum þessum. Telur stefnandi, að kostnaður af fullgerð hússins sé sér því óviðkomandi, enda hafi stefndi fyrr rofið samninginn með því að greiða ekki afborganir réttstundis. Loks hafi smíði hússins verið nægilega langt komið til þess, að stefndi gæti tekið það í notkun í janúar 1943, sem sjá megi af matsgerðunum, en samkvæmt þeim vanti eingöngu smávægilegar lagfæringar, er eigi hafi áhrif á íbúðarhæfi hússins. Gegn eindregnum andmælum stefnda hefur stefnandi engar sönnur fært á framangreindar staðhæfingar sínar, og verður aðalkröfu hans því eigi sinnt.

Varakrafa stefnanda er hin sama sem aðalkrafan, að frádregnum kr. 17875.00, sem fyrr greinir.

Sýknukrafa stefnda er annars vegar byggð á því, að hann eigi hjá stefnanda kr. 182500.00, en sú fjárhæð er þannig til komin, að heilt ár leið eftir 1. október 1942, áður en efri hæð hússins yrði fullgerð, og þar eð stefnandi hafi átt að greiða kr. 500.00 dag hvern, nemi skuld hans þessari fjárhæð. Enn fremur var í samningnum heimild til skuldajafnaðar þessara greiðslna við kaupverðið, og vill stefndi nú nota þá heimild og hefur jafnframt áskilið sér rétt til heimtu eftirstöðvanna í sérstöku máli. Hins vegar hefur stefndi bent á húsaleigutjón sitt í heilt ár, sem hann telur nema dómkröfum stefnanda að minnsta kosti. Loks hefur stefndi mótmælt kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar af frágangi kjallarans, þar eð sá frágangur hafi verið samkvæmt samningum aðilja, þótt eigi sé þess getið sérstaklega í afsalinu.

Eins og sjá má af framanrituðu, hefur stefndi viðurkennt, að ógreiddar eftirstöðvar kaupverðsins nemi kr. 27756.62. Við þetta ber að bæta framangreindum kr. 8706.00, þar eð stefnda hefur eigi tekizt að færa sönnur á staðhæfingu sína um, að sú fjárhæð sé

falin í kaupverðinu, en matsgerðinni hefur eigi verið hnekkt. Verður samkvæmt þessu að álita stefnanda telja réttilega til skuldar hjá stefnda kr. 36462.62.

Kemur þá til álita, að hverju marki beri að taka til greina gagnkröfu stefnda. Svo sem fyrr hefur greint verið, tafðist smíði hússins í heilt ár, og verður að telja nægilega sýnt fram á það, að stefnandi beri einn sök á því, enda eigi gert sennilegt, að óviðráðanleg atvik hafi valdið töfinni. Verður að telja, að stefndi hafi beðið tjón af vanefndum þessum, og eigi hann því bótakröfu á hendur stefnanda. Févíti það, sem stefnandi lofaði að greiða, yrði efri hæð hússins eigi fullgerð á umsömdum tíma, verður að telja bersýnilega ósanngjarnt. Með skírskotun til 35. gr. laga nr. 7 frá 1936, svo og með hliðsjón af öllum málavöxtum, þykja févíti og bætur vegna vanefnda stefnanda, að því er varðar aðra hluta hússins, hæfilega ákveðin samtals kr. 18000.00, er koma því til frádráttar skuld stefnda við stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 18462.62 með vöxtum, eins og krafizt var, enda var stefna útgefin 24. apríl 1944 í máli um sama sakarefni, en það mál var hafið sakir formgalla. Þá þykir og rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1800.00, og er þar í falinn áætlaður matskostnaður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Tryggvi Ófeigsson, greiði stefnanda, Sveinbirni Kristjánssyni, kr. 18462.62 með 5% ársvöxtum frá 24. apríl 1944 til greiðsludags og kr. 1800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 25. nóvember 1947.

Nr. 42/1947 **Vélsmiðjan Þór h/f** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn
**Bjarna Ö. Jónassyni** (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

**Varadómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Ágreiningur um álagningu, verð og afgreiðslu vara.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, útg. 26. apríl þ. á., og gert þær dómkröfur,

að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið á þá leið, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í undirrétti og fyrir hæstarétti. Stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur borið eftirtalin þrjú atriði fyrir sig til réttlætingar því, að hann leysti ekki til sín vörur þær, er ræðir um í máli þessu, að stefndi hafi eigi orðið við þeim tilmælum sínum að skipta vörunum í þrjár sendingar og láta sérstaka póstkröfu fylgja hverri, að stefndi hafi án heimildar lagt heildsöluálagningu á vörurnar og loks, að verð hinna pöntuðu varahluta hafi orðið miklum mun hærra en ráð hafi verið gert fyrir.

Vörurnar virðast hafa komið til Ísafjarðar seint í ágústmánuði 1945 og áfrýjandi fengið reikninga yfir þær um líkt leyti. Hinn 12. september símaði áfrýjandi stefnda og bað hann að síma sér, hvert álag hans væri á hverja vörutegund. Stefndi svaraði með símskeyti 13. september, að þóknun sín væri samkvæmt fyrirmælum verðlagsstjóra. Hinn 14. september símaði áfrýjandi á ný og bað um, að póstkröfunni yrði breytt í þrjár kröfur, en stefndi svaraði með símskeyti 15. september og óskaði þess, að krafan yrði innleyst í einu lagi. Sama dag símaði áfrýjandi á ný, ítrekaði ósk sína um skiptingu kröfunnar og fór fram á, að sér yrðu sendir frumreikningar yfir vöruna. Stefndi svaraði 17. september á þá leið, að frumreikningarnir væru með innheimtunni. Áfrýjandi kom svo enn í tveimur símskeytum 17. og 18. september fram með kröfuna um skiptingu póstkröfunnar og lýsti yfir því í síðara skeytinu, að hann myndi eigi að öðrum kosti innleysa kröfuna.

Krafa áfrýjanda um skiptingu póstkröfunnar hefur ekki við rök að styðjast, og fær það, að stefndi varð eigi við henni, eigi réttlætt neitun áfrýjanda á að innleysa kröfuna. Sú mótbára áfrýjanda, að stefndi hafi reiknað sér of háa álagningu, kom fyrst fram í bréfi áfrýjanda til stefnda 12. okt. 1945. Í nefndu bréfi minnist áfrýjandi og á verð varahlutanna, en ákveðna athugasemd því viðvíkjandi kom hann

eigi fram með fyrr en í greinargerð sinni í málinu í héraði. En báðar þessar mótbárur var áfrýjanda unnt að bera fram í skeytasendingum sínum til stefnda, sem áður var getið. Með því að hér er um verzlunarkaup að ræða, sbr. lög nr. 39 19. júní 1922 4. gr., verður að telja áfrýjanda hafa borið mótbárur þessar of seint fram. Ber því þegar af þeirri ástæðu að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags. Svo greiði og áfrýjandi stefnda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vélsmiðjan Þór h/f, greiði stefnda, Bjarna Ö. Jónassyni, kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 11. marz 1947.**

Ár 1947, þriðjudaginn 11. marzmánaðar, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, sem sjódómsformanni, og meðdómendum Birni Helgasyni fyrrv. skipstjóra og Bror Westerlund forstjóra upp kveðinn dómur í ofangreindu máli.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. nóv. 1945, af Bjarna Ö. Jónassyni, umboðs- og heildsala hér í bæ, gegn Vélsmiðjunni Þór h/f á Ísafirði, þeim stjórnarmeðlimum Ólafi Guðmundssyni framkvæmdarstjóra, Finni Jónssyni fyrrv. dómsmálaráðherra og Jóhanni Þorsteinssyni, Ísafirði, og réttarkröfur stefnandans þær, að hið stefnda hlutafélag yrði dæmt til að greiða honum kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Síðan gekk dómur í máli þessu í bæjarþinginu 18. maí 1946, og var honum skotið til hæstaréttar, en var þar ómerktur með hæstaréttardómi 31. jan. 1947, og málinu vísað heim, með því að það hefði átt að reka og dæma í sjó- og verzlunardómi. Var málið þá tekið upp af nýju og flutt í sjó- og verzlunardóm og rekið þar, en að málflutningi loknum lagt í dóm þann 25. febrúar s. l.

Af hálfu hins stefnda félags er krafizt algerrar sýknu og að því verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Málavextir eru þessir:

Stefnandinn, Bjarni Ö. Jónasson, umboðs- og heildsali hér í bæ, var á ferðalagi vestur á Ísafirði í ágústmánuði 1944. Átti hann þá tal við framkvæmdarstjóra hins stefnda félags, Ólaf Guðmundsson, um útvegun á ýmsum járnsmíðatækjum. Með bréfi, dags. 4. sept. 1944, biður framkvæmdarstjórinn stefnandann að útvega sér, með tilvísun til samtals þeirra, tæki, er hann síðan telur upp, en það eru þær sömu vörur, sem krafizt er greiðslu fyrir í þessu máli. Jafnframt óskar hann, að pöntuninni sé hraðað, svo sem hægt sé, og að þeir muni sækja um gjaldeyris- og innflutningsleyfi, þegar þeir fái að vita uphæðina.

Frekari skilyrði eru eigi sett í þessu bréfi, né gert ráð fyrir neinum sérstökum greiðslumáta. Með bréfi til stefnda, dags. 13. s. m., staðfestir stefnandinn móttöku á pöntuninni og með bréfum, dags. $^{2}/_{8}$ og $^{3}/_{9}$, staðfestir hann pantanir á sagarblöðum og slípiefni. Í öllum bréfum stefnandans er tekið fram, að verð og afgreiðsla sé án skuldbindingar.

Í svari stefnda frá 14. sept. 1944 eru athugasemdir um, að verðsetningu vanti á sagarblöðin og smergilskífur, og óskað, að vörurnar séu sendar beint til Ísafjarðar. Í niðurlagi segir þar, að þeir vænti þess, að stefnandinn sjái um, að verð og gæði og sendingarmáti verði þannig, að þeir geti gefið honum áframhaldandi pantanir í þessum greinum.

Framar en hér er rakið, verður ekki séð, að stefndi hafi tilskilið um verð og afgreiðslumáta.

Stefnandinn virtist hafa samþykkt að láta senda sagarblöðin beint til Ísafjarðar, en neitar að hafa lofað því um hinar vörurnar. Umræddar vörur komu síðan til Reykjavíkur í stærri vörusendingum til stefnandans, en hann sameinaði síðan pöntun stefnda í eina sendingu og afgreiddi hana til Ísafjarðar um mánaðamótin ágúst og september 1945 ásamt póstkröfu að upphæð kr. 7604.68, sem er stefnukrafa máls þessa.

Stefndi neitaði að innleysa póstkröfuna og fór fram á, að henni yrði breytt í þrjár vörusendingar og sérstök krafa fyrir hverja, og að sér yrðu sendir frumreikningar seljanda. Þá mótmælti stefndi, að stefnandinn hefði heimild til að reikna sér heildsöluálagningu, eins og hann hefði gert, því vörurnar hefðu verið pantaðar í umboðssölu.

Ekki vildi stefnandinn ganga inn á þessar kröfur stefnda og hélt fast við heimild sína til að reikna sér heildsöluálagningu, enda hefði heildsalaþóknun hans verið reiknuð eftir fyrirmælum verðlagsstjóra í samræmi við gildandi ákvæði um heildsöluálagningu. Jafnframt benti hann á, að sendingarkostnað við sagarblöðin hefði hann tekið á sig, þar sem hann hefði lofað, að þau yrðu send beint.

Þar sem stefndi ekki innleysti póstkröfuna, höfðaði stefnandi mál þetta til greiðslu á þeirri upphæð.

Ágreiningur í máli þessu er fyrst og fremst um það, hvort umræddar vörur hafi verið seldar í umboðssölu eða heildsölu.

Eftir vísbendingu hæstaréttar hefur verið leitað álits verðlagsstjóra og Verzlunarráðs Íslands um þetta atriði. Verðlagsstjóri hefur látið í té viðurkenningu fyrir því, að álagning á umræddar vörur sé í samræmi við gildandi reglur um heildsöluálagningu. Á hinn bóginn hefur hann ekki talið sig geta gefið frekari upplýsingar, er að gagni mættu koma um skil milli umboðssölu og heildsölu.

Þá hefur Verzlunarráð Íslands gefið skriflegt álit í þessu efni (dómskj. 21). Er þar gerð grein fyrir í fjórum liðum þeim aðferðum, sem um sé að ræða við innflutning og sölu á erlendum vörum. En það hljóti að vera samkomulagsatriði seljanda og kaupanda, hvaða leið sé farin, þegar stofnað sé til viðskipta.

Eins og mál þetta liggur fyrir, virðast viðskipti aðilja ekki verða heimfærð undir neinn þeirra liða, sem getur í bréfi Verzlunarráðsins. Þar sem farmskírteini og verðreikningur fara ekki beint til kaupanda og enn fremur ekki samið fyrirfram um umboðslaun, fellur það ekki undir skilgreininguna um umboðssölu, sbr. 1. og 3. lið rjskl. 2.

Hins vegar virðist mega heimfæra viðskipti þessi undir viðskipti samkvæmt 4. lið, þó þannig að reiknuð er lögfest heildsalaálagning eftir 2. lið, og ætti þá að mega telja samkvæmt þessu, að hér væri um heildsölu að ræða.

Það skal tekið fram, að við málflutninginn hefur verið haldið fram, að ekki sé vitað um neinar viðskiptavenjur, er myndazt hafi um þau atriði, er hér liggja fyrir til úrlausnar.

Það verður ekki séð, að stefnandinn hafi gefið þeim, er umræddar vörur pöntuðu hjá honum, beint eða óbeint réttmæta ástæðu til að álíta, að um umboðssölu væri að ræða, og ekkert áskilið í þá átt af hálfu stefnda, er pöntun var gerð eða afgreidd.

Það er ekkert fram komið í þessu máli því til fyrirstöðu, að stefnandinn reikni sér löglega heildsöluálagningu á umræddar vörur, er verðlagsyfirvöldin hafa lagt samþykki sitt á, enda upplýst, að erlendis frá hafa þær verið afgreiddar sem venja er um heildsölu, en ekki umboðssölu.

Þá hefur stefndi að því fundið, að verðið hafi orðið miklu hærra en ráð var fyrir gert við pöntun, sérstaklega á verkfærahlutunum á rskj. 4, og dráttur orðið úr hófi fram á afgreiðslu þeirra, þar sem hér um bil ár hafi liðið frá því, að pöntun var gerð, og þar til varan kom.

Það verður að teljast eðlilegt, að verð og afgreiðslutími væri mjög í óvissu á slíkum stríðstímum, enda tekinn greinilegur fyrirvari um það af stefnandanum, og verður honum engin sök gefin í því efni, enda ekkert komið fram, er benti til, að stefnandinn hafi í þeim greinum staðið verr að en þá var almennt og við mátti búast.

Þá hefur af hálfu stefnda verið höfð uppi sú varnarástæða, að hver vörutegund hefði átt að vera í sendingu fyrir sig og sendast beint frá seljanda til kaupanda. Ekki er sannað, að af hálfu stefnda væri slíkt tilskilið né samþykkt af stefnanda, nema um sagarblöðin, og hefur stefnandinn tekið á sig sendingarkostnað þeirra frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Verður að fallast á, að eins og þessu var háttað, verði ekki gerðar frekari kröfur á hendur stefnanda, þar sem ekki er um umboðssölu að ræða að dómi réttarins, eins og þegar er fram tekið.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaða dóms þessa sú, að taka beri til greina allar kröfur stefnandans, einnig málskostnaðarkröfu hans, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vélsmiðjan Þór h/f, Ísafirði, greiði stefnandanum, Bjarna Ö. Jónassyni, kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags og málskostnað með 1000 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 26. nóvember 1947.

Nr. 114/1946. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Hermann Jónasson)
gegn
**Óskari Sigurvin Ólafssyni**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

**Setudómari prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Brot gegn 219. og 220. gr. almennra hegningarlaga og löggjöf um umferð.

**Dómur hæstaréttar.**

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hafa að tilhlutun hæstaréttar verið fengnar skýrslur Magnúsar héraðslæknis Péturssonar og Kristjáns læknis Þorvarðssonar um heilsutjón Þórunnar Hólmfríðar Guðmundsdóttur af slysförum þeim, er í málinu greinir. Kristján læknir kveðst hafa stundað Þórunni í febrúar og marzmánuði 1946 vegna afleiðinga

slyssins og rannsakað hana 27. maí s. l. Á fyrrgreindu tímabili árið 1946 kveður hann Þórunni oft hafa verið illa haldna og alveg óvinnufæra. Hún hafi kvartað undan höfuðverk, svima og áköfum hjartslætti, er hún fékk í köstum. Taugarannsókn leiddi þá í ljós minni háttar lömun í vinstri hluta líkamans, vöðvarýrnun var nokkur, einkum í vinstra handlegg, og enn fremur var snerti- og sársaukaskyn vinstri hluta líkamans daufara en hægra megin. Hinn 27. maí s. l. var lömunin horfin og snertiskyn og sársauka eðlilegt, en við minnispróf kom greinilega í ljós, að minni Þórunnar hafði sljófgazt, enda hafði við rannsókn, sem framkvæmd var í Landsspítalanum í apríl 1946, sézt, að óvenju mikið loft var við yfirborð heilans, en það er einkenni um rýrnun heilbarkarins, og var rýrnun þessi nokkur á öllu yfirborði heilans. Auk minnissljófgunar kvartaði Þórunn hinn 27. maí einnig undan dofa í höfði og að hún hefði höfuðverk öðru hverju, einkum ef hún væri í hávaða eða skarkala. Niðurstaða læknisins er, að Þórunn hafi við slysið fengið alvarlegan áverka á höfuð, heilahristing og sennilega smá blæðingu á heila. Afleiðingar þessa séu rýrnun á heilaberki, sem orsaki minnissljófgun, dofa í höfði og höfuðverk. Minnissljófgunin sé sennilega varanleg, og kunni hún að aukast. Einnig megi gera ráð fyrir, að dofi og verkur í höfði geti haldizt. Starfsorka Þórunnar sé minnkuð, og sé hún einungis fær til léttra og óbrotinna starfa í rólegu umhverfi, er ekki reyni mikið á huga og minni. Samkvæmt þessu áætlar héraðslæknir örorku Þórunnar 25% og telur, að örorkan kunni að verða meiri síðar.

Að öðru leyti er atvikum málsins rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn lagaboðum, er þar greinir, en við ákvörðun refsingar ákærða þykir eiga að hafa hliðsjón af 75. gr. laga nr. 19/1940, að því er varðar brot hans gegn 220. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna og 39. gr. sbr. 20. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir

hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að lögreglan gerði ófullnægjandi athuganir á vettvangi, rannsakaði ekki ástand bifreiðar ákærða og gerði ekki næga gangskör að því að ná ákærða sem fyrst til rannsóknar.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Sigurvin Ólafsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. marz 1946.**

Ár 1946, fimmtudaginn 14. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 904/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Óskari Sigurvin Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óskari Sigurvin Ólafssyni bifreiðarstjóra, Grjótagötu 14 B í Reykjavík, til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. janúar 1917 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1937 $^{29}/_{12}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1941 $^{3}/_{12}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn C-lið 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1945 $^{8}/_{3}$ Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og 3 mánaða ökuleyfissvipting fyrir að vera undir áhrifum áfengis við bifreiðaakstur.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardagskvöldið 10. nóvember s. l. fór ákærði ásamt konu sinni, Láru Loftsdóttur, í Gamla Bíó. Ók hann að kvikmyndahúsinu í bifreið sinni R 115, en sýningin hófst kl. 9. Um 11 leytið fóru þau úr

kvikmyndahúsinu og óku heim til sín að Grjótagötu 14 B, en er þangað var komið, varð ákærði var við, að hann vanhagaði um vindlinga. Fór hann því einn í bifreiðinni að veitingahúsi í Aðalstræti og keypti þá þar. Fyrir utan veitingahúsið hitti hann kunningja sinn, Jóhann Ólafsson, Leifsgötu 6, tók hann upp í bifreiðina og ók honum um bæinn, en skildi síðar við hann hjá Lækjartorgi. Ók ákærði því næst áleiðis heim til sín, vestur Vesturgötu og suður Garðastræti. Á móts við Ránargötu varð konan Þórunn Hólmfríður Guðmundsdóttir fyrir bifreið hans. Féll hún í götuna og missti meðvitund, en ákærði, sem segist hafa talið hana dána, hvarf af slysstaðnum án þess að koma henni til hjálpar eða tilkynna lögreglunni slysið.

Skýrir ákærði svo frá, að hann hafi ekki ekið með meiri hraða en 15—20 km hraða, miðað við klukkustund. Var bifreiðin í 2. gír, er hann beygði af Vesturgötu og inn í Garðastræti, en hann kveðst hafa ætlað að setja hana í 3. gír, þegar slysið skeði. Kveðst hann ekki hafa séð konuna, fyrr en um leið og vinstra frambretti bifreiðarinnar rakst á hana. Hemlaði hann þá strax, og stöðvaðist bifreiðin þegar í stað. Reikaði konan aðeins frá, féll upp á gangstétt og lá þar, eins og hún væri dáin. Telur ákærði, að hún muni hafa rekið höfuðið í stein eða eitthvað annað á götunni. Götulýsing er þarna slæm, rigning var og götur blautar. Kveður ákærði veður hafa verið frekar hráslagalegt, og minnir hann, að miðstöð bifreiðarinnar hafi verið í gangi, svo þess vegna hafi óvenjulega mikil móða setzt á rúðurnar að innanverðu. Hafi hann verið að strjúka móðuna af með hendinni, um leið og hann kom auga á konuna fyrir framan bifreiðina. Er hún hafði fallið á götuna, fór ákærði út úr bifreiðinni. Var konan þá meðvitunarlaus og með skurð á enni. Hélt ákærði, að hún væri látin, og greip hann mikil hræðsla. Fór hann aftur upp í bifreiðina, ók henni að Garðastræti 17 og skildi þar við hana. Gekk hann því næst aftur til konunnar, og virtist honum þá, sem hún lægi ekki á sama stað og áður, en hafði þó ekki orðið var við nokkra mannaferð. Í þessum svifum bar þarna að bifreiðina R 2280. Kannaðist ákærði við bifreiðarstjóra hennar og kveðst hafa gefið honum merki með hendinni um að nema staðar og beðið hann að aðstoða sig við að koma konunni á slysavarðstofuna. Leit bifreiðarstjórinn á hana, en neitaði þessu og kvaðst mundu fara á lögreglustöðina. Segist ákærði nú hafa ætlað að bíða þarna hjá konunni, þar til lögreglan kæmi á vettvang. En meðan hann beið lögreglunnar, var hann gripinn svo miklum ótta og vanlíðan, að hann gat ekki dvalizt lengur á slysstaðnum og gekk því vestur Ránargötu. Sá hann síðar, þegar lögregluþjónarnir komu og fluttu konuna burtu, en gerði ekki vart við sig og hefur enga grein getað gert fyrir, hvers vegna hann gerði það ekki. Ráfaði ákærði nú vestur í bæ og niður að sjó, en fór svo heim til sín. Tjáði þá kona hans hon-

um, að lögregluþjónar hefðu komið tvisvar sinnum og spurt eftir honum og kveðizt mundu koma aftur. Ekki fór ákærði út um nóttina eftir þetta, og lögregluþjónarnir komu eigi aftur heim til hans. Ákærði kveðst munu hafa farið heim til sín, strax eftir að slysið skeði eða skömmu áður en lögregluþjónarnir komu á vettvang, og skýrt konu sinni frá, hvað fyrir hafði komið.

Ákærði kveður sig að öllu leyti hafa verið vel fyrirkallaðan, hvorki þreyttan né svefnþurfa. Áfengi hafi hann hvorki bragðað þenna dag né undanfarna daga. Bifreiðin hafi verið í góðu lagi að öllu leyti, ekkert hafi verið, sem truflaði hann við aksturinn eða dró athygli hans að sér, og hann minnist þess ekki að hafa verið reykjandi.

Vitnið Einar Magnússon bifreiðarstjóri, 30 ára að aldri, hefur borið það og unnið eið að framburði sínum, að ákærði hafi ekki gefið því merki um að nema staðar, heldur hafi bifreiðin R 115 lokað götunni, þar sem hún stóð við hliðina á tveim öðrum bifreiðum, og því eigi hægt að aka fram hjá henni, enda hafi ákærði verið að reyna að reisa konuna upp, þegar vitnið kom auga á hana. Hefur ákærði neitað þessu og kveðst aðeins hafa verið að hyggja að konunni, en ekki ætlað að reisa hana upp. Kveður vitnið ákærða hafa hrópað: „Reddaðu mér, hún hljóp á bifreiðina", en að hann hafi aldrei beðið það að koma konunni á slysavarðstofuna. Svaraði vitnið litlu, gekk til konunnar, þar sem hún lá meðvitundarlaus uppi á gangstéttinni og hagræddi henni, en þorði ekki að setja hana upp í bifreið sína, þar sem konan var meðvitundarlaus, og það vissi ekki, hve mikil meiðsli hennar voru. Kveðst vitnið hafa sagt ákærða að bíða og vera kyrr hjá konunni, því að það ætlaði „að redda honum". Hafi ákærði lofað því, en á lögreglu eða lögreglustöðina hafi ekki verið minnzt. Fór vitnið því næst og sótti lögregluaðstoð, en er komið var aftur á slysstaðinn, var hvorki konan né ákærði sjáanleg.

Taldi vitnið í fyrstu, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, því að hann var náfölur og óstyrkur, en enga vínlykt fann það úr vitum hans og kveður því vel geta verið, að hann hafi aðeins fengið taugaáfall.

Lára Laufey Loftsdóttir, kona ákærða, 20 ára að aldri, kveður hann hafa komið heim um kl. 12½ og tjáð henni, að slys hefði komið fyrir sig, og þess vegna þyrfti hann að fara út aftur. Hafi hann svo eigi komið heim fyrr en eftir komu lögregluþjónanna og þá farið að hátta, enda verið mjög fölur og óstyrkur, en áfengis hefði hann eigi neytt þenna dag né undanfarna daga.

Fyrrgreindur Jóhann Ólafsson verkamaður, 25 ára að aldri, hefur borið samhljóða um skipti þeirra, hans og ákærða, og kveðst vera þess fullviss, að ákærði hafi eigi verið með áfengisáhrifum.

Vitnið Þórunn Hólmfríður Guðmundsdóttir, Garðastræti 15, 37

ára að aldri, sem varð fyrir bifreið ákærða, segir, að kvöld þetta hafi það verið á leið heim til sín frá Vesturgötu 23. Var það að öllu leyti vel fyrirkallað og hafði ekki bragðað áfengi. Hafi það gengið suður Garðastræti eftir vestari gangstétt og þess vegna orðið að ganga yfir götuna, því að Garðastræti 15 er austan við hana. Kveður vitnið það vera venju sína að ganga suður fyrir Ránargötu og yfir Garðastræti hjá Bárugötu og telur sig einnig muna hafa gert svo í þetta skipti, en man ekki eftir sér frá því að það gekk fram hjá verzluninni Spörtu á horni Garðastrætis og Ránargötu, og þar til það var statt á slysavarðstofunni. Man það þó bæði óljóst eftir sér þar og einnig eftir að það var komið á Landspítalann síðar um nóttina, en morguninn eftir vaknaði það um kl. 11. Annars kveðst það hafa sofið stanzlaust í 4 daga eftir slysið.

Lögregluþjónarnir Haraldur Jensson og Kristján Jóhannesson, sem fóru að sækja hina slösuðu konu, hafa borið það, að er þeir komu á slysstaðinn, hafi hún legið um 15 metra frá þeim stað, sem slysið skeði, inni á óbyggðri húslóð skammt fyrir sunnan gatnamót Garðastrætis og Ránargötu, en mjög nálægt þessum gatnamótum var veski hennar og blóðblettur. Bremsuför voru engin sjáanleg þar. Var konan meðvitundarlaus, með óráði og hljóðum, en hjá henni var Jóhann Pétursson, er nú mun dveljast í Danmörku. Kvaðst hann hafa heyrt hljóðin í konunni og því gengið til hennar. Þeir lögregluþjónarnir fluttu hana á slysavarðstofuna og þaðan upp á Landspítala.

Haraldur Jensson lögregluþjónn kveður tvo lögregluþjóna hafa farið á slysstaðinn með Einari Magnússyni, en eigi fundið hina slösuðu konu. Um það bil, sem þeir komu aftur á lögreglustöðina, var hringt þangað og tilkynnt, að drukkin kona væri í Garðastræti. Fóru þeir Haraldur og Kristján að sinna þessu og fundu þá hina slösuðu konu.

Þórunn Hólmfríður Guðmundsdóttir kveðst hafa fengið mikinn heilahristing, skurð á enni og smáskrámur, legið 5 vikur á Landspítalanum, en þá farið heim. Hinn 24. janúar s. l. kveðst hún enn vera óvinnufær og ekki geta sagt um, hvenær hún verði fær til vinnu aftur. Hún segist mjög gleymin eftir slysið og geti því eigi gætt véla, en þá atvinnu stundaði hún. Sjón sína kveður hún hafa daprazt svo mjög, að fyrst eftir slysið hafi hún oft séð tvöfalt, og sé hún enn ófær til lestrar. Þá kveðst hún hafa orðið svo ónýt í fótum og óstyrk til gangs, að hún hafi ekki getað gengið fyrst í stað og hafi síðan verið í nuddi hjá Karli Jónssyni lækni.

Gunnar Cortes læknir hefur gefið svo hljóðandi vottorð um áverka hennar:

„Þórunn Guðmundsdóttir, óg. verksm., 37 ára, Garðastr. 15, lá á handl. Lsp. 11/XI. 1945 til 15/XII. 1945 incl. Skömmu áður en komið var með konuna, fannst hún að sögn meðvitundarlaus í Garðastræti.

Þegar hún kom á deildina, virtist hún meðvitundarlaus, en er yrt var á hana, svaraði hún greiðlega og rétt, en mundi þó óljóst eftir slysinu. Kastaði einu sinni upp.

Konan var föllleit og dálítið chockeruð, púls óreglulegur og missterkur. Á ofanverðu enni vinstra megin er dál. hæmetomu og húðin hrufluð. Pupilla jafnar og reagera eðlilega.

Engin einkenni um fractur né innri læsionir.

Lá á deildinni rúman mánuð, á fótum seinustu dagana, og var þá orðin vel hress og laus við öll einkenni frá höfði.

Rtg. mynd af cranii: ÷ fractura.

Electoradiogram: Eðlil.

Diagnosis spitalans: commotio cerebri."

Kr. Jónsson læknir hefur þann 26. jan. s. l. gefið vottorð þess efnis, að Þórunn Guðmundsdóttir hafi verið til lækninga hjá honum frá $^{17}/_{12}$ 1945 til $^{19}/_{1}$ 1946 vegna afleiðinga af heilahristingi o. fl.

Þá hefur K. Þorvarðsson læknir gefið vottorð 28. jan. s. l. á þá leið, að hún megi ekki stunda atvinnu sína fyrst um sinn, a. m. k. ekki fyrr en eftir 11. febr. 1946.

Eftir því, sem upplýst er í málinu og greint er hér að framan, verður ekki annað séð en ákærði sé að verulegu leyti valdur að slysi þessu, þó að á hinn bóginn verði ekki talið, að konan Þórunn Hólmfríður Guðmundsdóttir hafi sýnt þá eftirtekt og aðgæzlu, sem krefjast verður af fótgangandi fólki, þar eð hún virðist ekki hafa gætt nægilega að umferðinni, er hún gekk af gangstéttinni í Garðastræti og yfir götuna. Ákærði hefði aftur á móti átt að veita konunni eftirtekt og koma auga á hana fyrr en vinstra frambretti bifreiðarinnar rakst á hana, ef hann hefði verið svo athugull og varkár, sem krefjast verður af bifreiðarstjórum, enda var hún þá komin að eystri gangstétt Garðastrætis, og hljóta því ljós bifreiðarinnar að hafa fallið á hana nokkru áður. Þá er það vítavert af ákærða að halda áfram akstrinum, eftir að mjög mikil móða hefur setzt innan á framrúðuna og byrgt útsýni, og þurrka hana af í akstri jafnframt því, sem hann kveðst hafa ætlað að setja bifreiðina í 3. gír.

Þykir ákærði með þessu hafa gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940, 26. og 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23 16. júní 1941 og 4. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941.

Þá hefur ákærði með því að yfirgefa slysstaðinn án þess að skýra lögregluþjónunum frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa hinni slösuðu konu gerzt brotlegur við 29. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna, 9. sbr. 14. gr. umferðarlaganna og 37. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir ákærði einnig með þessu atferli sínu hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og með því að yfirgefa konuna meðvitundarlausa í götu, þar sem raflýsing er slæm, strax eftir slysið án þess þá þegar í stað

að gera ráðstafanir til að koma henni í sjúkrahús eða annað til læknis og hverfa síðan aftur af slysstaðnum án þess að hafa gengið algerlega úr skugga um, að Einar Magnússon hafi sótt hjálp til aðstoðar konunni, hver svo sem orðaskipti þeirra á milli hafa verið.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá verður að telja akstur ákærða svo mjög vítaverðan og eðli brots hans þannig, að svipta beri hann samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna bifreiðastjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Sigurvin Ólafsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Hann er sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 26. nóvember 1947.

Nr. 106/1947. **Jón Jóhannsson** (Hrl. Sigurður Ólason)
gegn
**Valdimar Kr. Árnasyni**
(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Húsnæðismál. Synjað útburðar.

**Dómur hæstaréttar.**

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem að fengnu gjafsóknarleyfi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. október þ. á., krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt á þá lund, að synjað verði um framgang útburðar þess, sem um ræðir í málinu, og stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er viðurkennt, að stefndi átti frumkvæði að þeirri endurnýjun á húsaleigusamningi aðiljanna, er gerður var 5. febrúar þ. á. og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, ritaði í hann ákvæðið um, að áfrýjandi skyldi rýma leiguíbúð sína í síðasta lagi 14. maí s. l. og lagði samningsuppkastið þannig undirbúið fyrir áfrýjanda til undirskriftar. Einnig er það viðurkennt, að áður hafði ekki komið til tals milli aðiljanna, að húsaleigusamningi þeirra yrði breytt á þessa lund, svo og að stefndi vakti ekki sérstaklega athygli áfrýjanda á þessari breytingu. Nú hafði stefndi áður gert ítrekaðar tilraunir til að fá áfrýjanda út úr leiguíbúðinni, en áfrýjandi varizt þeim tilraunum eftir getu, enda er áfrýjandi fátækur barnamaður, sem hlaut að eiga erfitt með að afla sér annars húsnæðis. Þegar til alls þessa er litið, verður að telja, að stefnda hafi mátt vera það ljóst, að mjög ólíklegt var, að áfrýjandi vildi undirgangast brottrýmingarákvæðið, og athugasemdalaus undirskrift hans undir samninginn hlyti að stafa af því, að hann hefði ekki veitt þessu ákvæði eftirtekt. Verður því að telja, að áfrýjandi sé ekki bundinn af þessu ákvæði leigusamningsins, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1936, og ber því að synja um framgang útburðargerðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður, en þóknun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Útburðargerð sú, er um ræðir í máli þessu, skal ekki ná fram að ganga.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Þóknun skipaðs talsmanns áfrýjanda í hæstarétti, Sigurðar hæstaréttarlögmanns Ólasonar, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 1. september 1947.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 25. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Valdimar Kr. Árnason, Vitastíg 9, krafizt þess, að gerðarþoli verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft á leigu í húsi gerðarbeiðanda, nr. 51 b við Laugaveg.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Hinn 4. maí 1944 leigir gerðarbeiðandi, Valdimar Kr. Árnason, gerðarþola, Jóni Jóhannssyni, 2 herbergi og eldhús í kjallara hússins nr. 51 við Laugaveg. Var gerður skriflegur leigusamningur, sjá rskj. 7. Leigutíminn var ótímabundinn, en uppsagnarfrestur ákveðinn 3 mánuðir, miðað við fardag. Leiga var ákveðin kr. 60.00 á mánuði.

Hinn 5. febrúar 1947 gera aðiljar með sér nýjan skriflegan leigusamning. Er þar um sama húsnæði að tefla, en í eyðu á 2. síðu samningseyðublaðsins er handskrifuð eftirfarandi klausa: „Leigutaki lofar og skuldbindur sig til að standa skil á Raf- og hitareikningum, og enn fremur lofa ég að hafa rímt(sic) áðurnemda(sic) íbúð í síðasta lagi .... (lítt læsilegt, en virðist eiga að vera „14. maí 1947"). Samningur þessi, sjá rskj. 3, er undirritaður af aðiljum máls þessa, og vitundarvottar eru Pétur Steinsson og Sigríður Hallgrímsdóttir. Samningurinn er einnig staðfestur af húsaleigunefnd.

Hinn 17. maí s. l. ritar gerðarbeiðandi fógetaréttinum og krefst útburðar á gerðarþola. Kveður gerðarbeiðandi, að hin áðurnefnda illlæsilega tímamarkaklausa á 2. síðu leigusamningsins á rskj. 3 eigi við 14. maí s. l., og er krafan um útburð því byggð á því, að gerðarþoli samkvæmt því hafi ekki lengur rétt til dvalar í húsnæðinu.

Gerðarþoli skýrir svo frá, að gerðarbeiðandi hafi látið í ljósi við sig á s. l. vetri, að leigusamningurinn á rskj. 7 muni hafa verið ógildur, þar eð leiguupphæð hafi ekki verið staðfest af húsaleigunefnd, og bæri þeim því að gera nýjan samning. Telur hann þessa vera ástæðuna fyrir því, að gerðarbeiðandi vildi gera samninginn á rskj. 3, en gerðarþoli kveður gerðarbeiðanda ekki hafa minnzt á það einu orði, hvorki þá né síðar, að samningurinn skyldi vera tímabundinn.

Gerðarþoli kveðst að vísu hafa skrifað undir samninginn á rskj. 3, en hann kveður, að engin tímamarkaákvæði hafi þá staðið í honum, svo hann tæki eftir, enda hefði hann þá ekki undirritað samning þenna, þar sem hann hafði áður ótímabundinn leigusamning við gerðarbeiðanda. Hann kveðst hafa lesið hina handrituðu kafla samningsins lauslega yfir, áður en hann ritaði undir, en ekki átt von á neinu ákvæði, sem þessu, enda hafi gerðarbeiðandi, eins og áður segir, ekki vakið athygli sína á því.

Gerðarþoli telur sig þannig ekki skyldugan til að hlíta brottfararákvæði því, sem gerðarbeiðandi kveður samninginn innihalda, þar sem um var að ræða endurnýjun á eldri samningi, og gerðarbeiðanda hafi því borið að vekja athygli sína sérstaklega á öllum þeim breytingum, sem gerðar yrðu frá eldri samningi. En hann hafi þvert á móti, gegn almennum heiðarleikakröfum, þagað yfir brottfararákvæðinu, og eigi því ekki samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936 að geta borið það ákvæði fyrir sig, auk þess sem tilvik þetta falli undir 7. gr. laga nr. 73/1933. Þess skal getið, að gerðarþoli kveðst hafa fengið samrit af leigusamningnum á rskj. 3, en hann kveðst hafa glatað því eintaki.

Vitnið Pétur Steinsson, sem, eins og áður segir, var vitundarvottur að samningnum á rskj. 3, kveður, að klausan um brottfarardaginn hafi verið rituð á samningseyðublaðið, áður en aðiljar undirrituðu það. Pétur kveðst hafa lesið yfir þau atriði samningsins, er rituð voru með bleki, en gerðarbeiðandi hafi minnt sig sérstaklega á að taka eftir ákvæðinu um brottfarardaginn. Hafi hann gert það, að gerðarþola viðstöddum, og kveður Pétur, að hver maður í gerðarþola sporum hefði átt að heyra þá áminningu. Hins vegar veit Pétur ekki, hvort gerðarbeiðandi nefndi ákvæði þetta sérstaklega við gerðarþola, áður en undirritun fór fram.

Engar líkur eru til þess, að gerðarbeiðandi hafi bætt brottfararákvæðinu inn á samninginn á rskj. 3, eftir að hann var undirritaður.

Gerðarþoli kveðst sjálfur hafa lesið samninginn yfir, áður en en hann undirritaði, og verður samkvæmt framansögðu ekki álitið annað en að samningurinn hafi þá verið öldungis samhljóða því, sem rskj. 3 greinir. Þykir gerðarþoli því ekki eftir atvikum, sbr. og framburð vitnisins Péturs Steinssonar, geta borið fyrir sig 32. gr. laga nr. 7/1936, og ekki talið, að nein atvik liggi fyrir, sem gefi gerðarþola ástæðu til að bera fyrir sig 7. gr. laga nr. 73/1933. Verður samkvæmt þessu að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.
Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 9. desember 1947.

Nr. 97/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn
**Brynjólfi Jónatanssyni** (Hrl. Ragnar Jónsson)

Manndráp af gáleysi. Brot gegn löggjöf um umferð.

**Dómur hæstaréttar.**

Atvikum málsins er rétt lýst í héraðsdómi, og ber eftir þar greindum lagaboðum að dæma ákærða refsingu, er þykir hæfilega ákveðin varðhald 5 mánuði. Samkvæmt 68. gr. laga nr. 19/1940 og 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Brynjólfur Jónatansson, sæti varðhaldi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. júní 1947.**

Ár 1947, mánudaginn 30. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2154/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Brynjólfi Jónatanssyni, sem tekið var til dóms 16. s. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað

gegn Brynjólfi Jónatanssyni rafvirkja, Seljavegi 10 hér í bæ, til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. júní 1924 í Vestmannaeyjum. Þann 7. marz 1946 var hann sektaður um 100 krónur fyrir að stjórna bifreið án þess að hafa öðlazt ökuskírteini, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 19. apríl s. l. um klukkan 13.40 ók ákærði fólksbifreiðinni G 180, smíðaár 1929, austur Borgartún og austur yfir Laugarnesveg á leið að Efstasundi 64. Er hann var nýkominn inn á Sundlaugaveg, varð drengurinn Hannes Eliasson, Hrísateig 24, fæddur 11. september 1943, fyrir bifreiðinni og beið bana af. Reyndi ákærði að forða slysinu með því að hemla bifreiðina og beygja henni til vinstri, en hún stanzaði ekki fyrr en á símastaur norðan við veginn, eins og sést á uppdrætti af slysstaðnum, sem fram hefur verið lagður, rskj. nr. 2. Hemlaför sáust ekki á slysstaðnum nokkru síðar, er mælingar fóru þar fram. Ákærði var einn í bifreiðinni, þegar slysið varð, og er ekki kunnugt um nokkurn sjónarvott nema smábarn, fimm ára.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni á um 25 km hraða, miðað við klukkustund, austur Borgartún, en hægt svo á hraða bifreiðarinnar, þegar hann fór yfir gatnamót Laugarnesvegar og Sundlaugavegar, og minnist þess ekki að hafa aukið hraða hennar eftir þetta. Er slysið varð, telur hann hraða bifreiðarinnar hafa verið 15 til 20 km, miðað við klukkustund. Kveðst hann hafa ekið vinstra megin á akbrautinni, enda hafi strætisvagn staðið sunnan megin á Sundlaugavegi, rétt við gatnamót Sundlaugavegar og Laugarnesvegar. Ekki segir hann strætisvagninn hafa byrgt fyrir sér útsýni og minnist þess ekki, að nokkur umferð hafi verið þarna. Þegar ákærði ók fram hjá strætisvagninum, sá hann tvo litla drengi standa á miðri götu, sem næst beint út frá norðvesturhorni hússins nr. 19 við Hrísateig, á stað þeim, sem merktur er nr. 1 á uppdrættinum á rskj. nr. 2. Einnig kveðst hann hafa séð fleiri börn þarna skammt frá suðurbrún vegarins, en nánari athygli veitti hann þeim ekki. Er ákærði var að ljúka við að aka fram hjá strætisvagninum, en framendi hans snéri í vestur, segir hann annan fyrrgreindra drengja hafa farið norður yfir götuna, en hinn, sem minni var, hafi horft í áttina til bifreiðarinnar. Ekki hægði ákærði á hraða bifreiðarinnar, enda bjóst hann ekki við, að drengurinn hlypi yfir götuna, og ekki gaf hann hljóðmerki. Er bifreiðin átti um einn til tvo metra eftir til að komast fram hjá drengnum, hljóp hann fyrir-

varalaust norður yfir götuna á eftir stærri drengnum. Ákærði kveðst hafa hemlað bifreiðina strax eftir fremsta megni og beygt til vinstri, en ekki tekizt að forða slysi. Varð drengurinn fyrir bifreiðinni, sem stöðvaðist á símastaur, eins og áður greinir, og bognaði framvari hennar við það, en hvort drengurinn varð fyrir henni vinstra megin eða hægra megin, veit ákærði ekki. Hann kveðst hafa séð drenginn hverfa undir vatnskassa bifreiðarinnar, en telur ekki, að hjól hennar hafi farið yfir drenginn, eða hann dregizt með bifreiðinni, heldur hafi hann kastazt frá henni. Er bifreiðin hafði stöðvazt á símastaurnum, fór ákærði þegar út úr henni og tók drenginn undan henni, en hann lá á milli vinstra framhjólsins og símastaursins, en var þó ekki fastur þar. Var drengurinn rænulaus eða rænulítill og lézt á leiðinni að Landspítalanum, en þangað ók móðir hans honum, og fylgdist ákærði með. Bifreiðin G 180 var ekki færð af slysstaðnum, fyrr en eftir að mælingar voru gerðar á honum.

Í krufningarskýrslu Þórarins Sveinssonar læknis segir, að útlit sé fyrir, að mikill þungi hafi lent yfir háls drengsins og brjóstið efst, en áverki á hálsi geti valdið bráðu losti (shock) og dauða, og útlit sé fyrir, að þannig hafi verið hér.

Þegar slysið varð, var veður þurrt, og segir ákærði veginn hafa verið góðan á slysstaðnum. Hann kveðst að öllu leyti hafa verið vel fyrirkallaður, ekki verið svefnþurfi, og ekkert hafi dregið athygli sína frá akstrinum. Hemla bifreiðarinnar kveðst hann hafa hert upp nokkrum dögum áður en slysið varð, og hafi þeir verið í eins góðu lagi og hægt er að hafa þá í bifreið af þessari gerð, en þó hafi hemlar framhjóla verið í ólagi, og munu þeir hafa verið óvirkir. Eigandi bifreiðarinnar er Sveinn Jónatansson sjómaður, bróðir ákærða, en ákærði var umráðamaður hennar.

Sama daginn og slysið varð, skoðuðu bifreiðaeftirlitsmennirnir Gestur Ólafsson og Haukur Hrómundsson bifreiðina G 180 og reyndu hana í akstri. Hafa þeir gefið vottorð um ástand bifreiðarinnar, rskj. nr. 3, og borið það hér í réttinum, að sé bifreiðinni ekið á 30 til 35 km hraða, miðað við klukkustund, nemi hún staðar á 15 metra vegalengd og marki fyrir hemlaförum á malbornum vegi, en ekki á malbikuðum, þótt bifreiðin stöðvist þá á svipaðri vegalengd. Einnig reyndu þeir hemlana, þegar bifreiðinni var ekið hægar, en mældu þá ekki hemlaförin. Kveða þeir hemla bifreiðarinnar, sem eru teinahemlar, en þeir verka ekki eins vel og vökvahemlar, eigi hafa verið slæma, en þó ekki eins góða og hægt hefði verið að hafa þá. Þeir verkuðu jafnt á báðum afturhjólum, en voru mjög slæmir eða ekki í sambandi við framhjól bifreiðarinnar. Handhemill bifreiðarinnar reyndist með öllu óvirkur, hraðamælir hennar í ólagi og hljóðhorn bifreiðarinnar gaf ekki nægilega hvellt og glöggt hljóð. Að öðru leyti var bifreiðin í lagi.

Þar sem ákærði sá drengina tvo framundan á miðri götunni, bar

honum að gæta sérstakrar varúðar, einkum þar eð hann vissi, að hemlar framhjóla voru ekki í lagi, og hægja svo á hraða bifreiðarinnar, er hann sá stærri drenginn hlaupa yfir götuna, að hann gæti stöðvað hana þegar í stað. Þessarar varúðar gætti ákærði ekki, og þykir hann hafa ekið of hratt og ógætilega, eins og á stóð. Þetta varð meðorsök slyssins og varðar ákærða refsingu samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 26. gr. 1. og 4. mgr. og 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 4. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Með því að hafa ekki hemla bifreiðarinnar, horn hennar og hraðamæli í lagi hefur ákærði, sem er umráðamaður bifreiðarinnar, gerzt brotlegur við 5. gr. 2. mgr., 6. gr. og 9. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir bera að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 250.00.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Brynjólfur Jónatansson, sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Hann er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 10. desember 1947.

Nr. 118/1947. **Réttvísin og valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn
**Ingólfi Guðjónssyni** (Hrl. Theódór B. Líndal).

Umferðarslys. Brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakaratvik eru réttilega rakin í hinum áfrýjaða dómi, og hefur ákærði með hátterni sínu gerzt brotlegur við þau refsiákvæði, sem í dóminum greinir, önnur en 217. gr. hegningarlaganna. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að svipta ákærða leyfi til bifreiðarstjórnar 18 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Guðjónsson, greiði 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur rétti til bifreiðarstjórnar 18 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 1. apríl 1947.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. þ. m., er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Ingólfi Guðjónssyni prentara, Oddstöðum, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, bifreiðarlögum nr. 23 frá 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 16. júní 1941 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum hinn 7. febr. 1917 og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt kæru eða refsingu fyrir nokkurt brot.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. maí 1946, klukkan að ganga sjö um eftirmiðdaginn, ók ákærði bifreið sinni, V 22, nú R 4063, heiman frá sér frá Laugarnesvegi 55, Reykjavík, en þar átti hann heima þá, — og ætlaði vestur að Stúdentagarðinum. Hann var illa fyrirkallaður, þreyttur og svefnvana. Hann vann þá í Ísafoldarprentsmiðju og hafði unnið til klukkan 4 um nóttina áður, og farið á fætur kl. 7 um morguninn, eftir ca. 2½ tíma svefn, og hafið vinnuna að nýju kl. 8 um morguninn og unnið til kl. 5 um eftirmiðdaginn. Hann ók niður Laugaveg og beygði suður Hringbraut eftir vinstri götunni, en gatan er þarna tvöföld og bílstæði á milli. Einstefnuakstur er þarna. Kvikmyndahús var í smíðum við Hringbrautina, milli Njálsgötu og Grettisgötu, og hafði verið reist upp grindverk umhverfis bygginguna út á götuna. Mjó trégangstétt var fyrir framan grindverkið, ca. 60—70 cm á breidd. Er ákærði nálgaðist bíóbygginguna, kom maður gangandi á móti honum norður trégangstéttina meðfram grindverkinu. Maður þessi var Elías Guðmundsson, Hverfisgötu 96 B. Ákærði kveðst ekki hafa veitt honum athygli. Ók ákærði frekar hægt suður götuna, á 15—18 km hraða í mesta lagi að eigin sögn, en er hann var kominn móts við bíóbygginguna, sveigði hann bifreiðina til vinstri, svo vinstri hjól hennar fóru upp á trégangstéttina og frambrettið straukst við bárujárnið í grindverkinu. Varð Elías þarna fyrir bifreiðinni, og féll hann á höfuðið niður á gangstéttina. Klukkan var um 6½ e. h., er þetta gerðist. Ákærði sveigði síðan bifreiðina inn á götuna, jók hraðann og ók áfram. Kvaðst hann ekki hafa orðið þess var, að maður varð fyrir bifreið hans, en fát hafi komið á sig, er bifreiðin fór upp á gangstéttina og rakst á grindverkið. Varð honum svo um þetta, að hann hætti við að aka að Stúdentagarðinum og sneri heim á leið. Beygði hann austur Njálsgötu og inn á Rauðarárstíg og ók norður stiginn. Á gatnamótum Laugavegs ók bifreiðin R 1614 fram úr bifreið ákærða og nam staðar skáhallt fyrir framan hana. Varð ákærði því að stöðva bifreið sína. Bifreiðarstjórinn á R 1614, Guðmundur Ámundason Björnsson, hafði séð slysið og veitt ákærða eftirför og tókst þannig að knýja hann til þess að nema staðar. Átti hann síðan tal við ákærða og skýrði honum frá slysinu, en ákærði kvaðst ekkert um það hafa vitað. Rétt á eftir kom þar að Steinþór Ásgeirsson framkvæmdarstjóri í bifreið sinni. Hafði hann einnig séð slysið og veitti ákærða eftirför. Tók hann ákærða upp í bifreið sína og ók síðan á slysstaðinn og tók þar slasaða manninn og fór síðan með ákærða á lögreglustöðina. Við athugun reyndist bifreið ákærða í sæmilega ökufæru standi.

Elías Guðmundsson varð fyrir talsverðum meiðslum. Samkvæmt

læknisvottorði hafði hann töluverð sár á fæti og einkenni um heilahristing. Sárin á fætinum gréru á nokkrum vikum, en höfuðverkur og svimi hélzt fram eftir sumri, og var hann ýmist alveg óvinnufær eða vann hluta úr dögum. Um miðjan september var hann orðinn fullvinnufær. Elías Guðmundsson hefur engar skaðabótakröfur gert í máli þessu á hendur hinum ákærða, þar sem hann kveðst ætla að beina kröfum sínum til vátryggingarfélags bifreiðarinnar.

Um nánari atvik að slysinu liggja fyrir þessar upplýsingar:

Elías Guðmundsson kveðst hafa verið að koma úr vinnu sinni í umrætt skipti og gengið norður Hringbraut frá Njálsgötu. Gekk hann eftir trégangstéttinni hjá bióbyggingunni, og er hann var staddur nálægt byggingunni miðri, sá hann bifreiðina V 22 koma suður götuna á mikilli ferð. Er bifreiðin nálgaðist, var henni sveigt að honum og upp á trégangstéttina með bæði vinstri hjólin. Vinstra frambretti bifreiðarinnar ásamt hjólinu lenti á vinstra hné hans og reif buxurnar og skinnið af hnéskelinni, en vinstra afturhjól lenti síðan á hægra fæti hans og marði mjóalegg og kálfa. Féll Elías þá á höfuðið niður á gangstéttina og fékk áverka á höfði og snert af heilahristingi, en missti ekki meðvitund. Kvað hann útilokað annað en ákærði hefði orðið slyssins var.

Vitnið Baldur Steingrímsson skrifstofustjóri kvaðst hafa verið á gangi suður Hringbraut í umrætt skipti. Er hann var að fara yfir gatnamót Grettisgötu og Hringbrautar, kveðst hann hafa heyrt hávaða og orðið litið austur að bióbyggingunni. Sá hann bifreið ákærða aka upp á trégangstéttina, og virtist honum, að bæði vinstri hjólin færu upp á gangstéttina — afturhjólið um leið og framhjólið fór niður af stéttinni. Í sömu svifum sá hann karlmannshatt velta aftur fyrir bifreiðina út á götuna, og er bifreiðina bar frá, sá hann Elías Guðmundsson vera að standa upp, og var hann blóðugur og föt hans rifin. Bifreiðinni virtist honum ekið nokkuð hratt, en þó tæplega á ólöglegum hraða, en er slysið hafði viljað til, var hraðinn aukinn, og bifreiðinni ekið austur Njálsgötu. Kvaðst vitnið telja engan vafa á, að ákærði hefði hlotið að verða var við slysið.

Vitnið Steinþór Ásgeirsson framkvæmdarstjóri kveðst hafa staðið fyrir utan heimili sitt á Hringbraut 33 kl. um 6½ e. h. umræddan dag. Sá hann þá, hvar bifreiðinni V 22 var ekið suður Hringbraut, en veitti henni í fyrstu litla eftirtekt. Sá hann svo, að bifreiðinni var ekið upp á trégangbraut hjá bióbyggingunni, og fór vinstra framhjól upp á gangstéttina. Gangandi maður varð þarna fyrir bifreiðinni, fyrir vinstra frambretti, að því er vitninu virtist. Bifreiðarstjórinn nam ekki staðar, en ók áfram og beygði austur Njálsgötu og herti þá á hraða bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst vera þess fullvíst, að bifreiðarstjórinn hafi tekið eftir manninum, sem fyrir slysinu varð, því rétt um það bil, sem slysið varð, hafi hann litið við og hægt á bifreiðinni, en jók svo hraða hennar, er hann ók burt

af slysstaðnum. Virtist vitninu, að bifreiðarstjórinn væri að hugsa um, hvort hann ætti að nema staðar. Vitnið veitti síðan bifreiðinni eftirför og náði henni inn á Laugavegi. Var þá önnur bifreið búin að stöðva hana. Vitnið ók síðan bifreiðarstjóranum, sem var ákærði, að slysstaðnum og þar næst niður á lögreglustöð. Vitnið kvað ákærða hafa viðurkennt, að hann hefði orðið þess var, að maður varð fyrir bifreið hans, minnsta kosti skildi það orð ákærða á þá leið. Vitnið kvað ákærða hafa verið mjög taugaóstyrkan, en ekki undir áhrifum áfengis.

Vitnið Guðmundur Ámundason Björnsson verzlunarmaður kvaðst hafa ekið bifreið sinni, R 1614, umrætt skipti austur Njálsgötu og yfir Hringbraut. Á þessum gatnamótum heyrði það einhvern hávaða og leit til vinstri og sá þá, hvar bifreiðin V 22 kom ofan af trégangstéttinni við bióbygginguna og maður var að standa upp á gangbrautinni. Maður þessi kvað bifreiðina V 22 hafa ekið á sig. Elti vitnið síðan bifreiðina og neyddi hana til þess að nema staðar inni á Laugavegi, eins og áður er getið. Vitnið átti tal við ákærða, og kvaðst hann ekki hafa tekið eftir því, að maður hefði orðið fyrir bifreið sinni. Síðan bar þar að Steinþór Ásgeirsson, og átti hann einnig tal við ákærða, meðan vitnið var viðstatt. Ekki heyrði vitnið, að ákærði viðurkenndi fyrir Steinþóri að hafa vitað um slysið. Vitnið kvað ákærða hafa verið fölan og taugaóstyrkan, en ekki undir vínáhrifum.

Vitnið Magnús Siggeir Eiríksson verkamaður, Sogabletti 9, Reykjavík, kvaðst hafa verið statt fyrir utan húsið nr. 33 við Hringbraut í umrætt skipti. Sá hann bifreiðina V 22 aka suður Hringbraut á meðalhraða, á að gizka 15—20 km hraða, miðað við klukkustund. Er bifreiðin var komin móts við bióbygginguna, ók hún upp á trégangstétt, sem var þar fyrir framan, og utan í grindverkið, sem var umhverfis bygginguna. Um leið var henni ekið utan í mann, sem var á gangi á gangstéttinni í suður átt, og felldi hann í götuna. Bifreiðin nam ekki staðar við þetta, heldur sveigði hún út á götuna, og var síðan ekið austur Njálsgötu. Vitnið sá ákærða eftir slysið, innarlega á Laugavegi, og sá ekkert athugavert við framkomu hans, annað en fát virtist vera á honum.

Þá hefur Ragnar Hafstein Guðbjörnsson gefið skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Kvaðst hann hafa verið áhorfandi að slysinu, og hefði bifreiðin farið með bæði vinstri hjólin upp á trégangstéttina og ekið ca. 5—6 metra eftir gangbrautinni, áður en hún rakst á manninn. Hann gerði ráð fyrir, að hraði bifreiðarinnar hefði verið 20—25 km, miðað við klukkustund.

Við framburði þessa hefur ákærði gert þær athugasemdir, að það væri ekki rétt, að hann hefði orðið slyssins var, og eins hefði hann alls ekki viðurkennt slíkt fyrir Steinþóri Ásgeirssyni. Þá kvað hann sum vitnin áætla hraða bifreiðarinnar meiri en hann var, þar sem

hraðinn hafi ekki verið yfir 15—18 km á klukkustund. Svo kvaðst hann og ekki hafa orðið þess var, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar færi upp á gangstéttina. Að öðru leyti taldi hann framburðina rétta.

Gegn eindregnum mótmælum ákærða og með tilliti til þess, að hann er lágur vexti og hægri handar stýri var á bifreiðinni, verður ekki talið sannað, að hann hafi orðið slyssins var. Hins vegar bar ákærða skylda til að fylgjast með umferðinni á gangstéttunum beggja vegna, og verður það að teljast vítavert eftirtektarleysi frá hans hálfu að veita ekki athygli manninum á trégangstéttinni, er kemur móti honum og hann ekur á. Ökuhraði ákærða virðist ekki hafa verið meiri en löglegt var.

Eins og fram hefur verið tekið, var ákærði þreyttur og svefnvana í umrætt skipti, og er ástæða til að ætla, að þess hafi gætt við stjórn bifreiðarinnar, og ákærða mátt vera það ljóst fyrir. Hefur hann því gerzt brotlegur við 23. gr. 3. mgr. bifreiðalaga og 4. gr. 2. málsgr. umferðarlaga. Þá hefur og ákærði orðið uppvís að ótilhlýðilegum skorti á eftirtekt með því að verða ekki mannsins var, er varð fyrir bifreið hans. Hefur hann með því gerzt brotlegur við 27. gr. 1. málsgrein bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga. Þá hefur hann einnig brotið sömu ákvæði og enn fremur 13. gr. 2. málsgr. umferðarlaga með því að aka bifreið sinni af opnum og tálmalausum vegi upp á trégangstéttina. Með þessum mistökum hefur ákærði á refsiverðan hátt orðið valdur að meiðslum Elíasar Guðmundssonar og bakað sér ábyrgð samkvæmt 217. gr. alm. hegningarlaga.

Samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 14. grein umferðarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en komi ella í stað sektarinnar 20 daga varðhald.

Þá þykir og bera samkvæmt fyrirmælum 39. greinar bifreiðalaga nr. 23/1941 að svipta ákærða ökuréttindum í 3 mánuði frá deginum í dag að telja.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að greiða, og þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Friðþjófs G. Johnsens hdl., er ákveðast kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ingólfur Guðjónsson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann er sviptur ökuréttindum í 3 mánuði frá deginum í dag að telja.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að

greiða, og þar á meðal kr. 300.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Friðþjófs G. Johnsens hdl.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 10. desember 1947.

Kærumálið nr. 21/1947. **Róshildur Jónsdóttir**
gegn
**Einari Scheving Thorsteinsson og Birni Geirmundssyni**

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðbrandur Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp á aukadómþingi Húnavatnssýslu 22. okt. s. l., og var sóknaraðili ekki við dómsuppsögu stödd né neinn af hennar hendi. Málflutningsmaður sóknaraðilja fékk í hendur eftirrit dómsins 5. nóv. s. l., og kærði hann fyrir hönd sóknaraðilja sama dag til hæstaréttar ákvæði dómsins um málskostnað. Barst hæstarétti kæran 25. nóv. s. l. með bréfi héraðsdómara, dags. 17. s. m.

Í greinargerð til hæstaréttar, dags. 17. nóv. s. l., krefst sóknaraðili þess, að málskostnaðarákvæði hins kærða dóms verði úr gildi fellt og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða henni in solidum málskostnað í héraði samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 2292.00, svo og kærumálskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar hafa ekki sent hæstarétti greinargerð um málið né borið þar fram kröfur.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms, að því er varðar varnaraðiljann Einar Scheving Thorsteinsson, en dæma varnaraðiljann Björn Geirmundsson til þess að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, kr. 1200.00. Samkvæmt þessum úrslitum

þykir rétt, að kærumálskostnaður í hæstarétti falli niður, að því er varðar Einar Scheving Thorsteinsson, en að Björn Geirmundsson greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 200.00.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað, að því er varðar varnaraðiljann Einar Scheving Thorsteinsson, og fellur kærumálskostnaður niður, að því er til hans tekur.

Varnaraðili Björn Geirmundsson greiði sóknaraðilja, Róshildi Jónsdóttur, málskostnað í héraði, kr. 1200.00, og kærumálskostnað fyrir hæstarétti, kr. 200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 22. október 1947.**

Mál þetta, sem er höfðað af Róshildi Jónsdóttur, Smiðgötu 2, Akureyri, gegn Einari Sch. Thorsteinsson kaupmanni, Tjarnargötu 10, Reykjavík, og Birni Geirmundssyni bónda, Hnjúkum á Blönduósi, en til vara Guðmundi Kolka kaupmanni, Hávallagötu 45, Reykjavík, var þingfest 26. september þ. á. og tekið til dóms sama dag.

Stefnandi, Róshildur Jónsdóttir, gerir þær dómkröfur í málinu:

*Að* ógild verði dæmd „veðsetning" Björns Geirmundssonar til verzlunar E. Thorsteinsson, sú er felst í veðskuldabréfi, útg. 21. sept. 1927,

*að* hinir stefndu, aðallega Einar Sch. Thorsteinsson og Björn Geirmundsson, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, en til vara Guðmundur Kolka, *verði dæmdir til að sjá um, að lýst verði af jörðinni Mjóadal* í Bólstaðarhlíðarhreppi skuldabréfi Björns Geirmundssonar til verzlunar E. Thorsteinsson á Blönduósi, útg. 21. sept. 1927, að viðlögðum sektum til stefnöndu, eigi undir kr. 100.00 hvern dag, sem líður frá lokum aðfararfrests eftir dóminum, unz aflýsing fer fram, og

*að* hinir stefndu, aðallega Einar Sch. Thorsteinsson og Björn Geirmundsson, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, en til vara Guðmundur Kolka, verði dæmdir til að greiða stefnöndu að skaðlausu kostnað sakarinnar.

Stefndu Einar Sch. Thorsteinsson og Björn Geirmundsson krefjast þess, að verða sýknaðir af kröfum stefnöndu, og hinn fyrrnefndi krefst þess að auki, að fá tildæmdan allan kostnað sinn af

málinu, þar sem málið hafi verið höfðað án tilefnis. Hins vegar hefur hann ekki tilgreint, hver eða hve mikill sá kostnaður væri.

Guðmundur Kolka mætti ekki í málinu og enginn fyrir hans hönd. En þar sem telja verður upplýst í málinu, að skuldabréf Björns Geirmundssonar, sem mál þetta er risið af, hafi aldrei komizt í hendur né í eigu Guðmundar Kolka — en á því var varakrafan byggð, að svo kynni að hafa verið — virðast kröfur á hendur honum ekki koma framar til álita í máli þessu.

Veðsetning sú, er mál þetta er risið af og krafizt er ógildingar á, fór fram 21. september 1927 samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu nefndan dag af Birni Geirmundssyni, þá bónda í Mjóadal, til verzlunar E. Thorsteinsson á Blönduósi til tryggingar skuld hans við téða verzlun, að upphæð kr. 4000.00, og var skuldin tryggð með 3ja veðrétti í jörðinni Mjóadal í Bólstaðarhlíðarhreppi, en jörð þessa hafði veðsali keypt af stefnöndu með kaupbréfi, dags. 3. apríl 1924, og skyldi hann taka við jörðinni í næstu fardögum, en fá afsal fyrir henni, er hann hefði greitt 1000 krónur við undirskrift kaupsamningsins og yfirtekið eða greitt áhvílandi veðskuld á 1. veðrétti, kr. 3000.00, og kr. 8000.00, er hvíldu á 2. veðrétti. Afsal var þó aldrei gefið út fyrir jörðinni, og orsök þess talin hafa verið vanskil kaupanda. Veðsetning Björns Geirmundssonar til verzlunar E. Thorsteinsson var því ekki gild, þegar hún var gerð, enda gerð áritun á bréfið við þinglestur þess, að veðsala brysti eignarheimild. Og til þess kom ekki, að hún öðlaðist gildi síðar við endanlegt afsal frá stefnöndu til Björns Geirmundssonar, því stefnanda tók við jörðinni aftur vorið 1928, að því er séð verður án nokkurs fyrirvara, og er því yfirlýst í málinu, „að kaup hafi gengið til baka."

Þar sem hið ráðgerða, eftirfarandi afsal var aldrei gefið vegna vanefnda kaupanda, að því er talið er, verður að líta svo á, að veðsetning hans til verzlunar E. Thorsteinsson hafi hvorki verið gild né heldur öðlazt gildi eftir á. Þykir því mega taka þá kröfu stefnöndu til greina að ógilda veðsetninguna með dómi, án þess að hagga við gildi bréfsins að öðru leyti. Kemur þar fyrst til greina áritun á bréfið sjálft, að veðsala bresti eignarheimild, sem útilokar, að hugsanlegur handhafi sé í góðri trú um gildi veðsetningarinnar, og þykir því eigi þurfa að láta varða frávísun, þó að gengið sé fram hjá tilkynningu til hans um málshöfðun með opinberri stefnu. Í annan stað er því yfirlýst af Einari Sch. Thorsteinsson, að hann hafi látið bréfið af hendi við skuldara, Björn Geirmundsson, við gjaldþrot hans, að því er virðist sem verðlaust plagg, en í þeirri yfirlýsingu felst „ex contrario", að hann hafi ekki látið það af hendi til þriðja manns.

Þar sem báðir hinir stefndu hafa lýst því yfir í málinu, að skuldabréfið sé ekki í þeirra vörzlum, verður að telja, að það sé

glatað, en af því leiðir aftur, að hvorugum hinna stefndu verður gert með dómi að afhenda bréfið til aflýsingar eða að láta aflýsa því, svo sem krafizt er, enda slíkrar aflýsingar ekki þörf samhliða ógildingu veðsetningarinnar með dómi, sem svo má þinglesa.

Krafa stefnöndu um málskostnað virðist byggð á veikum rökum. Þrátt fyrir orðalagið „sel" í kaupsamningnum og yfirtöku jarðarinnar af kaupanda í næstu fardögum, hefði ef til vill mátt líta á veðsetninguna sem réttarbrot gagnvart seljanda (stefnöndu), ef kaupið hefði ekki verið látið ganga til baka ári eftir veðsetninguna með fullu samþykki stefnöndu og án nokkurs fyrirvara, varðandi veðsetninguna. Þykir því ekki fært að telja stefnda Birni Geirmundssyni bera skyldu til að sjá um, að veðskuldabréfinu væri aflýst, enda ekki á hans valdi að fá því til vegar komið. Um réttarbrot gagnvart stefnöndu af hendi Einars Sch. Thorsteinssonar vegna móttöku bréfsins af hendi Björns Geirmundssonar getur heldur ekki að réttarins áliti verið að ræða, þar sem hann gat vænzt þess, að Björn fengi afsal fyrir jörðinni. Stefnanda hafði tækifæri að gera kröfur á hendur Birni Geirmundssyni, um leið og kaupið gekk til baka, en sleppti því. Hún hefði væntanlega getað þá látið koma til uppboðs á jörðinni vegna vanskila á áhvílandi lánum, og fengið þann veg hreinsað 3ja veðrétt af jörðinni, en gerði það ekki. Hún hefði getað skorað á hinn meinta bréfeiganda að leyfa henni að aflýsa bréfinu eða fá það ógilt á sinn kostnað, en hún gerði það ekki. Hins vegar getur rétturinn ekki fallizt á, að bréfeigandanum væri skylt að taka til greina áskorun um, að hann léti aflýsa bréfinu á sinn kostnað. Þykir af þessum sökum ekki fært að taka málskostnaðarkröfu stefnöndu til greina, hvorki á hendur Einari Sch. Thorsteinsson né Birni Geirmundssyni.

Stefndi Einar Sch. Thorsteinsson virðist hafa sýnt óþarfa tregðu varðandi upplýsingar um hið umstefnda veðskuldabréf, m. a. með því að upplýsa fyrst við þingfestingu málsins, hvar hann taldi bréfið niðurkomið. Virðist því rétt, að málskostnaður falli niður, einnig að því er snertir málskostnað hans og fyrirhöfn.

Því dæmist rétt vera:

Veðsetning samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu 21. september 1927, af Birni Geirmundssyni, þá bónda í Mjóadal, til handa verzlun E. Thorsteinssonar, Blönduósi, fyrir 4000 króna skuld, tryggðri með 3ja veðrétti í jörðinni Mjóadal í Bólstaðarhlíðarhreppi innan Húnavatnssýslu, skal teljast ógild og má strikast út úr veðmálabókum Húnavatnssýslu.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. desember 1947.

Nr. 53/1947. **Eigandi og skipshöfn b/v Gyllis** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson) gegn **H/f Vestra** (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Bjarglaun dæmd.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí síðastl., krefjast þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 250 þúsund krónur eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 24. janúar síðastl. til greiðsludags. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati dómsins. Þá krefjast þeir enn fremur viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Hafsteini fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar þess er gætt, að dráttur b/v Hafsteins tók 2 sólarhringa og 8 klukkustundir, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykja bjarglaunin áfrýjendum til handa hæfilega ákveðin 90 þúsund krónur með vöxtum, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar fyrir báðum dómum, sem þykir hæfilega ákveðin 11000 krónur.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 ákveðst sjóveðréttur í b/v Hafsteini RE 156 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Vestri, greiði áfrýjendum, eiganda og skipshöfn b/v Gyllis, kr. 90000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. janúar 1947 til greiðsludags og samtals kr. 11000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Áfrýjendur eiga sjóveðrétt í b/v Hafsteini RE 156 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 14. maí 1947.**

Mál þetta, er dómtekið var 7. þ. m., hefur Haukur Thors framkvæmdarstjóri f. h. eigenda og skipshafnar b/v Gyllis, RE 267, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 24. janúar 1947, gegn h/f Vestra, eiganda b/v Hafsteins, hér í bæ, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 250000.00 eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Þá hefur stefnandi enn fremur krafizt þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í b/v Hafsteini RE 156 til tryggingar öllum framangreindum kröfum.

Stefndi hefur krafizt þess að verða aðeins dæmdur til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar að mati dómsins og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Almennum tryggingum h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, sem vátryggjendum nefnds skips stefnda.

Málavextir eru þeir, að hinn 25. desember 1946 bilaði vél botnvörpungsins Hafsteins, eignar stefnda, er hann var á leið frá Grimsby til Reykjavíkur. Staður skipsins var þá 61° 55′ n. br. og 13° 50″ v. l. Viðgerð var ekki unnt að framkvæma um borð, og var því náð sambandi við botnvörpunginn Gylli, er var á leið frá Fleetwood til Reykjavíkur, og hann beðinn aðstoðar. Gyllir breytti þegar stefnu og hélt áleiðis til Hafsteins og kom á vettvang um hádegi næsta dag. Var dráttartaugum komið milli skipanna og síðan haldið af stað til Reykjavíkur og komið þangað um kl. 22 hinn 28. desember. Telur stefnandi, að hér hafi verið um að ræða ótvíræða björgun í merkingu siglingalaganna, enda hafi Hafsteinn verið í hættu, auk þess sem þetta hafi verið á dimmasta tíma árs og allra veðra von. Bein töf Gyllis við björgunarstarfið hafi verið 30 klt., en raunverulegar tafir skipsins miklu meiri sökum helgidaga, er tafið hafi affermingu þess og útbúnað í nýja veiðiför. Þá telur stefnandi, að við ákvörðun bjarglauna beri að leggja til grundvallar vátryggingarfjárhæðir skipsins. Skipið sjálft hafi verið vátryggt fyrir kr. 1 000 000.00, en auk þess hagsmunahúftryggt fyrir kr. 250 000.00. Þá hafi farangur skipverja og veiðarfæraúbúnaður skipsins verið tryggt fyrir samtals kr. 80 000.00.

Stefnandi telur, að auk slits og tognunar á 400 föðmum af 3″ togvírum hafi Gyllir orðið fyrir skemmdum við björgunarstarfið,

sem hér segir: Báðir kefar að aftan skemmdust. Sjóleiðsla og lýsisleiðsla, sem liggja við dekkhúsið að aftan, losnuðu báðar frá og önnur brotnaði. Bátapallsstyttur skemmdust og einnig stoð, sem heldur flekanum uppi. Hlífar frá spili losnuðu.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að fjárhæð sú, er stefnandi krefst, sé allt of há, þar eð björgunarstarfið hafi bæði verið auðvelt og hættulaust. Hafsteinn hafi ekki verið staddur í yfirvofandi háska, enda veður gott. Gylli hafi ekki verið stofnað í neina hættu við björgunarstarfið og tjón hans orðið mjög lítið. Þá hefur stefndi mótmælt, að töf Gyllis hafi verið meiri en 30 klt. og að annað tjón hafi orðið hjá Gylli en slit á vírum, enda hafi ekki farið fram neitt mat um það efni.

Björgun sú, er hér um ræðir, tókst vel og virðist hafa verið unnin af verklagni. Töf Gyllis vegna dráttarins var 30 klt., en ósannað er, að björgunarstarfið hafi orsakað frekari tafir. Telja verður, að Hafsteinn hafi verið í nokkurri hættu, þótt hún hafi ekki verið yfirvofandi, enda enginn seglabúnaður á skipinu. Hins vegar var Gylli ekki stofnað í hættu við björgunina, og tjón hans var lítið. Þegar ákvarða skal verðmæti þess, sem bjargað var, verður að leggja til grundvallar gangverð þess á þeim stað, er björgun lauk, en ekki vátryggingarfjárhæðir þess. Yfirmat hefur farið fram á skipinu á þessum grundvelli, og er fjárhæð þess kr. 809 000.00. Þar eð hún hefur ekki sætt rökstuddum andmælum, verður hún lögð til grundvallar.

Að þessu athuguðu, þykja björgunarlaunin í heild hæfilega ákveðin kr. 75000.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þessa fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað, er þykir með hliðsjón af matskostnaði hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í b/v Hafsteini R 156 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminn hafa upp kveðið þeir Einar Arnalds borgardómari, T. Júlíus Júlínusson skipstjóri og Pétur Sigurðsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Vestri, eigandi b/v Hafsteins, greiði stefnanda, Hauki Thors f. h. eigenda og skipshafnar b/v Gyllis, kr. 75000.00 með 6% ársvöxtum frá 24. janúar 1947 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í b/v Hafsteini R 156 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. desember 1947.

Kærumálið nr. 22/1947. **Jón Guðmundsson**
gegn
**Sveini V. Jónssyni**

Kærður úrskurður fógetadóms um endurupptöku máls.

**Dómur hæstaréttar.**

Kristján borgarfógeti Kristjánsson hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 28. f. m., sem hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 198. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð fógetadóms Reykjavíkur, er upp var kveðinn 28. nóv. s. l., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að meðferð málsins fyrir fógetadómi verði ómerkt og Kristjáni borgarfógeta Kristjánssyni dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að skaðlausu. Hvernig sem málið fer, krefst sóknaraðili þess, að Gústafi A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni verði dæmd þyngsta refsing, er lög leyfa, fyrir að tefja dómsmálið og úrslit þess.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, hrundið verði refsikröfu sóknaraðilja og honum dæmt að greiða kærumálskostnað að skaðlausu.

Borgarfógeti hefur ekki sent hæstarétti athugasemdir í málinu.

Umboðsmaður varnaraðilja, Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, fór þess á leit við fulltrúa borgarfógeta, að hann frestaði þinghaldi í fógetadómi Reykjavíkur þann 8. f. m. í 5—10 mínútur, til þess að hann gæti sent löghæfan umboðsmann á þingið. Vegna andmæla umboðsmanns sóknaraðilja varð fulltrúinn ekki við þessari beiðni, og var málið þá tekið til úrskurðar. Telja verður, að fulltrúinn hefði, eins og atvikum var háttað og nú var lýst, átt að fresta þinghaldinu um stund, og þykir því endurupptaka málsins hafa

verið heimil. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Varakrafa sóknaraðilja er löglaus í kærumáli og verður ekki sinnt. Refsikrafa hans á hendur umboðsmanni varnaraðilja þykir heldur ekki hafa við rök að styðjast.

Umboðsmaður sóknaraðilja, Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius, hefur sýnt óhæfilega stirfni með því að andmæla frestbeiðni þeirri, sem að framan er lýst, og auk þess kært mál þetta til hæstaréttar ófyrirsynju. Þar sem málið hefur verið rekið með þessum hætti fyrir hönd sóknaraðilja, verður ekki hjá því komizt að dæma hann til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Átelja ber og ómerkja ex officio eftirtalin ósæmileg ummæli Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns í greinargerð hans til hæstaréttar: „. . . . enda hefur að ósekju verið hyllzt til að hafa þá heyrnarlausa". „Tjóar ekki að slíku sé beitt, aðeins ef málflytjendur hreyfa því í fólsku."

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Guðmundsson, greiði varnaraðilja, Sveini V. Jónssyni, kr. 400.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 28. nóvember 1947.**

Með beiðni, dags. 28. f. m., krefst Jón Guðmundsson, Frakkastíg 19 hér í bæ, þess, að Sveinn V. Jónsson verði borinn út úr húsnæði því, er hann dvelur nú í á Frakkastíg 19.

Var mál þetta tekið fyrir hér í fógetaréttinum 31. f. m., og var þá lagt fram útburðarbeiðni og eftirrit af úrskurði húsaleigunefndar. Fyrir gerðarbeiðanda mætti þá Jóhann Steinason cand. jur. vegna Magnúsar Thorlacius hrl., en gerðarþoli, Sveinn V. Jónsson, mætti sjálfur og mótmælti framgangi gerðarinnar.

Umboðsmanni gerðarbeiðanda var þá veittur frestur til greinargerðar þar til 4. þ. m. Á tilteknum tíma var mál þetta tekið fyrir á ný, og mættu þá sömu menn og áður. Umboðsmaður gerðarbeiðanda lagði þá fram greinargerð og endurrit úr bæjarþingsbók

Reykjavíkur. Gerðarþoli fékk þá frest til greinargerðar þar til 8. þ. m. Á tilteknum tíma var mál þetta tekið fyrir, og mætir þá fyrir gerðarbeiðanda Magnús Thorlacius hrl., en fyrir gerðarþola mætir Jóhann Hafsteen vegna Gústafs A. Sveinssonar hrl., og leggur hann fram greinargerð. Eftir að fógeti hafði veitt henni viðtöku og þingmerkt hana á venjulegan hátt, lét umboðsmaður gerðarbeiðanda bóka mótmæli þess efnis, að umboðsmaður gerðarþola hefði ekki heimild lögum samkvæmt til að mæta á dómþingi, og mótmælti hann jafnframt skjali því, sem hann hafði lagt fram sem markleysu og krafðist þess, að gerðin færi fram. Eftir að umboðsmaður gerðarþola hafði mótmælt þessari bókun, var málið tekið undir úrskurð.

Þann 15. þ. m. var réttur settur á ný, og mál þetta tekið fyrir. Mætir þá og Magnús Thorlacius hrl. fyrir gerðarbeiðanda og Gústaf A. Sveinsson hrl. fyrir gerðarþola, og óskaði hann eftir því, að mál þetta yrði tekið fyrir aftur og lagði fram í því sambandi bréf til fógetaréttarins. Gerir hann þar meðal annars grein fyrir forföllum sínum, þegar mál þetta var tekið fyrir 8. þ. m. Kveðst hann vera starfsmaður Vinnuveitendafélags Íslands, og hafi hann orðið að sitja fund Vinnuveitendafélagsins, þegar mál þetta átti að takast fyrir, og hafi hann því sent starfsmann sinn, Jóhann Hafsteen, fyrir sig til þess að mæta í réttarhaldi þessu.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælti endurupptöku máls þessa og staðhæfði, að hvorki gerðarþoli né umboðsmaður hans hefði haft lögleg forföll á dómþinginu 8. þ. m. Því er eigi sérstaklega mótmælt, að umboðsmaður gerðarþola, Gústaf A. Sveinsson hrl., sé starfsmaður Vinnuveitendafélags Íslands og að hann hafi setið fund þess félags á þeim tíma, er mál þetta féll í rétt 8. þ. m. Þykir því verða að meta fjarvist hans úr þinghaldi lögleg forföll, og ber því að endurupptaka málið samkvæmt 118. gr. sbr. 223. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 23. júní 1936.

Því úrskurðast:

Útburðarmál þetta skal endurupptekið.

Föstudaginn 12. desember 1947.

Nr. 92/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Einar Arnórsson)
gegn
**Ásgrími Sigurðssyni** (Hrl. Gunnar J. Möller).

Botnvörpuveiðabrot. Héraðsdómur ómerktur.

**Dómur hæstaréttar.**

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti í Siglufjarðarkaupstað, fór með rannsókn máls þessa, en fulltrúi hans, Hannes Guðmundsson, kvað upp héraðsdóminn.

Hinn 20. apríl s. l. barst bæjarfógeta Siglufjarðar símskeyti frá Eiríki Kristóferssyni skipstjóra og Jóni Jónssyni stýrimanni þess efnis, að nokkur skip, þ. á m. vélbáturinn S I 90, hefði daginn áður verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á Húnaflóa. Sama dag gaf bæjarfógetinn út stefnu til kærða, sem var skipstjóri á v/s Sigurði S I 90. Í upphafi stefnunnar er því lýst, að með játningu kærða og öðrum gögnum sé sannað, að kærði hafi gerzt sekur um botnvörpuveiðar í landhelgi, enda þótt engin próf hefðu þá verið háð í málinu. Hinn 21. apríl kom kærði fyrir dóm. Hann kvaðst hafa verið í landhelgi, er flugvél gæzlumanna kom að honum. Enn fremur játaði hann, að hann hefði haft viðbúnað til að hefja veiðar á landhelgissvæðinu og að veiðarfæri hans hefðu verið utan borðs. Hann neitaði því hins vegar, að hann væri sekur um veiðibrot. Í þessu þinghaldi seldi dómarinn kærða afla og veiðarfæri um borð í skipi hans, enda þótt dómur væri þá eigi genginn og þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 5/1920, þar sem m. a. er fortakslaust bannað að selja sökunaut veiðarfærin. Var sala þessi því einber markleysa. Eftir þessa prófun kærða hefði dómarinn átt að láta marka stað þann, sem greinir í skeyti gæzlumannanna, á sjóuppdrátt, gera ráðstafanir til að fá skýrslur þeirra og vætti annarra vitna fyrir dómi, afla refsivottorðs kærða úr hegningarskrá ríkisins og frekari gagna eftir þörfum. Dómarinn gerði ekkert af þessu, heldur var kveðinn upp dómur í málinu samdægurs, eins og það lá fyrir.

Héraðsdómurinn er mjög ófullkominn, þar sem m. a. vantar í hann skýrslu um það, hvar verknaður sá, er kærði er sóttur til sakar fyrir, var framinn, lýsingu á öðrum atvikum málsins og rökstuðning fyrir dómsniðurstöðunni.

Öll þessi meðferð málsins er svo fráleit og andstæð réttum reglum, að ómerkja ber héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju, og getur það ekki breytt neinu í þessu efni, þótt eftir dómsuppsögu hafi verið teknar skýrslur af 4 skipverjum kærða og skipstjóra einum, sem virðist hafa verið kærður um leið og kærði í máli þessu.

Vegna hinnar gölluðu meðferðar málsins, sem lýst hefur verið, þykir samkvæmt 35. gr. tilsk. 3. júní 1796 rétt að dæma héraðsdómarann, Guðmund Hannesson bæjarfógeta, til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti í Siglufirði, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 400.00 til hvors, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 21. apríl 1947.**

Mál þetta er höfðað gegn kærða, Ásgrími Sigurðssyni skipstjóra, Grundargötu, Siglufirði, fyrir brot gegn lögum 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög 4/1924, og hefur kærði eigi fyrr sætt refsingu né ákæru.

19. þ. m. var kærði á togbátnum Sigurði SI 90 með botnvörpu í sjó, en ekki í botni, en hlera í gálgum, og ætlaði að byrja botnvörpuveiðar í landhelgi, en þá kom íslenzk flugvél með eftirlitsmenn með landhelgisveiðum á staðinn, og hætti mættur (svo) þá við

að kasta vörpu sinni og veiða með henni, heldur dró hana inn og hélt á skipi sínu úr landhelgi.

Samkvæmt ofangreindu verður að telja sannað, að kærði hafi gerzt sekur við 1. gr. laga 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög 4/1924, og með því að byrja að búa sig til veiðanna og láta nokkuð af botnvörpunni í sjó, séu veiðarfæri því upptæk í landhelgissjóð, en afli ekki, þar sem ekkert aflaðist, er hætt var við veiðitilraunina.

Með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag 31.90 er refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 30000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, öll veiðarfæri um borð í skipinu upptæk til sama sjóðs, en afli ekki.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgrímur Sigurðsson skipstjóri, Grundargötu, Siglufirði, greiði kr. 30000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afplánist sektin með varðhaldi í 7 mánuði.

Öll veiðarfæri með dragstrengjum um borð í m/s Sigurði S I 90 skulu upptæk gerð til Landhelgissjóðs Íslands.

Stefndi greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 15. desember 1947.

Nr. 21/1947. **Réttvísin** (Hrl. Theódór B. Líndal).

gegn

**Árna Sigurði Ágústssyni**

(Hrl. Sigurður Ólason).

Áverkamál. Héraðsdómur ómerktur.

**Dómur hæstaréttar.**

Hinn 22. nóvember 1945 kærði Guðlaugur Helgi Vigfússon ákærða fyrir ofbeldisverk gagnvart sér hinn 20. s. m. og 28. janúar 1946 bar Þorvaldur Árnason fram kæru á hendur ákærða vegna líkamsárásar.

Réttarrannsókn út af báðum þessum kærum sameiginlega hófst 5. febrúar 1946, og 26. s. m. var málssókn tilkynnt

ákærða fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940. Hinn 11. marz s. á. var stefna gefin út á hendur ákærða í samræmi við málshöfðunartilkynninguna. Er ákæran þannig miðuð við nefndan kafla hegningarlaganna í heild, en þess ekki getið sérstaklega, að neytt sé heimildar 217. greinar til opinberrar málssóknar, að því er þá grein varðar. Vegna þessarar ónákvæmni sést ekki, að handhafi ákæruvaldsins hafi haft í huga hinar sérstöku ákærureglur 217. greinar eða gert sér grein fyrir, hvort saksókn skyldi fylgt fram samkvæmt þeirri grein hegningarlaganna. Þó eigi sé það berum orðum fram tekið í málshöfðunartilkynningu og stefnu, er ljóst, að ákæran tekur til hegðunar ákærða bæði fyrrgreind skipti. Hinn 19. marz 1946 kom Þorvaldur Árnason fyrir dóm og lýsti þeirri ósk sinni, að kæra hans félli niður og að ákærða yrði ekki refsað hennar vegna. Engin afstaða virðist þá hafa verið tekin til þessa, og eigi verður séð, að ákærunni hafi í neinu verið breytt, áður en málið var endanlega tekið til dóms. Í forsendum héraðsdóms kemst dómarinn að þeirri niðurstöðu, að umrætt atferli ákærða varði við 217. gr. hegningarlaganna. Um þetta brot ákærða verði hins vegar ekki dæmt í máli þessu, með því að kæran hafi verið afturkölluð. En samkvæmt því, sem áður er rakið um höfðun málsins, og þar sem ákæruvaldið er ekki háð vilja þess, sem misgert er við, að því er varðar saksókn samkvæmt 217. gr. hegningarlaganna, fær þessi úrlausn dómarans ekki staðizt.

Af framangreindum ástæðum þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir

hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Sigurðar Ólasonar, kr. 450.00 til hvors.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1946.**

Ár 1946, miðvikudaginn 17. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1367/1946: Réttvísin gegn Árna Sigurði Ágústssyni, sem tekið var til dóms 26. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað á hendur ákærða, Árna Sigurði Ágústssyni verzlunarmanni, til heimilis í Garðastræti 2 hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga frá 12. febrúar 1940.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. júní 1904 að Ósi í Skilmannahreppi, hefur sætt, svo kunnugt sé, eftirtöldum kærum og refsingum:

1931 $^{2}/_{8}$ Kærður fyrir að gefa út ávísun á enga innstæðu. Krafan var greidd og málið féll niður.

1934 $^{1}/_{12}$ Kærður fyrir brot gegn lögum nr. 6/1924. Málið rannsakað, en málssókn látin falla niður með hliðsjón af bréfi dómsmálaráðuneytisins.

1936 $^{1}/_{5}$ Greiddi kr. 30.00 samkvæmt reikningi frá Hótel Borg og kæru um hótelsvik, dags. $^{1}/_{1}$ 1935. Látið falla niður að öðru leyti.

1945 $^{1}/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Að kvöldi þess 20. nóvember síðastliðinn var ákærði ásamt Valgeiri Kristjánssyni klæðskera staddur í húsinu nr. 40 við Klapparstíg í íbúð Guðbjargar Ásu Pálsdóttur, er býr á efri hæð húss þessa og ákærði er nokkuð kunnugur. Öll voru þau lítið eitt við skál, að því er ákærði og Guðbjörg Ása hafa borið við rannsókn málsins.

Ekki mun hávaði eða annað óvenjulegt ónæði hafa stafað af dvöl þeirra þarna. Um kl. 9 þetta kvöld bar þarna að Guðlaug Helga Vigfússon málara, til heimilis á Skúlagötu 58 hér í bæ. Samkvæmt eigin framburði hans og annarra, er sáu hann þetta kvöld, var hann mikið ölvaður. Guðlaugur Helgi er mjög kunnugur fólki því, er býr í húsinu nr. 40 við Klapparstíg, bæði húseigandanum, Þórunni Jónsdóttur kaupkonu, og Guðbjörgu Ásu, og hefur hann tvisvar, að því er Þórunn telur, haft herbergi á leigu í húsi hennar. Guðlaugur Helgi hefur skýrt frá því við rannsókn þessa máls, að sér hafi verið lítið gefið um veru ákærða í íbúð Guðbjargar Ásu þetta kvöld sem endranær og hafi sér verið áhugamál, að hann hyrfi þaðan á brott. Óskaði Guðlaugur Helgi eftir að hafa einslega tal af Guðbjörgu Ásu í þeim tilgangi, að hún léti ákærða fara, en Guðbjörg

færðist undan að tala einslega við hann. Fór nú Guðlaugur því næst niður í íbúð Þórunnar Jónsdóttur og dvaldi þar um stund. Hefur Þórunn, sem kvödd hefur verið sem vitni í máli þessu, borið, að Guðlaugur hafi sofnað í stól í íbúð hennar og hafi hann sofið þar nokkra stund. Er hann vaknaði, fór hann aftur upp í íbúð Guðbjargar Ásu, þótt Þórunn reyndi að telja hann af því, þar eð hún óttaðist, að til illinda kynni að draga milli hans og ákærða. Í þetta sinn var í fylgd með Guðlaugi Helga Vilhjálmsdóttir. Hefur Guðbjörg Ása, sem kvödd hefur verið fyrir rétt sem vitni við rannsókn málsins, borið, að þau Guðlaugur og Helga hafi komið upp í íbúð sína óboðin. Þegar hér var komið sögu, var Valgeir Kristjánsson farinn úr íbúð Guðbjargar Ásu, og fyrrnefnd Helga hvarf fljótlega á brott. Var því Guðbjörg Ása ein vitni að því, er á eftir fór milli ákærða og Guðlaugs Helga.

Óskaði nú Guðlaugur enn sem fyrr, að hafa einslega tal af Guðbjörgu Ásu, að því er hann ber, aðeins í því skyni að fá hana til að láta ákærða fara, en hún færðist enn undan því að tala við hann, þar til hún lét loks til leiðast og fór inn í innra herbergi íbúðar sinnar ásamt Guðlaugi. Telur ákærði, að Guðlaugur hafi ýtt Guðbjörgu inn í innra herbergið og síðan læst hurðinni með renniloku að innanverðu, og hafi ákærði síðan heyrt, að til sviptinga væri komið milli Guðbjargar og Guðlaugs og loks, að Guðbjörg hafi kvatt ákærða sér til hjálpar. Hafi hann þá brugðið við, og er Guðbjörgu hafði tekizt að opna hurð innra herbergisins og ákærði farið þangað inn, telur hann, að Guðlaugur hafi búizt til að ráðast á sig, en hann (ákærði) hafi orðið fyrri til og greitt Guðlaugi eitt hnefahögg undir hökuna og hafi Guðlaugur fallið við það fram yfir sig og telur ákærði sennilegt, að hann hafi komið með hnakkann við dyrastafinn í fallinu. Síðan kveður ákærði Guðlaug fljótlega hafa staðið upp.

Guðbjörg Ása skýrir þannig frá tildrögum og átökum þeirra ákærða og Guðlaugs og gangi þeirra, að er hún hafi verið farin inn í innra herbergi íbúðar sinnar, hafi Guðlaugur leitazt við að loka hurðinni að herberginu, en það hafi hún ekki viljað, og hafi nú lent í stimpingum milli hennar og Guðlaugs út af þessu og hafi hún þá kvatt ákærða sér til hjálpar. Kveður hún ákærða fyrst hafa reynt að fá Guðlaug til að fara út með góðu, en er það hafi ekki tekizt, telur hún, að ákærði hafi greitt Guðlaugi eitt hnefahögg undir hökuna og hafi Guðlaugur við það fallið á gólfið, að því er hana minnir aftur yfir sig, og hafi hann rekizt í dyrastafinn í fallinu. Við lögregluransókn málsins bar Guðbjörg Ása það, að þeir ákærði og Guðlaugur hafi slegizt af krafti, en í réttarhaldi síðar breytti hún framburði sínum þannig, að hún telur, að viðureign þeirra ákærða og Guðlaugs hafi farið þannig fram, að ákærði hafi greitt Guðlaugi aðeins eitt högg undir hökuna.

Guðlaugur Helgi hefur við rannsókn málsins fyrir rétti tekið það fram, að hann minnist ógreinilega viðureignar hans og ákærða, enda var hann mjög ölvaður, eins og fyrr segir, og mun hafa verið haldinn sljóleika af þeim sökum. Hann telur sig þó ekki minnast þess og mótmælir því, að hann hafi beinlínis lagt hendur á Guðbjörgu Ásu í viðureign þeirra við dyrnar, enda hafi tilgangur sinn verið sá einn að fá hana til að láta ákærða fara út, eins og fyrr segir. Þá minnist Guðlaugur þess ekki, að hann hafi heyrt Guðbjörgu kalla á hjálp, og loks telur hann, að ákærði hafi slegið sig fleiri högg en eitt og skirskotar því til stuðnings til meiðsla þeirra, er hann hlaut í viðureigninni.

Loks skal tekið fram, að Guðlaugi og ákærða ber saman um, að til átaka hafi komið áður milli þeirra þarna í íbúð Guðbjargar Ásu.

Telur Guðlaugur, að ákærði hafi þá slegið til sín og brotið við það rúðu, en ákærði telur hins vegar, að Guðlaugur hafi ráðizt á sig. Til verulegra illinda dró þó ekki milli þeirra að því sinni.

Í margnefndum ryskingum þann 20. nóvember s. l. hlaut Guðlaugur Helgi eftirtalda áverka samkvæmt vottorði Axels Blöndals læknis, dagsettu 22. nóvember s. l. Blæðingu undir báðum augum, einkum hægra megin (glóðarauga). Húðrispur og sýnilega bólgu á nefi, sprungið fyrir á báðum vörum. Kvartar mjög um verk í hnakka, samfara höfuðverk, ekki finnanlegur áverki á hnakka. Samkvæmt ráði læknisins var tekin röntgenmynd af nefinu, sem leiddi í ljós brot á nefbeini (röntgendiagnosis: Fractura ossis nosi).

II.

Aðfaranótt þ. 28. janúar s. l. var ákærði enn staddur í íbúð Guðbjargar Ásu í húsinu nr. 40 við Klapparstíg ásamt Tómasi Guðmundssyni skáldi. Sátu þau Guðbjörg Ása, ákærði og Tómas að drykkju þarna. Um miðnætti nefnda nótt bar þar að Þorvald Árnason tannsmið, til heimilis á Laugavegi 18 hér í bæ, og var hann í fylgd með Valdísi Jónsdóttur, til heimilis á Laugavegi 135 hér í bæ. Hafði hún verið gestur Guðbjargar Ásu í íbúð hennar þetta kvöld, en brá sér frá stutta stund og kom síðan í fylgd með Þorvaldi, eins og fyrr getur. Brátt varð þeim Þorvaldi og ákærða sundurorða, og lauk orðasennu þeirra með því, að ákærði greiddi Þorvaldi tvö eða fleiri hnefahögg í andlitið (Þorvaldur telur, að ákærði hafi misþyrmt sér, er hann var fallinn á gólfið, en því hefur ákærði mótmælt), og hlauf Þorvaldur vegna árásar þessarar sár á hægri augabrún, húðrispur víðs vegar í andliti og rifu í hornlag hægra auga.

Þorvaldur Árnason kærði árás þessa til lögreglunnar þann 28. janúar s. l., og var rannsókn máls þessa fyrir rétti felld inn í rannsókn viðureignar þeirra ákærða og Guðlaugs Helga Vigfússonar.

Í réttarhaldi við framhaldsrannsókn málsins þann 19. f. m. tók Þorvaldur aftur kæru sína á hendur ákærða og óskaði þess, að hon-

um yrði ekki refsað hennar vegna. Sú árás þykir varða við 217. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, og þykir eigi ástæða til annars en að taka afturköllun kærunnar til greina. Verður því ekki dæmt um það brot ákærða í þessu máli.

III.

Rétturinn lítur svo á, að byggja verði dóm í máli þessu aðallega á framburði Guðbjargar Ásu, en hún var, eftir því sem bezt er vitað, eina vitnið að margnefndri viðureign ákærða og Guðlaugs Helga. Samkvæmt framburði þess virðist ekki vafi leika á því, að ákærði hafi átt upptökin að handalögmálinu. Eins og fyrr getur, er framburður vitnisins fyrir rétti á þá lund, að ákærði hafi aðeins greitt Guðlaugi eitt högg, og er það í samræmi við framburð ákærða sjálfs. Hins vegar hefur Guðlaugur fullyrt, að högg þau, er ákærði greiddi honum, hafi verið fleiri, en telur sig minnast viðureignarinnar ógreinilega, eins og fyrr getur. Án þess að afstaða sé tekin til þess, hvort högg þau, er ákærði greiddi Guðlaugi, hafi verið eitt eða fleiri, telur rétturinn nægilega sannað, að áverkar þeir, er Guðlaugur hlaut í viðureigninni, stafi af harðleikni þeirri, sem ákærði beitti hann. Brot ákærða varðar við 218. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Guðlaugur Helgi Vigfússon hefur krafizt þess við rannsókn málsins fyrir rétti, að ákærði greiddi sér kr. 5600.00 í skaðabætur vegna vinnutaps, læknishjálpar, fataspjalla og þjáninga og óþæginda vegna meiðslanna. Síðar lækkaði bótakrefjandi kröfu sína niður í kr. 4802.00 og lagði jafnframt fram vottorð til stuðnings hverjum kröfulið. Þessum kröfum hefur ákærði mótmælt á þeim grundvelli, að hann hafi ekki átt sök á þeirri viðureign, er meiðsli bótakrefjanda hlutust af.

Um fyrsta lið skaðabótakröfunnar, er nemur kr. 2377.00 vegna vinnutaps, er það að segja, að rétturinn telur, að ekki sé nægilega sannað, að bótakrefjandi hafi verið svo lengi óvinnufær, sem í þessum kröfulið er talið, og lítur því svo á, að kröfulið þessum beri að vísa frá dómi. Þá krefst Guðlaugur Helgi þess, að ákærði greiði sér kr. 400.00 vegna fataspjalla, er stafað hafi af margnefndri viðureign, og hefur hann lagt fram vottorð klæðskera varðandi skemmdirnar til stuðnings þessum kröfulið. Enn fremur krefst Guðlaugur kr. 25.00 fyrir röntgenskoðun á nefi og styður þenna kröfulið með vottorði Röntgendeildar Landsspítalans, og loks krefst hann kr. 2000.00 í bætur vegna vanlíðunar og óþæginda vegna meiðslanna. Samkvæmt þeirri niðurstöðu, að ákærði hafi á refsiverðan hátt átt sök á meiðslum Guðlaugs Helga Vigfússonar, þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta samkvæmt 2., 3. og 4. lið kröfunnar, þannig að kröfuliðir 2 (fataspjöll) og 3 (röntgenskoðun) eru teknir til greina óbreyttir, svo sem bótakrefjandi heldur þeim fram, þar eð þeir teljast nægilega sannaðir, en 4. lið kröfunnar er þannig háttað,

að erfitt er að ákveða, hvaða bótaupphæð sé sanngjörn. Með tilliti til þess, að bótakrefjandi nefbrotnaði, hlaut glóðaraugu á bæði augu og fleiri áverka, sem víst er, að hafi einnig valdið honum sársauka og óþægindum, þykir sanngjarnt, að ákærði greiði honum kr. 600.00 vegna þjáninga og óþæginda. Samkvæmt þessu er því ákærði dæmdur til að greiða Guðlaugi Helga Vigfússyni kr. 1025.00 í skaðabætur.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Sigurður Ágústsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Hann greiði Guðlaugi Helga Vigfússyni kr. 1025.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu þessa dóms.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 16. desember 1947.

Nr. 75/1943. **Kristinn Stefánsson f. h. eiganda og útgerðarmanns e/s Bjarka á Siglufirði**
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
**Páli Þorbjörnssyni**
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Stýrimanni dæmdar bætur vegna ráðningarslita.

**Dómur hæstaréttar.**

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 9. sept. 1943 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. s. m., krefst þess, að hann verði sýkn dæmdur og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kristinn Stefánsson skipstjóri hefur eftir uppkvaðningu héraðsdóms gefið skriflega greinargerð. Kveðst skipstjóri hafa hitt stefnda að máli, er skipstjóri kom í júní 1942 frá Englandi á e/s Bjarka, og hafi þá orðið það umtal milli þeirra, „að stýrimaður fái frí og að hann Páll, fari sem stýrimaður næstu ferð, ef plássið verði laust". Síðar afhenti Ingólfur Guðmundsson stýrimaður stefnda lykla og umráð skipsins. Samkvæmt þessari skýrslu skipstjórans og vitnisburði Ingólfs stýrimanns, sem rakinn er í héraðsdómi, verður að telja sannað, að stefndi hafi verið ráðinn til stýrimennsku á e/s Bjarka í för þess til Englands á þeim tíma, er í málinu greinir, og verður því að taka til greina bótakröfu stefnda vegna ráðningarslitanna, sem ekki hefur verið véfengd að fjárhæð til. Ber þannig að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 800.00.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur ekki dæmt sérstaklega frávísunarkröfu stefnda í héraði með þeim hætti, sem segir í 108. gr. laga nr. 85/1936.

Umboðsmaður áfrýjanda hér fyrir dómi hefur afsakað drátt þann, sem hefur orðið á málinu, með því, að sáttatilraunir hafi staðið yfir allan tímann, en ekki þykir þetta réttlæta hinn mikla drátt, og verður að víta hann.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Stefánsson f. h. eiganda og útgerðarmanns e/s Bjarka, Siglufirði, greiði stefnda, Páli Þorbjörnssyni, kr. 800.00 málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 11. marz 1943.**

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Páli Þorbjörnssyni skipstjóra, Vestmannaeyjum, með stefnu, út-

gefinni 6. júlí 1942, birtri 7. s. m., á hendur Kristni Stefánssyni skipstjóra f. h. eiganda og útgerðarmanns e/s Bjarka frá Siglufirði til greiðslu á stýrimannskaupi fyrir tímabilið frá 26. júní 1942 til 30. júlí s. á., að upphæð kr. 4000.00, auk uppihalds, kr. 250.00, ásamt 6% ársvöxtum af þessum upphæðum frá stefnudegi 7. júlí s. l. til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Svo hefur stefnandi og krafizt þess, að viðurkenndur verði með dómi réttarins sjóveðréttur í e/s Bjarka fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína niður í kr. 3467.33 auk vaxta, málskostnaðar og sjóveðréttar, eins og að ofan greinir.

Málavexti kveður stefnandi þá, að í síðari hluta júnímánaðar s. l. hafi skipstjórinn á e/s Bjarka, Kristinn Stefánsson, komið að máli við stefnanda og beðið hann að vera stýrimann á skipinu í næstu ferð þess til Englands, en skipið var þá í ísfiskflutningum frá Vestmannaeyjum. Stefnandi tók þessu vel og varð það síðan úr, að hann réðst á skipið í næstu Englandsferð þess og upp á venjuleg kjör. Eftir þetta fór skipstjórinn til Reykjavíkur snöggva ferð, en þann 26. s. m. tók stefnandi við umsjón skipsins af fráfarandi stýrimanni Ingólfi Guðmundssyni, sem þá fór í sumarleyfi. Stefnandi hafði svo umsjón með skipinu í þrjá daga eða til 29. s. m., en þá hringdi skipstjórinn hann upp frá Reykjavík og tilkynnti honum, að ekkert gæti orðið úr ráðningunni, vegna þess að útgerðarmaður skipsins, Steindór Hjaltalín á Siglufirði, vildi ekki samþykkja ráðninguna og hefði ráðið annan stýrimann á skipið. Fór stefnandi þá af skipinu og afhenti samkvæmt tilmælum skipstjórans einum skipsmanna lykla skipsins. Telur stefnandi, að þar sem hann hafi verið ráðinn á skipið, en ráðningunni slitið að ástæðulausu, þá eigi hann rétt til bóta sem svari til stýrimannskaups í umræddri Englandsferð e/s Bjarka, og nemi það stefnukröfu málsins.

Stefndi hefur látið mæta í málinu, og gerir hann þær réttarkröfur, aðallega að málinu verði vísað frá sjó- og verzlunardóminum vegna þess, að málið sé hvorki höfðað á varnarþingi eiganda skipsins, varnarþingi skipsins né varnarþingi skipstjóra, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og til þrautavara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda litla þóknun fyrir að annast um geymslu lykla að hirzlum í skipinu þá fáu daga, sem stefnandi hafði þá með höndum. Svo krefst stefndi og málskostnaðar að skaðlausu, hvernig sem málið fer, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Að því er snertir frávísunarkröfu stefnda, lítur rétturinn svo á, að ekki sé unnt að taka hana til greina, með því að fallast verður á, að heimilt hafi verið að höfða mál þetta hér samkvæmt 80. grein einkamálalaganna, eins og stefnandi heldur fram.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi aldrei

verið ráðinn á skipið. Skipstjórinn á e/s Bjarka viðurkennir hins vegar að hafa átt tal við stefnanda á þeim tíma, sem stefnandi tilgreinir, og spurt hann að, hvort hann mundi vilja ráðast á skipið, ef til þess kæmi, að sig vantaði stýrimann í næstu Englandsferð með ísfisk, og hafi stefnandi tekið þessu líklega. En þetta hafi aðeins verið lauslegt samtal, og engar endanlegar ákvarðanir verið teknar um ráðningu stefnanda. Kveðst skipstjórinn þá hafa verið á förum til Reykjavíkur, skipið nýkomið úr Englandsferð og langt þangað til röðin kæmi að skipinu til ísfisktökunnar. Hafi því verið ákveðið, að er skipstjóri væri kominn til Reykjavíkur og hefði átt tal við stefnda útgerðarmann skipsins, léti hann stefnanda vita, hvort af ráðningunni gæti orðið. Kveðst skipstjórinn svo, nokkru eftir að hann kom til Reykjavíkur, hafa hringt stefnanda upp og sagt honum, að útgerðarmaður skipsins hefði ráðið annan stýrimann og gæti því ekkert orðið úr ráðningu stefnanda. Heldur skipstjórinn því fram, að stefnandi hafi látið sér þetta vel líka og sagt, að þetta gerði ekkert til sín vegna. Því til styrktar, að ekki hafi verið um endanlega ráðningu að ræða, hefur stefndi bent á það, að stefnandi hafi hvorki verið lögskráður á skipið né tryggður sem starfsmaður þess.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að þessi frásögn stefnda sé röng, og hefur haldið fast við lýsingu sína á málavöxtum, sem að ofan greinir.

Í málinu hefur Ingólfur Guðmundsson verið leiddur sem vitni, en hann var stýrimaður á e/s Bjarka, er umrædd ráðning átti að hafa farið fram, eins og áður er getið. Hann skýrir svo frá, að skipstjórinn hafi sagt sér, að stefnandi væri ráðinn stýrimaður á skipið í næstu Englandsferð þess eða meðan vitnið væri í sumarleyfi. Sagði skipstjórinn vitninu að afhenda stefnanda lykla og umráð skipsins, er vitnið færi af stað í sumarleyfið. Skipstjórinn fór svo til Reykjavíkur, en fáum dögum síðar kveðst vitnið sjálft hafa farið burtu, en áður hafi það afhent stefnanda umráð skipsins, og hafi þá stefnandi verið eini yfirmaður skipsins á þilfari.

Tveir hásetar, er voru á e/s Bjarka á umræddum tíma, hafa einnig borið vitni í málinu. Segja þeir, að er Ingólfur Guðmundsson fór af skipinu í sumarleyfið, hafi stefnandi tekið við stýrimannsstörfum hans og verið yfirmaður skipsins í nokkra daga. Héldu þeir því báðir fram, að þeim hefði verið kunnugt, að stefnandi væri ráðinn stýrimaður á skipið, meðan Ingólfur Guðmundsson væri í sumarleyfi, en ekki höfðu þeir þessa vitneskju frá skipstjóra sjálfum, heldur heyrðu þeir aðra skipverja á skipinu og stefnanda sjálfan segja frá ráðningunni. Annað vitnið kvaðst einnig vita, að Ingólfur Guðmundsson hefði afhent stefnanda umráð skipsins og fengið honum lykla að því.

Með framburðum þessara vitna má telja upplýst, að frásögn stefnanda um, að hann hafi í þrjá daga gegnt stýrimannsstörfum á skip-

inu, sé rétt, enda er þessu ekki sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda. Með tilliti til þess og framburðar Ingólfs Guðmundssonar verður að telja, að nægilegar líkur séu að því leiddar, að skipstjórinn á e/s Bjarka hafi ráðið stefnanda sem stýrimann á skipið í umrædda Englandsferð þess. Verður því að fallast á, að stefnandi eigi heimtingu á bótum vegna ráðningarslitanna, sem svari til stýrimannskaups í ferð þessari. Og með því að stefndi hefur ekki sérstaklega véfengt kröfuupphæðina, þykir bera að taka hana til greina og dæma stefnda til að greiða stefnandanum kr. 3467.33 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi 6. júlí 1942 til greiðsludags, eins og krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnandanum kr. 500.00 í málskostnað.

Svo þykir og bera að viðurkenna sjóveðrétt í e/s Bjarka fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Kristinn Sefánsson f. h. eiganda og útgerðarmanns e/s Bjarka frá Siglufirði, greiði stefnandanum, Páli Þorbjörnssyni, kr. 3467.33 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. júlí 1942 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í e/s Bjarka frá Siglufirði fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 18. desember 1947.

Nr. 25/1947. **Vélbátatrygging Eyjafjarðar og Leó Sigurðsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Helga Benediktssyni** (Hrl. Sigurður Ólason).

Synjað bóta vegna árekstrar skipa, sbr. 226. gr. laga nr. 56/1914.

**Dómur hæstaréttar.**

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Sigfús Scheving og Lúðvík N. Lúðviksson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var vísað frá hæstarétti með dómi 20. nóv. 1946. Áfrýjendur hafa nú skotið því til hæstaréttar á ný með stefnu 6. marz 1947, að fengnu nýju áfrýjunarleyfi 17.

febrúar s. á. Gera þeir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda Vélbátatryggingu Eyjafjarðar kr. 5117.06 og áfrýjanda Leó Sigurðssyni kr. 568.56, hvort tveggja með 6% ársvöxtum frá 29. nóvember 1944 til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum eftir mati dómsins.

Eins og ljóst er af héraðsdómi, ber skýrslum vitna þeirra, sem komið hafa fyrir dóm, mjög á milli um atvik málsins. Verður ekki af þeim ráðið, hver eða hverjir sök eiga á árekstri þeim, sem um er deilt. Fær því hvorugt skipið bættan skaða sinn, sbr. 226. gr. laga nr. 56/1914. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Héraðsdómur í máli þessu var upp kveðinn 10. nóvember 1945. Eins og segir í dómi hæstaréttar 20. nóvember 1946, var máli þessu upphaflega áfrýjað með stefnu 6. marz 1946, en áfrýjunarleyfi var þá ekki fengið fyrr en 12. sama mánaðar. Eftir frávísunardóm hæstaréttar var nýtt áfrýjunarleyfi fengið 17. febrúar síðastliðinn. Voru þá liðnir rúmir 15 mánuðir frá uppsögu héraðsdóms. Með því að afla ekki áfrýjunarleyfis í upphafi og taka ekki út áfrýjunarstefnu á ný innan 4 vikna frá útgáfudegi hins fyrra áfrýjunarleyfis hefur málflutningsmaður áfrýjanda hér fyrir dómi, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, valdið hættu á því, að umbjóðendur hans misstu færi á að fá mál þetta borið undir hæstarétt, þar eð hann gat tæplega vænzt þess, að áfrýjunarleyfi yrði veitt á ný, er svo langt var um liðið frá uppsögu héraðsdóms. Verður að átelja vangæzlu þessa.

Dómsorð:

**Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.**

**Áfrýjendur, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og Leó Sigurðsson, greiði in solidum stefnda, Helga Benediktssyni,**

## 1000 krónur í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 10. nóvember 1945.**

Mál þetta, er dómtekið var 17. f. m. og endurupptekið í dag, er með stefnu, útgefinni 29. janúar 1945, birtri 30. s. m., höfðað af Jóni Guðmundssyni framkvæmdarstjóra, Akureyri, f. h. Vélbátatryggingar Eyjafjarðar og Leó Sigurðssyni útgerðarmanni, Akureyri, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 5685.62, ásamt 6% ársvöxtum frá 29. nóvember 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi, er nemur kr. 1345.34. Jafnframt krefjast stefnendur, að viðurkenndur verði með dómi réttarins sjóveðréttur í v/s Skaftfellingi Ve. fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær kröfur, að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur yrðu dæmdir til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Sumarið 1943 stunduðu skipin v/s Súlan EA 300 og v/s Skaftfellingur Ve 33 síldveiðar fyrir norðan land. V/s Súlan er eign stefnanda Leós Sigurðssonar, en v/s Skaftfellingur er eign stefnda, Helga Benediktssonar. Föstudaginn 23. júlí 1943 voru bæði skipin ásamt fleirum síldarskipum stödd austur af Tjörnesi og urðu þá vör síldartorfu. Sigldu bæði skipin að torfunni, en er þau voru að komast að henni, varð árekstur milli þeirra. Lenti stefni Skaftfellings aftan til á bakborðshlið Súlunnar og braut öldustokk, skammdekk, skansklæðningu, eina dekkstyttu og fleira. Á Skaftfellingi brotnaði stefnið við áreksturinn.

Samkvæmt mati útnefndra manna, er fram fór á Siglufirði 24. júlí 1943, nam kostnaður við viðgerð á stefninu kr. 1250.00. Hinn 16. október 1943 framkvæmdu matsmenn, útnefndir af bæjarfógetanum á Akureyri 22. sept. s. á., skoðun og mat á skemmdum Súlunnar vegna árekstrarins, og mátu þeir tjónið á kr. 5401.02. Kostnaðurinn við matið og réttarkostnaður nam kr. 284.60. Af þessum upphæðum greiddi Vélbátatrygging Eyjafjarðar kr. 5117.06, en kr. 568.56, eða 10% af tjóninu, lenti á eiganda Súlunnar, Leó Sigurðssyni. Stefnendur máls þessa telja, að Skaftfellingur hafi átt alla sök á árekstrinum, og beri því eiganda skipsins að greiða tjónið, er Súlan varð fyrir. Á þetta hefur stefndi ekki fallizt og talið sökina hjá Súlunni. Stefnendur hafa því höfðað mál þetta til þess að fá viðurkenningu á fyrrgreindum kröfum sínum.

Sjópróf voru látin fara fram út af árekstrinum. Skipstjórinn á Skaftfellingi lét halda sjópróf á Siglufirði daginn eftir áreksturinn, hinn 24. júlí 1943. Hinn 20. september s. á. gáfu skipstjóri Súlunnar og tveir skipverjar skýrslu um atburðinn fyrir sjórétti á Akureyri,

og 23. október og 2. nóvember s. á. gáfu skipstjóri og stýrimaður m/s Dagnýjar S I 7 skýrslu um áreksturinn í sjórétti Akureyrar. Verða framburðir þessir raktir hér á eftir og fyrst byrjað á framburðum skipshafnar Skaftfellings, vegna þess að þeir eru fyllstir og samfelldastir.

Í útdrætti úr dagbók m/s Skaftfellings, er lagður var fram í sjórétti Siglufjarðar 23. júlí 1943 og undirritaður var af skipstjóra, Páli Þorbjarnarsyni, stýrimanninum, Jóni Einarssyni, vélstjóranum, Jóhanni Bjarnasyni, og hásetunum Guðmundi Helgasyni og Jóni Sveinssyni, er skýrt svo frá, að kl. 12.30 föstudaginn 23. júlí 1943 hafi Skaftfellingur verið staddur austur af Tjörnesi, og sást þá síldartorfa. Var þá sett á fulla ferð og haldið að torfunni, og hún aðeins höfð á stjórnborða. V/s Súlan kom aðeins á eftir Skaftfellingi á stjórnborða og stjórnborða við hana m/s Austri GK 410, en á bakborða við Skaftfelling kom m/s Dagný SI 7. Öll skipin héldu sömu stefnu eða því sem næst. Um kl. 12.35 var komið rétt að torfunni, en þá beygði Súlan allt í einu til bakborða, án þess að gefa það til kynna með hljóðmerki, og var sýnilegt, að ásigling yrði, ef ekki yrði að gert. Vegna m/s Dagnýjar gat Skaftfellingur ekki vikið til bakborða, og var því ekki um annað að ræða en reyna að bakka, og var vélin látin hafa fulla ferð aftur á bak. Árekstur varð samt milli Skaftfellings og Súlunnar um kl. 12.38. Var þá Skaftfellingur svo til ferðlaus, en Súlan með óbreyttri ferð. Lenti stefni Skaftfellings aftan á bakborðssíðu Súlunnar, og brotnaði stefnið fyrir ofan sjó, en leka varð ekki vart. Ástæðan til þess, hve aftarlega var komið á Súluna, var sú, að afturstefni Skaftfellings snýst til bakborða, þegar honum er bakkað. Er árekstur varð, var skipstjórinn við stýrið, stýrimaður á stýrishúsþaki, vélamaður í vélarrúmi á verði og hásetar á þilfari eða uppi á hvalbak.

Allir þeir, er undirritað höfðu útdráttinn, staðfestu það í sjórétti Siglufjarðar, að rétt væri frá skýrt í öllum atriðum, en vélstjórinn, Jóhann Bjarnason, þó aðeins að því leyti, er vélanotkunina snerti.

Skipstjórinn, Páll Þorbjarnarson, tók það enn fremur fram, að á að gizka hafi verið 5—10 faðmar milli Dagnýjar og Skaftfellings. Hafi Skaftfellingur verið á um 7 mílna ferð, er hann var að fara að síldartorfunni, en skipin hafi siglt að torfunni hér um bil samhliða með bátana á stjórnborðssíðu, um 5 faðmar milli skipa, og hafi Skaftfellingur legið bezt við torfunni, þar sem Súlan hafi orðið að beygja til bakborða til þess að komast að síldartorfunni með stjórnborðssíðu, þar sem herpinótabátarnir voru. Hann kvað Súluna hafa nálgazt Skaftfelling aftan við þverskipsstefnu.

Stýrimaðurinn, Jón Einarsson, tók það fram, að Súlan hafi ekki verið komin fram úr Skaftfellingi, er hún beygði til bakborða, heldur verið alveg samhliða.

Vélstjórinn, Jóhann Bjarnason, kvaðst hafa verið niðri í véla-

rúmi, er árekstur inn varð. Sagði hann, að Skaftfellingur hafi siglt á 6—7 mílna hraða að síldartorfunni, unz hringt hafi verið niður í vélarrúm: „stop", og svo að segja á sama augnabliki var hringt aftur: „fullt aftur á bak". Þessu kvaðst hann hafa hlýtt samstundis.

Guðmundur Helgason, háseti á Skaftfellingi, kvaðst hafa verið staddur á þilfari stjórnborðsmegin, er árekstur inn varð. Sagði hann, að Súlan hefði verið á meiri ferð en Skaftfellingur og komizt samhliða honum, er hún beygði.

Jón Sveinsson, háseti á Skaftfellingi, kvaðst hafa verið staddur á hvalbak skipsins, er árekstur inn varð. Hann sagði, að Súlan og Skaftfellingur hefðu verið samhliða að síldartorfunni, en Súlan aðeins heldur á eftir.

Í útdrætti úr dagbók Súlunnar, undirrituðum af skipstjóra og stýrimanni og staðfestum af þeim í sjórétti Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 20. september 1943, er skýrt svo frá, að föstudaginn 23. júlí 1943, kl. 12.45, hafi Súlan verið að veiðum í S.S.A. af Mánáreyjum og keyrt að síldartorfu. Veður var bjart og sléttur sjór. Súlan keyrði með fullri ferð. Þá hafi Skaftfellingur komið og keyrt með fullri ferð á bakborðssíðu Súlunnar og brotið öldustokk, skammdekk, styttu og beygt uppistöður undir bátadekki og ef til vill fleira. Á stjórnborðssíðu við Súluna voru nót og bátar m/s Dagnýjar, og þar næst m/s Austri.

Skipstjórinn á Súlunni, Þorsteinn Stefánsson, tók það fram, að Skaftfellingur hafi nálgazt Súluna aftan við þverskipsstefnu. Er hann sá, að hætta var á árekstri, kveðst hann hafa beygt til stjórnborða, en gat ekki sveigt meira en gert var vegna nóta og báta, sem voru á stjórnborða. Hann kvað það rangt, að Súlan hefði beygt fyrir stefni Skaftfellings. Hann sagði, að Súlan hefði haldið áfram með óbreyttri ferð, en hvorki hægt á sér né bakkað, og kvaðst hann álíta, að Súlan hefði gert það, sem réttast var í árekstraraugnablikinu. Skaftfellingi hefði hins vegar borið að bakka eða víkja, þar sem Súlan hafi verið á réttum bóg, en hvort Skaftfellingur hefði bakkað eða ekki, kvaðst hann ekki geta borið um, en hann hefði nálgazt Súluna á dálítilli ferð.

Stýrimaðurinn á Súlunni, Hermann Sigurðsson, skýrði enn fremur svo frá, að skipin Dagný, Skaftfellingur og Súlan hafi orðið vör við síldartorfu, og er skipin sigldu að torfunni hafi Dagný og Skaftfellingur verið á bakborða við Súluna, en þegar að torfunni kom, hafi Dagný verið komin á stjórnborða við Súluna. Dagný hafi siglt fyrir framan Súluna, og hafi þá verið dálítill vegarspotti milli Súlunnar og Skaftfellings. Hann kvaðst álíta, að Skaftfellingur hefði átt að víkja, en í stað þess hafi hann beygt að Súlunni til stjórnborða. Hann kvað Súluna hafa haldið áfram sama striki í árekstraraugnablikinu, enda ekki getað beygt til stjórnborða, af því að Dagný var þar fyrir og bátar hennar. Í tilefni framburðar skip-

stjórans á Súlunni tók hann fram, að hafi Súlan sveigt til stjórnborða, hafi það varla getað verið nema örlítið, og þá rétt áður en áreksturinn varð. Hann kvað Súluna ekki hafa hægt á sér, heldur haldið áfram með sömu ferð og áður. Hann kvaðst geta hugsað sér, að Súlan muni ekki hafa farið yfir 7 mílna hraða, áður en áreksturinn varð, og kvaðst halda, að hraði Skaftfellings hafi verið líkur. Hann kvað það rangt, að Súlan hafi beygt fyrir stefni Skaftfellings, og það sé einnig rangt, að Súlan hafi nálgazt Skaftfelling aftan við þverskipsstefnu. Er áreksturinn varð, kvaðst hann hafa verið í brúnni hjá skipstjóra.

Gísli Magnússon, skipverji á Súlunni, til heimilis Ránargötu 2, Akureyri, kvaðst hafa verið staddur á þilfari Súlunnar, er áreksturinn varð. Hann kvaðst ekki geta borið um, hvorum megin Dagný hafi verið við, þá er áreksturinn varð, en bátar hennar og nót hafi verið til stjórnborða við Súluna. Hann kvaðst ekki hafa veitt því eftirtekt, hvort Súlan breytti um stefnu, áður en áreksturinn varð, og ekki vissi hann heldur, hve margar mílur Súlan gekk. Hann sagði, að Skaftfellingur hefði verið til bakborða við þá. Hann kvaðst ekki geta borið um, hvort þeir hafi verið aftan við þvert á Skaftfelling.

Skipstjórinn á m/b Dagný, Arnór Jóhannsson á Siglufirði, skýrði svo frá í sjóprófi 23. okt. 1943, að skipin Skaftfellingur, Austri, Súlan og Dagný hafi öll stefnt að sömu síldartorfunni. Hann kvaðst hafa verið niðri í snurpubátnum, er áreksturinn varð milli Skaftfellings og Súlunnar. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því, hvort Súlan beygði fyrir stefni Skaftfellings, og ekki heyrði hann Súluna gefa hljóðmerki. Hann vissi ekki, hvort Súlan hægði á sér til þess að forðast árekstur.

Stýrimaðurinn á Dagný, Ragnar Guðmundsson, til heimilis Bald. 32, Reykjavík, skýrði svo frá í sjóprófi $^{9}/_{11}$ 1943, að umræddan dag, 23. júlí 1943, hafi þrjú skip, Dagný, Skaftfellingur og Súlan siglt að sömu síldartorfunni. Dagný sigldi í suðaustlæga stefnu að torfunni, og eftir því virtist honum Súlan, er var til stjórnborða, sigla næstum því í austur. Honum virtist þá Skaftfellingur vera til bakborða við Súluna. Hann sagði, að Dagný hefði orðið fyrst að torfunni og sleppt bátunum fyrir framan Súluna. Hafi þá Skaftfellingur komið fyrir aftan þvert á Súlunni. Hann kvaðst ekki geta nákvæmlega um það borið, hvort Súlan var algerlega stöðvuð, er áreksturinn varð. Hann kvaðst heldur ekki geta borið um, hvort Súlan hefði getað vikið til stjórnborða, en tók þó um leið fram, að vegna skipsins Dagnýjar gat Súlan vikið til stjórnborða. Í tilefni útdráttar úr dagbók Súlunnar, þar sem segir, að nót og bátar Dagnýjar hefðu verið á stjórnborðssíðu við Súluna, tók hann fram, að hér væri um litlar fjarlægðir að ræða, en skipstjórinn geti betur ákveðið staðinn, hvar bátarnir voru frá sínu skipi. Hann sagði, að það kunni að vera, að Súlan hafi sveigt til bakborða vegna báta Dagnýjar, en hann taldi

alveg víst, að Súlan hafi hægt á sér vegna bátanna, til þess að forðast árekstur á þá, en kveðst þó ekki geta fullyrt það.

Hann kveðst álita, að Skaftfellingur hefði getað vikið til bakborða vegna Dagnýjar, því það langt var milli skipanna, enda taldi hann, að Dagný hafi verið komin langt til stjórnborða bæði við Skaftfelling og Súluna, er áreksturinn varð. Hann sagði, að það væri með öllu rangt, að fyrrgreind 3 skip hafi komið samhliða að síldartorfunni með fimm faðma millibili, því Dagný hafi komið fyrst að torfunni. Hann tók það fram, að meðan hann veitti skipunum athygli fyrir áreksturinn, hafi Súlan ekki verið á eftir Skaftfellingi.

Aðrar upplýsingar varðandi áreksturinn liggja ekki fyrir í málinu, að því undanskildu, að skipstjórinn á Skaftfellingi tók það fram við munnlegan flutning málsins, að við áreksturinn hafi Skaftfellingur snúið Súlunni enn meir til bakborða, og við það hafi Dagný orðið til stjórnborða við Súluna. Hélt hann þó fram, að frásögn stýrimannsins á Súlunni og stýrimannsins á Dagný um afstöðu Dagnýjar til Súlunnar og Skaftfellings í árekstraraugnablikinu sé því röng, nema með þessari skýringu.

Eins og framburðir Skaftfellingsmanna annars vegar og skipstjóra og stýrimanns Súlunnar hins vegar bera með sér, gætir allmikils ósamræmis í framburðum þeirra um veigamikil atriði. Út af fyrir sig veikir það frekar frásagnir þeirra á Súlunni, hve seint þeir láta sjópróf fara fram, eða allt að 2 mánuðum eftir áreksturinn, enda þótt siglingalögin mæli svo fyrir, að sjópróf skuli halda, eins fljótt og unnt er. Svo virðist sem ágreiningslaust sé, að skammt hafi verið milli skipanna á leiðinni að torfunni, og þau hafi siglt næstum samhliða. En Skaftfellingsmenn telja, að Súlan hafi verið heldur á eftir, en þeir á Súlunni telja aftur á móti, að Skaftfellingur hafi verið á eftir. Framburður eina óhlutdræga vitnisins, stýrimannsins á Dagnýju, sker ekki úr um þetta. Hann tekur aðeins fram, að þegar hann veitti skipunum eftirtekt, hafi Skaftfellingur verið á bakborða við Súluna og Súlan hafi ekki verið á eftir Skaftfellingi. Þessi framburður bendir til þess, að skipin hafi siglt næstum samhliða með stuttu millibili. Samkvæmt óvéfengjanlegum framburðum beggja aðilja virðast skipin hafa siglt með sama hraða og jafnri ferð. Það verður því ekki unnt að ganga út frá, að annað skipið hafi siglt hitt uppi. Og með tilliti til þess, að upplýst virðist, að lítil fjarlægð hafi verið milli skipanna á leiðinni að torfunni, virðist ekki heldur unnt að ganga út frá, að leiðir hafi legið á mis fyrr en rétt fyrir áreksturinn vegna stefnubreytinga annars hvors skipsins eða beggja.

Skaftfellingsmenn halda því fram, að fyrir áreksturinn hafi Súlan beygt til bakborða. En þeir á Súlunni virðast hins vegar telja, að Skaftfellingur hafi beygt til stjórnborða. Þetta er viðurkennt af Skaftfellingsmönnum að því leyti, að er skipinu var bakkað, hafi það snúizt til stjórnborða. Skipstjóri og stýrimaður Dagnýjar

gátu ekkert ákveðið um þetta borið, en stýrimaðurinn taldi ekki ósennilegt, að Súlan hefði vikið til bakborða vegna báta Dagnýjar. Ef litið er á aðstæður, verður framburður Skaftfellingsmanna sennilegri. Árekstur inn verður, er skipin eru að komast að torfunni. Bæði skipin eru, eins og algengast er, með herpinótabátana á stjórnborðssíðu og máttu því alls ekki beygja til stjórnborða, því að öðrum kosti fengu þau ekki báta sína rétt að torfunni, miklu líklegra var, að þau mundu þurfa að beygja til bakborða. Af þessari ástæðu er hreyfing Skaftfellings til stjórnborða ósennileg. Og enn þá ósennilegri verður stefnubreyting Skaftfellings til stjórnborða fyrir þá sök, að því er ómótmælt haldið fram, að Skaftfellingur hafi bakkað einmitt í þessum sömu svifum. Hins vegar er stefnubreyting Súlunnar til bakborða sennileg af sömu ástæðu og hér að ofan hefur verið tilgreind, og þegar þess er einnig gætt, að af framburði stýrimannsins á Dagnýju virðist mega leiða, að annað hvort hafi Súlan orðið að víkja til bakborða eða hægja á ferð sinni til þess að forðast árekstur á báta Dagnýjar, og viðurkennt er, að Súlan hægði ekki á ferð sinni, þykir verða að ganga út frá, þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar Súlumanna, að Súlan hafi vikið til bakborða, eins og Skaftfellingsmenn halda fram. Þetta verður að telja höfuðorsök árekstrarins. Eins lítur rétturinn svo á, að réttara hefði verið, að Súlan hefði hægt á ferð sinni og bakkað, er árekstur var fyrirsjáanlegur, í stað þess að halda áfram með sömu ferð, eins og hún gerði. Hins vegar virðist með tilliti til skýrslna Dagnýjarmanna, að unnt hefði verið fyrir Skaftfelling að víkja til bakborða vegna skipsins Dagnýjar, og hefði það verið réttara, eins og á stóð.

Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, lítur rétturinn svo á, að Súlan hafi borið höfuðsök á árekstrinum, en Skaftfellingur aðeins að óverulegu leyti. Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnenda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, skal vera sýkn af kröfum stefnendanna, Jóns Guðmundssonar f. h. Vélbátatryggingar Eyjafjarðar og Leós Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 19. desember 1947.

Nr. 79/1947. **Þorvaldur Stefánsson** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn
**Bæjarfógetanum á Akureyri og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Lögtaksmál. Ágreiningur um skyldu til greiðslu veltuskatts.

**Dómur hæstaréttar.**

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1947. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með samningi, dags. 5. jan. og 2. febr. 1940, tókst áfrýjandi á hendur að selja benzín og bifreiðaolíu á Akureyri fyrir h/f Shell á Íslandi. Leggur h/f Shell til lóð og benzíndælu með benzíngeymi og annast flutning á benzíni til geymisins. Hlítir áfrýjandi ákvörðunum h/f Shell um útsöluverð benzínsins og annast söluna gegn tiltekinni þóknun. Áfrýjandi ber hins vegar ábyrgð á birgðum þeim, er hann veitir viðtöku, og á skilvísri greiðslu á andvirði seldra vara. Þetta samband áfrýjanda og h/f Shell, sem nú hefur verið lýst, er með þeim hætti, að telja verður áfrýjanda starfsmann h/f Shell á Íslandi, að því er nefnda sölu varðar, en ekki sjálfstæðan umboðssala. Samkvæmt þessu var ekki heimilt að heimta af áfrýjanda veltuskatt þann, er í málinu greinir. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda

málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, bæjarfógetinn á Akureyri og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Þorvaldi Stefánssyni, málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 2. júlí 1947.

Undir gerð þessari er krafizt lögtaks fyrir veltuskatti að upphæð kr. 2700.00, nl. kr. 1500.00 fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1945 og kr. 1200.00 fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1945, hjá gerðarþola, Þorvaldi Stefánssyni, Akureyri.

Þar sem veltuskatturinn tilfellur ríkissjóði, fer innheimta fram vegna hans. Þegar skal tekið fram, að enginn ágreiningur er um upphæð skattsins, og gerðarþoli hefur fallið frá mótmælum byggðum á fyrningu lögtaksréttarins. Hins vegar hefur gerðarþoli mótmælt því, að lögtakið nái fram að ganga, og krefst málskostnaðar, kr. 500.00.

Gerðarþoli færir fram sem aðalástæðu fyrir sýknuninni, að hinn framlagði veltuskattsreikningur, rskj. nr. 1, hljóði á „Shell-benzíngeymir", eign h/f Shell, og eigi því við þetta félag. Á þetta verður þó ekki fallizt, því Shell mun aðeins nefnt til þess að gefa til kynna samband félagsins við gerðarþola, en eins og fram hefur komið undir gerð þessari, er umrætt benzín frá h/f „Shell".

Til vara tekur gerðarþoli fram, að veltuskattinn hefði átt að leggja á h/f Shell á Íslandi, því benzín það, er hér ræðir um og veltuskattur var lagður á, hafi tilheyrt atvinnurekstri „Shells". Gerðarþoli kveðst aðeins leggja til vinnu, og fyrir þessa vinnu fái hann 5½ eyri fyrir hvern afhentan lítra benzíns. Gerðarþoli kveðst enga umboðsverzlun reka eða smásölu.

Þá upplýsir gerðarþoli, að vinnulaun hans fyrir benzínafhendingu árið 1945 hafi numið kr. 20346.15.

Áður en nánar er komið að þessum málsatvikum, skal tekið fram, að fram var lagður samningur í afriti, dags. 5. janúar 1940, milli h/f Shell og gerðarþola. Er þessi samningur allýtarlegur um réttindi og skyldur aðilja, en tekur auðvitað ekki til veltuskattsins, sem ekki var lagður á fyrr en með lögum nr. 62 frá marz 1945. Þar sem nú enginn viðbótarsamningur hefur, að því upplýst er, verið gerður milli aðilja út af gjöldum þeim, er kynnu að falla

á gerðarþola vegna veltuskattsins, þykir verða að leggja samninginn frá 5. janúar 1940 til grundvallar í þessu máli, og verður ekki annað séð en að um hreina umboðssölu sé að ræða samkvæmt orðalagi samningsins, sbr. t. d. orðin „Umboðsmaðurinn ber ábyrgð á þeim birgðum, er koma í hans verzlun til umboðssölu samkvæmt framansögðu ...“.

Þar sem samningurinn þannig ótvírætt bendir til umboðssölu, telur rétturinn, að það geti ekki ráðið úrslitum, þótt umboðslaunin séu miðuð við vissa auratölu af líter, en ekki hundraðshluta.

Eins og málið liggur fyrir, þykir auðsætt, að benzín það, er veltuskatturinn hefur verið lagður á, fellur ekki undir undanþáguákvæði í 2. gr. C reglugerðar um viðauka við reglugerð nr. 129 9. júlí 1945 um veltuskatt og er þannig veltuskattskylt. Og verður ekki annað séð en að skatturinn hafi með réttu verið lagður á gerðarþola samkvæmt ákvæðum í 2. gr. laga um veltuskatt, en þar heyrir undir veltu „andvirði vöru seldrar í umboðssölu“, og í 3. gr. lið 1 sömu laga er þess getið, að skatturinn megi aldrei fara yfir 25% af fengnum umboðslaunum, og þykir rétt í þessu sambandi að taka til athugunar þá varakröfu gerðarþola, að lögtak fari ekki fram hjá honum fyrir hærri upphæð en 1% af sölulaununum, kr. 20346.15, kr. 203.46, og telur gerðarþoli þessa upphæð veltuskatt, að því er séð verður. Rétturinn getur ekki fallizt á þessa varakröfu, þegar af þeirri ástæðu, að hann telur, að naumast sé eftir eðli og anda veltuskattslaganna unnt að leggja veltuskatt á sjálf umboðslaun gerðarþola.

Samkvæmt því, sem að framan er skráð, á lögtak að fara fram hjá gerðarþola fyrir kr. 2700.00 og kostnaði.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Mál þetta var tekið til úrskurðar 26. f. m.

Því úrskurðast:

Lögtak fari fram hjá gerðarþola, Þorvaldi Stefánssyni, Akureyri, fyrir kr. 2700.00 og kostnaði.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. desember 1947.

Nr. 83/1947. **Jóhann Indriðason**
gegn
**Alfred Clausen.**

Útivistardómur.

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann Indriðason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.